	1	Já, vinnuveitandinn eða fagaðilar krefjast þess eða það er samkvæmt lögum	
	2	Já, vinnuveitandinn eða fagaðilar krefjast þess ekki eða það er ekki samkvæmt lögum	
	3	Nei (viðurkenning á viðveru)	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (NFERAND1 = – 2)	
NFEPAIDBY1		**GREIÐSLA AÐ ÖLLU LEYTI EÐA AÐ HLUTA TIL VEGNA KENNSLUGJALDA, SKRÁNINGAR, PRÓFGJALDA, KOSTNAÐAR VIÐ BÓKAKAUP EÐA BÚNAÐAR FYRIR TÆKNINÁM FYRIR FYRSTA MENNTUNARTILVIKIÐ**	NFERAND1 ≠ – 2 og NFERAND1_TYPE ≠ 3
	0	Enginn af neðangreindum liðum	
	1 – 5	Fjöldi svara sem veitt eru í skránni yfir liðina 5 hér að neðan	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (NFERAND1 = – 2 eða NFERAND1_TYPE = 3)	
		Skrá yfir liði (mörg svör leyfð)	
NFEPAIDBY1_1		Vinnuveitandi eða tilvonandi vinnuveitandi	
NFEPAIDBY1_2		Opinber vinnumiðlun	
NFEPAIDBY1_3		Aðrar opinberar stofnanir	
NFEPAIDBY1_4		Heimilismaður eða skyldmenni	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
NFEPAIDBY1_5		Sjálfur	
		Hver NFEPAIDBY1_x breyta er kóðuð: *1 ef valin, 2 ef ekki valin, –2 ef á ekki við (NFERAND1 = – 2 eða NFERAND1_TYPE = 3)*	
NFEPAIDFULL1 *(valfrjálst)*		**FULL GREIÐSLA VEGNA KENNSLUGJALDA, SKRÁNINGAR, PRÓFGJALDA, KOSTNAÐAR VIÐ BÓKAKAUP EÐA BÚNAÐAR FYRIR TÆKNINÁM AUÐKENND Í „NFEPAIDBY“ FYRIR FYRSTA MENNTUNARSTARFIÐ**	NFEPAIDBY1 ≥ 1
	1	Já	
	2	Nei (aðeins hluta kostnaðar)	
	– 1	Ekkert svar (heildarkostnaður óþekktur)	
	– 2	Á ekki við (NFEPAIDBY = 0, – 1, – 2)	
NFEPAIDVAL1		**KOSTNAÐUR SEM HEIMILISMAÐUR EÐA SKYLDMENNI GREIÐIR EÐA VIÐKOMANDI GREIÐIR SJÁLFUR VEGNA KENNSLUGJALDA, SKRÁNINGAR, PRÓFGJALDA, BÓKAKAUPA OG/EÐA BÚNAÐAR FYRIR TÆKNINÁM VEGNA FYRSTA MENNTUNARTILVIKS**	NFEPAIDBY1_4 = 1 eða NFEPAIDBY1_5 = 1
		Í evrum	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (NFEPAIDBY1_4 ≠ 1 og NFEPAIDBY1_5 ≠ 1)	
NFEUSE1		**NOTKUN FÆRNI EÐA ÞEKKINGAR SEM FÉKKST Í FYRSTA MENNTUNARTILVIKI**	NFERAND1 ≠ – 2
	1	Mikið	
	2	Töluvert	
	3	Mjög lítið	
	4	Ekkert	
	– 2	Á ekki við (NFERAND1 = – 2)	
	– 1	Ekkert svar	
NFESAT1 *(valfrjálst)*		**ÁNÆGJA MEÐ FYRSTA MENNTUNARTILVIKIÐ**	NFERAND1 ≠ – 2
	1	Já	
	2	Nei	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (NFERAND1 = – 2)	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
NFEUNSATREASON1 *(valfrjálst)*		**ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ EKKI VAR ÁNÆGJA MEÐ FYRSTA MENNTUNARTILVIKIÐ**	NFESAT1 = 2
	0	Engin af neðangreindum ástæðum	
	1–5	Fjöldi svara sem veitt eru í skránni yfir 5 ástæður hér að neðan	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (NFESAT1 ≠ 2)	
		Skrá yfir ástæður (mörg svör leyfð)	
NFEUNSATREASON1_1	1	Mikilvægi/gagnsemi	
NFEUNSATREASON1_2	2	Námsstig of lágt	
NFEUNSATREASON1_3	3	Námsstig of hátt	
NFEUNSATREASON1_4	4	Gæði kennslu	
NFEUNSATREASON1_5	5	Skipulag þjálfunar (staðsetning, kennsluefni, skólastofur, o.s.frv.)	
		Hver NFEUNSATREASON1_x breyta er kóðuð: 1 ef valin, 2 ef ekki valin, –2 ef á ekki við (NFESAT ≠ 2)	
NFEOUTCOME1		**ÚTKOMUR NÝRRAR FÆRNI EÐA ÞEKKINGAR SEM FENGUST VIÐ SÍÐASTA FORMLEGA MENNTUNARTILVIK**	NFERAND1 ≠ – 2
	0	Engin af neðangreindum útkomum	
	1–8	Fjöldi svara sem veitt eru í skránni yfir 8 útkomur hér að neðan	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (NFERAND1 = – 2)	
		Skrá yfir útkomur (mörg svör leyfð)	
NFEOUTCOME1_1		Fengið (nýtt) starf	
NFEOUTCOME1_2		Stöðuhækkun (NFEWORKTIME1 = 1,2,3,4)	
NFEOUTCOME1_3		Hærra kaup/hærri laun (NFEWORKTIME1 = 1,2,3,4)	
NFEOUTCOME1_4		Ný verkefni (NFEWORKTIME1 = 1,2,3,4)	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
NFEOUTCOME1_5		Betri frammistaða í starfi (NFEWORKTIME1 = 1,2,3,4)	
NFEOUTCOME1_6		Ástæður af persónulegum toga (kynnast öðru fólki, rifja upp færni í almennum greinum o.s.frv.)	
NFEOUTCOME1_7		Engar útkomur enn	
NFEOUTCOME1_8		Engra útkomna vænst	
		Hver NFEOUTCOME1_x breyta er kóðuð: 1 ef valin, 2 ef ekki valin, –2 ef á ekki við (NFERAND1 = – 2)	
NFERAND2		**KÓÐI ANNARS SLEMBIÚRTAKS MENNTUNARTILVIKS**	NFENUM ≥ 2
	1 – 10	Auðkenniskóði annars slembiúrtaks menntunartilviks (kóði menntunartilviks eins og hann er í breytunum NFEACTxx)	
	– 2	Á ekki við (NFENUM = 0, 1)	
NFERAND2_TYPE		Eins og greint er frá í NFEACT01_TYPE til NFEACT10_TYPE fyrir annað slembiúrtak menntunartilviks	
NFEPURP2		Sama kóðun og NFEPURP1	NFERAND2 ≠ – 2
NFEFIELD2		Sama kóðun og NFEFIELD1	NFERAND2 ≠ – 2
NFEMETHOD2		Sama kóðun og NFERMETHOD1	NFERAND2 ≠ – 2 og NFERAND2_TYPE ≠ 2,3
NFEREASON2		Sama kóðun og NFEREASON1 og undirhlutar	NFERAND2 ≠ – 2
NFEWORKTIME2		Sama kóðun og NFEWORKTIME1	NFERAND2 ≠ – 2 og NFERAND2_TYPE ≠ 3
NFENBWEEKS2		Sama kóðun og NFENBWEEKS1	NFERAND2 ≠ – 2
NFEDURPERWEEK2		Sama kóðun og NFEDURPERWEEK1	NFERAND2 ≠ – 2
NFEPROVIDER2		Sama kóðun og NFEPROVIDER1	NFERAND2 ≠ – 2
NFECERT2		Sama kóðun og NFECERT1	NFERAND2 ≠ – 2
NFEPAIDBY2		Sama kóðun og NFEPAIDBY1 og undirhlutar	NFERAND2 ≠ – 2 og NFERAND2_TYPE ≠ 3

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
NFEPAIDFULL2 *(valfrjálst)*		Sama kóðun og NFEPAIDFULL1	NFEPAIDBY2 ≥ = 1
NFEPAIDVAL2		Sama kóðun og NFEPAIDVAL1	NFEPAIDBY2_4 = 1 eða NFEPAIDBY2_5 = 1
NFEUSE2		Sama kóðun og NFEUSE1	NFERAND2 ≠ – 2
NFESAT2 *(valfrjálst)*		Sama kóðun og NFESAT1	NFERAND2 ≠ – 2
NFEUNSATREASON2 *(valfrjálst)*		Sama kóðun og NFEUNSATREASON1 og undirhlutar	NFESAT2 = 2
NFEOUTCOME2		Sama kóðun og NFEOUTCOME1 og undirhlutar	NFERAND2 ≠ – 2
NFERAND3 (valfrjálst)		**KÓÐI ÞRIÐJA MENNTUNARTILVIKS SEM VALIÐ ER MEÐ SLEMBIÚRTAKI**	NFENUM ≥ 3
	1–10	Auðkenniskóði þriðja slembiúrtaks menntunartilviks (kóði menntunartilviks eins og hann er í breytunum NFEACTxx)	
	– 2	Á ekki við (NFENUM = 0, 1, 2)	
NFERAND3_TYPE (valfrjálst)		Sama kóðun og NFERAND1_TYPE	NFERAND3 ≠ – 2
NFEPURP3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEPURP1	NFERAND3 ≠ – 2
NFEFIELD3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEFIELD1	NFERAND3 ≠ – 2
NFEMETHOD3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFERMETHOD1	NFERAND3 ≠ – 2 og NFERAND3_TYPE ≠ 2,3
NFEREASON3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEREASON1 og undirhlutar	NFERAND3 ≠ – 2
NFEWORKTIME3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEWORKTIME1	NFERAND3 ≠ – 2 og NFERAND3_TYPE ≠ 3
NFENBWEEKS3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFENBWEEKS1	NFERAND3 ≠ – 2
NFEDURPERWEEK3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEDURPERWEEK1	NFERAND3 ≠ – 2
NFEPROVIDER3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEPROVIDER1	NFERAND3 ≠ – 2

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
NFECERT3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFECERT1	NFERAND3 ≠ – 2
NFEPAIDBY3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEPAIDBY1 og undirhlutar	NFERAND3 ≠ – 2 og NFERAND3_TYPE ≠ 3
NFEPAIDFULL3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEPAIDFULL1	NFEPAIDBY3 ≥ = 1
NFEPAIDVAL3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEPAIDVAL1	NFEPAIDBY3_4 = 1 eða NFEPAIDBY3_5 = 1
NFEUSE3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEUSE1	NFERAND3 ≠ – 2
NFESAT3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFESAT1	NFERAND3 ≠ – 2
NFEUNSATREASON3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEUNSATREASON1 og undirhlutar	NFESAT3 = 2
NFEOUTCOME3 (valfrjálst)		Sama kóðun og NFEOUTCOME1 og undirhlutar	NFERAND3 ≠ – 2
DIFFICULTY		**ERFIÐLEIKAR VARÐANDI ÞÁTTTÖKU (EÐA MEIRI ÞÁTTTÖKU) Í MENNTUN OG ÞJÁLFUN Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	Allir
	1	Þú tókst þátt í formlegri eða óformlegri menntun og þjálfun og vildir ekki taka meiri þátt	
	2	Þú tókst þátt í formlegri eða óformlegri menntun og þjálfun en vildir taka meiri þátt	
	3	Þú tókst ekki þátt í formlegri eða óformlegri menntun og þjálfun og vildir ekki taka þátt	
	4	Þú tókst ekki þátt í formlegri eða óformlegri menntun og þjálfun en vildir taka þátt	
	– 1	Ekkert svar	
DIFFTYPE		**TEGUND ERFIÐLEIKA**	DIFFICULTY = 1 til 4
	0	Enginn af neðangreindum erfiðleikum	
	1–11	Fjöldi svara sem veitt eru í skránni yfir erfiðleikana 11 hér að neðan	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (DIFFICULTY ≠ 1 til 4)	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
		Skrá yfir erfiðleika (mörg svör leyfð)	
DIFFTYPE_01		Erfiðleikar 01 — Forsendur	
DIFFTYPE_02		Erfiðleikar 02 — Kostnaður	
DIFFTYPE_03		Erfiðleikar 03 — Skortur á stuðningi vinnuveitanda eða skortur á stuðningi opinberra aðila	
DIFFTYPE_04		Erfiðleikar 04 — Áætlun	
DIFFTYPE_05		Erfiðleikar 05 — Fjarlægð	
DIFFTYPE_06		Erfiðleikar 06 — Enginn aðgangur að tölvu eða Netinu (fyrir fjarnám)	
DIFFTYPE_07		Erfiðleikar 07 — Fjölskylduábyrgð	
DIFFTYPE_08		Erfiðleikar 08 — Heilsa eða aldur	
DIFFTYPE_09		Erfiðleikar 09 — Aðrar persónulegar ástæður	
DIFFTYPE_10		Erfiðleikar 10 — Ekki viðeigandi menntunar- eða þjálfunartilvik	
DIFFTYPE_11		Erfiðleikar 11 — Ekki þörf á (frekari) menntun og þjálfun (aðeins fyrir DIFFICULTY = 1 eða 3)	
		Hver DIFFTYPE_xx breyta er kóðuð: *1 ef valin, 2 ef ekki valin, –2 ef á ekki við (DIFFICULTY ≠ 1 til 4)*	
DIFFMAIN		**MIKILVÆGUSTU ERFIÐLEIKAR**	DIFFTYPE = 1–11
	01–11	Kóði yfir erfiðleikana frá 1 til 11 (kóði yfir erfiðleikana eins og í DIFFTYPE breytunum)	
	– 2	Á ekki við (DIFFTYPE ≠ 1–11)	
	– 1	Ekkert svar	
INF		**ÞÁTTTAKA Í ÖÐRU MENNTUNARTILVIKI Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM (MARKVISST SJÁLFSNÁM TIL AÐ BÆTA ÞEKKINGU EÐA FÆRNI)**	Allir
	1	Já, eitt tilvik	
	2	Já, að minnsta kosti tvenns konar tilvik	
	3	Nei	
(INFACT1)		**AUÐKENNING Á SÍÐASTA MENNTUNARTILVIKI**	
INFFIELD1		**Svið þessa menntunartilviks**	INF = 1,2
		Kóðað eins og FEDFIELD	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
	– 2	Á ekki við (INF ≠ 1,2)	
	Eða 010–863 (valfrjálst)	Svið sem kóðuð eru valfrjálst með 3 tölustöfum, upplýsingar eru veittar í Handbókinni um fullorðinsfræðslukönnun sem um getur í 6. gr.	
INFPURP1		**Tilgangur þessa menntunartilviks**	INF = 1,2
	1	Í meginatriðum vinnutengd	
	2	Í meginatriðum af persónulegum/ekki vinnutengdum ástæðum	
	– 2	Á ekki við (INF ≠ 1,2)	
INFMETHOD1		**Formlaus námsaðferð notuð í þessu menntunartilviki**	INF = 1,2
	1	Lært af aðstandanda, vini eða samstarfsmanni	
	2	Prentað efni er notað (bækur, fagtímarit, o.s.frv.)	
	3	Tölva er notuð (nettengd eða ónettengd)	
	4	Í gegnum sjónvarp, útvarp eða myndband	
	– 2	Á ekki við (INF ≠ 1,2)	
(INFACT2)		**AUÐKENNING Á ÖÐRU NÝJASTA MENNTUNARTILVIKI**	INF = 2
INFFIELD2 INFPURP2 INFMETHOD2		Kóðað eins og INFACT1 og undirhlutar INFFIELD1, INFPURP1 og INFMETHOD1	
		Á ekki við (INF ≠ 2)	
ICTCOMPUTER		**TÖLVUTENGT MENNTUNARTILVIK HEFUR ÞEGAR FARIÐ FRAM**	Allir
	0	Aldrei notað tölvu eða neitt af menntunartilvikunum sem nefnd eru hér að neðan	
	1–6	Fjöldi svara sem veitt eru í skránni yfir menntunartilvik 1 til 6 hér að neðan	
	– 1	Ekkert svar	
		Skrá um dæmi af menntunartilviki sem felur í sér mat á færni (frá lágu til hás, mörg svör leyfð)	
ICTCOMPUTER_1		Menntunartilvik 1	
ICTCOMPUTER_2		Menntunartilvik 2	
ICTCOMPUTER_3		Menntunartilvik 3	
ICTCOMPUTER_4		Menntunartilvik 4	
ICTCOMPUTER_5		Menntunartilvik 5	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
ICTCOMPUTER_6		Menntunartilvik 6	
		Hver ICTCOMPUTER_x breyta er kóðuð: *1 ef valin, 2 ef ekki valin*	
ICTINTERNET (valfrjálst)		**MENNTUNARTILVIK SEM TENGIST NETINU HEFUR ÞEGAR FARIÐ FRAM**	ICTCOMPUTER = 1–6, –1
	0	Aldrei notað Netið eða stundað neitt menntunartilvik af þeim sem nefnd eru hér að neðan	
	1–6	Fjöldi svara sem veitt eru í skránni yfir menntunartilvik 1 til 6 hér að neðan	
	– 1	Ekkert svar	
		Skrá um dæmi af menntunartilvikum sem fela í sér mat á færni (frá lágu til hás, mörg svör leyfð)	
ICTINTERNET_1		Menntunartilvik 1	
ICTINTERNET_2		Menntunartilvik 2	
ICTINTERNET_3		Menntunartilvik 3	
ICTINTERNET_4		Menntunartilvik 4	
ICTINTERNET_5		Menntunartilvik 5	
ICTINTERNET_6		Menntunartilvik 6	
		Hver ICTINTERNET_x breyta er kóðuð: *1 ef valin, 2 ef ekki valin*	
LANGMOTHER		**MÓÐURMÁL**	Allir
		Byggt á ISO-landaflokkuninni, upplýsingar eru veittar í Handbókinni um fullorðinsfræðslukönnun sem um getur í 6. gr.	
	2 tölustafir	Fyrsta tungumál	
	2 tölustafir	Annað tungumál (00 ef ekkert)	
LANGUSED		**ÖNNUR TUNGUMÁL EN MÓÐURMÁL**	Allir
	0–98	Fjöldi annarra tungumála	
	– 1	Ekkert svar	
LANGUSED_1	2 tölustafir	1 — Kóði fyrsta tungumáls eða 00 (enginn)	
LANGUSED_2	2 tölustafir	2 — Kóði annars tungumáls eða 00 (enginn)	
LANGUSED_3	2 tölustafir	3 — Kóði þriðja tungumáls eða 00 (enginn)	
LANGUSED_4	2 tölustafir	4 — Kóði fjórða tungumáls eða 00 (enginn)	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
LANGUSED_5	2 tölustafir	5 — Kóði fimmta tungumáls eða 00 (enginn)	
LANGUSED_6	2 tölustafir	6 — Kóði sjötta tungumáls eða 00 (enginn)	
LANGUSED_7	2 tölustafir	7 — Kóði sjöunda tungumáls eða 00 (enginn)	
		Hver LANGUSED_x breyta er kóðuð á grunni ISO-landaflokkunarinnar, upplýsingar veittar í Handbókinni um fullorðinsfræðslukönnun sem um getur í 6. gr.	
LANGBEST1		**FYRSTA TUNGUMÁLIÐ SEM VIÐKOMANDI HEFUR BEST VALD Á (MÓÐURMÁL UNDANSKILIÐ)**	LANGUSED ≠ 0, – 1
		Byggt á ISO-landaflokkuninni, upplýsingar eru veittar í Handbókinni um fullorðinsfræðslukönnun sem um getur í 6. gr.	
	2 tölustafir	Fyrsta tungumál (2 tölustafa númer)	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (LANGUSED = 0, – 1)	
LANGLEVEL1		**KUNNÁTTA Í FYRSTA TUNGUMÁLINU SEM VIÐKOMANDI HEFUR BEST VALD Á (MÓÐURMÁL UNDANSKILIÐ)**	LANGBEST1 ≠ – 1, – 2
	1	Ég get skilið og notað algengustu hversdagsleg orðatiltæki. Ég nota tungumál í tengslum við kunnuglega hluti og aðstæður.	
	2	Ég get skilið grundvallaratriðin í skýru máli og búið til einfaldan texta. Ég get lýst reynslu og atburðum og miðlað þeim nokkuð reiprennandi.	
	3	Ég get skilið margs konar krefjandi texta og notað tungumálið á sveigjanlegan hátt. Ég hef nær fullkomið vald á tungumálinu.	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (LANGBEST1 = – 1, – 2)	
LANGBEST2		**ANNAÐ TUNGUMÁLIÐ SEM VIÐKOMANDI HEFUR BEST VALD Á (MÓÐURMÁL UNDANSKILIÐ)**	LANGUSED ≠ 0, 1, – 1
		Byggt á ISO-landaflokkuninni, upplýsingar eru veittar í Handbókinni um fullorðinsfræðslukönnun sem um getur í 6. gr.	
	2 tölustafir	Annað tungumál (2 tölustafa númer)	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (LANGUSED = 0, 1, – 1)	
LANGLEVEL2		**KUNNÁTTA Í ÖÐRU TUNGUMÁLINU SEM VIÐKOMANDI HEFUR BEST VALD Á (MÓÐURMÁL UNDANSKILIÐ)**	LANGBEST2 ≠ – 1, – 2
		Kóðað sem LANGLEVEL1	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
CULTPAR1 *(valfrjálst)*		**HVERSU OFT VAR LISTFLUTNINGUR SÓTTUR Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	Allir
	1	1 til 6 sinnum á síðustu 12 mánuðum	
	2	Oftar en 6 sinnum á síðustu 12 mánuðum	
	3	Aldrei	
	– 1	Ekkert svar	
CULTPAR2 *(valfrjálst)*		**HVERSU OFT VAR FARIÐ Í KVIKMYNDAHÚS Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	Allir
	1	1 til 6 sinnum á síðustu 12 mánuðum	
	2	Oftar en 6 sinnum á síðustu 12 mánuðum	
	3	Aldrei	
	– 1	Ekkert svar	
CULTPAR3 *(valfrjálst)*		**HVERSU OFT VORU MENNINGARMINJASTAÐIR HEIMSÓTTIR Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	Allir
	1	1 til 6 sinnum á síðustu 12 mánuðum	
	2	Oftar en 6 sinnum á síðustu 12 mánuðum	
	3	Aldrei	
	– 1	Ekkert svar	
CULTPAR4 *(valfrjálst)*		**HVERSU OFT VAR FARIÐ Á ÍÞRÓTTAVIÐBURÐI Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	Allir
	1	1 til 6 sinnum á síðustu 12 mánuðum	
	2	Oftar en 6 sinnum á síðustu 12 mánuðum	
	3	Aldrei	
	– 1	Ekkert svar	
CULTNEWS *(valfrjálst)*		**LESTUR DAGBLAÐA (PRENTAÐRA EÐA Á NETINU) Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	Allir
	1	Daglega eða nærri því daglega	
	2	Að minnsta kosti einu sinni í viku (en ekki daglega)	
	3	Að minnsta kosti einu sinni í mánuði (en ekki vikulega)	
	4	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	
	5	Aldrei	

Nafn og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
	– 1	Ekkert svar	
CULTBOOK *(valfrjálst)*		**LESTUR BÓKAR Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	Allir
	1	Já	
	2	Nei	
	– 1	Ekkert svar	
CULTBOOKNUM *(valfrjálst)*		**ÁÆTLAÐUR FJÖLDI BÓKA SEM LESNAR VORU Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	CULTBOOK = 1
	1	Undir 5	
	2	5 til 9	
	3	Yfir 10	
	– 1	Ekkert svar	
	– 2	Á ekki við (CULTBOOK ≠ 1)	
SOCIALPAR *(valfrjálst)*		**ÞÁTTTAKA Í EINNI EÐA FLEIRI AF EFTIRFARANDI STARFSEMI Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**	Allir
	0	Ekkert af neðangreindri starfsemi	
	1–6	Fjöldi svara sem veitt eru í skránni hér að neðan yfir 6 tegundir starfsemi	
	– 1	Ekkert svar	
		Skrá yfir starfsemi (mörg svör leyfð)	
SOCIALPAR _1		Starfsemi stjórnmálaflokka eða stéttarfélaga	
SOCIALPAR _2		Starfsemi fagfélaga	
SOCIALPAR _3		Starfsemi tómstundahópa eða -félaga	
SOCIALPAR _4		Starfsemi góðgerðarsamtaka	
SOCIALPAR _5		Óformleg sjálfboðavinna	
SOCIALPAR _6		Starfsemi trúfélaga	
		Hver SOCIALPAR_x breyta er kóðuð: *1 ef valin, 2 ef ekki valin*	

II. VIÐAUKI

Úrtaks- og nákvæmniskröfur

1. Samkvæmt viðauka við reglugerð (EB) nr. 452/2008 skal ákvarða „úrtaksstærð“ í fullorðinsfræðslukönnun á grundvelli kröfu um nákvæmni, þ.e. að raunúrtak í hverju landi sé ekki stærra en 5000 einstaklingar, reiknað út frá þeirri forsendu að um einfalt slembiúrtak sé að ræða. Innan þessara marka skulu sérstakar úrtaksforsendur gilda fyrir tiltekin undirþýði“.

2. Hreint úrtak (að undanskildu brottfalli úrtakseiningar) ætti að sýna mat innan 95% öryggisbils fyrir safn vísa sem skráð er í 3. málsgrein. Hálflengd öryggisbilsins fyrir hvern vísi skal ekki fara yfir efri mörkin sem kveðið er á um í 3. málsgrein nema að raunúrtaks yfir 5000 einstaklinga sé krafist á landsvísu.

3. Viðkomandi vísar og hámarks hálflengd 95% öryggisbils eru:

Vísir	Hámarks hálflengd 95% öryggisbilsins
Þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun	1,4%
Þátttaka (í %) í formlausri menntun og þjálfun (karlar)	2,0%
Þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun (konur)	2,0%
Þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun (einstaklingar á aldrinum 25 – 34)	3,0%
Þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun (einstaklingar á aldrinum 35 – 54)	2,0%
Þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun (einstaklingar á aldrinum 55 – 64)	3,2%
Þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun vel menntaðra einstaklinga (ISCED-stig 5 – 6)	4,0%
Þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun atvinnulausra einstaklinga	11,5%
Hlutfall vinnutengdrar starfsemi í óformlegu þjálfunartilviki	4,0%

Viðmiðunarmörkin, sem kveðið er á um fyrir lönd sem hafa frá einni milljón til þriggja og hálfrar milljónar íbúa á aldrinum 25 – 64, í dálkinum „Hámarks hálflengd 95% öryggisbilsins“, skulu hækkuð um 20%.

Viðmiðunarmörkin, sem kveðið er á um fyrir lönd sem hafa minna en eina milljón íbúa á aldrinum 25 – 64, í dálkinum „Hámarks hálflengd 95% öryggisbilsins“, skulu hækkuð um 40%.

4. Kröfur þessar vísa til úrtaks búsetueininga fyrir íbúa á aldrinum 25 – 64. Í löndum þar sem kröfur til rannsóknarinnar eru víðtækari þarf að hanna úrtakið þannig að tryggt sé að mælingar á íbúum á aldrinum 25-64 séu í samræmi við nákvæmnikröfur sem settar eru fram í 2. og 3. málsgrein.

III. VIÐAUKI

Kröfur um gæði og skýrslugjöf

Kröfur um gæði gagna fyrir fullorðinsfræðslukönnunina vísa til þátta varðandi mikilvægi, áreiðanleika, tímanleika og stundvísi, aðgengi og skýrleika, samanburðarhæfi og samræmi í samræmi við d-lið 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 452/2008.

Aðildarríki skulu leggja fram gæðaskýrslur eins og þær eru skilgreindar í 7. gr. þessarar reglugerðar. Rita skal skýrslurnar samkvæmt stöðluðu sniði fyrir gerð gæðaskýrslu, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggur til. Afrit af landsbundna spurningalistanum skal fylgja gæðaskýrslunni.

1. MIKILVÆGI

– Framkvæmd könnunarinnar og að hve miklu leyti hagtöluupplýsingar uppfylla þarfir núverandi og hugsanlegra notenda.

– Lýsing á notendum og flokkun þeirra.

– Einstaklingsbundnar þarfir hvers notendahóps.

– Mat á því hvort og að hve miklu leyti þessar þarfir hafa verið uppfylltar.

2. NÁKVÆMNI

2.1. **Úrtaksskekkjur**

– Lýsing á úrtakssniði og úrtaki sem er tekið.

– Lýsing á útreikningum endanlegra voga, þ.m.t. líkan fyrir brottfall og hjálparbreytur sem eru notaðar.

– Frávíksstuðull stikamats samkvæmt lögum úrtaksins að því er varðar viðkomandi vísa sem skráðir eru í 3. málsgrein II. viðauka.

– Hugbúnaður fyrir útreikninga á dreifni.

– Sér í lagi lýsing á hjálparbreytum eða notuðum upplýsingum sem greina ætti frá.

– Ef um er að ræða greiningu á brottfalli, lýsing á bjögunum í úrtaki og niðurstöðum.

2.2. **Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur**

2.2.1. *Þekjuskekkjur*

– Lýsing á skránni sem notuð er fyrir úrtakið og gæði hennar í heild.

– Upplýsingar sem koma fram í skránni og hve oft hún er uppfærð.

– Skekkjur sem stafa af ósamræmi milli úrtaksrammans og markþýðisins og undirþýðisins (ofþekja, vanþekja, rangflokkun).

– Aðferðir sem notaðar eru til að afla þessara upplýsinga.

– Skýringar á úrvinnslu rangflokkana.

2.2.2. *Mælingarskekkjur*

Mat á skekkjum sem áttu sér stað á stigi gagnasöfnunar og stafa t.d. af:

– Hönnun spurningalistans (niðurstöður forprófana eða rannsóknarstofuaðferða, aðferð við spurningar).

– Svarseiningu/svaranda (viðbrögðum svarenda).

– Upplýsingakerfi svaranda og notkun stjórnsýslugagna (samræming milli stjórnsýsluupplýsinga og þátta í könnuninni, t.d. viðmiðunartímabil, tiltækileiki einstakra gagna).

– Gagnaöflunaraðferðir.

2.2.3. *Úrvinnsluskekkjur*

Lýsing á gagnaleiðréttingarvinnslu:

– Gagnavinnslukerfi og –búnaður sem er notaður.

– Skekkjur við kóðun, ritfærslu, útreikning voga og töflusetningu o.s.frv.

– Gæðakönnun á heildar/deildarstigi (e. *macro/micro level*).

– Leiðréttingar og mistök við ritfærslu eru sundurliðuð í „gildi vantar“, „skekkjur“ og „frávik“.

2.2.4. *Brottfallsskekkjur*

– Lýsing á aðgerðum sem gripið er til varðandi „hafa samband aftur“.

– Svarhlutfall úrtakseininga og hlutfall útfylltra breyta.

– Mat á brottfalli úrtakseininga og gagnagöt.

– Ítarleg skýrsla um tilreiknunaraðferðir, þ.m.t. aðferðir við tilreikning og/eða endurútreikning voga.

– Aðferðafræðilegar skýringar og niðurstöður brottfallsgreiningar eða aðrar aðferðir til að meta áhrif brottfalls.

3. TÍMANLEIKI OG STUNDVÍSI

– Tafla með dagsetningum sem sýna hvenær eftirtaldir áfangar hófust og hvenær þeim lauk, s.s. gagnaöflun, ítrekanir og eftirfylgni, prófun gagna og ritfærsla, frekari gilding og tilreikningur, brottfallskönnun (þar sem við á), mat og einnig sending gagna til Hagstofu Evrópusambandsins og miðlun landsbundinna niðurstaðna.

4. AÐGENGI OG SKÝRLEIKI

– Aðgangsskilyrði að upplýsingum.

– Áætlun um miðlun niðurstaðna.

– Afrit af aðferðafræðilegum skjölum í tengslum við hagtölur sem lagðar eru fram.

5. SAMANBURÐARHÆFI

– Aðildarlönd skulu gera athugasemdir, eftir því sem við á og skiptir máli, varðandi:

  – Frávik frá evrópska spurningalistanum og skilgreiningunum.

  – Hvort tengsl voru milli könnunarinnar og annarrar landskönnunar.

  – Að hve miklu leyti könnunin var gerð með notkun gagna sem voru til í skrám.

  – Lýsing á því hvernig kröfum þessarar reglugerðar hefur verið fullnægt til að hægt sé að leggja mat á sambærileika gagnanna.

6. SAMRÆMI

– Samanburður á hagtölum um sama fyrirbæri eða lið úr öðrum könnunum eða heimildum.

– Lýsing á því hvernig kröfum þessarar reglugerðar hefur verið fullnægt til að hægt sé að leggja mat á landfræðilegan sambærileika gagnanna.

7. KOSTNAÐUR OG FYRIRHÖFN

– Athugun á fyrirhöfn og ávinningi í viðkomandi landi, t.d. með því að meta:

  – Meðaltíma til að svara spurningalistanum,

– Erfiðar spurningar, einingar frá könnuninni

– Vandamál við flokkun og skilgreiningu námstilvika, vandkvæði er varða flokkun

  – Hvaða breytur hafa komið mest/minnst að gagni við gagnasöfnun um námsþátttöku fullorðinna.

  – Áætlaða eða raunverulega ánægju gagnanotenda í viðkomandi landi.

  – Fyrirhöfn svaranda.

  – Viðleitni til að draga úr fyrirhöfn.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 691/2011

2015/EES/08/02

frá 6. júlí 2011

um evrópska umhverfisreikninga (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er m.a. kveðið á um, að Sambandið skuli „vinna að sjálfbærri þróun Evrópu á grundvelli jafnvægis í hagvexti og verðlagi, afar samkeppnishæfu, félagslegu markaðshagkerfi, þar sem markmiðið er atvinna fyrir alla og félagslegar framfarir, ásamt öflugri umhverfisvernd og auknum umhverfisgæðum.“

2) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ([2]) er staðfest að traustar upplýsingar um ástand og þróun umhverfisins, álag og þætti sem valda umhverfisbreytingum, skipta sköpum fyrir þróun skilvirkrar stefnu, framkvæmd hennar og almenna valdeflingu borgara. Þróa ætti stjórntæki í því skyni að hvetja til vitundarvakningar almennings um umhverfisáhrif vegna atvinnustarfsemi.

3) Vísindaleg og traust nálgun við að meta skort á auðlindum verður þýðingarmikil í framtíðinni fyrir sjálfbæra þróun í Sambandinu.

4) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1578/2007/EB frá 11. desember 2007 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2008 til 2012 ([3]) er vísað skýrt til mikilvægis vandaðra hagskýrslna og reikninga á sviði umhverfismála. Samkvæmt helstu framtaksverkefnum fyrir 2008-2012 er enn fremur tilgreint að þróa ætti lagalegan grundvöll, eftir því sem við á, fyrir grundvallarsvið söfnunar gagna um umhverfismál, sem heyra eins og er ekki undir neina lagagerninga.

5) Í orðsendingu sinni frá 20. ágúst 2009 undir yfirskriftinni „Verg landsframleiðsla og fleira: Framfarir mældar í breytilegum heimi“, viðurkenndi framkvæmdastjórnin þörfina fyrir viðbót við fyrirliggjandi vísa með gögnum sem byggjast á umhverfislegum og félagslegum þáttum, til þess að gefa kost á gagngerri og alhliða stefnumótun. Í því skyni fela umhverfisreikningar í sér leiðir til vöktunar á álaginu sem hagkerfið leggur á umhverfið og leiðir til að kanna hvernig hægt er að draga úr því. Umhverfisreikningar sýna samspilið á milli efnahags-, heimilis- og umhverfisþátta og veita af þessum sökum betri upplýsingar en þjóðhagsreikningar einir og sér. Þeir

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.09.2012, bls. 41.

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 7. júní 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. júní 2011.

([2]) Stjtíð. EB L 242, 10. 9. 2002, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 15.

mynda mikilvægan grundvöll gagna vegna ákvarðana tengdum umhverfinu og framkvæmdastjórnin ætti að hafa þá til hliðsjónar við gerð samninga um mat á áhrifum. Í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og hvatann til að öðlast auðlindanýtið hagkerfi og hagkerfi með lágmarks mengun, sem er innbyggt í áætlunina Evrópu 2020, sem og mismunandi framtaksverkefni, verður enn brýnna en áður að þróa gagnaramma um umhverfismál og efnahagsmál með samræmdum hætti.

6) Evrópska þjóðhagsreikningskerfið (ESA), sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu ([4]), (ESA 1995) samkvæmt þjóðhagsreikningskerfi (e. *SNA*) sem hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna samþykkti í febrúar 1993, er meginkerfið á bak við efnahagslegar hagskýrslur í Sambandinu, sem og aðra hagvísa (þ.m.t. verga landsframleiðslu). Hægt er að nota ramma evrópska þjóðhagsreikningakerfisins til að greina og meta margvíslegar hliðar hagkerfisins (t.d. gerð, tiltekna hluta, þróun), en þó er best fyrir tiltekna gagnaþörf, s.s. greiningu á samspili á milli umhverfismála og hagkerfisins, að gera aðskilda hliðarreikninga.

7) Í niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í júní 2006 kallaði leiðtogaráðið á Sambandið og aðildarríki að rýmka gildissvið þjóðhagsreikninga til að ná einnig yfir lykilþætti í sjálfbærri þróun. Við þjóðhagsreikninga ætti því að bæta samþættum hagreikningum fyrir umhverfismál að því tilskildu að gögnin séu samræmd að fullu.

8) Miklu skiptir að um leið og kerfið er tilbúið til notkunar verði evrópskir hagreikningar fyrir umhverfismál notaðir af virkni og nákvæmni, í öllum aðildarríkjunum og í tengslum við allar stefnur Sambandsins sem málið varða, sem helsta inntak vegna mats á áhrifum, aðgerðaáætlunum, tillagna að nýrri löggjöf og annarra mikilvægra niðurstaðna stefnumótunar.

9) Tímanlegri gögn ættu einnig að vera unnin eftir samtíðarspám sem nota tölfræðilegar aðferðir svipaðar þeim sem notaðar eru til að gera spár, svo að matið verði áreiðanlegra.

10) Hliðarreikningar bjóða upp á að greiningargeta innlendra reikningsskila aukist á völdum félagslegum sviðum, s.s. álagi á umhverfið sem rekja má til aðgerða manna, í víðtækum skilningi, án þess að íþyngja um of eða trufla miðlæga kerfið. Hliðarreikningar skulu vera aðgengilegir almenningi reglulega og á auðskilinn hátt.

11) Samþætt kerfi umhverfisreikninga (e. *SEEA*), sem var þróað sameiginlega af Sameinuðu þjóðunum, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Efnahags- og framfarastofnuninni og Alþjóðabankanum, er hliðarreikningakerfi þjóðhagsreikningakerfisins. Það sameinar efnahagslegar og umhverfislegar upplýsingar í sameiginlegan ramma til að mæla framlag umhverfismála til hagkerfisins og áhrif hagkerfisins á umhverfismál. Það veitir stefnumótandi aðilum vísa og lýsandi tölfræðilegar upplýsingar til að vakta þetta samspil, ásamt gagnagrunni fyrir stefnumótandi áætlanagerð til að skilgreina sjálfbærri leiðir til þróunar.

12) Samþætt kerfi umhverfisreikninga safnar saman og samþættir, eftir því sem unnt er, ólíka flokka umhverfisreikninga. Almennt séð útvíkka allir þessir flokkar gildandi hugtök þjóðhagsreikningakerfisins um kostnað, fjármunamyndun og birgðir fjármuna, með því að bæta við þá viðbótargögnum í reynd, til að ná yfir umhverfiskostnað og nýtingu náttúrugæða í framleiðslu, eða með breytingum á þeim með upptöku áhrifanna í fjárhæðum. Innan þessa almenna stefnumiðs eru ýmsir flokkar sem eru ólíkir með tilliti til aðferðafræði og umhverfissjónarmiða.

13) Framkvæmdastjórnin kynnti sína fyrstu áætlun um „umhverfisvænt bókhald“ árið 1994. Síðan þá hafa framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) og aðildarríkin þróað og prófað aðferðir til reikningsskila að því marki að nokkur aðildarríki veita nú reglulega fyrstu útgáfur umhverfisreikninga. Algengast er bókhald vegna flæðis efnis út í andrúmsloftið (þ.m.t. gróðurhúsalofttegundir) og hráefnisnotkunar og peningalegir umhverfisreikningar vegna útgjalda til umhverfisverndar og skatta vegna umhverfismála.

14) Eitt af markmiðum tímabilsins sem fellur undir hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2008 til 2012 er að eiga frumkvæði að endurnýjun samninga á tilteknum sviðum innan löggjafar Sambandsins, þar sem evrópskar hagskýrslur eru lagðar fram reglulega og eru komnar á fullnægjandi stig.

15) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur ([5]) er kveðið á um tilvísunarramma fyrir evrópska umhverfisreikninga. Þar er einkum krafist reglufylgni evrópskra hagskýrslna við meginreglur um faglegt óhæði, óhlutdrægni, hlutlægni, áreiðanleika, trúnaðarkvaðir í hagskýrslum og kostnaðarhagkvæmni.

([4]) Stjtíð. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

16) Þar sem mismunandi útgáfur umhverfisreikninga eru í þróun og á mismunandi stigum þróunar, ber að samþykkja uppbyggingu eininga sem veita nægilegan sveigjanleika, m.a. vegna tilkomu viðbótareininga.

17) Gera ætti áætlun um forkannanir til að bæta skýrslugjöf og auka gæði gagna, bæta aðferðafræði og undirbúa frekari þróun.

18) Fylgja ætti eftir innleiðingu á kröfum um viðbótarskýrslugjöf með mati á framkvæmanleika.

19) Framkvæmdastjórnin ætti að eiga rétt á að veita aðildarríkjum undanþágur á umbreytingatímabilinu, svo fremi sem landsbundin hagskýrslukerfi þeirra þarfnist verulegra breytinga.

20) Sambandið ætti að hvetja til innleiðingar á umhverfisreikningum í þriðju löndum, einkum þeim sem deila umhverfisauðlindum (aðallega vatni) með aðildarríkjum.

21) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að setja sameiginlegan ramma fyrir söfnun, samantekt, afhendingu og mat á umhverfisreikningum, hvert í sínu lagi og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

22) Valdheimild til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti að framselja til framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að aðlaga einingarnar að umhverfislegri, efnahagslegri og tæknilegri þróun, sem og að veita leiðsögn um aðferðafræði. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal, við undirbúning og samningu framseldra gerða, tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

23) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu ([6]).

24) Samráð hefur verið haft við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á fót sameiginlegum ramma fyrir söfnun, samantekt, afhendingu og mat á evrópskum umhverfisreikningum, í þeim tilgangi að koma á fót evrópskum umhverfisreikningum sem hliðarreikningum við evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í Evrópubandalaginu frá 1995 (ESA 1995), með því að kveða á um aðferðafræði um almenna staðla, skilgreiningar, flokkanir og reikningsskilareglur sem nota á við gerð evrópskra umhverfisreikninga.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „losun út í andrúmsloftið“: raunverulegt flæði loftkenndra efna eða efnisagna frá hagkerfi lands (vinnsla vegna framleiðslu eða neyslu) út í andrúmsloftið (sem hluti af vistkerfinu),

2) „umhverfistengdur skattur“: skattur þar sem skattstofn er hlutstæð eining (eða ígildi hlutstæðrar einingar) einhvers sem hefur staðfest, sértæk neikvæð áhrif á umhverfið og er auðkenndur í ESA 1995 sem skattur,

3) „reikningar vegna flæðis efnis, sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*)“: samræmd samantekt ílagsefna inn í hagkerfi landa, breytingar á stofnstærð efna innan hagkerfis og frálagsefna til annarra hagkerfa eða til umhverfisins.

3. gr.

Einingar

1. Umhverfisreikningarnir sem ber að taka saman innan sameiginlega rammans sem um getur í 1. gr., skulu flokkaðir í eftirfarandi einingar:

a) eining reikninga vegna losunar út í andrúmsloftið, eins og sett er fram í I. viðauka,

b) eining vegna umhverfistengdra skatta eftir atvinnustarfsemi, eins og sett er fram í II. viðauka,

([6]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

c) eining reikninga vegna flæðis efnis, sem hefur áhrif á allt hagkerfið, eins og sett er fram í III. viðauka.

2. Í hverjum viðauka skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) markmið reikninganna sem taka skal saman,

b) umfang reikningana,

c) skrá yfir þau könnunaratriði sem safna á gögnum um og senda,

d) fyrsta viðmiðunarárið, tíðni og frestur til sendinga vegna samantektar reikninganna,

e) upplýsingatöflur,

f) hámarksgildistími umbreytingartímabilanna sem um getur í 8. gr., en á þeim tíma getur framkvæmdastjórnin heimilað undanþágur.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, ef nauðsyn krefur, til að hafa hliðsjón af umhverfislegri, efnahagslegri og tæknilegri þróun, í samræmi við 9. gr.:

a) til að veita leiðsögn um aðferðafræði, og

b) til að uppfæra viðaukana sem vísað er til í 1. málsgrein, að því er varðar upplýsingarnar sem vísað er til í c- til e-lið 2. málsgreinar.

Framkvæmdastjórnin skal, í krafti valdheimilda sinna samkvæmt þessari málsgrein, tryggja að framseldar gerðir hennar auki ekki verulega stjórnsýsluálag á aðildarríkin og á svareiningarnar.

4. gr.

Forkannanir

1. Framkvæmdastjórnin skal gera áætlun fyrir forkannanir sem aðildarríkin framkvæma sjálfviljug til að þróa skýrslugjöf og auka gæði gagna, koma á tímaröð og þróa aðferðafræði. Í áætluninni skulu vera forkannanir til að prófa hagkvæmni þess að taka upp nýjar einingar fyrir umhverfisreikninga. Framkvæmdastjórnin skal tryggja við gerð áætlunarinnar að ekki sé lagt verulegt stjórnsýslulegt eða fjárhagslegt álag á aðildarríkin eða svareiningarnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta og gefa út niðurstöður forkannana, með tilliti til ávinnings af því að gögnin séu tiltæk, borið saman við kostnaðinn við að safna þeim saman og stjórnsýslulega fyrirhöfn svarenda. Taka skal tillit til þessara niðurstaðna í tillögunum um að taka upp nýjar einingar umhverfisreikninga sem framkvæmdastjórnin getur sett í skýrsluna sem um getur í 10. gr.

5. gr.

Gagnasöfnun

1. Í samræmi við viðaukana við þessa reglugerð skulu aðildarríkin safna saman nauðsynlegum gögnum vegna skoðunar á könnunaratriðunum sem um getur í c-lið 2. mgr. 3. gr.

2. Aðildarríkin skulu safna saman nauðsynlegum gögnum með því að tengja saman ýmsar heimildir sem tilgreindar eru hér á eftir og beita grundvallarreglunni um einföldun stjórnsýslu:

a) könnunum,

b) tölfræðilegum matsaðferðum ef sum könnunaratriði hafa ekki verið rannsökuð fyrir allar einingarnar,

c) stjórnsýsluheimildum.

3. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og leggja fram upplýsingar varðandi aðferðirnar og heimildirnar sem notaðar voru.

6. gr.

Afhending til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögnin í viðaukunum innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru þar.

2. Senda skal gögnin á viðeigandi tæknilegu sniði sem framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um í framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

7. gr.

Gæðamat

1. Í reglugerð þessari gildir gæðaviðmiðunin, sem um getur í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009, fyrir öll gögn sem senda skal.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té skýrslu um gæði gagnanna sem er skilað.

3. Framkvæmdastjórnin skal, við beitingu þeirra viðmiðana um gæðamat sem um getur í 1. málsgrein, á gögn sem þessi reglugerð tekur til, samþykkja framkvæmdargerðir í því skyni að skilgreina tilhögun, uppbyggingu og tíðni gæðaskýrslna. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal meta gæði sendu gagnanna og getur, innan mánaðar frá viðtökudegi, farið fram á að viðkomandi aðildarríki leggi fram viðbótarupplýsingar varðandi gögnin eða endurskoðað gagnasafn, eins og við á.

8. gr.

Undanþágur

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir í því skyni að veita aðildarríkjunum undanþágur á umbreytingartímabilunum sem vísað er til í viðaukunum, svo fremi sem landsbundin hagskýrslukerfi þeirra þarfnist verulegra breytinga. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, í þeim tilgangi að fá undanþágu skv. 1. málsgrein, leggja fyrir framkvæmdastjórnina tilhlýðilega rökstudda beiðni eigi síðar en 12. nóvember 2011.

9. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Það framsal valds, sem um getur í 3. mgr. 3. gr., skal falið framkvæmdastjórninni í fimm ár, frá og með 11. ágúst 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. mgr. 3. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 3. gr. skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

10. gr.

Skýrsla og endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2013 og á þriggja ára fresti eftir það, leggja fram skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar. Í skýrslunni skulu einkum metin gæði sendra gagna, notaðra gagnaöflunaraðferða, stjórnsýsluálags aðildarríkjanna og svareininganna, sem og hagkvæmni og skilvirkni þessara tölfræðilegra upplýsinga.

Með skýrslunni skulu fylgja, ef við á og með tilliti til þeirra niðurstaðna sem vísað er til í 2. mgr. 4. gr., tillögur um:

– að taka upp nýjar einingar umhverfisreikninga s.s. útgjöld og tekjur til umhverfismála (e. *EPER*)/reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar (e. *EPEA*), þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu (e. *EGSS*), orkureikninga, umhverfistengdar millifærslur (styrkir), reikninga vegna nýtinga auðlinda og stjórnunarkostnaðar (e. *RUMEA*), vatnsbúskaparreikninga (eigindlega og megindlega), úrgangsreikninga, skógræktarreikninga, reikninga vegna vistkerfaþjónustu, reikninga vegna stofnstærðar efnis, sem hafa áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MSA*) og mæling á ónýttum jarðefnum sem grafin eru úr jörðu (þ.m.t. jarðvegur),

– að hún sé hönnuð til að bæta enn frekar gæði gagna og aðferðir til gagnaöflunar, þannig að hún bæti umfang og samanburðarhæfni gagnanna og dragi úr stjórnsýsluálagi á fyrirtæki og stjórnsýslu.

11. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Nefnd þessi skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. júlí 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	M. DOWGIELEWICZ

I. VIÐAUKI

EINING REIKNINGA VEGNA LOSUNAR ÚT Í ANDRÚMSLOFTIÐ

1. þáttur

MARKMIÐ

Gögn um losun út í andrúmsloftið eru skráð í reikninga vegna losunar út í andrúmsloftið á þann hátt sem er samrýmanlegt við þjóðhagsreikningakerfið. Þeir skrá losun hagkerfa landa út í andrúmsloftið með sundurliðun á atvinnustarfsemi sem losar, eins og tilgreint er í ESA 1995. Efnahagsleg starfsemi nær yfir framleiðslu og neyslu.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögn aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta fyrir reikninga vegna losunar út í andrúmsloftið. Gögnin verða þróuð þannig að þau tengi losun við hagræna framleiðslu og neysluvirkni eftir iðnaði og á heimilum. Bein gögn um losun sem tilkynnt er um samkvæmt þessari reglugerð verða sett saman með aðfanga- og afurðatöflum efnahagsmála, uppruna- og ráðstöfunartöflum og gögnum um neyslu heimila, sem búið er að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) sem hluti af ESA 1995 skýrslugjöfinni.

2. þáttur

UMFANG

Reikningar vegna losunar út í andrúmsloftið hafa sömu kerfismörk og ESA 1995 og eru einnig byggðir á meginreglunni um búsetu.

Í samræmi við ESA 1995 er hugtakið um búsetu byggt á eftirfarandi meginreglu: eining er sögð vera búsetueining lands þegar hún hefur efnahagslegt aðsetur á efnahagssvæði þess lands, þ.e. þegar hún tekur þátt í lengri tíma (1 ár eða meira) í efnahagslegri starfsemi á yfirráðasvæðinu.

Í reikninga vegna losunar út í andrúmsloftið er skráð losun frá starfsemi allra búsetueininga, óháð því hvar losunin á sér í reynd stað landfræðilega.

Í reikninga vegna losunar út í andrúmsloftið er skráð flæði efnaleifa loftkenndra efna eða efnisagna frá hagkerfi lands og flæði út í andrúmsloftið. Í þessari reglugerð vísar hugtakið „andrúmsloft“ til efnisþátta í vistkerfinu. Kerfismörkin tengjast mörkunum á milli hagkerfis lands (sem hluta af efnahagskerfinu) og andrúmsloftsins (sem hluta af vistkerfinu). Eftir að efnið sem losað hefur verið er komið út fyrir kerfismörkin er stjórn þess ekki lengur á mannlegu valdi og það er orðið hluti af hringrás náttúrulegra efna og getur haft ýmis aukin umhverfisáhrif.

3. þáttur

SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríkin skulu leggja fram hagskýrslur um losun út í andrúmsloftið vegna eftirfarandi loftmengunarefna:

Nafn þess sem er losað út í andrúmsloftið	Tákn þess sem er losað út í andrúmsloftið	Skýrslugjafareining
Koltvísýringur án losunar frá lífmassa	CO_2	1000 tonn (Gg)
Koltvísýringur frá lífmassa	Lífmassi CO_2	1000 tonn (Gg)
Nituroxíð	N_2O	tonn (Mg)
Metan	CH_4	tonn (Mg)
Perflúorkolefni	PFC	tonn (Mg) CO_2-jafngildi
Vetnisflúorkolefni	HFC	tonn (Mg) CO_2-jafngildi
Brennisteinshexaflúoríð	SF_6	tonn (Mg) CO_2-jafngildi
Köfnunarefnisoxíð	NO_x	tonn (Mg) NO_2-jafngildi

Nafn þess sem er losað út í andrúmsloftið	Tákn þess sem er losað út í andrúmsloftið	Skýrslugjafareining
Lífræn rokefni, önnur en metan	NMVOCs	tonn (Mg)
Kolsýringur	CO	tonn (Mg)
Efnisagnir < 10 μm	PM_{10}	tonn (Mg)
Efnisagnir < 2,5 μm	$PM_{2,5}$	tonn (Mg)
Brennisteinsdíoxíð	SO_2	tonn (Mg)
Ammoníak	NH_3	tonn (Mg)

Allar upplýsingar skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. þáttur

FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG FRESTUR TIL SENDINGA

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.

2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 21 mánuði frá lokum viðmiðunarársins.

3. Til að mæta þörfum notenda fyrir alhliða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og fullnægjandi landsgögn eru tilbúin, heildarmat á ESB-27 fyrir helstu lykilstærðir þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan eindagans sem tilgreindur er í 2. lið.

4. Fyrsta viðmiðunarárið er árið sem þessi reglugerð öðlast gildi.

5. Í fyrstu gagnasendingunni skulu aðildarríki senda ársgögn frá árinu 2008 til fyrsta viðmiðunarársins.

6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda ársgögn fyrir árin n-4, n-3, n-2, n-1 og n, þar sem n er viðmiðunarárið.

5. þáttur

UPPLÝSINGATÖFLUR

1. Fyrir hvaða könnunaratriði sem vísað er til í 3. þætti skulu unnin gögn út frá stigskiptri flokkun atvinnustarfsemi, atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (A*64 þrep lykilstærða), sem samrýmist ESA 1995. Auk þess skal vinna gögn vegna:

   – losunar út í andrúmsloftið frá heimilum,

   – tengingaliða, þar sem átt er við þá liði skýrslugjafar sem greinilega minnka muninn á milli reikninga vegna losunar út í andrúmsloftið sem tilkynnt er um samkvæmt þessari reglugerð og þeirra gagna sem tilkynnt er um í opinberum landsskrám um losun.

2. Hin stigskipta flokkun, sem um getur í 1. mgr., er:

Losun iðnaðar út í andrúmsloftið — atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (A*64)
Losun út í andrúmsloft frá heimilum
– Flutningur
– Hitun/kæling
– Annað
Tengingaliðir

Heildarlosun út í andrúmsloft (iðnaður + heimili)

Að frádregnum ríkisborgurum erlendis

– Innlend fiskiskip sem starfrækt eru erlendis
– Flutningar á landi
– Flutningar á sjó og vatnaleiðum
– Flutningar í lofti

Að viðbættum íbúum sem eru ekki búsettir á yfirráðasvæðinu

+ Flutningar á landi
+ Flutningar á sjó og vatnaleiðum
+ Flutningar í lofti

(+ eða –) Aðrar leiðréttingar og tölfræðilegt ósamræmi

= Heildarlosun mengunarvalds X eins og tilkynnt er um til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (e. *UNFCCC*)([1])/samningsins um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (e. *CLRTAP*)([2])

([1]) Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.
([2]) Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

6. þáttur

HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILANNA

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar á ákvæðum þessa viðauka.

———

II. VIÐAUKI

EINING UMHVERFISTENGDRA SKATTA EFTIR ATVINNUSTARFSEMI

1. þáttur

MARKMIÐ

Í hagskýrslum um umhverfistengda skatta eru gögn skráð og sett fram út frá sjónarhóli eininganna sem borga skatta þannig að þau samræmist að fullu gögnunum sem tilkynnt eru samkvæmt ESA 1995. Þær skrásetja tekjuliði umhverfistengds skatts hjá hagkerfum lands samkvæmt efnahagslegri starfsemi. Efnahagsleg starfsemi nær yfir framleiðslu og neyslu.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögn aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta vegna tekjuliða umhverfistengds skatts vegna efnahagslegrar starfsemi.

Hægt er að nýta hagtölur skatta og hagtölur hins opinbera beint í hagskýrslum um umhverfistengdan skatt, en þó fylgja því nokkrir kostir að nota gögn um skatta sem tilkynnt er um samkvæmt ESA 1995, ef unnt er.

Hagskýrslur um opinberan skatt eru byggðar á fjárhæðum sem koma fram í mati og yfirlýsingum eða staðgreiðslum sem miðaðar eru við ákveðinn tíma, til að viðhalda samræmi við ESA 1995 og til að bæta alþjóðlegan sambærileika.

ESA 1995 inniheldur einnig upplýsingar um hvaða iðnaður og geirar eru að borga skattana. Hægt er að finna upplýsingar um skatta sem tilkynnt er um samkvæmt ESA 1995, undir reikningum eftir haggeirum og framboðs- og ráðstöfunartöflum.

2. þáttur

UMFANG

Umhverfistengdir skattar hafa sömu kerfismörk og ESA 1995 og samanstanda af lögboðnum, einhliða greiðslum í fé eða fríðu, sem opinber yfirvöld eða stofnanir Evrópusambandsins leggja á.

Umhverfistengdir skattar falla undir eftirfarandi flokka ESA 1995:

– skattar á framleiðslu og innflutning (D.2),

– skattar ársins á tekjur, eignir o.s.frv. (D.5),

– fjármagnsskattar (D.91).

3. þáttur

SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríkin skulu vinna hagskýrslur um umhverfistengdan skatt samkvæmt eftirfarandi könnunaratriðum:

– orkusköttum,

– sköttum á flutningastarfsemi,

– sköttum á mengun,

– sköttum á auðlindir.

Öll gögn skulu gefin upp í milljónum í gjaldmiðli hvers ríkis.

4. þáttur

FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG FRESTUR TIL SENDINGA

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.

2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 21 mánuði frá lokum viðmiðunarársins.

3. Til að mæta þörfum notenda fyrir alhliða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og landsgögn eru tilbúin, ESB-27 heildarmat á helstu lykilstærðum þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan frestsins sem tilgreindur er í 2. lið.

4. Fyrsta viðmiðunarárið er árið sem þessi reglugerð öðlast gildi.

5. Aðildarríki skulu senda ársgögn frá 2008 til fyrsta viðmiðunarársins í fyrstu gagnasendingunni.

6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda ársgögn fyrir árin n-4, n-3, n-2, n-1 og n, þar sem n er viðmiðunarárið.

5. þáttur

UPPLÝSINGATÖFLUR

Fyrir hvert könnunaratriði sem um getur í 3. þætti skal greina frá gögnum út frá sjónarhóli eininganna sem borga skattana.

Framleiðendur skulu greina frá sundurliðuðum gögnum út frá stigskiptri flokkun atvinnustarfsemi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (A*64 þrep lykilstærða eins og sett er fram í ESA 1995).

Fyrir neytendur skal greina frá gögnum vegna:

– heimila,

– einstaklinga sem eru ekki búsettir á svæðinu.

Þegar ekki er hægt að flokka skattinn í einn af ofangreindum flokkum starfsemi skal greina frá því að gögnin séu ekki flokkuð.

6. þáttur

HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILSINS

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar ákvæða þessa viðauka.

———

III. VIÐAUKI

EINING REIKNINGA VEGNA FLÆÐIS EFNIS, SEM HEFUR ÁHRIF Á ALLT HAGKERFIÐ (e. *EW-MFA*)

1. þáttur

MARKMIÐ

Reikningar vegna flæðis efnis sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*), ná yfir öll föst, loftkennd og fljótandi efni, að frátöldu flæði lofts og vatns, sem mælt er í einingum massa á ári. Reikningar vegna flæðis efnis sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*) gegna tvíþættu hlutverki, líkt og þjóðhagsreikningakerfið. Ítarlegar upplýsingar um flæði efnis veita víðtækan gagnagrunn með gögnum sem byggð eru á athugunum fyrir margvíslegar greiningarrannsóknir. Þær eru einnig notaðar fyrir hagkerfi lands til að safna saman vísbendingum um flæði efnis, sem hefur áhrif á allt hagkerfið.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögn aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta fyrir reikninga vegna flæðis efnis sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*).

2. þáttur

UMFANG

Greinarmunurinn á milli stofnstærða og flæðis er grundvallarregla í kerfinu um flæði efnis. Almennt séð er flæði breyta sem mælir magn yfir tímabil, á meðan stofnstærð er breyta sem mælir magn á ákveðnum tímapunkti. Reikningar vegna flæðis efnis, sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*) er flæðishugtak. Þeir mæla flæði ílagsefna, frálagsefna og birgðabreytinga innan hagkerfisins í einingum massa á ári.

Reikningar vegna flæðis efnis sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*) eru í samræmi við meginreglur þjóðhags-reikningakerfisins, s.s. meginreglunni um búsetu. Með þeim er reiknað út flæði efnis sem tengist starfsemi allra staðbundinna eininga hagkerfis lands, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.

Í reikningum vegna flæðis efnis, sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*) eru tvær tegundir af efnisflæði yfir kerfismörk sem skipta máli:

1) flæði efnis á milli hagkerfis lands og náttúrulegs umhverfis þess. Í því felst vinnsla efna (þ.e. hrárra, óunninna eða nýrra) frá náttúrulegu umhverfi og losun efna (oft kallað efnaleifar) til náttúrulegs umhverfis,

2) flæði efnis á milli hagkerfis lands og hagkerfa annarra heimshluta. Það felur í sér innflutning og útflutning.

Allt flæði sem fer yfir kerfismörkin telst hluti af reikningum vegna flæðis efnis, sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*), sem og viðbæturnar við tilbúnar birgðir. Allt annað flæði efnis innan hagkerfisins fellur ekki undir reikninga vegna flæðis efnis, sem hefur áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*). Það þýðir að þjóðarbúskapur er meðhöndlaður í heild sinni í reikningum vegna streymis efnis, sem hafa áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*) og er t.d. afhendingu á vörum á milli atvinnugreina ekki lýst. Náttúrulegt flæði innan náttúrulegs umhverfis er einnig undanskilið.

3. þáttur

SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríki skulu taka saman hagskýrslur um könnunaratriðin sem skráð eru í 5. þætti fyrir reikninga vegna streymis efnis, sem hafa áhrif á allt hagkerfið (e. *EW-MFA*), eftir atvikum.

1. Innlend vinnsla (e. *DE*) nær yfir árlegt magn af föstum, fljótandi og loftkenndum efnum (að undanskildu lofti og vatni) sem unnin eru úr náttúrulegu umhverfi til notkunar sem aðföng í hagkerfinu.

2. Efnislegur innflutningur og efnislegur útflutningur nær yfir allar innfluttar eða útfluttar vörur í einingum massa. Í viðskiptum með vörur felast vörur á öllum stigum vinnslu, frá óunnum vörum til fullunninna vara.

4. þáttur

FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG SENDINGAFRESTUR

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.

2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 24 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.

3. Til að mæta þörfum notenda fyrir alhliða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og fullnægjandi landsgögn eru tilbúin, heildarmat á ESB-27 fyrir helstu lykilstærðir þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan eindagans sem tilgreindur er í 2. lið.

4. Fyrsta viðmiðunarárið er árið sem þessi reglugerð öðlast gildi.

5. Aðildarríki skulu senda ársgögn frá 2008 til fyrsta viðmiðunarársins í fyrstu gagnasendingunni.

6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda ársgögn fyrir árin n-4, n-3, n-2, n-1 og n, þar sem n er viðmiðunarárið.

5. þáttur

UPPLÝSINGATÖFLUR

Gögn, sem gefin eru upp í einingum massa, skulu tekin saman fyrir könnunaratriðin sem skráð eru í eftirfarandi töflu:

Tafla A— Innlend vinnsla (e. *DE*)

1	**Lífmassi**
1.1	Nytjaplöntur (þó ekki nytjaplöntur til fóðurs)
1.1.1	Kornvörur
1.1.2	Rætur, rótarhnýði
1.1.3	Plöntur til sykurframleiðslu
1.1.4	Belgávextir
1.1.5	Hnetur
1.1.6	Olíuplöntur
1.1.7	Grænmeti
1.1.8	Ávextir
1.1.9	Trefjar
1.1.10	Aðrar nytjaplöntur ót. a.
1.2	Efnaleifar í plöntum (notaðar) fóðurplöntur og lífmassi, nýttur til beitar
1.2.1	Efnaleifar í plöntum (notaðar)
1.2.1.1	Hálmur
1.2.1.2	Aðrar efnaleifar í plöntum (blöð af sykurrófum og fóðursykurrófum, annað)
1.2.2	Fóðurplöntur og lífmassi, nýttur til beitar
1.2.2.1	Fóðurplöntur (þ.m.t. uppskera lífmassa af graslendi)
1.2.2.2	Lífmassi, nýttur til beitar
1.3	Viður (auk valkvæðrar tilkynningar um hreinan gildisauka timburbirgða)
1.3.1	Timbur (bolviður til iðnaðarnota)
1.3.2	Viðareldsneyti og önnur vinnsla
1.4	Afli með villtum fiski, vatnaplöntum/lagardýrum, veiði og söfnun
1.4.1	Afli með villtum fiski
1.4.2	Öll önnur lagardýr og vatnaplöntur
1.4.3	Veiði og söfnun
2	**Málmgrýti (óunnið grýti)**
2.1	Járn
2.2	Járnlaus málmur
2.2.1	Kopar (auk valkvæðrar tilkynningar um málminnihald)
2.2.2	Nikkel (auk valkvæðrar tilkynningar um málminnihald)
2.2.3	Blý (auk valkvæðrar tilkynningar um málminnihald)
2.2.4	Sink (auk valkvæðrar tilkynningar um málminnihald)

2.2.5 Tin (auk valkvæðrar tilkynningar um málminnihald)

2.2.6 Gull, silfur, platína og aðrir eðalmálmar

2.2.7 Báxít og aðrar áltegundir

2.2.8 Úran og þórín

2.2.9 Annað, ót.a.

3 **Málmlaus jarðefni**

3.1 Marmari, granít, sandsteinn, dílagrjót, basalt, aðrir steinar til skrauts eða bygginga (þó ekki flögusteinn)

3.2 Krít og dólómít

3.3 Flögusteinn

3.4 Jarðefni til efnaiðnaðar og áburðargerðar

3.5 Salt

3.6 Kalksteinn og gifs

3.7 Leir og kaólín

3.8 Sandur og möl

3.9 Annað, ót.a.

3.10 Jarðefni sem grafin eru úr jörðu (þ.m.t. jarðvegur), aðeins ef notað (valkvæð tilkynning)

4 **Jarðefnaorkugjafar/-orkuberar**

4.1 Kol og aðrir fastir orkugjafar/orkuberar

4.1.1 Surtarbrandur (brúnkol)

4.1.2 Harðkol

4.1.3 Olíuleirsteinn og tjörusandur

4.1.4 Mór

4.2 Fljótandi og loftkenndir orkugjafar/orkuberar

4.2.1 Jarðolía, jarðgasþétti og jarðgasvökvar

4.2.2 Jarðgas

Tafla B (Innflutningur — Heildarviðskipti), C (Innflutningur — Viðskipti við lönd utan ESB), D (Útflutningur — Heildarviðskipti), E (Útflutningur — Viðskipti við lönd utan ESB)

1 **Lífmassi og afurðir úr lífmassa**

1.1 Nytjaplöntur, óunnar og unnar

1.1.1 Kornvörur, óunnar og unnar

1.1.2 Rætur, hnýði, óunnar og unnar

1.1.3 Plöntur til sykurframleiðslu, óunnar og unnar

1.1.4 Belgávextir, óunnir og unnir

1.1.5 Hnetur, óunnar og unnar

1.1.6 Olíuplöntur, óunnar og unnar

1.1.7 Grænmetið, óunnið og unnið

1.1.8 Ávextir, óunnir og unnir

1.1.9 Trefjar, óunnar og unnar

1.1.10 Aðrar nytjaplöntur, ót. a. óunnar og unnar

1.2 Efnaleifar í nytjaplöntum og nytjaplöntur til fóðurs

1.2.1 Efnaleifar í nytjaplöntum (notaðar), óunnar og unnar

1.2.1.1 Hálmur

1.2.1.2 Aðrar nytjaplöntuleifar

1.2.2 Fóðurplöntur

1.2.2.1 Fóðurplöntur

1.3 Viður og viðarvörur

1.3.1 Timbur, óunnið og unnið

1.3.2 Viðareldsneyti og önnur vinnsla, óunnið og unnið

1.4 Fiskveiði og önnur lagardýr og vatnaplöntur, óunnin og unnin

1.4.1 Fiskveiði

1.4.2 Öll önnur lagardýr og vatnaplöntur

1.5 Lifandi dýr, önnur en í 1.4 og dýraafurðir

1.5.1 Lifandi dýr, önnur en í 1.4

1.5.2 Kjöt og unnar kjötvörur

1.5.3 Mjólkurafurðir, fuglaegg; hunang

1.5.4 Aðrar dýraafurðir (dýratrefjar, skinn, loðfeldir, leður, o.s.frv.)

1.6 Afurðir, aðallega úr lífmassa

2 **Málmgrýti og málmkyrni, óunnið og unnið**

2.1 Járngrýti og járnkyrni, járn og stál, óunnið og unnið

2.2 Járnlaus málmur og járnlaust málmkyrni, óunnið og unnið

2.2.1 Kopar

2.2.2 Nikkel

2.2.3 Blý

2.2.4 Blek

2.2.5 Tin

2.2.6 Gull, silfur, platína og aðrir eðalmálmar

2.2.7 Báxít og aðrar áltegundir

2.2.8 Úran og þórín

2.2.9 Annað, ót.a.

2.3 Afurðir, aðallega úr málmi

3 **Málmlaus jarðefni, óunnin og unnin**

3.1 Marmari, granít, sandsteinn, dílagrjót, basalt, og aðrir steinar til höggmyndagerðar eða bygginga (þó ekki flögusteinn)

3.2 Krít og dólómít

3.3 Flögusteinn

3.4 Jarðefni til efnaiðnaðar og áburðargerðar

3.5 Salt

3.6 Kalksteinn og gifs

3.7 Leir og kaólín

3.8 Sandur og möl

3.9 Annað, ót.a.

3.10 Jarðefni sem grafin eru úr jörðu (þ.m.t. jarðvegur), aðeins ef notað (valkvæð tilkynning)

3.11 Afurðir, aðallega úr málmlausu jarðefni

4 **Jarðefnaorkugjafar/-orkuberar, óunnin og unnin**

4.1 Kol og aðrir fastir orkugjafar/orkuberar, óunnin og unnin

4.1.1 Surtarbrandur (brúnkol)

4.1.2 Harðkol

4.1.3 Olíuleirsteinn og tjörusandur

4.1.4 Mór

4.2 Fljótandi og loftkenndar orkuvörur, óunnar og unnar

4.2.1 Jarðolía, jarðgasþétti og jarðgasvökvar

4.2.2 Jarðgas

4.3 Afurðir, aðallega úr afurðum jarðefnaorku

5 **Aðrar vörur**

6 **Innfluttur úrgangur (Tafla B og C)/útfluttur úrgangur (Tafla D og E) til lokameðhöndlunar og förgunar**

Eftirfarandi leiðréttingar vegna meginreglunnar um búsetu skulu meðtaldar í töflu B og D:

Eldsneyti sem geymt er í staðbundnum einingum erlendis (viðbót við innflutning, töflu B) og eldsneyti sem geymt er á landsbundnu yfirráðasvæði, í einingum sem ekki eru staðbundnar, (viðbót við útflutning, tafla D)

1 Eldsneyti til flutninga á landi

2 Eldsneyti til flutninga á sjó og vatnaleiðum

3 Eldsneyti til flutninga í lofti

6. þáttur

HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILSINS

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar ákvæða þessa viðauka.

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/8/03**

frá 15. mars 2012

um vöktun á tilvist beiskjuefna úr grasdrjólasveppi í fóðri og matvælum

(2012/154/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri([1]) er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir, ætlaðar í fóður, sem innihalda óæskileg efni í styrk yfir hámarksgildinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Hámarksgildið 1 000 mg/kg af drjólum grasdrjólasveppa (*Claviceps purpurea*) á rúgi hefur verið fastsett fyrir fóður sem inniheldur ómalað korn.

3) Sérfræðinganefndin um aðskotaefni í matvælaferlinu á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) samþykkti 19. apríl 2005([2]), að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, álit í tengslum við grasdrjólasvepp sem óæskilegt efni í fóðri.

4) Heitið grasdrjólasveppur vísar til formgerða sveppa af tegundinni *Claviceps,* sem myndast í stað frækorna á kornöxum eða fræja á öxum grasanna, sem eru sýnilegir sem stórir, dökkleitir drjólar. Þessir drjólar innihalda mismunandi flokka beiskjuefna og þau mikilvægustu eru ergómetrín, ergótamín, ergósín, ergókristín, ergókryptín og ergókornín og tengd -ínín þeirra. Magn og eiturefnamynstur eru breytileg milli sveppastofna, háð hýsilplöntu og landfræðilegu svæði.

5) Sem stendur er breytileiki í mynstri beiskjuefna úr grasdrjólasveppi í tengslum við sveppategundir, landfræðilega dreifingu sem og í tengslum við hýsilplöntuna (t.d. er beiskjuefnamynstrið í grasdrjólasveppi á rúgi öðruvísi en í grasdrjólasveppum á öðrum grastegundum), ekki þekktur. Þörf er á fleiri gögnum til að sanngreina alla þætti sem valda því að mynstur beiskjuefna úr grasdrjólasveppi er breytilegt í einstökum plöntutegundum.

6) Eðlisræn ákvörðun á mengunarhlutfalli í korni af völdum grasdrjólasvepps á rúgi er oft ónákvæm þar eð stærð og þyngd drjólanna getur verið mjög breytileg. Enn fremur er þessi eðlisræna ákvörðun ekki möguleg í unnu fóðri og matvælum. Þar af leiðandi hefur verið lagt til að auk eftirlits með eðlisrænum aðferðum verði einnig kveðið á um möguleikann á eftirliti með efnagreiningum á fóðri og matvælum, sem eru hugsanleg menguð, þar eð ýmsar aðferðir, þar sem litskilja er notuð, eru tiltækar til að greina beiskjuefni úr grasdrjólasveppi í fóðri og matvælum. Aðferðirnar eru þó takmarkaðar við tiltekinn fjölda beiskjuefna úr grasdrjólasveppi.

7) Nauðsynlegt er að útvega fleiri gögn um tilvist þessara beiskjuefna úr grasdrjólasveppi, ekki einungis í ómöluðu korni heldur einnig í kornvörum og fóðurblöndu og matvælum, og afla áreiðanlegra gagna um mynstur beiskjuefna úr grasdrjólasveppi í fóðri og matvælum og tengja tilvist beiskjuefna úr grasdrjólasveppi við það magn af drjólum sem er til staðar. Rétt þykir að beina þessari vöktun að þeim sex beiskjuefnum úr grasdrjólasveppi, sem eru aðallega fyrir hendi, þ.e.a.s. ergómetríni, ergótamíni, ergósíni, ergókristíni, ergókryptíni og ergókorníni og tengdum -ínínum þeirra

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. Aðildarríkin ættu, með virkri þátttöku stjórnenda fóður- og matvælafyrirtækja, að annast vöktun á tilvist beiskjuefna úr grasdrjólasveppi í korni og kornvörum, sem eru ætluð til manneldis eða í fóður, í bithagagrasi og fóðurjurtum í fóður fyrir dýr og í fóðurblöndum og samsettum matvælum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II.viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.01.2013, bls. 5.

([1]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

([2]) Álit sérfræðinganefndarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, um grasdrjólasvepp sem óæskileg efni í fóðri, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2005) 225, 1–27. http://www.efsa.europa.eu/en/scdocs/doc/contam_op_ej225_ergot_en1.pdf

2. Aðildarríkin ættu að greina sýnin, a.m.k. með tilliti til eftirfarandi beiskjuefna úr grasdrjólasveppi:

— ergókristín/ergókristínín,

— ergótamín/ergótamínín,

— ergókryptín/ergókryptínín,

— ergómetrín/ergómetrínín,

— ergósín/ergósínín,

— ergókornín/ergókornínín.

3. Aðildarríkin ættu samtímis að ákvarða, þegar unnt er, magn drjóla í sýninu í því skyni að geta aukið þekkingu á tengslum milli magns drjóla og einstakra beiskjuefna úr grasdrjólasveppi.

4. Leggja ætti greiningarniðurstöðurnar reglulega fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til samantektar í gagnagrunn.

Gjört í Brussel 15. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/8/04**

frá 14. nóvember 2012

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum

(tilkynnt með númeri C(2012) 8054)

(2012/720/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita þeim vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

3) Nýju viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar ættu að gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum“ skal ná yfir ein- og fjölþátta (e. *single and multi-component*) þvottaefni fyrir uppþvottavélar, skolefni (e. *rinse aid*) og forhreinsiefni (e. *pre-soaks*) sem eru hönnuð fyrir uppþvottavélar sem eru notaðar í atvinnuskyni.

Eftirfarandi vörur falla ekki undir þennan vöruflokk: uppþvottavélaefni fyrir neytendur, þvotta- og hreinsiefni sem eru ætluð til nota í þvottavélum fyrir lækningatæki eða í sérstökum vélum til að þrífa iðnaðarbúnað, þ.m.t. sérstakar vélar fyrir matvælaiðnaðinn.

Úðar sem eru ekki skammtaðir með sjálfvirkum dælum falla ekki undir þennan vöruflokk.

2. gr.

Þvottaefni fyrir uppþvottavélar skal falla undir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að því sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við viðmiðanir sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum“ sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í þágu stjórnsýslu er kenninúmerið „038“ notað fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK,

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 29.08.2013, bls. 20.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með viðmiðununum er einkum að koma á framfæri vörum sem hafa lítil áhrif á vatnavistkerfi, innihalda takmarkað magn af hættulegum efnum og gerð hefur verið nothæfiprófun á.

VIÐMIÐANIR

Settar eru viðmiðanir fyrir hvern eftirfarandi þátta:

1. Eiturhrif á lagarlífverur: Markrúmmál þynningar (MÞ)
2. Lífbrjótanleiki
3. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur
4. Kröfur vegna umbúða
5. Þvottahæfni (notagildi)
6. Sjálfvirk skömmtunarkerfi
7. Upplýsingar fyrir notanda - upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

1) **Mat og sannprófun**

a) Kröfur

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, gögn, greiningar, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra, o.s.frv., eins og við á.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar í staðlinum EN ISO 17025 eða sambærilegum staðli.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Í I. viðbæti er vísað til gagnasafns fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna (DID-skrá), en þar er að finna þau innihaldsefni sem mest eru notuð í þvotta- og hreinsiefnasamsetningum. Það skal notað til að afla gagna fyrir útreikninga á markrúmmáli þynningar (e. *Critical Dilution Volume*) og fyrir matið á lífbrjótanleika innihaldsefnanna. Að því er varðar efni, sem eru ekki í DID-skránni, eru veittar leiðbeiningar um útreikninga eða framreikninga á viðkomandi gögnum. Nýjasta útgáfa DID-skrárinnar er aðgengileg á vefsíðu umhverfismerkis ESB eða um vefsíður einstakra þar til bærra stofnana.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

b) Viðmiðunarmörk mælinga

Krafist er samræmis við vistfræðilegar viðmiðanir að því er varðar efni, sem er bætt við af ásetningi, sem og að því er varðar aukaafurðir og óhreinindi úr hráefnunum í styrk sem er jafn eða meiri en 0,010% miðað við þyngd endanlegrar samsetningar.

Að því er varðar sæfiefni og litunarefni er krafist samræmis við viðmiðanirnar, án tillits til þess í hvaða styrk þau eru.

Efni sem eru innan viðmiðunargildisins sem er skráð hér að framan eru hér á eftir kölluð „innihaldsefni“ (e. *ingoing substances*).

2) **Viðmiðunareining**

Viðmiðunareiningin fyrir þennan vöruflokk skal gefin upp sem g/l af þvottalausn (grömm á lítra af þvottalausn).

Kröfur sem varða mat og sannprófun á viðmiðunareiningunni:

Heildarsamsetninguna verður að leggja fram hjá þar til bærri stofnun með tilgreiningu á viðskiptaheiti, efnaheiti, CAS-númeri, DID-númeri([2]), ísettu magni, með og án vatns, verkunarmáta og formi allra innihaldsefna (án tillits til styrks). Sýnishorn af hreinteikningunni ásamt ráðleggingum um skammta verður að leggja fram hjá þar til bærri stofnun.

Öryggisblöð fyrir hvert innihaldsefni skulu lögð fram hjá þar til bærri stofnun í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006([3]).

A- og B-hluta DID-skráarinnar má finna á vefsetri umhverfismerkis ESB.

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_a_en.pdf

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_b_en.pdf

VIÐMIÐANIR VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmiðun 1 —Eiturhrif á lagarlífverur: Markrúmmál þynningar (MÞ)

Markrúmmál þynningar ($MÞ_{langvinnt}$) einsþáttarkerfis eða fjölþáttakerfa má ekki fara yfir eftirfarandi mörk (við stærsta ráðlagðan skammt):

Markrúmmál þynningar við stærsta ráðlagðan skammt	Mjúkt	Meðal	Hart
Vörutegund	0–6 °dH	7-13 °dH	> 14 °dH
Forhreinsiefni	2 000	2 000	2 000
Þvottaefni fyrir uppþvottavélar	3000	5000	10000
Fjölþáttakerfi	3000	4000	7000
Skolefni	3000	3000	3000

Markrúmmál þynningar ($MÞ_{langvinnt}$) er reiknað út fyrir öll innihaldsefni (i) í vörunni með eftirfarandi jöfnu:

$$MÞ_{langvinnt} = \sum MÞ_{(i)} = \sum \frac{þyngd_{(i)} \times NS_{(i)}}{ES_{langvinn(i)}} \times 1000$$

þar sem:

þyngd = þyngd innihaldsefnisins í hverjum ráðlögðum skammti

NS = niðurbrotsstuðullinn

ES = stuðullinn fyrir langvinn eiturhrif eins og hann kemur fram í DID-skránni.

Einnig skal taka sæfiefni og litunarefni, sem eru til staðar í vörunni, með í útreikningana á markrúmmáli þynningar þótt styrkur þeirra sé undir 0,010% (100 ppm).

Sérreglur gilda um eftirfarandi efni vegna niðurbrots þeirra í þvottaferlinum:

— Vetnisperoxíð (H_2O_2) – ekki tekið með í útreikningum á MÞ.

— Perediksýra – tekin með sem ediksýra í útreikningunum.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram útreikning á $MÞ_{langvinnt}$ vegna vörunnar. Töflureiknir fyrir útreikning á MÞ-gildinu er aðgengilegur á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Gildi breyta fyrir niðurbrotsstuðul og stuðul fyrir langvinn eiturhrif skulu gefin í A-hluta gagnasafns fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna (DID-skrár). Ef efnið er ekki í DID-skránni skal reikna breyturnar út með því að nota leiðbeiningarnar í B-hluta DID-skráarinnar og láta tilheyrandi gögn fylgja með.

([2]) DID-númer er númer innihaldsefnisins í DID-skránni (gagnasafn fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna) og er notað til að ákvarða samræmi við viðmiðanir 1 og 2.

([3]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

Viðmiðun 2 —Lífbrjótanleiki

a) Lífbrjótanleiki yfirborðsvirkra efna

Öll yfirborðsvirk efni verða að vera lífbrjótanleg við loftháðar og loftfirrðar aðstæður.

b) Lífbrjótanleiki lífrænna efna

Innihald af öllum lífrænum efnum í vörunni, sem eru ólífbrjótanleg (torlífbrjótanleg) við loftháðar aðstæður (aNBO) og ólífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður (anNBO), skal ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

aNBO

Vörutegund (g/l af þvottalausn)	Mjúkt	Meðal	Hart
	0–6 °dH	7-13 °dH	> 14 °dH
Forhreinsiefni	0,4	0,4	0,4
Þvottaefni fyrir uppþvottavélar/Fjölþáttakerfi	0,4	0,4	0,4
Skolefni	0,04	0,04	0,04

anNBO

Vörutegund (g/l af þvottalausn)	Mjúkt	Meðal	Hart
	0–6 °dH	7-13 °dH	> 14 °dH
Forhreinsiefni	0,4	0,4	0,4
Þvottaefni fyrir uppþvottavélar/Fjölþáttakerfi	0,6	1,0	1,5
Skolefni	0,04	0,04	0,04

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram gögn um niðurbrjótanleika yfirborðsvirkra efna ásamt útreikningi á ólífbrjótanleika vörunnar við loftháðar aðstæður (aNBO) og ólífbrjótanleika hennar við loftfirrðar aðstæður (anNBO). Töflureiknir fyrir útreikning á aNBO- og anNBO-gildum er aðgengilegur á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Vísa skal í DID-skrána, bæði að því er varðar yfirborðsvirk efni og aNBO- og anNBO-gildi. Fyrir innihaldsefni, sem ekki eru tilgreind í DID-skránni, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efnin séu lífbrjótanleg við loftháðar og loftfirrðar aðstæður eins og lýst er í I. viðbæti.

Athygli er vakin á að tetraasetýletýlendíamín (TAED) ætti að teljast lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður.

Ef gögn í samræmi við kröfurnar hér að framan eru ekki fyrir hendi má undanskilja efni, önnur en yfirborðsvirk efni, kröfunni um niðurbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður ef þau eru í samræmi við einn af þremur eftirfarandi kostum:

1. brotna auðveldlega niður og hafa lítið ásog (Á < 25%) eða

2. brotna auðveldlega niður og hafa mikið afsog (A > 75% eða

3. brotna auðveldlega niður og safnast ekki fyrir í lífverum.

Hægt er að gera prófanir á ásogi/afsogi í samræmi við OECD-viðmiðunarreglu 106.

Viðmiðun 3 —Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur

a) Tiltekin innihaldsefni sem eru undanskilin

Eftirfarandi innihaldsefni mega ekki vera í vörunni, hvorki sem hluti samsetningar hennar né sem hluti nokkurrar blöndu í samsetningunni:

— EDTA (etýlendíamíntetraasetat),

— ilmefni,

— hvarfgjörn klórsambönd,

— APEO (alkýlfenóletoxýlöt) og APD (alkýlfenól og afleiður þeirra).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram útfyllta og undirritaða samræmisyfirlýsingu.

b) Hættuleg efni og blöndur

Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB skal hvorki varan né neinn af þáttum hennar innihalda efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun með hættusetningunum, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008([4]) eða tilskipun ráðsins 67/548/EBE([5]), sem eru tilgreindar hér á eftir, né innihalda efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Hættusetningarnar hér á eftir eiga almennt við um efni. Ef ekki er hægt að fá upplýsingar um efni skulu þó flokkunarreglurnar fyrir blöndur gilda.

Skrá yfir hættusetningar:

Hættusetning([1])	H-setning([2])
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24
H330 Banvænt við innöndun	H23/26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H 341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/61/60–61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61/62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H62–63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64
H370 Skaðar líffæri	H39/23/24/25/26/27/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20/21/22

([4]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

Hættusetning([1])	H-setning([2])
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/25/24/23
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/20/21/22
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51–53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
H413 Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H32
ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu	H39–41
Næmandi efni	
H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43

([1]) Reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
([2]) Tilskipun 67/548/EBE, eins og hún var aðlöguð efnareglunum (REACH) samkvæmt tilskipun 2006/121/EB, og tilskipun 1999/45/EB með áorðnum breytingum.

Athygli er vakin á að þessar viðmiðanir eiga einnig við um þekkt niðurbrotsefni s.s. formaldehýð úr efnum sem losa formaldehýð.

Efni eða blöndur sem breyta eiginleikum sínum við vinnsluna (þ.e. verða ekki lengur lífaðgengilegar eða verða fyrir efnabreytingum þannig að áður tilgreind hætta hverfur) eru undanþegnar kröfunni hér að framan.

Ekki má merkja fullunnu vöruna samkvæmt hættusetningunum hér að framan.

Undanþágur

Eftirfarandi efni eru sérstaklega undanþegin þessari kröfu:

Yfirborðsvirk efni < 15% í fullunnu vörunni	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Sæfiefni í því skyni að rotverja (*) (aðeins fyrir vökva með pH-gildi á bilinu 2 til 12 og virkt efni að hámarki 10% af þyngd)	H331: Eitrað við innöndun	H23
	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50

Ensím(**)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA(***)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Undanþágan er einungis fyrir b-lið viðmiðunar 2. Sæfiefni skulu vera í samræmi við d-lið viðmiðunar 3.
(**) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.
(***) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal sýna fram á að farið sé að þessum viðmiðunum með því að leggja fram yfirlýsingu um að ekkert innihaldsefnanna flokkist í neinn af hættuflokkunum sem tengjast hættusetningunum sem um getur í skránni hér að framan, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, a.m.k. að því marki sem hægt er að ákvarða það samkvæmt þeim upplýsingum sem eru skráðar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Þessi yfirlýsing skal studd með samanteknum upplýsingum um viðeigandi eiginleika, sem tengjast hættusetningunum sem um getur í skránni hér að framan, með þeirri sundurliðun sem er tilgreind í 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Kröfur um samantekt öryggisblaða).

Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguaðferða á borð við aðferðir í glasi, með líkönum af megindlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Eindregið er mælt með því að viðeigandi gögnum sé miðlað.

Þær upplýsingar sem lagðar eru fram skulu tengjast formi eða eðlisástandi efnisins eða blandnanna eins og þær eru notaðar í fullunnu vörunni.

Vegna efna, sem eru skráð í IV. og V. viðauka við efnareglurnar (REACH) og eru undanþegin skráningarskyldu skv. a-og b-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er yfirlýsing þess efnis fullnægjandi til að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram hér að framan.

c) Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Ekki skal veita neina undanþágu frá útilokuninni í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni sem kveðið er á um í 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og eru fyrir hendi í blöndum í styrk sem er > 0,010%.

Mat og sannprófun: skrána yfir efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, má finna hér: http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp

Vísun í skrána skal vera frá umsóknardeginum. Umsækjandinn skal leggja fram nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar hjá þar til bærri stofnun. Umsækjandinn skal einnig leggja fram yfirlýsingu um samræmingu við þessa viðmiðun ásamt tilheyrandi gögnum, s.s. samræmisyfirlýsingum sem birgjar efnanna undirrita og afritum af viðeigandi öryggisblöðum vegna efna eða blandna.

d) Tiltekin innihaldsefni sem eru takmörkuð — Sæfiefni

i. Einungis er heimilt að varan innihaldi sæfiefni í því skyni að rotverja hana og skal viðeigandi skammtur ekki vera stærri en nauðsynlegt er í þessum tilgangi. Þetta á ekki við um yfirborðsvirk efni sem einnig kunna að búa yfir eiginleikum sæfiefna.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram afrit af öryggisblöðum vegna allra sæfiefna sem er bætt við ásamt upplýsingum um nákvæman styrk þeirra í vörunni. Framleiðandi eða birgir sæfiefnanna skal leggja fram upplýsingar um þann skammt sem þarf til að rotverja vöruna.

ii. Óheimilt er að halda því fram eða gefa til kynna á umbúðum eða á annan hátt að varan hafi örverueyðandi eða sótthreinsandi áhrif.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram texta og hönnun hverrar tegundar umbúða og/eða afhenda sýnishorn af hverri tegund hjá þar til bærri stofnun.

iii. Heimilt er að varan innihaldi sæfiefni að því tilskildu að þau safnist ekki fyrir í lífverum. Sæfiefni telst ekki safnast fyrir í lífverum ef lífþéttnistuðull er < 100 eða logKow < 3,0. Ef bæði lífþéttnistuðull og logKow-gildi liggja fyrir skal nota hæsta mælda lífþéttnistuðulinn.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram afrit af öryggisblöðum vegna allra sæfiefna sem er bætt við, ásamt upplýsingum um lífþéttnistuðul þeirra og/eða logKow-gildi.

e) Litunarefni

Litunarefni sem er heimilað að nota í vöruna mega ekki safnast fyrir í lífverum. Ekki er nauðsynlegt að leggja fram gögn um hugsanlega uppsöfnun í lífverum að því er varðar litunarefni sem samþykkt er að megi nota í matvæli. Litunarefni telst ekki safnast fyrir í lífverum ef lífþéttnistuðull er < 100 eða logKow < 3,0. Ef bæði lífþéttnistuðull og logKow-gildi liggja fyrir skal nota hæsta mælda lífþéttnistuðulinn.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram afrit af öryggisblöðum vegna allra litunarefna sem er bætt við, eða gögn til að tryggja að litunarefnið sé samþykkt til notkunar í matvæli.

f) Ensím

Ensím verða að vera í formi vökva eða ryklausra korna. Ensím verða að vera laus við leifar af örverum úr framleiðslunni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram afrit af öryggisblöðum vegna allra ensíma sem er bætt við ásamt gögnum til að tryggja að ensímið sé laust við leifar af örverum.

g) Fosfór

Heildarmagn fosfata eða annarra fosfórefnasambanda má ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í töflunni, reiknuð út í grömmum af fosfór á hvern lítra af vatni.

Nota skal stærsta ráðlagðan skammt við útreikninga vegna fosfórs.

Vörutegund Fosfór (g/l af vatni)	Mjúkt 0–6 °dH	Meðal 7-13 °dH	Hart > 14 °dH
Forhreinsiefni	0,08	0,08	0,08
Þvotta- og hreinsiefni	0,15	0,30	0,50
Skolefni	0,02	0,02	0,02
Fjölþáttakerfi	0,17	0,32	0,52

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram gögn til að tryggja að mörkin í töflunni hér að framan séu virt.

Viðmiðun 4 —Kröfur vegna umbúða

a) Hlutfall þyngdar/nýtingar (e. weight/utility ratio (WUR)

Hlutfall þyngdar/nýtingar vörunnar skal ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

Vörutegund	Hlutfall þyngdar/nýtingar		
	0–6 °dH	7-13 °dH	> 14 °dH
Duft [g/l af þvottalausn]	0,8	1,4	2,0
Vökvar [g/l af þvottalausn]	1,0	1,8	2,5

Aðeins skal reikna út hlutfall þyngdar/nýtingar (WUR) vegna grunnumbúða (þ.m.t. lok, tappar, og handdælur/sprautubúnaður) með því að nota formúluna hér á eftir:

$$WUR = \sum [(W_i + U_i)/(D_i * r_i)]$$

þar sem:

W_i = þyngd (g) efnisþáttar umbúðanna (i), þ.m.t. merkimiðinn ef við á.

U_i = þyngd (g) efniviðar sem er ekki endurunninn (nýr) í efnisþætti umbúðanna (i). Ef hluti endurunna efniviðarins í efnisþætti umbúðanna er 0% er $U_i = W_i$.

D_i = fjöldi viðmiðunareininga sem er í efnisþætti umbúðanna (i). Viðmiðunareiningin = skammtur í g/l af þvottalausn.

r_i = endurvinnslutalan, þ.e. hve oft efnisþáttur umbúðanna (i) er notaður í sama tilgangi með skila- eða áfyllingarkerfi. r = 1 ef umbúðirnar eru ekki endurnýttar í sama tilgangi. Ef umbúðirnar eru endurnotaðar er 1 notað fyrir r nema umsækjandi geti staðfest að talan eigi að vera hærri.

Undanþágur

Plast/pappír/pappaumbúðir, sem innihalda meira en 80% af endurunnum efnivið eða meira en 80% af plasti af endurnýjanlegum uppruna, eru undanþegnar þessari kröfu.

Litið er svo á að umbúðir séu endurunnar ef hráefninu, sem er notað í þær, var safnað á dreifingar- eða neyslustigi frá framleiðendum umbúða. Ef hráefnið er iðnaðarúrgangur frá eigin framleiðsluferli framleiðandans telst efniviðurinn ekki endurunninn.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram útreikning á hlutfalli þyngdar/nýtingar vegna vörunnar. Töflureiknir fyrir þennan útreikning er aðgengilegur á vefsetri umhverfismerkis ESB. Umsækjandinn skal leggja fram útfyllta og undirritaða yfirlýsingu um innihald efniviðar sem er endurunninn eða af endurnýjanlegum uppruna í umbúðunum. Til að hljóta samþykki fyrir enduráfyllingarumbúðum skal umsækjandinn og/eða smásalinn staðfesta að hægt verði að kaupa/hægt sé að kaupa enduráfyllingarnar á markaði.

b) Plastumbúðir

Einungis má nota þalöt, sem hafa verið áhættumetin þegar umsóknin er lögð inn og sem hafa ekki flokkast skv. b-lið viðmiðunar 3 (og samsetningar þeirra), í plastumbúðirnar.

Til að aðgreina megi mismunandi hluta umbúðanna fyrir endurvinnslu verða hlutar úr plasti í grunnumbúðum að vera merktir í samræmi við DIN 6120, 2. hluta, eða samsvarandi staðal. Lok og dælur eru undanþegin þessari kröfu.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram útfyllta og undirritaða samræmisyfirlýsingu.

Viðmiðun 5 — Þvottahæfni (notagildi)

Nothæfi og skilvirkni vörunnar verða að vera fullnægjandi. Varan verður að uppfylla kröfurnar vegna notendaprófunar eða innri prófunar í samræmi við II. viðbæti.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram ítarlega prófunarskýrslu hjá þar til bærri stofnun, þ.m.t. upplýsingar/gögn. Sjá II. viðbæti.

Viðmiðun 6 — Sjálfvirk skömmtunarkerfi

Fjölþáttakerfi skulu boðin með sjálfvirku og stýrðu skömmtunarkerfi.

Til að tryggja réttan skammt í sjálfvirkum skömmtunarkerfum verða heimsóknir af hálfu viðskipavina að vera venjubundnar hjá framleiðendum/birgjum. Þessir viðskiptavinir heimsækja öll athafnasvæði a.m.k. einu sinni á ári meðan leyfið er í gildi; þær verða að fela í sér kvörðun á skömmtunarbúnaðinum. Þriðji aðili getur einnig séð um heimsóknir viðskiptavina.

Sleppa má heimsóknum viðskiptavina í undantekningartilvikum ef fjarlægð og afhendingaraðferð gera heimsóknina óframkvæmanlega.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram skriflega lýsingu á því hver ber ábyrgð á heimsóknum viðskiptavina og á tíðni þeirra og inntaki.

Viðmiðun 7 — Upplýsingar fyrir notanda - upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

a) Upplýsingar á umbúðum/vöruupplýsingablaði

Eftirfarandi ráðleggingar verða að koma fram á umbúðunum og/eða á vöruupplýsingablaðinu eða sambærilega:

— Skammtur samkvæmt óhreinindastigi og vatnshörku. Fylgið skömmtunarfyrirmælum.

— Ef þessi vara með umhverfismerki ESB er notuð samkvæmt skömmtunarfyrirmælum mun það stuðla að því að draga úr vatnsmengun og úrgangsmyndun.

b) Upplýsingar sem koma fram á umhverfismerki ESB

Kennimerkið skal vera sýnilegt og læsilegt. Notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB er vernduð samkvæmt frumlöggjöf ESB. Skráningarnúmer/leyfisnúmer ESB verður að koma fram á vörunni, það verður að vera læsilegt og augsýnilegt.

Á valkvæðum merkimiða með textareit skal eftirfarandi texti koma fram:

— minnkuð áhrif á lagarvistkerfi,

— minna af hættulegum efnum,

— nothæfi hefur verið prófað.

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf

Mat og sannprófun (a-b): umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af merkimiðanum og/eða upplýsingablaði vörunnar ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun. Fullyrðingar um vöru skulu staðfestar með viðeigandi prófunarskýrslum.

I. viðbætir

Gagnasafn fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna (DID-skrá)

DID-skráin (A-hluti) er skrá sem inniheldur upplýsingar um eiturhrif á lagarumhverfi og lífbrjótanleika innihaldsefna sem eru oftast notuð í þvotta- og hreinsiefnasamsetningum. Skráin inniheldur upplýsingar um eiturhrif og lífbrjótanleika ýmissa efna sem eru notuð í þvotta- og hreingerningavörur. Skráin er ekki tæmandi en gefnar eru leiðbeiningar í B-hluta DID-skráarinnar varðandi ákvörðun á viðkomandi reiknibreytum fyrir efni sem ekki eru á DID-skránni (t.d. eiturhrifastuðull (ES) og niðurbrotsstuðull (NS)) sem eru notaðir við útreikninga á markrúmmáli þynningar). Skráin er almennur upplýsingabrunnur og efnin sem eru til staðar í DID-skránni eru ekki sjálfkrafa samþykkt til notkunar í vörur sem bera umhverfismerki ESB. Hægt er að finna DID-skrána (A- og B-hluta) á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Ef efnum fylgja engin gögn um eiturhrif í lagarumhverfi og niðurbrjótanleika er heimilt að nota byggingarlegar hliðstæður við svipuð efni til að meta ES og NS. Slíkar byggingarlegar hliðstæður skulu vera samþykktar af þar til bærri stofnun sem veitir leyfi fyrir umhverfismerki ESB. Að öðrum kosti skal ganga út frá verstu, hugsanlegu aðstæðum og nota breyturnar hér á eftir:

Verstu hugsanlegu aðstæður:

	Bráð eiturhrif			Langvinn eiturhrif			Niðurbrot		
Innihaldsefni	LC50/EC50	$ÖS_{(bráð)}$	$ES_{(bráð)}$	NOEC (*)	$ÖS_{(langvinn)}$ (*)	$ES_{(langvinn)}$	NS	Lofthá	Loftfirrt
„Heiti“	1 mg/l	10000	0,0001			0,0001	1	P	N

(*) Finnist engin viðunandi gögn um langvinn eiturhrif eru þessir dálkar auðir. Í þeim tilvikum fær $ES_{(langvinn)}$ sama gildi og $ES_{(bráð)}$.

Staðfesting á auðlífbrjótanleika

Nota skal eftirfarandi aðferðir við prófanir á auðlífbrjótanleika:

1) Til 1. desember 2010 og meðan á umbreytingartímabili stendur frá 1. desember 2010 til 1. desember 2015:

   Aðferðirnar til að prófa auðlífbrjótanleika, sem kveðið er á um í tilskipun 67/548/EBE, einkum aðferðirnar sem eru tilgreindar í lið C4 í V. viðauka við þá tilskipun eða jafngildar OECD-prófunaraðferðir 301 A-F eða jafngildar ISO-prófanir.

   Meginreglan um 10 daga mörk gildir ekki fyrir yfirborðsvirk efni. Viðmiðunarmörkin skulu vera 70% fyrir prófanirnar, sem um getur í A- og B-hluta liðar C4 í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE (og jafngildar OECD-prófanir 301 A- og E og jafngildar ISO-prófanir), og 60% fyrir prófanir C, D, E og F í lið C4 (og jafngildar OECD-prófanir 301 B, C, D og F og jafngildar ISO-prófanir).

2) Eftir 1. desember 2015 og meðan á umbreytingartímabili stendur frá 1. desember 2010 til 1. desember 2015:

   Prófanirnar sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Staðfesting á lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður

Viðmiðunarprófunin fyrir niðurbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður skal vera EN ISO 11734, ECETOC nr. 28 (frá júní 1998), OECD 311 eða jafngild prófunaraðferð þar sem krafist er endanlegs niðurbrots að lágmarki 60% við loftfirrðar aðstæður. Einnig má nota prófunaraðferðir sem líkja eftir aðstæðum í viðkomandi, loftfirrðu umhverfi til að staðfesta að náðst hafi endanlegt niðurbrot sem nemur 60% við loftfirrðar aðstæður.

Framreikningur fyrir efni sem eru ekki í DID-skránni

Nota má eftirfarandi nálgun til að fá fram nauðsynleg gögn um lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður vegna innihaldsefna sem eru ekki í DID-skránni:

1) Nota skal viðeigandi framreikning. Nota skal niðurstöður úr prófunum á einu hráefni til þess að framreikna endanlegan niðurbrjótanleika yfirborðsvirkra efna með samsvarandi byggingu við loftfirrðar aðstæður. Ef staðfest hefur verið að yfirborðsvirkt efni (eða hópur raðkvæmra efna) samkvæmt DID-skránni er lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður má ganga út frá því að yfirborðsvirkt efni af svipaðri gerð sé einnig lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður (t.d. er C12-C15 A 1-3 EO súlfat [DID-nr. 8] lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður og því má gera ráð fyrir svipuðum lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður að því er varðar C12-C15 A 6 EO súlfat). Ef staðfest hefur verið með viðeigandi prófunaraðferð að yfirborðsvirkt efni er lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður má ganga út frá því að yfirborðsvirkt efni af svipaðri gerð sé einnig lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður (t.d. ef heimildir úr fræðiritum staðfesta að nota megi yfirborðsvirk efni í flokknum alkýlestraammoníumsölt sem staðfestingu á svipuðum lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður að því er varðar önnur fjórgreind ammoníumsölt sem eru með estratengi í alkýlkeðjunni eða -keðjunum).

2) Gera skal skimunarprófun á niðurbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður. Ef nýjar prófanir eru nauðsynlegar er gerð skimunarprófun með því að nota EN ISO 11734, ECETOC nr. 28 (frá júní 1998), OECD 311 eða jafngilda aðferð.

3) Gera skal prófun á niðurbrjótanleika með litlum skammti. Ef nauðsynlegt er að gera nýjar prófanir og ef upp kemur vandi í framkvæmd skimunarprófunarinnar (t.d. hömlun vegna eiturhrifa prófunarefnis) er prófunin endurtekin með minni skammti af yfirborðsvirka efninu og fylgst með niðurbrotinu með ^{14}C-mælingu eða efnagreiningu. Ef prófanir eru gerðar með litlum skömmtum má nota OECD 308 (frá ágúst 2000) eða jafngilda aðferð.

II. viðbætir

Þvottahæfni (notagildi)

a) Innri prófun

Prófunarstofa framleiðandans getur fengið samþykki fyrir að gera prófanir til að staðfesta skilvirkni ef eftirfarandi viðbótarkröfur eru uppfylltar:

— stofnanir sem sjá um umhverfismerkingu verða að geta vaktað framkvæmd prófananna,

— stofnun sem sér um umhverfismerkingu verður að hafa aðgang að öllum gögnum um vöruna,

— nothæfi skilvirkniprófananna verður að vera lýst í gæðastýringarkerfinu.

Umsækjandinn verður að leggja fram gögn sem sanna að varan hafi verið prófuð við raunhæfar aðstæður:

a) mataráhöld sem eru óhrein af blettum sem eru dæmigerðir fyrir þá tegund af óhreinindum sem eru fyrirsjáanleg á svæðum þar sem varan verður sett á markað,

b) ráðlagða skammta og samsvarandi vatnshörku við lægsta ráðlagða hitastig við þvott.

Umsækjandinn verður að leggja fram gögn sem sanna:

— hæfni vörunnar til að fjarlægja óhreinindi af mataráhöldunum,

— hæfni vörunnar til að þurrka mataráhöldin.

Prófa verður prófunarvöruna m.t.t. viðmiðunarvöru. Viðmiðunarvaran getur verið vara sem mikil reynsla er af á markaðinum og prófunarvaran verður að vera a.m.k. jafn skilvirk og viðmiðunin.

b) Notendaprófun

1. Svör verða að fást frá a.m.k. fimm prófunarmiðstöðvum og vera dæmigerð fyrir slembiúrtak viðskiptavina.
2. Tilhögunin og skammturinn verða að vera í samræmi við ráðleggingar framleiðandans.
3. Prófunartímabilið verður að vera samfellt í a.m.k. fjórar vikur og prófunarloturnar að vera a.m.k. 400.
4. Allar prófunarmiðstöðvar verða að meta skilvirkni vörunnar eða fjölþáttakerfisins með því að svara spurningum sem tengjast eftirfarandi þáttum (eða svipuðum samsetningum):
   — hæfni vörunnar til að fjarlægja óhreinindi af mataráhöldunum,
   — getu vörunnar til að þurrka mataráhöldin,
2.3.3.2. **Járnbrautarsamgöngur** ná yfir flutninga með járnbrautarlestum. Frekari undirflokkunar í *Farþegaflutninga með járnbrautarlestum, Farmflutninga með járnbrautarlestum* og *Annað er krafist*.

2.3.3.3. **Flutningar á vegum** ná yfir flutninga með vöruflutningabílum og fólksflutningabílum. Frekari undirflokkunar í *Farþegaflutninga á vegum, Vöruflutninga á vegum* og *Aðra flutninga á vegum* er krafist.

2.3.3.4. **Flutningar á skipgengum vatnaleiðum** nær til millilandaflutninga á ám, skipaskurðum og vötnum. Innifaldar eru vatnaleiðir sem eru innan eins lands og leiðir sem skiptast á milli tveggja eða fleiri landa. Frekari undirflokkunar er krafist fyrir *Farþegaflutninga á skipgengum vatnaleiðum*, *Vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum* og *Aðra flutninga á skipgengum vatnaleiðum*.

2.3.3.5. **Flutningar um leiðslur** ná yfir millilandaflutninga á vörunum um leiðslur, t.d. flutning á olíu og skyldum vörum, vatni og gasi. Undanskilin er dreifingarþjónusta, venjulega frá aðveitustöðvum til neytandans (fellur undir *Önnur viðskiptaþjónusta ót.a.*) og virði fluttu varanna (fellur undir *Almennar vörur*).

2.3.3.6. **Raforkuflutningar** ná yfir flutningsþjónustu á háspennuraforku yfir samtengdan hóp af línum og tilheyrandi búnaði á milli veitupunkta og punkta þar sem henni er spennubreytt í lágspennu fyrir afhendingu til neytenda eða afhendingu til annarra rafkerfa. Innifalin eru gjöld fyrir flutning á rafmagni þegar þau eru aðgreind frá framleiðslu- og dreifingarferlinu. Veiting á raforkunni sjálfri er undanskilin. Dreifingarþjónusta á rafmagni er einnig undanskilin (fellur undir *Önnur viðskiptaþjónusta, Önnur viðskiptaþjónusta, ót.a.).*

2.3.3.7. **Önnur þjónusta tengd samgöngum** nær yfir alla aðra flutningaþjónustu sem ekki er hægt að flokka undir neinn af þeim efnisþáttum flutningsþjónustu sem lýst er hér að framan.

2.3.4. **Póst- og hraðsendingarþjónusta**

Póst og hraðsendingarþjónusta nær yfir að sækja, flytja og afhenda bréf, dagblöð, tímarit, bæklinga, annað prentað efni, böggla og pakka, þ.m.t. póstafgreiðsluþjónusta og þjónusta við leigu pósthólfa.

2.4. **Ferðalög**

Útflutningur á ferðalögum nær yfir vörur og þjónustu, til eigin nota eða til gjafa, sem erlendir aðilar kaupa í hagkerfi í heimsóknum þangað. Innflutningur á ferðalögum nær yfir vörur og þjónustu, til eigin nota eða til gjafa, sem innlendir aðilar kaupa í hagkerfum í heimsóknum þangað. Ferðalög fela í sér staðbundna flutninga (þ.e. flutninga innan þess hagkerfis sem heimsótt er og veitt af aðila sem er búsettur innan þess) en undanskilur alþjóðlega flutninga (sem falla undir *Samgöngur og flutninga*). Einnig eru vörur sem ferðamenn kaupa til endursölu í eigin hagkerfi eða öðru hagkerfi undanskildar. Ferðaþjónusta skiptist í tvo aðalefnisþætti: *Viðskiptaferðir* og *Einkaferðir.*

2.4.1. **Viðskiptaferðir**

Viðskiptaferðir ná yfir kaup ferðamanna í viðskiptaerindum á vörum og þjónustu. Felur einnig í sér kaup starfsmanna í árstíðabundnum störfum, starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri og annarra starfsmanna, sem eru ekki búsettir í hagkerfinu, þar sem þeir starfa, á vörum og þjónustu til einkanota. Viðskiptaferðir eru aðgreindar frekar í *Kaup starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri eða sinna árstíðarbundnum störfum eða annarra starfsmanna með skammtímaráðningu á vöru og þjónustu* og *Aðrar viðskiptaferðir*.

2.4.1.1. **Kaup starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri eða sinna árstíðarbundnum störfum eða annarra starfsmanna með skammtímaráðningu** felur einnig í sér kaup starfsmanna í árstíðabundnum störfum, starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri og annarra starfsmanna, sem eru ekki búsettir í hagkerfinu, þar sem þeir starfa og vinna hjá vinnuveitanda sem er búsettur í því hagkerfi, á vörum og þjónustu til einkanota.

2.4.1.2. **Aðrar viðskiptaferðir** ná yfir öll útgjöld við viðskiptaferðir sem koma vegna starfsmanna sem sækja atvinnu yfir landamæri, starfsmanna í árstíðabundnum störfum eða annarra starfsmanna með skammtímaráðningu.

2.4.2. **Einkaferðir**

Einkaferðir ná yfir vörur og þjónustu sem ferðamenn kaupa á ferðum erlendis öðrum en viðskiptaferðum, s.s. frí, þátttöku í tómstunda- og menningarstarfsemi, heimsóknir til vina og ættingja, pílagrímsferðir og menntunar- og heilsutengdar ferðir. *Einkaferðum* er skipt í þrjá efnisþætti: *Heilsutengd útgjöld, Menntunartengd útgjöld* og *Aðrar einkaferðir*.

2.4.2.1. **Heilsutengd útgjöld** eru skilgreind sem heildarútgjöld þeirra sem ferðast af heilsufarsástæðum.

2.4.2.2. **Menntunartengd útgjöld** eru skilgreind sem heildarútgjöld nemenda.

2.4.2.3. **Aðrar einkaferðir ná yfir allar Einkaferðir** sem ekki eru taldar með í *Heilsutengdum útgjöldum* eða *Menntunartengdum útgjöldum.*

2.5. **Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð**

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð nær yfir smíði, endurnýjun, viðgerðir eða viðbyggingar við fastafjármuni í formi mannvirkja og jarðabætur sem fela í sér byggingaframkvæmdir og aðra mannvirkjagerð (þ.m.t. vegi, brýr, stíflur o.s.frv.). Hún felur í sér tengda vinnu við uppsetningu og samsetningu, undirbúning byggingarsvæðis og almenna byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, sérhæfða þjónustu eins og málningarvinnu, pípulagnir, niðurrif og stjórn byggingarframkvæmda. Verksamningar sem ná yfir þjónustuviðskipti milli landa eru yfirleitt aðeins gerðir til skamms tíma. Stórfelldar byggingarframkvæmdir í umsjá erlends fyrirtækis sem taka lengri tíma en eitt ár leiða jafnan til þess að innlent útibú er stofnað.

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð getur verið aðgreind í *Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð erlendis* og *Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands*.

2.5.1. **Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð erlendis**

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð erlendis nær yfir byggingarþjónustu, sem fyrirtæki með aðsetur innanlands veitir aðilum sem eru ekki búsettir í hagkerfinu (kredit/útflutningur), og vörur og þjónustu sem þessi fyrirtæki kaupa erlendis (debet/innflutningur).

2.5.2. **Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands**

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands nær yfir byggingarþjónustu sem byggingarfyrirtæki sem eru ekki með aðsetur innanlands veita íbúum með aðsetur innanlands (debet/innflutningur) og vörur og þjónustu sem þessi erlendu fyrirtæki kaupa innanlands (kredit/útflutningur).

2.6. **Trygginga- og lífeyrisþjónusta**

Trygginga- og lífeyrisþjónusta nær yfir: *Beinar tryggingar, Endurtryggingar, Þjónusta tengd tryggingum, Lífeyri og staðlaða ábyrgðarþjónustu.* Beinar tryggingar eru sundurliðaðar frekar í *Líf-, Farm-* og *beinar tryggingar.* Lífeyrir og stöðluð ábyrgðarþjónusta er sundurliðuð frekar í *Þjónusta í tengslum við lífeyrissparnað* og *staðlaða ábyrgðarþjónustu*. Þessi þjónusta er metin eftir þjónustugjöldum sem eru innifalin í heildariðgjöldunum fremur en eftir heildarvirði iðgjaldanna.

2.6.1. **Líftryggingar**

Handhafar líftrygginga inna reglulegar greiðslur af hendi til vátryggjanda (það kann að vera aðeins ein greiðsla) í staðinn fyrir að vátryggjandi ábyrgist að greiða líftryggingartaka umsamda lágmarksupphæð eða lífeyri á tilteknum degi eða við andlát ef það verður fyrr. Líftryggingar, þar sem bætur eru greiddar við andlát en engar aðrar aðstæður og eru undanskildar hér og teknar með í *Öðrum beinum tryggingum*.

2.6.2. **Farmtryggingar**

Farmtryggingarþjónusta tengist tryggingum á vörum sem verið er að flytja inn eða út á grundvelli sem samræmist mati á vörum á fob-verði og vöruflutningum.

2.6.3. **Aðrar beinar tryggingar**

Aðrar beinar tryggingar ná yfir allar aðrar tegundir skaðatrygginga. Innifaldar eru líftryggingar, slysa- og sjúkratryggingar (nema þær séu veittar sem hluti af opinberu almannatryggingakerfi), sjó-, loft- og aðrar flutningstryggingar, brunatryggingar og aðrar eignatryggingar, tryggingar vegna fjárhagslegs tjóns, almennar ábyrgðartryggingar og aðrar tryggingar, s.s. ferðatryggingar og tryggingar sem tengjast lánum og greiðslukortum.

2.6.4. **Endurtryggingar**

Endurtryggingar eru það ferli að fela undirverktökum hluta tryggingaáhættunnar, gjarnan sérhæfðum rekstraraðilum, í skiptum fyrir hlut í iðgjaldatekjum. Endurtryggingaviðskipti geta tengst pökkum þar sem nokkrum tegundum áhættu er blandað saman.

2.6.5. **Þjónusta tengd tryggingum**

Nær yfir viðskipti í tengslum við tryggingastarfsemi og starfsemi lífeyrissjóða, þ.m.t. þóknanir umboðsmanna, tryggingamiðlun og þjónusta tryggingaumboða, ráðgjafaþjónusta vegna vátrygginga og lífeyrismála, mats- og uppgjörsþjónusta, tryggingafræðileg þjónusta, stjórnun björgunaraðgerða og stjórnsýslu- og eftirlitsþjónusta vegna bótagreiðslna og innheimtuþjónustu.

2.6.6. **Þjónusta í tengslum við lífeyrissparnað**

Þjónusta í tengslum við lífeyrissparnað nær yfir þjónustu sem veitt er með sjóðum sem komið er upp af hinu opinbera eða tryggingafélögum, fyrir hönd starfsmanna, til að tryggja sérstökum hópum starfsmanna tekjur við eftirlaunaaldur og bætur vegna dauða eða fötlunar.

2.6.7. **Stöðluð ábyrgðarþjónusta**

Stöðluð ábyrgðarþjónusta er þjónusta í tengslum við stöðluð ábyrgðarkerfi. Það er fyrirkomulag þar sem einn samningsaðili (ábyrgðaraðili) skuldbindur sig til að standa straum af tapi lánadrottins þegar svo ber undir að lántakandinn lendir í vanskilum. Dæmi um slíkt er lánsábyrgð vegna útflutnings og námslána.

2.7. **Fjármálaþjónusta**

Fjármálaþjónusta nær yfir miðlara- og stoðþjónustu að undanskilinni þjónustu vátryggingafélaga og lífeyrissjóða, venjulega á vegum banka og annarra fjármálafyrirtækja.

2.7.1. **Beinar greiðslur og önnur fjármálaþjónusta**

Margs konar fjármálaþjónusta er háð beinum greiðslum sem innheimt er og þarf þá ekki sérstakra útreikninga við. Hún felur í sér gjöld fyrir innlána- og útlánastarfsemi, einskiptisgjöld fyrir ábyrgðaryfirlýsingar, uppgreiðslugjöld eða sektir vegna dráttar á endurgreiðslu, reikningsgjöld, gjöld vegna ábyrgða, kreditkortaþjónustu, umboðslaun og gjöld sem varða fjármögnunarleigu, kröfukaup, sölutryggingar og greiðslujöfnun. Einnig er innifalin fjármálaráðgjöf, varsla fjáreigna eða silfurs og gulls í stöngum, stýring fjáreigna, eftirlitsþjónusta, þjónusta við lausafjárráðstafanir, þjónusta við áhættustýringu (aðra en með tryggingum), þjónusta við samruna og yfirtöku, þjónusta við lánshæfismat, þjónusta er tengist kauphöllum og fjárvörslusjóðum. Miðlarar með fjármálagerninga geta tekið þóknun, í heild eða að hluta til, fyrir þjónustu sína með því að setja álag á milli kaupverðs og söluverðs. Framlegð á kaupum og sölu er innifalin í aðskildum gjöldum og annarri fjármálaþjónustu.

2.7.2. **Óbeint mæld fjármálaþjónusta (ÓMF)**

Líta má svo á að raunverulegir vextir feli bæði í sér tengingu við tekjur og gjaldfærslu fyrir þjónustu. Lánveitendur og innlánsstofnanir starfa þannig að þeir veita sparifjáreigendum lægri vaxtahlutfall en það sem þeir innheimta af lántökum

sínum. Fjármálafyrirtækin nota framlegðina sem verður af vöxtunum til að greiða kostnað og skila rekstrarafgangi. Þessi óbeinu gjöld, að því er varðar vexti, gilda samkvæmt samningum aðeins um útlán og innlán og einungis þegar útlán og innlán þessi eru veitt af, eða lögð inn hjá, fjármálafyrirtækjum.

2.8. **Gjöld fyrir notkun á hugverkum, ótalin annars staðar**

Undir gjöld fyrir notkun á hugverkum, ótalin annars staðar, falla:

a) gjöld fyrir notkun á einkaleyfisrétti (t.d. einkaleyfum, vörumerkjum, höfundarrétti, vinnsluaðferðum og hönnun, þ.m.t. viðskiptaleyndarmálum og sérleyfum). Réttindi þessi geta komið til af rannsóknum og þróun en einnig frá markaðssetningu, og

b) gjöld fyrir leyfi til að afrita eða dreifa hugverkum sem fela í sér útgefnar frumútgáfur eða frumgerðir (s.s. höfundarrétt á bókum og handritum, tölvuhugbúnað, kvikmyndaverk og hljóðritað efni) og tengd réttindi (s.s. fyrir listflutning og sjónvarps-, og kapal- eða gervihnattaútsendingar).

2.9. **Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta**

Tölvu- og fjarskiptaþjónusta er skilgreind með tilliti til eðlis þjónustunnar, ekki aðferðar við afhendingu.

2.9.1. **Fjarskiptaþjónusta**

Fjarskiptaþjónusta nær yfir flutning á hljóði, myndum eða öðrum upplýsingum með síma, telex, símskeytum, útvarps- og sjónvarpssendingum með köplum og í lofti, gervihnöttum, tölvupósti, faxi o.s.frv., að meðtalinni netþjónustu í viðskiptalegum tilgangi, fjarfundaþjónustu og stoðþjónustu. Hún nær ekki yfir verðmæti upplýsinganna sem fluttar eru. Einnig er innifalin fjarskiptaþjónusta fyrir farsíma, grunnnetsþjónusta fyrir Internet og netaðgangsþjónusta, þ.m.t. veiting aðgangs að Netinu. Undanskilin er uppsetningarþjónusta fyrir búnað fyrir talsímanet þar sem hún er innifalin í *Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð* og gagnagrunnsþjónusta (fellur undir *Upplýsingaþjónustu*).

2.9.2. **Tölvuþjónusta**

Nær yfir vélbúnaðar- og/eða hugbúnaðartengda þjónustu og gagnavinnsluþjónustu. Innifalin er einnig ráðgjöf og uppsetningarþjónusta vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar, viðhald og viðgerðir á tölvum og jaðarbúnaði, þjónusta tengd lagfæringum eftir tölvuhrun, ráðgjöf og aðstoð í tengslum við umsjón með tölvubúnaði, greining, hönnun og forritun á kerfum sem tilbúin eru til notkunar (þ.m.t. vefsíðugerð og -hönnun) og tæknileg ráðgjöf varðandi hugbúnað; þróun, framleiðslu, afhendingu og skjalagerð á sérhönnuðum hugbúnaði, þ.m.t. stýrikerfi sem gerð eru eftir pöntun fyrir tiltekna notendur, kerfisviðhald og önnur stuðningsþjónusta, s.s. þjálfun sem veitt er sem hluti af ráðgjöf, gagnavinnsluþjónusta, s.s. gagnainnfærsla, uppsetning og vinnsla á skiptivinnslugrunni, vefsíðuvistun (þ.e. að veita rými á netþjónum á Netinu til að hýsa vefsíður viðskiptavina) og umsjón með tölvuaðstöðu. Undanskilin eru gjöld fyrir leyfi til að afrita og/eða dreifa hugbúnaði sem fellur undir *Gjöld fyrir notkun hugverka*. Leiga á tölvum án rekstraraðila fellur undir *Rekstrarleigu*.

2.9.3. **Upplýsingaþjónusta**

Nær yfir: *Fréttaþjónustu* og *Aðra upplýsingaþjónustu.*

2.9.3.1. **Fréttaþjónusta** felur í sér miðlun frétta, ljósmynda og greina til fjölmiðla.

2.9.3.2. **Önnur upplýsingaþjónusta** felur í sér gagnagrunnsþjónustu (hönnun gagnagrunna, gagnageymslu og miðlun gagna og gagnagrunna, þ.m.t. skráa og póstlista), bæði á Netinu og á segulmiðlum, geisladiskum eða prentuðu formi, og vefleitargáttir (leitarvélaþjónusta sem finnur vefföng fyrir notendur sem slá inn leitarorð). Einnig eru innifaldar beinar áskriftir að dagblöðum og tímaritum, hvort sem er með pósti, rafrænum sendingum eða öðrum leiðum, annarri gagnaveituþjónustu á Netinu og þjónustu bóka- og skjalasafna. Dagblöð og tímarit með mikla dreifingu falla undir almenna verslunarvöru. Niðurhalað efni sem er ekki hugbúnaður (fellur undir *Tölvuþjónustu*) eða hljóð og myndband (fellur undir *Þjónusta tengd mynd- og hljóðefni*) er innifalið í upplýsingaþjónustu.

2.10. **Önnur viðskiptaþjónusta**

Tekur til: *Rannsóknar- og þróunarþjónusta, Sérfræðiþjónusta og rekstrarráðgjöf, Tækniþjónusta, Sölutengd þjónusta og Önnur viðskiptaþjónusta.*

2.10.1. **Rannsóknar- og þróunarþjónusta**

Þjónusta tengd rannsóknum og þróun samanstendur af þjónustu sem tengist grunnrannsóknum, hagnýtum rannsóknum og þróunarstarfi á nýjum vörum og aðferðum. Að jafnaði fellur slík starfsemi í eðlisvísindum, félagsvísindum og hugvísindum innan þessa flokks, þ.m.t. þróun stýrikerfa sem standa fyrir tækniframfarir. Einnig er þar innifalið rannsóknarstarf í viðskiptaskyni, að því ver varðar rafeindatækni, lyfja- og líftæknisvið.

Hún nær yfir: 1) *vinnu á kerfisbundinn hátt til að auka þekkingarforða* og 2) *aðra rannsóknar- og þróunarþjónustu.*

2.10.1.1. **Vinna á kerfisbundinn hátt til að auka þekkingarforða** nær yfir: a) *sérsniðin eða stöðluð rannsóknar- og þróunarþjónusta* og b) *sölu á eignarréttindum sem leiðir af rannsóknum og þróun.*

2.10.1.1.a. **Sérsniðin eða stöðluð rannsóknar- og þróunarþjónusta** nær yfir veitingu á rannsóknar- og þróunarþjónustu sem er tilbúin til pöntunar (sérsniðin) og þróuð með raðframleiddri rannsókn og þróun, að undanskildum einkaleyfisrétti (fellur undir 2.10.1.1.b), og sölu sem tengist leyfi til afritunar eða notkunar (fellur undir *Gjöld fyrir notkun hugverka*).

2.10.1.1.b. **Sala á eignarréttindum sem leiðir af rannsóknum og þróun** nær yfir *Einkaleyfi, Höfundarrétt sem skapast vegna rannsókna og þróunar, Vinnsluaðferðir og hönnun, (þ.m.t. viðskiptaleyndarmál).*

2.10.1.2. **Önnur rannsóknar og þróunarþjónusta** nær yfir annað þróunarstarf á vöru/ferli.

2.10.2. **Sérfræðiþjónusta og rekstrarráðgjöf**

Undir sérfræðiþjónustu og rekstrarráðgjöf fellur: 1) *lögfræðiþjónusta, bókhald, rekstrarráðgjöf, stjórnunarþjónusta og almannatengsl* og 2) *auglýsinga-, markaðsrannsókna- og skoðanakannanaþjónusta.*

2.10.2.1. **Lögfræði, bókhald, rekstrarráðgjöf og almannatengsl** ná yfir:

a) *lögfræðiþjónustu,* b) *bókhald, endurskoðun og skattaráðgjöf,* c) *fyrirtækja- og rekstrarráðgjöf og almannatengslaþjónustu.*

2.10.2.1.a. **Lögfræðiþjónusta** nær yfir lögfræðiráðgjöf og málflutningsþjónustu í öllum dómsmálum og lagalegum málarekstri, samningu lagaskjala og löggerninga, vottunarráðgjöf og vörslu- og uppgjörsþjónustu.

2.10.2.1.b. **Bókhald, endurskoðun og skattaráðgjöf** nær yfir skráningu á viðskiptum fyrirtækja og annarra, skoðun á bókhaldsfærslum og reikningsskilum, skattaáætlanir og -ráðgjöf fyrir fyrirtæki og gerð skattskýrslna.

2.10.2.1.c. **Fyrirtækja- og rekstrarráðgjöf og almannatengslaþjónusta** nær yfir ráðgjafar-, leiðbeininga- og rekstrarþjónustu við fyrirtæki vegna viðskiptastefnu og -áætlana og heildarskipulagningar, -uppbyggingar og -stjórnunar fyrirtækja. Innifalin er stjórnunarráðgjöf, ráðgjöf við stjórnunarúttekt, markaðsstjórnun, mannauðsmál, framleiðslustjórnun og verkefnastjórnun og ráðgjafar-, leiðbeininga- og rekstrarþjónusta sem tengist því að bæta ímynd viðskiptavinanna og samskipti þeirra við almenning og aðrar stofnanir.

2.10.2.2. **Auglýsingar, markaðsrannsóknir og skoðanakannanir** ná yfir hönnun, gerð og markaðssetningu auglýsinga á vegum auglýsingastofa, birtingu í fjölmiðlum, þar á meðal kaup og sölu á auglýsingarými, sýningaþjónustu á kaupstefnum, kynningu á vörum erlendis, markaðsrannsóknir, símasölu og gerð skoðanakannana um ýmis málefni.

2.10.3. **Tækniþjónusta, sölutengd þjónusta og önnur viðskiptaþjónusta**

Nær yfir: 1) *Arkitektaþjónustu, verkfræðiþjónustu, vísindaþjónustu og aðra tækniþjónustu*, 2) *Sorpmeðhöndlun og afmengun, landbúnaðar- og námugraftrarþjónustu*, 3) *Rekstrarleigu,* 4) *Sölutengda þjónustu* og 5) *Önnur viðskiptaþjónusta, ót.a.*

2.10.3.1.**Arkitektaþjónusta, verkfræðiþjónusta, vísindaþjónusta og önnur tækniþjónusta**

Nær yfir: a) *Arkitektaþjónustu, b) Verkfræðiþjónustu, c) Vísindaþjónustu og aðra tækniþjónustu.*

2.10.3.1.a. **Arkitektaþjónusta** felur í sér viðskipti tengd hönnun bygginga.

2.10.3.1.b. **Verkfræðiþjónusta** felur í sér hönnun, þróun og nýtingu véla, efna, tækja, mannvirkja, ferla og kerfa. Þessi tegund þjónustu felur í sér veitingu á hönnun, skipulagi og rannsóknum sem tengjast verkfræðiverkefnum. Námuverkfræði er undanskilin (fellur undir *Þjónusta tengd námugraftrar-, olíu- og jarðgasvinnslu)*.

2.10.3.1.c. **Vísindaþjónusta og önnur tækniþjónusta** felur í sér landmælingar, kortagerð, vöruprófun og -vottun, og tæknilega skoðunarþjónustu.

2.10.3.2.**Sorpmeðhöndlun og afmengun, landbúnaðar- og námugraftrarþjónusta**

Nær yfir: a) *Sorpmeðhöndlun og afmengun*, b) *Þjónusta tengd landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum*, c) *Þjónusta tengd námugreftri, olíu- og jarðgasvinnslu.*

2.10.3.2.a. **Sorpmeðhöndlun og afmengun** felur í sér sorphirðu og förgun, hreinsun á jarðvegi og grunnvatni, sorphreinsun og aðra umhverfisverndarþjónustu. Hún felur einnig í sér umhverfisþjónustu, s.s. framleiðslu á kolefnisjöfnun eða kolefnisbindingu, sem ekki er flokkuð undir fleiri sérstaka flokka.

2.10.3.2.b. **Þjónusta tengd landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum** felur í sér þjónustu sem tengist landbúnaði, s.s. að láta í té landbúnaðartæki með áhöfn, vinna við uppskeru, meðferð nytjaplantna, plágueyðing, hýsing dýra, umönnun dýra og undaneldisþjónusta. Tekur einnig til þjónustu við veiðar, gildrur, skógrækt, skógarhögg og fiskveiðar, auk dýralæknisþjónustu.

2.10.3.2.c. **Þjónusta tengd námugreftri, olíu- og jarðgasvinnslu** felur í sér námuþjónustu sem veitt er við olíu- og gasvinnslusvæði, þar á meðal borun, smíði krana, viðgerðir og sundurhlutunarþjónusta og steyping olíu- og gaslindafóðringa. Tekur einnig til þjónustu sem tengist jarðefnaleit og rannsóknum auk námuverkfræði og jarðfræðirannsókna.

2.10.3.3.**Rekstrarleiga**

Rekstrarleiga er sú starfsemi að leigja út eign sem er framleidd samkvæmt því fyrirkomulagi að veita notkun á efnislegri eign til leigutakans en felur ekki í sér flutning á meginhlutanum af áhættunni og ávinningnum af eignarhaldinu til leigutakans. Rekstrarleiga getur verið kölluð leiga þegar um er að ræða hluti s.s. byggingar eða búnað. Rekstrarleiga nær yfir leigu, án áhafnar á skipum, loftförum og flutningatækjum. Einnig eru innifaldar rekstrarleigugreiðslur sem tengjast annarri gerð búnaðar án rekstraraðila, þ.m.t. tölvur og fjarskiptabúnað. Leyfisgreiðslur vegna afnotaréttar á óefnislegum eignum, s.s. hugbúnaði, hugverkum o.s.frv. falla undir sértæka liði (*Tölvuþjónusta, Gjöld fyrir notkun hugverka, ót.a.*, o.s.frv.) fremur en rekstrarleigu. Undanskilin frá rekstrarleiguþjónustu er leiga á fjarskiptalínum eða flutningsgetu (fellur undir *Fjarskiptaþjónustu*), leiga á skipum og loftfari með áhöfn (fellur undir *Samgöngur og flutninga*) og ferðatengd leiga (fellur undir *Ferðalög*).

2.10.3.4.**Sölutengd þjónusta**

Sölutengd þjónusta nær yfir þóknanir vegna viðskipta með vöru og þjónustu sem ber að greiða til kaupmanna, vörumiðlara, sölumanna, uppboðshaldara og umboðsmanna. Undanskilið frá sölutengdri þjónustu eru sérleyfisgjöld (falla undir *Gjöld fyrir notkun hugverka, ót.a.*), miðlun á fjármálagerningum (fellur undir *Fjármálaþjónusta*), tryggingamiðlun (fellur undir *Þjónustu tengda tryggingum*) og flutningstengd gjöld, s.s. þóknun til stofnana (fellur undir *Samgöngur og flutningar*).

2.10.3.5.**Önnur viðskiptaþjónusta, ótalin annars staðar**

Önnur viðskiptaþjónusta felur í sér dreifingarþjónustu sem tengist vatni, gufu, gasi eða öðrum jarðolíuafurðum, sem og loftræstikerfum, þar sem hún er aðskilin sérstaklega frá flutningaþjónustu, vinnumiðlun, öryggis- og rannsóknarþjónustu, þýðingum og túlkun, ljósmyndaþjónustu, útgáfu, ræstingum á byggingum og fasteignaþjónustu.

2.11. **Persónuleg þjónusta, menningarþjónusta og afþreyingarþjónusta**

Þar undir fellur *Þjónusta tengd mynd- og hljóðefni* og *Önnur persónuleg þjónusta, menningar- og afþreyingarþjónusta.*

2.11.1. **Þjónusta tengd mynd- og hljóðefni**

Má sundurliða frekar í *Þjónusta tengd mynd- og hljóðefni* og *Þjónusta sem tengist listum.* Nær yfir þjónustu og tengd gjöld sem tengjast framleiðslu á kvikmyndum (á filmu eða myndbandi), útvarps- og sjónvarpsþáttum (í beinni útsendingu eða af bandi) og upptökur á tónlist. Innifalin er leiga á hljóð- og myndmiðlun og tengdum vörum og aðgangi að læstum sjónvarpsrásum (s.s. kapal- eða gervihnattaþjónustu), fjöldaframleiddum hljóð- og myndmiðlunarvörum sem eru keyptar eða seldar til ótakmarkaðrar notkunar og afhentar á rafrænu formi (niðurhalað), þóknun til listflytjenda (leikara, söngvara, tónlistarmanna, dansara), höfunda, tónskálda o.s.frv. Undanskilin eru gjöld eða leyfi til að afrita og/eða dreifa hljóð- og myndmiðlavörum (fellur undir *Gjöld fyrir notkun hugverka, ót.a.*).

2.11.2. **Önnur persónuleg þjónusta, menningar- og afþreyingarþjónusta**

Nær yfir: a) *Kennsluþjónusta*, b) *Heilbrigðisþjónusta*, c) *Arfleifð og afþreyingarþjónusta* og d) *Önnur persónuleg þjónusta*.

2.11.2.a. **Kennsluþjónusta** nær yfir þjónustu á milli íbúa sem eru búsettir í landinu og aðila sem eru ekki búsettir í landinu sem tengist fræðslustarfsemi, s.s. bréfaskólum og fræðslu í sjónvarpi eða á Netinu auk kennara o.s.frv. sem veita beina þjónustu í gestgjafahagkerfunum.

2.11.2.b. **Heilbrigðisþjónusta** nær yfir þjónustu sem læknar, hjúkrunarfræðingar og bráðatæknar og sambærilegir starfsmenn veita, auk þjónustu rannsóknarstofa og sambærilegrar þjónustu, hvort sem hún er fjarþjónusta eða veitt á staðnum. Undanskilin eru öll útgjöld ferðamanna vegna fræðslustarfsemi og heilbrigðisþjónustu (fellur undir *Ferðalög*).

2.11.2.c. **Arfleifð og afþreyingarþjónusta** felur í sér þjónustu sem tengist söfnum og annarri menningar-, íþrótta-, fjárhættu- og tómstundastarfsemi, nema þeirri sem tengist persónum fyrir utan sitt búsetuhagkerfi (fellur undir *Ferðalög*).

2.11.2.d. **Önnur persónuleg þjónusta** felur í sér félagsþjónustu, heimilishjálp o.s.frv.

2.12. **Opinber þjónusta, ótalin annars staðar**

Þetta er aukaflokkur sem nær yfir viðskipti opinberra aðila (þ.m.t. alþjóðastofnana) í vörum og þjónustu sem ómögulegt er að flokka undir aðra liði. Þar á meðal eru öll viðskipti (bæði með vöru og þjónustu) innskotssvæða eins og sendiráða, ræðisskrifstofa, herstöðva og alþjóðastofnana við aðila búsetta í hagkerfum þar sem innskotssvæðin eru. Undanskilin eru viðskipti innskotssvæðanna við aðila búsetta í heimahagkerfum þeirra. Með hliðsjón af þeim viðskiptum sem hið opinbera tekur að sér má sundurliða þennan lið frekar í vöru og þjónustu sem *Sendiráð og ræðisskrifstofur*, *Hereiningar og deildir* og *Aðrar vörur og þjónusta hins opinbera, ótalin annars staðar annast viðskipti með.*

3. **FRUMÞÁTTATEKJUR**

Frumþáttatekjur standa fyrir tekjur sem verða af framlagi hageininga til framleiðsluferlisins eða með því að leigja fjáreignir eða náttúruauðlindir til annarra hageininga. Þær ná yfir *Laun, Fjárfestingartekjur* og *Aðrar frumþáttatekjur.*

3.1. **Laun (D.1)**

Laun eru skráð þegar vinnuveitandinn (framleiðslueiningin) og starfsmaðurinn eru búsettir í sitthvoru landinu. Laun, í landi þar sem framleiðslueiningarnar eru innlendar, eru heildarlaunagreiðslur (þ.m.t. framlög vinnuveitenda til almannatryggingakerfa, einkatrygginga- eða lífeyrissjóða), í fé eða fríðu, sem innlend fyrirtæki greiða erlendum starfsmönnum fyrir vinnu þess síðarnefnda á reikningsskilatímabilinu. Laun í landi þar sem einstaklingarnir eru búsettir, eru heildarlaunagreiðslur, í fé eða fríðu, sem þeir taka við frá erlendum fyrirtækjum fyrir vinnu þess fyrrnefnda á reikningsskilatímabilinu. Mikilvægt er að kveða á um hvort samband vinnuveitanda og starfsmanns sé fyrir hendi, ef svo er ekki telst greiðslan vera kaup á þjónustu.

3.2. **Fjárfestingartekjur**

Fjárfestingartekjur af eignarhaldi innlendra aðila á erlendum fjáreignum (kredit) og í samræmi, tekjur af eignarhaldi erlendra aðila á innlendum fjáreignum (debet). Fjárfestingartekjur fela í sér tekjur af eigin fé (*Arðgreiðslur, Úttektir af tekjum einkafyrirtækja sem eru ekki lögaðilar félaga, Endurfjárfestur hagnaður*), af skuldum (*Vextir*) og fjárfestingartekjur lífeyris og skaðabótasjóða í þágu rétthafa.

Fjárfestingartekjur eru einnig, í greiðslujöfnuði, flokkaðar samkvæmt starfsemi undirliggjandi fjárfestinga sem *Bein fjárfesting, Verðbréfafjárfesting, Önnur fjárfesting* og *Gjaldeyrisforði* og eru útlistaðar enn frekar í samræmi við tegund fjárfestingar. Skilgreiningar á fjárfestingu eftir starfsemi er að finna í fjármagnsjöfnuðinum.

Ef verðhækkunarágóði og verðlækkunartap er aðgreinanlegt frá hagnaði og tapi á eignahlutum skal ekki flokka það sem tekjur af fjárfestingum heldur sem breytingar á verðgildi fjárfestingar vegna þróunar á markaðsverði. Hreint flæði í tengslum við vaxtaafleiður er einungis skráð undir afleiðum í fjármagnsjöfnuðinum.

3.2.1. **Vextir (D.41)**

Vextir eru form fjárfestingartekna sem eigendur tiltekinna tegunda fjáreigna, nánar tiltekið innstæða (AF2), skuldaskjala (AF3), lána (AF4) og annarra viðskiptakrafa (AF8), fá fyrir að afhenda annarri stofnanaeiningu fjárhagslegar eignir til umráða. Tekjur af eignarhlutdeild í sérstökum dráttarréttindum (SDR) og úthlutanir á sérstökum dráttarréttindum teljast einnig til vaxta. Frumþáttatekjujöfnuður skráir „hreina vexti“ með því að undanskilja óbeint mælda fjármálaþjónustu (e. *FISIM*) frá „eiginlegum vöxtum“. Fjárfestingartekjur eru skráðar á rekstrargrunni.

3.2.2. **Úthlutaðar tekjur fyrirtækja (D.42)**

3.2.2.1. **Arðgreiðslur (D.421)**

Arðgreiðslur eru úthlutaðar tekjur sem dreift er á meðal eigenda hlutabréfa fyrir að hafa veitt fyrirtækjum fjármuni þeirra til ráðstöfunar. Arðgreiðslur eru skráðar um leið og þær fara fram.

3.2.2.2. **Fengnar greiðslur af tekjum óeiginlegra fyrirtækja (D.422)**

Fengnar greiðslur af tekjum óeiginlegra fyrirtækja (en þau eru óskráð félög sem hegða sér eins og þau séu skráð, þ.e. útibú, ímyndaðar búsetueiningar fyrir land og aðrar náttúruauðlindir í eigu erlendra aðila, fyrirtæki um samrekstur, fjárvörslusjóðir o.s.frv.) eru fjárhæðir sem eigendur einkafyrirtækja sem eru ekki lögaðilar félaga taka þaðan út til eigin nota af hagnaði sem framangreind fyrirtæki í eigu þeirra höfðu skilað. Fengnar greiðslur af tekjum óeignlegra fyrirtækja eru skráðar um leið og þær eiga sér stað í raun.

3.2.3. **Endurfjárfestur hagnaður af beinum erlendum fjárfestingum (D.43)**

Endurfjárfestur hagnaður stendur fyrir hlutfall erlenda fjárfestisins, eignarhlut í eigin fé, í hagnaði sem erlend dótturfyrirtæki, hlutdeildarfélög og útibú greiða ekki út í formi arðgreiðslna. Hann er skilgreindur sem hlutur erlenda fjárfestisins af heildarhagnaði sem ávannst af fyrirtæki í hans eigu, bein fjárfesting á viðmiðunartímabilinu (eftir skatta, vexti og afskriftir), að frádregnum arði sem kemur til greiðslu á því tímabili, jafnvel þótt arðgreiðslur þessar vísi til hagnaðar sem áunninn var á fyrri tímabilum.

Endurfjárfestur hagnaður er bókfærður á því tímabili sem óráðstafað eigið fé gjaldfellur.

3.2.4. **Tekjur af fjárfestingarsjóðum (D.443)**

Fjárfestingartekjur verðbréfasjóða í þágu skírteinishafa, þ.m.t. verðbréfasjóðum og fjárgæslusjóðum, samanstanda af tveimur aðskildum þáttum: *Arðgreiðslum (D.4431)*, og *Endurfjárfestum hagnaði (D.4432).*

Tekjur frá fjárfestingarsjóðum má álíta eins og þær séu veittar hluthöfum (eða eigendum hlutdeildarskírteina) þar eð þeirra var aflað sem fjárfestingartekna af eigin fé þeirra. Fjárfestingarsjóðir afla sér tekna með því að fjárfesta það fé sem þeir þiggja af hluthöfum. Tekjur hluthafa af fjárfestingarsjóðum eru skilgreindar sem eignartekjur af fjárfestingarsafni sjóðsins að frádregnum rekstrarútgjöldum. Hreinar tekjur fjárfestingarsjóða, eftir að rekstrarútgjöld hafa verið dregin frá, tilheyra hluthöfunum. Ef einungis litlum hluta af hreinum tekjum er úthlutað til hluthafa í formi arðgreiðslna, skal meðhöndla óráðstafað eigið fé sem úthlutað fé til hluthafa og álíta það síðan endurfjárfest.

3.2.5. **Tekjur lífeyris og skaðabótasjóða í þágu rétthafa**

Til að skilgreina þennan lið litum við á aðgreinda efnisþætti hans, ekki hluta af gagnaósk fyrir greiðslujöfnuð.

3.2.5.1. **Fjárfestingartekjur tilheyrandi skírteinishöfum (D.441)** samsvara heildarfrumtekjum sem fengnar voru af fjárfestingu í vátryggingarsjóðum. Sjóðirnir eru þeir sem vátryggingafélagið viðurkennir að sé samsvarandi skuld við skírteinishafann.

3.2.5.2. **Fjárfestingartekjur vegna lífeyrisréttinda (D.442)**

Lífeyrisréttindi koma annaðhvort til í réttindatengdum eða iðgjaldatengdum lífeyrissjóðum.

3.3. **Aðrar frumþáttatekjur**

Flokkaðar í samræmi við haggeirann á samantektarhagkerfinu (*Hið opinbera* eða *Aðrir geirar*) og innihalda eftirfarandi efnisþætti: *Skattar á framleiðslu og innflutning, Niðurgreiðslur* og *Leiga.*

3.3.1. **Skattar á framleiðslu og innflutning (D.2)**

Fela í sér eftirfarandi efnisþætti:

3.3.1.1. **Skatta á vörur (D.21)** skal greiða af hverri einingu fyrir suma vöru eða þjónustu sem er framleidd eða verslað er með yfir landamæri. Dæmi um slíkt er virðisaukaskattur, innflutningsgjöld, vörugjöld og neysluskattar.

3.3.1.2. **Aðrir framleiðsluskattar (D.29)** samanstanda af sköttum sem fyrirtæki stofna til vegna framleiðslustarfsemi og fela í sér skatta sem greiðast fyrir viðskipta- og fagleg leyfi.

3.3.2. **Niðurgreiðslur (D.3)**

Fela í sér eftirfarandi efnisþætti:

3.3.2.1. **Vörutengdar niðurgreiðslur (D.31)** skal greiða af hverri einingu af framleiddri vöru eða þjónustu.

3.3.2.2. **Aðrar niðurgreiðslur á framleiðslu (D.39)** eru aðrar niðurgreiðslur á vörum sem innlendu framleiðslueiningarnar geta fengið ef þær hafa hafið framleiðslu.

3.3.3. **Leiga (D.45)**

Leiga nær yfir tekjur sem aflað er með því að færa náttúruauðlindir í hendur erlendrar hageiningar. Dæmi um leigu er fjárhæðir sem greiddar eru fyrir notkun á landi til leitar að jarðefnum til námuvinnslu og öðrum nýtanlegum jarðlögum, og fyrir fiskveiðar, skógrækt og beitarréttindi. Reglulegum greiðslum sem leigutaki innir af hendi fyrir náttúruauðlindir, svo sem nýtanleg jarðlög, er oft lýst sem rétthafagreiðslu en þær eru flokkaðar sem leiga.

4. **REKSTRARFRAMLÖG**

Rekstrarframlög sýna framlög á milli innlendra og erlendra aðila. Framlög eru viðskipti sem samsvara því að hageining veiti vöru, þjónustu, fjáreign eða aðra eign sem ekki er framleidd til annarrar hageiningar þar sem samsvarandi ávöxtun hefur ekkert efnahagslegt gildi. Tekjutilfærslur samanstanda af öllum tilfærslum sem ekki eru fjármagnstilfærslur.

Tekjutilfærslur eru flokkaðar í samræmi við haggeirann sem framkvæmir eða tekur við tilfærslunni í samantektarhagkerfinu (*Hið opinbera* eða *Aðrir geirar*).

Rekstrarframlög hins opinbera ná yfir *Tekju- og auðlegðarskatta, Framlög til almannatrygginga, Greiðslur frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum, Framlög til þróunarmála, Ýmis framlög, Eigin tekjur Sambandsins sem taka mið af virðisaukaskatti og vergum þjóðartekjum.*

Rekstrarframlög annarra geira ná yfir *Tekju- og auðlegðarskatta, Framlög til almannatrygginga, Greiðslur frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum, Ýmis framlög, Iðgjöld vegna skaðatrygginga, nettó, Kröfur vegna skaðatrygginga* og *Jöfnun vegna breytinga á eftirlaunaréttindum*. *Ýmis framlög (D.75)* fela í sér *Framlög milli einstaklinga með búsetu í sitthvoru landi* (Þar af: *Framlög launafólks*).

4.1. **Tekju- og auðlegðarskattar (D.5)**

Tekju- og auðlegðarskattar í alþjóðlegum hagreikningum samanstanda aðallega af sköttum sem lagðir eru á tekjur sem erlendir aðilar hljóta fyrir vinnu sína eða fjáreignir. Skattar á söluhagnað af eignum erlendra aðila eru einnig meðtaldir. Skattar á tekjur og söluhagnað af fjáreignum eru yfirleitt greiddir af *Öðrum geirum* (einstaklinga, fyrirtækja og stofnana sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni) til *Opinberra yfirvalda*.

4.2. **Framlög til lífeyrissjóða og almannatrygginga (D.61)**

Framlög til lífeyrissjóða og almannatrygginga eru raunveruleg eða reiknuð framlög frá heimilum til almannatryggingakerfisins í því skyni að sjá til þess að greiðslur frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum verði greiddar.

4.3. **Greiðslur frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum (D.62+D.63)**

Greiðslur frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum fela í sér bætur samkvæmt almannatrygginga- og lífeyriskerfum. Þær fela í sér lífeyris- og aðrar bætur vegna veikinda, atvinnuleysis, húsnæðis og menntunar og geta verið í fé eða fríðu.

4.4. **Nettó skaðatryggingariðgjöld (D.71)**

Skaðatryggingariðgjöld ná bæði yfir verg iðgjöld sem skírteinishafa ber að greiða til að njóta tryggingar á reikningsskilatímabilinu (áunnin iðgjöld) og viðbótariðgjöld sem ber að greiða af fjárfestingartekjum tryggingartaka, að frádregnum þjónustugjöldum viðkomandi tryggingafélags. Þjónustugjöld teljast kaup skírteinishafa á þjónustu og eru skráð sem tryggingaþjónusta. Hrein iðgjöld á stöðluðum ábyrgðum eru innifalin undir þessum lið.

4.5. **Iðgjöld vegna skaðatrygginga, nettó (D.72)**

Iðgjöld vegna skaðatrygginga eru fjárhæðir sem greiddar eru við uppgjör bótakrafna og falla í gjalddaga á yfirstandandi reikningsskilatímabili. Bótakröfur falla í gjalddaga um leið og atburðurinn, sem leiðir til gildrar skaðabótakröfu, á að hafa gerst. Bótakröfur samkvæmt stöðluðum ábyrgðum eru skráðar undir þessum lið.

4.6. **Framlög til þróunarmála (D.74)**

Framlög í tengslum við alþjóðlega samvinnu samanstanda af framlögum, í fé eða fríðu, á milli ríkisstjórna mismunandi landa eða á milli ríkisstjórna og alþjóðastofnana. Hluti af framlögum í tengslum við alþjóðlega samvinnu er gagnvart stofnunum Sambandsins.

4.7. **Ýmis framlög (D.75)**

Undir ýmis framlög, í reiðufé eða fríðu, falla: *Rekstrarframlög til sjálfseignarstofnana sem þjóna heimilum (D.751), Rekstrarframlög milli heimila (D.752), Ýmis önnur rekstrarframlög (D.759)* þ.m.t. sektir og viðurlög, hluti af greiðslum fyrir happdrættismiða og fjárhættustarfsemi, bótagreiðslur og annað.

4.7.1. **Framlög milli einstaklinga með búsetu í sitthvoru landi**

Framlög milli einstaklinga með búsetu í sitthvoru landi samanstanda af öllum tilfærslum, í fé eða fríðu, sem einkaheimili innlendra aðila annast eða taka við, til eða frá einkaheimilum erlendra aðila. Persónulegar tilfærslur fela í sér „þar af“ *Framlög launafólks*

4.7.1.1. **Framlög launafólks**

Framlög launafólks samanstanda af persónulegum tilfærslum farandlaunþega, sem búa og starfa í nýjum hagkerfum, til erlendra einkaheimila. Einstaklingar sem starfa fyrir og dvelja í nýjum hagkerfum skemur en eitt ár eru taldir til erlendra aðila og eru launagreiðslur til þeirra skráðar undir liðnum laun.

4.8. **Eigin tekjur Sambandsins sem taka mið af virðisaukaskatti og vergum þjóðartekjum (D.76)**

Þriðju og fjórðu eigin tekjur Sambandsins sem taka mið af virðisaukaskatti og vergum þjóðartekjum, eru tekjutilfærsla sem hið opinbera hvers aðildarríkis greiðir til stofnana Sambandsins.

4.9. **Jöfnun vegna breytinga á eftirlaunaréttindum (D.8)**

Jöfnun vegna breytinga á eftirlaunaréttindum er nauðsynleg til að lífeyrir sé annars vegar meðhöndlaður sem rekstrarframlög og hins vegar sem fjáreignir. Eftir jöfnun verður viðskiptajöfnuður sá sami og verið hefði ef framlög til lífeyrissjóða og almannatrygginga og lífeyrisgreiðslur væru ekki skráðar sem rekstrarframlög.

B. JÖFNUÐUR FJÁRFRAMLAGA

Jöfnuður fjárframlaga nær yfir *Viðskipti með óframleiddar ófjárhagslegar eignir* og *Fjármagnstilfærslur*.

5.1. **Viðskipti með óframleiðslutengdar efnislegar eignir**

Óframleiðslutengdar efnislegar eignir samanstanda af: a) náttúruauðlindum, b) samningum, leigusamningum, og leyfum, og c) markaðstengdum eignum (tegundarheiti, vörumerki) og viðskiptavild. Viðskipti með óframleiddar ófjárhagslegar eignir eru skráðar á vergum grunni, frekar en með nettó. Aðeins skal skrá kaup/sölu slíkra eigna, ekki notkun þeirra, í þessum þætti í jöfnuði fjárframlaga.

5.2. **Fjármagnstilfærslur (D.9)**

Fjármagnstilfærsla samanstendur af i. yfirfærsla eignarhalds á fastafjármunum, ii. yfirfærsla á fjármunum sem tengjast eða eru skilyrtir við öflun eða ráðstöfun fastafjármuna og iii. eftirgjöf, án þess að tekið sé á móti nokkru endurgjaldi, á skuldum af hálfu kröfuhafa. Fjármagnstilfærslur geta verið í fé eða fríðu (t.d. eftirgjöf skulda). Greinarmunurinn á rekstrarframlögum og fjármagnstilfærslum er fólginn í því hvernig móttökulandið notar tilfærsluna. Fjármagnstilfærslur eru flokkaðar í samræmi við haggeirann sem framkvæmir eða tekur við tilfærslunni í samantektarhagkerfinu (*Hið opinbera* eða *Aðrir geirar*).

Undir fjármagnstilfærslur falla: *Tekju- og auðlegðarskattar, Fjárfestingarstyrkir* og *Önnur fjárframlög*

5.2.1. **Eignaskattar (D.91)**

Eignaskattar samanstanda af sköttum sem lagðir eru á óreglulega og sjaldan á verðgildi eigna eða hreinna eigna í eigu hageininga, eða á verðgildi eigna sem færðar eru á milli hageininga. Þeir ná yfir erfðafjárskatta og skatta á gjafir á milli fólks sem lagðir eru á fjármagn þiggjenda.

5.2.2. **Fjárfestingarstyrkir (D.92)**

Fjárfestingarstyrkir samanstanda af fjármagnstilfærslum, í fé eða fríðu, sem fjármagna eiga, að öllu leyti eða hluta, kostnað við kaup á fastafjármunum. Viðtakendum er skylt að nota fjárfestingarstyrki, sem tekið er við í reiðufé, til að koma á vergri fjármunamyndun og eru styrkirnir oft bundnir sértækum fjárfestingarverkefnum, t.d. stórfelldum byggingaframkvæmdum.

5.2.3. **Önnur fjárframlög (D.99)**

Þær fela í sér stórfelldar eingreiðslur til að bæta meiriháttar skaða eða alvarleg líkamstjón sem falla ekki undir vátryggingarsamninga, verðmætar gjafir, arfhluti og framlög, þ.m.t. þau sem veitt eru stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni. *Eftirgjöf skulda* fellur undir þennan flokk.

5.2.3.1. **Eftirgjöf skulda**

Eftirgjöf skulda er niðurfelling af ásettu ráði á allri, eða hluta af, skuldbindingu innan bindandi samkomulags á milli lánveitanda og skuldara.

C. FJÁRMAGNSJÖFNUÐUR OG ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

Almennt skráir *Fjármagnsjöfnuðurinn* viðskipti sem viðkoma fjáreignum og skuldum á milli innlendra og erlendra aðila. Fjármagnsjöfnuðurinn sýnir viðskipti með hreinu umfangi: hrein kaup á fjáreignum samsvara kaupum á eignum að frádreginni sölu á eignum.

Erlend staða þjóðarbúsins (e. *IIP*) sýnir, við lok hvers ársfjórðungs, verðgildi fjáreigna aðila búsettra á Íslandi sem eru kröfur á erlenda aðila, og skuldir aðila búsettra á Íslandi við erlenda aðila, auk gulls sem er geymt sem gjaldeyrisforði. Munurinn á eignum og skuldum er hrein staða þjóðarbúsins og táknar hún þá annaðhvort hreina eign eða hreina skuld við erlenda aðila.

Verðmæti erlendrar stöðu þjóðarbúsins við lok tímabilsins er niðurstaða stöðu við lok fyrra tímabils, viðskipta á yfirstandandi tímabili og öðrum breytingum sem urðu af öðrum ástæðum en viðskiptum á milli innlendra og erlendra aðila sem rekja má til **annarra magnbreytinga** og **endurmats** (vegna **breytinga á gengi eða verðlagi**).

Viðskipti og stöður á erlendum eignum og skuldum flokkast samkvæmt undirflokkunum sem *Bein fjárfesting, Verðbréfafjárfesting, Afleiður (aðrar en í gjaldeyrisforða) og forkaupsréttur starfsmanna á hlutabréfum, Önnur fjárfesting* og *Gjaldeyrisforði*. Viðskipti og stöður á erlendum eignum og skuldum eru flokkaðar frekar eftir tegund gerninga og haggeirum, eins og skilgreint er í töflu 7.

Markaðsverð er undirstaða verðmats á viðskiptum og stöðum. Nafnvirðismat er notað fyrir stöður í óframseljanlegum viðskiptagerningum, þ.e. útlánum, innstæðum og öðrum viðskiptakröfum/viðskiptaskuldum. Viðskipti með þessa gerninga eru þó metin á markaðsvirði. Til að gera grein fyrir ósamræminu á milli markaðsmats viðskipta og nafnvirðismats á stöðum skal seljandi skrá *Endurmat vegna annarra verðbreytinga* á tímabilinu þegar sala fer fram og svarar til mismunar á nafnvirði og viðskiptaverði, en kaupandi skal skrá fjárhæð sem er gagnstæð *Endurmati vegna annarra verðbreytinga*.

Fjármagnsjöfnuður greiðslujafnaðarins og erlend staða þjóðarbúsins fela í sér mótbókun fyrir áfallnar tekjur af gerningum sem flokkaðir eru í viðkomandi undirflokkum.

6.1. **Bein fjárfesting**

Bein fjárfesting tengist því að íbúi í einu hagkerfi (beinn fjárfestir) hafi stjórn eða veruleg áhrif á stjórnendur fyrirtækis sem hefur aðsetur í öðru hagkerfi (beint fjárfestingarfyrirtæki). Í samræmi við alþjóðlega staðla er beint eða óbeint eignarhald fjárfestis með aðsetur í einu hagkerfi á 10% atkvæðisréttar eða meira í fyrirtæki með aðsetur í öðru hagkerfi vitnisburður um slíkt samband. Beint fjárfestingasamband getur, ef byggt er á þessari viðmiðun, átt sér stað á milli margra tengdra fyrirtækja, án tillits til þess hvort tengingin feli í sér eina eða fleiri keðjur. Það getur náð yfir dótturfyrirtæki, dóttur-dótturfyrirtæki og hlutdeildarfélög beins fjárfestingarfyrirtækis. Allt síðara fjárstreymi/eignarhlutdeild milli tengdra aðila er skráð sem viðskipti/stöður beinna fjárfestinga þegar beinu fjárfestingunni hefur verið komið á fót.

Hlutafé samanstendur af eigin fé í útibúum og hlutafé í dótturfyrirtækjum og hlutdeildarfélögum. *Endurfjárfestur hagnaður* nær yfir skuldajöfnun á hlut beins fjárfestis í hagnaði sem ekki er ráðstafað sem arði í dótturfyrirtæki eða tengdum fyrirtækjum og hagnaði útibúa sem ekki er greiddur til beins fjárfestis og sem eru skráð undir *Tekjur af fjárfestingum* (sjá 3.2.3).

Bein fjárfesting í eigin fé og *Skuldir* er aðgreint frekar í samræmi við tegund sambands á milli aðila og í samræmi við stefnumörkun fjárfestingarinnar. Greina má þrjár tegundir beinna fjárfestingarsambanda:

a) **fjárfestingar beinna fjárfesta í beinum fjárfestingarfyrirtækjum (tengdum félögum)**. Þessi flokkur felur í sér fjárfestingastreymi (og birgðir) frá beina fjárfestinum til beinna fjárfestingarfyrirtækja hans (án tillits til þess hvort þau eru undir beinni eða óbeinni stjórn eða áhrifum hans),

b) **öfug fjárfesting**. Þessi tegund sambands nær yfir fjárfestingastreymi (og birgðir) frá beinum fjárfestingarfyrirtækjum (tengd félög) til beina fjárfestisins,

c) **milli annarra eignatengdra félaga**. Þetta nær yfir streymi (og birgðir) á milli fyrirtækja sem stjórna hvorki né hafa áhrif hvort á annað, en eru þó bæði undir stjórn eða áhrifum sama beina fjárfestisins.

6.2. **Verðbréfafjárfesting**

Verðbréfafjárfestingar taka til viðskipta og staða sem tengjast skuldaskjölum eða hlutabréfum, annarra en þeirra sem felast í beinni fjárfestingu eða gjaldeyrisforða. Verðbréfafjárfesting felur í sér *Hlutabréf, Hlutdeildarskírteini* og *Skuldaskjöl*, nema þau séu annaðhvort flokkuð sem bein fjárfesting eða gjaldeyrisforði. Viðskipti með endurkaupasamninga og verðbréfalánveitingu eru undanskilin verðbréfafjárfestingu.

6.2.1. **Hlutabréf (F.51/AF.51)**

Hlutabréf samanstanda af öllum gerningum sem tákna kröfur á hrakvirði fyrirtækis eða einkafyrirtækis sem er ekki lögaðili félaga, eftir að kröfum allra kröfuhafa hefur verið mætt. Hlutabréf veita eigandanum ekki, ólíkt því sem gerist með skuld, rétt á fyrirfram ákveðinni fjárhæð eða fjárhæð sem ákvörðuð er samkvæmt fastsettri formúlu. Hlutabréf samanstanda af *Skráðum* og *Óskráðum hlutabréfum*.

Skráð hlutabréf (F.511/AF.511) eru hlutabréf í viðurkenndri kauphöll eða öðru formi af eftirmarkaði. **Óskráð hlutabréf (F.512/AF.512)** eru hlutabréf sem eru ekki skráð í kauphöll.

6.2.2.**Hlutdeildarskírteini (F.52/AF.52)**

Sjóðir gefa út hlutdeildarskírteini. Þau kallast „einingar“ ef sjóðurinn er fjárvörslusjóður. Fjárfestingarsjóðir eru fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfestar nota til að steypa saman fjármunum til fjárfestingar í fjáreignum og/eða eignum sem eru ekki fjáreignir. Hlutir í hlutdeildarskírteinum hafa sérhæft hlutverk í fjármálaþjónustu sem eins konar sameiginleg fjárfesting í öðrum eignum og eru því auðkennd sérstaklega frá öðrum hlutabréfum. Einnig er meðhöndlun tekna af þeim frábrugðin vegna þess að reikna þarf *Endurfjárfestan hagnað*.

6.2.3.**Skuldaskjöl (F.3/AF.3)**

Skuldaskjöl eru viðskiptabréf sem standa til sönnunar um skuld. Meðal þeirra teljast víxlar, skuldabréf, viðskiptabréf, innstæðubréf, skuldaviðurkenningar, eignavarin verðbréf, peningabréf og svipaðir gerningar sem átt er viðskipti með á fjármálamörkuðum. Viðskipti og staða skuldaskjala er skipt í *Skammtíma* og *Langtíma* eftir upphaflegum lánstíma.

6.2.3.1. **Skuldaskjöl til skamms tíma (F.31/AF.31)**

Skuldaskjöl til skamms tíma eru greidd út þegar þess er krafist eða gefin út með upphaflegan lánstíma til eins árs eða skemur. Þau gefa jafnan eigandanum óskilyrtan rétt til að hljóta tilgreinda, fastsetta fjárhæð á tilteknum degi. Jafnan er átt í viðskiptum með þessa gerninga með afföllum á skipulögðum mörkuðum, og fara afföllin eftir vöxtunum og hversu langt er til gjalddaga.

6.2.3.2. **Skuldaskjöl til langs tíma (F.32/AF.32)**

Skuldaskjöl til langs tíma eru gefin út með upphaflegum lánstíma lengur en til eins árs eða ótilgreindan gjalddaga (að frátöldum þeim sem greiðast út við kröfu, þau teljast til skamms tíma). Þau gefa jafnan eigandanum: a) óskilyrtan rétt á fastsettum peningalegum eða breytilegum tekjum sem ákveðnar eru með samningum (greiðsla vaxta stendur sjálfstætt frá tekjum skuldarans) og b) óskilyrtan rétt til fastsettrar fjárhæðar, sem er endurgreidd af höfuðstóli á tilteknum degi eða dögum.

Skráning viðskipta í greiðslujöfnuði fer fram um leið og lánveitendur eða skuldarar skrá kröfuna eða skuldina í bækur sínar. Viðskipti eru skráð á virku verði sem fæst eða greiðist, að frádregnum umboðslaunum og útgjöldum. Áfallnir vextir frá síðustu vaxtagreiðslu eru þannig innifaldir í tilfellum verðbréfa með arðmiða og einnig vextir sem safnast saman frá útgáfu í þeim tilfellum þegar verðbréf eru gefin út með afföllum. Áfallna vexti á bæði að taka með í fjármagnsjöfnuð greiðslujafnaðarins og í erlendri stöðu þjóðarbúsins og skal færð mótbókun þeirra í viðeigandi lið frumþáttatekna.

6.3. **Afleiður (aðrar en eigið fé) og forkaupsréttur starfsmanna (F.7/AF.7)**

Afleiður eru fjármálagerningar sem tengjast öðrum sérstökum fjármálagerningi eða vísi eða hrávöru og sem hægt er að nota til að versla með tiltekna fjármálaáhættu (s.s. vaxtaáhættu, gengisáhættu, hlutafjár- og hrávöruverðsáhættu, útlánaáhættu o.s.frv.) á fjármálamörkuðum. Flokkur þessi er auðkenndur sérstaklega frá öðrum flokkum vegna þess að hann tengist frekar áhættuyfirfærslu en framboði á fjármunum eða öðru fjármagni. Engar frumþáttatekjur falla á afleiður, ólíkt því sem gerist í öðrum undirflokkum. Hreint flæði í tengslum við vaxtaafleiður er skráð undir afleiðum en ekki fjárfestingartekjum. Viðskipti og stöður í afleiðum skal meðhöndla aðgreint frá verðgildi undirliggjandi þátta sem þeir tengjast. Ef um er að ræða valréttarsamninga er fullur gengismunur (þ.e. kaup-/söluverð valréttarsamninga og uppgefið þjónustugjald) skráður. Endurgreiðanlegar tryggingagreiðslur ná yfir reiðufé eða aðrar tryggingar sem lagðar eru inn til að vernda mótaðila fyrir vanskilaáhættu. Þær eru flokkaðar sem innlán undir annarri fjárfestingu (ef skuldir skuldunauta eru innifaldar/taldar með í heildarfé) eða öðrum viðskiptaskuldum/viðskiptakröfum. Óendurgreiðanlegar tryggingagreiðslur (einnig þekktar sem síðari kröfur um tryggingarfé) lækka fjárskuldbindinguna sem sköpuð var með afleiðu og eru því flokkaðar sem viðskipti með afleiður.

Forkaupsréttur starfsmanna á hlutabréfum er kaupréttur á hlutafé fyrirtækis sem býðst starfsmönnum þess sem hluti af launakjörum þeirra. Ef versla má með hlutabréfavalrétt, sem veittur er starfsmönnum, á fjármálamörkuðum án hafta er hann flokkaður sem afleiða.

6.4. **Önnur fjárfesting**

Önnur fjárfesting er afgangsflokkur sem felur í sér aðrar stöður og viðskipti en þau sem felast í beinni fjárfestingu, verðbréfafjárfestingu, afleiðum og forkaupsrétti starfsmanna á hlutabréfum eða gjaldeyrisforða. Önnur fjárfesting, að því marki sem eftirfarandi flokkar fjáreigna og skulda eru ekki innifaldar í beinni fjárfestingu eða gjaldeyrisforða, er eftirfarandi: a) *Annað hlutafé*, b) *Seðlar og innstæður*, c) *Lán* (þ.m.t. notkun á lánsheimildum og lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum), d) *Lífeyris- og skaðabótasjóðir,* e) *Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur,* f) *Aðrar eignir/skuldir ót.a.* og g) *Úthlutun sérstakra dráttarréttinda* (eignir í sérstökum dráttarréttindum eru taldar með í gjaldeyrisforða).

Fyrir útlán, innstæður og aðrar eignir/skuldir ót.a. sem seldar eru með afföllum getur verðgildi viðskipta, sem skráð eru í fjármagnsjöfnuðinn, verið frábrugðið nafnverði í erlendri stöðu þjóðarbúsins. Slíkur mismunur er bókfærður sem *Endurmat vegna annarra verðlagsbreytinga.*

6.4.1. **Annað hlutafé (F.519/AF.519)**

Annað hlutafé telur með eigið fé sem er ekki í formi verðbréfa, því ekki talið með í fjárfestingum í verðbréfasöfnum. Eigið fé í sumum alþjóðastofnunum er ekki í formi verðbréfa og flokkast því sem *Annað hlutafé*.

6.4.2. **Seðlar og innstæður (F.2/AF.2)**

Seðlar og innstæður fela í sér gjaldmiðil í umferð og innstæður. Innstæður eru staðlaðir, óframseljanlegir samningar sem innlánsstofnanir bjóða gjarnan og leyfa innlögn og síðan úttekt lánveitanda á breytilegum fjárhæðum. Innstæður fela jafnan í sér ábyrgð skuldara á að skila höfuðstólnum aftur til fjárfestisins.

Greinarmunur, sem gerður er á *Útlánum* og *Seðlum og innstæðum* byggist á eðli lántakandans. Þetta felur í sér, á eignahliðinni, að flokka skal fé sem innlendi fjármálageirinn veitir erlendum bönkum sem *Innstæður* og fé, sem innlendi fjármálageirinn veitir öðrum erlendum aðilum en bönkum (þ.e. hageiningum öðrum en bönkum), sem *Útlán*. Á skuldahliðinni skal alltaf flokka fé, sem erlendir aðilar aðrir en bankar taka til sín, þ.e. aðrar peningastofnanir, sem *Útlán*. Að lokum felur þessi greinarmunur í sér að flokka skuli öll viðskipti, sem fela í sér innlendar peningastofnanir og erlenda banka, undir *Innstæður*.

6.4.3. **Útlán (F.4/AF.4)**

Útlán eru fjáreignir sem a) verða til þegar lánveitandi lánar fjármagn beint til skuldara og b) sönnur eru færðar á þau í óframseljanlegum gögnum. Í þeim felast öll útlán, þ.m.t. fasteignaveð, fjármögnunarleiga og aðgerðir að hætti endurhverfra verðbréfakaupa. Allar aðgerðir af gerð endurhverfra verðbréfakaupa, þ.e. endurkaupasamningar, sölu-/endurkaupaaðgerðir og verðbréfalánveitingar (með skipti á reiðufé sem veð) skal meðhöndla sem útlán með veði, ekki sem afdráttarlaus kaup/sala á verðbréfum sem er skráð undir *Aðra fjárfestingu* innan þess innlenda geira sem annaðist aðgerðina. Meðhöndlun þessari, sem er einnig í samræmi við reikningsskilavenju banka og annarra fjármálafyrirtækja, er ætlað að endurspegla af meiri nákvæmni þær efnahagslegu grunnforsendur sem standa að baki þessum fjármálagerningum.

6.4.4. **Lífeyris- og skaðabótasjóðir (F.6/AF.6)**

Þar með talið er eftirfarandi: a) skaðatryggingasjóð (F.61), b) líftryggingar og lífeyrisréttindi (F.62), c) lífeyrisréttindi, kröfur frá lífeyrissjóðnum á stjórnanda sjóðsins og réttindi í bótasjóð (F.63+F.64+F.65) og d) veitingu á kauprétti samkvæmt staðlaðri ábyrgðarþjónustu (F.66).

6.4.5. **Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur (F.81/AF.81)**

Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur eru fjárkröfur sem stafa af því að þeir sem bjóða vöru og þjónustu veita viðskiptavinum sínum lengri greiðslufrest og fyrirframgreiðslur fyrir vinnu, sem stendur yfir eða hefur ekki hafist, í formi fyrirframgreiðslu á vörum og þjónustu sem hvorugt hefur enn verið veitt. Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur stafa af því að greiðsla fyrir vörur eða þjónustu fer ekki fram á sama tíma og vörur skipta um eigendur eða þjónusta er veitt.

6.4.6. **Aðrar eignir/skuldir ót.a. (F.89/AF.89)**

Flokkur þessi samanstendur af öðrum kröfum eða skuldum en þeim sem eru innifaldar í viðskiptakröfum og fyrirframgreiðslum eða öðrum gerningum. Hann tekur til fjáreigna og skulda sem stofnað er til sem mótaðildar í viðskiptum ef um er að ræða tímamismun á milli þessara viðskipta og samsvarandi greiðslna. Hann felur í sér skattaskuldir, kaup og sölu á verðbréfum, þóknanir fyrir verðbréfalánveitingar og útlán á gulli, launakostnað, arðgreiðslur og framlög til almannatrygginga sem hafa safnast upp en ekki enn verið greidd.

6.4.7. **Úthlutun sérstakra dráttarréttinda (e. *SDR*) (F.12/AF.12)**

Úthlutanir sérstakra dráttarréttinda til aðila Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru sýndar sem skuldir sem viðtakandinn hefur stofnað til í sérstökum dráttarréttindum í *Öðrum fjárfestingum* með samsvarandi færslu undir sérstökum dráttarréttindum í *Gjaldeyrisforða*.

6.5. **Gjaldeyrisforði**

Gjaldeyrisforði er þær erlendu eignir sem eru ætíð aðgengilegar yfirvöldum á sviði peningamála og undir stjórn þeirra, til að mæta fjármögnunarþörf þeirra vegna greiðslujafnaðar, til að grípa inn í gjaldeyrismarkaði til að stjórna gengi gjaldmiðilsins og vegna skyldra þátta (s.s. til að viðhalda trausti á gjaldmiðlinum og hagkerfinu, eða með það hlutverk að vera grundvöllur erlendrar lántöku). Gjaldeyrisforði verður að vera eign í erlendum gjaldmiðli, kröfur gagnvart erlendum aðilum og eignir sem eru raunverulega til. Hugsanlegar eignir eru undanskildar. Að baki hugtakinu um gjaldeyrisforða eru hugmyndir yfirvalda á sviði peningamála um „stjórnun“ og „tiltækileika“.

6.5.1. **Gulleign seðlabanka (F.11/AF.11)**

Gulleign seðlabanka er gull sem yfirvöld á sviði peningamála (eða aðrir sem falla undir skilvirkt eftirlit yfirvalda á sviði peningamála) hafa rétt á og er geymt sem gjaldeyrisforði. Hún tekur til *Gullstanga* og *Óskiptra gullreikninga* erlendra aðila sem eiga rétt til að krefjast afhendingar gulls.

6.5.1.1. **Gullstangir** taka á sig form myntar, málmhleifa eða stanga sem hafa a.m.k. 995 hluta hreinleika á hverja 1000, þ.m.t. gullstangir sem geymdar eru í skiptum gullreikningum.

6.5.1.2. **Óskiptir gullreikningar** standa fyrir kröfur gegn umráðanda reikningsins um að afhenda gull. Reikningsveitandi hefur, fyrir þessa reikninga, rétt á bindigrunni efnislega skipts gulls og leggur fram á hendur reikningseigendum kröfur sem bundnar eru verðgildi gulls. Óskiptir gullreikningar, sem ekki eru flokkaðir sem gulleign seðlabanka,teljast með sem *Seðlar og innstæður* í *Aðrar fjárfestingar*.

6.5.2. **Sérstök dráttarréttindi (F.12/AF.12)**

Sérstök dráttarréttindi (e. *SDR*) er alþjóðlegur gjaldeyrisforði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur stofnað og úthlutar aðilum til viðbótar við þann opinbera forða sem fyrir er. Einungis gjaldeyrisyfirvöld í aðildarríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og takmarkaður fjöldi alþjóðlegra fjármálastofnana sem eru löggildir vörsluaðilar, eru handhafar sérstakra dráttarréttinda.

6.5.3. **Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn**

Staðan er summa a) „kvóta“ (e. *reserve tranche*) aðildarríkja, sem er sú upphæð í erlendum gjaldeyri þ.m.t. sérstök dráttarréttindi, sem aðildarríki geta tekið út hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með skömmum fyrirvara og b) sérhver skuldsetning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á almennum fjármagnsreikningi sem er aðildarríkinu ætíð aðgengilegur.

6.5.4. **Aðrar eignir í gjaldeyrisforða**

Ná yfir: *Seðla og innstæður, Verðbréf, Afleiður* og *Aðrar kröfur.* Með *Innstæðum* er átt við þær sem eru til reiðu án tafar. *Verðbréf* fela í sér seljanlegt og markaðshæft eigið fé og verðbréf sem erlendir aðilar gefa út, þ.m.t. hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum. *Afleiður* eru aðeins skráðar í gjaldeyrisforða ef afleiðurnar sem lúta að stjórnun gjaldeyrisforðans eru óaðskiljanlegar frá verðmati slíkra eigna. *Aðrar kröfur* fela í sér lán til annarra erlendra aðila en banka, langtímalán til fjárvörslureiknings Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og aðrar fjáreignir sem ekki voru áður taldar með en standa undir skilgreiningunni á gjaldeyrisforða.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/8/06

frá 4. júní 2013

um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu

(2013/262/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 1. mgr. 111. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þriðja landi er heimilt að óska eftir því við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, að hún meti hvort reglurammi þess lands fyrir virk efni, sem eru flutt út til Sambandsins, og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar tryggi lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í því skyni að vera fært á skrá yfir þriðju lönd sem tryggja jafngilda lýðheilsuvernd.

2) Í bréfi, dagsettu 6. desember 2012, óskaði Japan eftir að vera fært á skrá í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB. Jafngildismat framkvæmdastjórnarinnar staðfesti að kröfunum í þeirri grein væri fullnægt.

3) Breyta ætti framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/715/ESB um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins á ráðsins 2001/83/EB ([2]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 4. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 152, 5.6.2013, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 27.03.2014, bls. 20.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 23.11.2012, bls. 15.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Þriðja land	Athugasemdir
Ástralía	
Japan	
Sviss“	

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar **2015/EES/8/07**

frá 21. maí 2013

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir kranavörur til hreinlætisnota

(tilkynnt með númeri C(2013) 2826)

(2013/250/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

3) Þar sem notkun á vatni og orkunni til að hita vatnið er umtalsverður skerfur af framlagi heimila, og húsnæðis sem telst ekki vera heimili, til heildarumhverfisáhrifa er rétt að koma á umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „kranavörur til hreinlætisnota“. Viðmiðunin ætti einkum að koma á framfæri vatnsnýtnum vörum draga úr vatnsnotkun og um leið úr notkun á orkunni sem þarf til vatnshitunar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Vöruflokkurinn „kranavörur til hreinlætisnota“ skal samanstanda af: heimiliskrönum, sturtuhausum og sturtum sem eru aðallega notuð til að leiða vatn til hreinlætisnota, þrifa, eldunar og drykkjar, þ.m.t. þegar þau eru sett á markað til nota sem eru ekki á heimilum.

2. Eftirfarandi vörur eru undanskildar vöruflokknum „kranavörur til hreinlætisnota“:

a) kranar á baðker,

b) sturtur með tveimur stöngum/handföngum,

c) kranavörur til sérstakra hreinlætisnota sem eiga sér ekki stað á heimilum,

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „krani“: loki sem vatn er leitt frá, beint eða óbeint, vélrænt og/eða sjálfvirkt,

2) „sturtuhaus“:

   a) sturtuúttak sem er fest upp eða til hliðar, vatnsstútar eða svipaður búnaður sem getur verið stillanlegur og sem beinir vatni úr veitukerfi á notanda eða

   b) færanleg handsturta sem er tengd krana með sturtubarka og hægt er að hengja beint á kranann eða á vegginn með viðeigandi upphengibúnaði,

3) „sturta“: sturtuhaus og tengdir stjórnlokar og/eða búnaður sem eru saman í umbúðum og seld sem sett,

4) „sturta með tveimur stöngum/handföngum“: sturta sem er búin aðskildum stöngum eða handföngum til að stjórna vatnsstreyminu, heitu og köldu,

5) „rafmagnssturta“: sturta með búnaði sem hitar vatnið fyrir sturtuna á staðnum með raforku,

6) „kranavörur til sérstakra hreinlætisnota sem eiga sér ekki stað á heimilum“: kranavörur til hreinlætisnota sem krefjast óhindraðs vatnsflæðis til að uppfylla fyrirhugað hlutverk sitt utan heimila,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2013, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 27.03.2014, bls. 38.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

7) „búnaður sem takmarkar vatnsflæði“: tæknibúnaður sem takmarkar vatnsflæði við gefið magn og gefur aðeins færi á meira vatnsflæði ef notandinn virkjar það yfir valið tímabil og fyrir eina notkun.

8) „mesta mögulega vatnsflæði“: mesta mögulega vatnsflæði frá kerfinu eða einstöku tæki,

9) „minnsta mögulega vatnsflæði“: minnsta vatnsflæði sem er mögulegt frá kerfinu eða einstöku tæki þegar lokinn er opinn að fullu,

10) „tæknilegur öryggisþáttur“: búnaður sem er hluti af kranavöru til hreinlætisnota sem er stýrt með nema til að koma í veg fyrir sírennsli með því að stöðva vatnsflæði eftir fyrirfram ákveðinn tíma, þó að það sé manneskja eða hlutur innan svæðisins sem neminn nær yfir.

3. gr.

Viðmiðanirnar fyrir veitingu umhverfismerkis ESB, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 fyrir vöru sem fellur undir vöruflokkinn „kranavörur til hreinlætisnota“, sem skilgreindur er í 1. gr. þessarar ákvörðunar, sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

Viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat, sem settar eru fram í viðaukanum, skulu gilda í fjögur ár frá þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „40“ notað fyrir vöruflokkinn „kranavörur til hreinlætisnota“.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR OG KRÖFUR UM MAT OG SANNPRÓFUN VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir kranavörur til hreinlætisnota:

1. Vatnsnotkun og orkusparnaður sem tengist henni
2. Efni í snertingu við drykkjarvatn
3. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur
4. Gæði og ending vöru
5. Umbúðir
6. Notandaupplýsingar
7. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, greiningar, prófunarskýrslur eða önnur gögn til að sýna fram á að viðmiðanirnar hafi verið uppfylltar mega þau gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar í Evrópustaðlinum EN ISO 17025([2]) eða sambærilegum staðli.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Skilyrði er að varan uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins (landanna) þar sem er fyrirhugað er að setja hana á markað. Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

Viðmiðun 1. Vatnsnotkun og orkusparnaður sem tengist henni

a) *Mesta mögulega vatnsflæði*

Mesta mögulega vatnsflæði kranavara til hreinlætisnota, óháð vatnsþrýstingi, skal ekki vera meira en gildin sem gefin eru upp í töflu 1.

Tafla 1

Mesta mögulega vatnsflæði fyrir „kranavörur til hreinlætisnota“

Undirflokkur vöru		Vatnsflæði [l/mín]
Eldhúskranar	án búnaðar sem takmarkar flæði	6,0
	með búnaði sem takmarkar flæði([1])	8,0
Handlaugakranar	án búnaðar sem takmarkar flæði	6,0
	með búnaði sem takmarkar flæði ([1])	8,0
Sturtuhausar og sturtur ([2])		8,0

([1]) Hægt þarf að vera að stilla sjálfgefið vatnsflæði (vatnssparandi stilling) búnaðarins sem takmarkar flæðið á hámarksgildið 6 l/mín. Mesta mögulega vatnsflæði skal ekki vera meira en 8 l/mín.
([2]) Sturtuhausar og sturtur sem hafa fleiri en eina úðategund skulu uppfylla kröfurnar um stillingarnar fyrir mesta vatnsflæði.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að varan uppfylli kröfuna og tilgreina hámarksvatnsflæði (í l/mín) vörunnar sem óskað er eftir merkingu fyrir, ásamt niðurstöðum úr prófunum sem framkvæmdar eru í samræmi við prófunaraðferðir sem eru gefnar upp í viðkomandi EN-stöðlum fyrir tilteknu vöruna (sjá töflu 2). Prófunin skal fara fram við 1,5, 3,0 og 4,5 bara (± 0,2 bör) þrýsting ef fullyrt er að vörurnar séu hentugar fyrir háþrýstilagnir (dæmigert er 1,0 til 5,0 bör) eða við þrýstinginn 0,2, 0,3 og 0,5 bör (± 0,02 bör) ef fullyrt er að varan henti fyrir lágþrýstilagnir

([2]) ISO/IEC 17025:2005 Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa

(dæmigert er 0,1 til 0,5 bör). Meðalgildi þriggja mælinga skal ekki vera hærra en hámarksgildi flæðis sem eru gefin upp í töflu 1. Vatnsflæði í krönum sem eru aðeins fyrir heitt eða kalt vatn og í eldhúsblöndunartækjum með loka skal vera summa heita og kalda vatnsflæðisins úr krönunum, þ.e. heildarflæðið í vaskinn. Ef um er að ræða vörur sem hafa sparnaðarstillingar (þ.e. búnað sem takmarkar flæði) skal auk þess leggja inn lýsingu á þeim búnaði sem er notaður (þ.e. helstu tækniþætti hans og uppsetningu á honum, stillingar og notkunarleiðbeiningar).

Tafla 2

EN-staðlar varðandi vöruflokkinn „kranavörur til hreinlætisnota“

Númer	Heiti
EN 200	Kranavörur til hreinlætisnota. Stakir kranar og samsetning krana fyrir vatnsveitukerfi af gerð 1 og gerð 2 – almenn tækniforskrift
EN 816	Kranavörur til hreinlætisnota. Sjálfvirkur stopploki (PN10)
EN 817	Kranavörur til hreinlætisnota. Vélrænir blöndunarlokar (PN10) – almenn tækniforskrift
EN 1111	Kranavörur til hreinlætisnota. Hitastýrðir blöndunarlokar (PN10) – almenn tækniforskrift
EN 1112	Kranavörur til hreinlætisnota. Sturtuúttök fyrir kranavörur til hreinlætisnota fyrir vatnsveitukerfi af gerð 1 og gerð 2 – almenn tækniforskrift
EN 1286	Kranavörur til hreinlætisnota. Vélrænir blöndunarlokar fyrir lágan þrýsting Almenn tækniforskrift
EN 1287	Kranavörur til hreinlætisnota. Hitastýrðir blöndunarlokar fyrir lágan þrýsting Almennar tækniforskriftir
EN 15091	Kranavörur til hreinlætisnota. Kranavörur til hreinlætisnota með rafopnun og -lokun
EN 248	Kranavörur til hreinlætisnota. Almennar forskriftir fyrir rafhúðun með nikkel og krómi
EN60335-1	Heimilistæki og ámóta raftæki
EN60335-2-35	Heimilistæki og ámóta raftæki - Öryggi - Sérstakar kröfur vegna gegnumstreymis-vatnshitara

b) *Minnsta mögulega vatnsflæði*

Minnsta mögulega vatnsflæði kranavara til hreinlætisnota, óháð vatnsþrýstingi, skal ekki vera minna en gildin sem gefin eru upp í töflu 3.

Tafla 3

Minnsta mögulega vatnsflæði fyrir „kranavörur til hreinlætisnota“

Undirflokkur vöru	Vatnsflæði [l/mín]
Eldhúskranar	2,0
Handlaugakranar	2,0
Sturtur og sturtuhausar	4,5
Rafmagnssturtur og sturtur fyrir lágan þrýsting([1])	3,0

([1]) Vörur sem eru markaðssettar sem hentugar fyrir lágþrýstilagnir og er dæmigert að séu notaðar fyrir 0,1 til 0,5 bör.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að varan uppfylli kröfuna og tilgreina lágmarksvatnsflæði vörunnar sem óskað er eftir merkingu fyrir, ásamt niðurstöðum úr prófunum sem framkvæmdar eru í samræmi við prófunaraðferðir sem eru gefnar upp í viðkomandi EN-stöðlum fyrir tilteknu vöruna (sjá töflu 2). Prófunin skal fara fram

við 1,5, 3,0 og 4,5 bara (± 0,2 bör) þrýsting ef fullyrt er að vörurnar séu hentugar fyrir háþrýstilagnir (dæmigert er 1,0 til 5,0 bör) eða við þrýstinginn 0,2, 0,3 og 0,5 bör (± 0,02 bör) ef fullyrt er að varan henti fyrir lágþrýstilagnir (dæmigert er 0,1 til 0,5 bör). Meðalgildi þriggja mælinga skal ekki vera lægra en flæðisgildin sem eru gefin upp í töflu 3. Vatnsflæði í krönum sem eru aðeins fyrir heitt eða kalt vatn og í eldhúsblöndunartækjum með loka skal vera summa heita og kalda vatnsflæðisins úr krönunum, þ.e. heildarflæðið í vaskinn.

c) Stýring á hitastigi

Kranavörur til hreinlætisnota skulu hafa þróaðan búnað eða tæknilausn sem gerir endanlegum notanda kleift að stýra hitastigi og/eða heitu vatni, t.d. með því að takmarka vatnshitann eða heitavatnsveitu eða með hitastilli.

Tilgreina skal lausnina sem veitir notandanum nákvæma stjórn á hitastigi vatns úr krananum eða sturtunni, óháð hitunarkerfinu sem þau eru tengd. Meðal mögulegra lausna gætu t.d. verið heitavatnstálmi, kaldavatnsveita í miðstillingu og/eða hitastýrður blöndunarloki.

Kranavörur til hreinlætisnota, sem eru hannaðar fyrir vatnsveitu sem er þegar hitastýrð, og sturtuhausa skulu undanþegin þessum viðmiðunum.

***Mat og sannprófun*:** Umsækjandinn skal lýsa því yfir í umsókninni til þar til bæru stofnunarinnar að varan uppfylli kröfuna og afhenda gögn með lýsingu á tækninni eða búnaðinum sem er notaður í vöruna. Ef vatnsveitan er þegar hitastýrð skal umsækjandinn skýra hinn tiltekna tæknilega eiginleika sem gerir kranavöruna til hreinlætisnota hentugt tæki fyrir þessa gerð kerfis.

d) Tímastýring

Þessi viðmiðun gildir um kranavörur til hreinlætisnota sem eru seldar eða markaðssettar með búnaði til tímastýringar (þ.e. búnaði sem stöðvar vatnsflæði eftir tiltekinn tíma ef þær eru ekki notaðar, t.d. nemum sem stöðva vatnsflæðið ef notandi fer út fyrir svæðið sem neminn nær yfir, eða eftir forstilltan notkunartíma, t.d. með tímastillum sem stöðva vatnsflæðið þegar hámarkstíma flæðis er náð).

Ef kranavörurnar til hreinlætisnota eru búnar tímastillum skal forstillta flæðistímabilið ekki vera lengra en 15 sekúndur fyrir krana og 35 sekúndur fyrir sturtur. Varan skal engu að síður hönnuð þannig að sá sem annast uppsetningu geti stillt flæðistímann í samræmi við fyrirhugaða notkun á vörunni.

Ef kranavörurnar til hreinlætisnota eru búnar nemum skal tíminn, sem líður á milli þess að skrúfað er fyrir flæði og notkun hættir, ekki vera meiri en 1 sekúnda fyrir krana og 3 sekúndur fyrir sturtur. Kranavara til hreinlætisnota sem er búin nema skal auk þess hafa innbyggðan tæknilegan öryggisþátt sem er forstilltur þannig að skrúfað er fyrir flæði eftir 2 mínútur, að hámarki, til að koma í veg fyrir slys eða sírennsli vatns úr krönum eða sturtum sem eru ekki í notkun.

Mat og sannprófun: Varan eða kerfið skal prófað við þrýstingssviðið sem áskilið er (3,0 bör (± 0,2 bör) vegna loka fyrir hærri þrýsting eða 0,5 bör (± 0,02 bör) vegna loka fyrir lægri þrýsting) til að sannprófa að tímastýringin skrúfi fyrir innan vikmarka sem eru 10% af þeim tíma sem umsækjandinn tiltekur. Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu, sem hluta af umsókninni til þar til bærrar stofnunar, um að varan uppfylli kröfuna og tilgreina tegund lausnarinnar sem er notuð og felst í tæknilegum þáttum vörunnar (vegna tímastýringar: forstilling á tíma vatnsflæðis og vegna nema: tíminn sem líður milli þess sem skrúfað er fyrir flæði og notkun lýkur) og afhenda niðurstöður úr prófun sem er gerð í samræmi við EN-staðal 15091 fyrir kranavöru með rafopnun og -lokun eða EN 816 fyrir sjálfvirka stopploka.

Viðmiðun 2. Efni í snertingu við drykkjarvatn

Efnafræðilegir eiginleikar og hollustuhættir efna í snertingu við drykkjarvatn

Efni sem eru notuð í vörur sem komast í snertingu við drykkjarvatn, eða óhreinindi sem tengjast þeim, skulu ekki losa nein efnasambönd út í neysluvatn í styrk sem er hærri en þörf er á vegna notkunar þeirra og skulu ekki draga úr heilsuvernd manna, hvorki beint né óbeint([3]). Þau skulu ekki valda því að gæði neysluvatns spillist að því er varðar útlit, lykt eða bragð. Engar breytingar skulu verða á efnunum sem gætu dregið úr nothæfi vörunnar innan marka réttrar notkunar (þ.e. notkunarskilyrðin, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi EN-stöðlum sem eru gefnir upp í töflu 2). Verja skal efni sem hafa ekki fullnægjandi þol gegn tæringu svo að þau valdi ekki heilbrigðisáhættu.

([3]) Ákvæði 10. gr. tilskipunar ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að varan uppfylli kröfuna og afhenda viðkomandi gögn eða niðurstöður úr prófun, eins og tilgreint er hér á eftir:

Málmefni sem eru notuð í kranavörur til hreinlætisnota og eru í snertingu við drykkjarvatn skulu vera á jákvæðu skránni sem gefin er upp í viðbætinum, „Samþykki fyrir málmefnum fyrir vörur sem eru í snertingu við drykkjarvatn". Umsækjandinn skal afhenda yfirlýsingu um að þessi krafa sé uppfyllt. Ef málmefnin eru ekki á þessari jákvæðu skrá skal leggja fram niðurstöður úr prófunum sem eru framkvæmdar í samræmi við aðferðina við „Að bæta efnum í efnaflokk á skrána yfir samsetningar", eins og lýst er í viðbætinum, með því að nota EN-staðal 15664-1. Ef skyldubundnar landsreglur gilda í aðildarríkinu þar sem varan verður sett á markað skal í staðinn lagt fram vottorð um samþykki, gefið út af landsyfirvaldi eða rannsóknarstofu sem ber þá ábyrgð, fyrir málmefnunum og/eða vörunni

Lífræn efni sem eru í snertingu við drykkjarvatn skulu prófuð í samræmi við viðkomandi kröfur í aðildarríkinu þar sem varan verður sett á markað. Leggja skal fram vottorð, eða, ef við á, niðurstöður úr prófun, sem eru gefin út af landsyfirvaldi eða rannsóknarstofu sem ber þá ábyrgð.

Ef landsreglur krefjast þess, eða aðildarríkið þar sem varan er sett á markað, skal leggja fram niðurstöður úr prófun vegna aukins vaxtar örvera og úr lyktar- og bragðmati á vatni.

Viðmiðun 3.Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur

a) *Hættuleg efni og blöndur*

Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB skal varan, eða einhvern hlutur úr henni([4]), ekki innihalda efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun með hættusetningum, sem eru tilgreindar hér á eftir, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008([5]) eða tilskipun ráðsins 67/548/EBE([6]), né innihalda efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006([7]). Hættusetningarnar hér á eftir eiga almennt við um efni. Ef ekki er hægt að fá upplýsingar um efni skulu þó flokkunarreglurnar fyrir blöndur gilda.

Skrá yfir hættusetningar

Hættusetning ([1])	H-setning ([2])
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24
H330 Banvænt við innöndun	H23/26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/61/60-61

([4]) Í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) er „hlutur": gripur sem fær í framleiðsluferlinu sérstaka lögun, áferð eða útlit sem ræður meiru um hlutverk hans en efnafræðileg samsetning hans.
([5]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

Hættusetning ([1])	H-setning ([2])
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61/62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.	H62-63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64
H370 Skaðar líffæri	H39/23/24/25/26/27/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20/21/22
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/25/24/23
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/20/21/22
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50-53
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51-53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
H413 Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H32
ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu	H39-41

([1]) Reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
([2]) Tilskipun 67/548/EBE með aðlögun að REACH samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/121/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB með áorðnum breytingum.
([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 850.
([2]) Stjtíð. ESB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

Efni eða blöndur sem breyta eiginleikum sínum við vinnsluna (þ.e. verða ekki lengur lífaðgengilegar eða verða fyrir efnabreytingum þannig að áður tilgreind hætta hverfur) eru undanþegnar kröfunni hér að framan.

Styrkleikamörk fyrir efni eða blöndur, sem kunna að hafa fengið eða hafa fengið úthlutað hættusetningunum sem eru tilgreindar hér á undan, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka eða hættuundirflokka, og fyrir efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir almennu eða sértæku styrkleikamörkin sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Ef sértæk styrkleikamörk eru ákvörðuð skulu þau ganga framar almennum styrkleikamörkum.

Styrkleikamörk fyrir efni, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í d-, e- eða f-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir 0,1% miðað við þyngd.

Ekki má merkja fullunnu vöruna samkvæmt hættusetningunum hér að framan.

Eftirfarandi efni/efnisþættir eru sérstaklega undanþegin þessari kröfu:

Nikkel í ryðfríu stáli af öllum gerðum	Allar hættusetningar
Hlutir og einsleitir hlutar í kranavörum til hreinlætisnota sem eru í snertingu við drykkjarvatn og sem eru gerðir úr málmblöndum sem falla undir d-lið 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og eru skráðar í B-hluta „Samþykki fyrir málmefnum fyrir vörur sem eru í snertingu við drykkjarvatn - sameiginleg nálgun“ eða uppfylla kröfurnar sem verður bætt við þá skrá eins og tilgreint er í viðbætinum.	Allar hættusetningar
Nikkel í varnarhúðun, ef nikkellosun úr nikkellagi eða húðun sem inniheldur nikkel á innra yfirborði vara sem er ætlað að vera í snertingu við drykkjarvatn er ekki meiri en 10 µg/l, prófað í samræmi við EN-staðal 16058(*) (**).	Allar hættusetningar
Rafeindaíhlutir í kranavörum til hreinlætisnota sem uppfylla kröfur í tilskipun 2011/65/ESB(***)	Allar hættusetningar

(*) Ef fyrir eru landsbundnar kröfur í aðildarríkinu þar sem varan verður sett á markað, eða viðkomandi prófunaraðferð vegna nikkellosunar úr húðun, er hægt að leggja fram sönnun þess að þær landsbundnu kröfur séu uppfylltar í stað þess að sanna að þessi krafa sé uppfyllt.

(**) EN 16058 „Influence of metallic materials on water intended for human consumption — Dynamic rig test for assessment of surface coatings with nickel layers — Long-term test method“.

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði.

Mat og sannprófun: Að því er varðar sérhvern hluta vörunnar eða einsleitan hluta hennar skal umsækjandinn a.m.k. leggja fram, af þeim upplýsingum sem uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt skyldum skjölum, s.s. yfirlýsingu um samræmi sem birgjar hans undirrita, um að efnin eða efniviðurinn séu ekki flokkuð í neinn þeirra hættuflokka sem tengjast hættusetningunum sem um getur í skránni hér á undan í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt. Þessi yfirlýsing skal studd með samanteknum upplýsingum um viðeigandi eiginleika, sem tengjast hættusetningunum sem um getur í skránni hér að framan, með þeirri sundurliðun sem er tilgreind í 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Kröfur um samantekt öryggisblaða).

Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguaðferða á borð við aðferðir í glasi, með líkönum af megindlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Eindregið er mælt með því að viðeigandi gögnum sé miðlað.

Þær upplýsingar sem lagðar eru fram skulu tengjast formi eða eðlisástandi efnisins eða blandnanna eins og þær eru notaðar í fullunnu vörunni.

Vegna efna, sem eru skráð í IV. og V. viðauka við efnareglurnar (REACH) og eru undanþegin skráningarskyldu skv. a-og b-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er yfirlýsing þess efnis fullnægjandi til að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram hér að framan.

b) *Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006*

Ekki skal veita neina undanþágu frá útilokuninni í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem eru fyrir hendi í blöndum, í hlutum eða einhverjum einsleitum hluta flókins hlutar í styrk sem er > 0,1%. Sértæk styrkleikamörk, sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, skulu gilda í tilvikum þar sem styrkurinn er lægri en 0,1%.

Mat og sannprófun: Skrána yfir efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er að finna á vefsetri Efnastofnunar Evrópu([8]).

Vísun í skrána skal vera frá umsóknardeginum. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt skyldum skjölum, þ.m.t. yfirlýsingu um samræmi sem efnabirgjar undirrita, og afrit af viðeigandi öryggisblöðum fyrir efni eða blöndur í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 fyrir efni eða blöndur. Tilgreina skal styrkleikamörk fyrir efni og blöndur í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

([8]) http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp

Viðmiðun 4. Gæði og ending vöru

a) *Almennar kröfur*

Varan skal uppfylla almennar kröfur samkvæmt viðkomandi EN-stöðlum sem eru skráðir í töflu 2 eða samsvarandi skyldubundnum landsreglum. Krafan varðandi vatnsflæði er undanskilin þessari viðmiðun.

Ef við á skal vera hægt að þrífa þætti í vörunni, sem getur verið nauðsynlegt við eðlileg notkunarskilyrði, með því að nota einföld verkfæri eða efni.

b) *Ástand óvarins yfirborðs og gæði nikkel- og krómhúðunar*

Vara til hreinlætisnota sem hefur málmhúðun með nikkeli eða krómi (óháð eðli undirstöðuefnisins) skal uppfylla EN-staðalinn 248.

c) *Möguleiki á viðgerðum og tiltækileiki varahluta*

Varan skal vera hönnuð þannig að endanlegur notandi eða tæknimaður með sérþekkingu, eins og við á, geti auðveldlega skipt út þeim þáttum hennar sem eru útskiptanlegir. Upplýsingar um hvaða þáttum er hægt að skipta út skulu tilgreindar ítarlega á upplýsingablaðinu sem fylgir vörunni. Umsækjandinn skal einnig leggja fram ítarlegar leiðbeiningar um framkvæmd grunnviðgerða fyrir endanlegan notanda eða þjálfaða sérfræðinga, eins og við á.

Umsækjandinn skal enn fremur tryggja að varahlutir séu tiltækir í a.m.k. sjö ár frá því að framleiðslu lýkur.

d) *Ábyrgð*

Umsækjandinn skal veita að lágmarki 4 ára ábyrgð vegna viðgerða eða útskiptinga.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu, sem hluta af umsókninni, um að varan uppfylli þessar kröfur og afhenda þar til bærri stofnun sýnishorn af upplýsingablaði vörunnar og skilmálum ábyrgðarinnar.

Að því er varðar a- og b-lið skal umsækjandinn að auki afhenda, sem hluta af umsókninni, þar til bærri stofnun niðurstöður úr prófununum sem voru framkvæmdar í samræmi við staðlana sem eru skráðir í töflu 2, að því er varðar a-lið, og EN-staðalinn 248, að því er varðar b-lið.

Viðmiðun 5. Umbúðir

Umbúðir skulu standast eftirtaldar kröfur:

a) auðvelt skal vera að skilja mismunandi efni umbúðanna að í höndunum til þess að auðvelda endurvinnslu,

b) ef pappaumbúðir eru notaðar skulu a.m.k. 80 % þeirra vera úr endurunnu efni.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að varan uppfylli kröfuna og afhenda þar til bærri stofnun sýnishorn af umbúðunum, sem hluta af umsókninni.

Viðmiðun 6. Notandaupplýsingar

Vörunni skulu fylgja viðeigandi upplýsingar fyrir notendur þar sem gefin eru ráð um rétta og umhverfisvæna notkun, svo og um viðhald hennar. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja vörunni á prenti (á umbúðum og/eða koma fram í gögnum sem fylgja henni) og/eða á rafrænu formi:

a) upplýsingar um að helstu umhverfisáhrifin tengist notkunarfasa vörunnar, þ.e. vatnsneyslu og orkunni sem þarf til vatnshitunar, og ráð um hvernig skynsamleg notkun getur haldið umhverfisáhrifum í lágmarki,

b) upplýsingar um að vörunni hafi verið veitt umhverfismerki ESB ásamt stuttri en nákvæmri skýringu á því hvað það merkir, auk þeirra almennu upplýsinga sem koma fram við hlið kennimerkis umhverfismerkisins,

c) hámarksflæði í l/mín (prófað eins og gefið er upp í a-lið 1. viðmiðunar),

d) leiðbeiningar um uppsetningu, þ.m.t. upplýsingar um þann tiltekna þrýsting sem varan hentar fyrir,

e) ráð varðandi vandamál vegna staðins vatns og aðvörun, tengd þeim, um að drekka ekki kranavatn eftir að það hefur staðið lengi (á við um krana) s.s. „Til að koma í veg fyrir sóun á drykkjarvatni má nota staðið vatn (t.d. vatn frá morgninum eða frá því eftir orlofsdaga) til að sturta niður úr salernum, nota í sturtu eða til garðvökvunar, svo dæmi séu tekin“.

f) ráð um rétta notkun og viðhald vörunnar (þ.m.t. þrif og fjarlæging á kalki), þar sem fram koma allar leiðbeiningar sem skipta máli, einkum:

i. ráð um viðhald og notkun vara,

ii. upplýsingar um hvaða varahlutum er hægt að skipta út,

iii. leiðbeiningar varðandi útskipti á skífum ef kranar leka vatni,

iv. ráð um þrif á kranavörum til hreinlætisnota með viðeigandi efnum til þess að koma í veg fyrir skemmdir á innra og ytra yfirborði þeirra,

v. ráð um reglubundið og rétt viðhald á loftblöndurum.

Ef kranavörur til hreinlætisnota (fyrir utan sturtuhausa) eru ekki búnar tímastýringu skal eftirfarandi texti hafður sýnilegur á umbúðum vörunnar:

„Þessi ESB umhverfismerkta vara er ætluð til heimilisnota. Hún er ekki ætluð til tíðrar notkunar, né af mörgum, á stöðum utan heimilis (t.d. í almenningsaðstöðu í skólum, á skrifstofum, sjúkrahúsum, í sundlaugum)“.

Ef kranavörur til hreinlætisnota eru búnar tímastýringu skal eftirfarandi texti hafður sýnilegur á umbúðum vörunnar:

„Þessi ESB umhverfismerkta vara er einkum ætluð til tíðrar notkunar, og af mörgum, á stöðum utan heimilis (t.d. í almenningsaðstöðu í skólum, á skrifstofum, sjúkrahúsum, í sundlaugum)“.

Upplýsingar um þörfina á að athuga hvort „vatnssparandi sturtuhausar“ samræmist rafmagnssturtum skulu hafðar með á upplýsingablaði vörunnar, t.d. „Vinsamlegast athugið hvort þessi vatnssparandi sturtuhaus er samrýmanlegur við sturtukerfið sem er til staðar ef ætlunin er að nota hann með rafmagnssturtu“.

***Mat og sannprófun*:** Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að varan uppfylli kröfuna og afhenda þar til bærri stofnun sýnishorn af upplýsingum ætluðum notendum, sem hluta af umsókninni, og/eða tengil á vefsetur framleiðandans sem inniheldur þessar upplýsingar.

Viðmiðun 7. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Á valkvæða merkimiðanum með textareitnum skal vera eftirfarandi texti:

— Aukin vatnsnýtni

— Auknir möguleikar á orkusparnaði

— Með þessari vottuðu vöru sparast vatn, orka og fé.

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/promo/pdf/logo%20guidelines.pdf

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af merkimiðanum ásamt yfirlýsingu um að þessi viðmiðun hafi verið uppfyllt.

Viðbætir

Eftirfarandi upplýsingar eru byggðar á skýrslunni um „SAMÞYKKI FYRIR MÁLMEFNUM FYRIR VÖRUR SEM ERU Í SNERTINGU VIÐ DRYKKJARVATN. Sameiginleg nálgun. A-hluti - Verklag við samþykki og B-hluti – Sameiginleg skrá yfir samsetningu“ (e. *Acceptance of metallic materials used for products in contact with drinking water. Common Approach. Part A – Procedure for the acceptance and Part B – Common Composition List*) sem er aðgengileg á http://www.umweltbundesamt.de/wasser-e/themen/trinkwasser/4ms-initiative.htm.

1. útdráttur úr „SAMÞYKKI FYRIR MÁLMEFNUM FYRIR VÖRUR SEM ERU Í SNERTINGU VIÐ DRYKKJARVATN. Sameiginleg nálgun. A-hluti. Verklag við samþykki“, í 2. kafla.

1. **Samþykki fyrir færslu málmefna á skrána yfir samsetningar**

Málmefni sem eru notuð í vörur sem eru í snertingu við drykkjarvatn verða að vera á skránni yfir samsetningar.

1.1. *Verklag við að bæta efni á skrána yfir samsetningar*

Frumskylda vegna mats á efnum verður áfram hjá hverju landi fyrir sig og nota skal það verklag sem hefur verið komið á þar og þá sérfræðihjálp sem er tiltæk. Túlkun á niðurstöðum úr prófunum og notkun þeirra samþykktarviðmiðana sem er lýst hér á eftir er þó flókin. Því skal sérfræðinganefnd veita ráðgjöf við ákvarðanatökuferlið.

Sérfræðinganefndin skal hafa eftirfarandi sérþekkingu:

— Fullnægjandi þekkingu á tæringu málma og losun úr þeim.

— Hæfni í eiturefnafræði og mati á gæðum drykkjarvatns sem tengist þáttum vegna heilbrigðis manna.

— Skilning á því hvernig málmefni og vörur eru notuð í drykkjarvatnsmeðhöndlun og -veitu.

Hópur hinna fjögurra aðildarríkja samþykkti sameiginlegt verklag við samþykki fyrir efnum á sameiginlegri skrá yfir samsetningu. Því verklagi er lýst í B-hluta þessa skjals.

1.2. *Skipan skrárinnar yfir samsetningu*

Á skránni yfir samsetningar eru mismunandi flokkar málmefna.

„Flokkur“ er skilgreindur sem:

efnahópur sem hefur sömu eiginleika að því er varðar notkunarsvið, hegðun í snertingu við drykkjarvatn og takmarkanir að því er varðar samsetningu vatnsins og/eða yfirborðsflöt þess.

Í skránni er tilgreint á hvaða bili samsetningar innan hvers flokks eru.

Hver flokkur hefur eitt viðmiðunarefni.

„Viðmiðunarefni“ er skilgreint sem:

efni sem er í flokki með þekkta og samanburðarnákvæma eiginleika að því er varðar losun á málmum í drykkjarvatn, með samsetningu sem er samkvæmt ströngu eftirliti og með þá þætti sem eru til athugunar við efri samþykktarmörk eða nærri þeim. Taka þarf tillit til mögulegra áhrifa sumra þátta til að hindra losun á málmi.

Í hvern flokk verða skráð málmefni sem eru samþykkt í vörur sem eru í snertingu við drykkjarvatn og eru fáanleg á almennum markaði. Vegna takmarkana að því er tekur til yfirborðsflatar (tafla 1) má aðeins nota efnin í tilteknar vörur.

Tafla 1

Völuflokkar fyrir málmefni

Völuflokkur	Dæmi um vörur eða hluta af vörum	Ætluð snerting við yfirborð „a“
A	Rör í lögnum í byggingum Óhúðaðar leiðslur í vatnsveitukerfum	100%

Vöruflokkur	Dæmi um vörur eða hluta af vörum	Ætluð snerting við yfirborð „a“
B	Tæki Fylgihlutir Hlutar af dælum í lögnum í byggingum Hlutar af lokum í lögnum í byggingum	10%
C	Hreyfanlegir hlutar vatnsmæla Hlutar af dælum í vatnsveitukerfum Hlutar af lokum í vatnsveitukerfum	1%

— Vöruflokkur A: Snerting við yfirborð allt að 100%

Nota má sama efni fyrir rör af öllum þvermálum í lagnir í byggingum. Eitt efni getur verið allt að 100% af yfirborði sem er í snertingu við vatn, t.d. kopar, galvanhúðað stál eða ryðfrítt stál. Við matið á skilyrðum fyrir öruggri notkun þarf að gera ráð fyrir hæsta, mögulega hlutfalli. Samþykki fyrir notkun samsetningar í rör felur í sér samþykki fyrir allri notkun (t.d. í tæki, íhluti o.s.frv.).

Í þessum hópi eru einnig óhúðaðar málmleiðslur í vatnsveitukerfum og vatnsmeðhöndlunarferlum.

— Vöruflokkur B: Snerting við yfirborð allt að 10%

Framleiða má tæki eða fylgihluti úr aðeins einu efni fyrir lagnir í byggingum eða úr efnum sem er minni háttar munur á. Algengast er að nota koparblöndu sem inniheldur blý. Þar sem mögulegt er að úr henni losni blý út í vatn er þörf á að takmarka heildarsnertingu við yfirborð á vörum sem eru gerðar úr þessum málmblöndum. Við mat á efnum í þessar vörur er ætlað að 10% yfirborðsins komist í snertingu við vatn.

Í þessum hópi eru einnig málmhlutar í dælum og lokum sem eru notuð í lagnir í byggingum.

— Vöruflokkur C: Snerting við yfirborð minni en 1%

Af tæknilegum ástæðum gæti verið þörf á því að framleiða smáhluta úr samsetningum sem eru ekki samþykktar fyrir vöruflokk B, tæki og fylgihluti. Heimilt er að samþykkja aðrar samsetningar, sem hafa meiri losun, að því tilskildu að notkun þeirra auki ekki umtalsvert heildarmengun drykkjarvatns. Notkun á slíkum samsetningum skal takmarkast við hluta sem hafa ekki meira en 1% yfirborðssnertingu við drykkjarvatn, t.d. þarf að framleiða hylkið utan um vatnsmæli úr samsetningu sem er samþykkt fyrir vöruflokk B en heimilt er að framleiða hreyfanlegan hluta úr efni sem er skráð fyrir vöruflokk C.

Í þessum hópi eru einnig málmhlutar í dælum og lokum sem eru notuð í vatnsveitukerfum og vatnsmeðhöndlunarferlum.

1.3. *Gögn sem krafist er vegna mats*

Samþykki fyrir málmefnum byggist á niðurstöðum úr langtímaprófunum á prófunarbekk samkvæmt EN-15664-1. Lágmarkstími prófunarinnar er sex mánuðir sem hægt er að framlengja. Viðbótarkröfum vegna prófunarinnar samkvæmt EN-15664-1 er lýst í liðum 1.4 og 1.5.

Samþykki fyrir viðmiðunarefni fyrir flokk krefst samþykkis á niðurstöðum úr prófun samkvæmt EN-15664-1 sem gerð er með mismunandi vatni (sjá EN-15664-2) sem er dæmigert fyrir það bil sem samsetning drykkjarvatns innan ESB er venjulega á.

Krafist er samanburðarprófunar samkvæmt EN-15664-1 við viðmiðunarefnið ef bæta á efni í flokk. Við samanburðarprófun er fullnægjandi að nota svæðisbundið drykkjarvatn, að því tilskildu að vatnið sé hæfilega tærandi (sjá EN-15664-2).

Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar:

— Prófunarskýrslur samkvæmt EN-15664-1

— Prófunarskýrslur um samsetningu prófunarsýnisins

— Upplýsingar um mörk helstu þátta í málmblöndu og hámarksgildi vegna óhreininda, fyrir hverja samsetningu. Mörkin eru strangari fyrir viðmiðunarefni en fyrir málmblöndur á almennum markaði.

— Viðeigandi, gildandi Evrópustaðall, eða Evrópustaðlar, fyrir efnið

— Eiginleikar efnisins

— Vörur sem skulu framleiddar úr efninu og notkun þeirra (a-þáttur (e. *a-factor*))

— Framleiðsluferli

— Aðrar upplýsingar sem eru taldar skipta máli sem stuðningur við matið

1.4. *Forskrift fyrir prófunarsýnið*

Prófunarsýnin í prófun á efninu, samkvæmt EN-15664-1, þurfa að hafa tiltekna samsetningu.

Allir þættir í hærra hlutfalli en 0,02% geta verið mikilvægir og þarf að gefa þá upp í samsetningunni á efninu sem skrá skal. Ef um er að ræða óhreinindi í lægra hlutfalli en 0,02% er það á ábyrgð framleiðanda málmblandnanna/efnanna að ábyrgjast að þau valdi ekki neinni losun sem gæti haft neikvæð áhrif á heilbrigði.

Samsetning prófunarsýnanna skal vera sem hér segir:

1.4.1. Viðmiðunarefni

Prófunarsýnin sem eru afhent vegna prófunar á nýju viðmiðunarefni og prófunarsýnin sem eru notuð sem viðmiðunarefni í samanburðarprófuninni þurfa að uppfylla eftirfarandi kröfur:

— Efnisþættir og óhreinindi þurfa að vera á því bili sem er gefið upp.

Athugasemd: Samþykkja þarf samsetningu viðmiðunarefnis áður en prófunin hefst. Samsetningarnar skulu vera á mjög þröngu bili og viðmiðunarefnið skal vera dæmigert fyrir verstu eiginleika að því er varðar losun á málminum sem gefur tilefni til áhyggna í viðkomandi flokki.

1.4.2. Efni sem koma til greina vegna samanburðarprófunar

Skilgreina þarf á hvaða bili samsetningar efnið er, sem til greina kemur, og leyfð óhreinindi í því. Samanburðarprófun er möguleg ef skilgreint bil samsetningar efnisins sem til greina kemur er í samræmi við skilgreininguna á gildandi efnaflokki.

Samsetning prófunarsýnanna sem eru notuð í prófuninni þarf að vera á þrengra bili en því sem er skilgreint vegna samsetningar efnisins. Miðað við þekkinguna á koparblöndum þarf samsetning prófunarsýnanna að uppfylla eftirfarandi kröfur:

Efnisþættir:

— Efnisþættirnir kopar (Cu) og sink (Zn) þurfa að vera á því bili sem er gefið upp.

— Arsen (As), sem efnisþáttur, skal vera í hærra hlutfalli en 66% af því bili sem er gefið upp. (Ef uppgefið bil er t.d. ≤ 0,15% eru 66% af því bili (0,15%) 0,10% og því skal innihald frumefnisins vera 0,10-0,15%.)

— Ál (Al), kísill (Si) og fosfór (P) skulu vera í lægra hlutfalli en 50% af því bili sem er gefið upp.

— Innihald allra annarra efnisþátta skal vera meira en 80% af því bili sem er gefið upp (ef uppgefið bil er t.d. 1,6 til 2,2% eru 80% af bilinu (0,6%) 0,48% og því skal innihald frumefnisins vera meira en 2,08%).

Óhreinindi:

— Óhreinindi sem greina á í vatninu, sem er í snertingu við efnið, (sjá lið 1.5) skulu vera meiri en 60% af uppgefnu hámarksinnihaldi.

Aðrar kröfur geta átt við um aðrar málmblöndur sem innihalda ekki kopar.

1.5. *Greining á vatni*

Ef prófun er gerð á nýju viðmiðunarefni þarf, samkvæmt EN-15664-1, að gera greiningu á öllum frumefnum í vatninu, sem er í snertingu við efnið, sem eru í samsetningu uppgefna efnisins í hærra hlutfalli en 0,02% að undanteknum:

— tini (Sn), Si og P, ef þau eru til staðar sem efnisþættir

— járni (Fe), Sn, mangani (Mn), Al, Si og P, ef þau eru til staðar sem óhreinindi í málmblöndunni

Þegar um er að ræða samanburðarprófun er heimilt að takmarka greiningu á vatninu, sem er í snertingu við efnið, við tiltekin frumefni sem eru tilgreind fyrir hvern flokk á skránni yfir samsetningar.

1.6. *Samþykktarviðmiðanir*

Í töflu 2 eru tillögur að samþykkjanlegum skerfi sem leggst til frá málmvörum, sem eru í snertingu við drykkjarvatn, í heildarstyrk málma frá krönum neytenda. Þær eru byggðar á samþykktarmörkunum vegna efnagilda og vísigilda (e. *indicator parametric values*) sem hafa verið samþykkt í tilskipuninni um drykkjarvatn. Samþykkjanlegur skerfur var leiddur út með eftirfarandi meginreglum:

— 90% fyrir frumefni ef málmvörur sem eru í snertingu við drykkjarvatn eru einu meginupptök mengunar,

— 50% fyrir frumefni ef það eru mögulega önnur upptök mengunar.

Ef um er að ræða aðrar breytur, sem eru ekki skráðar í tilskipuninni um drykkjarvatn, voru eftirfarandi viðmiðanir notaðar:

— Sink: þetta frumefni er ekki eitrað í þeim styrk sem finnst í vatnsveitukerfum þar sem notuð eru rör úr galvanhúðuðu stáli. Sink getur þó valdið kvörtunum vegna bragðs vatns og útlits þess. Tillagt viðmiðunargildi hefur verið fastsett til að tryggja að sink dragi ekki úr ásættanleika vatns að því er varðar fagurfræði (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2004).

— Viðmiðunargildi fyrir tin, bismút, mólýbden og títan eru byggð á bráðabirgðagildum sem sérfræðingur í eiturefnafræði lagði til (Fawell, 2003).

— Aðrir málmar: Leitað verður ráða hjá sérfræðingum í eiturefnafræði um viðeigandi viðmiðunargildi, eftir þörfum.

Lagt er til að prófunaraðferðin líki eftir þriggja mánaða aðlögunartímabili til að tími gefist fyrir myndun á náttúrulegu varnarlagi og á meðan séu smávægileg frávik frá viðmiðunarstyrknum viðunandi.

Tafla 2

Samþykkjanlegur skerfur og viðmiðunarstyrkur vegna samþykkis fyrir málmhlutum vara sem komast í snertingu við drykkjarvatn

Breyta	Samþykkjanlegur skerfur úr málmvörum sem komast í snertingu við drykkjarvatn	Breytugildi úr tilskipuninni um drykkjarvatn eða tillagt viðmiðunargildi drykkjarvatns (µg/l)	Viðmiðunarstyrkur vegna áætlunarinnar um samþykki (e. *Acceptance scheme*) (µg/l)
B-hluti: Efnafræðilegar breytur			
Antímon	50%	5	2,5
Arsen	50%	10	5
Króm	50%	50	25
Kadmíum	50%	5	2,5
Kopar	90%	2000	1800
Blý	50%	10	5
Nikkel	50%	20	10
Selen	50%	10	5
C-hluti: Vísibreyta (e. indicator parameters)			
Ál	50%	200	100
Járn	50%	200	100
Mangan	50%	50	25

Breyta	Samþykkjanlegur skerfur úr málmvörum sem komast í snertingu við drykkjarvatn	Breytugildi úr tilskipuninni um drykkjarvatn eða tillagt viðmiðunargildi drykkjarvatns (µg/l)	Viðmiðunarstyrkur vegna áætlunarinnar um samþykki (e. *Acceptance scheme*) (µg/l)
Önnur: ekki skráð í tilskipuninni um drykkjarvatn			
Bismút	90%	10	9
Mólýbden	50%	20	10
Tin	50%	6000	3000
Títan	50%	15	7,5
Sink	90%	3000	2700

1.7. *Viðmiðunarefni bætt við fyrir flokk eða efni sem ekki fellur undir skráðan flokk*

Viðbót eða breyting á því á hvaða bili þáttur í málmblöndu er getur fært málmblöndu úr flokki og sú breyting getur haft marktæk áhrif á málmlosunareiginleika efnisins. Í þeim tilvikum, og ef um er að ræða málmblöndu sem er dæmigerð fyrir flokk (viðmiðunarefni), skal veita eftirfarandi upplýsingar.

— Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í lið 1.3.

— Ef lögð er til ný samsetning sem er ekki sambærileg við skráðan efnaflokk skal gefa upp heildarniðurstöður prófunar á rörum á prófunarbekk, samkvæmt EN-15664-1, þar sem notaðar eru a.m.k. þrjár mismunandi gerðir drykkjarvatns sem skilgreint er í EN-15664-2.

1.7.1. Samþykki fyrir viðmiðunarefni

Við mat á niðurstöðum úr prófunum á prófunarbekk (samkvæmt EN-15664-1) skal taka tillit til styrkmeðaltals jafngilds rörs, $MEP_n(T)$.

Meðaltal $MEP_n(T)$ prófunarlínanna (e. *test line*) þriggja í einni prófun á prófunarbekk er reiknað út fyrir öll rekstrartímabil (T): $MEP_a(T)$.

Hægt er að samþykkja efnið fyrir vöruflokk með ætlaðri snertingu við yfirborð (sjá töflu 1) ef:

i. $MEP_a(T) * a \leq RC$ fyrir T = 16, 21 og 26 vikur

ii. $MEP_a(T_b) \geq MEP_a(T)$ fyrir (T_b, T) = (12, 16), (16, 21) og (21, 26) vikur

er uppfyllt fyrir allt drykkjarvatnið sem er prófað.

Lengja má prófunina í allt að eitt ár ef II. viðmiðun er ekki uppfyllt. Í því tilviki er efnið samþykkjanlegt ef

iii. $MEP_a(T_b) \geq MEP_a(T)$ fyrir (T_b, T) = (26, 39) og (39, 52) vikur

er uppfyllt fyrir drykkjarvatnið sem er prófað, ef II. viðmiðun var ekki uppfyllt.

Taka ber tillit til allra tiltækra gagna. Fyrir prófun á prófunarbekk samkvæmt EN-15664-1 eru það:

— niðurstöður úr einstökum prófunarlínum,

— niðurstöður eftir 4 klst. stöðu og

— breytur í samsetningu vatns.

Ef sýni úr stöðnu vatni voru greind, til viðbótar kröfunum í EN-15664-1, skal einnig taka tillit til þeirra gagna við matið.

Sérfræðinganefndin skal ákveða hvort tiltæk gögn séu af nægum gæðum (t.d. að ekki sé meiri háttar munur á prófunarlínunum þremur, túlkun einfara) til að hægt sé að vinna mat og, ef svo er, skal hún ákveða hvort samþykkja skal efnið á grunni framangreindra viðmiðana. Samþykktum efnum, ásamt flokki, verður bætt við listann yfir samsetningar sem viðmiðunarefni.

1.8. *Efnum bætt í efnaflokk á skránni yfir samsetningar*

Ef sýnt er að efnisþættir efnis, sem kemur til greina að samþykkja, falli innan flokks er heimilt að bæta efninu á skrána yfir samsetningar, að því tilskildu að samanburðarprófun, gerð með staðlaðri prófun á prófunarbekk EN-15664-1 með því að nota eina gerð drykkjarvatns sem er skilgreind í EN-15664-2, við viðkomandi viðmiðunarefni sýni fullnægjandi niðurstöður.

Veita skal eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert efni:

— Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í lið 1.3.

— Niðurstöður úr samanburðarprófun, gerðri með því að nota prófun á rörum í prófunarbekk EN-15664-1, við viðmiðunarefni viðkomandi flokks

1.8.1. Samþykki á efni með samanburðarprófun

Við mat á niðurstöðum úr prófunum á prófunarbekk (samkvæmt EN-15664-1) skal taka tillit til styrkmeðaltals jafngilds rörs, $MEP_n(T)$.

Meðaltal $MEP_n(T)$ prófunarlínanna þriggja í prófun á prófunarbekk er reiknað út fyrir öll rekstrartímabil (T): $MEP_a(T)$.

Taka skal tillit til $MEP_{a,RM}(T)$ viðmiðunarlínanna (e. *reference lines*) þriggja vegna viðmiðunarefnisins.

Hægt er að samþykkja efnið fyrir vöruflokk með ætlaðri snertingu viðmiðunarefnisins við yfirborð (sjá töflu 1) ef:

i. $MEP_a(T) \leq MEP_{a,RM}(T)$ fyrir T = 16, 21 og 26 vikur

ii. $MEP_a(T_b) \geq MEP_a(T)$ fyrir $(T_b, T) = (12, 16), (16, 21)$ og $(21, 26)$ vikur

er uppfyllt fyrir drykkjarvatnið sem er prófað.

Lengja má prófunina í allt að eitt ár ef II. viðmiðun er ekki uppfyllt. Í því tilviki er efnið samþykkjanlegt ef

iii. $MEP_a(T_b) \geq MEP_a(T)$ fyrir $(T_b, T) = (26, 39)$ og $(39, 52)$ vikur

er uppfyllt.

Taka ber tillit til allra tiltækra gagna. Fyrir prófun á prófunarbekk samkvæmt EN-15664-1 eru það:

— niðurstöður úr einstökum prófunarlínum,

— niðurstöður eftir 4 klst. stöðu og

— breytur í samsetningu vatns.

Ef sýni úr stöðnu vatni voru greind, til viðbótar kröfunum í EN-15664-1, skal einnig taka tillit til þeirra gagna við matið.

Sérfræðinganefndin skal ákveða hvort tiltæk gögn séu af nægum gæðum (t.d. að ekki sé meiri háttar munur á prófunarlínunum þremur, túlkun einfara) til að hægt sé að vinna mat og, ef svo er, skal hún ákveða hvort samþykkja skal efnið á grunni framangreindra viðmiðana. Samþykktum efnum verður bætt á skrána yfir samsetningar með hliðsjón af viðmiðunarefnaflokknum sem var notaður við samanburðarprófunina.

2. útdráttur úr „SAMÞYKKI FYRIR MÁLMEFNUM FYRIR VÖRUR SEM ERU Í SNERTINGU VIÐ DRYKKJARVATN. Sameiginleg nálgun. B-hluti – sameiginleg skrá yfir samsetningar sem er kynnt í 2. kafla.

Koparblöndur

Kopar-, sink-, blýblöndur

1.8.1.1. Flokkur

Takmarkanir á samsetningum fyrir flokkinn

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	≤ 57,0	Antímon	0,02
Sink	Leifar	Arsen	0,02

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Blý	≤ 3,5	Bismút	0,02
Ál	≤ 1,0	Kadmíum	0,02
Járn	≤ 0,5	Króm	0,02
Kísill	≤ 1,0	Nikkel	0,2
Tin	≤ 0,5		

Samsetning viðmiðunarefnis

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	57,0–59,0	Antímon	0,02
Sink	Leifar	Arsen	0,02
Blý	1,9-2,1	Bismút	0,02
		Kadmíum	0,02
		Króm	0,02
		Nikkel	0,2
		Ál	0,2
		Járn	0,3
		Kísill	0,02
		Tin	0,3

Þættir til athugunar vegna flæðis í vatn:

Blý, nikkel, kopar, sink

Viðbót af:

Fyrir hvert frumefni: Þættir sem skipta máli vegna samþykkis bornir saman við viðmiðunarefnið sem nefnt er

1.8.1.2. Samþykktar málmblöndur

Samþykktar málmblöndur messing B2 (samkvæmt CW617N CW612N)

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	57,0–60,0	Antímon	0,02
Sink	Leifar	Arsen	0,02
Blý	1,6–2,2	Bismút	0,02
		Kadmíum	0,02
		Króm	0,02
		Nikkel	0,1
		Ál	0,05
		Járn	0,3
		Kísill	0,03
		Tin	0,3

Samþykkt fyrir eftirfarandi vöruflokka

Vöruflokkur B

Vöruflokkur C

Grundvöllur fyrir samþykki

Þýsk skýrsla um rannsókn samhliða stöðlun RG_CPDW_01_074

„Dossier John Nuttall“ (mars 2006)

Samþykktar málmblöndur messing B1 (samkvæmt CW614N, CW603N)

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	57,0–62,0	Antímon	0,02
Sink	Leifar	Arsen	0,02
Blý	2,5–3,5	Bismút	0,02
		Kadmíum	0,02
		Króm	0,02
		Nikkel	0,2
		Ál	0,05
		Járn	0,3
		Kísill	0,03
		Tin	0,3

Samþykkt fyrir eftirfarandi vöruflokka

Vöruflokkur C

Grundvöllur fyrir samþykki

Þýsk skýrsla um rannsókn samhliða stöðlun RG_CPDW_01_074

„Dossier John Nuttall“ (mars 2006)

Kopar-, sink-, blý-, arsenblöndur

1.8.1.3. Flokkur

Takmarkanir á samsetningum fyrir flokkinn

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	≤ 61,0	Antímon	0,02
Sink	Leifar	Bismút	0,02
Arsen	≤ 0,15	Kadmíum	0,02
Blý	≤ 2,2	Króm	0,02
Ál	≤ 1,0	Nikkel	0,2
Járn	≤ 0,5		
Kísill	≤ 1,0		
Tin	≤ 0,5		

Samsetning viðmiðunarefnis

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	61,0-63,0	Antímon	0,02
Sink	Leifar	Bismút	0,02
Arsen	0,09-0,13	Kadmíum	0,02
Blý	1,4-1,6	Króm	0,02
Ál	0,5-0,7	Nikkel	0,2
		Járn	0,12
		Kísill	0,02
		Tin	0,3

Þættir til athugunar vegna flæðis í vatn:

Blý, nikkel, arsen, kopar, sink

Takmarkanir vegna notkunar á málmefnum að því er varðar samsetningu vatns (vegna heilbrigðis)

Á grundvelli niðurstaðna úr yfirstandandi rannsóknum viðvíkjandi efninu (af hálfu atvinnugreinanna) verða frumefnin í málmblöndunni (efnisþættirnir) og óhreinindin takmörkuð að því marki að hægt verði að nota málmblöndurnar í allt drykkjarvatn.

Samþykkt fyrir eftirfarandi vöruflokka

Vöruflokkur B

Vöruflokkur C

Grundvöllur fyrir tillögu

„Dossier John Nuttall“ (mars 2006)

Viðbót af:

Fyrir hvert frumefni: Þættir sem skipta máli vegna samþykkis bornir saman við viðmiðunarefnið sem nefnt er

Kopar-, tin-, sink-, blýblöndur

1.8.1.4. Flokkur

Takmarkanir á samsetningum fyrir flokkinn

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	Leifar	Ál	0,01
Sink	≤ 6,5	Antímon	0,1
Tin	≤ 13,0	Arsen	0,03
Blý	≤ 3,0	Bismút	0,02
Nikkel	≤ 0,6	Kadmíum	0,02
		Króm	0,02
		Járn	0,3
		Kísill	0,01

Samsetning viðmiðunarefnis

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	Leifar	Ál	0,01
Sink	5,9-6,2	Antímon	0,1

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Tin	3,9-4,1	Arsen	0,03
Blý	2,8-3,0	Bismút	0,02
Nikkel	0,5-0,6	Kadmíum	0,02
		Króm	0,02
		Járn	0,3
		Kísill	0,01

Þættir til athugunar vegna flæðis í vatn:

Blý, nikkel, antímon, kopar, sink, tin

Viðbót af:

Fyrir hvert frumefni: Þættir sem skipta máli vegna samþykkis bornir saman við viðmiðunarefnið sem nefnt er

1.8.1.5. Samþykktar málmblöndur

Samþykkt málmblanda Bronsblanda GM1 (e. *gunmetal*) (samkvæmt CC491K)

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	84,0–88,0	Ál	0,01
Sink	4,0–6,0	Antímon	0,1
Tin	4,0–6,0	Arsen	0,03
Blý	2,5-3,0	Bismút	0,02
Nikkel	0,1-0,6	Kadmíum	0,02
		Króm	0,02
		Járn	0,3
		Kísill	0,01

Samþykkt fyrir eftirfarandi vöruflokka

Vöruflokkur B

Vöruflokkur C

Grundvöllur fyrir tillögu: Þýsk skýrsla um rannsókn samhliða stöðlun RG_CPDW_01_074, „Dossier John Nuttall“ (mars 2006)

Koparmálmar

Kopar

1.8.1.6. Flokkur

Takmarkanir á samsetningum fyrir flokkinn

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	≤ 99,9	Annað, í heild	≤ 0,1
Fosfór	≤ 0,04		

Viðmiðunarsamsetning

Efnisþáttur	EN-númer
Cu-DHP	CW 024A

Þættir til athugunar vegna flæðis í vatn:

Engir: ekki þörf á samanburðarprófun

1.8.1.7. Samþykktar málmblöndur

Kopar (Cu-DHP)

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kopar	≤ 99,9	Annað, í heild	≤ 0,1
Fosfór	≤ 0,04		

Samþykkt fyrir eftirfarandi vöruflokka

Vöruflokkur A

Vöruflokkur B

Vöruflokkur C

Takmarkanir vegna notkunar á málmefnum að því er varðar samsetningu vatns (vegna heilbrigðis)

Minni háttar efnisþættir í samsetningu vatnsins hafa mikil áhrif á myndun koparsamsetninga á yfirborði koparröra og uppleysingu á þeim í framhaldi af því. Útskolunarhraði kopars getur verið óásættanlega mikill í sumum samsetningum vatns. Aðildarríkin gætu þurft að bjóða vatnsveitufyrirtækjum og birgjum koparröra og þeim sem annast uppsetningu á þeim leiðbeiningar vegna takmarkana sem gæti þurft að innleiða vegna notkunar á koparrörum þar sem samsetning vatnsins gæti valdið of mikilli útskolun kopars.

Gera þarf frekari rannsóknir á samhæfi kopars við tiltekna samsetningu vatns með samræmdum aðferðum við rannsókn og mat.

Grundvöllur fyrir tillögu

Þörf er á niðurstöðum úr rannsóknum og fenginni reynslu í nokkrum aðildarríkjum til að tilgreina skilyrði fyrir öruggri notkun.

Athugasemd

Mengun úr koparrörum í drykkjarvatn fer eftir nokkrum eiginleikum samsetningar vatnsins. Eins og stendur hefur ekki verið sammælst um álit vegna samanlagðrar verkunar þeirra og víxlverkunar. Einkum eru ónógar upplýsingar um á hvaða bili samsetninga drykkjarvatns sé líklegt að ekki sé farið að tilskipuninni um drykkjarvatn.

Tinhúðuð koparrör og tinhúðuð kopartæki

Kopar er notaður sem grunnefni í tinhúðuðum koparrörum og tinhúðuðum kopartækjum, samkvæmt lið 4.3.1. Tinlag er sett á þetta undirstöðuefni með mismunandi aðferðum. Við flæði koparjóna inn í tinlagið myndast vaxandi melmilsfasi sem samanstendur af tini og kopar (η-fasi = Cu_6Sn_5).

1.8.1.8. Flokkur

Takmarkanir á samsetningum fyrir flokkinn: tinlag

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Tin og kopar	99,90	Antímon	0,01
		Arsen	0,01
		Bismút	0,01
		Kadmíum	0,01
		Króm	0,01
		Blý	0,01
		Nikkel	0,01

Viðmiðunarsamsetning

Koparrör samkvæmt EN 1057

Efnisþáttur	EN-númer
Cu-DHP	CW 024A

1.8.1.9. Samþykktar málmblöndur

CW 024A-kopar með tinlagi af þykktinni 1 μm sem hefur eftirfarandi samsetningu:

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Tin	90	Antímon	0,01
Kopar	< 10	Arsen	0,01
		Bismút	0,01
		Kadmíum	0,01
		Króm	0,01
		Blý	0,01
		Nikkel	0,01

Samþykkt fyrir eftirfarandi vöruflokka

Vöruflokkur A

Vöruflokkur B

Vöruflokkur C

Grundvöllur fyrir tillögu:

Útskolunarprófanir

a: prófanir á prófunarbekk með dæmigerðu, þýsku drykkjarvatni, birt sem: A. Baukloh, S. Priggemeyer, U. Reiter, B. Winkler, Chemically inner tinned Copper Pipes, Less Copper in Corrosive Drinking Waters, Metall 10-11 (1998) 592-600.

b: prófanir á prófunarbekk samkvæmt DIN 50931 (prófun á prófunarbekk): Tæknileg skýrsla DVGW/TZW, 2000

Núgildandi samþykki án takmarkana á drykkjarvatni

— Holland: samkvæmt BRL-K19005,

— Þýskaland: samkvæmt DIN 50930, T6 og DVGW GW 392)

— Danmörk, ETA

Galvanhúðað stál

1.8.1.10. Flokkur

Sinkhúðunin sem verður til vegna galvanhúðunarferlisins skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Sink		Antímon	0,01
		Arsen	0,02
		Kadmíum	0,01
		Króm	0,02

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
		Blý	0,05
		Bismút	0,01

1.8.1.11. Samþykktar málmblöndur

Sinkhúðunin sem verður til vegna galvanhúðunarferlisins skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Sink		Antímon	0,01
		Arsen	0,02
		Kadmíum	0,01
		Króm	0,02
		Blý	0,05
		Bismút	0,01

Leiðbeiningar um takmarkanir vegna notkunar á málmefnum að því er varðar samsetningu vatns

Lögð er til eftirfarandi formúla til að nota við greiningu vatnssamsetninga sem hafa tæringarhraða sem er ásættanlegur vegna galvanhúðaðs stáls.

pH ≥ 7,5 eða óbundið $O_2 \leq 0{,}25$ mmól/L

OG Basavirkni ≥ 1,5 mmól/L

OG $S_1 < 2$ (*skilgreining á S_1 hér á eftir*)

OG Kalsíum ≥ 0,5 mmól/L

OG Leiðni ≤ 600 µS/cm við 25 °C

OG $S_2 < 1$ eða $S_2 > 3$ (*skilgreining á S_2 hér á eftir)*

$$S_1 = \frac{c(Cl^-) + c(NO_3^-) + 2\,c(SO_4^{2-})}{c(HCO_3^-)}$$ styrkur í mmól/l

$$S_2 = \frac{c(Cl^-) + 2\,c(SO_4^{2-})}{c(NO_3^-)}$$ styrkur í mmól/l

Samþykkt fyrir eftirfarandi vöruflokka

Vöruflokkur A

Vöruflokkur B

Vöruflokkur C

Grundvöllur fyrir tillögu

Það eru fyrir hendi reglur að því er varða samsetningu vatns í Frakklandi (DTU 60.1/NF P 40-201) og í Þýskalandi (DIN 50930-3). Þau mörk eru byggð á fenginni reynslu en eru gefin upp á ólíka vegu. Tillagan nær að mestu yfir sömu vatnssamsetningar og báðar reglugerðirnar. Tillagan tekur mið af fyrirliggjandi niðurstöðum úr rannsókn í Þýskalandi og rannsóknum samhliða stöðlun.

Í tillögunni felast einnig ráðleggingarnar, sem eru veittar í EN-12502-3, að því er varðar hættuna á staðbundinni tæringu. Staðbundin tæring leiðir oft til þess að vatnsgæði spillast af völdum tæringarafurða járns.

Tillagan er byggð á niðurstöðum sem hafa fengist með galvanhúðuðum stálrörum með blýstyrk í sinklaginu sem er á milli 1,0% and 0,6% og er rörum með minni blýstyrk ætlaðir svipaðir eiginleikar.

Kolstál

Kolstál í rörum og tönkum

Kolstál án varanlegs varnarlags er ekki hentugt til nota þar sem það kemst í snertingu við drykkjarvatn.

Kolstál í fylgihlutum

Kolstál án varnarlags má nota í tilgreind tæki (t.d. dælur, loka) með yfirborð sem kemst aðeins að litlu leyti í snertingu við vatn.

1.8.1.12. Flokkur

Efnisþættirnir og óhreinindin skulu ekki vera meiri en sem nemur hámarksgildunum sem eru gefin upp hér á eftir:

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Járn		Antímon	0,02
Kolefni	≤ 2,11	Arsen	0,02
Króm	≤ 1,0	Kadmíum	0,02
Mólýbden	≤ 1,0	Blý	0,02
Nikkel	≤ 0,5		

1.8.1.13. Samþykktar málmblöndur

Efnisþættirnir og óhreinindin skulu ekki vera meiri en sem nemur hámarksgildunum sem eru gefin upp hér á eftir:

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Járn		Antímon	0,02
Kolefni	≤ 2,11	Arsen	0,02
Króm	≤ 1,0	Kadmíum	0,02
Mólýbden	≤ 1,0	Blý	0,02
Nikkel	≤ 0,5		

Samþykkt fyrir eftirfarandi vöruflokka

Hópur C

Grundvöllur fyrir tillögu:

Drög að ítalskri reglugerð

Útreikningar á mögulegum áhrifum á drykkjarvatn

Steypujárn

Steypujárn í rörum og tönkum

Steypujárn án varanlegs varnarlags er ekki hentugt í rör og tæki þar sem það kemst í snertingu við drykkjarvatn.

Steypujárn í fylgihlutum

Steypujárn án varnarlags má nota í tilgreind tæki (t.d. dælur, loka) með yfirborð sem kemst aðeins að mjög litlu leyti í snertingu við vatn. Setja þarf reglur um samsetningu þeirra.

1.8.1.14. Flokkur

Efnisþættirnir og óhreinindin skulu ekki vera meiri en sem nemur hámarksgildunum sem eru gefin upp hér á eftir:

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
		Antímon	0,02
Járn		Arsen	0,02

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
Kolefni		Kadmíum	0,02
Króm	≤ 1,0	Blý	0,02
Mólýbden	≤ 1,0		
Nikkel	≤ 6,0		

1.8.1.15. Samþykktar málmblöndur

Efnisþættirnir og óhreinindin skulu ekki vera meiri en sem nemur hámarksgildunum sem eru gefin upp hér á eftir:

Efnisþáttur	Innihald (%)	Óhreinindi	Hámark (%)
		Antímon	0,02
Járn		Arsen	0,02
Kolefni		Kadmíum	0,02
Króm	≤ 1,0	Blý	0,02
Mólýbden	≤ 1,0		
Nikkel	≤ 6,0		

Samþykkt fyrir eftirfarandi veruflokka

Hópur C

Grundvöllur fyrir tillögu:

Drög að ítalskri reglugerð

Frönsk reglugerð

Útreikningar á mögulegum áhrifum á drykkjarvatn

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 545/2014 **2015/EES/8/08**

frá 15. maí 2014

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að berjast með skilvirkum hætti gegn mismunun í samræmi við 10. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE), til að aðstoða við að farið sé að tilskyldum ákvæðum 21. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og til að vinna að markmiðum um atvinnu fyrir alla og félagslegar framfarir, í samræmi við 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og til að fylgjast með framförum í átt að stefnumarkmiðum Sambandsins, s.s. höfuðmarkmið Evrópu 2020, er nauðsynlegt að hafa aðgang að samanburðarhæfum, áreiðanlegum og hlutlægum tölfræðilegum upplýsingum um stöðu launþega, atvinnulausra einstaklinga og einstaklinga utan vinnumarkaðarins, en virða jafnframt trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, einkalíf og vernd persónuupplýsinga.

2) Vegna gildistöku sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er nauðsynlegt að samræma valdheimildirnar, sem eru veittar framkvæmdastjórninni, við ákvæði 290. gr. sáttmálans og við nýjan lagaramma vegna gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011([2]).

3) Framkvæmdastjórnin hefur skuldbundið sig, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 182/2011, til að endurskoða lagagerðir þar sem í eru tilvísanir í reglunefndarmeðferð með grannskoðun, í ljósi viðmiðananna sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

4) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98([3]) er tilvísun í reglunefndarmeðferð með grannskoðun og ætti hún því að vera endurskoðuð í ljósi viðmiðananna sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

5) Til að taka sérstaklega tillit til efnahagslegrar, félagslegrar og tæknilegrar þróunar, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar aðlögun á skrám yfir könnunarbreytur, sem tilgreindar eru í skránni yfir 14 flokka könnunaratriða, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 577/98, til að koma á fót sérstökum einingum, þar sem tilgreint er efni, skrá og lýsing á sviði sértækra upplýsinga (undireiningar sérstakra eininga) fyrir hverja sérstaka einingu og viðmiðunartímabilið. Að auki ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir til að samþykkja skrána yfir formgerðarbreytur og könnunartíðnina. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að þessar framseldu gerðir auki ekki stjórnsýsluálag á aðildarríkin eða á svareiningarnar.

6) Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 163, 29.5.2014, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 8. maí 2014.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3).

7) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 577/98, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvaldið. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

8) Í ljósi þess hve vinnumarkaðskönnun sérstakra eininga er mikilvæg í stefnumálum Sambandsins, ætti framlag frá Sambandinu til fjármögnunar framkvæmdar hennar að vera veitt í samræmi við meginregluna um að deila fjárhagslegri byrði á réttmætan hátt á milli fjárlaga Sambandsins og aðildarríkjanna. Veita ætti fjárstyrki, án auglýsingar eftir tillögum, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012([4]). Veita ætti fjárstyrkina með fyrirvara um raunverulega framkvæmd sérstakra eininga, til hagstofa aðildarríkjanna og annarra innlendra yfirvalda sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009([5]). Fjárstyrkir sem eru veittir í þeim tilgangi að framkvæma vinnumarkaðskannanir geta verið í formi eingreiðslna. Í þessu samhengi ættu eingreiðslur að vera ein af meginaðferðunum til að einfalda stjórnun fjárstyrkja.

9) Þrátt fyrir reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012 og með hliðsjón af aukinni byrði við að safna saman viðbótarupplýsingum vegna vinnumarkaðskönnunar sérstakra eininga, sem stuðla að því að útvega vísa fyrir markmið stefnu Sambandsins, er nauðsynlegt að fjármagna að öðru leyti launakostnað starfsfólks innlendra stjórnvalda, jafnvel þó að viðkomandi opinber yfirvöld hefðu framkvæmt studdar aðgerðir án fjárstuðnings frá Sambandinu og fjármagnað annan viðeigandi aðstoðarhæfan kostnað.

10) Að því er varðar veitingu valds til framkvæmdastjórnarinnar er þessi reglugerð takmörkuð við að aðlaga veittar valdheimildir sem fyrir eru í reglugerð (EB) nr. 577/98 við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og við nýjan lagaramma vegna gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, og, eftir því sem við á, til að endurskoða valdsvið þessara valdheimilda. Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum reglugerðar (EB) nr. 577/98 og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

11) Til að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að aðferðir vegna samþykktar ráðstafana sem hafa verið hafnar en er ekki lokið fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, hafi ekki áhrif á þessa reglugerð.

12) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 577/98 til samræmis við það,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 577/98 er breytt sem hér segir:

1) ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 7. gr. c, að því er varðar nauðsynlega aðlögun á skrám yfir könnunarbreytur, sem tilgreindar eru í skránni yfir 14 flokka könnunaratriða, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, vegna tækni- og hugtakaþróunar. Framseld gerð, sem

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB. L 87, 31.3.2009, bls. 164).

er samþykkt í samræmi við þessa málsgrein, skal ekki breyta valkvæðum breytum í skyldubundnar breytur. Skyldubundnu breyturnar, sem flokkast í samfellu, skulu flokkast innan könnunaratriðanna í a- til j-lið og l-, m- og n- liðum 1. málsgreinar þessarar greinar. Þessar breytur skulu vera innan 94 könnunaratriðanna. Viðkomandi framseldar gerðir skulu samþykktar eigi síðar en 15 mánuðum áður en viðmiðunartímabil könnunarinnar hefst.

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 7. gr. c., að því er varðar skrá yfir breytur (hér á eftir nefndar „skipulagsbreytur“) úr þeim könnunaratriðum sem tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar, sem þarf einungis að kanna sem ársmeðaltal með því að nota hlutaúrtak óháðra athugana með vísun í 52 vikur, frekar en sem ársfjórðungslegt meðaltal.

2a. Formgerðarbreytur skulu uppfylla það skilyrði að hlutfallsleg staðalskekkja (án þess að tekið sé tillit til sniðáhrifa) í árlegu mati, sem tekur til minnst 1% eða fleiri íbúa á vinnualdri, sé ekki meiri en:

a) 9% í aðildarríkjum með íbúafjölda á bilinu 1 til 20 milljónir íbúa og

b) 5% í aðildarríkjum með íbúafjölda sem er 20 milljónir eða fleiri.

Aðildarríki með minna en 1 milljón íbúa skulu teljast undanþegin kröfunum varðandi hlutfallslega staðalskekkju og safna skal breytunum fyrir heildarúrtakið nema úrtakið uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í a-lið.

Ef aðildarríki nota hlutaúrtak við öflun gagna um formgerðarbreytur og könnunarbylgjurnar eru fleiri en ein skulu heildartölur í hlutaúrtökunum byggjast á sjálfstæðum athugunum.

2b. Tryggja skal samræmi milli árlegra heildartalna hlutaúrtaks og ársmeðaltals alls úrtaks að því er varðar atvinnu, atvinnuleysi og aðra íbúa utan vinnumarkaðar eftir kyni og í eftirtöldum aldurshópum: 15 til 24, 25 til 34, 35 til 44, 45 til 54 og 55 og eldri.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja reglur um þær eftirlitsreglur sem nota á, skráningarkerfi yfir breyturnar og skrá yfir grundvallarreglur um gerð spurninga að því er varðar atvinnustöðu á vinnumarkaði. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.“,

b) ákvæði 4. mgr. falli brott,

2) eftirfarandi greinar bætist við:

„7. gr. a

Sérstakar einingar

1. Heimilt er að bæta við fleiri könnunaratriðum við upplýsingarnar, sem lýst er í 1. mgr. 4. gr. (hér á eftir nefnt „sérstök eining“).

2. Úrtakið, sem er notað til þess að afla upplýsinga um sérstakar einingar, skal einnig fela í sér upplýsingar um formgerðarbreytur.

3. Úrtakið, sem er notað til þess að afla upplýsinga um sérstakar einingar, skal uppfylla eitt eftirfarandi skilyrða:

a) safna upplýsingum um sérstakar einingar á viðmiðunarvikunum 52, og falla undir sömu kröfur og í 2. mgr. a í 4. gr., eða

b) safna upplýsingum um sérstakar einingar í heildarúrtaki a.m.k. eins ársfjórðungs.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 7. gr. c, um að koma á fót áætlun fyrir sérstakar einingar sem nær yfir þrjú ár. Þessi áætlun skal skilgreina efni, skrá og lýsingu á sviði sértækra upplýsinga (hér á eftir nefnt „undireiningar sérstakra eininga“) fyrir hverja sérstaka einingu, sem mótar rammann þar sem tæknilegir eiginleikar sérstakra eininga, sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, eru ákvarðaðir og viðmiðunartímabilið er skilgreint. Áætlunin skal samþykkt eigi síðar en 24 mánuðum áður en viðmiðunartímabil áætlunarinnar hefst.

5. Til að tryggja samræmda beitingu áætlunarinnar, sem um getur í 4. málsgrein þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, tilgreina tæknilega eiginleika sérstakra eininga sem falla undir hverja undireiningu sérstakra eininga, í samræmi við svið sértækra upplýsinga sem um getur í þeirri málsgrein, sem og síurnar og flokkunarnúmerin fyrir gagnasendingar og frestina vegna sendinga á niðurstöðum, sem geta verið aðrir en frestirnir sem settir eru fram í 6. gr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

6. Ítarlega skráin yfir upplýsingarnar, sem safna á fyrir sérstaka einingu, skal tekin saman eigi síðar en 12 mánuðum áður en viðmiðunartímabilið fyrir þá einingu hefst. Umfang sérstakrar einingar skal takmarkast við 11 tæknilega eiginleika.

7. gr. b

Fjármögnunarákvæði

Sambandið skal veita fjárstuðning til hagstofa aðildarríkja og annarra innlendra yfirvalda sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins(*) (EB) nr. 223/2009, vegna framkvæmdar sjálfstæðu einninganna, eins og um getur í 7. gr. a í þessari reglugerð, í samræmi við a-lið 1. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins(**) (ESB) nr. 1296/2013. Í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 128. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins(***) (ESB, KBE) nr. 966/2012, getur Sambandið veitt fjárstyrki, án þess að auglýst sé eftir tillögum, fyrir þessar hagstofur aðildarríkjanna og önnur innlend yfirvöld. Fjárstyrkirnir geta verið í formi eingreiðslna og skulu veittir með því skilyrði að aðildarríki séu þátttakendur í raun í framkvæmd sérstakra eininga.

7. gr. c

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Þegar valdheimildum er beitt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. og 7. gr. a, skal framkvæmdastjórnin tryggja að framseldu gerðirnar auki ekki stjórnsýsluálag á aðildarríkin eða svarendur.

Þessar framseldu gerðir skulu aðeins samþykktar þegar þær eru nauðsynlegar til að hafa hliðsjón af félagslegri þróun og efnahagsþróun. Þessar framseldu gerðir breyta ekki valfrjálsu eðli tilskildra upplýsinga.

Framkvæmdastjórnin skal rökstyðja hagskýrsluaðgerðirnar sem kveðið er á um í þessum framseldu gerðum á viðeigandi hátt, og nota, eftir því sem við á, tillögur frá viðkomandi sérfræðingum, byggðar á greiningu á kostnaðarhagkvæmni, þ.m.t. mat á fyrirhöfn svarenda og á kostnaði við gerðina, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og 7. gr. a, vegna fimm ára tímabils sem hefst 18. júní 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

4. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og 7. gr. a. Með afturköllunarákvörðun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 4. gr. og 7. gr. a, skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB. L 87, 31.3.2009, bls. 164).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1296/2013 frá 11. desember 2013 um áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun (EaSI) og um breytingu á ákvörðun nr. 283/2010/ESB um að koma á fót evrópskri örfjármögnunarleið innan Progress-áætlunarinnar í þágu atvinnu og félagslegrar aðlögunar (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 238).

(***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1),

3) í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„*8. gr.*

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011(*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

2. gr.

Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á aðferðir vegna samþykktar ráðstafana sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 577/98, sem hafa verið hafnar en er ekki lokið fyrir 18. júní 2014.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 538/2014 **2015/EES/8/09**

frá 16. apríl 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2011 um evrópska umhverfisreikninga (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins([2]) nr. 1386/2013/ESB er kveðið á um að vegna hraða núverandi þróunar og óvissuþátta varðandi líklegar framtíðarhorfur er krafist frekari ráðstafana, til að tryggja að stefnur í Sambandinu búi áfram yfir staðgóðum skilningi á ástandi umhverfisins, mögulegum valkostum til viðbragða og afleiðingum þeirra. Þróa ætti stjórntæki í því skyni að tryggja undirbúning gæðatryggðra gagna og vísa og til að bæta aðgengi að þeim. Það er mikilvægt að slík gögn séu tiltæk á skiljanlegu og aðgengilegu formi.

2) Samkvæmt 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 ([3]) er framkvæmdastjórnin hvött til að skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd reglugerðarinnar og, ef við á, leggja til tillögur um nýjar einingar umhverfisreikninga, s.s. útgjöld og tekjur til umhverfisverndar (e. *EPER*)/reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar (e. *EPEA*), þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu (e. *EGSS*) og orkubúskaparreikninga.

3) Nýju einingarnar tengjast með beinum hætti forgangsröðun við stefnumótun Sambandsins og umhverfisvænum vexti og auðlindanýtni, með því að veita mikilvægar upplýsingar um vísa s.s. markaðsframleiðslu og atvinnu í þjónustugeiranum fyrir umhverfistengdar vörur, innlend útgjöld til umhverfisverndar og orkunotkun í sundurliðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna.

4) Hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna samþykkti miðlægan ramma utan um kerfi umhverfisreikninga (SEEA) sem alþjóðlegan hagskýrslustaðal á 43. fundi hennar í febrúar 2012. Nýju einingarnar sem samþykktar eru með þessari reglugerð eru í fullu samræmi við samþætt kerfi umhverfisreikninga.

5) Samráð hefur verið haft við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 113. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2014 frá 24.október 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 2. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

([2]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópska umhverfisreikninga (Stjtíð. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 1).

6) Til að taka tillit til þróunar á sviði tækni og vísinda og bæta við ákvæðum um orkubúskaparreikninga, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar lýsingu á skránni um orkuvörur, sem um getur í 3. þætti VI. viðauka sem fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

7) Til að auðvelda samræmda beitingu á V. viðauka, eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([4]). Nota ætti rannsóknarmálsmeðferðina við samþykkt þessara framkvæmdargerða.

8) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 691/2011 til samræmis við það,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 691/2011 er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi liðir bætast við 2. gr.:

„4) „útgjöld til umhverfisverndar“: efnahagslegur auður, sem einingar sem eru með búsetu á svæðinu nýta til umhverfisverndar. Umhverfisvernd tekur til allrar starfsemi og aðgerða sem hafa það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir, draga úr og stöðva mengun og hvers konar hnignun umhverfisins. Þessi starfsemi og aðgerðir taka til allra ráðstafana sem eru gerðar til að færa umhverfið í samt horf eftir hnignun þess. Starfsemi, þótt hún sé til hagsbóta fyrir umhverfið, sem er fyrst og fremst til að uppfylla tæknilegar kröfur eða innlendar kröfur um hollustuhætti eða öryggi fyrirtækja eða annarra stofnana, falla ekki undir þessa skilgreiningu,

5) „þjónustugeiri fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu“: framleiðslustarfsemi hagkerfis lands sem örvar framleiðslu umhverfistengdra vara (umhverfistengdar vörur og þjónusta). Umhverfistengdar vörur eru vörur sem hafa verið framleiddar í þeim tilgangi að stuðla að umhverfisvernd, eins og um getur í 4. lið, og auðlindastjórnun. Auðlindastjórnun felur í sér verndun, viðhald og úrbætur á birgðum náttúruauðlinda og þar af leiðandi verndarráðstafanir vegna eyðingar þessara auðlinda,

6) „efnislegir orkubúskaparreikningar“: samræmd samantekt efnislegs orkuflæðis inn í innlend hagkerfi, flæði innan hagkerfis og frálag til annarra hagkerfa eða til umhverfisins.“,

2) ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liðir bætist við 1. mgr.:

„d) eining reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar, eins og sett er fram í IV. viðauka,

e) eining reikninga vegna þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu, eins og sett er fram í V. viðauka,

f) eining fyrir efnislega orkubúskaparreikninga, eins og sett er fram í VI. viðauka.“,

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

b) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„4. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 9. gr. til að tilgreina orkuvörurnar sem um getur í 3. þætti VI. viðauka, byggt á skránum sem settar eru fram í viðaukunum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008(*).

Slíkar framseldar gerðir skulu ekki auka verulega stjórnsýsluálag á aðildarríkin eða á svarendur. Þegar framkvæmdastjórnin kemur á og uppfærir síðan þær skrár sem um getur í fyrstu undirgrein skal hún rökstyðja aðgerðir og, eftir því sem við á, nota tillögur frá viðkomandi sérfræðingum, byggðar á greiningu á kostnaðarhagkvæmni, þ.m.t. mat á fyrirhöfn svarenda og á kostnaði við gerðina.

5. Til að tryggja samræmda beitingu á V. viðauka skal framkvæmdastjórnin, fyrir 31. desember 2015, með framkvæmdargerðum, koma á fót leiðbeinandi yfirliti yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og atvinnustarfsemi, sem fellur undir V. viðauka út frá eftirfarandi flokkum: þjónusta, sérstaklega tengd umhverfismálum, vörur sem eingöngu eru tengdar umhverfismálum (tengdar vörur), aðlagaðar vörur og umhverfistækni. Framkvæmdastjórnin skal, ef nauðsyn krefur, uppfæra yfirlitið.

Framkvæmdargerðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.,“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1).

3) í stað 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, í þeim tilgangi að fá undanþágu skv. 1. mgr. fyrir I., II. og III. viðauka, leggja fyrir framkvæmdastjórnina tilhlýðilega rökstudda beiðni eigi síðar en 12. nóvember 2011. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, í þeim tilgangi að fá undanþágu skv. 1. mgr. fyrir IV., V. og VI. viðauka, leggja fyrir framkvæmdastjórnina tilhlýðilega rökstudda beiðni eigi síðar en 17. september 2014.“,

4) ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 3. og 4. mgr. 3. gr., á fimm ára tímabili sem hefst frá og með 11. ágúst 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.“,

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 3. og 4. mgr. 3. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.“,

c) í stað 5. málsgreinar komi eftirfarandi:

„5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. og 4. mgr. 3. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“,

5) eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð er IV., V. og VI. viðauka bætt við reglugerð (ESB) nr. 691/2011.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

EINING REIKNINGA VEGNA ÚTGJALDA TIL UMHVERFISVERNDAR

1. þáttur

MARKMIÐ

Í einingum reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar, eru gögn sett fram á þann máta sem er samhæfður við gögnin sem tilkynnt er um samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu um útgjöld til umhverfisverndar, þ.e. efnahagslegan auð sem einingar sem eru með búsetu á svæðinu nýta til umhverfisverndar. Slíkir reikningar bjóða upp á samantekt á innlendum kostnaði vegna umhverfisverndar, sem er skilgreindur sem samtala notkunar eininga sem eru með búsetu á svæðinu á þjónustu á sviði umhverfisverndar, vergri fjármunamyndun (e. *GFCF*) fyrir umhverfisverndarstarfsemi og millifærslum vegna umhverfisverndar sem eru ekki samsvarandi fyrri liðum, að frádreginni fjármögnun þriðju aðila.

Reikningar vegna útgjalda til umhverfisverndar skulu nýta fyrirliggjandi upplýsingar úr þjóðhagsreikningum (framleiðsla og reikningar yfir ráðstöfun vinnsluvirðis, vergri fjármunamyndun út frá atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (e. *NACE*), uppruna- og ráðstöfunartöflum og gögnum byggðum á flokkun útgjalda hins opinbera), hagskýrslum um skipulag fyrirtækja, fyrirtækjaskrám og öðrum heimildum.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögn aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta vegna reikninga útgjalda til umhverfisverndar.

2. þáttur

UMFANG

Reikningar vegna útgjalda til umhverfisverndar hafa sömu kerfismörk og evrópska þjóðhagsreikningakerfið og sýna útgjöld til umhverfisverndar fyrir aðal-, auka- eða stoðstarfsemi. Þetta nær yfir eftirfarandi geira:

— opinber yfirvöld (þ.m.t. stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum) og fyrirtæki í haggeiranum sem veita þjónustu á sviði umhverfisverndar. Sérfræðingar í framleiðslu sem hafa það að meginstarfsemi sinni að veita þjónustu á sviði umhverfisverndar,

— heimili, opinber yfirvöld og fyrirtæki sem neytendur þjónustu á sviði umhverfisverndar,

— þriðju aðilar sem rétthafar, eða upprunaaðilar millifærslna vegna umhverfisverndar.

3. þáttur

SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríki skulu vinna reikninga vegna útgjalda til umhverfisverndar út frá eftirfarandi könnunaratriðum, sem eru skilgreind í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið:

— framleiðsla þjónustu á sviði umhverfisverndar. Markaðsframleiðsla, framleiðsla utan markaðar og framleiðsla stoðstarfsemi eru aðgreind,

— aðfanganotkun sérfræðinga í framleiðslu á þjónustu á sviði umhverfisverndar,

— innflutningur og útflutningur á þjónustu á sviði umhverfisverndar,

— virðisaukaskattur (VSK) og aðrir skattar, að frádregnum vörutengdum styrkjum á þjónustu á sviði umhverfisverndar,

— verg fjármunamyndun og öflun, að frádregnum ráðstöfunum á eignum sem hvorki eru framleiddar né peningalegar, vegna framleiðslu þjónustu á sviði umhverfisverndar,

— lokaneysla á þjónustu á sviði umhverfisverndar,

— millifærslur vegna umhverfisverndar (móttekið/greitt).

Öll gögn skulu gefin upp í milljónum í gjaldmiðli hvers ríkis.

4. þáttur

FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG FRESTUR TIL SENDINGA

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.

2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 24 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.

3. Til að mæta þörfum notenda fyrir alhliða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og landsgögn eru tilbúin, heildarmat ESB-28 á helstu lykilstærðum þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan frestsins sem tilgreindur er í 2. lið.

4. Fyrsta viðmiðunarárið er 2015.

5. Í fyrstu gagnasendingunni skulu aðildarríki senda ársgögn frá 2014 til fyrsta viðmiðunarársins.

6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda ársgögn fyrir árin n-2, n-1 og n, þar sem n er viðmiðunarárið. Aðildarríkin geta lagt fram öll fyrirliggjandi gögn fyrir árin á undan 2014.

5. þáttur

UPPLÝSINGATÖFLUR

1. Skila skal inn sundurliðuðum gögnum vegna könnunaratriðanna, sem um getur í 3. þætti út frá:

   — tegund afurða/neytenda þjónustu á sviði umhverfisverndar eins og skilgreint er í 2. þætti,

   — flokkum í flokkun á umhverfisverndaraðgerðum (e. *CEPA*), flokkuðum á eftirfarandi hátt:

   Fyrir starfsemi opinberra yfirvalda og millifærslur vegna umhverfisverndar:

   — CEPA-flokkur 2

   — CEPA-flokkur 3

   — Samtala CEPA-flokks 1, CEPA-flokks 4, CEPA-flokks 5 og CEPA-flokks 7

   — CEPA-flokkur 6

   — Samtala CEPA-flokks 8 og CEPA-flokks 9

   Vegna stoðstarfsemi fyrirtækja:

   — CEPA-flokkur 1

   — CEPA-flokkur 2

   — CEPA-flokkur 3

   — Samtala CEPA-flokks 4, CEPA-flokks 5, CEPA-flokks 6, CEPA-flokks 7, CEPA-flokks 8 og CEPA-flokks 9

   Fyrir fyrirtæki sem auka- og sérhæfðir framleiðendur:

   — CEPA-flokkur 2

   — CEPA-flokkur 3

   — CEPA-flokkur 4

   Fyrir heimili sem neytendur:

   — CEPA-flokkur 2

   — CEPA-flokkur 3

— Eftirfarandi kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna fyrir stoðframleiðslu á þjónustu á sviði umhverfisverndar: Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., bálkar B, C, D, deild 36. Gögn fyrir bálk C skulu sett fram eftir deildum. Flokka skal deildir 10-12, 13-15 og 31-32 saman. Aðildarríki sem, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008([5]) (að því er varðar skilgreiningar á könnunaratriðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1., og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja) eru ekki skuldbundin til að safna gögnum um útgjöld til umhverfisverndar fyrir einn eða fleiri af þessum kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, þurfa ekki að afla gagna vegna þessara kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna.

2. CEPA flokkarnir, sem um getur í 1. lið., skulu vera sem hér segir:

CEPA-flokkur 1 — Verndun andrúmslofts og loftslags

CEPA-flokkur 2 — Meðhöndlun skólps

CEPA-flokkur 3 — Meðhöndlun úrgangs

CEPA-flokkur 4 — Verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns

CEPA-flokkur 5 — Hávaðamildun og mildun titrings

CEPA-flokkur 6 — Verndun á líffræðilegri fjölbreytni og landslagi

CEPA-flokkur 7 — Vernd gegn geislun

CEPA-flokkur 8 — Umhverfisrannsóknir og þróunarstarfsemi

CEPA-flokkur 9 — Önnur umhverfisverndarstarfsemi.

6. þáttur

HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILSINS

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar ákvæða þessa viðauka.

V. VIÐAUKI

EINING ÞJÓNUSTUGEIRA FYRIR UMHVERFISTENGDAR VÖRUR OG ÞJÓNUSTU

1. þáttur

MARKMIÐ

Í hagskýrslur um umhverfistengdar vörur og þjónustu eru skráð og sett fram gögn um framleiðslustarfsemi hagkerfis lands sem koma af stað framleiðslu umhverfistengdra vara, á þann hátt sem er samrýmanlegur við gögnin sem tilkynnt er um samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu.

Reikningar þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu skulu nýta fyrirliggjandi upplýsingar úr þjóðhagsreikningum, hagskýrslum um skipulag fyrirtækja, fyrirtækjaskrám og öðrum heimildum.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögnum aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta fyrir reikninga vegna umhverfistengdra vara og þjónustu.

2. þáttur

UMFANG

Þjónustugeiri fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu hefur sömu kerfismörk og evrópska þjóðhagsreikningakerfið og samanstendur af öllum umhverfistengdum vörum og þjónustu sem verða til við framleiðslustarfsemina. Í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu er framleiðsla skilgreind sem sú starfsemi sem fer fram undir stjórn og á ábyrgð hageiningar sem notar aðföng vinnuafls, fjármagns og vöru og þjónustu til að framleiða vörur og þjónustu.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13).

Umhverfistengdar vörur og þjónusta falla undir eftirfarandi flokka: þjónusta, sérstaklega tengd umhverfismálum, vörur sem eingöngu eru tengdar umhverfismálum (tengdar vörur), aðlagaðar vörur og umhverfistækni.

3. þáttur

SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríkin skulu vinna hagskýrslur um þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu út frá eftirfarandi könnunaratriðum:

— markaðsframleiðsla, þar af:

  — útflutningur,

— virðisauki af markaðsstarfsemi,

— atvinna við markaðsstarfsemi.

Öll gögn skulu tilkynnt í milljónum í gjaldmiðli hvers ríkis, að undanskildu könnunaratriðinu „atvinna“, þar sem skýrslueiningin skal vera „heil stöðugildi“.

4. þáttur

FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG FRESTUR TIL SENDINGA

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.

2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 24 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.

3. Til að mæta þörfum notenda fyrir alhliða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og landsgögn eru tilbúin, heildarmat ESB-28 á helstu lykilstærðum þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan frestsins sem tilgreindur er í 2. lið.

4. Fyrsta viðmiðunarárið er 2015.

5. Í fyrstu gagnasendingunni skulu aðildarríki senda ársgögn frá 2014 til fyrsta viðmiðunarársins.

6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda ársgögn fyrir árin n-2, n-1 og n, þar sem n er viðmiðunarárið. Aðildarríkin geta lagt fram öll fyrirliggjandi gögn fyrir árin á undan 2014.

5. þáttur

UPPLÝSINGATÖFLUR

1. Skila skal inn víxlflokkuðum gögnum vegna könnunaratriðanna, sem um getur í 3. þætti út frá:

  — flokkun atvinnustarfsemi, atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. (A*21 þrep lykilstærða eins og sett er fram í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu),

  — CEPA flokkum og flokkun á starfsemi auðlindastjórnunar (e. *CReMA*), flokkað á eftirfarandi hátt:

    — CEPA-flokkur 1

    — CEPA-flokkur 2

    — CEPA-flokkur 3

    — CEPA-flokkur 4

    — CEPA-flokkur 5

    — CEPA-flokkur 6

— Samtala CEPA-flokks 7, CEPA-flokks 8 og CEPA-flokks 9

— CReMA-flokkun 10

— CReMA-flokkun 11

— CReMA-flokkun 13

— CReMA-flokkun 13A

— CReMA-flokkun 13B

— CReMA-flokkun 13C

— CReMA-flokkun 14

— Samtala CReMA-flokkunar 12, CReMA-flokkunar 15 og CReMA-flokkunar 16

2. CEPA-flokkarnir, sem um getur í 1. lið, eru eins og þeir eru settir fram í IV. viðauka. CReMA flokkarnir, sem um getur í 1. lið, skulu vera sem hér segir:

CReMA-flokkun 10 — Vatnsstjórnun

CReMA-flokkun 11 — Stjórnun skógarauðlinda

CReMA-flokkun 12 — Stjórnun villtra plantna og dýra

CReMA-flokkun 13 — Stjórnun orkuauðlinda:

— CReMA-flokkun 13A — Orkuframleiðsla frá endurnýjanlegum auðlindum

— CReMA-flokkun 13B — Hita-/orkusparnaður og -stjórnun

— CReMA-flokkun 13C — Lágmörkun notkunar á jarðefnaorku sem hráefni

CReMA-flokkun 14 — Stjórnun jarðefna

CReMA-flokkun 15 — Rannsóknir og þróunarstarfsemi vegna auðlindastjórnunar

CReMA-flokkun 16 — Önnur starfsemi tengd auðlindastjórnun

6. þáttur

HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILSINS

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar ákvæða þessa viðauka.

VI. VIÐAUKI

EINING FYRIR EFNISLEGA ORKUBÚSKAPARREIKNINGA

1. þáttur

MARKMIÐ

Í efnislegum orkubúskaparreikningum eru sett fram gögn um orkuflæði sem mælt er í terajúlum, á þann hátt sem samrýmist evrópska þjóðhagsreikningakerfinu að fullu. Gögn eru skráð í efnislega orkubúskaparreikninga í tengslum við efnahagslega starfsemi búsetueininga þjóðarbúskapar, með sundurliðun eftir atvinnustarfsemi. Þar er sett fram afhending og notkun á ílagi náttúruorku, orkuvöru og afgangsorku. Atvinnustarfsemi felur í sér framleiðslu, neyslu og uppsöfnun.

Í þessum viðauka er skilgreint hvaða gögn aðildarríkin eiga að safna, taka saman, afhenda og meta fyrir efnislega orkubúskaparreikninga.

2. þáttur

UMFANG

Efnislegir orkubúskaparreikningar hafa sömu kerfismörk og ESA 1995 og eru einnig byggðir á meginreglunni um búsetu.

Í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið er eining sögð vera búsetueining lands þegar hún hefur efnahagslegt aðsetur á efnahagssvæði þess lands, þ.e. þegar hún tekur þátt í lengri tíma (1 ár eða meira) í atvinnustarfsemi á yfirráðasvæðinu.

Í efnislegum orkubúskaparreikningum er skráð efnislegt orkuflæði frá starfsemi allra búsetueininga, óháð því hvar flæðið á sér í reynd stað landfræðilega.

Í efnislegum orkubúskaparreikningum er skráð efnislegt orkuflæði frá umhverfi til hagkerfis, innan hagkerfis, og frá hagkerfi aftur til umhverfisins.

3. þáttur

SKRÁ YFIR KÖNNUNARATRIÐI

Aðildarríkin skulu vinna efnislega orkubúskaparreikninga út frá eftirfarandi könnunaratriðum:

— efnislegt orkuflæði skiptist í þrjá almenna flokka:

  i. ílag náttúruorku,

  ii. orkuvörur,

  iii. umframorku,

— uppruni efnislegs orkuflæðis skiptist í fimm flokka: framleiðslu, neyslu, uppsöfnun, þriðju aðila og umhverfi,

— ákvörðunarstaður efnislegs flæðis skiptist í sömu fimm flokka og uppruni efnislegs orkuflæðis.

Öll gögn skulu gefin upp í terajúlum.

4. þáttur

FYRSTA VIÐMIÐUNARÁR, TÍÐNI OG FRESTUR TIL SENDINGA

1. Hagskýrslur skulu teknar saman og sendar árlega.

2. Hagskýrslur skulu sendar eigi síðar en 21 mánuði frá lokum viðmiðunarársins.

3. Til að mæta þörfum notenda fyrir alhliða og tímanleg gagnasöfn skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) leggja fram, um leið og landsgögn eru tilbúin, heildarmat ESB-28 á helstu lykilstærðum þessarar einingar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, þegar unnt er, vinna og birta mat vegna gagna sem aðildarríkin hafa ekki lagt fram innan frestsins sem tilgreindur er í 2. lið.

4. Fyrsta viðmiðunarárið er 2015.

5. Í fyrstu gagnasendingunni skulu aðildarríki senda ársgögn frá 2014 til fyrsta viðmiðunarársins.

6. Í hverri síðari gagnasendingu til framkvæmdastjórnarinnar skulu aðildarríkin afhenda ársgögn fyrir árin n – 2, n – 1 og n, þar sem n er viðmiðunarárið. Aðildarríkin geta lagt fram öll fyrirliggjandi gögn fyrir árin á undan 2014.

5. þáttur

UPPLÝSINGATÖFLUR

1. Skila skal inn gögnum vegna könnunaratriðanna, sem um getur í 3. þætti út frá efnislegum einingum:

— Upprunatafla fyrir orkuflæði. Í þessa töflu eru skráðar birgðir af ílagi náttúruorku, orkuvörum og umframorku (lárétt) út frá uppruna, þ.e. „birgir“ (lóðrétt).

— Ráðstöfunartafla fyrir orkuflæði. Í þessa töflu eru skráðar birgðir af ílagi náttúruorku, orkuvörum og afgangsorku (lárétt) út frá ákvörðunarstað, þ.e. „notandi“ (lóðrétt).

— Tafla fyrir orkuflæði sem er tengt losun. Í þessa töflu er skráð losun tengd ílagi náttúruorku og orkuvörum (lárétt) út frá notkunar- og losunareiningu (lóðrétt).

— Brúartafla sýnir ýmsa þætti sem skilja á milli orkubúskaparreikninga og orkujöfnuðar.

2. Uppruna- og ráðstöfunartöflurnar um orkuflæði (þ.m.t. streymi losunar), eru með sambærilega uppsetningu með tilliti til raða og dálka.

3. Dálkarnir tilgreina uppruna (birgðir) og ákvörðunarstað (notkun) efnislegs flæðis. Dálkarnir skiptast í fimm flokka:

— „Framleiðsla“ tengist framleiðslu á vöru og þjónustu. Framleiðslustarfsemi sem flokkast samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. og gögn sem tilkynnt er um samkvæmt A*64 þrepi lykilstærða.

— „Neysla“: virkni er kynnt í heild og einnig skipt í þrjá undirflokka (flutningur, upphitun/kæling, annað) fyrir lokaneyslu einkaheimila.

— „Uppsöfnun“: merkir breytingar á birgðum orkuvara innan hagkerfis.

— „Þriðju aðilar“: flæði innfluttra og útfluttra vara er skráð.

— „Umhverfi“: uppruni streymis náttúrulegs ílags og ákvörðunarstaður streymis efnaleifa.

4. Í röðunum er lýst tegund efnislegs flæðis, sem flokkað er í fyrsta undirlið 3. þáttar.

5. Flokkun ílags náttúruvöru, orkuvara og umframorku er eftirfarandi:

— ílag náttúruvöru er flokkað í ílag óendurnýjanlegs náttúrulegs eldsneytis og ílag endurnýjanlegs náttúrulegs eldsneytis,

— orkuvörur eru flokkaðar samkvæmt flokkuninni sem notuð er í evrópskum hagskýrslum um orkumál,

— umframorka tekur til úrgangs (án peningalegs virðis), taps við vinnslu/töku, dreifingar/flutnings, ummyndunar/umskráningar og geymslu og stöðuliða til að jafna uppruna- og ráðstöfunartöflur.

6. „Brúin“ frá vísi um meginreglu búsetu, til vísis út frá yfirráðasvæði, er kynnt fyrir hagkerfi lands í heild (ekki sundurliðað eftir atvinnugreinum) og er fengin á eftirfarandi hátt:

heildarorka sem notuð er af búsetueiningum:

– orka sem notuð er af búsetueiningum erlendis

+ orka sem notuð er af íbúum sem eru ekki með búsetu á yfirráðasvæðinu

+ tölfræðilegur mismunur

= verg orkunotkun innanlands (út frá yfirráðasvæði)

6. þáttur

HÁMARKSGILDISTÍMI UMBREYTINGARTÍMABILSINS

Hámarksgildistími umbreytingartímabilsins er tvö ár frá fyrsta fresti sendinga, vegna framkvæmdar ákvæða þessa viðauka.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 669/2014 **2015/EES/8/10**

frá 18. júní 2014

um leyfi fyrir kalsíum-D-pantótenati og D-panþenóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Kalsíum-D-pantótenat og D-panþenól voru leyfð án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, sem hluti af flokknum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE. Þessi fóðuraukefni voru síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram tvær umsóknir um endurmat á kalsíum-D-pantótenati og D-panþenóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um breytingu á skilmálum leyfisins varðandi notkun efnanna í drykkjarvatn. Umsækjendurnir óskuðu eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. október 2011([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi kalsíum-D-pantótenat og D-panþenól ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að kalsíum-D-pantótenat og D-panþenól teljist áhrifaríkur gjafi pantóþensýru og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á kalsíum-D-pantótenati og D-panþenóli sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af aukefnum, forblöndum og fóðurblöndum sem innihalda þau, eins og heimilað er með tilskipun 70/524/EBE.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 254/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2409 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2410.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 9. janúar 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 9. júlí 2014, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12 % rakainnihald eða mg/l af vatni			
Flokkur: Næringaraukefni. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a841	—	Kalsíum-D-pantótenat	*Samsetning aukefnis* Kalsíum-D-pantótenat. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalsíum-D-pantótenat $Ca[C_9H_{16}NO_5]_2$ CAS-nr.: 137-08-6 Kalsíum-D-pantótenat, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: 1. A.m.k. 98%(miðað við þurrt efni) 2. Hámark 0,5% 3-amínóprópíónsýra. *Greiningaraðferð* (1) — Til að ákvarða kalsíum-D-pantótenat í fóðuraukefninu: spennutítrun með perklórsýru og sanngreining með eðlisskautsnúningi (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0470). — Til að ákvarða kalsíum-D-pantótenat í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með greiningu þar sem notast er við einfaldan fjórskauta massagreini (RP-HPLC-MS).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Má einnig setja í drykkjarvatn. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	9. júlí 2024

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Kenni-númer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12 % rakainnihald eða mg/l af vatni			
3a842	—	D-panþenól	*Samsetning aukefnis* D-panþenól *Lýsing á eiginleikum virka efnisins.* D-panþenól $C_9H_{19}NO_4$ CAS-nr.: 81-13-0 D-panþenól, vökvaform, framleitt með efnasmíði Hreinleikaskilyrði: 1. A.m.k. 98% miðað við vatnsfrítt form (vatn < 1%) 2. Hámark 0,5% 3-amínóprópanól. *Greiningaraðferð* (2) — Til að ákvarða D-panþenól í fóðuraukefninu: títrun með perklórsýru og kalíumvetnisþalati og sanngreining með eðlisskautsnúningi og innrauðri litrófsgreiningu (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0761). — Til að ákvarða D-panþenól í vatni: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með ísogsnema fyrir útfjólublátt ljós (RP-HPLC).	Allar dýrategundir	—	—		1. Má eingöngu setja í drykkjarvatn. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina geymsluskilyrði. 3. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	19. júní 2024

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 754/2014 **2015/EES/8/11**

frá 11. júlí 2014

um synjun um leyfi fyrir *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) sem fóðuraukefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu eða synjun um slíkt leyfi. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.

2) Í samræmi við 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30004), áður *Lactococcus Lactis* (NCIMB 30044), færð í skrána yfir fóðuraukefni sem aukefni í votfóður fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að þessi aukefni yrðu sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 6. mars 2014([2]) að *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) hafi þol gagnvart tetrasýklíni, sýklalyfi sem er notað við lækningar manna og dýra.

5) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga er ekki unnt að útiloka þá áhættu að *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) geti borið þol gegn þessu sýklalyfi til annarra örvera. Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði manna eða á umhverfið þegar þau eru notuð sem fóðuraukefni við tillögð skilyrði.

6) Skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru því ekki uppfyllt. Til samræmis við það ætti að synja um leyfi fyrir *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) sem fóðuraukefni.

7) Þar eð frekari notkun á *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) sem fóðuraukefni gæti skapað áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra ætti að taka þessi fóðuraukefni af markaði sem fyrst. Með tilliti til hagkvæmnisástæðna er þó nauðsynlegt að veita hagsmunaaðilum frest þar sem nota má fyrirliggjandi birgðir af votfóðri, sem hefur verið framleitt með þessum fóðuraukefnum, þar til birgðir eru uppurnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 205, 12.7.2014, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 254/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014* 12(3), 3609 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014* 12(3), 3610.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Synjun um leyfi

Leyfi fyrir *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) sem aukefni í fóður er synjað.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fyrirliggjandi birgðir af *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) and *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) og forblöndum sem innihalda efnin skulu teknar af markaði sem fyrst og eigi síðar en 30. september 2014.

2. Votfóður, sem hefur verið framleitt með *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) eða með forblöndum sem innihalda þau fyrir 1. ágúst 2014, má nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/63/ESB 2015/EES/8/12

frá 22. september 2010

um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðið samþykkti tilskipun 86/609/EBE ([3]) 24. nóvember 1986 til að uppræta misræmi sem var á milli laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um vernd dýra sem notuð eru í tilraunum og öðrum vísindalegum tilgangi. Frá því að sú tilskipun var samþykkt hefur komið í ljós frekara misræmi á milli aðildarríkjanna. Tiltekin aðildarríki hafa samþykkt landsbundnar framkvæmdarráðstafanir sem tryggja öflugt verndarstig fyrir dýr sem notuð eru í vísindaskyni meðan önnur beita einungis þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun 86/609/EBE. Líklegt er að þetta misræmi geti leitt til hindrana á viðskiptum með framleiðsluvörur og efni sem eru þróuð með tilraunum á dýrum. Þar af leiðandi skal í þessari tilskipun kveðið á um ítarlegri reglur til að draga úr slíku misræmi með því að samræma reglur sem gilda á þessu sviði og til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins.

2) Velferð dýra er eitt af gildum Sambandsins sem er að finna í 13. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).

3) Hinn 23. mars 1998 samþykkti ráðið ákvörðun 1999/575/EB um aðild Bandalagsins að Evrópusamningnum um verndun hryggdýra sem notuð eru í tilraunum og öðrum vísindalegum tilgangi ([4]). Með því að gerast aðili að samningnum viðurkenndi Bandalagið á alþjóðavettvangi mikilvægi verndar og velferðar dýra sem notuð eru í vísindaskyni.

4) Í ályktun sinni frá 5. desember 2002 um tilskipun 86/609/EBE hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögu um endurskoðun á þeirri tilskipun með strangari og gagnsærri ráðstöfunum á sviði dýratilrauna.

5) Á fjórða marghliða viðræðufundi aðila að Evrópusamningnum um verndun hryggdýra sem notuð eru í tilraunum og öðrum vísindalegum tilgangi 15. júní 2006 var samþykktur endurskoðaður viðbætir A við þann samning þar sem settar eru fram viðmiðunarreglur um vistarverur og umhirðu tilraunadýra. Þær viðmiðunarreglur voru felldar inn í tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/526/EB frá 18. júní 2007 um viðmiðunarreglur um vistarverur og umhirðu dýra sem notuð eru í tilraunum og öðrum vísindalegum tilgangi ([5]).

6) Ný vísindaþekking liggur fyrir um þætti sem hafa áhrif á velferð dýra sem og á getu dýra til að upplifa og láta í ljós sársauka, þjáningu, hræðslu og varanlegan skaða. Því er nauðsynlegt að bæta velferð dýra sem notuð eru í vísindalegum tilraunum með því að hækka lágmarksstaðla fyrir vernd þeirra í samræmi við nýjustu þróun á sviði vísinda.

7) Afstaða til dýra veltur einnig á viðhorfum í hverju landi fyrir sig og í tilteknum aðildarríkjum eru uppi kröfur um að viðhalda víðtækari reglum um velferð dýra en þeim reglum sem samþykktar hafa verið á vettvangi Sambandsins. Vegna hagsmuna dýranna og að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á starfsemi innri markaðarins er rétt að veita aðildarríkjunum ákveðinn sveigjanleika til að viðhalda landsreglum sem miða að því að veita dýrum meiri vernd, að því marki sem þær samrýmast sáttmálanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 277, 17.11.2009, bls. 51.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 5. maí 2009 (Stjtíð. ESB C 212 E, 5.8.2010, bls. 170), afstaða ráðsins frá 13. september 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og afstaða Evrópuþingsins frá 8. september 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

([3]) Stjtíð. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 222, 24.8.1999, bls. 29.

([5]) Stjtíð. ESB L 197, 30.7.2007, bls. 1.

8) Auk hryggdýra, þ.m.t. hringmunnar, skal þessi tilskipun einnig ná til smokka þar eð rannsóknaniðurstöður sýna að þeir geti upplifað sársauka, þjáningu eða hræðslu og orðið fyrir varanlegum skaða.

9) Þessi tilskipun skal einnig ná til spendýra á fósturstigi, þar eð rannsóknaniðurstöður sýna að á því stigi, á síðasta þriðjungi þroskunar þeirra, er aukin hætta á að þau upplifi sársauka, þjáningu og hræðslu sem einnig geta haft neikvæð áhrif á þroskun þeirra síðar meir. Rannsóknaniðurstöður sýna einnig að tilraunir sem gerðar eru á fósturvísum og fóstrum á fyrri stigum þroskunar geta valdið sársauka, þjáningu, hræðslu og varanlegum skaða ef þessir fósturvísar og fóstur fá að lifa fram yfir fyrstu tvo þriðju hluta þroskunar sinnar.

10) Þó að það sé æskilegt að hætta að nota lifandi dýr í tilraunum og taka upp aðrar aðferðir sem ekki fela í sér notkun á lifandi dýrum verður áfram nauðsynlegt að nota lifandi dýr til að vernda heilbrigði manna og dýra og umhverfið. Þessi tilskipun er hins vegar mikilvægt skref í þá átt að ná fram því lokatakmarki að hætta að gera tilraunir á lifandi dýrum í vísinda- og menntunarskyni um leið og slíkt verður vísindalega mögulegt. Í þessum tilgangi er í henni leitast við að greiða fyrir og stuðla að þróun annars konar aðferða. Með henni er einnig reynt tryggja öflugt umfang verndunar fyrir dýr sem enn þarf að nota í tilraunum. Þessa tilskipun skal endurskoða reglulega með tilliti til þróunar á sviði vísinda og dýraverndarráðstafana.

11) Umhirða og notkun á lifandi dýrum í vísindaskyni stjórnast af alþjóðlega samþykktum meginreglum um staðgöngu, fækkun og mildun. Til að sjá til þess að aðferðir við ræktun, umhirðu og notkun dýra í tilraunum innan Sambandsins séu í samræmi við aðra alþjóðlega og landsbundna staðla sem gilda utan Sambandsins skal taka kerfisbundið tillit til meginreglnanna um staðgöngu, fækkun og mildun við framkvæmd þessarar tilskipunar. Þegar aðferðir eru valdar skal beita meginreglunum um staðgöngu, fækkun og mildun á þröngan og stigskiptan hátt út frá kröfunni um að nota staðgönguaðferðir. Þegar engin staðgönguaðferð er viðurkennd í löggjöf Sambandsins má fækka þeim dýrum sem eru notuð með því að beita öðrum aðferðum og með því að innleiða prófunaráætlanir, s.s. prófanir í glasi og aðrar aðferðir sem munu fækka dýrum sem notuð eru og milda þjáningar þeirra.

12) Dýr hafa innra virði sem verður að taka tillit til. Einnig er notkun á dýrum í tilraunum siðfræðilegt áhyggjuefni fyrir almenning. Því skal ávallt meðhöndla dýr sem skyni gæddar verur og takmarka notkun á þeim í tilraunum við svið sem geta á endanum orðið til hagsbóta fyrir heilbrigði manna eða dýra, eða fyrir umhverfið. Notkun á dýrum í vísinda- eða menntunarskyni skal því eingöngu koma til greina þegar aðrar aðferðir án dýra eru ekki fyrir hendi. Notkun á dýrum í vísindaskyni á öðrum sviðum sem valdheimild Sambandsins nær til skal vera bönnuð.

13) Val á aðferðum og tegundum sem á að nota hafa bæði bein áhrif á fjölda dýra sem eru notuð og velferð þeirra. Við val á aðferðum skal því sjá til þess að valin sé sú aðferð sem getur skilað mest fullnægjandi niðurstöðunum og er líklegust til að valda sem minnstum sársauka, þjáningum eða hræðslu. Í þeim aðferðum sem valdar eru skal nota þann minnsta fjölda dýra sem getur veitt áreiðanlegar niðurstöður og sem krefjast notkunar á tegundum, sem upplifa sem minnstan sársauka, þjáningu eða hræðslu eða verða fyrir sem minnstum varanlegum skaða, sem ákjósanlegastar eru til að álykta megi af þeim um marktegundina.

14) Í þeim aðferðum sem valdar eru skal forðast eins og mögulegt er að dauði dýrsins verði endapunkturinn af völdum mikilla þjáninga sem dýrið hefur þurft að líða áður en það deyr. Þegar mögulegt er skal þess í stað nota mannúðlegri endapunkta þar sem klínísk einkenni eru notuð til að segja til um yfirvofandi dauða þannig að hægt sé að aflífa dýrið án frekari þjáninga.

15) Notkun á óviðeigandi aðferðum til að aflífa dýr getur valdið dýrinu umtalsverðum sársauka, hræðslu og þjáningu. Hæfnistig aðilans sem aflífar dýrið er einnig mikilvægt. Því skal einungis þar til bær aðili annast aflífun dýra, með aðferð sem er viðeigandi fyrir tegundina.

16) Nauðsynlegt er að sjá til þess að notkun á dýrum í tilraunum ógni ekki líffræðilegri fjölbreytni. Því skal halda notkun tegunda, sem eru í útrýmingarhættu, í tilraunum í algeru lágmarki.

17) Með hliðsjón af núverandi vísindaþekkingu er enn nauðsynlegt að nota prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, í vísindalegum tilraunum í líflæknisfræðilegum rannsóknum. Vegna erfðafræðilegs skyldleika prímata við menn og háþróaðrar félagshæfni þeirra vekur notkun á prímötum, sem ekki eru af ættkvísl manna, í vísindalegum tilraunum upp sérstök siðfræðileg og raunhæf vandamál að því er varðar að uppfylla atferlisfræðilegar, umhverfislegar og félagslegar þarfir þeirra í rannsóknarstofuumhverfi. Enn fremur er notkun á prímötum, sem ekki eru af ættkvísl manna, mikið áhyggjuefni almennings. Því skal notkun á prímötum, sem ekki eru af ættkvísl manna, einungis leyfð á þeim líflæknisfræðilegu sviðum, sem eru nauðsynleg í þágu manna, sem enn eru ekki til neinar staðgönguaðferðir fyrir.

Notkun þeirra skal einungis leyfð í grunnrannsóknum, vegna varðveislu viðkomandi prímatategundar, sem ekki er af ættkvísl manna, eða þegar vinnan, þ.m.t. ígræðsla milli mismunandi tegunda (e. *xenotransplantation*), fer fram í tengslum við hugsanlega lífshættulegt ástand hjá mönnum eða í tengslum við tilvik sem hafa umtalsverð áhrif á daglegt líf einstaklinga, þ.e. veiklunarástand (e. *debilitating conditions*).

18) Notkun á mannöpum, sem eru þær tegundir sem standa næstar mönnum með þróuðustu félagshæfnina og atferlisfræðilegu hæfnina, skal einungis leyfð til rannsókna sem miða að varðveislu þessara tegunda og þegar grípa þarf til aðgerða í tengslum við lífshættulegt veiklunarástand sem ógnar mönnum og engin önnur tegund eða staðgönguaðferð mundi nægja til að ná markmiðum tilraunarinnar. Aðildarríki sem halda fram slíkri þörf skulu leggja þær upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem nauðsynlegar eru til að hún geti tekið ákvörðun.

19) Föngun á villtum prímötum, sem ekki eru af ættkvísl manna, er afar streituvaldandi fyrir viðkomandi dýr og ber með sér aukna hættu á meiðslum og þjáningum á meðan á föngun og flutningi stendur. Til að binda enda á föngun villtra dýra til undaneldis skal einungis nota dýr, sem eru afkvæmi dýra sem hafa verið ræktuð í haldi eða dýr sem koma frá sjálfbærum sambúum, í tilraunum eftir viðeigandi aðlögunartímabil. Gera skal hagkvæmniathugun í þeim tilgangi og breyta aðlögunartímabilinu ef nauðsyn krefur. Einnig skal kanna hagkvæmni þess sem endanlegs markmiðs að stefna að því að fá prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, eingöngu frá sjálfbærum sambúum.

20) Þörf er á að tilteknar tegundir hryggdýra, sem notuð eru í tilraunum, séu ræktaðar sérstaklega í þeim tilgangi þannig að þeir aðilar, sem framkvæma tilraunirnar, þekki vel til erfðafræðilegs, líffræðilegs og atferlisfræðilegs bakgrunns þeirra. Slík þekking eykur bæði vísindaleg gæði og áreiðanleika niðurstaðnanna og dregur úr breytileika sem að lokum leiðir af sér færri tilraunir og minni notkun á dýrum. Af ástæðum sem varða velferð og verndun dýra skal enn fremur takmarka notkun á dýrum, sem eru tekin í náttúrunni, í tilraunum við tilvik þar sem markmið tilraunarinnar næst ekki með því að nota dýr sem eru sérstaklega ræktuð til að nota í tilraunum.

21) Þar eð bakgrunnur flækingsdýra og villingsdýra (e. *feral animal*) af húsdýrakyni er óþekktur og þar eð það eykur hræðslu slíkra dýra að fanga þau og fara með þau inn á stofnanir skal það vera almenn regla að nota þau ekki í tilraunum.

22) Til að auka gagnsæi, greiða fyrir leyfum fyrir verkefnum og leggja fram tæki til vöktunar á því að farið sé að ákvæðum skal innleiða alvarleikaflokkun á tilraunum sem byggist á mati á stigi sársauka, þjáningar, hræðslu og varanlegs skaða sem dýrunum hefur verið valdið.

23) Frá siðfræðilegu sjónarhorni skulu vera til efri mörk, sem ekki skal fara yfir, fyrir það hversu mikinn sársauka, þjáningar og hræðslu má valda dýrum í vísindalegum tilraunum. Í þessum tilgangi skal bannað að framkvæma tilraunir sem leiða til mikils sársauka, þjáningar eða hræðslu sem líklegt er að verði langvarandi og ekki er hægt að lina.

24) Þegar verið er að þróa samræmt snið til skýrslugjafar skal taka tillit til þess hversu alvarlegur sársaukinn, þjáningarnar, hræðslan eða varanlegi skaðinn, sem dýrið verður fyrir, er í raun og veru fremur en til þess alvarleika sem reiknað er með þegar mat á verkefnum fer fram.

25) Hægt væri að fækka þeim dýrum sem notuð eru í tilraunum með því að framkvæma fleiri en eina tilraun á sama dýrinu ef það veikir ekki vísindalega markmiðið eða leiðir til lakari velferðar dýrsins. Hins vegar skal vega og meta kostina við að endurnota sömu dýrin með hliðsjón af skaðlegum áhrifum á velferð þeirra, að teknu tilliti til þess sem dýrið hefur upplifað í gegnum ævina. Vegna þessa hugsanlega árekstrar skal taka endurnotkun á dýrum til athugunar í hverju tilviki fyrir sig.

26) Í lok tilraunar skal taka þá ákvörðun um framtíð dýrsins sem hentar best á grundvelli velferðar dýra og hugsanlegrar áhættu fyrir umhverfið. Ef velferð dýra er teflt í tvísýnu skal aflífa þau. Í sumum tilvikum skal skila dýrunum aftur á viðeigandi búsvæði eða inn í ræktunarkerfi eða heimila að dýrum, s.s. hundum og köttum, séu fundin ný heimili hjá fjölskyldum þar eð almenningur hefur miklar áhyggjur af örlögum slíkra dýra. Ef aðildarríki leyfa að fundin séu ný heimili fyrir dýr er mikilvægt að ræktandinn, birgirinn eða notandinn hafi til staðar kerfi til að veita þessum dýrum viðeigandi félagsmótun til að öruggt sé að þau kunni við sig á nýju heimili sem og til að forðast ónauðsynlega hræðslu hjá dýrunum og tryggja almannaöryggi.

27) Vefir og líffæri dýra eru notuð til að þróa aðferðir í glasi. Til að stuðla að meginreglunni um mildun skulu aðildarríkin, eftir því sem við á, greiða fyrir því að komið verði á áætlunum um samnýtingu á líffærum og vefjum úr dýrum sem eru aflífuð.

28) Velferð dýra, sem eru notuð í tilraunum, er mjög háð hæfi og starfshæfni þess starfsfólks sem hefur eftirlit með tilraununum sem og þeirra sem framkvæma tilraunir eða hafa eftirlit með þeim sem annast umhirðu dýranna dag frá degi. Aðildarríkin skulu sjá til þess, með útgáfu starfsleyfa eða á annan hátt, að starfsfólk búi yfir viðunandi menntun, þjálfun og hæfni. Enn fremur er mikilvægt að haft sé eftirlit með starfsfólki þar til það hefur náð og sýnt fram á þá hæfni sem krafist er. Setning viðmiðunarreglna, sem ekki eru bindandi, um menntunarkröfur á vettvangi Sambandsins myndi, til lengri tíma litið, stuðla að frjálsri för starfsfólks.

29) Á starfsstöðvum ræktenda, birgja og notenda skulu vera viðunandi mannvirki og búnaður til að fullnægja þörfum viðkomandi dýrategundar fyrir vistarverur og til að hægt sé að framkvæma tilraunir á skilvirkan hátt og þannig að það valdi dýrunum sem minnstri hræðslu. Ræktendur, birgjar og notendur skulu eingöngu stunda rekstur ef þeir hafa til þess leyfi frá lögbærum yfirvöldum.

30) Til að tryggja að vöktun á velferðarþörfum dýra sé viðvarandi skal viðeigandi umönnun dýralæknis ávallt vera til reiðu og tiltekinn starfsmaður skal gerður ábyrgur fyrir umhirðu og velferð dýranna á hverri starfsstöð.

31) Sjónarmið er varða velferð dýra skulu njóta mesta forgangs í tengslum við dýrahald, ræktun og notkun. Ræktendur, birgjar og notendur skulu því hafa til staðar dýravelferðarnefnd (e. *animal-welfare body*) sem skal fyrst og fremst annast það verkefni að veita ráðleggingar um málefni er varða velferð dýra. Sú nefnd skal einnig fylgjast með þróun og niðurstöðum verkefna innan starfsstöðva, halda á lofti jákvæðum viðhorfum til umhirðu og bjóða upp á tæki til hagnýtrar beitingar og tímanlegrar innleiðingar á nýlegri tækni- og vísindaþróun í tengslum við meginreglurnar um staðgöngu, fækkun og mildun, til að bæta allt líf dýranna. Ráðleggingar dýravelferðarnefndarinnar skulu vera skjalfestar á tilhlýðilegan hátt og vera aðgengilegar til athugunar við skoðanir.

32) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar skulu allir ræktendur, birgjar og notendur halda nákvæmar skrár yfir fjölda dýra, uppruna þeirra og örlög.

33) Halda skal einstaklingsbundnar skrár yfir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, hunda og ketti, sem fylgir þeim alla ævi, til að dýrin geti fengið þá umhirðu, vistarverur og meðhöndlun sem hentar einstaklingsbundnum þörfum þeirra og sérkennum.

34) Vistarverur og umhirða dýra skulu byggjast á sérstökum þörfum og sérkennum hverrar tegundar.

35) Mismunandi kröfur eru gerðar í mismunandi aðildarríkjum varðandi vistarverur og umhirðu dýra og það er eitt af því sem stuðlar að röskun á starfsemi innri markaðarins. Enn fremur endurspegla sumar þessara krafna ekki lengur nýjustu þekkingu á þeim áhrifum sem vistarverur og umhirðuskilyrði hafa á velferð dýra og á vísindalegar niðurstöður tilrauna. Því er nauðsynlegt að fastsetja í þessari tilskipun samræmdar kröfur um vistarverur og umhirðu. Þessar kröfur skulu uppfærðar á grundvelli vísinda- og tækniþróunar.

36) Til að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin framkvæma reglubundnar skoðanir út frá áhættu hjá ræktendum, birgjum og notendum. Til að tryggja tiltrú almennings og stuðla að gagnsæi skal viðeigandi hlutfall skoðananna fara fram án nokkurs fyrirvara.

37) Til að aðstoða aðildarríkin við að framfylgja þessari tilskipun og á grundvelli niðurstaðna í skýrslum um framkvæmd landsbundnu skoðananna skal framkvæmdastjórnin, ef ástæða er til áhyggna, annast eftirlit með landsbundnu skoðunarkerfunum. Aðildarríkin skulu bæta úr þeim brestum sem bent er á í niðurstöðunum úr þessu eftirliti.

38) Heildarmat á verkefnum, með tilliti til siðfræðilegra sjónarmiða er varða notkun á dýrum, er kjarninn í veitingu leyfa fyrir verkefnum og skal tryggja að meginreglunum um staðgöngu, fækkun og mildun sé beitt í þessum verkefnum.

39) Það er einnig mjög mikilvægt, bæði af siðferðilegum og vísindalegum ástæðum, að sjá til þess í hvert skipti sem dýr er notað sé vísindalegt eða menntunarlegt réttmæti, nothæfi og mikilvægi þeirra niðurstaðna sem búist er við af þeirri notkun vandlega metið. Sá skaði sem líklegt er að dýrið verði fyrir skal veginn og metinn á móti þeim ávinningi sem búist er við að verkefnið skili. Því skal fara fram óhlutdrægt mat á verkefninu, sem er óháð þeim sem að rannsókninni standa, sem hluti af ferlinu við veitingu leyfa fyrir verkefnum þar sem nota á lifandi dýr. Í skilvirkri framkvæmd á mati á verkefnum skal einnig gera ráð fyrir viðeigandi mati á notkun á öllum nýjum, vísindalegum tilraunaaðferðum um leið og þær koma fram.

40) Nauðsynlegt kann að reynast að framkvæma afturvirkt mat vegna eðlis verkefnisins, þeirra tegunda sem notaðar eru og hversu líklegt það er að ná fram þeim verkefnismarkmiðum sem óskað er. Þar eð umtalsverður munur getur verið á verkefnum með tilliti til þess hversu flókin þau eru, hversu löng og hversu langan tíma það tekur að fá fram niðurstöður er nauðsynlegt að ákvörðun um afturvirkt mat sé tekin með fullu tilliti til þessara þátta.

41) Til að tryggja að almenningur fái upplýsingar er nauðsynlegt að hlutlægar upplýsingar um verkefni þar sem notuð eru lifandi dýr séu aðgengilegar öllum. Þetta skal hvorki brjóta gegn einkaleyfisrétti né gera trúnaðarupplýsingar opinberar. Því skulu notendur leggja fram, undir nafnleynd, samantektir á þessum verkefnum sem ekki eru á tæknimáli og skulu aðildarríkin birta þær. Birtu upplýsingarnar skulu ekki rjúfa nafnleynd notendanna.

42) Til að stjórna áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið er í löggjöf Sambandsins kveðið á um að einungis megi setja efni og vörur á markað eftir að lögð hafa verið fram viðeigandi gögn um öryggi þeirra og virkni. Sumar þessara krafna er einungis hægt að uppfylla með því að gera tilraunir á dýrum, hér á eftir nefndar „lögboðnar prófanir“. Nauðsynlegt er að innleiða sértækar ráðstafanir til að auka notkun á annars konar aðferðum og uppræta óþarfa endurtekningar á lögboðnum prófunum. Í því skyni skulu aðildarríkin viðurkenna áreiðanleika prófunargagna sem verða til við notkun prófunaraðferða sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins.

43) Til að draga úr vinnuálagi í stjórnsýslunni og auka samkeppnishæfni rannsókna og iðnaðar í Sambandinu skal vera mögulegt að veita leyfi fyrir mörgum almennum verkefnum í einu með hópleyfi þegar þau eru unnin með samþykktum aðferðum til prófunar, greiningar eða framleiðslu, þó án þess að nein af þessum tilraunum fái undanþágu frá mati á verkefnum.

44) Til að tryggja að skoðun á umsóknum um leyfi sé skilvirk og til að auka samkeppnishæfni rannsókna og iðnaðar í Sambandinu skal setja tímamörk sem lögbæru yfirvöldin hafa til að meta verkefnatillögur og taka ákvarðanir um veitingar leyfa fyrir slíkum verkefnum. Til að tefla ekki gæðum matsins á verkefnunum í tvísýnu getur þurft viðbótartíma fyrir flóknari verkefnatillögur vegna þess fjölda vísindagreina sem að þeim koma, nýstárlegs eðlis og flóknari aðferða í fyrirhuguðu verkefni. Tímamörk fyrir mat á verkefnum skulu þó aðeins rýmkuð í undantekningartilvikum.

45) Í ljósi þess hversu venjubundnar eða endurtekningasamar tilteknar tilraunir eru er rétt að kveða á um stjórnunarmöguleika fyrir aðildarríkin til að innleiða einfaldaða stjórnsýslumeðferð fyrir mat á verkefnum þar sem slíkar tilraunir eru notaðar, að því tilskildu að farið sé að tilteknum kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

46) Tiltækileiki staðgönguaðferða er mjög háður framförum í rannsóknum á þróun á staðgönguaðferðum. Með rammaáætlununum á sviði rannsókna og tækniþróunar var veitt stighækkandi fjármögnun fyrir verkefni sem ætlað að stuðla að staðgöngu, mildun og fækkun í tengslum við notkun á dýrum í tilraunum. Til að auka samkeppnishæfni rannsókna og iðnaðar í Sambandinu og stuðla að staðgöngu, mildun og fækkun í tengslum við notkun á dýrum í tilraunum skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin stuðla að þróun og fullgildingu á annars konar aðferðum með rannsóknum og öðrum aðferðum.

47) Evrópumiðstöð um fullgildingu staðgönguaðferða, sem er stefnumótandi aðgerð innan sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar, hefur séð um samræmingu á annars konar aðferðum í Sambandinu frá 1991. Hins vegar er vaxandi þörf fyrir að þróa og leggja fram nýjar aðferðir til fullgildingar og til þess þarf að koma formlega á fót tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins fyrir fullgildingu á staðgönguaðferðum. Þessi rannsóknarstofa skal nefnast Evrópumiðstöð um fullgildingu staðgönguaðferða (Evrópumiðstöðin; ECVAM). Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin vinni með aðildarríkjunum að forgangsröðun fyrir fullgildingarrannsóknir. Aðildarríkin skulu aðstoða framkvæmdastjórnina við að tilgreina og tilnefna hentugar rannsóknarstofur til að framkvæma slíkar fullgildingarrannsóknir. Evrópumiðstöðin skal geta innheimt gjöld af þeim sem leggja inn aðferðir sínar til fullgildingar þegar um er að ræða fullgildingarrannsóknir sem svipar til áður fullgildra aðferða og sem fullgilding skapar umtalsverða samkeppnisyfirburði fyrir. Slík gjöld skulu ekki vera þess eðlis að þau kæfi heilbrigða samkeppni innan prófunargeirans.

48) Þörf er fyrir að sjá til þess að samræmdri aðferð sé beitt við mat á verkefnum og í endurskoðunaráætlunum á landsvísu. Aðildarríkin skulu stofna landsbundnar nefndir til að vernda dýr sem eru notuð í vísindaskyni, sem eru ráðgefandi fyrir lögbæru yfirvöldin og dýravelferðarnefndirnar, til að stuðla að meginreglunum um staðgöngu, fækkun og mildun. Net landsbundinna nefnda skal gegna hlutverki í miðlun á bestu starfsvenjum á vettvangi Sambandsins.

49) Tæknilegar og vísindalegar framfarir á sviði líflæknisfræðilegra rannsókna geta verið hraðar og það sama á við um þekkingu á þeim þáttum sem hafa áhrif á velferð dýra. Því er nauðsynlegt að kveða á um endurskoðun á þessari tilskipun. Í slíkri endurskoðun skal það vera forgangsverkefni, þegar mögulegt er, að kanna hugsanlega staðgöngu fyrir notkun á dýrum í tilraunum, einkum fyrir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, með tilliti til vísindalegra framfara. Framkvæmdastjórnin skal einnig framkvæma reglulegar þemabundnar endurskoðanir er varða staðgöngu, fækkun og mildun að því er varðar notkun dýra í tilraunum.

50) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd skal fela framkvæmdastjórninni framkvæmdavald til að taka upp viðmiðunarreglur um kröfur á vettvangi Sambandsins er varða menntun, þjálfun og hæfi starfsfólks hjá ræktendum, birgjum og notendum, til að samþykkja nákvæmar reglur um tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins, skyldur hennar og verkefni og þau gjöld sem henni er leyfilegt að innheimta, til að koma upp samræmdu sniði til að leggja upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd þessarar tilskipunar, tölfræðilegar upplýsingar og aðrar sértækar upplýsingar frá aðildarríkjunum, og til að beita skilmálum um ábyrgðir. Samkvæmt 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal mæla fyrirfram fyrir um reglur og almennar meginreglur um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu í reglugerð sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([6]) áfram að undanskilinni reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem gildir ekki.

51) Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar eftirfarandi: breytingar á skránni yfir tegundir sem falla undir þá skuldbindingu að vera sérstaklega ræktaðar til notkunar í tilraunum; breytingar á stöðlum um umhirðu og vistarverur; breytingar á aðferðum við aflífun, þ.m.t. nákvæmar skilgreiningar þar um; breytingar á þeim þáttum sem aðildarríkin skulu nota til að setja fram kröfur um menntun, þjálfun og hæfi starfsfólks hjá ræktendum, birgjum og notendum; breytingar á tilteknum skyldubundnum þáttum í umsókninni um leyfi; breytingar er varða tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins, skyldur hennar og verkefni; sem og breytingar á dæmum um mismunandi tegundir tilrauna sem settar eru í hvern alvarleikaflokk á grundvelli þátta sem tengjast tegund tilraunar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

52) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

53) Því skal fella tilskipun 86/609/EBE úr gildi. Tilteknar breytingar, sem teknar eru upp með þessari tilskipun, hafa bein áhrif á beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis([7]). Því er við hæfi að gera viðeigandi breytingu á ákvæði þeirrar reglugerðar.

([6]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([7]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

54) Einungis er hægt að réttlæta ávinning fyrir velferð dýra vegna afturvirkrar beitingar á leyfum fyrir verkefnum ásamt tengdum stjórnsýslukostnaði fyrir yfirstandandi langtímarannsóknir. Því er nauðsynlegt að setja inn umbreytingarráðstafanir fyrir yfirstandandi skammtíma- og meðallangar rannsóknir til að komast hjá þörf fyrir afturvirka leyfisveitingu sem myndi einungis hafa í för með sér takmarkaðan ávinning.

55) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

56) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. samræmingu á löggjöf um notkun á dýrum í vísindaskyni, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðirnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru fastsettar ráðstafanir til að vernda dýr sem notuð eru í vísinda- eða menntunarskyni.

Í þessum tilgangi er í henni mælt fyrir um reglur um eftirfarandi:

a) staðgöngu og fækkun í tengslum við notkun á dýrum í tilraunum og mildun í tengslum við ræktun, vistarverur, umhirðu og notkun á dýrum í tilraunum,

b) uppruna, ræktun, merkingu, umhirðu og vistarverur og aflífun dýra,

c) starfsemi ræktenda, birgja og notenda,

d) mat á og veitingu leyfa fyrir verkefnum þar sem nota þarf dýr í tilraunum.

2. Þessi tilskipun gildir þegar dýr eru notuð eða ætlunin er að nota þau í tilraunum eða þegar þau eru ræktuð sérstaklega til þess að nota megi líffæri þeirra eða vefi í vísindaskyni.

Þessi tilskipun gildir þangað til dýrin, sem um getur í fyrstu undirgrein, hafa verið aflífuð, þeim fundin ný heimili eða þeim skilað aftur á viðeigandi búsvæði eða inn í viðeigandi ræktunarkerfi.

Þó að komið sé í veg fyrir sársauka, þjáningar, hræðslu eða varanlegan skaða með því að nota deyfingu eða svæfingu, verkjastillingu eða aðrar aðferðir á árangursríkan hátt skal það ekki undanskilja notkun á dýrum í tilraunum frá gildissviði þessarar tilskipunar.

3. Tilskipun þessi gildir um eftirtalin dýr:

a) lifandi hryggdýr önnur en menn, þ.m.t.:

   i. lirfur sem eru farnar að nærast sjálfar og

   ii. fóstur spendýra frá og með síðasta þriðjungi eðlilegrar þroskunar þeirra,

b) lifandi smokka.

4. Þessi tilskipun gildir um dýr, sem eru notuð í tilraunum, sem eru komin skemmra í þroskun en sem um getur í a-lið 3. mgr. ef dýrið fær að lifa fram yfir það stig þroskunar og líklegt er, sem afleiðing af tilraununum sem gerðar eru, að það upplifi sársauka, þjáningar og hræðslu eða verði fyrir varanlegum skaða eftir að það nær því stigi þroskunar.

5. Tilskipun þessi gildir ekki um eftirfarandi:

a) starfsvenjur í landbúnaði sem ekki eru á tilraunastigi,

b) klínískar aðferðir í dýralækningum sem ekki eru á tilraunastigi,

c) klínískar dýralækningarannsóknir sem krafist er vegna útgáfu markaðsleyfa fyrir dýralyf,

d) aðferðir sem tengjast viðurkenndu dýrahaldi,

e) aðferðir sem snúast aðallega um að auðkenna dýr,

f) aðferðir sem ólíklegt er að valdi sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða sem jafngildir eða er meiri en skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum.

6. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([8]).

2. gr.

Strangari landsbundnar ráðstafanir

1. Aðildarríkin geta, á meðan það samrýmist almennum reglum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, haldið í gildi ákvæðum sem eru í gildi 9. nóvember 2010, sem ætlað er að tryggja víðtækari vernd dýra, sem falla undir þessa tilskipun, en þau ákvæði gera sem er að finna í tilskipuninni.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slík ákvæði landslaga fyrir 1. janúar 2013. Framkvæmdastjórnin skal vekja athygli hinna aðildarríkjanna á þeim.

2. Þegar unnið er samkvæmt 1. mgr. skal aðildarríki ekki banna eða hindra afhendingu eða notkun á dýrum sem ræktuð eru eða haldin í öðru aðildarríki í samræmi við þessa tilskipun né heldur banna eða hindra setningu á markað á vörum sem eru þróaðar með því að nota slík dýr í samræmi við þessa tilskipun.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „tilraun“: notkun á dýri, hvort sem hún er ífarandi eða ekki, í tilraunaskyni eða í öðrum vísindalegum tilgangi, þar sem niðurstaðan er þekkt eða óþekkt, eða í menntunarskyni, sem kann að valda dýrinu sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða sem jafngildir eða er meiri en það sem skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum.

   Þar með er talinn hver sá verknaður sem ætlast er til eða líklegt er að leiði til þess að við slíkar aðstæður fæðist eða ungist út dýr eða til verði erfðabreyttir dýrastofnar sem er viðhaldið, að undanskilinni aflífun dýra í þeim tilgangi einum að nýta úr þeim líffæri eða vefi,

2. „verkefni“: áætlun um vinnu sem hefur skilgreint vísindalegt markmið og felur í sér eina eða fleiri tilraunir,

3. „starfsstöð“: mannvirki, bygging, byggingaklasi eða annað húsnæði og getur líka tekið til staðar sem er ekki að öllu leyti lokaður eða undir þaki, sem og til hreyfanlegar aðstöðu,

4. „ræktandi“: einstaklingur eða lögaðili sem ræktar dýr sem um getur í I. viðauka með það fyrir augum að þau séu notuð í tilraunum eða til að vefir þeirra eða líffæri séu notuð í vísindaskyni, eða sem ræktar önnur dýr einkum í þessum tilgangi, einnig í hagnaðarskyni,

5. „birgir“: einstaklingur eða lögaðili, annar en ræktandi, sem afhendir dýr með það fyrir augum að þau séu notuð í tilraunum eða til að vefir þeirra eða líffæri séu notuð í vísindaskyni, einnig í hagnaðarskyni,

6. „notandi“: einstaklingur eða lögaðili sem notar dýr í tilraunum, einnig í hagnaðarskyni,

7. „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld eða aðilar sem aðildarríkin hafa tilnefnt í því skyni að gegna þeim skyldum sem skapast með þessari tilskipun.

4. gr.

Meginreglan um staðgöngu, fækkun og mildun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, þar sem því verður við komið, að í stað tilraunar sé notuð vísindalega fullnægjandi aðferð eða prófunaráætlun sem ekki felur í sér notkun á lifandi dýrum.

([8]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipunin var endurútgefin með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59), sem gildir frá og með 11. júlí 2013.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að dýrum, sem eru notuð í tilraunum, sé fækkað niður í lágmarksfjölda án þess að markmiðum verkefnisins sé teflt í tvísýnu.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að mildun sé beitt í tengslum við ræktun, vistarverur og umhirðu og aðferðir sem eru notaðar í tilraunum til að koma í veg fyrir eða draga eins og unnt er úr hugsanlegum sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða fyrir dýrin.

4. Að því er varðar val á aðferðum skal framfylgja ákvæðum þessarar greinar í samræmi við 13. gr.

5. gr.

Tilgangur tilrauna

Einungis má gera tilraunir í eftirfarandi tilgangi:

a) grunnrannsóknir,

b) yfirfærðar eða hagnýtar rannsóknir með eitthvað af eftirfarandi að markmiði:

   i. til að forðast, koma í veg fyrir, greina eða meðhöndla sjúkdóma, vanheilsu eða önnur frábrigði eða áhrif þessa í mönnum, dýrum eða plöntum,

   ii. mat, greiningu, stjórnun eða breytingu á lífeðlisfræðilegu ástandi í mönnum, dýrum eða plöntum eða

   iii. velferð dýra og umbætur á framleiðsluskilyrðum fyrir dýr sem eru alin til notkunar í landbúnaði,

c) í hverjum þeim tilgangi sem er talinn upp í b-lið, til þróunar, framleiðslu eða prófunar á gæðum, skilvirkni og öryggi lyfja, matvæla og fóðurs og annarra efna eða afurða,

d) verndun náttúrulegs umhverfis til hagsmuna fyrir heilbrigði eða velferð manna eða dýra,

e) rannsóknir sem miða að varðveislu tegundarinnar,

f) æðri menntun, eða þjálfun vegna öflunar, viðhalds eða umbóta á starfsfærni,

g) réttarlæknisfræðilegar rannsóknir.

6. gr.

Aðferðir við aflífun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aflífun dýra valdi þeim sem minnstum sársauka, þjáningu og hræðslu.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þar til bær aðili aflífi dýr á starfsstöð ræktanda, birgis eða notanda.

Ef um vettvangsrannsókn er að ræða er þó heimilt að þar til bær aðili aflífi dýr utan starfsstöðvar.

3. Að því er varðar dýr sem falla undir IV. viðauka skal nota viðeigandi aflífunaraðferð sem fram kemur í þeim viðauka.

4. Lögbær yfirvöld geta veitt undanþágur frá kröfunum í 3. mgr.:

a) til að hægt sé að nota aðra aðferð, að því tilskildu að rannsóknarniðurstöður sýni að sú aðferð sé talin a.m.k. jafn mannúðleg eða

b) þegar vísindaleg rök eru fyrir því að markmið tilraunarinnar náist ekki með því að nota aðferð til aflífunar sem sett er fram í IV. viðauka.

5. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar aflífa þarf dýr í neyðartilvikum vegna ástæðna er varða velferð dýra, lýðheilsu, almannaöryggi, heilbrigði dýra eða umhverfið.

II. KAFLI

ÁKVÆÐI UM NOTKUN Á TILTEKNUM DÝRUM Í TILRAUNUM

7. gr.

Tegundir í útrýmingarhættu

1. Dýr af tegundum í útrýmingarhættu, sem eru skráðar í viðauka A við reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau([9]), sem falla ekki undir gildissvið 1. mgr. 7. gr. í þeirri reglugerð, skulu ekki notuð í tilraunum, að undanteknum þeim tilraunum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) tilraunin er gerð í einhverjum þeim tilgangi sem um getur í i. lið b-liðar, c-lið eða e-lið 5. gr. í þessari tilskipun og

b) vísindaleg rök liggja fyrir því að markmið tilraunarinnar náist ekki öðru vísi en með því að nota tegund sem er skráð í þann viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um neinar tegundir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna.

8. gr.

Prímatar sem ekki eru af ættkvísl manna

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal ekki nota prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, í tilraunum, að undanteknum þeim tilraunum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) tilraunin er gerð í einhverjum þeim tilgangi sem um getur í

   i. i. lið b-liðar eða c-lið 5. gr. í þessari tilskipun og hún er gerð með það fyrir augum að forðast, koma í veg fyrir, greina eða meðhöndla veiklunarástand eða hugsanlega lífshættulegt, klínískt ástand hjá mönnum eða

   ii. a- eða e-lið 5. gr.,

og

b) vísindaleg rök liggja fyrir því að markmið tilraunarinnar náist ekki öðru vísi en með því að nota prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna.

([9]) Stjtíð. EB L 61, 3.3.1997, bls. 1.

Í þessari tilskipun merkir „klíníska veiklunarástand“: skerðing á eðlilegri líkamlegri eða sálrænni getu einstaklings.

2. Ekki skal nota prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, sem eru skráðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 338/97, sem falla ekki undir gildissvið 1. mgr. 7. gr. í þeirri reglugerð, í tilraunum að undanteknum þeim tilraunum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) tilraunin er gerð í einhverjum þeim tilgangi sem um getur í:

   i. i. lið b-liðar eða c-lið 5. gr. í þessari tilskipun og hún er gerð með það fyrir augum að forðast, koma í veg fyrir, greina eða meðhöndla veiklunarástand eða hugsanlega lífshættulegt, klíníska ástand hjá mönnum eða

   ii. e-lið 5. gr.

og

b) vísindaleg rök liggja fyrir því að markmið tilraunarinnar náist ekki öðru vísi en með því að nota prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, og með því að nota tegund sem er ekki skráð í þann viðauka.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal ekki nota mannapa í tilraunum, með fyrirvara um notkun verndarákvæðisins í 2. mgr. 55. gr.

9. gr.

Dýr sem eru tekin í náttúrunni

1. Ekki skal nota dýr, sem eru tekin í náttúrunni, í tilraunum.

2. Lögbær yfirvöld geta veitt undanþágur frá 1. mgr. á grundvelli vísindalegra raka þess efnis að markmið tilraunarinnar náist ekki með því að nota dýr sem ræktað hefur verið til notkunar í tilraunum.

3. Einungis þar til bærir aðilar skulu annast föngun á dýrum úti í náttúrunni og skulu þeir nota til þess aðferðir sem valda dýrunum ekki sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða sem hægt er að komast hjá.

Ef það uppgötvast við eða eftir föngun að dýr er með áverka eða við slæma heilsu skal dýralæknir eða annar þar til bær aðili skoða það og grípa til aðgerða til að lágmarka þjáningar dýrsins. Lögbær yfirvöld geta veitt undanþágu frá kröfunni um að grípa til aðgerða til að lágmarka þjáningar dýrsins, séu fyrir því vísindaleg rök.

10. gr.

Dýr sem eru ræktuð til að nota í tilraunum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að einungis megi nota dýr af tegundunum, sem skráðar eru í I. viðauka, í tilraunum ef þessi dýr hafa verið ræktuð til að nota þau í tilraunum.

Hins vegar skulu aðildarríkin, frá og með þeim dagsetningum sem settar eru fram í II. viðauka, sjá til þess að prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, sem eru skráðir þar, megi einungis nota í tilraunum ef þeir eru afkvæmi prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, sem hafa verið ræktaðir í haldi eða sem eru fengnir frá sjálfbærum sambúum.

Í þessari grein merkir „sjálfbært sambú“: sambú þar sem dýr eru einungis ræktuð innan sambúsins eða fengin frá öðrum sambúum en ekki tekin í náttúrunni og þar sem dýr eru haldin þannig að tryggt sé að þau séu vön mönnum.

Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, gera hagkvæmniathugun á kröfunum sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein sem skal fela í sér mat á heilbrigði og velferð dýra. Athugunin skal birt eigi síðar en 10. nóvember 2017. Henni skulu fylgja, eftir því sem við á, tillögur að breytingum á II. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast reglulega með notkun á prímötum, sem ekki eru af ættkvísl manna, frá sjálfbærum sambúum og, í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, gera athugun til að greina hagkvæmni þess að nota eingöngu dýr frá sjálfbærum sambúum.

Athugunin skal birt eigi síðar en 10. nóvember 2022.

3. Lögbær yfirvöld geta veitt undanþágur frá 1. mgr. á grundvelli vísindalegra raka.

11. gr.

Flækingsdýr og villingsdýr af húsdýrakyni

1. Ekki skal nota flækingsdýr og villingsdýr af húsdýrakyni í tilraunum.

2. Lögbæru yfirvöldin geta einungis veitt undanþágur frá 1. mgr. að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) að brýn þörf sé á rannsóknum sem varða heilbrigði og velferð dýranna eða alvarlega hættu fyrir umhverfið eða fyrir heilbrigði manna eða dýra og

b) að vísindaleg rök liggi fyrir því að markmið tilraunarinnar náist ekki öðru vísi en með því að nota flækingsdýr eða villingsdýr.

III. KAFLI

TILRAUNIR

12. gr.

Tilraunir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tilraunir séu gerðar á starfsstöð notanda.

Lögbær yfirvöld geta veitt undanþágu frá fyrstu undirgrein á grundvelli vísindalegra raka.

2. Einungis má gera tilraunir innan ramma verkefnis.

13. gr.

Val á aðferðum

1. Með fyrirvara um landslöggjöf sem bannar tilteknar tegundir aðferða skulu aðildarríkin sjá til þess að tilraun sé ekki gerð ef önnur aðferð eða prófunaráætlun til að ná fram þeim niðurstöðum sem sóst er eftir, sem felur ekki í sér notkun á lifandi dýri, er viðurkennd samkvæmt löggjöf Sambandsins.

2. Við val á milli tilrauna skal velja þær sem best uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) notkun á sem fæstum dýrum,

b) notuð eru þau dýr sem upplifa sem minnstan sársauka, þjáningu, hræðslu eða verða fyrir sem minnstum varanlegum skaða,

c) valda minnstum sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða,

og eru líklegastar til að skila fullnægjandi árangri.

3. Forðast skal eftir megni að dauðinn verði endapunktur tilraunar og í staðinn skulu koma snemmbúnir og mannúðlegir endapunktar. Þegar dauðinn er óhjákvæmilegur endapunktur skal tilraunin vera þannig útfærð að:

a) hún endi með dauða eins fárra dýra og mögulegt er og

b) að tímalengd og styrkleikastig þjáninga dýrsins séu minnkuð eins og unnt er og tryggt sé, eins og mögulegt er, að dauði þess sé sársaukalaus.

14. gr.

Deyfing og svæfing

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í tilraunum sé notuð svæfing eða staðdeyfing, nema það eigi ekki við, og að verkjastilling eða önnur viðeigandi aðferð sé notuð til að tryggja að sársauka, þjáningu og hræðslu sé haldið í lágmarki.

Ekki skal gera tilraunir sem hafa í för með sér alvarlega áverka, sem geta valdið miklum sársauka, án deyfingar eða svæfingar.

2. Þegar tekin er ákvörðun um hvort viðeigandi sé að nota deyfingu eða svæfingu skal taka tillit til eftirfarandi:

a) hvort deyfing eða svæfing sé meira áfall fyrir dýrið en tilraunin sjálf og

b) hvort deyfing eða svæfing sé ósamrýmanleg við markmið tilraunarinnar.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að dýrum séu ekki gefin nein lyf til að koma í veg fyrir eða takmarka að þau sýni sársaukamerki án þess að þau hafi fengið viðunandi deyfingu eða svæfingu eða verkjastillingu.

Í slíkum tilvikum skal leggja fram vísindaleg rök ásamt upplýsingum um fyrirkomulag á deyfingu eða svæfingu eða kvalastillingu.

4. Dýr, sem gæti fundið til sársauka eftir að verkun deyfingar eða svæfingar er horfin, skal meðhöndlað með kvalastillandi lyfjum, bæði fyrirbyggjandi og eftir aðgerð, eða með öðrum viðeigandi verkjastillandi aðferðum, að því tilskildu að slíkt samrýmist markmiði tilraunarinnar.

5. Um leið og markmiði tilraunarinnar er náð skal grípa til viðeigandi aðgerða til að lágmarka þjáningar dýrsins.

15. gr.

Flokkun á alvarleika tilrauna

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar tilraunir séu flokkaðar sem „banvænar“, „vægar“, „í meðallagi“ eða „alvarlegar“ í hverju tilviki fyrir sig og nota viðmiðanirnar fyrir verkefni sem settar eru fram í VIII. viðauka.

2. Með fyrirvara um notkun á verndarákvæðinu í 3. mgr. 55. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að tilraun sé ekki gerð ef hún veldur miklum sársauka, þjáningu eða hræðslu sem líklegt er að standi lengi yfir og ekki er hægt að lina.

16. gr.

Endurnotkun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ef einnig væri hægt að nota annað dýr sem ekki hefur áður verið gerð tilraun á megi einungis endurnota dýr, sem þegar hefur verið notað í einni eða fleiri tilraunum, í nýrri tilraun að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) raunverulegur alvarleiki fyrri tilrauna var „vægur“ eða „í meðallagi“,

b) sýnt hefur verið fram á að almennt heilbrigðisástand dýrsins og vellíðan þess séu komin í samt lag,

c) nýja tilraunin er flokkuð sem „væg“, „í meðallagi“ eða „banvæn“ og

d) hún er gerð í samræmi við ráðleggingar dýralæknis, að teknu tilliti til þess sem dýrið hefur upplifað í gegnum ævina.

2. Í undantekningartilvikum, þrátt fyrir a-lið 1. mgr. og að lokinni skoðun dýralæknis á dýrinu, getur lögbæra yfirvaldið leyft að dýr sé notað aftur að því tilskildu að dýrið hafi ekki verið notað oftar en einu sinni í tilraun sem felur í sér mikinn sársauka, hræðslu eða samsvarandi þjáningu.

17. gr.

Lok tilraunar

1. Tilraun skal teljast lokið ef ekki er hægt að gera frekari athuganir með þeirri tilraun eða, að því er varðar nýja stofna erfðabreyttra dýra, ef svo er ekki að sjá eða ekki er búist við því að afkvæmin upplifi sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegan skaða sem jafngildir eða er meiri en sem skapast af nálarstungu.

2. Við lok tilraunar skal dýralæknir eða annar þar til bær aðili taka ákvörðun um það hvort dýri skuli haldið á lífi. Aflífa skal dýr þegar líklegt er að það muni halda áfram að upplifa sársauka í meðallagi eða mikinn sársauka, þjáningu, hræðslu eða verða fyrir varanlegum skaða.

3. Þegar halda á dýri á lífi skal það fá þá umhirðu og vistarverur sem eru viðeigandi vegna heilbrigðisástands þess.

18. gr.

Samnýting á líffærum og vefjum

Aðildarríkin skulu greiða fyrir því, eftir því sem við á, að komið verði á áætlunum um samnýtingu á líffærum og vefjum úr dýrum sem eru aflífuð.

19. gr.

Dýrum sleppt eða fundin ný heimili fyrir þau

Aðildarríkin geta leyft að dýrum, sem notuð eru í tilraunum eða sem ætlunin er að nota í tilraunum, séu fundin ný heimili eða þeim skilað aftur á viðeigandi búsvæði eða inn í ræktunarkerfi sem er viðeigandi fyrir tegundina, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) heilbrigðisástand dýrsins gerir það kleift,

b) það er engin hætta fyrir lýðheilsu, heilbrigði dýra eða umhverfið og

c) viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja vellíðan dýrsins.

IV. KAFLI

STARFSLEYFI

1. þáttur

Kröfur er varða ræktendur, birgja og notendur

20. gr.

Starfsleyfi fyrir ræktendur, birgja og notendur

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir ræktendur, birgjar og notendur hafi starfsleyfi frá lögbæra yfirvaldinu og séu skráðir hjá því. Gefa má slík starfsleyfi út til takmarkaðs tíma.

Einungis má gefa út starfsleyfi ef ræktandinn, birgirinn eða notandinn og starfsstöð hans uppfylla kröfurnar í þessari tilskipun.

2. Í starfsleyfinu skal tilgreina þann aðila sem ber ábyrgð á að sjá til þess að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar og þann eða þá aðila sem um getur í 1. mgr. 24. gr. og í 25. gr.

3. Gera skal kröfu um endurnýjun á starfsleyfinu ef umtalsverðar breytingar verða á uppbyggingu eða starfsemi starfsstöðvar ræktanda, birgis eða notanda sem geta haft neikvæð áhrif á velferð dýra.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæra yfirvaldinu sé tilkynnt um hvers kyns breytingar í tengslum við aðilann eða aðilana sem um getur í 2. mgr.

21. gr.

Tímabundin niðurfelling og afturköllun starfsleyfis

1. Ef ræktandi, birgir eða notandi uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem eru settar fram í þessari tilskipun skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta eða krefjast þess að gripið verði til slíkra aðgerða, eða fella starfsleyfið úr gildi tímabundið eða afturkalla það.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tímabundin niðurfelling eða afturköllun starfsleyfis hafi ekki skaðleg áhrif á velferð dýranna sem hýst eru í starfsstöðinni.

22. gr.

Kröfur er varða tæki og búnað

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á öllum starfsstöðvum ræktanda, birgis eða notanda séu tæki og búnaður sem henta þeim dýrategundum sem þar eru hýstar og framkvæmd tilraunanna, þar sem tilraunir eru gerðar.

2. Hönnun, uppbygging og virkni tækja og búnaðar sem um getur í 1. mgr. skal tryggja að tilraunir séu gerðar á sem skilvirkastan hátt og að markmiðið sé að ná fram áreiðanlegum niðurstöðum með sem fæstum dýrum og að sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða þeirra sé haldið í lágmarki.

3. Að því er varðar framkvæmd á ákvæðum 1. og 2. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að farið sé að viðeigandi kröfum sem settar eru fram í III. viðauka.

23. gr.

Hæfni starfsfólks

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir ræktendur, birgjar og notendur hafi nægilegan fjölda starfsfólks á staðnum.

2. Starfsfólkið skal búa yfir viðunandi menntun og þjálfun áður en það sinnir einhverju af eftirfarandi störfum:

a) framkvæmd tilrauna á dýrum,

b) útfærslu á tilraunum og verkefnum,

c) umhirðu dýra eða

d) aflífun dýra.

Aðilar, sem sinna þeim störfum sem um getur í b-lið, skulu hafa fengið kennslu í vísindagrein sem tengist þeirri vinnu sem um ræðir og skulu hafa sértæka þekkingu á tegundinni sem um ræðir.

Hafa skal eftirlit með starfsfólki, sem sinnir störfum sem um getur í a-, c- eða d-lið, við verkefni sín þar til það hefur sýnt fram á þá hæfni sem krafist er.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein, séu uppfylltar með veitingu leyfa eða á annan hátt.

3. Aðildarríkin skulu birta, á grundvelli þeirra þátta sem settir eru fram í V. viðauka, lágmarkskröfur um menntun og þjálfun og kröfur að því er varðar að afla, viðhalda og færa sönnur á tilskilið hæfi sem krafist er fyrir þau störf sem um getur í 2. mgr.

4. Samþykkja má viðmiðunarreglur, sem ekki eru bindandi, á vettvangi Sambandsins um kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.

24. gr.

Sértækar kröfur er varða starfsfólk

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hver ræktandi, birgir og notandi hafi einn eða fleiri aðila á staðnum sem skulu:

a) bera ábyrgð á umsjón með velferð og umhirðu dýranna á starfsstöðinni,

b) sjá til þess að starfsfólk, sem sinnir dýrunum, hafi aðgang að upplýsingum sem eiga við um þá tegund sem hýst er í starfsstöðinni,

c) bera ábyrgð á að sjá til þess að starfsfólkið búi yfir viðunandi menntun og hæfni og fái stöðuga þjálfun og að eftirlit sé haft með starfsfólkinu þar til það hefur sýnt fram á tilskilda hæfni.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðilar, sem tilgreindir eru í b-lið 2. mgr. 40. gr., skuli:

a) sjá til þess að ónauðsynlegur sársauki, þjáning, hræðsla eða varanlegur skaði sem dýri hefur verið valdið við tilraun sé stöðvaður og

b) sjá til þess að verkefni séu unnin í samræmi við leyfin fyrir verkefnunum eða, í þeim tilvikum sem um getur í 42. gr., í samræmi við umsóknina sem send var lögbæra yfirvaldinu eða í samræmi við allar ákvarðanir lögbæra yfirvaldsins, og sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til umbóta og skrásettar ef ekki er farið að ákvæðum.

25. gr.

Tilnefndur dýralæknir

Aðildarríkin skulu sjá til þess að hver ræktandi, birgir og notandi hafi tilnefndan dýralækni með sérþekkingu á lækningum tilraunadýra eða sérfræðing með tilskilin starfsréttindi, ef slíkt er meira viðeigandi, sem er falin sú skylda að annast ráðgjöf í tengslum við vellíðan og meðhöndlun dýranna.

26. gr.

Dýravelferðarnefnd

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hver ræktandi, birgir og notandi komi á fót dýravelferðarnefnd.

2. Dýravelferðarnefndin skal a.m.k. samanstanda af þeim aðila eða aðilum sem bera ábyrgð á velferð og umhirðu dýranna og, ef um notanda er að ræða, meðlim sem er vísindamaður. Dýravelferðarnefndin skal einnig fá tillegg frá tilnefnda dýralækninum eða sérfræðingnum sem um getur í 25. gr.

3. Aðildarríkin geta leyft smærri ræktendum, birgjum og notendum að sinna þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 27. gr. á annan hátt.

27. gr.

Verkefni dýravelferðarnefndarinnar

1. Dýravelferðarnefndin skal a.m.k. sinna eftirfarandi verkefnum:

a) ráðgjöf fyrir starfsfólk sem sinnir dýrum, um málefni sem tengjast velferð dýra í tengslum við útvegun þeirra, vistarverur, umhirðu og notkun,

b) ráðgjöf til starfsfólks um beitingu kröfunnar um staðgöngu, fækkun og mildun og halda starfsfólkinu upplýstu um tæknilega og vísindalega þróun sem varðar beitingu þeirrar kröfu,

c) að koma á fót og endurskoða innri verklagsreglur að því er varðar vöktun, skýrslugjöf og eftirfylgni í tengslum við velferð dýra sem eru hýst eða notuð á starfsstöðinni,

d) að fylgjast með þróun og niðurstöðum úr verkefnum, með tilliti til áhrifanna á þau dýr sem eru notuð, og auðkenna og veita ráð að því er varðar þætti sem stuðla enn frekar að staðgöngu, fækkun og mildun og

e) ráðgjöf um kerfi til að finna dýrum ný heimili, þ.m.t. um viðeigandi félagsmótun fyrir dýr sem á að koma fyrir á nýjum heimilum.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skýrslur um allar ráðleggingar dýravelferðarnefndarinnar og ákvarðanir sem teknar eru í tengslum við þær ráðleggingar séu geymdar í a.m.k. þrjú ár.

Veita skal lögbæra yfirvaldinu aðgang að skýrslunum, sé þess óskað.

28. gr.

Ræktunarskipulag fyrir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna

Aðildarríkin skulu sjá til þess að ræktendur prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, hafi til staðar skipulag til að auka hlutfall dýra sem eru afkvæmi prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, sem hafa verið ræktaðir í haldi.

29. gr.

Kerfi til að finna dýrum ný heimili eða sleppa þeim

Þegar aðildarríkin leyfa að dýrum séu fundin ný heimili skulu ræktendurnir, birgjarnir og notendurnir sem dýrin, sem á að finna ný heimili, koma frá, hafa til staðar kerfi til að finna ný heimili sem tryggir að dýr, sem fara á ný heimili, fái félagsmótun. Ef um er að ræða villt dýr skal, eftir því sem við á, vera til staðar áætlun um endurhæfingu áður en þeim er skilað aftur á búsvæði sitt.

30. gr.

Skrár yfir dýr

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir ræktendur, birgjar og notendur haldi skrár yfir a.m.k. eftirfarandi:

a) fjölda og tegundir dýra sem eru ræktuð, er aflað, eru afhent, notuð í tilraunum, gefið frelsi eða fundið nýtt heimili,

b) uppruna dýranna, þ.m.t. hvort þau eru ræktuð til notkunar í tilraunum,

c) dagsetningar þegar dýranna er aflað, þau afhent, þeim sleppt eða fundið nýtt heimili,

d) frá hverjum dýrin eru fengin,

e) nafn og heimilisfang viðtakanda dýranna,

f) fjölda og tegundir dýra sem drápust eða voru aflífuð á hverri starfsstöð. Að því er varðar dýr sem hafa drepist skal skrá dánarorsök þegar hún er þekkt og

g) ef um er að ræða notendur, í hvaða verkefnum dýr eru notuð.

2. Skrárnar, sem um getur í 1. mgr., skulu geymdar í a.m.k. 5 ár og gerðar aðgengilegar fyrir lögbæra yfirvaldið, sé þess óskað.

31. gr.

Upplýsingar um hunda, ketti og prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir ræktendur, birgjar og notendur skrái eftirfarandi upplýsingar um hvern hund, kött og prímata, sem ekki er af ættkvísl manna:

a) auðkenni,

b) fæðingarstað og fæðingardag og -ár, ef slíkt er fyrir hendi,

c) hvort dýrið er ræktað til notkunar í tilraunum og

d) ef um er að ræða prímata, sem ekki er af ættkvísl manna, hvort hann er afkvæmi prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, sem hafa verið ræktaðir í haldi.

2. Halda skal einstaklingsbundnar skrár yfir hvern hund, kött og prímata, sem ekki er af ættkvísl manna, sem fylgir dýrinu svo lengi sem það er haldið í þeim tilgangi sem þessi tilskipun varðar.

Skráin skal útbúin við fæðingu eða eins fljótt og auðið er eftir hana og skal ná yfir allar viðeigandi upplýsingar um æxlun, dýralæknisfræðileg atriði og félagslegar upplýsingar um dýrið og verkefnin sem það hefur verið notað í.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í þessari grein, skulu geymdar í a.m.k. þrjú ár eftir dauða dýrsins eða eftir að því hefur verið fundið nýtt heimili og skulu gerðar aðgengilegar fyrir lögbæra yfirvaldið, sé þess óskað.

Ef um er að ræða að dýri hefur verið fundið nýtt heimili skulu fylgja því viðeigandi upplýsingar um umhirðu dýralæknis og félagslegar upplýsingar úr einstaklingsbundnu skránni sem um getur í 2. mgr.

32. gr.

Merking og auðkenning hunda, katta og prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna

1. Hver hundur, köttur eða prímati, sem ekki er af ættkvísl manna, skal merktur varanlega með einstaklingsbundnu auðkennismerki á eins sársaukalausan hátt og hægt er, í síðasta lagi þegar hann er vaninn undan.

2. Ef hundur, köttur eða prímati, sem ekki er af ættkvísl manna, er fluttur frá einum ræktanda, birgi eða notanda til annars, áður en hann er vaninn undan og ekki er framkvæmanlegt að merkja hann áður, skal viðtakandinn halda skrá um dýrið þar til það er merkt, þar sem sérstaklega er tilgreint hver móðir þess er.

3. Þegar ræktandi, birgir eða notandi tekur við ómerktum hundi, ketti eða prímata, sem ekki er af ættkvísl manna, sem hefur verið vaninn undan, skal dýrið merkt varanlega, eins fljótt og auðið er og á eins sársaukalausan hátt og hægt er.

4. Ræktandi, birgir og notandi skulu, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, tilgreina ástæður fyrir því að dýr er ómerkt.

33. gr.

Umhirða og vistarverur

1. Að því er varðar umhirðu og vistarverur dýra skulu aðildarríkin sjá til þess að:

a) öllum dýrum sé séð fyrir vistarverum, umhverfi, fóðri, vatni og umhirðu, sem eru viðeigandi fyrir heilbrigði þeirra og vellíðan,

b) öllum takmörkunum á því að dýr geti fullnægt lífeðlisfræðilegum og atferlisfræðilegum þörfum sínum sé haldið í lágmarki,

c) umhverfisaðstæður þar sem dýr eru ræktuð, haldin eða notuð séu yfirfarnar daglega,

d) ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að hvers kyns ágallar eða sársauki, þjáning, hræðsla eða varanlegur skaði, sem hægt er að komast hjá, sé upprættur eins fljótt og unnt er og

e) dýr séu flutt við viðeigandi aðstæður.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að stöðlum um umhirðu og vistarverur, sem settir eru fram í III. viðauka, sé beitt frá þeim dagsetningum sem þar er kveðið á um.

3. Aðildarríkin geta leyft undanþágur frá kröfum a-liðar 1. mgr. eða 2. mgr. af ástæðum er varða vísindi, velferð dýra eða heilbrigði dýra.

2. þáttur

Skoðanir

34. gr.

Skoðanir aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin framkvæmi reglulegar skoðanir hjá öllum ræktendum, birgjum og notendum, þ.m.t. á starfsstöðvum þeirra, til að ganga úr skugga um að farið sé að kröfunum í þessari tilskipun.

2. Lögbæra yfirvaldið skal aðlaga tíðni skoðananna á grundvelli áhættugreiningar fyrir hverja starfsstöð, með tilliti til:

a) fjölda og tegunda dýra sem eru hýst,

b) ferils ræktandans, birgisins eða notandans að því er varðar að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar,

c) fjölda og tegunda verkefna sem hlutaðeigandi notandi framkvæmir og

d) upplýsinga sem gætu bent til þess að ekki sé farið að tilskildum kröfum.

3. Framkvæma skal skoðanir hjá a.m.k. þriðjungi notenda á hverju ári í samræmi við áhættugreininguna sem um getur í 2. mgr. Þó skal fara fram skoðun hjá ræktendum, birgjum og notendum prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, a.m.k. einu sinni á ári.

4. Viðeigandi hlutfall skoðana skal fara fram án nokkurs fyrirvara.

5. Varðveita skal skrár yfir allar skoðanir í a.m.k. 5 ár.

35. gr.

Eftirlit með skoðunum aðildarríkjanna

1. Framkvæmdastjórnin skal, ef tilhlýðilegar ástæður eru til áhyggna, m.a. að teknu tilliti til hlutfalls skoðana sem gerðar eru án nokkurs fyrirvara, takast á hendur eftirlit með innri uppbyggingu og starfrækslu landsbundinna skoðana í aðildarríkjunum.

2. Aðildarríki skal veita sérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar alla þá aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að inna af hendi skyldur sínar þegar eftirlitið, sem um getur í 1. mgr. stendur yfir á yfirráðasvæði þess. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki um niðurstöður úr eftirlitinu.

3. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal grípa til ráðstafana til að taka til greina niðurstöður úr eftirlitinu sem um getur í 1. mgr.

3. þáttur

Kröfur er varða verkefni

36. gr.

Leyfi fyrir verkefnum

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 42. gr., sjá til þess að ekki sé unnið að verkefnum án þess að áður hefi verið aflað leyfis frá lögbæra yfirvaldinu og að verkefni séu unnin í samræmi við leyfið eða, í þeim tilvikum sem um getur í 42. gr., í samræmi við umsóknina sem send var lögbæra yfirvaldinu eða í samræmi við allar ákvarðanir lögbæra yfirvaldsins.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekkert verkefni sé unnið án þess að borist hafi jákvætt mat á verkefninu frá lögbæra yfirvaldinu í samræmi við 38. gr.

37. gr.

Umsókn um leyfi fyrir verkefni

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að notandinn eða aðilinn sem ber ábyrgð á verkefninu leggi fram umsókn um leyfi fyrir verkefni. Umsóknin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) tillögu um verkefnið,

b) samantekt um verkefnið, sem ekki er á tæknimáli, og

c) upplýsingar um þættina sem settir eru fram í VI. viðauka.

2. Aðildarríkin geta fellt niður kröfuna í b-lið 1. mgr. fyrir verkefni sem um getur í 1. mgr. 42. gr.

38. gr.

Mat á verkefnum

1. Mat á verkefni skal framkvæmt með þeirri nákvæmni sem við á fyrir gerð verkefnisins og í því skal ganga úr skugga um að verkefnið uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:

a) verkefnið er rökstutt frá vísindalegu eða menntunarlegu sjónarmiði eða þess er krafist samkvæmt lögum,

b) tilgangur verkefnisins réttlætir notkun á dýrum og

c) verkefnið er hannað þannig að hægt er að framkvæma tilraunir á sem mannúðlegastan hátt og með sem mestu tilliti til umhverfisins.

2. Matið á verkefninu skal einkum samanstanda af eftirfarandi:

a) mati á markmiðum verkefnisins og þeim vísindalega ávinningi eða því menntunarlega gildi sem reiknað er með að fáist með því,

b) mati á því hversu vel verkefnið samrýmist kröfunum um staðgöngu, fækkun og mildun,

c) mati og ákvörðun um flokkun á alvarleika tilraunanna,

d) greiningu á verkefninu, þar sem skaðinn er metinn á móti ávinningnum af því, til að meta hvort sú niðurstaða sem búist er við réttlæti skaðann sem dýrin verða fyrir að því er varðar þjáningu, sársauka og hræðslu, að teknu tilliti til siðfræðilegra spurninga, og hvort það getur að lokum leitt af sér hagsbætur fyrir menn, dýr eða umhverfið,

e) mati á hvers kyns rökstuðningi sem um getur í 6. til 12. gr., 14., 16. og 33. gr. og

f) ákvörðun um það hvort og hvenær verkefnið skuli metið afturvirkt.

3. Lögbæra yfirvaldið sem framkvæmir matið á verkefninu skal taka tillit til sérþekkingar, einkum á eftirfarandi sviðum:

a) þeim sviðum vísindalegrar notkunar þar sem dýr verða notuð, þ.m.t. staðganga, fækkun og mildun á hverju sviði fyrir sig,

b) tilhögun tilrauna, þ.m.t. tölfræðilegar upplýsingar eftir því sem við á,

c) dýralæknaþjónustu á sviði tilraunadýravísinda eða dýralæknaþjónustu fyrir villt dýr, eftir því sem við á,

d) dýrahalds og umhirðu dýra í tengslum við tegundirnar sem ætlunin er að nota.

4. Ferlið við matið á verkefnum skal vera gagnsætt.

Með fyrirvara um verndun hugverkaréttinda og trúnaðarupplýsinga skal framkvæma mat á verkefnum af óhlutdrægni og inn í það má fella álit óháðra aðila.

39. gr.

Afturvirkt mat

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar ákveðið er að gera afturvirkt mat í samræmi við f-lið 2. mgr. 38. gr. skuli lögbæra yfirvaldið framkvæma það og meta, á grundvelli nauðsynlegra skjala sem notandinn leggur fram, eftirfarandi:

a) hvort markmið verkefnisins náðust,

b) þann skaða sem dýrunum hafði verið valdið, þ.m.t. fjöldi og tegund(ir) dýra sem voru notuð, og alvarleika tilraunanna og

c) hvers kyns þætti sem geta stuðlað að frekari framkvæmd kröfunnar um staðgöngu, fækkun og mildun.

2. Öll verkefni þar sem notaðir eru prímatar, sem ekki eru af ættkvísl manna, og verkefni þar sem gerðar eru tilraunir sem flokkaðar eru sem „alvarlegar“, þ.m.t. þær sem um getur í 2. mgr. 15. gr., skulu sett í afturvirkt mat.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. og þrátt fyrir f-lið 2. mgr. 38. gr. geta aðildarríkin undanþegið verkefni, þar sem einungis eru gerðar tilraunir sem flokkast sem „vægar“ eða „banvænar“, frá kröfunni um afturvirkt mat.

40. gr.

Veiting leyfis fyrir verkefni

1. Leyfi fyrir verkefni skal takmarkast við tilraunir sem hafa:

a) farið í gegnum mat á verkefnum og

b) verið flokkaðar samkvæmt alvarleikaflokkuninni sem gildir um slíkar tilraunir.

2. Í leyfinu fyrir verkefninu skal tilgreina eftirfarandi:

a) hvaða notandi stendur að verkefninu,

b) hvaða aðilar bera ábyrgð á heildarframkvæmd verkefnisins og að verkefnið samrýmist leyfinu,

c) eftir atvikum, á hvaða starfsstöðvum verkefnið verður framkvæmt, og

d) öll sérstök skilyrði í kjölfar matsins á verkefninu, þ.m.t. hvort og hvenær meta skal verkefnið afturvirkt.

3. Leyfi fyrir verkefnum skulu veitt að hámarki til 5 ára.

4. Aðildarríkin geta veitt leyfi fyrir mörgum almennum verkefnum sem sami notandi framkvæmir ef slík verkefni eiga að uppfylla kröfur samkvæmt reglum eða ef dýr eru notuð í slíkum verkefnum í framleiðslu- eða greiningarskyni með viðurkenndum aðferðum.

41. gr.

Ákvarðanir um leyfisveitingar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ákvörðun um leyfisveitingu sé tekin og umsækjandanum tilkynnt um hana í síðasta lagi 40 virkum dögum frá viðtöku fullfrágenginnar og réttrar umsóknar. Matið á verkefninu er hluti af þessu tímabili.

2. Lögbæra yfirvaldið getur framlengt frestinn, sem um getur í 1. mgr., einu sinni um viðbótartímabil sem er ekki lengra en 15 virkir dagar þegar rök liggja fyrir slíku vegna þess hversu flókið verkefnið er eða hversu margar vísindagreinar koma að því. Framlengingin og tímalengd hennar skal vera rökstudd og umsækjandanum skal tilkynnt um hana áður en fresturinn, sem um getur í 1. mgr., rennur út.

3. Lögbær yfirvöld skulu staðfesta móttöku allra leyfisumsókna við umsækjandann eins fljótt og unnt er og tilgreina þann frest, sem um getur í 1. mgr., sem gefinn er til ákvarðanatöku.

4. Ef um er að ræða umsókn sem ekki er fullfrágengin eða er röng skal lögbæra yfirvaldið, eins fljótt og unnt er, tilkynna umsækjandanum um að þörf sé á að leggja fram viðbótargögn og um hugsanleg áhrif á gildandi frest.

42. gr.

Einfölduð stjórnsýslumeðferð

1. Aðildarríkin geta ákveðið að innleiða einfaldaða stjórnsýslumeðferð fyrir verkefni, sem fela í sér tilraunir, sem eru flokkaðar sem „banvænar“, „vægar“ eða „í meðallagi“ og þar sem ekki eru notaðir prímatar, sem ekki eru af ættkvísl manna, sem eru nauðsynleg til að uppfylla kröfur samkvæmt reglum eða þar sem dýr eru notuð í framleiðslu- eða greiningarskyni með viðurkenndum aðferðum.

2. Þegar aðildarríkin innleiða einfaldaða stjórnsýslumeðferð skulu þau sjá til þess að eftirfarandi ákvæði séu uppfyllt:

a) í umsókninni eru tilgreindir þeir þættir sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 40. gr.,

b) mat á verkefnum er framkvæmt í samræmi við 38. gr. og

c) ekki er farið yfir tímamörkin sem um getur í 1. mgr. 41. gr.

3. Ef verkefni er breytt þannig að það getur haft neikvæð áhrif á velferð dýra skulu aðildarríkin krefjast viðbótarmats á verkefnum sem skilar jákvæðri niðurstöðu.

4. Ákvæði 40. gr. (3. og 4. mgr.), 41. gr. (3. mgr.) og 44. gr. (3., 4. og 5. mgr.) gilda að breyttu breytanda um verkefni sem leyft er að framkvæma í samræmi við þessa grein.

43. gr.

Samantektir um verkefni, sem ekki eru á tæknimáli

1. Með fyrirvara um verndun hugverkaréttinda og trúnaðarupplýsinga skal samantektin um verkefnið, sem ekki er á tæknimáli, innihalda eftirfarandi:

a) upplýsingar um markmiðin með verkefninu, þ.m.t. skaði og ávinningur sem reiknað er með og fjöldi og tegundir dýra sem á að nota,

b) sönnun þess að farið sé að kröfunni um staðgöngu, fækkun og mildun.

Samantektin um verkefnið, sem ekki er á tæknimáli, skal lögð fram undir nafnleynd og skal ekki innihalda nöfn og heimilisföng notandans og starfsfólks hans.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að í samantektinni um verkefnið, sem ekki er á tæknimáli, sé tilgreint hvort verkefni eigi að fara í afturvirkt mat og fyrir hvaða tímamörk. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin sjá til þess að samantektin um verkefnið, sem ekki er á tæknimáli, sé uppfærð með niðurstöðum úr öllu afturvirku mati.

3. Aðildarríkin skulu birta samantektir um leyfð verkefni, sem ekki eru á tæknimáli, og allar uppfærslur á þeim.

44. gr.

Breyting, endurnýjun og afturköllun á leyfi fyrir verkefni

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að krafist sé breytingar eða endurnýjunar á leyfi fyrir verkefni vegna allra breytinga á verkefni sem gætu haft neikvæð áhrif á velferð dýra.

2. Hvers kyns breyting eða endurnýjun á leyfi fyrir verkefni skal gerð með fyrirvara um frekari jákvæða niðurstöðu úr mati á verkefninu.

3. Lögbæra yfirvaldið getur afturkallað leyfi fyrir verkefni ef verkefnið er ekki unnið í samræmi við leyfið.

4. Ef leyfi fyrir verkefni er afturkallað má það ekki hafa skaðleg áhrif á velferð dýranna sem voru notuð eða sem ætlunin var að nota í verkefninu.

5. Aðildarríkin skulu koma á og birta skilyrði fyrir breytingum og endurnýjunum á leyfum fyrir verkefnum.

45. gr.

Skjalfesting

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll viðeigandi gögn, þ.m.t. leyfi fyrir verkefnum og niðurstöður úr mati á verkefnum, séu geymd í a.m.k. 3 ár frá þeim degi sem leyfið fyrir verkefninu fellur úr gildi eða frá þeim degi sem tímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 41. gr., lýkur og veita skal lögbæra yfirvaldinu aðgang að þeim.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal geyma gögn um verkefni sem þurfa að fara í afturvirkt mat þar til afturvirka matinu er lokið.

V. KAFLI

AÐ FORÐAST ENDURTEKNINGAR, ANNARS KONAR AÐFERÐIR

46. gr.

Að forðast endurtekningu á tilraunum

Hvert aðildarríki skal taka við gögnum frá öðrum aðildarríkjum, sem verða til vegna tilrauna sem eru viðurkenndar í löggjöf Sambandsins, nema ef gera þarf frekari tilraunir í tengslum við þau gögn til að vernda lýðheilsu, öryggi eða umhverfið.

47. gr.

Annars konar aðferðir

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu stuðla að þróun og fullgildingu á annars konar aðferðum, sem geta skilað sömu eða meiri upplýsingum og fást með tilraunum þar sem dýr eru notuð en þar sem dýr eru ekki notuð eða færri dýr eru notuð eða hafa í för með sér sársaukaminni tilraunir, og þau skulu gera aðrar þær ráðstafanir sem þau telja viðeigandi til að hvetja til rannsókna á þessu sviði.

2. Aðildarríkin skulu aðstoða framkvæmdastjórnina við að tilgreina og tilnefna rannsóknarstofur sem búa yfir viðeigandi sérþekkingu og réttindum og hæfi til að framkvæma slíkar fullgildingarrannsóknir.

3. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin, ákveða hvað skuli hafa forgang í þessum fullgildingarrannsóknum og úthluta verkefnum milli rannsóknarstofanna sem eiga að framkvæma þessar rannsóknir.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess á landsvísu að stuðlað sé að annars konar aðferðum og miðlun upplýsinga um þær.

5. Aðildarríkin skulu tilnefna einn tiltekinn tengilið til að gefa ráðleggingar um hvernig reglurnar eiga við og um hentugleika annars konar aðferða sem lagt er til að verði fullgiltar.

6. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir með það fyrir augum að afla alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir annars konar aðferðir sem fullgiltar eru á vettvangi Sambandsins.

48. gr.

Tilvísunarrannsóknarstofa Sambandsins

1. Tilvísunarrannsóknarstofa Sambandsins, skyldur hennar og verkefni, skulu vera eins og um getur í VII. viðauka.

2. Tilvísunarrannsóknarstofa Sambandsins getur innheimt gjöld fyrir þá þjónustu sem hún veitir sem stuðlar ekki beinlínis að frekari framförum á sviði staðgöngu, fækkunar og mildunar.

3. Samþykkja má nauðsynlegar, ítarlegar reglur til framkvæmdar 2. mgr. þessarar greinar og VII. viðauka í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 56. gr.

49. gr.

Landsbundnar nefndir til verndar dýrum sem eru notuð í vísindaskyni

1. Hvert aðildarríki skal stofna landsbundna nefnd til verndar dýrum sem eru notuð í vísindaskyni. Hún skal ráðleggja lögbæru yfirvöldunum og dýravelferðarnefndunum um málefni sem tengjast útvegun á dýrum, ræktun þeirra, vistarverum, umhirðu og notkun í tilraunum og sjá til þess að bestu starfsvenjum sé miðlað.

2. Landsbundnu nefndirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu skiptast á upplýsingum um starfrækslu dýravelferðarnefnda og mat á verkefnum og miðla bestu starfsvenjum á vettvangi Sambandsins.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

50. gr.

Aðlögun viðauka að tækniframförum

Til að tryggja að ákvæði I. viðauka og III. til VIII. viðauka endurspegli stöðuna í tækniframförum eða vísindaþróun, að teknu tilliti til þeirrar reynslu sem fæst af framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum með skýrslugjöfinni sem um getur í 54. gr. (1.mgr.), getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr. og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 52. og 53. gr., breytingar á þessum viðaukum, að undanteknum ákvæðum I. og II. þáttar VIII. viðauka. Dagsetningarnar, sem um getur í B-þætti III. viðauka, skulu ekki færðar fram. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar.

51. gr.

Meðferð framsalsheimilda

1. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 50. gr., á 8 ára tímabili sem hefst 9. nóvember 2010. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en 12 mánuðum fyrir lok 8 ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 52. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja afleiddar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 52. og 53. gr.

52. gr.

Afturköllun framsalsheimilda

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 50. gr.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða valdheimildir, sem hafa verið framseldar, gætu verið afturkallaðar og mögulegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

53. gr.

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um 2 mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt framseldu gerðinni þegar þetta tímabil rennur út, skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmælir framseldri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

54. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 10. nóvember 2018 og á 5 ára fresti eftir það, senda upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar til framkvæmdastjórnarinnar, einkum 10. gr. (1.mgr.), 26., 28., 34., 38., 39., 43. og 46. gr.

2. Aðildarríkin skulu árlega safna saman tölfræðilegum upplýsingum um notkun á dýrum í tilraunum, þ.m.t. upplýsingar um raunverulegan alvarleika tilrauna og um uppruna og tegundir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, sem notaðir eru í tilraunum, og gera þær aðgengilegar öllum.

Aðildarríkin skulu leggja þessar tölfræðilegu upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. nóvember 2015 og árlega eftir það.

3. Aðildarríkin skulu árlega leggja fyrir framkvæmdastjórnina nákvæmar upplýsingar um undanþágur sem veittar hafa verið samkvæmt a-lið 4. mgr. 6. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 10. maí 2012, koma á sameiginlegu sniði til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 56. gr.

55. gr.

Verndarákvæði

1. Ef aðildarríki hefur vísindalega rökstuddar ástæður til að ætla að það sé nauðsynlegt að nota prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, í þeim tilgangi sem um getur í i. lið a-liðar 1. mgr. 8. gr. að því er varðar menn, en ef notkunin er ekki með það fyrir augum að forðast, koma í veg fyrir, greina eða meðhöndla veiklunarástand eða hugsanlega lífshættulegt klínískt ástand, getur aðildarríkið samþykkt bráðabirgðaráðstöfun til að leyfa slíka notkun, að því tilskildu að ekki sé hægt að ná markmiðinu með notkun á öðrum tegundum en prímötum, sem ekki eru af ættkvísl manna.

2. Ef aðildarríki hefur rökstuddar ástæður til að ætla að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til varðveislu tegundarinnar eða í tengslum við óvænta uppkomu lífshættulegs eða klínísks veiklunarástands í mönnum getur aðildarríkið samþykkt bráðabirgðaráðstöfun til að leyfa notkun á mannöpum í tilraunum, sem eru gerðar í einhverjum þeim tilgangi sem um getur í i. lið b-liðar, c. eða e. lið 5. gr., að því tilskildu að ekki sé hægt að ná markmiði tilraunarinnar með því að nota aðrar tegundir en mannapa eða með staðgönguaðferðum. Aftur á móti skal ekki túlka tilvísunina í i. lið b-liðar 5. gr. sem svo að hún nái einnig til dýra og plantna.

3. Ef aðildarríki telur að nauðsynlegt sé, af sérstökum og vísindalega rökstuddum ástæðum, að leyfa notkun á tilraun sem veldur miklum sársauka, þjáningu eða hræðslu sem líklegt er að verði langvarandi og ekki hægt að lina, eins og um getur í 2. mgr. 15. gr., getur aðildarríkið samþykkt bráðabirgðaráðstöfun til að leyfa slíkar tilraunir. Aðildarríkin geta ákveðið að leyfa ekki notkun á prímötum, sem ekki eru af ættkvísl manna, í slíkum tilraunum.

4. Aðildarríki, sem hefur samþykkt bráðabirgðaráðstöfun í samræmi við 1., 2. eða 3. mgr., skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það og gefa ástæður fyrir ákvörðun sinni og leggja fram sönnun fyrir þeim aðstæðum, sem lýst er í 1., 2. og 3. mgr., sem bráðabirgðaráðstöfunin byggist á.

Framkvæmdastjórnin skal leggja málið fyrir nefndina, sem um getur í 1. mgr. 56. gr., innan 30 daga frá móttöku upplýsinganna frá aðildarríkinu og skal, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 56. gr., annað hvort:

a) leyfa bráðabirgðaráðstöfunina í þann tíma sem skilgreindur er í ákvörðuninni eða

b) krefjast þess að aðildarríkið afturkalli bráðabirgðaráðstöfunina.

56. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera 3 mánuðir.

57. gr.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar

1. Eigi síðar en 10. nóvember 2019 og fimmta hvert ár eftir það skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli upplýsinga sem berast frá aðildarríkjum skv. 1. mgr. 54. gr., senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar.

2. Eigi síðar en 10. nóvember 2019 og þriðja hvert ár eftir það skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga sem aðildarríkin leggja fram skv. 2. mgr. 54. gr., senda Evrópuþinginu og ráðinu yfirlitsskýrslu um þessar upplýsingar.

58. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa tilskipun, eigi síðar en 10. nóvember 2017, með tilliti til framfara í þróun staðgönguaðferða sem ekki fela í sér notkun á dýrum, einkum prímötum, sem ekki eru af ættkvísl manna, og leggja til breytingar eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, framkvæma reglulegar þemabundnar endurskoðanir á staðgöngu, fækkun og mildun í tengslum við notkun á dýrum í tilraunum og leggja sérstaka áherslu á prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, tækniþróun og nýja þekkingu á sviði vísinda og velferðar dýra.

59. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld til að bera ábyrgð á framkvæmd þessarar tilskipunar.

Aðildarríkin geta einungis tilnefnt aðra aðila en opinber yfirvöld til að framkvæma þau tilgreindu verkefni sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ef sannað er að aðilinn:

a) búi yfir þeirri sérþekkingu og þeim grunnvirkjum sem þarf til að annast verkefnin og

b) sé laus við hagsmunaárekstra að því er varðar framkvæmd verkefnanna.

Aðilar sem þannig eru tilnefndir skulu teljast til lögbærra yfirvalda að því er varðar þessa tilskipun.

2. Hvert aðildarríki skal, eigi síðar en 10. febrúar 2011, senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um landsyfirvald sem starfar sem tengiliður að því er varðar þessa tilskipun, sem og uppfærslur á slíkum upplýsingum.

Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir þessa tengiliði aðgengilega öllum.

60. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 10. febrúar 2013 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

61. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. nóvember 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

62. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 86/609/EBE fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2013 að undanskilinni 13. gr., sem fellur úr gildi frá og með 10. maí 2013.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

63. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1069/2009

Í stað iv. liðar a-liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 komi eftirfarandi:

„iv. dýrum sem eru notuð í tilraun eða tilraunum, sem er(u) skilgreind(ar) í 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni([1]), í tilvikum þegar lögbæra yfirvaldið ákveður að slík dýr eða skrokkhlutar þeirra geti hugsanlega skapað alvarlega heilbrigðisáhættu fyrir menn eða önnur dýr sökum þessarar tilraunar eða tilrauna, með fyrirvara um 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003,“

([1]) Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33.

64. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Aðildarríkin skulu ekki beita lögum og stjórnsýslufyrirmælum, sem samþykkt eru í samræmi við 36. til 45. gr., að því er varðar verkefni sem hafa verið samþykkt fyrir 1. janúar 2013 og standa ekki lengur en til 1. janúar 2018.

2. Afla skal leyfis fyrir verkefnum, sem hafa verið samþykkt fyrir 1. janúar 2013 og munu standa lengur en til 1. janúar 2018, eigi síðar en 1. janúar 2018.

65. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

66. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 22. september 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	O. CHASTEL

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR DÝR SEM UM GETUR Í 10. GR.

1. Húsamús (*Mus musculus*)
2. Brúnrotta (*Rattus norvegicus*)
3. Naggrís (taminn) (*Cavia porcellus*)
4. Gullhamstur (*Mesocricetus auratus*)
5. Kínahamstur (*Cricetulus griseus*)
6. Mongólsk stökkmús (*Meriones unguiculatus*)
7. Evrópukanína (*Oryctolagus cuniculus*)
8. Hundur (taminn) (*Canis familiaris*)
9. Húsköttur (*Felis catus*)
10. Allar tegundir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna
11. Froskur (*Xenopus* (*laevis*, *tropicalis*), Rana (*temporaria*, *pipiens*))
12. Sebradanni (*Danio rerio*)

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR PRÍMATA, SEM EKKI ERU AF ÆTTKVÍSL MANNA, OG DAGSETNINGAR SEM UM GETUR Í ANNARRI UNRIRGREIN 1. MGR. 10. GR.

Tegund	Dagsetningar
Silkiapi (*Callithrix jacchus*)	1. janúar 2013
Krabbaloðapi (*Macaca fascicularis*)	5 árum eftir útgáfu hagkvæmniathugunarinnar, sem um getur í fjórðu undirgrein 1. mgr. 10. gr., að því tilskildu að í athuguninni sé ekki mælt með framlengdu tímabili
Resusapi (*Macaca mulatta*)	5 árum eftir útgáfu hagkvæmniathugunarinnar, sem um getur í fjórðu undirgrein 1. mgr. 10. gr., að því tilskildu að í athuguninni sé ekki mælt með framlengdu tímabili
Aðrar tegundir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna	5 árum eftir útgáfu hagkvæmniathugunarinnar, sem um getur í fjórðu undirgrein 1. mgr. 10. gr., að því tilskildu að í athuguninni sé ekki mælt með framlengdu tímabili

III. VIÐAUKI

KRÖFUR ER VARÐA STARFSSTÖÐVAR OG UMHIRÐU OG VISTARVERUR DÝRA

A-þáttur: Almennur þáttur

1. Aðstaða

1.1. Hlutverk og almenn hönnun

a) Öll aðstaða skal vera hönnuð til að skapa umhverfi þar sem tekið er tillit til líffeðlisfræðilegra og atferlisfræðilegra þarfa tegundanna sem þar er haldið. Aðstaða skal einnig hönnuð og stýrð til að koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa til þess heimild komist ekki þangað inn og að dýr geti hvorki komist inn né sloppið út.

b) Í starfsstöðvum skal vera til staðar virk viðhaldsáætlun til að koma í veg fyrir og bæta úr hvers kyns ágöllum á byggingum eða búnaði.

1.2. Biðrými (e. *holding room*)

a) Í starfsstöðvum skal vera áætlun um reglubundin og skilvirk þrif á rýmum og þar skal viðhalda viðunandi hollustuháttum.

b) Veggir og gólf skulu vera klædd með efni sem þolir það mikla álag og slit sem dýrin og hreinsunarferlið valda. Efnið skal ekki vera skaðlegt fyrir heilbrigði dýranna og skal vera þannig úr garði gert að dýrin geti ekki slasað sig. Allur búnaður eða fastur búnaður skal fá viðbótarvörn þannig að dýrin skemmi hann ekki og hann skaði þau ekki.

c) Tegundir sem ekki eiga saman, t.d. rándýr og bráð eða dýr sem þarfnast ólíkra umhverfisaðstæðna, skulu ekki hýstar í sama rými né, þegar um er að ræða rándýr og bráð, þannig að þau sjái, finni lykt af eða heyri í hvert öðru.

1.3. Rými fyrir almennar og sérstakar tilraunir

a) Á starfsstöðvum skal vera til reiðu, eftir því sem við á, rannsóknarstofubúnaður til að framkvæma einfaldar greiningarprófanir, skoðanir eftir aflífun og/eða töku á sýnum sem á að nota í umfangsmeiri rannsóknum á rannsóknarstofu annars staðar. Rými fyrir almennar og sérstakar tilraunir skulu vera til staðar fyrir aðstæður þegar óæskilegt er að framkvæma tilraunir eða athuganir í biðrýminu.

b) Aðstaða skal vera til staðar til að gera það kleift að einangra nýútveguð dýr þar til hægt er að ákvarða heilbrigðisástand þeirra og meta og lágmarka hugsanlega heilbrigðisáhættu fyrir dýr sem fyrir eru.

c) Aðskildar vistarverur skulu vera til staðar þar sem hægt er að hýsa veik eða slösuð dýr.

1.4. Þjónusturými

a) Geymslur skulu hannaðar, notaðar og haldið við þannig að gæði fóðurs og undirburðar séu tryggð. Þetta rými skal vera varið gegn ágangi meindýra og skordýra eftir því sem unnt er. Annað efni, sem getur verið mengað eða valdið hættu fyrir dýr eða starfsfólk, skal geyma aðskilið.

b) Hreinsunar- og þvottasvæði skulu vera nægilega stór til að þar sé hægt að setja upp tæki sem eru nauðsynleg til að afmenga og hreinsa notaðan búnað. Hreinsunarferlið skal skipulagt til að halda streymi á hreinum og óhreinum búnaði aðskildum til að koma í veg fyrir að nýhreinsaður búnaður mengist.

c) Á starfsstöðvum skal vera aðstaða til að geyma á hreinlegan hátt og farga skrokkum og dýraúrgangi á öruggan hátt.

d) Þar sem þörf er fyrir að gera skurðaðgerðir að viðhafðri smitgát skal vera til staðar eitt eða fleiri viðeigandi útbúin rými og aðstaða þar sem dýrin geta jafnað sig eftir aðgerð.

2. Umhverfið og stjórnun þess

2.1. Loftræsting og hitastig

a) Einangrun, upphitun og loftræsting biðrýmis skal tryggja að hringrás lofts, rykmagn og styrkur lofttegunda haldist innan marka sem valda dýrunum, sem þar eru hýst, ekki skaða.

b) Hita- og rakastig í biðrýmum skal lagað að þeim tegundum og aldurshópum sem þar eru hýst. Mæla skal hitastigið og skrá það daglega.

c) Ekki skal halda dýrum utandyra við loftslagsskilyrði sem geta valdið þeim hræðslu.

2.2. Lýsing

a) Ef náttúruleg birtuskilyrði skapa ekki viðeigandi hringrás birtu og myrkurs skal nota stýrða lýsingu til að fullnægja líffræðilegum þörfum dýranna og skapa viðunandi vinnuumhverfi.

b) Lýsing skal vera fullnægjandi til að unnt sé að sinna dýrunum og hafa eftirlit með þeim.

c) Láta skal í té reglubundnar ljóslotur og ljósstyrk sem eru aðlöguð að tegundinni.

d) Þegar dýr, sem eru hvítingjar, eru haldin skal lýsingin aðlöguð til að taka tillit til næmleika þeirra fyrir birtu.

2.3. Hávaði

a) Hávaðastig, þ.m.t. úthljóð, skal ekki hafa skaðleg áhrif á velferð dýranna.

b) Á starfsstöðvum skulu vera til staðar viðvörunarkerfi sem gefa frá sér hljóð sem liggja utan við næmasta heyrnarstig dýranna ef það stangast ekki á við heyranleika þeirra fyrir menn.

c) Biðrými skulu, eftir því sem við á, búin hávaðadempandi og hljóðísogandi efnum.

2.4. Viðvörunarbúnaður

a) Starfsstöðvar sem búnar eru rafknúnum eða véltæknilegum búnaði til umhverfisstýringar og -verndar skulu búnar varakerfi til að viðhalda nauðsynlegri þjónustu og einnig neyðarlýsingarkerfum til að tryggja að viðvörunarkerfin sjálf bregðist ekki.

b) Hitunar- og loftræstikerfi skulu búin eftirlits- og viðvörunarbúnaði.

c) Skýrum leiðbeiningum um verklagsreglur í neyðartilvikum skal komið fyrir á áberandi stöðum.

3. Umhirða dýra

3.1. Heilbrigði

a) Á starfsstöðvum skal vera til staðar áætlun til að tryggja að heilbrigðisástandi dýranna sé viðhaldið þannig að velferð þeirra sé trygg og vísindalegar kröfur séu uppfylltar. Þessi áætlun skal m.a. felast í reglubundnu heilbrigðiseftirliti, örverufræðilegu eftirlitskerfi og áætlunum um að meðhöndla heilbrigðisvandamál og í henni skal skilgreina heilsufarslega mæliþætti og verklagsreglur um innkomu nýrra dýra.

b) Þar til bær aðili skal skoða dýrin a.m.k. daglega. Með þessum skoðunum skal tryggt að borin séu kennsl á öll veik eða særð dýr og gripið til viðeigandi aðgerða.

3.2. Dýr sem eru tekin í náttúrunni

a) Flutningagámar og flutningatæki, sem eru aðlöguð að viðkomandi tegund, skulu vera til staðar á föngunarstað ef vera skyldi að flytja þyrfti dýrin til skoðunar eða meðhöndlunar.

b) Taka skal sérstakt tillit til og gera viðeigandi ráðstafanir vegna aðlögunar, sóttkvíar, húsnæðis, dýrahalds og umhirðu dýra sem eru tekin í náttúrunni og, eins og við á, gera ráð fyrir að þeim verði sleppt að tilraunum loknum.

3.3. Húsnæði og styrking

a) Húsnæði

Dýr, önnur en þau sem eru einfarar frá náttúrunnar hendi, skulu hýst í föstum hópum einstaklinga sem eiga skap saman. Í tilvikum þegar einstaklingshýsing er leyfð í samræmi við 3. mgr. 33. gr. skal tímalengdin takmarkast við þann lágmarkstíma sem er nauðsynlegur og viðhalda skal sjónrænu, heyrnar-, þef- og/eða snertisambandi. Fylgjast skal grannt með innkomu eða endurinnkomu dýra í fasta hópa til að komast hjá vandamálum varðandi ósamrýmanleika og röskun á félagslegum tengslum.

b) Styrking

Öll dýr skulu hafa aðgang að rými sem er nógu margbreytilegt til að þeim sé kleift að sýna sem mest af eðlilegu atferli. Til að draga út streitutengdu atferli skulu þau hafa nokkra stjórn á og val um umhverfi sitt. Á starfsstöðvum skulu vera til staðar viðeigandi styrkingaraðferðir til að fjölga möguleikum dýranna til athafna og getu þeirra til að að ráða við umhverfi sitt, þ.m.t. hreyfing, ætisleit, handleikni (e. *manipulative activity*) og vitsmunalegar athafnir, eins og við á fyrir tegundina. Umhverfisleg styrking í aðhöldum (e. *enclosures*) fyrir dýr skal aðlöguð að hverri tegund og einstaklingsbundnum þörfum viðkomandi dýra. Styrkingaráætlanir á starfsstöðvum skulu endurskoðaðar og uppfærðar reglulega.

c) Aðhöld fyrir dýr

Aðhöld fyrir dýr skulu ekki gerð úr efnum sem eru skaðleg fyrir heilbrigði dýranna. Hönnun þeirra og bygging skal vera þannig að það valdi dýrunum engum áverkum. Þau skulu gerð úr efnum, sem þola þrif og afmengun, nema þau séu einnota. Hönnun gólfa í aðhöldum fyrir dýr skal aðlöguð að tegund og aldri dýranna og hönnuð til að auðvelda fjarlægingu úrgangsefna.

3.4. Fóðrun

a) Form, innihald og framsetning fæðunnar skal uppfylla næringar- og atferlisfræðilegar þarfir dýranna.

b) Fæða dýranna skal vera bragðgóð og ómenguð. Við val á hráefnum, framleiðslu, tilreiðslu og framsetningu á fóðri skal gera ráðstafanir á starfsstöðvunum til að draga úr mengun af völdum íðefna, eðlisfræðilega þátta og örvera.

c) Pökkun, flutningur og geymsla skulu vera með þeim hætti að komist sé hjá mengun, rýrnun eða eyðileggingu. Öll fóðurílát, trog eða önnur áhöld, sem eru notuð við fóðrun, skal hreinsa reglulega og dauðhreinsa ef nauðsyn krefur.

d) Hvert dýr skal geta haft aðgang að fóðrinu og skal séð fyrir fullnægjandi fóðrunarrými til að takmarka samkeppni.

3.5. Brynning

a) Öll dýr skulu alltaf hafa aðgang að ómenguðu drykkjarvatni.

b) Þegar notuð eru sjálfvirk brynningarkerfi skal hafa reglulegt eftirlit með þeim, yfirfara þau og skola til að komast hjá slysum. Ef notuð eru búr með heilum botni skal gæta þess að lágmarka hættu á flóði.

c) Gera skal ráðstafanir til að aðlaga vatnsflæði fyrir ker og tanka að þörfum og þolmörkum hverrar fisk-, froskdýra- og skriðdýrategundar.

3.6. Hvíldar- og svefnsvæði

a) Dýrin skulu alltaf hafa aðgang að undirburðarefni eða bæli til að sofa í, sem henta tegundinni, þ.m.t. efni í gotbæli/hreiður eða bæli fyrir kynbótadýr.

b) Í aðhaldinu fyrir dýrin skal vera til staðar traust og þægilegt hvíldarsvæði fyrir öll dýr, eins og við á fyrir hverja tegund. Öllum svefnsvæðum skal haldið hreinum og þurrum.

3.7. Meðhöndlun

Á starfsstöðvum skal koma upp aðlögunar- og þjálfunarkerfum sem henta dýrunum, tilraununum og lengd verkefnisins.

B-þáttur: Þáttur um tilgreindar tegundir

1. Mýs, rottur, stökkmýs, hamstrar og naggrísir

Í þessari töflu og töflum sem síðar koma fyrir mýs, rottur, stökkmýs, hamstra og naggrísi merkir „hæð aðhalds“: lóðrétt fjarlægð á milli gólfsins í aðhaldinu og efri marka þess og þessi hæð skal vera meira en 50% af lágmarkssvæðinu á gólfi rýmisins áður en styrkingarbúnaður er settur þar inn.

Þegar tilraunir eru útfærðar skal taka tillit til hugsanlegs vaxtar dýranna til að tryggja að þeim sé séð fyrir nægu rými (eins og tilgreint er í töflu 1.1 til 1.5) á meðan á rannsókninni stendur.

Tafla 1.1.

Mýs

	Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Gólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Tiltækar og á meðan á tilraunum stendur	allt að 20	330	60	12	1. janúar 2017
	yfir 20 og allt að 25	330	70	12	
	yfir 25 og allt að 30	330	80	12	
	yfir 30	330	100	12	
Til undaneldis		330 Fyrir einkvænispar (útræktað/innræktað) eða þrenningu (innræktaða). Fyrir hvert kvendýr til viðbótar ásamt ungum skal bæta við 180 cm^2.		12	
Stofn hjá ræktendum(*) Stærð aðhalds 950 cm^2	minna en 20	950	40	12	
Stærð aðhalds 1500 cm^2	minna en 20	1500	30	12	

(*) Halda má mýs, sem hafa verið vandar undan, við meiri þéttleika í þann stutta tíma sem líður frá því þær eru vandar undan og þar til þær fara að fjölga sér, að því tilskildu að dýrin séu hýst í stærri aðhöldum með viðunandi styrkingu og að þessi aðbúnaður valdi ekki skerðingu á velferð, s.s. aukningu á árásargirni, veikindatilvikum eða dánartíðni, staglkenndu atferli og annarri atferlisskerðingu, þyngdartapi eða annarri lífeðlisfræðilegri eða atferlisfræðilegri svörun við streitu.

Tafla 1.2.

Rottur

	Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Gólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Tiltækar og á meðan á tilraunum stendur(*)	allt að 200	800	200	18	1. janúar 2017
	yfir 200 og allt að 300	800	250	18	
	yfir 300 og allt að 400	800	350	18	
	yfir 400 og allt að 600	800	450	18	
	yfir 600	1500	600	18	

	Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Gólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Til undaneldis		800 Móðir og ungar. Fyrir hvert fullorðið dýr, sem bætt er við til frambúðar í aðhaldið, skal bæta við 400 cm^2.		18	
Stofn hjá ræktendum(**) Stærð aðhalds 1500 cm^2	allt að 50	1500	100	18	
	yfir 50 og allt að 100	1500	125	18	
	yfir 100 og allt að 150	1500	150	18	
	yfir 150 og allt að 200	1500	175	18	
Stofn hjá ræktendum(**) Stærð aðhalds 2500 cm^2	allt að 100	2500	100	18	
	yfir 100 og allt að 150	2500	125	18	
	yfir 150 og allt að 200	2500	150	18	

(*) Í langtímarannsóknum skal, ef rými fyrir hvert dýr er minna en það sem er tilgreint hér á undan, það hafa forgang undir lokin á slíkum rannsóknum að viðhalda stöðugu félagslegu skipulagi.

(**) Halda má rottur, sem hafa verið vandar undan, við meiri þéttleika í þann stutta tíma sem líður frá því þær eru vandar undan og þar til þær fara að fjölga sér, að því tilskildu að dýrin séu hýst í stærri aðhöldum með viðunandi styrkingu og að þessi aðbúnaður valdi ekki skerðingu á velferð, s.s. aukningu á árásargirni, veikindatilvikum eða dánartíðni, staglkenndu atferli og annarri atferlisskerðingu, þyngdartapi eða annarri lífeðlisfræðilegri eða atferlisfræðilegri svörun við streitu.

Tafla 1.3.

Stökkmýs

	Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Gólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Tiltækar og á meðan á tilraunum stendur	allt að 40	1200	150	18	1. janúar 2017
	yfir 40	1200	250	18	
Til undaneldis		1200 Einkvænispar eða þrenning ásamt afkvæmum		18	

Tafla 1.4.

Hamstrar

	Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Gólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Tiltækar og á meðan á tilraunum stendur	allt að 60	800	150	14	1. janúar 2017
	yfir 60 og allt að 100	800	200	14	
	yfir 100	800	250	14	

	Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Gólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Til undaneldis		800 Móðir eða einkvænispar ásamt ungum		14	
Stofn hjá ræktendum(*)	minna en 60	1500	100	14	

(*) Halda má rottur, sem hafa verið vandar undan, við meiri þéttleika í þann stutta tíma sem líður frá því þær eru vandar undan og þar til þær fara að fjölga sér, að því tilskildu að dýrin séu hýst í stærri aðhöldum með viðunandi styrkingu og að þessi aðbúnaður valdi ekki skerðingu á velferð, s.s. aukningu á árásargirni, veikindatilvikum eða dánartíðni, staglkenndu atferli og annarri atferlisskerðingu, þyngdartapi eða annarri lífeðlisfræðilegri eða atferlisfræðilegri svörun við streitu.

Tafla 1.5.

Naggrísir

	Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Gólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Tiltækar og á meðan á tilraunum stendur	allt að 200	1800	200	23	1. janúar 2017
	yfir 200 og allt að 300	1800	350	23	
	yfir 300 og allt að 450	1800	500	23	
	yfir 450 og allt að 700	2500	700	23	
	yfir 700	2500	900	23	
Til undaneldis		2500 Par ásamt ungum. Fyrir hvert kvendýr til viðbótar til undaneldis skal bæta við 1000 cm^2.		23	

2. Kanínur

Meðan á landbúnaðarrannsóknum stendur, þegar markmið verkefnisins er þannig að halda þarf dýrin við svipaðar aðstæður og húsdýr sem verslað er með, skal dýrahaldið a.m.k. fylgja stöðlunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 98/58/EB([10]).

Innan aðhaldsins skal vera upphækkað svæði. Þetta upphækkaða svæði skal vera þannig að dýrið geti legið og setið og hreyft sig auðveldlega undir því og skal ekki þekja meira en 40% af gólffletinum. Ef ekki er hægt að nota upphækkað svæði vegna vísindalegra eða dýralæknisfræðilegra ástæðna skal aðhaldið vera 33% stærra fyrir eina kanínu og 60% stærra fyrir tvær kanínur. Þegar upphækkað svæði er til staðar fyrir kanínur undir 10 vikna aldri skal stærð þess vera a.m.k. 55 cm × 25 cm og hæð þess yfir gólfi skal vera slík að dýrið geti nýtt sér það.

Tafla 2.1.

Kanínur eldri en 10 vikna

Tafla 2.1. á bæði við um búr og stíur. Viðbótargólfrýmið skal vera að lágmarki 3000 cm^2 á hverja kanínu fyrir þriðju, fjórðu, fimmtu og sjöttu kanínuna og 2500 cm^2 skulu að lágmarki bætast við fyrir hverja kanínu umfram sex.

([10]) Tilskipun ráðsins nr. 98/58/EB frá 20. júlí 1998 um vernd dýra sem notuð eru í landbúnaði (Stjtíð. EB L 221, 8.8.1998, bls. 23).

Endanleg líkamsþyngd (kg)	Lágmarksgólfrými fyrir eitt eða tvö dýr sem kemur vel saman félagslega (cm^2)	Lágmarkshæð (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
minna en 3	3500	45	1. janúar 2017
frá 3 til 5	4200	45	
yfir 5	5400	60	

Tafla 2.2.

Kvendýr ásamt ungum

Þyngd kvendýrs (kg)	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Viðbótarrými fyrir gotkassa (cm^2)	Lágmarkshæð (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
minna en 3	3500	1000	45	1. janúar 2017
frá 3 til 5	4200	1200	45	
yfir 5	5400	1400	60	

Tafla 2.3.

Kanínur yngri en 10 vikna

Tafla 2.3. á bæði við um búr og stíur.

Aldur	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Lágmarksgólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Frá fráfærum til 7 vikna aldurs	4000	800	40	1. janúar 2017
Frá 7 til 10 vikna aldurs	4000	1200	40	

Tafla 2.4.

Kanínur: Ákjósanlegt stærðarmál fyrir upphækkuð svæði í aðhöldum með það stærðarmál sem tilgreint er í töflu 2.1.

Aldur í vikum	Endanleg líkamsþyngd (kg)	Ákjósanleg stærð (cm × cm)	Ákjósanleg hæð frá gólfi aðhaldsins (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
yfir 10	minna en 3	55 × 25	25	1. janúar 2017
	frá 3 til 5	55 × 30	25	
	yfir 5	60 × 35	30	

3. Kettir

Ekki skal hýsa ketti einsamla lengur en í 24 klukkustundir í senn. Ketti, sem sýna endurtekið af sér árásargirni gagnvart öðrum köttum, skal einungis hýsa einsamla ef ekki finnst félagi fyrir þá sem þeim kemur vel saman við. Vakta skal merki um félagslega streitu hjá öllum einstaklingum sem eru hýstir í pörum eða hópum, a.m.k. vikulega. Hýsa má læður einsamlar ef þær eru með kettlinga yngri en fjögurra vikna eða eru á síðustu tveimur vikum meðgöngu.

Tafla 3.

Kettir

Lágmarkssvæði þar sem halda má læðu og kettlinga úr sama goti er rými fyrir einn kött, sem skal smám saman aukið þannig að við fjögurra mánaða aldur sé búið að setja kettlingana í nýtt rými sem er í samræmi við kröfur um stærð rýmis fyrir fullorðna ketti.

Ekki skal vera minna en 0,5 metrar á milli svæða til fóðrunar og svæða fyrir úrgangskassa og ekki skal víxla þeim.

	Gólf(*) (m^2)	Hillur (m^2)	Hæð (m)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Lágmarkssvæði fyrir eitt fullorðið dýr	1,5	0,5	2	1. janúar 2017
Fyrir hvert dýr til viðbótar skal bæta við	0,75	0,25	—	

(*) Gólfrými að hillum undanskildum.

4. Hundar

Þar sem mögulegt er skulu hundar hafa aðgang að útisvæði til að hreyfa sig. Ekki skal hýsa hunda einsamla lengur en í fjórar klukkustundir í senn.

Aðhaldið innandyra skal vera a.m.k. 50% af því lágmarkssvæði sem hundunum skal standa til boða, eins og tilgreint er í töflu 4.1.

Rýmin, sem eru tilgreind hér á eftir, eru byggð á kröfum fyrir bíkla en mjög stór kyn, s.s. Sankti-Bernharðshundar eða írskir úlfhundar, skulu fá umtalsvert meira rými en tilgreint er í töflu 4.1. Ákveða skal rými fyrir önnur kyn en rannsóknarstofubíkla í samráði við starfsmenn á sviði dýralækninga.

Tafla 4.1.

Hundar

Halda má hundum, sem eru hýstir saman í pörum eða hópum, aðskildum í sitt hvorum helmingnum af heildarrýminu (2 m^2 fyrir hund undir 20 kg, 4 m^2 fyrir hund yfir 20 kg) á meðan þeir eru notaðir í tilraunum eins og skilgreint er í þessari tilskipun, ef þessi aðskilnaður er nauðsynlegur í vísindaskyni. Ekki skal halda hundi á þennan hátt lengur en í fjórar klukkustundir í senn.

Tík með hvolpa á spena og hvolpar hennar skulu hafa sama rými til umráða og ein tík af sömu þyngd. Gotstían skal þannig hönnuð að tíkin geti farið yfir í annað hólf eða á upphækkað svæði sem hvolparnir hafa ekki aðgang að.

Þyngd (kg)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarksgólf rými fyrir eitt eða tvö dýr (m^2)	Fyrir hvert dýr til viðbótar skal bæta við að lágmarki (m^2)	Lágmarkshæð (m)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
allt að 20	4	4	2	2	1. janúar 2017
yfir 20	8	8	4	2	

Tafla 4.2.

Hundar — búið að venja undan

Þyngd hunds (kg)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarksgólfrými á hvert dýr (m^2)	Lágmarkshæð (m)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
allt að 5	4	0,5	2	1. janúar 2017
yfir 5 og allt að 10	4	1,0	2	
yfir 10 og allt að 15	4	1,5	2	
yfir 15 og allt að 20	4	2	2	
yfir 20	8	4	2	

5. Frettur

Tafla 5.

Frettur

	Lágmarksstærð aðhalds (cm^2)	Lágmarksgólfrými á hvert dýr (cm^2)	Lágmarkshæð (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Dýr allt að 600 g	4500	1500	50	1. janúar 2017
Dýr yfir 600 g	4500	3000	50	
Fullorðin karldýr	6000	6000	50	
Kvendýr og ungar	5400	5400	50	

6. Prímatar sem ekki eru af ættkvísl manna

Ekki skal aðskilja unga prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, frá mæðrum sínum fyrr en þeir eru 6 til 12 mánaða gamlir, eftir því um hvaða tegund er að ræða.

Umhverfið skal vera þannig að prímötunum, sem ekki eru af ættkvísl manna, sé kleift stunda flóknar athafnir á hverjum degi. Aðhaldið skal vera þannig gert að prímatarnir, sem ekki eru af ættkvísl manna, geti viðhaft eins fjölbreytt atferlismunstur og mögulegt er, veita þeim öryggiskennd og hæfilega margbreytilegt umhverfi til að dýrið geti hlaupið, gengið, klifrað og stokkið.

Tafla 6.1.

Silkiapar og skeggapar

	Lágmarksstærð gólfrýmis í aðhöldum fyrir 1(*) eða 2 dýr og afkvæmi, allt að 5 mánaða aldri (m^2)	Lágmarksrúmmál fyrir hvert dýr til viðbótar, eldra en 5 mánaða (m^3)	Lágmarkshæð aðhalds (m)(**)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Silkiapar	0,5	0,2	1,5	1. janúar 2017
Skeggapar	1,5	0,2	1,5	

(*) Dýrum skal einungis haldið einsömlum í undantekningartilvikum.
(**) Efri mörk aðhaldsins skulu vera a.m.k. 1,8 m frá gólfi.

Ekki skal aðskilja silkiapa og skeggapa frá mæðrum sínum fyrir 8 mánaða aldur.

Tafla 6.2.

Íkornapar

Lágmarksgólfrými fyrir 1(*) eða 2 dýr (m^2)	Lágmarksrúmmál fyrir hvert dýr til viðbótar, eldra en 6 mánaða (m^3)	Lágmarkshæð aðhalds (m)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
2,0	0,5	1,8	1. janúar 2017

(*) Dýrum skal einungis haldið einsömlum í undantekningartilvikum.

Ekki skal aðskilja íkornapa frá mæðrum sínum fyrir 6 mánaða aldur.

Tafla 6.3.

Makakíapar og markettir(*)

	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarks-rúmmál aðhalds (m^3)	Lágmarksrúm-mál á hvert dýr (m^3)	Lágmarkshæð aðhalds (m)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Dýr yngri en 3 ára(**)	2,0	3,6	1,0	1,8	1. janúar 2017
Dýr 3 ára og eldri (***)	2,0	3,6	1,8	1,8	
Dýr sem eru haldin til undaneldis(****)			3,5	2,0	

(*) Dýrum skal einungis haldið einsömlum í undantekningartilvikum.
(**) Halda má allt að þrjú dýr í aðhaldi af lágmarksstærð.
(***) Halda má allt að tvö dýr í aðhaldi af lágmarksstærð.
(****) Í ræktunarsambúum þarf ekki viðbótarrými/-rúmmál fyrir ung dýr allt að tveggja ára aldri sem eru hýst með mæðrum sínum.

Ekki skal aðskilja makakíapa og marketti frá mæðrum sínum fyrir 8 mánaða aldur.

Tafla 6.4.

Bavíanar(*)

	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarks-rúmmál aðhalds (m^3)	Lágmarksrúm-mál á hvert dýr (m^3)	Lágmarkshæð aðhalds (m)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Dýr yngri en 4 ára(**)	4,0	7,2	3,0	1,8	1. janúar 2017
Dýr 4 ára og eldri (**)	7,0	12,6	6,0	1,8	
Dýr sem eru haldin til undaneldis(***)			12,0	2,0	

(*) Dýrum skal einungis haldið einsömlum í undantekningartilvikum.
(**) Halda má allt að tvö dýr í aðhaldi af lágmarksstærð.
(***) Í ræktunarsambúum þarf ekki viðbótarrými/-rúmmál fyrir ung dýr allt að tveggja ára aldri sem eru hýst með mæðrum sínum.

Ekki skal aðskilja bavíana frá mæðrum sínum fyrir 8 mánaða aldur.

7. Húsdýr

Meðan á landbúnaðarrannsóknum stendur, þegar markmið verkefnisins er þannig að halda þarf dýrin við svipaðar aðstæður og húsdýr sem verslað er með, skal dýrahaldið a.m.k. fylgja stöðlunum sem mælt er fyrir um í tilskipunum 98/58/EB, 91/629/EBE([11]) og 91/630/EBE([12]).

([11]) Tilskipun ráðsins 91/629/EBE frá 19. nóvember 1991 þar sem mælt er fyrir um lágmarksdýraverndarkröfur fyrir kálfa (Stjtíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 28).
([12]) Tilskipun ráðsins 91/630/EBE frá 19. nóvember 1991 þar sem mælt er fyrir um lágmarksdýraverndarkröfur fyrir svín (Stjtíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 33).

Tafla 7.1.

Nautgripir

Líkamsþyngd (kg)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarksgólfrými á hvert dýr (m^2/dýr)	Jöturými fyrir hornstýfða nautgripi sem ganga í fóður að vild (m/dýr)	Jöturými fyrir hornstýfða nautgripi sem fá takmarkaða fóðrun (m/dýr)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 100	2,50	2,30	0,10	0,30	1. janúar 2017
yfir 100 og allt að 200	4,25	3,40	0,15	0,50	
yfir 200 og allt að 400	6,00	4,80	0,18	0,60	
yfir 400 og allt að 600	9,00	7,50	0,21	0,70	
yfir 600 og allt að 800	11,00	8,75	0,24	0,80	
yfir 800	16,00	10,00	0,30	1,00	

Tafla 7.2.

Sauðfé og geitur

Líkamsþyngd (kg)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarksgólfrými á hvert dýr (m^2/dýr)	Lágmarkshæð milliveggja (m)	Jöturými fyrir dýr sem ganga í fóður að vild (m/dýr)	Jöturými fyrir dýr sem fá takmarkaða fóðrun (m/dýr)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
minna en 20	1,0	0,7	1,0	0,10	0,25	1. janúar 2017
yfir 20 og allt að 35	1,5	1,0	1,2	0,10	0,30	
yfir 35 og allt að 60	2,0	1,5	1,2	0,12	0,40	
yfir 60	3,0	1,8	1,5	0,12	0,50	

Tafla 7.3.

Svín og dvergsvín

Lífþyngd (kg)	Lágmarksstærð aðhalds(*) (m^2)	Lágmarksgólfrými á hvert dýr (m^2/dýr)	Lágmarkssvæði sem hvert dýr hefur til að leggjast (við jafnhitaskilyrði (e. *thermoneutral conditions*) (m^2/dýr)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 5	2,0	0,20	0,10	1. janúar 2017
yfir 5 og allt að 10	2,0	0,25	0,11	
yfir 10 og allt að 20	2,0	0,35	0,18	
yfir 20 og allt að 30	2,0	0,50	0,24	
yfir 30 og allt að 50	2,0	0,70	0,33	
yfir 50 og allt að 70	3,0	0,80	0,41	
yfir 70 og allt að 100	3,0	1,00	0,53	

Lífþyngd (kg)	Lágmarksstærð aðhalds(*) (m^2)	Lágmarksgólfrými á hvert dýr (m^2/dýr)	Lágmarkssvæði sem hvert dýr hefur til að leggjast (við jafnhitaskilyrði (e. *thermoneutral conditions*) (m^2/dýr)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
yfir 100 og allt að 150	4,0	1,35	0,70	
yfir 150	5,0	2,50	0,95	
Fullorðnir (venjulegir) geltir	7,5		1,30	

(*) Loka má svín inni í minni aðhöldum í stuttan tíma, t.d. með því að stía niður meginrýmið með skilveggjum, þegar fyrir því eru dýralæknisfræðileg eða tilraunatengd rök, t.d. þegar þörf er fyrir einstaklingsbundna fóðurneyslu.

Tafla 7.4.

Dýr af hestaætt

Stysta hliðin skal vera að lágmarki 1,5 sinnum hæð dýrsins, mælt á herðakambinn. Hæð aðhalda innanhúss skal vera nægileg til að dýrið geti prjónað í fulla hæð.

Hæð á herðakamb (m)	Lágmarksgólfrými á hvert dýr (m^2/dýr)			Lágmarkshæð aðhalds (m)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
	Fyrir hvert dýr sem er haldið einsamalt eða í hóp með allt að þremur dýrum	Fyrir hvert dýr í hóp með fjórum eða fleiri dýrum	Stallur fyrir fylfulla hryssu/ hryssu með folald		
1,00 til 1,40	9,0	6,0	16	3,00	1. janúar 2017
yfir 1,40 og allt að 1,60	12,0	9,0	20	3,00	
yfir 1,60	16,0	$(2 \times HH)^2$ (*)	20	3,00	

(*) Til að tryggja að viðunandi rými sé í boði skal rými fyrir hvert einstakt dýr byggjast á hæð á herðakamb (HH).

8. Fuglar

Meðan á landbúnaðarrannsóknum stendur, þegar markmið verkefnisins er þannig að halda þarf dýrin við svipaðar aðstæður og húsdýr sem verslað er með, skal dýrahaldið a.m.k. fylgja stöðlunum sem mælt er fyrir um í tilskipunum 98/58/EB, 1999/74/EB([13]) og 2007/43/EB([14]).

Tafla 8.1.

Alifuglar

Þegar ekki er hægt að bjóða upp á þessar lágmarksstærðir aðhalda af vísindalegum ástæðum skal rannsakandi rökstyðja lengd innilokunarinnar í samráði við starfsmenn á sviði dýralækninga. Við slíkar aðstæður má hýsa fugla í minni aðhöldum sem innihalda viðeigandi styrkingu og 0,75 m^2 lágmarksgólfrými.

Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarkssvæði fyrir hvern fugl (m^2)	Lágmarkshæð (cm)	Lágmarkslengd fóðurtrogs fyrir hvern fugl (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 200	1,00	0.025	30	3	1. janúar 2017
yfir 200 og allt að 300	1,00	0,03	30	3	
yfir 300 og allt að 600	1,00	0,05	40	7	

([13]) Tilskipun ráðsins 1999/74/EB frá 19. júlí 1999 þar sem mælt er fyrir um lágmarksdýraverndarkröfur fyrir varphænur (Stjtíð. EB L 203, 3.8.1999, bls. 53).

([14]) Tilskipun ráðsins 2007/43/EB frá 28. júní 2007 um lágmarksreglur um vernd eldiskjúklinga (Stjtíð. ESB L 182, 12.7.2007, bls. 19).

Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarkssvæði fyrir hvern fugl (m^2)	Lágmarkshæð (cm)	Lágmarkslengd fóðurtrogs fyrir hvern fugl (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
yfir 600 og allt að 1200	2,00	0,09	50	15	
yfir 1200 og allt að 1800	2,00	0,11	75	15	
yfir 1800 og allt að 2400	2,00	0,13	75	15	
yfir 2400	2,00	0,21	75	15	

Tafla 8.2.

Alikalkúnar

Allar hliðar aðhaldsins skulu vera a.m.k. 1,5 m langar. Þegar ekki er hægt að bjóða upp á þessar lágmarksstærðir aðhalda af vísindalegum ástæðum skal rannsakandi rökstyðja lengd innilokunarinnar í samráði við starfsmenn á sviði dýralækninga. Við slíkar aðstæður má hýsa fugla í minni aðhöldum sem innihalda viðeigandi styrkingu og eru með 0,75 m^2 lágmarksgólfrými og 50 cm lágmarkshæð fyrir fugla undir 0,6 kg, 75 cm fyrir fugla undir 4 kg, og 100 cm fyrir fugla yfir 4 kg. Þessi aðhöld má nota til að hýsa litla hópa af fuglum í samræmi við það rými sem gefið er upp í töflu 8.2.

Líkamsþyngd (kg)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarkssvæði fyrir hvern fugl (m^2)	Lágmarkshæð (cm)	Lágmarkslengd fóðurtrogs fyrir hvern fugl (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 0,3	2,00	0,13	50	3	1. janúar 2017
yfir 0,3 og allt að 0,6	2,00	0,17	50	7	
yfir 0,6 og allt að 1	2,00	0,30	100	15	
yfir 1 og allt að 4	2,00	0,35	100	15	
yfir 4 og allt að 8	2,00	0,40	100	15	
yfir 8 og allt að 12	2,00	0,50	150	20	
yfir 12 og allt að 16	2,00	0,55	150	20	
yfir 16 og allt að 20	2,00	0,60	150	20	
yfir 20	3,00	1,00	150	20	

Tafla 8.3.

Kornhænur

Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Svæði á hvern fugl þegar þeir hýstir í pörum (m^2)	Svæði á hvern fugl til viðbótar þegar þeir eru hýstir í hópum (m^2)	Lágmarkshæð (cm)	Lágmarkslengd trogs fyrir hvern fugl (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 150	1,00	0,5	0,10	20	4	1. janúar 2017
Yfir 150	1,00	0,6	0,15	30	4	

Tafla 8.4.

Endur og gæsir

Þegar ekki er hægt að bjóða upp á þessar lágmarksstærðir aðhalda af vísindalegum ástæðum skal rannsakandi rökstyðja lengd innilokunarinnar í samráði við starfsmenn á sviði dýralækninga. Við slíkar aðstæður má hýsa fugla í minni aðhöldum sem innihalda viðeigandi styrkingu og 0,75 m^2 lágmarksgólfrými. Þessi aðhöld má nota til að hýsa litla hópa af fuglum í samræmi við það rými sem gefið er upp í töflu 8.4.

Líkamsþyngd (g)	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Svæði á hvern fugl (m^2)(*)	Lágmarkshæð (cm)	Lágmarkslengd fóðurtrogs fyrir hvern fugl (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Endur					1. janúar 2017
Allt að 300	2,00	0,10	50	10	
Yfir 300 og allt að 1 200(**)	2,00	0,20	200	10	
Yfir 1 200 og allt að 3 500	2,00	0,25	200	15	
Yfir 3500	2,00	0,50	200	15	
Gæsir					
Allt að 500	2,00	0,20	200	10	
Yfir 500 og allt að 2 000	2,00	0,33	200	15	
Yfir 2000	2,00	0,50	200	15	

(*) Þar með talið skal vera tjörn af lágmarksstærðinni 0,5 m2 fyrir hverja 2 m2 af aðhaldi með lágmarksdýptina 30 cm. Tjörnin má nema allt að 50% af lágmarksstærð aðhaldsins.
(**) Halda má fugla, sem ekki eru orðnir fleygir, í aðhöldum með 75 cm lágmarkshæð.

Tafla 8.5.

Endur og gæsir: Lágmarksstærðir tjarna(*)

	Svæði (m^2)	Dýpt (cm)
Endur	0,5	30
Gæsir	0,5	frá 10 til 30

(*) Stærð tjarnar er á hverja 2 m2 af aðhaldi. Tjörnin má nema allt að 50% af lágmarksstærð aðhaldsins.

Tafla 8.6.

Dúfur

Aðhöldin skulu vera löng og mjó (t.d. 2 × 1 m) frekar en ferhyrnd, til að fuglarnir geti flogið stuttar flugferðir.

Stærð hóps	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarkshæð (cm)	Lágmarkslengd fóðurtrogs fyrir hvern fugl (cm)	Lágmarkslengd fuglapriks fyrir hvern fugl (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 6	2	200	5	30	1. janúar 2017

Stærð hóps	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarkshæð (cm)	Lágmarkslengd fóðurtrogs fyrir hvern fugl (cm)	Lágmarkslengd fuglapriks fyrir hvern fugl (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
frá 7 til 12	3	200	5	30	
fyrir hvern fugl til viðbótar umfram 12	0,15		5	30	

Tafla 8.7.

Sebrafinkur

Aðhöldin skulu vera löng og mjó (t.d. 2 × 1 m) til að fuglarnir geti flogið stuttar flugferðir. Í kynbótarannsóknum má hýsa pör í minni aðhöldum sem innihalda viðeigandi styrkingu og eru með 0,5 m^2 lágmarksgólfrými og 40 cm lágmarkshæð. Rannsakandi skal rökstyðja lengd innilokunarinnar í samráði við starfsmenn á sviði dýralækninga.

Stærð hóps	Lágmarksstærð aðhalds (m^2)	Lágmarkshæð (cm)	Lágmarksfjöldi fóðurgjafa	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 6	1,0	100	2	1. janúar 2017
7 til 12	1,5	200	2	
13 til 20	2,0	200	3	
fyrir hvern fugl til viðbótar umfram 20	0,05		1 á hverja 6 fugla	

9. Froskdýr

Tafla 9.1.

Vatnasalamöndrur

Bollengd(*) (cm)	Lágmarksyfirborðsflötur vatns (cm^2)	Lágmarksyfirborðs-flötur vatns fyrir hvert dýr til viðbótar í hóprými (cm^2)	Lágmarksdýpt vatns (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 10	262,5	50	13	1. janúar 2017
yfir 10 og allt að 15	525	110	13	
yfir 15 og allt að 20	875	200	15	
yfir 20 og allt að 30	1837,5	440	15	
Yfir 30	3150	800	20	

(*) Mælt frá trýni að þarfagangi.

Tafla 9.2.

Vatnafroskar og -körtur(*)

Bollengd(**) (cm)	Lágmarksyfirborðs-flötur vatns (cm^2)	Lágmarksyfirborðsflötur vatns fyrir hvert dýr til viðbótar í hóprými (cm^2)	Lágmarksdýpt vatns (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Undir 6	160	40	6	1. janúar 2017
frá 6 til 9	300	75	8	

Bollengd(**) (cm)	Lágmarksyfirborðs-flötur vatns (cm^2)	Lágmarksyfirborðsflötur vatns fyrir hvert dýr til viðbótar í hóprými (cm^2)	Lágmarksdýpt vatns (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
yfir 9 og allt að 12	600	150	10	
yfir 12	920	230	12,5	

(*) Þessi skilyrði eiga við um tanka (þ.e. þar sem dýrin eru haldin) en ekki tanka sem notaðir eru til náttúrulegrar mökunar og myndunar fleiri eggja en vant er samtímis til að auka skilvirkni, því að smærri tanka þarf fyrir síðarnefndu tilraunirnar. Kröfur um rými eru fyrir fullorðin dýr í tilgreindum stærðarflokkum; ung dýr og halakörtur skulu annað hvort aðskilin eða stærðarmálum breytt samkvæmt kvörðunarreglunni.
(**) Mælt frá trýni að þarfagangi.

Tafla 9.3.

Froskar og körtur sem lifa í vatni en þurfa aðgang að þurru landi

Bollengd(*) (cm)	Lágmarksstærð aðhalds(**) (cm^2)	Lágmarkssvæði fyrir hvert dýr til viðbótar í hóprými (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds(***) (cm)	Lágmarksdýpt vatns (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 5,0	1500	200	20	10	1. janúar 2017
yfir 5,0 og allt að 7,5	3500	500	30	10	
Yfir 7,5	4000	700	30	15	

(*) Mælt frá trýni að þarfagangi.
(**) Skipting í einn þriðjung lands og tvo þriðjunga vatns sem nægja til að dýrin geti farið í kaf.
(***) Mælt frá yfirborði landhlutans upp að innri hluta efri marka landdýrabúrsins; enn fremur skal laga hæð aðhaldsins að hönnun innra rýmisins.

Tafla 9.4.

Froskar og körtur sem lifa á landi en þurfa aðgang að vatni

Bollengd(*) (cm)	Lágmarksstærð aðhalds(*) (cm^2)	Lágmarkssvæði fyrir hvert dýr til viðbótar í hóprými (cm^2)	Lágmarkshæð aðhalds(***) (cm)	Lágmarksdýpt vatns (cm)	Dagsetning sem um getur í 2. mgr. 33. gr.
Allt að 5,0	1500	200	20	10	1. janúar 2017
yfir 5,0 og allt að 7,5	3500	500	30	10	
yfir 7,5	4000	700	30	15	
1) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er kveðið á um að stjórnendum matvælafyrirtækja beri að uppfylla almennar kröfur um hollustuhætti, sem eru settar fram í IV. kafla II. viðauka við þá reglugerð, við flutninga á matvælum. Í 4. lið þess kafla er gerð krafa um að flytja skuli matvæli í lausu, fljótandi eða kornuðu formi eða duftformi í tönkum og/eða gámum/geymum sem eru eingöngu notaðir til að flytja matvæli. Sú krafa er hins vegar óraunhæf og er óþarflega íþyngjandi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja þegar henni er beitt gagnvart flutningi með hafskipum á fljótandi olíum og fitu sem eru ætlaðar eða líklegt er að verði notaðar til manneldis. Auk þess er ekki nægilegt framboð af hafskipum, sem eru einvörðungu ætluð til matvælaflutninga, til að fullnægja eftirspurn í reglubundinni verslun með slíkar olíur og fitu.

2) Ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/3/EB([2]) heimila sjóflutninga á fljótandi olíum og fitu í tönkum, sem hafa verið notaðir áður til flutninga á efnunum sem eru talin upp í viðaukanum við þá tilskipun, með fyrirvara um tiltekin skilyrði sem tryggja lýðheilsuvernd og öryggi og heilnæmi þeirra matvæla sem um ræðir.

3) Í ljósi umræðunnar í Alþjóðamatvælaskránni, sem leiddi til samþykktar á viðmiðunum sem nota skal til að ákvarða hvort fyrri farmur af fljótandi olíum til manneldis og fitu, sem er fluttur á sjó, sé tækur([3]) og að ósk framkvæmdastjórnarinnar lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat á viðmiðanirnar fyrir tækileika fyrri farms að því er varðar fitu og olíur til manneldis og samþykkti vísindalegt álit um endurskoðun á viðmiðunum fyrir tækan fyrri farm að því er varðar fitu og olíur til manneldis([4]).

4) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar lagði Matvælaöryggisstofnunin einnig mat á skrá yfir efni með tilliti til þessara viðmiðana. Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt nokkur vísindaleg álit um mat á tækileika efnanna sem fyrri farms að því er varðar fitu og olíur til manneldis([5])([6])([7])([8]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 29.5.2014, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/3/EB frá 26. janúar 1996 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/43/EBE um hollustuhætti í matvælaiðnaði vegna flutninga á fljótandi olíum og fitu í lausri vigt á sjó (Stjtíð. EB L 21, 27.1.1996, bls. 42).

([3]) Sameiginleg áætlun matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaskrárráðið, þrítugasti og fjórði fundur, Alþjóðleg ráðstefnumiðstöð, Genf, Sviss, 4.–9. júlí 2011, REP11/CAC, 45.–47. liður.

([4]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndarinnar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um endurskoðun á viðmiðunum fyrir tækan fyrri farm að því er varðar fitu og olíur til manneldis *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 1110, 1–21.

([5]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM); „Scientific Opinion on the evaluation of substances as acceptable previous cargoes for edible fats and oils“ (Vísindalegt álit um mat á efnum sem tækur fyrri farmur að því er varðar fitu og olíur til manneldis). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009 7(11), 1391.

([6]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM); „Scientific Opinion on the evaluation of the substances currently on the list in the Annex to Commission Directive 96/3/EC as acceptable previous cargoes for edible fats and oils, Part I of III.“ (Vísindalegt álit um mat á efnum, sem eru sem stendur í skránni í viðaukanum við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/3/EB, sem tækur fyrri farmur að því er varðar fitu og olíur til manneldis, I. hluti af III.). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(12), 2482.

([7]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM); „Scientific Opinion on the evaluation of the substances currently on the list in the Annex to Commission Directive 96/3/EC as acceptable previous cargoes for edible fats and oils, Part II of III.“ (Vísindalegt álit um mat á efnum, sem eru sem stendur í skránni í viðaukanum við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/3/EB, sem tækur fyrri farmur að því er varðar fitu og olíur til manneldis, II. hluti af III.). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2703.

([8]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM); „Scientific Opinion on the evaluation of the substances currently on the list in the Annex to Commission Directive 96/3/EC as acceptable previous cargoes for edible fats and oils, Part III of III.“ (Vísindalegt álit um mat á efnum, sem eru sem stendur í skránni í viðaukanum við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/3/EB, sem tækur fyrri farmur að því er varðar fitu og olíur til manneldis, III. hluti af III.). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(12), 2984.

5) Til glöggvunar á löggjöf Sambandsins og til að taka tillit til niðurstaða úr vísindalegum álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að fella tilskipun 96/3/EB úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Undanþága

Þrátt fyrir 4. lið IV. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 má flytja fljótandi olíur eða fitu sem eru ætlaðar eða líklegt er að verði notaðar til manneldis („olíur eða fita“) með hafskipum sem eru ekki einvörðungu ætluð til flutninga á matvælum með fyrirvara um að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. þessarar reglugerð, séu uppfyllt.

2. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Farmurinn sem var fluttur á undan olíunum og fitunni í sama búnaði í hafskipi (hér á eftir nefndur „fyrri farmur“) skal samanstanda af efni eða blöndum efna sem eru skráðar í viðaukann við þessa reglugerð.

2. Flutningar með hafskipum á fljótandi olíum og fitu í lausri vigt, sem vinna á frekar, skulu leyfðir í tönkum sem ekki eru einvörðungu ætlaðir til flutninga á matvælum, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) ef olíurnar eða fitan er flutt í tanki úr ryðfríu stáli eða tanki sem er klæddur að innan með epoxýresíni eða efni, sem er tæknilega sambærilegt, skal sá farmur, sem var fluttur í honum næst á undan, hafa verið:

   i. matvæli, eða

   ii. farmur úr skránni yfir tækan fyrri farm sem er að finna í viðaukanum,

eða

b) ef olían eða fitan er flutt í tanki úr öðrum efnum en þeim sem um getur í a-lið skal sá farmur, sem var fluttur í tönkunum þrjú næstu skipti á undan, hafa verið:

   i. matvæli, eða

   ii. farmur úr skránni yfir tækan fyrri farm sem er að finna í viðaukanum.

3. Flutningar með hafskipum á fljótandi olíum og fitu í lausri vigt, sem ekki á að vinna frekar, skulu leyfðir í tönkum sem ekki eru einvörðungu ætlaðir til flutninga á matvælum, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) tankurinn skal vera:

   i. úr ryðfríu stáli, eða

   ii. klæddur að innan með epoxýresíni eða efni, sem er tæknilega sambærilegt,

og

b) sá farmur, sem var fluttur í tönkunum þrjú næstu skipti á undan, skal hafa verið matvæli.

3. gr.

Skráahald

1. Skipstjóri á hafskipi sem flytur í tönkum olíur og fitu í lausri vigt skal hafa undir höndum nákvæm skrifleg sönnunargögn um þann farm, sem var fluttur í viðkomandi tönkum þrjú næstu skipti á undan, og skilvirkni þeirra hreinsunaraðgerða sem fóru fram milli þessara farmflutninga.

2. Hafi farmi verið umskipað skal skipstjórinn á móttökuskipinu hafa undir höndum, til viðbótar við skriflegu sönnunargögnin sem krafist er í 1. mgr., nákvæm skrifleg sönnunargögn þess efnis að flutningur á fljótandi olíum og fitu í lausri vigt hafi verið í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. gr. meðan á fyrri flutningi stóð og um skilvirkni hreinsunaraðgerða sem var beitt milli þessara farma á hinu skipinu.

3. Ef óskað er eftir því skal skipstjóri hafskipsins láta lögbæru yfirvaldi í té skriflegu sönnunargögnin sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

4. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 96/3/EB er felld úr gildi.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR TÆKAN FYRRI FARM

Efni (samheiti)	CAS-nr.
Ediksýra (etanólsýra, ediksýra, metankarboxýlsýra)	64-19-7
Ediksýruanhýdríð (etanhýdríð)	108-24-7
Aseton (dímetýlketón, 2-própanón)	67-64-1
Súrar olíur og fitusýrueimi — úr jurtaolíum og -fitu og/eða blöndum úr þeim, og úr fitu og olíum úr dýrum og sjávardýrum.	—
Ammóníumhýdroxíð (ammóníumhýdrat, ammoníakslausn, ammoníaksvatn)	1336-21-6
Ammóníumfjölfosfat	68333-79-9 og 10124-31-9
Olíur og fita úr dýrum og sjávardýrum, jurtaolíur og -fita og hertar olíur og fita samkvæmt sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.2/umburðarbréf.	—
Bensýlalkóhól (einungis af lyfja- og prófunarhreinleika)	100-51-6
N-bútýlasetat	123-86-4
Sekbútýlasetat	105-46-4
Tertbútýlasetat	540-88-5
Ammóníumnítratlausn	6484-52-2
Kalsíumnítratlausn (CN-9) og tvísalt hennar $NH_4NO_3.5Ca(NO_3)2.10H_2O$, sem kallast „saltpéturssýra, ammóníumkalsíumsalt“	35054-52-5
Kalsíumklóríðlausn	10043-52-4
Sýklóhexan (hexametýlen, hexanaften, hexahýdróbensen)	110-82-7
Epoxuð sojabaunaolía (innihald oxíransúrefnis a.m.k. 7% en mest 8%)	8013-07-8
Etanól (etýlalkóhól)	64-17-5
Etýlasetat (ediksýrueter, ediksýruestri, ediksnafta)	141-78-6
2-etýlhexanól (2-etýlhexýlalkóhól)	104-76-7
Fitusýrur	
Arakínsýra (eikósansýra)	506-30-9
Behensýra (dókósansýra)	112-85-6
Smjörsýra (n-smjörsýra, bútansýra, etýlediksýra, própýlmaurasýra)	107-92-6
Kaprínsýra (n-dekansýra)	334-48-5
Kaprónsýra (n-hexansýra)	142-62-1
Kaprýlsýra (n-oktansýra)	124-07-2
Erúkasýra (cis-13-dókósensýra)	112-86-7
Heptansýra (n-heptansýra)	111-14-8
Lárínsýra (n-dódekansýra)	143-07-7
Lárólsýra (dedekensýra)	4998-71-4

Efni (samheiti)	CAS-nr.
Línólsýra (9,12-oktadekadíensýra)	60-33-3
Línólensýra (9,12,15-oktadekatríensýra)	463-40-1
Mýristínsýra (n-tetradekansýra)	544-63-8
Mýristólsýra (n-tetradekensýra)	544-64-9
Olíusýra (n-oktadekensýra)	112-80-1
Palmitínsýra (n-hexadekansýra)	57-10-3
Palmitólsýra (cis-9-hexadekensýra)	373-49-9
Pelargónsýra (n-nónansýra)	112-05-0
Rísínólsýra (cis-12-hýdroxýoktadek-9-ensýra, laxerolíusýra)	141-22-0
Sterínsýra (n-oktadekansýra)	57-11-4
Valerínsýra (n-pentansýra, valerínsýra)	109-52-4
Fitusýruestrar — allir estrar myndaðir með samsetningu tilgreindra fitusýra og einhvers af tilgreindum fitualkóhólum sem og metanóli og etanóli. Sem dæmi má nefna	
Bútýlmýristat	110-36-1
Setýlsterat	110-63-2
Óleýlpalmítat	2906-55-0
Metýllárat (metýldódekanóat)	111-82-0
Metýlóleat (metýloktadekenóat)	112-62-9
Metýlpalmítat (metýlhexadekanóat)	112-39-0
Metýlsterat (metýloktadekanóat)	112-61-8
Fitualkóhól	
Bútýlalkóhól (1-bútanól, smjörsýra)	71-36-3
Kapróýlalkóhól (1-hexanól, hexýlalkóhól)	111-27-3
Kaprýlalkóhól (1-n-oktanól, heptýlkarbínól)	111-87-5
Setýlalkóhól (C-16 alkóhól, 1-hexadekanól, setýlalkóhól, palmitýlalkóhól, n-eingreint hexadekýlalkóhól)	36653-82-4
Dekýlalkóhól (1-dekanól)	112-30-1
Enantýlalkóhól (1-heptanól, heptýlalkóhól)	111-70-6
Lárýlalkóhól (n-dódekanól, dódekýlalkóhól)	112-53-8
Mýristýlalkóhól (1-tetradekanól, tetradekanól)	112-72-1
Nónýlalkóhól (1-nónanól, pelargónalkóhól, oktýlkarbínól)	143-08-8
Óleýlalkóhól (oktadekenól)	143-28-2
Sterýlalkóhól (1-oktadekanól)	112-92-5
Trídekýlalkóhól (1-trídekanól)	112-70-9
Fitualkóhólblöndur	
Lárýlmýristýlalkóhól (C12–C15 blanda)	
Setýlsterýlalkóhól (C16–C18 blanda)	
Maurasýra (metansýra, vetniskarboxýlsýra)	64-18-6
Frúktósi	57-48-7 og 30237-26-4
Glýseról (glýserín, glýserín, própan-1,2,3-tríól)	56-81-5

Efni (samheiti)	CAS-nr.
Glýkól	
1,3-bútandíól (1,3-bútýlenglýkól)	107-88-0
1,4-bútandíól (1,4-bútýlenglýkól)	110-63-4
Heptan (af verslunarhreinleika (e. *commercial grade*))	142-82-5
Hexan (af tæknilegum hreinleika)	110-54-3 og 64742-49-0
Vetnisperoxíð	7722-84-1
Ísóbútanól (2-metýl-1-própanól)	78-83-1
Ísóbútýlasetat (2-metýlpropýlasetat)	110-19-0
Ísódekanól (ísódekýlalkóhól)	25339-17-7
Ísónónanól (ísónónýlalkóhól)	27458-94-2
Ísóoktanól (ísóoktýlalkóhól)	26952-21-6
Ísóprópanól (própan-2-ól, ísóprópýlalkóhól, IPA)	67-63-0
Kaólíngrugglausn	1332-58-7
Límónen (dípenten)	138-86-3
Magnesíumklóríðlausn	7786-30-3
Metanól (metýlalkóhól)	67-56-1
Metýletýlketón (2-bútanon)	78-93-3
Metýlísóbútýlketón (4-metýl-2-pentanón)	108-10-1
Metýltertíerbútýleter (MBTE)	1634-04-4
Melassi sem hefur verið framleiddur í hefðbundinni iðnaðarvinnslu á sykri með notkun á sykurreyr, sykurrófum, sítrusávöxtum eða dúrru	—
Parrafínvax (af matvælahreinleika)	8002-74-2 og 63231-60-7
Pentan	109-66-0
Fosfórsýra (ortófosfórsýra)	7664-38-2
Pólýprópýlenglýkól (mólþyngd yfir 400)	25322-69-4
Drykkjarhæft vatn	7732-18-5
Kalíumhýdroxíðlausn (basísk pottaska)	1310-58-3
N-própýlasetat	109-60-4
Própýlalkóhól (própan-1-ól, 1-própanól)	71-23-8
Própýlenglýkól (1,2-própýlenglýkól, própan-1,2-díól, 1,2-díhýdroxýpropan, mónóprópýlenglýkól (MPG), metýlglýkól)	57-55-6
1,3-própandíól (1,3-própýlenglýkól, trímetýlenglýkól)	504-63-2
Própýlenfjórliða	6842-15-5

Efni (samheiti)	CAS-nr.
Natríumhýdroxíðlausn (vítissódi, lútur)	1310-73-2
Natríumsílíkatlausn (vatnsgler)	8.9.1344
Sorbítóllausn (d-sorbítól, sexgilt alkóhól, d-sorbít)	50-70-4
Brennisteinssýra	7664-93-9
Óaðgreindar fitusýrur úr jurtaolíum og -fitu, olíum og fitu úr sjávardýrum og dýrum og/eða blöndum þeirra, að því tilskildu að uppruni þeirra sé fita eða olíur til manneldis.	—
Óaðgreind fitualkóhól úr jurtaolíum og -fitu, olíum og fitu úr sjávardýrum og dýrum og/eða blöndum þeirra, að því tilskildu að uppruni þeirra sé fita eða olíur til manneldis.	—
Óaðgreindir fituesterar úr jurtaolíum og -fitu, olíum og fitu úr sjávardýrum og dýrum og/eða blöndum þeirra, að því tilskildu að uppruni þeirra sé fita eða olíur til manneldis.	—
Úreaammóníumnítratlausn (UAN)	—
Hvítolíur	8042-47-5

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 519/2014 2015/EES/8/19

frá 16. maí 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 401/2006 að því er varðar aðferðir við sýnatöku úr stórum framleiðslueiningum, kryddi og fæðubótarefnum, nothæfisviðmiðanir fyrir eiturefnin T-2 og HT-2 og sítrínín og skimunaraðferðir við greiningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]), einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([2]) er kveðið á um hámarksgildi fyrir tiltekin sveppaeitur í tilteknum matvælum.

2) Nákvæmni mælinga á innihaldi sveppaeiturs ræðst einkum af sýnatökunni því að dreifing sveppaeiturs er misleit í hverri framleiðslueiningu. Nauðsynlegt er því að setja viðmiðanir sem sýnatökuaðferðirnar skulu uppfylla.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006([3]) er kveðið á um viðmiðanir vegna sýnatöku í tengslum við eftirlit með innihaldi sveppaeiturs.

4) Nauðsynlegt er að breyta reglum varðandi sýnatöku úr kryddi til að taka tillit til mismunandi kornastærðar sem veldur misleitri dreifingu mengunar af völdum sveppaeiturs í kryddi. Ennfremur er rétt að koma á reglum fyrir sýnatöku úr stórum framleiðslueiningum til að tryggja samræmda nálgun við framkvæmd innan Sambandsins. Einnig er rétt að skýra hvaða sýnatökuaðferð eigi að beita við sýnatöku úr eplasafa.

5) Nauðsynlegt er að uppfæra nothæfnisviðmiðanir að því er varðar eiturefnin T-2 og HT-2 til að taka tillit til þróunar á sviði vísinda og tækni. Koma þarf á nothæfisviðmiðun fyrir sítrínín með tilliti til gildandi hámarksgildis fyrir sítrínín í fæðubótarefnum sem eru að stofni til úr hrísgrjónum gerjuðum með rauðu geri (*Monascus purpureus*).

6) Aukning er á notkun skimunaraðferða við greiningu á sveppaeitri. Í eftirlitsskyni er rétt að koma á fót viðmiðunum sem skimunaraðferðirnar verða að vera í samræmi við.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 401/2006 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) Í stað 1. neðanmálsgreinar í B-hluta komi eftirfarandi:

      „1) Sýnataka úr slíkum framleiðslueiningum skal fara fram samkvæmt reglunum sem eru settar fram í L-hluta. Leiðbeiningar fyrir sýnatöku úr stórum framleiðslueiningum verða settar fram í leiðbeiningarskjali sem er tiltækt á eftirfarandi vefsetri: http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/guidance-sampling-final.pdf

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum (Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12).

Beiting reglna um sýnatöku í samræmi við EN ISO 24333:2009 eða sýnatökureglu 124 frá Korn og fóðurverslunarsamtökunum (GAFTA), sem stjórnendur matvælafyrirtækja nota til að tryggja samræmi við ákvæði í löggjöf, er jafngild reglunum um sýnatöku sem eru settar fram í L-hluta.

Við sýnatöku úr framleiðslueiningum í leit að eiturefnum sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* jafngildir beiting reglna um sýnatöku í samræmi við EN ISO 24333:2009 eða sýnatökureglu 124 frá Korn og fóðurverslunarsamtökunum, sem stjórnendur matvælafyrirtækja nota til að tryggja samræmi við ákvæði í löggjöf, reglunum um sýnatöku sem eru settar fram í B-hluta.“

b) Í stað töflu 1 í hluta B.2 komi eftirfarandi tafla:

„Tafla 1

Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurðum og þyngd framleiðslueininga

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýnis (kg)
Korn og kornafurðir	> 300 og < 1500	3 framleiðsluhlutar	100	10
	≥ 50 og ≤ 300	100 tonn	100	10
	< 50	—	3–100([1])	1–10

([1]) Ræðst af þyngd framleiðslueiningarinnar — sjá töflu 2.“

c) Í hluta B.3 bætist eftirfarandi málsliður aftan við fyrsta undirlið:

„Kveðið er á um fjölda hlutasýna fyrir framleiðslueiningar yfir 500 tonnum í hluta L.2 I. viðauka.“

d) Í hluta D.2 bætist eftirfarandi málsliður við á eftir fyrsta málslið:

„Þessi sýnatökuaðferð er einnig notuð við opinbert eftirlit með fastsettum hámarksgildum fyrir okratoxín A, aflatoxín B1 og heildarmagn aflatoxína í kryddum þar sem kornastærð er tiltölulega mikil (kornastærð sambærileg við jarðhnetur eða meiri, t.d. múskat).“

e) Í stað fyrsta málsliðar E-hluta komi eftirfarandi:

„Þessi sýnatökuaðferð er einnig notuð við opinbert eftirlit með fastsettum hámarksgildum fyrir okratoxín A, aflatoxín B1 og heildarmagn aflatoxína í kryddum nema þar sem kornastærð er tiltölulega mikil (misleit dreifing mengunar af völdum sveppaeiturs).“

f) Í stað fyrirsagnar og fyrsta málsliðar í I. hluta komi eftirfarandi:

„I. AÐFERÐ VIÐ SÝNATÖKU ÚR EPLAAFURÐUM Í FÖSTU FORMI

Þessi sýnatökuaðferð er notuð við opinbert eftirlit með fastsettum hámarksgildum fyrir patúlín í eplaafurðum í föstu formi, þ.m.t. eplaafurðum í föstu formi fyrir ungbörn og smábörn.“

g) Í annarri málsgrein hluta I.1 eru eftirfarandi málsliðir felldir á brott:

„Þegar um er að ræða vörur í vökvaformi skal hræra í allri framleiðslueiningunni eins vandlega og unnt er, annaðhvort handvirkt eða vélvirkt, rétt áður en sýni er tekið. Þá er hægt að gera ráð fyrir einsleitri dreifingu patúlíns í tiltekinni framleiðslueiningu. Því nægir að taka þrjú hlutasýni úr framleiðslueiningu til að fá safnsýni.“

h) Nýir L- og M-hlutar, eins og þeir eru settir fram í I. viðauka við þessa reglugerð, bætast við.

2) Í stað liða 4.2 „Almennar kröfur“, 4.3 „Sértækar kröfur“ og 4.4. „Mat á mælióvissu, útreikningur á endurheimt og greinargerð um niðurstöður“ í II. viðauka komi textinn sem settur er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

„L. AÐFERÐ VIÐ SÝNATÖKU ÚR MJÖG STÓRUM FRAMLEIÐSLUEININGUM EÐA FRAMLEIÐSLUEININGUM SEM ERU GEYMDAR EÐA FLUTTAR ÞANNIG AÐ SÝNATAKA ÚR ALLRI FRAMLEIÐSLUEININGUNNI ER ÓMÖGULEG

L.1. **Almennar meginreglur**

Ef flutnings- eða geymslumáti á framleiðslueiningu gerir ókleift að taka hlutasýni úr allri framleiðslueiningunni skal helst taka sýni úr slíkum framleiðslueiningum þegar framleiðslueiningin er á hreyfingu (sýnataka úr efni á hreyfingu).

Ef um er að ræða stórar vörugeymslur ætlaðar til geymslu á matvælum skal hvetja rekstraraðila til að setja upp búnað í vörugeymslunni sem gerir mögulegt að taka (sjálfvirkt) sýni úr allri framleiðslueiningunni sem geymd er.

Þegar sýnatökuaðferðum, sem kveðið er á um í þessum L-hluta, er beitt skal stjórnanda matvælafyrirtækis eða fulltrúa hans tilkynnt um sýnatökuaðferðina. Ef stjórnandi matvælafyrirtækis eða fulltrúi hans dregur þessa aðferð við sýnatöku í efa skal stjórnandi matvælafyrirtækis eða fulltrúi hans gera lögbæru yfirvaldi kleift að taka sýni úr allri framleiðslueiningunni á hans/hennar kostnað.

Heimilt er að taka sýni úr hluta framleiðslueiningarinnar með því skilyrði að stærð hlutans sem sýni er tekið úr sé a.m.k. 10% af framleiðslueiningunni sem sýni eru tekin úr. Ef sýnataka úr hluta framleiðslueiningar af matvælum í sama flokki eða með sömu lýsingu hefur farið fram og sá hluti framleiðslueiningarinnar hefur ekki reynst uppfylla kröfur Sambandsins skal gera ráð fyrir því að það eigi við um alla framleiðslueininguna, nema ef, að loknu ítarlegu mati, ekki koma fram neinar vísbendingar um að það sem eftir er af framleiðslueiningunni uppfylli ekki kröfur.

Viðkomandi ákvæði, s.s. þyngd hlutasýnisins, sem kveðið er á um í öðrum hlutum þessa viðauka gilda um sýnatöku úr mjög stórum framleiðslueiningum eða framleiðslueiningum sem eru geymdar eða fluttar þannig að sýnataka úr allri framleiðslueiningunni er ómöguleg.

L.2. **Fjöldi hlutasýna sem skal taka ef um er að ræða mjög stórar framleiðslueiningar**

Ef um er að ræða stórar vörueiningar (vörueiningar > 500 tonn) er fjöldi hlutasýna sem ber að taka = 100 hlutasýni + √ af tonnum. Ef framleiðslueiningin er hins vegar undir 1500 tonnum og hægt er að skipta henni í framleiðsluhluta í samræmi við töflu 1 í B-hluta, svo fremi að hægt sé að skilja framleiðsluhlutana í sundur, verður að taka þann fjölda hlutasýna sem kveðið er á um í B-hluta.

L.3. **Stórar framleiðslueiningar sem eru fluttar með skipi**

L.3.1. *Sýnataka úr efni á hreyfingu í stórum framleiðslueiningum sem eru fluttar með skipi*

Sýnataka úr stórum framleiðslueiningum í skipum skal helst framkvæmd á meðan varan er á hreyfingu (sýnataka úr efni á hreyfingu).

Taka skal sýni í hverri aðskilinni lest (eining sem hægt er að skilja í sundur). Lestir eru þó tæmdar að hluta til hver á eftir annarri, þannig að upphaflegur aðskilnaður er ekki lengur til staðar eftir flutning í geymsluaðstöðu. Því má framkvæma sýnatöku sem grundvallast á upphaflegum aðskilnaði eða aðskilnaði eftir flutning í geymsluaðstöðu.

Afferming skips getur tekið fleiri daga. Að staðaldri skal framkvæma sýnatöku með reglulegu millibili allan tímann á meðan á affermingu stendur. Hins vegar er ekki alltaf mögulegt eða viðeigandi að opinber skoðunarmaður sé viðstaddur sýnatöku allan tímann á meðan á affermingu stendur. Því er heimilt að framkvæma sýnatöku á hluta framleiðslueiningarinnar (vörueiningu). Fjöldi hlutasýna er ákvarðaður með tilliti til stærðar vörueiningarinnar.

Viðurvist skoðunarmanns er nauðsynleg jafnvel þó sýnið sé tekið sjálfvirkt. Ef sjálfvirka sýnatakan er hins vegar framkvæmd með fyrirfram ákveðnum mæliþáttum sem er ekki hægt að breyta á meðan á sýnatöku stendur, og hlutasýnum er safnað í innsigluð ílát, sem kemur í veg fyrir öll möguleg svik, er viðurvistar skoðunarmanns eingöngu krafist við upphaf sýnatöku, í hvert sinn þegar skipta þarf um ílát fyrir sýnin og í lok sýnatöku.

L.3.2. *Sýnataka úr framleiðslueiningum, sem eru fluttar með skipi, með sýnatöku úr efni í kyrrstöðu*

Ef sýnin eru tekin úr efni í kyrrstöðu skal beita sömu aðferð og mælt er fyrir um varðandi geymsluaðstöðu (síló) sem er aðgengileg að ofan (sjá lið L.5.1).

Sýnataka skal framkvæmd úr aðgengilegum hluta (að ofan) framleiðslueiningarinnar/lestarinnar. Fjöldi hlutasýna er ákvarðaður með tilliti til stærðar vörueiningarinnar.

L.4. **Sýnataka úr stórum framleiðslueiningum sem eru geymdar í vörugeymslum**

Sýnataka skal framkvæmd úr aðgengilegum hluta framleiðslueiningarinnar. Fjöldi hlutasýna er ákvarðaður með tilliti til stærðar vörueiningarinnar.

L.5. **Sýnataka í geymsluaðstöðu (sílóum)**

L.5.1. *Sýnataka í sílóum sem eru (auðveldlega) aðgengileg að ofan*

Sýnataka skal framkvæmd úr aðgengilegum hluta framleiðslueiningarinnar. Fjöldi hlutasýna er ákvarðaður með tilliti til stærðar vörueiningarinnar.

L.5.2. *Sýnataka í sílóum sem eru ekki aðgengileg að ofan (lokuð síló)*

L.5.2.1. Síló sem eru ekki aðgengileg að ofan (lokuð síló) > 100 tonn að stærð

Ekki er hægt að taka sýni úr matvælum í kyrrstöðu sem eru geymd í slíkum sílóum. Ef taka þarf sýni úr matvælunum í sílóinu en ekki er möguleiki á að flytja vörusendinguna til skal því komist að samkomulagi með rekstraraðilanum um að hann eða hún tilkynni skoðunarmanninum um hvenær afferming á sílóinu fer fram, að hluta til eða að öllu leyti, svo hægt sé að taka sýni úr matvælunum á hreyfingu.

L.5.2.2. Síló sem eru ekki aðgengileg að ofan (lokuð síló) < 100 tonn að stærð

Þrátt fyrir ákvæði liðar L.1 (hlutinn, sem sýni er tekið úr, er a.m.k. 10%) felur sýnatökuaðferðin í sér að magn sem nemur 50 til 100 kg er fært í ílát og sýni eru tekin úr því. Stærð safnsýnis er í samræmi við alla framleiðslueininguna og fjöldi hlutasýna tengist því magni af matvælum sem eru færð úr sílóinu í ílát til sýnatöku.

L.6. **Sýnataka úr matvælum í lausu í stórum lokuðum ílátum**

Sýnataka úr slíkum framleiðslueiningum er oft eingöngu möguleg við affermingu. Í tilteknum tilvikum er ekki unnt að afferma á innflutnings- eða eftirlitsstað og því skal sýnataka fara fram þegar slíkir gámar eru affermdir. Rekstraraðili skal tilkynna skoðunarmanni hvar og hvenær gámarnir eru affermdir.

M. AÐFERÐ VIÐ SÝNATÖKU ÚR FÆÐUBÓTAREFNUM SEM ERU AÐ STOFNI TIL ÚR HRÍSGRJÓNUM GERJUÐUM MEÐ RAUÐU GERI (*MONASCUS PURPUREUS*)

Þessi sýnatökuaðferð er notuð við opinbert eftirlit með gildandi hámarksgildi fyrir sítrínín í fæðubótarefnum sem eru að stofni til úr hrísgrjónum gerjuðum með rauðu geri (*Monascus purpureus*).

Aðferð við sýnatöku og fjöldi sýna

Að því er varðar sýnatökuaðferðina er gert ráð fyrir að fæðubótarefnin sem eru að stofni til úr hrísgrjónum gerjuðum með rauðu geri (*Monascus purpureus*) séu sett á markað í smásölupökkum sem innihalda vanalega 30 til 120 hylki hver.

Stærð framleiðslueiningar (fjöldi smásölupakka)	Fjöldi smásölupakka sem taka á sýni úr	Fjöldi sýna
1–50	1	Öll hylki
51–250	2	Öll hylki
251–1000	4	Helmingur hylkja úr hverjum smásölupakka sem taka á sýni úr
> 1000	4 + 1 smásölupakki á hverja 1000 smásölupakka, að hámarki 25 smásölupakkar	≤ 10 smásölupakkar: helmingur hylkja úr hverjum smásölupakka > 10 smásölupakkar: jafnmörg hylki úr hverjum smásölupakka eru tekin til að setja saman sýni sem jafngildir innihaldi 5 smásölupakka“

II. VIÐAUKI

„4.2. **Almennar kröfur**

Staðfestingargreiningaraðferðir, sem notaðar eru við matvælaeftirlit, skulu samræmast ákvæðum 1. og 2. liðar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

4.3. **Sértækar kröfur**

4.3.1. *Sértækar kröfur fyrir staðfestingaraðferðir*

4.3.1.1. Nothæfisviðmiðanir

Mælt er með að fullgiltar staðfestingaraðferðir (þ.e. aðferðir sem hafa verið fullgiltar með samstarfsprófun fyrir viðkomandi efnivið) séu notaðar eftir því sem við á og ef þær eru fyrir hendi. Einnig má nota aðrar hentugar, fullgiltar staðfestingaraðferðir (t.d. innri fullgildingaraðferðir fyrir viðkomandi efnivið sem tilheyrir viðeigandi vöruhópum) að því tilskildu að þær uppfylli nothæfisviðmiðanirnar sem settar eru fram í eftirfarandi töflum.

Við fullgildingu á innri fullgildingaraðferðum skal, verði því við komið, nota staðfest viðmiðunarefni.

a) Nothæfisviðmiðanir fyrir aflatoxín

Viðmiðun	Styrkleikasvið	Ráðlagt gildi	Leyfilegt hámarksgildi
Eyðusýni	Allt	Óveruleg	—
Endurheimt — aflatoxín M1	0,01–0,05 mg/kg	60 til 120%	
	> 0,05 mg/kg	70 til 110%	
Endurheimt — aflatoxín B_1, B_2, G_1, G_2	< 1,0 mg/kg	50 til 120%	
	1-10 mg/kg	70 til 110%	
	> 10 mg/kg	80 til 110%	
Samanburðarnákvæmni RSD_R	Allt	Samkvæmt Horwitz-jöfnunni (*)(**)	2 × gildið sem leitt er af Horwitz-jöfnunni (*)(**)
RSDr að því er varðar endurtekningarnákvæmni má reikna sem 0,66 sinnum samanburðarnákvæmni RSD_R við tilgreindan styrkleika.			

Athugasemd:

— Gildin eiga bæði við um B_1 og summuna af $B_1 + B_2 + G_1 + G_2$

— Ef ákvarða á summuna af einstökum aflatoxínum $B_1 + B_2 + G_1 + G_2$ skal svörun hvers þeirra við greiningaraðferðinni annaðhvort vera þekkt eða jafngild.

b) Nothæfisviðmiðanir fyrir okratoxín A

Innihald µg/kg	Okratoxín A		
	RSD_r%	RSD_R%	Endurheimt %
< 1	≤ 40	≤ 60	50 til 120
≥ 1	≤ 20	≤ 30	70 til 110

c) Nothæfisviðmiðanir fyrir patúlín

Innihald µg/kg	Patúlín		
	RSD_r%	RSD_R%	Endurheimt %
< 20	≤ 30	≤ 40	50 til 120
20–50	≤ 20	≤ 30	70 til 105
> 50	≤ 15	≤ 25	75 til 105

d) Nothæfisviðmiðanir fyrir deoxýnívalenól

Innihald µg/kg	Deoxýnívalenól		
	RSD_r%	RSD_R%	Endurheimt %
> 100– ≤ 500	≤ 20	≤ 40	60 til 110
> 500	≤ 20	≤ 40	70 til 120

e) Nothæfisviðmiðanir fyrir searalenón

Innihald µg/kg	Searalenón		
	RSD_r%	RSD_R%	Endurheimt %
≤ 50	≤ 40	≤ 50	60 til 120
> 50	≤ 25	≤ 40	70 til 120

f) Nothæfisviðmiðanir fyrir fúmónísín B_1 og B_2, hvert fyrir sig

Innihald µg/kg	Fúmónísín B_1 og B_2, hvert fyrir sig		
	RSD_r%	RSD_R%	Endurheimt %
≤ 500	≤ 30	≤ 60	60 til 120
> 500	≤ 20	≤ 30	70 til 110

g) Nothæfisviðmiðanir fyrir eiturefnin T-2 og HT-2, hvert fyrir sig

Innihald µg/kg	Eiturefnin T-2 og HT-2, hvert fyrir sig		
	RSD_r%	RSD_R%	Endurheimt %
15–250	≤ 30	≤ 50	60 til 130
> 250	≤ 25	≤ 40	60 til 130

h) Nothæfisviðmiðanir fyrir sítrínín

Innihald µg/kg	Sítrínín			
	RSD_r%	Ráðlagt RSD_R %	Leyfilegt hámark RSD_R %	Endurheimt %
Allt	0,66 × RSD_R	Samkvæmt Horwitz-jöfnunni (*)(**)	2 × gildið sem leitt er af Horwitz-jöfnunni (*)(**)	70 til 120

i) Athugasemdir varðandi nothæfisviðmiðanirnar fyrir sveppaeitur:

— Greiningarmörk aðferðanna sem eru notaðar eru ekki tilgreind þar ed samkvæmnisgildin eru gefin við tilgreindan styrkleika.

— Samkvæmnisgildin eru reiknuð samkvæmt Horwitz-jöfnunni, einkum upprunalegu Horwitz-jöfnunni (fyrir styrk $1,2 \times 10^{-7} \leq C \leq 0,138$) (*) og breyttu Horwitz-jöfnunni (fyrir styrk $C < 1,2 \times 10^{-7}$) (**).

(*) Horwitz-jafnan fyrir styrk $1,2 \times 10–7 \leq C \leq 0,138$:

$RSD_R = 2^{(1-0.5\log C)}$

(heimild: *W. Horwitz, L.R. Kamps, K.W. Boyer, J.Assoc.Off.Analy.Chem.,1980, 63, bls. 1344)*

(**) Breytt Horwitz -jafna (*) fyrir styrk $C < 1,2 \times 10^{-7}$:

$RSD_R = 22\%$

(heimild: *M. Thompson, Analyst, 2000, 125, bls. 385–386)*

Þar sem:

— RSD_R er hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði [(sR/) × 100]

— C er styrkhlutfallið (þ.e. 1 = 100 g/100 g, 0,001 = 1000 mg/kg).

Þetta er almenn samkvæmnisjafna sem reynst hefur óháð greiniefni og efniviði en er einungis háð styrkleikanum að því er varðar flestar, venjubundnar greiningaraðferðir.

4.3.1.2. Markmiðshæfisnálgun

Að því er varðar innri fullgildingaraðferðir má nota markmiðshæfisnálgun (***) sem staðgönguaðferð til að meta heppileika þeirra við opinbert eftirlit. Með aðferðum, sem henta við opinbert eftirlit, verða að fást niðurstöður þar sem staðalmælióvissa (u) er minni en hámarksstaðalóvissa við mælingar, reiknuð með eftirfarandi jöfnu:

$$Uf = \sqrt{(LOD / 2)^2) + (\alpha + C)^2}$$

þar sem:

— *Uf* er hámarksstaðalóvissan við mælingar (µg/kg)

— LOD eru greiningarmörk aðferðarinnar (µg/kg)

— α er tölulegur stuðull sem nota skal með hliðsjón af gildi C. Gildin, sem ber að nota, eru tilgreind í töflunni hér á eftir.

— C er styrkurinn sem um er að ræða (µg/kg)

Ef greiningaraðferðin gefur niðurstöður með óvissumælingum, sem eru undir hámarksstaðalóvissunni, telst aðferðin jafnheppileg og hver önnur aðferð sem samræmist þeim nothæfisviðmiðunum sem eru tilgreindar í lið 4.3.1.1.

Tafla

Töluleg gildi, sem nota skal fyrir α sem fasta í formúlu sem er sett fram í þessum lið, út frá þeim styrk sem um er að ræða

C (µg/kg)	α
≤ 50	0,2
51–500	0,18
501–1000	0,15
1001–10000	0,12
> 10 000	0,1

(***) Heimild: *M. Thompson and R. Wood, Accred. Qual. Assur., 2006, 10, bls. 471-478*.

4.3.2. *Sértækar kröfur varðandi hálfmegindlegar aðferðir til skimunar*

4.3.2.1. Notkunarsvið

Notkunarsviðið nær til lífgreiningaraðferða sem byggjast á ónæmiskennslum (e. *immuno-recognition*) eða viðtakabindingu (e. *receptor binding*) (s.s. ELISA-prófunum, prófstrimlum, búnaði sem byggir á hliðarflæði, ónæmisnemum) og eðlisefnafræðilegra aðferða sem byggjast á litskiljun eða beinni ákvörðun með massagreiningu (t.d. massagreiningu utan massagreinis (e. *ambient MS*). Aðrar aðferðir (t.d. þunnlagsskiljun) eru ekki undanskildar að því gefnu að mælimerkin frá þeim tengist viðkomandi sveppaeitri beint og að beita megi þeim meginreglum sem lýst er hér að neðan.

Sértæku kröfurnar gilda um aðferðir þar sem niðurstöður mælinga gefa tölugildi, t.d. (hlutfallslega) svörun prófstrimla, mælimerki frá vökvaskiljun og massagreiningu o.s.frv., og þar sem venjulegar tölfræðilegar upplýsingar gilda.

Kröfurnar gilda ekki um aðferðir sem gefa ekki tölugildi (t.d. aðeins lína sem er til staðar eða ekki), sem krefjast annars konar nálgunar við fullgildingu. Sértækar kröfur fyrir þessar aðferðir eru settar fram í lið 4.3.3.

Í þessu skjali er lýsing á aðferðum fyrir fullgildingu skimunaraðferða með fjölsetra fullgildingu, sannprófun á nothæfi aðferðar sem er fullgilt með fjölsetra fullgildingu og sannprófun skimunaraðferða innan einnar rannsóknarstofu.

4.3.2.2. Orðskýringar

Markstyrkur skimunar (e. *screening target concentration*): styrkur sem skiptir máli til að greina sveppaeitrið í sýni. Þegar takmarkið er að kanna samræmi við lögbundin mörk jafngildir markstyrkur skimunarinnar gildandi hámarksgildi. Í öðrum tilgangi eða ef hámarksgildi hafa ekki verið fastsett er markstyrkur skimunarinnar fyrirframskilgreindur af rannsóknarstofunni.

Skimunaraðferð: sú aðferð sem notuð er við val á sýnum sem innihalda, með fullri vissu, magn sveppaeiturs yfir markstyrk. Talið er að 95% vissa henti við skimun fyrir sveppaeitri. Niðurstaða skimunarinnar er annað hvort „neikvæð“ eða „grunsamleg“. Skimunaraðferðirnar skulu vera kostnaðarhagkvæmar og afkastamiklar og þar með auka möguleikann á að uppgötva ný atvik með miklum váhrifum og heilbrigðisáhættu fyrir neytendur. Þessar aðferðir skulu byggjast á lífgreiningaraðferðum, vökvaskiljun og massagreiningu eða háþrýstivökvaskiljun. Niðurstöður úr sýnum sem fara yfir þröskuldsgildi skulu sannprófaðar með endurgreiningu að fullu á upprunalega sýninu með staðfestingaraðferð.

„Neikvætt sýni“: innihald sveppaeiturs í sýninu er innan við markstyrk skimunar með 95% vissu (þ.e. það eru 5% líkur á að sýni verði greind ranglega sem neikvæð).

„Falsneikvætt sýni“: innihald sveppaeiturs í sýninu er yfir markstyrk skimunar en hefur verið greint sem neikvætt.

„Grunsamlegt sýni“ (jákvæð skimun): sýni er yfir þröskuldsgildi (sjá hér á eftir) og getur innihaldið sveppaeitur í magni sem er yfir markstyrk skimunar. Grunsamlegar niðurstöður leiða til staðfestingargreiningar með ótvíræðri auðkenningu og magngreiningu sveppaeitursins.

„Falsgrunsamlegt sýni“: neikvætt sýni sem hefur verið greint sem grunsamlegt.

„Staðfestingaraðferðir“: aðferðir sem veita fullnaðar- eða viðbótarupplýsingar sem gera kleift að sanngreina og magngreina sveppaeitur á ótvíræðan hátt á tiltekna styrkbilinu.

„Þröskuldsgildi“: svörunin, mælimerkið eða styrkurinn sem fást með skimunaraðferðinni, yfir því gildi að sýnið flokkist sem „grunsamlegt“. Þröskuldsgildið er ákvarðað á meðan fullgildingu stendur og tekur mið af breytileika mælinga.

Neikvætt viðmiðunarsýni (blanksýni fyrir efnivið): sýni sem er vitað að er laust([4]) við sveppaeitrið sem skimað er fyrir, t.d. með undanfarandi mælingu þar sem notast er við staðfestingaraðferð sem er nægilega næm. Séu blanksýni ekki fáanleg má notast við efni með lægstum fáanlegum styrk, að því gefnu að sá styrkur geri það kleift að skimunaraðferðin þjóni tilgangi sínum.

Jákvætt viðmiðunarsýni: sýni sem inniheldur sveppaeitur við markstyrk skimunarinnar, t.d. vottað viðmiðunarefni, efni með þekktu innihaldi (t.d. prófunarefni úr hæfnisprófun) eða að öðrum kosti efni sem er nægilega skilgreint með staðfestingaraðferð. Ef ekkert af framangreindu er til staðar má notast við blöndu af sýnum með mismunandi magni mengunar eða íbætt sýni undirbúið á rannsóknarstofu og lýst á fullnægjandi hátt, að því tilskildu að hægt sé að sannprófa magn mengunarinnar.

4.3.2.3. Fullgildingaraðferð

Markmið fullgildingarinnar er að sýna fram á hversu vel skimunaraðferðin henti tilgangi sínum. Þetta er gert með ákvörðun þröskuldsgildis og ákvörðun á hlutfalli falsneikvæðra og falsgrunsamlegra niðurstaðna. Þessar tvær breytur fela í sér nothæfiseiginleika á borð við næmi, sértækni og nákvæmni.

Skimunaraðferðir má fullgilda með fjölsetra fullgildingu eða fullgildingu einnar rannsóknarstofu. Ef gögn er varða fjölsetra fullgildingu liggja fyrir um tiltekna samsetningu sveppaeiturs/efniviðar/markstyrks skimunar nægir sannprófun á nothæfi aðferðarinnar á rannsóknarstofu sem nýtir aðferðina.

4.3.2.3.1. Fyrsta fullgilding einnar rannsóknarstofu

Sveppaeitur:

Fullgilding skal framkvæmd fyrir öll einstök sveppaeitur innan notkunarsviðsins. Ef um er að ræða lífgreiningaraðferðir sem gefa sameiginlega svörun fyrir tiltekinn hóp sveppaeiturs (t.d. aflatoxín B_1, B_2, G_1 og G_2; fúmónísín B_1 og B_2) þarf að sýna fram á nothæfni og takmarkanir prófunarinnar sem getið er í notkunarsviði aðferðarinnar. Óæskileg víxlsvörun (t.d. DON-3-glýkósíð, 3- eða 15-asetýl-DON fyrir aðferðir sem byggjast á ónæmi fyrir DON) er ekki talin auka hlutfall falsneikvæðra niðurstaðna fyrir sveppaeitrin sem eru til prófunar en geta aukið hlutfall falsgrunsamlegra niðurstaðna. Þessi óæskilega aukning minnkar með staðfestingargreiningu með ótvíræðri auðkenningu og magngreiningu sveppaeitursins.

Efniviðir:

Fyrsta fullgilding skal framkvæmd fyrir hverja vöru eða, þegar vitað er að unnt er að nota aðferðina fyrir margar vörur, fyrir hvern vöruhóp. Í seinna tilvikinu er ein dæmigerð og viðeigandi vara valin úr þeim hópi (sjá töflu A).

Sett af sýnum:

Lágmarksfjöldi mismunandi sýna sem þörf er á fyrir fullgildingu er 20 einsleit neikvæð viðmiðunarsýni og 20 einsleit jákvæð viðmiðunarsýni sem innihalda sveppaeitur við markstyrk skimunarinnar, greind við skilyrði samkvæmt samkvæmni innan stofu (e. *intermediate precision*) (RSD_{Ri}) á fimm mismunandi dögum. Einnig má bæta í fullgildingarsettið viðbótarsettum með 20 sýnum, sem innihalda sveppaeitur í öðrum styrk, til þess að fá innsýn í það að hve miklu leyti unnt er að greina á milli sveppaeiturs af mismunandi styrkleika með þessari aðferð.

Styrkleiki:

Fyrir hvern markstyrk skimunar sem er reglubundið notaður verður að fara fram fullgilding.

4.3.2.3.2. Fyrsta fullgilding með samstarfsprófunum

Fullgilding með samstarfsprófunum skal fara fram í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar aðferðarlýsingar fyrir samstarfsprófanir (t.d. ISO 5725:1994 eða „International Harmonised Protocol“ frá IUPAC) þar sem krafist er að gild gögn frá a.m.k. átta mismunandi rannsóknarstofum fylgi með. Að öðru leyti er eini munurinn í samanburði við fullgildingu innan einnar rannsóknarstofu sá að ≥ 20 sýni fyrir hverja vöru/styrk má deila jafnt niður á rannsóknarstofurnar sem taka þátt, að lágmarki tvö sýni á hverja rannsóknarstofu.

([4]) Sýni teljast laus við greiniefni ef magnið í sýninu er ekki yfir 1/5 af markstyrk skimunarinnar. Ef hægt er að magngreina styrkinn með staðfestingaraðferð skal taka tillit til hans við fullgildingu.

4.3.2.4. Ákvörðun á þröskuldsgildi og hlutfall falsgrunsamlegra niðurstaðna blanksýna

(Hlutfallsleg) svörun neikvæðra og jákvæðra viðmiðunarsýna liggja til grundvallar útreiknings á tilskildum mæliþáttum.

Skimunaraðferðir með svörun í réttu hlutfalli við styrk sveppaeitursins

Fyrir skimunaraðferðir með svörun í réttu hlutfalli við styrk sveppaeitursins gildir eftirfarandi:

$$Þröskuldsgildi = R_{MARKSTYRKUR\ SKIMUNAR} - t\text{-}gildi_{0,05} * SD_{MARKSTYRKUR\ SKIMUNAR}$$

$R_{MARKSTYRKUR\ SKIMUNAR}$ = meðaltal svörunar jákvæðra viðmiðunarsýna (við markstyrk skimunar)

t-gildi: einhliða t-gildi fyrir 5% hlutfall falsneikvæðra niðurstaðna (sjá töflu B)

$SD_{MARKSTYRKUR\ SKIMUNAR}$ = staðalfrávik

Skimunaraðferðir með svörun í öfugu hlutfalli við styrk sveppaeitursins

Á svipaðan máta er þröskuldsgildið fyrir skimunaraðferðir með svörun í öfugu hlutfalli við styrk sveppaeitursins ákvarðað sem:

$$Þröskuldsgildi = R_{MARKSTYRKUR\ SKIMUNAR} + t\text{-}gildi_{0,05} * SD_{MARKSTYRKUR\ SKIMUNAR}$$

Með því að nota þetta tilgreinda t-gildi við ákvörðun á þröskuldsgildi er hlutfall falsneikvæðra niðurstaðna sjálfkrafa fastsett við 5%.

Nothæfismat

Niðurstöður úr neikvæðum viðmiðunarsýnum eru notaðar til að áætla samsvarandi hlutfall falsgrunsamlegra niðurstaðna. Útreikningur á t-gildi miðast við það að niðurstaða úr neikvæðu viðmiðunarsýni sé yfir þröskuldsgildinu, og þar með ranglega flokkað sem grunsamlegt.

$$\text{t-gildi} = (\text{þröskuldsgildi} - \text{meðalgildi}_{\text{blanksýni}})/\text{SDblanksýni}$$

fyrir skimunaraðferðir með svörun í réttu hlutfalli við styrkleika sveppaeitursins

eða

$$\text{t-gildi} = (\text{meðalgildi}_{\text{blanksýni}} - \text{þröskuldsgildi})/\text{SDblanksýni}$$

fyrir skimunaraðferðir með svörun í öfugu hlutfalli við styrkleika sveppaeitursins

Út frá mældum t-gildum, sem byggjast á frítölum sem eru reiknaðar út frá fjölda tilrauna, má annaðhvort reikna út líkindi falsgrunsamlegra sýna fyrir einhliða dreifingu (t.d. „TDIST“-aðgerð í töflureikni) eða fá þau úr töflum yfir t-dreifingu.

Samsvarandi gildi einhliða t-dreifingar tilgreinir hlutfall falsgrunsamlegra niðurstaðna.

Þessu er lýst nákvæmlega með dæmi í „Analytical and Bioanalytical Chemistry DOI 10.1007/s00216 -013-6922-1“.

4.3.2.5. Rýmkun á notkunarsviði aðferðarinnar

4.3.2.5.1. Rýmkun á notkunarsviði þannig að það nái yfir önnur sveppaeitur:

Þegar nýjum sveppaeitrum er bætt við notkunarsvið fyrirliggjandi skimunaraðferðar er farið fram á fullgildingu til að sýna fram á hæfi aðferðarinnar.

4.3.2.5.2. Rýmkun fyrir aðrar vörur:

Ef skimunaraðferðin er þekkt, eða þess vænst að henni sé hægt að beita á aðrar vörur, skal gildi aðferðarinnar gagnvart þessum vörum sannprófað. Ef ný vara tilheyrir vöruhópi (sjá töflu A), sem þegar hefur undirgengist fyrstu fullgildingu, er takmörkuð viðbótarfullgilding nægileg. Í því skyni skal greina a.m.k. 10 einsleit neikvæð sýni og 10 einsleit jákvæð sýni (við markstyrk skimunar) við skilyrði samkvæmt samkvæmni innan stofu. Öll jákvæð viðmiðunarsýni skulu vera yfir þröskuldsgildi. Þegar þessi viðmiðun er ekki uppfyllt er farið fram á fullt fullgildingarferli.

4.3.2.6. Sannprófun aðferða sem þegar hafa verið fullgiltar með samstarfsprófunum

Sannprófa skal nothæfi skimunaraðferða sem hafa verið fullgiltar með góðum árangri með samstarfsprófunum. Í því skyni skal greina a.m.k. 6 neikvæð sýni og 6 jákvæð sýni (við markstyrk skimunar). Öll jákvæð viðmiðunarsýni skulu vera yfir þröskuldsgildi. Þegar þessi viðmiðun er ekki uppfyllt skal rannsóknarstofan framkvæma greiningu á frumorsökum til að ákvarða af hverju hún getur ekki uppfyllt kröfurnar samkvæmt samstarfsprófuninni. Einungis eftir að rannsóknarstofan hefur framkvæmt aðgerðir til úrbóta skal hún endursannprófa nothæfi aðferðarinnar í rannsóknarstofunni. Ef rannsóknarstofan er ekki fær um að sannprófa niðurstöður samstarfsprófunarinnar þarf hún að koma á sínum eigin þröskuldsgildum með fullgildingu innan einnar rannsóknarstofu.

4.3.2.7. Samfelld sannprófun aðferðar/viðvarandi fullgilding aðferðar

Eftir fyrstu fullgildingu eru viðbótargögn er varða fullgildingu fengin með því að hafa a.m.k. tvö jákvæð viðmiðunarsýni í hverri lotu sýna sem er skimuð. Eitt jákvætt viðmiðunarsýni er þekkt sýni (t.d. sýni sem er notað við fyrstu fullgildingu) en hitt sýnið er úr annarri vöru úr sama vöruhópi (ef aðeins ein vara er rannsökuð er annað sýni úr þeirri vöru notað í staðinn). Valkvætt er að hafa neikvætt viðmiðunarsýni með. Niðurstöðum fyrir jákvæðu viðmiðunarsýnin tvö er bætt við fyrirliggjandi fullgildingarsett.

Þröskuldsgildið er endurákvarðað og gildi aðferðarinnar endurmetið a.m.k. einu sinni á ári. Samfelld sannprófun aðferðarinnar þjónar margvíslegum tilgangi:

— gæðaeftirlit með lotu sýna sem er skimuð

— veitir upplýsingar um traustleika aðferðarinnar við skilyrði á rannsóknarstofunni sem beitir aðferðinni

— veitir rökstuðning fyrir notkun aðferðarinnar á mismunandi vörur

— gerir það kleift að aðlaga þröskuldsgildi ef um er að ræða frávik sem verða smám saman til með tímanum.

4.3.2.8. Fullgildingarskýrsla

Fullgildingarskýrslan skal hafa að geyma:

— Yfirlýsingu um markstyrk skimunarinnar

— Yfirlýsingu um fengin þröskuldsgildi.

Athugasemd: Þröskuldsgildið verður að hafa sama fjölda marktækra talna og markstyrkur skimunarinnar. Tölugildi sem eru notuð við útreikning þröskuldsgildis þurfa að hafa a.m.k. eina marktæka tölu umfram markstyrk skimunarinnar.

— Yfirlýsingu um reiknað hlutfall falsgrunsamlegra sýna

— Yfirlýsingu um hvernig hlutfall falsgrunsamlegra sýna var fengið.

Athugasemd: Yfirlýsingin um reiknað hlutfall falsgrunsamlegra sýna gefur til kynna hvort aðferðin sé nothæf þar sem hún tilgreinir fjölda blanksýna (eða sýni með lítið mengunarinnihald) sem skal sannprófa.

Tafla A

Vöruhópar fyrir fullgildingu skimunaraðferða

Vöruhópar	Voruflokkur	Dæmigerðar vörur í flokknum
Mikið vatnsinnihald	Ávaxtasafar	Eplasafi, þrúgusafi
	Áfengir drykkir	Vín, bjór, eplasítri
	Rótarávextir og hnýði	Ferskt engifer
	Mauk að stofni til úr korni eða ávöxtum	Mauk fyrir ungbörn og lítil börn

Vöruhópar	Voruflokkur	Dæmigerðar vörur í flokknum
Mikið olíuinnihald	Trjáhnetur	Valhnetur, heslihnetur, kastaníuhnetur
	Olíufræ og afurðir úr þeim	Olíurepja, sólblóm, baðmullarfræ, sojabaunir, jarðhnetur, sesamfræ o.s.frv.
	Olíurík aldin og afurðir úr þeim	Olíur og deig (t.d. hnetusmjör, sesamsmjör)
Mikið sterkju- og/eða prótíninnihald og lítið vatns- og fituinnihald	Korn og afurðir þess	Hveiti, rúgur, bygg, maís, hrísgrjón, hafrar, heilhveitibrauð, hvítt brauð, kex, morgunkorn, pasta
	Sérfæða	Þurrkað duft til tilreiðslu matvæla fyrir ungbörn og lítil börn
Mikið sýruinnihald og mikið vatnsinnihald(*)	Afurðir úr sítrusávöxtum	
„Erfiðar eða einkvæmar vörur“(**)		Kakóbaunir og afurðir úr þeim, kókoshnetukjarnar og afurðir úr þeim, kaffi, te Krydd, lakkrís
Mikið sykurinnihald, lítið vatnsinnihald	Þurrkaðir ávextir	Fíkjur, rúsínur, rifsber og sólber, súltönur
Mjólk og mjólkurafurðir	Mjólk	Mjólk úr kúm, geitum og bufflum
	Ostur	Kúaostur, geitaostur
	Mjólkurafurðir (t.d. mjólkurduft)	Jógúrt, rjómi

(*) Ef jafnalausn er notuð til að halda pH-gildi stöðugu við útdrátt má sameina þennan hóp vöruhópnum „mikið vatnsinnihald“.

(**) Erfiðar eða einkvæmar vörur skulu eingöngu fullgiltar ef þær eru greindar reglulega. Séu þær eingöngu greindar öðru hverju má takmarka fullgildingu við athugun á tilkynningarstigi með útdrætti úr íbættum blanksýnum.

Tafla B

Einhliða t-gildi fyrir 5% hlutfall falsneikvæðra niðurstaða

Frítölur	Fjöldi samhliða sýna	t-gildi (5%)
10	11	1,812
11	12	1,796
12	13	1,782
13	14	1,771
14	15	1,761
15	16	1,753
16	17	1,746
17	18	1,74
18	19	1,734

Frítölur	Fjöldi samhliða sýna	t-gildi (5%)
19	20	1,729
20	21	1,725
21	22	1,721
22	23	1,717
23	24	1,714
24	25	1,711
25	26	1,708
26	27	1,706
27	28	1,703
28	29	1,701
29	30	1,699
30	31	1,697
40	41	1,684
60	61	1,671
120	121	1,658
∞	∞	1,645

4.3.3. *Kröfur varðandi eigindlegar aðferðir til skimunar (aðferðir sem gefa ekki tölugildi)*

Þróun fullgildingarleiðbeininga fyrir tvírænar prófunaraðferðir (e. *binary test methods*) er sem stendur verkefni ýmissa staðlastofnana (t.d. Samtaka aðila í efnagreiningu (AOAC), Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO)). Samtök aðila í efnagreiningu gerðu fyrir stuttu drög að leiðbeiningum um þetta málefni. Þetta skjal getur talist það fullkomnasta sinnar tegundar sem nú er í gildi. Þess vegna skulu aðferðir sem gefa tvírænar niðurstöður (t.d. sjónræn skoðun prófstrimla) fullgiltar samkvæmt þessum leiðbeiningum.

http://www.aoac.org/imis15_prod/AOAC_Docs/ISPAM/Qual_Chem_Guideline_Final_Approved_031412.pdf

4.4. **Mat á mælióvissu, útreikningur á endurheimt og greinargerð um niðurstöður ([5])**

4.4.1. *Staðfestingaraðferðir*

Gefa skal upp niðurstöður greininga með eftirfarandi hætti:

a) Leiðrétt fyrir endurheimt og hlutfall endurheimtar er tilgreint. Leiðrétting fyrir endurheimt er ekki nauðsynleg ef endurheimtarhlutfallið er á bilinu 90% til 110%.

b) Sem „x +/– U“, þar sem x er niðurstaða greiningarinnar og U er útvíkkaða mælióvissan með þekjustuðulinn 2 sem gefur 95% öryggisstig.

Að því er varðar matvæli úr dýraríkinu er einnig hægt að taka tillit til mælióvissunnar með því að setja ákvörðunarmörk (CCα) í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB([6]) (liður 3.1.2.5 í I. viðauka — þegar um er að ræða efni með fastsett, leyfileg mörk).

Ef niðurstaða úr greiningunni er umtalsvert (>50%) lægri en hámarksgildið eða mun hærri en hámarksgildið (þ.e. meira en 5 sinnum hámarksgildið) og að því tilskildu að notaðar séu viðeigandi gæðaaðferðir og að greiningin þjóni einungis þeim tilgangi að kanna samræmi við lagaákvæði má þó gera grein fyrir niðurstöðu úr greiningunni án leiðréttingar fyrir endurheimt og í þeim tilvikum má sleppa því að skýra frá endurheimtarhlutfalli og mælióvissu.

([5]) Nákvæmari upplýsingar um mismunandi aðferðir til þess að meta mælióvissu og um málsmeðferð til að meta endurheimt finnast í skýrslunni „Report on the relationship between analytical results, measurement uncertainty, recovery factors and the provisions of EU food and feed legislation“ — http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/report-sampling_analysis_2004_en.pdf

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB frá 14. ágúst 2002 um framkvæmd á tilskipun ráðsins 96/23/EB varðandi nothæfi greiningaraðferða og túlkun niðurstaðna (Stjtíð EB L 221, 17.8.2002, bls. 8).

Þessar túlkunarreglur gilda um niðurstöður efnagreininga með tilliti til samþykktar eða synjunar á framleiðslueiningu. Landsreglur gilda um greiningu sem er gerð með tilliti til verslunarverndar eða úrskurðarmála.

4.4.2. *Skimunaraðferðir*

Þegar niðurstöður skimunar eru gefnar upp skal tilgreina hvort þær séu í samræmi við kröfur eða hvort grunur sé um að þær séu í ósamræmi við kröfur.

„Grunur um ósamræmi við kröfur“: sýnið er yfir þröskuldsgildi og getur innihaldið sveppaeitur í styrk sem er yfir markstyrk skimunar. Grunsamlegar niðurstöður leiða til staðfestingargreiningar með ótvíræðri auðkenningu og magngreiningu sveppaeitursins.

„Í samræmi við kröfur“: innihald sveppaeiturs í sýninu er innan við markstyrk skimunar með 95% vissu (þ.e. það eru 5% líkur á að sýni verði greind ranglega sem neikvæð). Niðurstöður greininga eru gefnar sem „< gildi markstyrks skimunar“ með tilgreindu gildi markstyrks skimunar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 264/2014 **2015/EES/8/20**

frá 14. mars 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólývínylpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliðu í fæðubótarefni í föstu formi og á viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum([1]), einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 30. gr. (5. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum, þ.m.t. litarefni og sætuefni, sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Þessar skrár má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Hinn 6. október 2009 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á pólývínylpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliðu í fæðubótarefni í föstu formi sem bindi-/húðunarefni. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á öryggi pólývínylpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliðu ([4]) þegar hún er notuð sem matvælaaukefni og komst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að notkun á pólývínylpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliðu í fæðubótarefni í föstu formi, sem bindi- eða húðunarefni, skapi öryggisvanda við tillagða notkun.

6) Af tæknilegum ástæðum er þörf á að bæta pólývínylpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliðu í sellulósasamsetningar í fæðubótarefnum. Fjölliðan bætir filmuseiglu (e. *film toughness*), flýtir fyrir húðun og eykur filmuviðloðun. Hún gerir einnig samfellt húðunarferli mögulegt og styttir þar með tímann sem húðunarferlið tekur. Því er rétt að heimila notkun á þessu aukefni sem húðunarefni í fæðubótarefni í föstu formi og að úthluta pólývínylpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliðu E-númerinu E 1208.

7) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir pólývínylpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliðu (E 1208), þegar það er fært í skrár Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1333/2008 og reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 15.3.2014, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 260/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(12), 1948.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Á eftir færslunni fyrir E 1207 Mínushlaðin metakrýlatsamfjölliða í 3. lið í B-hluta „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni“ bætist eftirfarandi ný færsla við:

„E 1208	Pólývínýlpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliða“

2) Í E-hluta í matvælaflokki 17.1 „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum“ bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir E 1207 Mínushlaðin metakrýlatsamfjölliða:

	„E 1208	Pólývínýlpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliða.	100 000“		

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir E 1207 (Mínushlaðin metakrýlatsamfjölliða):

„E 1208 PÓLÝVÍNÝLPÝRRÓLÍDÓNVÍNÝLASETASAMFJÖLLIÐA

Samheiti	Samfjölvídón; sampóvídón; 1-vínýl-2-pýrrólídónvínýlasetatsamfjölliða; 2-pýrrólídínón, 1-etenýl-, fjölliða með etenýlasetati
Skilgreining	Hún er framleidd með stakeindasamfjölliðun N-vínýl-2-pýrrólídóns og vínylasetats í própan-2-óllausn með hvarfræsum (e. *initiator*).
EINECS-númer	
Efnaheiti	Ediksýra, etenýlester, fjölliða með 1-etenýl-2-pýrrólídóni
Efnaformúla	$(C_6H_9NO)_n.(C_4H_6O_2)_m$
Seigja meðalmólþyngdar (e. *Average Viscosity Molecular Weight*)	Á bilinu 26 000 og 46 000 g/mól
Magngreining	Köfnunarefnisinnihald 7,0–8,0%
Lýsing	Eðlisástandinu er lýst sem hvítt yfir í gulhvítt duft eða flögur með meðalkornastærð á bilinu 50–130 µm.
Sanngreining	
Leysni	Auðleysanlegt í vatni, etanóli, etýlenklóríði og eter.
Innrauð gleypnilitrófsgreining	Ákvarðað síðar
Evrópskt litapróf (e. *European Colour Test*) (BY litur)	Lágmark BY5
K-gildi([1]) (1% fast efni í vatnslausn)	25,2–30,8
pH-gildi	3,0–7,0 (10% vatnslausn)
Hreinleiki	
Vínýlasetatþáttur í samfjölliðu	Ekki meira en 42,0%
Óbundið vínýlasetat	Ekki meira en 5 mg/kg
Heildaraska	Ekki meira en 0,1%
Aldehýð	Ekki meira en 2 000 mg/kg (sem asetaldehýð)
Óbundið-N-vínýlpýrrólídón	Ekki meira en 5 mg/kg
Hýdrasín	Ekki meira en 0,8 mg/kg
Peroxíðinnihald	Ekki meira en 400 mg/kg
Própan-2-ól	Ekki meira en 150 mg/kg

Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg“

([1]) K-gildi: víddarlaus stuðull, reiknaður út frá mælingum á eðlisseigju þynntra lausna, notaður til að gefa til kynna líklegt stig fjölliðunar eða sameindastærð fjölliðu.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 497/2014 **2015/EES/8/21**

frá 14. maí 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á advantami sem sætuefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Þessar skrár má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Umsókn um leyfi yfir notkun á advantami sem sætuefni í ýmsum flokkum matvæla var lögð fram í maí 2010. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Af tæknilegum ástæðum er þörf á að nota advantam sem öflugt sætuefni í ýmis matvæli og sem borðsætuefni (e. *tabletop product*) til að koma í staðinn fyrir hitaeiningaríkan sykur (súkrósa, glúkósa, frúktósa o.s.frv.) og minnka þar með hitaeiningainnihald þessara matvæla. Viðbót advantams sem sætuefnis í matvælaflokka þar sem öflug sætuefni eru leyfð skv. II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 mun veita framleiðendum meiri sveigjanleika við samsetningu orkuskertra matvæla sem bragðast svipað og sambærilegar vörur með fullt hitaeiningainnihald. Gæði advantams að því er varðar bragð og sætleika ásamt góðum stöðugleikaeiginleikum þess þýðir að advantam er valkostur við þegar samþykkt, öflug sætuefni, gefur neytendum og matvælaiðnaðinum kost á að velja úr breiðara úrvali sætuefna og dregur þar með úr innteknu magni af hverju sætuefni fyrir sig.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat öryggi advantams þegar það er notað sem matvælaaukefni og skilaði áliti sínu 31. júlí 2013([4]). Matvælaöryggisstofnunin fastsetti ásættanlega, daglega inntöku (ÁDI) fyrir advantam við 5 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Hófsamt mat á váhrifum af völdum advantams á fullorðna og börn, sem eru stórneytendur, var undir ásættanlegri, daglegri inntöku við tillagt notkunarmagn. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa vegið og metið öll gögn um stöðugleika, niðurbrotsefni, eiturefnafræði og váhrif, að advantam skapi ekki öryggisvanda sem sætuefni við tillagða notkun og notkunarmagn.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 15.5.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 260/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3301.

7) Því þykir rétt að leyfa notkun á advantami sem sætuefni í þeim matvælaflokkum sem eru tilgreindir í I. viðauka við þessa reglugerð og úthluta því matvælaaukefni E-númerinu E 969.

8) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir advantam þegar það er fært í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.

9) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í töflu 2 í B-hluta „Sætuefni“ bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 968 Erýtrítól:

„E 969	Advantam“

2) Í E-hluta bætast eftirfarandi færslur um E 969 við í númeraröð í þeim matvælaflokkum sem getið er um:

E-HLUTI: LEYFILEG MATVÆLAAUKEFNI OG SKILYRÐI FYRIR NOTKUN Í MATVÆLAFLOKKUM

Númer flokks	E-númer	Heiti	Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á)	Neðanmálsgreinar	Takmarkanir/undanþágа
01.4	**Bragðbættar, gerjaðar mjólkurvörur, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis afurðir sem eru orkuskertar eða án viðbætts sykurs“
03	**Ís til neyslu**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis orkuskertir eða án viðbætts sykurs“
04.2.2	**Aldin og grænmeti í ediki, olíu eða saltlegi**				
	„E 969	Advantam	3		Einungis súrsæt, niðursoðin aldin og grænmeti“
04.2.3	**Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukkur**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis aldin sem eru orkuskert eða án viðbætts sykurs“
04.2.4.1	**Aldina- og grænmetisblöndur, að undanskildu ávaxtamauki**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis orkuskertar afurðir“
04.2.5.1	**Sultur í sérflokki og hlaup í sérflokki eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis orkuskert sulta, ávaxtahlaup og ávaxtamauk“
04.2.5.2	**Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaníuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis orkuskert sulta, ávaxtahlaup og ávaxtamauk“

Númer flokks	E-númer	Heiti	Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á)	Neðanmálsgreinar	Takmarkanir/undanþágа
04.2.5.3	**Annað sambærilegt smurálegg úr aldinum eða grænmeti**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis brauðálegg, að stofni til úr þurrkuðum aldinum, orkuskert eða án viðbætts sykurs“
05.1	**Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB**				
	„E 969	Advantam	20		Einungis orkuskert eða án viðbætts sykurs“
05.2	**Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt**				
	„E 969	Advantam	20		Einungis það sem er að stofni til úr kakói eða þurrkuðum ávöxtum, orkuskert eða án viðbætts sykurs
	E 969	Advantam	10		Einungis brauðálegg, að stofni til úr kakói, mjólk, þurrkuðum ávöxtum eða fitu, orkuskert eða án viðbætts sykurs
	E 969	Advantam	20		Einungis sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkuskert eða án viðbætts sykurs
	E 969	Advantam	10		Einungis sælgæti án viðbætts sykurs
	E 969	Advantam	60		Einungis smátöflur sem gefa frískandi andardrátt, án viðbætts sykurs
	E 969	Advantam	20		Einungis bragðsterkar hálstöflur, sem gefa frískandi andardrátt, án viðbætts sykurs“
05.3	**Tyggigúmmí**				
	„E 969	Advantam	200		Einungis með viðbættum sykrum eða fjölalkóhóli, sem bragðaukandi efni
	E 969	Advantam	400		Einungis án viðbætts sykurs“
05.4	**Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4**				
	„E 969	Advantam	20		Einungis sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkuskert eða án viðbætts sykurs
	E 969	Advantam	10		Einungis sælgæti án viðbætts sykurs
	E 969	Advantam	20		Einungis það sem er að stofni til úr kakói eða þurrkuðum ávöxtum, orkuskert eða án viðbætts sykurs
	E 969	Advantam	4		Einungis sósur“

Númer flokks	E-númer	Heiti	Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á)	Neðanmálsgreinar	Takmarkanir/undanþágа
06.3	**Morgunkorn**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis morgunkorn með meira en 15% trefjainnihaldi sem inniheldur a.m.k. 20% klíði og er orkuskert eða án viðbætts sykurs“
07.2	**Fínt kaffibrauð**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis *essoblaten* – kexþynnupappír
	E 969	Advantam	17		Einungis fínt kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi“
09.2.	**Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr**				
	„E 969	Advantam	3		Einungis súrsætur, niðursoðinn og niðurlagður fiskur og kryddlögur fyrir fisk, krabbadýr og lindýr“
11.4.1	**Borðsætuefni í vökvaformi**				
	„E 969	Advantam	*eftir þörfum“*		
11.4.2	**Borðsætuefni í duftformi**				
	„E 969	Advantam	*eftir þörfum“*		
11.4.3	**Borðsætuefni í töfluformi**				
	„E 969	Advantam	*eftir þörfum“*		
12.4	**Sinnep**				
	„E 969	Advantam	4“		
12.5	**Súpur og seyði**				
	„E 969	Advantam	2		Einungis orkuskertar súpur“
12.6	**Sósur**				
	„E 969	Advantam	4“		

Númer flokks	E-númer	Heiti	Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á)	Neðanmálsgreinar	Takmarkanir/undanþágа
12.7	**Salöt og ósætt smurálegg**				
	„E 969	Advantam	4		Einungis *Feinkostsalat*“
13.2	**Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5)**				
	„E 960	Advantam	10“		
13.3	**Sérfæða til að stýra þyngd sem á að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir (í heild sinni eða hluta daglegrar fæðu)**				
	„E 960	Advantam	8“		
14.1.3	**Ávaxtanektar í skilningi tilskipunar ráðsins 2001/112/EB og grænmetisnektar og svipaðar vörur**				
	„E 969	Advantam	6		Einungis orkuskert eða án viðbætts sykurs“
14.1.4	**Bragðbættar drykkjarvörur**				
	„E 969	Advantam	6		Einungis orkuskertar eða án viðbætts sykurs“
14.2.1	**Bjór og maltdrykkir**				
	„E 969	Advantam	6		Einungis óáfengur bjór eða bjór með áfengismagn sem er ekki meira en 1,2% miðað við rúmmál; *Bière de table*/*Tafelbier*/*Table beer* (upprunalegt magn maltvökva er minna en 6%), að undanskildum *Obergäriges Einfachbier*; bjór með lágmarkssýrumagni, sem nemur 30 millíjafngildum, gefið upp sem NaOH; dökkur bjór af gerðinni *oud bruin*
	E 969	Advantam	0,5		Einungis orkuskertur bjór“
14.2.3	**Eplasítri og perusítri**				
	„E 969	Advantam	6“		
14.2.8	**Aðrir drykkir sem innihalda vínanda, þ.m.t. brenndir drykkir með áfengismagn sem er minna en 15% og drykkir sem eru blanda áfengra og óáfengra drykkja**				
	„E 969	Advantam	6“		
15.1	**Nasl sem er að stofni til úr kartöflum, korni, hveiti eða sterkju**				
	„E 969	Advantam	5“		

Númer flokks	E-númer	Heiti	Hámarksgildi (mg/l eða mg/kg, eftir því sem við á)	Neðanmálsgreinar	Takmarkanir/undanþágа
15.2	**Unnar hnetur**				
	„E 969	Advantam	5“		
16.	**Eftirréttir að undanskildum vörum sem falla í 1., 3. og 4. flokk**				
	„E 969	Advantam	10		Einungis orkuskertir eða án viðbætts sykurs“
17.1	**Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form**				
	„E 969	Advantam	20“		
17.2	**Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi**				
	„E 969	Advantam	6“		
17.3	**Fæðubótarefni gefin í formi síróps eða í tyggjanlegu formi**				
	„E 969	Advantam	55“		

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 968:

„E 969 ADVANTAM

Samheiti	
Skilgreining	Advantam (ANS9801) er framleitt með efnasmíði í þriggja þrepa ferli; framleiðslu á meginmilliefninu, 3-hýdroxý-4-metoxýsinnamaldehýði (HMCA) og því næst vetnun til að mynda 3-(3-hýdroxý-4-metoxýfenýl)própíónaldehýð (HMPA). Í lokaþrepinu er HMPA-metanóllausninni (síuvökvanum) blandað saman við aspartam sem gefur imínið sem myndar advantam við valvísa vetnun. Lausnin er látin kristallast og óhreinsaðir kristallar þvegnir. Myndefnið er endurkristallað og kristallar aðskildir, þvegnir og þurrkaðir.
CAS-nr.	714229-20-6
Efnaheiti	N-[*N*-[3-(3-hýdroxý-4-metoxýfenýl)própýl]-α-aspartýl]-L-fenýlalanín-1-metýlester, mónóhýdrat (IUPAC); L-fenýlalanín, N-[3-(3-hýdroxý-4-metoxýfenýl)própýl]-L-α-aspartýl-, 2-metýl-ester, mónóhýdrat (CA)
Sameindaformúla	$C24H30N2O7 \cdot H_2O$
Mólþyngd	476,52 g/mól (mónóhýdrat)
Magngreining	Ekki minna en 97,0% og ekki meira en 102,0% miðað við vatnsfrítt form
Lýsing	Hvítt yfir í gult duft
Sanngreining	
Bræðslumark	101,5 °C
Hreinleiki	
N-[N-[3-(3-hýdroxý-4-metoxýfenýl)própýl-α-aspartýl]-L-fenýlalanín (ANS9801-sýra)	Ekki meira en 1,0%
Heildarmagn annarra tengdra efna	Ekki meira en 1,5%
Leysiefnaleifar	Ísóprópýlasetat: Ekki meira en 2000 mg/kg Metýlasetat: Ekki meira en 500 mg/kg Metanól:‚‚ Ekki meira en 500 mg/kg 2-própanól: Ekki meira en 500 mg/kg
Vatnsinnihald	Ekki meira en 5,0% (aðferð Karls Fischers)
Glæðileif	Ekki meira en 0,2%
Arsen	Ekki meira en 2 mg/kg
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg
Palladíum	Ekki meira en 5,3 mg/kg
Platína	Ekki meira en 1,7 mg/kg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 505/2014 2015/EES/8/22

frá 15. maí 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun karamellubrúnna litarefna (E 150a-d) í bjór og maltdrykki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Breyta má skránni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Karamellubrún litarefni eru matvælalitarefni sem eru sem stendur samþykkt til notkunar og skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Samþykkið tekur tillit til ásættanlegrar, daglegrar inntöku (ÁDI), sem vísindanefndin um matvæli ákvarðaði árin 1987, 1990 og 1996.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gaf út álit 3. febrúar 2011 að því er varðar endurmat á öryggi karamellubrúnna litarefna sem matvælaaukefna ([3]). Í álitinu ákvarðaði Matvælaöryggisstofnunin að ásættanleg, dagleg inntaka fyrir flokk efna væri 300 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Innan ásættanlegrar, daglegrar inntöku fyrir þennan flokk var sérstaklega ákvörðuð ásættanleg, dagleg inntaka fyrir E 150c karamellubrúnt, ammoníað sem nemur 100 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að fæðutengdu váhrifin, sem vænta má að börn og fullorðnir verði fyrir, geti farið yfir ásættanlega, daglega inntöku fyrir karamellubrúnt (E 150a), karamellubrúnt, ammoníað (E 150c) og ammoníað, súlfítað karamellubrúnt (E 150d).

5) Matvælaöryggisstofnunin gaf út yfirlýsingu 3. desember 2012 um nákvæmara mat á váhrifum fyrir karamellubrúnu litarefnin E 150a, E 150c og E 150d og komst að þeirri niðurstöðu að fæðutengdu váhrifin sem vænta má voru talsvert minni en áætlað var í fyrra áliti ([4]). Matvælaöryggisstofnunin komst þó að þeirri niðurstöðu að smábörn og fullorðnir gætu enn farið yfir ásættanlega, daglega inntöku fyrir karamellubrúnt, ammoníað (E 150c). Þó að aðeins hafi verið farið lítillega yfir ásættanlega, daglega inntöku (6%) á hærri váhrifastigum hjá smábörnum í einu aðildarríki fór ásættanleg, dagleg inntaka yfir 5–51% hjá fullorðnum í fimm aðildarríkjum. Að teknu tilliti til nákvæmari landsbundinna upplýsinga um raunverulega notkun á karamellubrúnu, ammoníuðu (E 150c) sýndu hlutaðeigandi aðildarríki fram á að raunverulegt inntekið magn er umtalsvert minna. Með tilliti til þess að váhrif hjá fullorðnum má einkum rekja til bjórs er þó viðeigandi að breyta notkunarskilyrðunum og ákvarða hámarksgildi fyrir notkun karamellubrúns, ammoníaðs (E 150c) í matvælaflokki 14.2.1 „Bjór og maltdrykkir“ til að tryggja öfluga heilsuvernd manna.

6) Samkvæmt 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 skulu hámarksgildin fyrir litarefni gilda um það magn litarefnis sem er í litunarblöndunni, nema annað sé tekið fram. Flókin efnasamsetning karamellubrúnna litarefna og takmörkuð þekking á þeim veldur því þó að erfitt getur verið að greina þau í matvælum. Lögbær yfirvöld gætu því, í tengslum við að sinna opinberu eftirliti, einnig íhugað að sannprófa magn 2-asetýl-4-tetrahýdroxý-bútýlimídasóls, þ.e. óhreininda sem hægt er að ákvarða með greiningu og sem tekið var tillit til þegar sérstök ásættanleg, dagleg inntaka fyrir karamellubrúnt, ammoníað (E 150c) var ákvörðuð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 260/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(3), 2004.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(12), 3030.

7) Umsókn um leyfi fyrir notkun á karamellubrúnum litarefnum (E 150a-d) í maltdrykki var lögð fram 4. júní 2013 og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

8) Skilgreiningu á bjór er ekki að finna í löggjöf Sambandsins og landsbundnar skilgreiningar eru mismunandi eftir aðildarríkjum. Tiltekin vara, sem er flokkuð sem bjór í einu aðildarríki, gæti af þessum sökum verið flokkuð sem maltdrykkur í öðru aðildarríki. Þar eð þörf er á karamellubrúnum litarefnum (E 150a-d) í maltdrykki af tæknilegum ástæðum og notkun á karamellubrúnum litarefnum er einungis heimiluð í bjór hefur núverandi staða neikvæð áhrif á innri markaðinn og hindrar frjálsan flutning á þessum vörum. Því þykir rétt að leiðrétta þessa stöðu.

9) Maltdrykkir eiga það sameiginlegt að fullunnin vara inniheldur ekki malt sem slíkt og það eru líkindi milli þessara drykkja og bjórs að því er varðar þá tækni sem notuð er og þörf fyrir matvælaaukefni. Karamellubrún litarefni eru nauðsynleg til að færa lit, sem hefur orðið fyrir áhrifum af framleiðsluferlunum, aftur í samræmt horf og/eða til að bæta útlit maltdrykkja úr ljósu malti. Ekki er hægt að nota ristað malt til að ná fram dökka litnum þar eð það gefur sterkt bragð sem hentar ekki þessum vörum.

10) Maltdrykkir eru sérhæfðar vörur sem bjóða upp á annan valkost við vörur sem er sem stendur leyfilegt að nota karamellubrún litarefni í (þ.e. bragðbættar drykkjarvörur og bjóra). Því er ekki búist við að leyfi til að nota karamellubrún litarefni í maltdrykki myndi hafa umtalsverð áhrif á heildarváhrif af völdum karamellubrúnna litarefna.

11) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 á framkvæmdastjórnin að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að slík uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð rýmkun á notkun á karamellubrúnum litarefnum (E 150a-d) í maltdrykki telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

12) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir „E 150a-d“ í matvælaflokki 14.2.1 „Bjór og maltdrykkir“ í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 komi eftirfarandi:

	„E 150a,b,d	Karamellubrúnt, Basískt, súlfitað karamellubrúnt og Ammoníað, súlfitað karamellubrúnt	eftir þörfum		
	E 150c	Karamellubrúnt, ammóníað	6 000		
	E 150c	Karamellubrúnt, ammóníað	9 500		einungis *Bière de table/Tafelbier/Table beer* (upprunalegt magn maltvökva er minna en 6%); Brown ale, porter, stout og old ale“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 506/2014 **2015/EES/8/23**

frá 15. maí 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar etýlláróýlargínat sem rotvarnarefni í tilteknar hitameðhöndlaðar kjötafurðir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum([1]), einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 30. gr. (5. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Skrá Evrópusambandsins og nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Hinn 5. maí 2006 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á etýlláróýlargínati sem rotvarnarefni í nokkra matvælaflokka. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Í framhaldi af því, í apríl 2007, lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat á öryggi notkunar á etýlláróýlargínati sem rotvarnarefni í matvæli og úthlutaði ásættanlegri, daglegri inntöku sem nemur 0,5 mg/kg líkamsþyngdar ([4]). Hófsamt mat á váhrifum af völdum efnisins, bæði hjá fullorðnum og börnum, benti til þess að líklegt sé að farið verði yfir ásættanlega, daglega inntöku við tillagða hámarksnotkun í nokkrum matvælaflokkum.

6) Í ljósi þessara niðurstaðna tók umsækjandinn notkun og notkunarmagn efnisins til endurskoðunar og óskaði eftir leyfi til notkunar í hitameðhöndlaðar kjötafurðir. Matvælaöryggisstofnunin birti yfirlýsingu í júlí 2013 um nákvæmara mat á váhrifum af völdum etýlláróýlargínats á grundvelli endurskoðaðrar, tillagðrar notkunar á efninu sem matvælaaukefni ([5]) og komst að þeirri niðurstöðu að váhrif á alla aldurshópa væru fyrir neðan ásættanlega, daglega inntöku sem nemur 0,5 mg/kg líkamsþyngdar á dag.

7) Af tæknilegum ástæðum er þörf á að nota etýlláróýlargínat sem rotvarnarefni í hitameðhöndlaðar kjötafurðir í því skyni að bæta örverufræðilega eiginleika þessara matvæla, þ.m.t. að letja vöxt skaðlegra örvera á borð við *Listeria monocytogenes*. Þar eð notkun á etýlláróýlargínati í hitameðhöndlaðar kjötafurðir mun stuðla að því að viðhalda gæðum þeirra og öryggi þykir rétt að leyfa notkun þess í hitameðhöndlaðar kjötafurðir og úthluta þessu matvælaaukefni E-númerinu E 243.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 260/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.
([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.
([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.
([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).
([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2007) 511, bls. 1.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3294.

8) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir etýllárýlargínat (E 243), þegar það er fært í skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í fyrsta sinn.

9) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. lið í B-hluta „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni“ bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir „E 242 Dímetýlkarbónat“:

„E 243	Etýlláróýlargínat“

2) Í E-hluta, í matvælaflokki 08.2.2. „Hitameðhöndlað unnið kjöt“ bætist eftirfarandi ný færsla við:

	„E 243	Etýlláróýlargínat	160		Að undanskildum finhökkuðum pylsum (e. *emulsified sausage*), reyktum pylsum og lifrarmauki (e. *liver paste*)“

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir nákvæmu skilgreiningunni fyrir matvælaaukefni E 242:

„E 243 ETÝLLÁRÓÝLARGÍNAT

Samheiti	Lárínargínatetýlester; láramíðarginínetýlester; etýl-Nα-láróýl-L-argínat HCl; LAE;
Skilgreining	Etýlláróýlargínat er efnasmíðað með því að estera arginín með etanóli, því næst er esterinn látinn hvarfast við láróýlklóríð. Etýlláróýlargínatið, sem verður til, er endurheimt sem hýdróklóríðsalt sem er síað og þurrkað.
ELINCS-númer	434-630-6
Efnaheiti	Etýl-Nα-dódekanóýl-L-argínat HCl
Efnaformúla	C20H41N4O3Cl
Mólþyngd	421,02
Magngreining	Ekki minna en 85% og ekki meira en 95%
Lýsing	Hvítt duft
Sanngreining	
Leysni	Auðleysanlegt í vatni, etanóli, própýlenglýkóli og glýseróli
Hreinleiki	
Nα-Láróýl-L-arginín	Ekki meira en 3%
Lárínsýra	Ekki meira en 5%
Etýllárat	Ekki meira en 3%
L-arginín HCl	Ekki meira en 1%
Etýlargínat 2HCl	Ekki meira en 1%
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 200/2014 **2015/EES/8/24**

frá 3. mars 2014

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið triptórelínasetat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010([2]).

3) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir triptórelínasetat í öllum svínum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

4) Dýralyfjanefndin lagði svo til að engin þörf væri á að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir triptórelínasetat fyrir svín.

5) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

6) Dýralyfjanefndin mælti með því að yfirfæra niðurstöðurnar úr matinu á triptórelínasetati af svínum yfir á allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir efnið triptórelínasetat fyrir allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis um leið og staðfest er að ekki sé þörf á að fastsetja hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 261/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

VIÐAUKI

Eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Triptórelínasetat	Á EKKI VIÐ	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	ENGIN FÆRSLA	Lyf sem virka á æxlunarfæri“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 201/2014 **2015/EES/8/25**

frá 3. mars 2014

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið tildipírósín (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010([2]).

3) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 759/2010([3]) er tildipírósín skráð til bráðabirgða sem leyft efni fyrir nautgripi, geitur og svín, sem gildir um vöðva, fitu (húð og fitu að því er varðar svín), lifur og nýru, að undanskildum dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis, til 1. janúar 2012. Í samræmi við þann viðauka giltu hámarksgildi leifa fyrir vöðva ekki um þann inndælingarstað sem hærri gildi hafa verið fastsett fyrir.

4) Viðbótargögn voru lögð fram og metin og í kjölfarið mælti dýralyfjanefndin með því að fastsetja endanleg hámarksgildi leifa fyrir tildipírósín fyrir nautgripi, geitur og svín, sem gilda um vöðva, fitu (húð og fitu í eðlilegum hlutföllum að því er varðar svín), lifur og nýru, að undanskildum þeim dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis. Að teknu tilliti til þess að framkvæmdastjórnin og yfirvöld, sem annast eftirlit með efnaleifum, telja að fastsetja þurfi einstakt hámarksgildi leifa fyrir vöðva til að tryggja að eftirlitið sé framkvæmanlegt mælti dýralyfjanefndin ekki með því í endurskoðuðu áliti að kveða á um sérstakt hámarksgildi leifa fyrir vöðva sem inndælingarstað eins og nefndin hafði gert í undangengnum álitum sínum.

5) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

6) Dýralyfjanefndin mælti með því að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir tildipírósín af nautgripum yfir á geitur. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir framreikningi á þessu efni yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

7) Því ætti að breyta færslunni fyrir tildipírósín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir endanleg hámarksgildi leifa fyrir lyfjavirka efnið tildipírósín fyrir nautgripi, geitur og svín, sem gildir um vöðva, fitu (húð og fitu í eðlilegum hlutföllum fyrir svín), lifur og nýru. Ákvæði um hámarksgildi leifa fyrir inndælingarstaðinn að því er varðar vöðva og um bráðabirgðahámarksgildi leifa falli brott.

8) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 261/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 759/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið tildipírósín (Stjtíð. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 39).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 3. maí 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið tildipírósín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Tildipírósín	Tildipírósín	Nautgripir, geitur	400 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.	Sýkingalyf/sýklalyf“
			200 µg/kg	Fita		
			2 000 µg/kg	Lifur		
			3 000 µg/kg	Nýru		
		Svín	1 200 µg/kg	Vöðvi		
			800 µg/kg	Húð og fita í eðlilegum hlutföllum		
			5 000 µg/kg	Lifur		
			10 000 µg/kg	Nýru		

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 418/2014 **2015/EES/8/26**

frá 24. apríl 2014

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið ívermektín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010([2]).

3) Ívermektín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem gildir um fitu, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

4) Hinn 15. desember 2010 fór framkvæmdastjórnin fram á að Lyfjastofnun Evrópu gæfi út nýtt álit á efninu ívermektíni með tilliti til þess möguleika að fastsetja hámarksgildi leifa í vöðvavef.

5) Hinn 9. júní 2011 samþykkti dýralyfjanefndin álit þar sem mælt var með því að hámarksgildi leifa vegna ívermektíns í vefjum, þ.m.t. vöðvum, yrði fastsett fyrir allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis.

6) Hinn 25. október 2011 fór framkvæmdastjórnin fram á það við dýralyfjanefndina að hún endurskoðaði álit sitt frá 9. júní 2011 og breytti þeim hluta þess sem vísaði til gilda efnaleifa á inndælingarstað í „Önnur ákvæði“ í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 124, 25.4.2014, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

7) Hinn 12. september 2013 samþykkti dýralyfjanefndin endurskoðað álit þar sem mælt var með að hámarksgildi leifa fyrir ívermektín yrðu fastsett fyrir allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og gildi um fitu, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis. Dýralyfjanefndin mælti með því í endurskoðuðu áliti sínu að til þess að fylgjast með leifum af ívermektíni ætti, ef allur skrokkurinn er tiltækur, að taka sýni úr fitu, lifur og nýrum fremur en úr vöðvum þar eð leifar í þeim vefjum eyðast hægar en leifar í vöðvum.

8) Því ætti að breyta færslunni fyrir ívermektín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir hámarksgildi leifa fyrir lyfjavirka efnið fyrir allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem gilda um fitu, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

9) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 24. júní 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið ívermektín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Ívermektín	22, 23-díhýdró-avermektín B 1a	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis	30 µg/kg 100 µg/kg 100 µg/kg 30 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru	Fyrir svín varðar þetta hámarksgildi leifa fyrir fitu „húð og fitu í eðlilegum hlutföllum“. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	Sníklalyf/Inn- og útsníklalyf“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 357/2014 **2015/EES/8/27**

frá 3. febrúar 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 að því er varðar kringumstæður sem gætu kallað á verkunarrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum([1]), einkum 22. gr. b,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu([2]), einkum 10. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Taka ætti ákvarðanir um markaðsleyfi vegna lyfja á grundvelli hlutlægra viðmiðana um gæði, öryggi og verkun viðkomandi lyfs til að tryggja að aðeins lyf af miklum gæðum séu sett á markað og gefin sjúklingum. Af því leiðir að gera þarf umfangsmiklar rannsóknir á nýjum lyfjum, þ.m.t. klínískar verkunarrannsóknir, áður en veitt er leyfi fyrir þeim.

2) Samkvæmt f-lið 21. gr. a í tilskipun 2001/83/EB og cc-lið 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 getur við tilteknar aðstæður verið nauðsynlegt að auka við þau gögn sem eru tiltæk þegar markaðsleyfið er veitt með viðbótargögnum varðandi verkun lyfs til að fjalla um athugunarefni sem ekki var hægt að leysa áður en markaðsleyfið var veitt. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 2001/83/EB og b-lið 1. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EB) nr. 726/2004 geta upplýsingar eftir veitingu markaðsleyfis að auki krafist umtalsverðrar endurskoðunar á fyrra mati á verkun og kallað á viðbótargögn til staðfestingar meðan markaðsleyfinu er viðhaldið. Í báðum tilvikum er lögbærum landsyfirvöldum, Lyfjastofnun Evrópu og framkvæmdastjórninni (hér á eftir nefnd „lögbær yfirvöld“) heimilt að leggja þá skyldu á markaðsleyfishafann að gera verkunarrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis.

3) Skyldan til að gera verkunarrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis ætti að ná yfir tiltekin, vel rökstudd, vísindaleg athugunarefni sem gætu haft bein áhrif á viðhald markaðsleyfisins. Ekki ætti að nota hana sem rökstuðning fyrir ótímabærri veitingu markaðsleyfis. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 10.4.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 263/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

2001/83/EB og 1. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EB) nr. 726/2004 ætti skyldan til að gera slíka rannsókn að vera rökstudd í hverju tilviki fyrir sig og með hliðsjón af eiginleikum lyfs og fyrirliggjandi gögnum. Rannsóknin ætti að veita lögbæru yfirvöldunum og markaðsleyfishafanum nauðsynlegar upplýsingar, annað hvort til að auka við upphaflegu gögnin eða til að sannprófa hvort markaðsleyfinu skuli viðhaldið eins og það var veitt, því breytt, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað á grundvelli nýrra gagna sem aflað var með rannsókninni.

4) Ákvæði 22. gr. b í tilskipun 2001/83/EB og 10. gr. b í reglugerð (EB) nr. 726/2004 veita framkvæmdastjórninni vald til að tiltaka við hvaða aðstæður verkunarrannsókna eftir veitingu markaðsleyfis gæti verið krafist. Vegna gagnsæis og réttarvissu og í ljósi þróunar á sviði vísindaþekkingar er rétt að taka saman skrá yfir tilteknar aðstæður og þær kringumstæður sem gætu verið teknar til athugunar.

5) Á ýmsum sviðum meðferða hafa staðgönguendapunktar, s.s. lífmerki eða minnkun á æxlum í krabbameinslækningum, verið notaðir sem verkfæri til að skilgreina verkun lyfja í klínískum könnunar- eða staðfestingarrannsóknum. Til að styrkja matið, sem er byggt á þessum endapunktum, getur verið viðeigandi að afla fleiri gagna um verkun á tímabilinu eftir að markaðsleyfi hefur verið veitt til að sannprófa áhrif inngripsins á klínísku niðurstöðuna eða á framgang sjúkdómsins. Það getur líka verið nauðsynlegt að sannprófa hvort gögn um heildarlifun á tímabilinu eftir að markaðsleyfi hefur verið veitt séu ósamhljóða niðurstöðum staðgönguendapunktsins eða staðfesti þær.

6) Sum lyf kunna að vera notuð reglulega í samsetningu með öðrum lyfjum. Þó að ætlast sé til þess að umsækjandi um markaðsleyfi athugi áhrif slíkra samsetninga í klínískum rannsóknum er oft hvorki nauðsynlegt né viðeigandi að rannsaka að fullu allar mögulegar samsetningar, sem markaðsleyfið nær yfir almennt, fyrir veitingu þess. Þess í stað gæti verið hægt að byggja vísindalega matið að hluta til á framreikningi fyrirliggjandi gagna. Í sérstökum tilvikum getur skipt máli að afla frekari klínískra gagna vegna tiltekinna samsetninga eftir markaðsleyfisveitinguna ef slíkar rannsóknir gætu skýrt vafaatriði sem þegar hefur ekki verið fjallað um. Þetta á einkum við ef slíkar samsetningar eru notaðar eða ef vænta má að þær verði notaðar við dagleg læknisstörf.

7) Í klínísku lykilrannsókninni, sem er gerð fyrir veitingu markaðsleyfisins, getur verið erfitt að ná saman traustum dæmum um alla mismunandi undirhópa sem eru gefin lyfin. Það þarf ekki að koma í veg fyrir að þegar á heildina er litið sé samband milli ávinnings og áhættu jákvætt þegar markaðsleyfið er veitt. Ef komið hafa í ljós vafaatriði að því er varðar ávinning fyrir tiltekna undirhópa getur þó verið nauðsynlegt að fá frekari gögn um verkun, með klínískum rannsóknum með sértækum markmiðum eftir veitingu markaðsleyfisins.

8) Við eðlilegar aðstæður er engin lögboðin krafa um langvarandi eftirfylgni vegna virkni lyfja, sem hluta af eftirliti eftir veitingu markaðsleyfis, jafnvel ekki fyrir lyf sem eru leyfð gegn langvinnum sjúkdómum. Í mörgum tilvikum dregur úr áhrifum lyfs með tímanum og þörf verður á endurskilgreiningu meðferðarinnar. Þetta spillir þó ekki endilega sambandinu milli ávinnings og áhættu af lyfi og mati á jákvæðum áhrifum fram að þeim tímapunkti. Í undantekningartilvikum, ef mögulegur skortur á langtímavirkni gæti vakið áhyggjur að því er varðar viðhald jákvæða sambandsins milli ávinnings og áhættu af inngripinu, ætti að gera kröfur um rannsóknir eftir markaðsleyfisveitingu. Þetta gæti átt við um nýjar meðferðir sem fela í sér inngrip sem er ætlað að breyta gangi sjúkdómsins.

9) Við undantekningaraðstæður mætti gera kröfur um rannsóknir við dagleg læknisstörf ef skýrar vísbendingar eru um að raunveruleg notkunarskilyrði hafi umtalsverð áhrif á þann ávinning af lyfi sem er sýnt fram á í klínískum samanburðarprófunum með slembivali (e. *randomised controlled clinical trials*), eða ef best er að rannsaka hin sértæku, vísindalegu athugunarefni með aðgangi að gögnum sem er safnað við dagleg læknisstörf. Auk þess eru rannsóknir á verndarverkun (e. *protective efficacy studies*) bóluefna ekki alltaf mögulegar. Einnig mætti nota mat á árangri úr framskyggnum rannsóknum, sem eru gerðar meðan á bólusetningarátaki stendur eftir markaðsleyfisveitingu, til þess að afla frekari þekkingar á getu bóluefnisins til að veita vernd í skemmri eða lengri tíma.

10) Á lífsferli lyfs með markaðsleyfi geta orðið umtalsverðar breytingar á viðmiðum um aðgæslu (e. *standard of care*) vegna greiningar, meðferðar eða sjúkdómavarna sem valda því að þörf er á að hefja aftur umfjöllun um fastsett samband milli ávinnings og áhættu af lyfinu. Evrópudómstóllinn úrskurðaði að breytt sammæli innan læknastéttarinnar varðandi viðeigandi matsviðmiðun fyrir meðferðarverkun lyfs geti talist raunhæfir og hlutlægir þættir sem geta verið grundvöllur úrskurðar um að samband milli ávinnings og áhættu af lyfinu sé neikvætt([3]). Því getur verið nauðsynlegt að leggja fram ný gögn um verkun lyfsins til að viðhalda jákvæðu mati á sambandinu milli ávinnings og áhættu. Einnig má taka til athugunar að gera frekari rannsóknir ef aukinn skilningur á sjúkdómnum eða á líflyfjafræði lyfs veldur efasemdum um viðmiðanirnar sem voru notaðar til að ákvarða verkun lyfsins þegar markaðsleyfið var veitt.

11) Til þess að afla mikilvægra gagna er nauðsynlegt að tryggja að tilhögun verkunarrannsóknar eftir veitingu markaðsleyfis sé til þess fallin að svara þeim vísindalegu spurningum sem henni er ætlað að fjalla um.

12) Lögbærum yfirvöldum er heimilt að leggja á þá skyldu að verkun mannalyfja sé tryggð eða staðfest í tengslum við skilyrt markaðsleyfi og/eða markaðsleyfi sem hefur verið veitt í undantekningartilvikum, eða í kjölfar málskotsmeðferðar skv. 31. og 107. gr. i í tilskipun 2001/83/EB eða 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004. Auk þess gætu handhafar markaðsleyfa fyrir hátæknimeðferðarlyf eða lyfja fyrir börn þurft að hlíta tilteknum ráðstöfunum til að tryggja eftirfylgni með verkun. Af því leiðir að það er nauðsynlegt að gera verkunarrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis. Meta ætti þörfina á slíkri rannsókn með tilliti til slíkrar málsmeðferðar og óháð þeim tilteknu aðstæðum og kringumstæðum sem eru tilgreind í þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Lögbærum landsyfirvöldum, Lyfjastofnun Evrópu eða framkvæmdastjórninni er heimilt að krefjast þess að handhafi markaðsleyfis geri verkunarrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis, í samræmi við 21. gr. a (f-lið) og 22. gr. a (b-lið 1. mgr.) í tilskipun 2001/83/EB og 9. gr. (cc-lið 4. mgr.) og 10. gr. a (b-lið 1. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 726/2004, ef:

a) greinst hafa þættir í verkun lyfsins sem eru athugunarefni og sem er ekki hægt að leysa fyrr en eftir að viðkomandi lyf hefur verið sett á markað,

b) skilningur á sjúkdómnum, klínískri aðferðafræði eða notkun lyfsins við raunverulegar aðstæður bendir til þess að það gæti þurft umtalsverða endurskoðun á fyrra verkunarmati.

2. Lögbær landsyfirvöld, Lyfjastofnun Evrópu eða framkvæmdastjórnin skulu aðeins beita 1. mgr. í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika:

a) upphaflegt mat á verkun, sem er gert á grundvelli staðgönguendapunkta, sem krefst sannprófunar á áhrifum inngripsins á klíníska niðurstöðu eða á framgang sjúkdómsins eða staðfestingar á fyrri ályktunum um verkun,

b) þegar um er að ræða lyf sem eru notuð í samsetningu með öðrum lyfjum: þörf er á frekari verkunargögnum til að skýra vafaatriði sem ekki var fjallað um þegar leyfi var veitt fyrir lyfinu,

c) óvissa að því er varðar verkun lyfs hjá tilteknum undirhópum sem ekki var hægt að leysa úr áður en markaðsleyfið var veitt og krefst frekari klínískra gagna,

([3]) Mál C-221/10P *Artegodan* gegn *framkvæmdastjórninni*, enn óbirt, 100.–103. liður.

d) mögulegur skortur á langtímavirkni sem vekur áhyggjur að því er varðar viðhald jákvæðs sambands milli ávinnings og áhættu af lyfinu,

e) notkun á lyfinu við raunverulegar aðstæður hefur umtalsverð áhrif á þann ávinning af lyfinu sem sýnt er fram á í klínískum rannsóknum eða, þegar um er að ræða bóluefni, rannsóknir á verndarverkun voru ekki mögulegar,

f) breyttur skilningur á viðmiðum um aðgæslu vegna sjúkdóms eða á líflyfjafræði lyfs verður til þess að viðbótargagna um verkun þess er krafist,

g) nýir raunhæfir og hlutlægir vísindalegir þættir sem geta verið grundvöllur úrskurðar um að endurskoða þurfi umtalsvert fyrra verkunarmat.

3. Þær aðstæður sem eru settar fram í 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á þá skyldu, sem er lögð á handhafa markaðsleyfis, að gera verkunarrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis í tengslum við allar eftirfarandi aðstæður:

a) skilyrt markaðsleyfi er veitt í samræmi við 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004,

b) markaðsleyfi er veitt í undantekningartilvikum og með fyrirvara um tiltekin skilyrði í samræmi við 8. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 eða 22. gr. tilskipunar 2001/83/EB,

c) markaðsleyfi er veitt vegna hátæknimeðferðarlyfs í samræmi við 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007([4]),

d) lyf er notað fyrir börn í samræmi við 2. mgr. 34. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1901/2006([5]),

e) málskotsmeðferð er hafin í samræmi við 31. eða 107. gr. i í tilskipun 2001/83/EB eða 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 frá 13. nóvember 2007 um hátæknimeðferðarlyf og breytingu á tilskipun 2001/83/EB og reglugerð (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð ESB L 324, 10.12.2007, bls 121).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1901/2006 frá 12. desember 2006 um lyf fyrir börn og um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1768/92, tilskipun 2001/20/EB, tilskipun 2001/83/EB og reglugerð (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð ESB L 378, 27.12.2006, bls. 1).

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 658/2014 **2015/EES/8/28**

frá 15. maí 2014

um gjöld sem greiða ber til Lyfjastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar á lyfjagátarstarfsemi að því er varðar mannalyf (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tekjur Lyfjastofnunar Evrópu (heitið notað óstytt) samanstanda af framlagi frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða fyrir að fá og halda markaðsleyfum í Sambandinu og fyrir aðra þjónustu eins og um getur í 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([3]).

2) Ákvæðum um lyfjagát í tengslum við mannalyf („lyf“), sem mælt var fyrir um í reglugerð (EB) nr. 726/2004 og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([4]), var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/84/ESB ([5]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1235/2010 ([6]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/26/ESB ([7]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1027/2012 ([8]). Í þessum breytingum er kveðið á um ný verkefni á sviði lyfjagátar af hálfu Lyfjastofnunar Evrópu, þ.m.t. málsmeðferð við lyfjagát á vettvangi Sambandsins, að fylgjast með tilvikum í fræðiritum og bæta notkun á upplýsingatæknibúnaði. Ennfremur er í þessum breytingum kveðið á um að gera ætti Lyfjastofnun Evrópu kleift að fjármagna þessa starfsemi með því að taka gjald af markaðsleyfishöfum. Af þeim sökum ætti að stofna nýjar tegundir gjalda til að ná yfir ný og sértæk verkefni Lyfjastofnunar Evrópu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 112. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 67, 6.3.2014, bls. 92.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. maí 2014.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1)

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/84/ESB frá 15. desember 2010 um breytingu, að því er varðar lyfjagát, á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 74).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1235/2010 frá 15. desember 2010 um breytingu, að því er varðar lyfjagát vegna mannalyfja, á reglugerð (EB) nr. 726/2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu og á reglugerð (EB) nr. 1394/2007 um hátæknimeðferðarlyf (Stjtíð. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/26/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB að því er varðar lyfjagát (Stjtíð. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1027/2012 frá 25. október 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 726/2004 að því er varðar lyfjagát (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 38).

3) Til að gera Lyfjastofnun Evrópu kleift að innheimta gjöld fyrir þessi nýju verkefni á sviði lyfjagátar og meðan beðið er lagalegrar heildarendurskoðunar á gjaldafyrirkomulaginu í lyfjageiranum ætti að samþykkja þessa reglugerð. Þau gjöld, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ættu að gilda án þess að það hafi áhrif á gjöldin sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 ([9]).

4) Þessi reglugerð ætti að byggjast á tvíþættum lagagrundvelli 114. gr. og c-liðar 4. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Með henni er miðað að því að fjármagna lyfjagátarstarfsemi sem stuðlar að því að skapa innri markað að því er varðar lyf, sem grundvallast á öflugri heilsuvernd. Samtímis er miðað að því með þessari reglugerð að tryggja fjármagn til að styrkja starfsemi til að ráða bót á almennum öryggisvanda í því skyni að viðhalda ströngum kröfum um gæði, öryggi og verkun lyfja. Leitast er við að ná báðum markmiðum samtímis og þau eru óaðskiljanlega tengd þannig að annað er ekki síður mikilvægt en hitt.

5) Fastsetja ætti samsetningu og fjárhæð gjalda fyrir lyfjagát, sem Lyfjastofnun Evrópu innheimtir, sem og reglur um greiðslu þeirra. Samsetning gjalda ætti að vera eins einföld og unnt er til að lágmarka tengt stjórnsýsluálag.

6) Að því er varðar stofnanir með tekjur sem samanstanda af gjöldum og þóknunum auk framlags frá Sambandinu ættu þóknanir, í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 19. júlí 2012 um sjálfstæðar stofnanir, að vera nægilega háar til að komið sé í veg fyrir halla eða umtalsverðan uppsafnaðan afgang og ef sú er ekki raunin ætti að endurskoða þær. Af þeim sökum ættu gjöldin, sem eru ákvörðuð í þessari reglugerð, að byggjast á mati á mati og spám Lyfjastofnunar Evrópu að því er varðar vinnuálag hennar og tengdan kostnað og á grundvelli mats á kostnaði við þá vinnu sem lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna, sem gegna hlutverki skýrslugjafa, inna af hendi og, eftir atvikum, meðskýrslugjafar í samræmi við 61. gr. (6. mgr.) og 62. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 726/2004 og 107. gr. e, 107. gr. j og 107. gr. q í tilskipun 2001/83/EB.

7) Gjöldin, sem komið er á með þessari reglugerð, ættu að vera gagnsæ, sanngjörn og í réttu hlutfalli við það starf sem innt er af hendi. Upplýsingar um þessi gjöld ættu að vera aðgengilegar öllum. Allar framtíðarendurskoðanir á lyfjagátargjöldum eða öðrum gjöldum sem Lyfjastofnun Evrópu leggur á ættu að byggjast á gagnsæju og sjálfstæðu mati á kostnaði Lyfjastofnunarinnar og kostnaði við þau verkefni sem lögbær landsyfirvöld inna af hendi.

8) Í þessari reglugerð ætti einungis að setja reglur um gjöld sem Lyfjastofnun Evrópu á að leggja á en valdheimild til að taka ákvörðun um hugsanleg gjöld sem lögbær landsyfirvöld leggja á ætti að haldast hjá aðildarríkjunum, þ.m.t. í tengslum við verkefni á sviði frumgreiningar ræsimerkis. Ekki ætti að innheimta gjald tvisvar sinnum af markaðsleyfishöfum fyrir sömu lyfjagátarstarfsemina. Af þeim sökum ættu aðildarríkin ekki að leggja á gjöld fyrir þá starfsemi sem fellur undir þessa reglugerð.

9) Með skírskotun til fyrirsjáanleika og skýrleika ætti að gefa fjárhæð gjaldanna upp í evrum.

10) Leggja ætti á tvenns konar gjöld samkvæmt þessari reglugerð í því skyni að taka tillit til fjölbreytileikans í verkefnum Lyfjastofnunar Evrópu og skýrslugjafanna og, eftir atvikum, meðskýrslugjafanna. Í fyrsta lagi ætti að innheimta gjöld fyrir málsmeðferð við lyfjagát á vettvangi Sambandsins, hjá markaðsleyfishöfum þeirra lyfja sem falla undir málsmeðferðina. Þessi málsmeðferð tengist mati á reglulega uppfærðum öryggisskýrslum, mati á öryggisrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis og mati í tengslum við málskot sem er hafið vegna mats á lyfjagátarupplýsingum. Í öðru lagi ætti að innheimta árgjald fyrir aðra lyfjagátarstarfsemi, sem Lyfjastofnun Evrópu innir af hendi, sem markaðsleyfishafar njóta almennt góðs af. Þessi starfsemi tengist upplýsingatækni, einkum viðhaldi á Eudravigilance-gagnagrunninum sem um getur í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, og því að fylgjast með völdum læknisfræðiritum.

([9]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu (Stjtíð. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1).

11) Markaðsleyfishafar lyfja, sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004, greiða nú þegar árgjald til Lyfjastofnunar Evrópu fyrir að viðhalda leyfum sínum sem nær yfir lyfjagátarstarfsemi sem fellur undir árgjaldið sem er komið á samkvæmt þessari reglugerð. Til að komast hjá tvöfaldri gjaldtöku fyrir þessa lyfjagátarstarfsemi Lyfjastofnunar Evrópu ætti ekki að innheimta árgjaldið, sem er komið á með þessari reglugerð, fyrir markaðsleyfi sem eru veitt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004.

12) Það starf sem Lyfjastofnun Evrópu eða lögbært landsyfirvald innir af hendi á vettvangi Sambandsins að því er varðar mat á öryggisrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis sem fela ekki í sér inngrip, sem á að framkvæma í fleiri en einu aðildarríki og sem nefnd um áhættumat á sviði lyfjagátar þarf að styðja rannsóknaráætlunina fyrir, felur í sér eftirlit með þessum rannsóknum, þ.m.t. mat á drögum að rannsóknaráætlun og mat á lokaskýrslu rannsóknar. Af þeim sökum ættu gjöldin, sem eru lögð á fyrir þá málsmeðferð, að taka til allrar vinnu í tengslum við rannsóknina. Þar eð hvatt er til þess í löggjöf um lyfjagát að framkvæmdar séu sameiginlegar öryggisrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis ættu markaðsleyfishafar að skipta með sér viðeigandi gjöldum í tilvikum þar sem sameiginleg rannsókn er lögð fram. Til að komast hjá tvöfaldri gjaldtöku ættu markaðsleyfishafar, sem gjald er innheimt af fyrir mat á slíkum öryggisrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis, að vera undanþegnir öllum öðrum gjöldum sem Lyfjastofnun Evrópu eða lögbært landsyfirvald innheimtir fyrir framlagningu þessara rannsókna.

13) Við mat sitt reiða skýrslugjafar sig á vísindalegt mat og tilföng lögbærra landsyfirvalda en það er á ábyrgð Lyfjastofnunar Evrópu að samræma fyrirliggjandi vísindaleg tilföng sem aðildarríkin fá henni til ráðstöfunar. Í þessu ljósi og til að tryggja að til séu fullnægjandi tilföng fyrir vísindalegt mat í tengslum við málsmeðferð við lyfjagát á vettvangi Sambandsins ætti Lyfjastofnun Evrópu að greiða þóknun fyrir veitta, vísindalega matsþjónustu skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa, sem aðildarríkin útnefna sem nefndarmenn í nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar sem um getur í aa-lið 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, eða, ef við á, þjónustu skýrslugjafa og meðskýrslugjafa í samræmingarhópnum sem um getur í 27. gr. tilskipunar 2001/83/EB. Fjárhæð þóknunar fyrir veitta þjónustu þessara skýrslugjafa og meðskýrslugjafa ætti eingöngu að byggjast á mati á vinnuálagi sem í henni felst og taka ætti tillit til þess við ákvörðun á fjárhæð gjalda fyrir málsmeðferð við lyfjagát á vettvangi Sambandsins. Minnt er á að samkvæmt góðri starfsvenju, í tengslum við málskot sem er hafið vegna mats á lyfjagátarupplýsingum, leitast nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar almennt við að forðast að tilnefna sem skýrslugjafa aðila sem aðildarríkið, sem hóf málskotsmeðferðina, tilnefndi.

14) Leggja ætti gjöld á alla markaðsleyfishafa á sanngjörnum grundvelli. Af þeim sökum ætti að koma á skuldfæranlegri einingu, óháð því samkvæmt hvaða málsmeðferð lyfið hefur verið leyft, annaðhvort samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004 eða samkvæmt tilskipun 2001/83/EB, og því hvernig aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin úthluta leyfisnúmerum. Því markmiði er náð með því að fastsetja skuldfæranlegu einingunga á grundvelli virka efnisins eða virku efnanna og lyfjaformi lyfjanna sem falla undir þá skyldu að vera skráð í gagnagrunninn, sem um getur í l. lið annarrar undirgreinar í 1. mgr. 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, á grundvelli upplýsinga úr skránni, sem um getur í 2. mgr. 57. gr. sömu reglugerðar, yfir öll lyf sem hafa verið leyfð í Sambandinu. Ekki skal taka tillit til virka efnisins eða virku efnanna þegar skuldfæranlegu einingunni er komið á að því er varðar leyfð smáskammtalyf eða leyfð jurtalyf.

15) Í því skyni að taka tillit til gildissviðs markaðsleyfa fyrir lyf, sem veitt hafa verið markaðsleyfishöfum, ætti fjöldi skuldfæranlegra eininga, sem svarar til þessara markaðsleyfa, að vera með hliðsjón af þeim fjölda aðildarríkja þar sem markaðsleyfið er gilt.

16) Í samræmi við þá stefnu Sambandsins að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki ættu gjöldin að vera lægri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í skilningi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([10]). Slík gjöld ætti að fastsetja á grundvelli þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til greiðslugetu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í samræmi við þá stefnu ættu örfyrirtæki, í skilningi þeirra tilmæla, að vera undanskilin öllum gjöldum samkvæmt þessari reglugerð.

([10]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

17) Samheitalyf, lyf sem eru leyfð samkvæmt ákvæðum sem tengjast hefð fyrir notkun lyfs til lækninga, leyfð smáskammtalyf og leyfð jurtalyf ættu að falla undir lækkun á árgjöldum þar eð upplýsingar um öryggi þessara lyfja eru almennt viðurkenndar. Í tilvikum þar sem þessi lyf eru hluti af einhverri málsmeðferð við lyfjagát á vettvangi Sambandsins ætti þó að innheimta fullt gjald í ljósi þeirrar vinnu sem í henni felst.

18) Smáskammtalyf og jurtalyf, sem eru annars vegar skráð í samræmi við 14. gr. og hins vegar í samræmi við 16. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, ættu að vera undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar þar eð aðildarríkin inna af hendi lyfjagát fyrir þessi lyf. Lyf, sem eru leyfð til setningar á markað í samræmi við 126. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, ættu einnig að vera undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar.

19) Til að komast hjá óhóflegu stjórnsýsluvinnuálagi fyrir Lyfjastofnun Evrópu ættu lækkun á gjöldum og undanþága frá greiðslu gjalda, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að gilda á grundvelli yfirlýsingar markaðsleyfishafa sem telur sig eiga rétt á slíkri lækkun gjalda eða undanþágu frá greiðslu þeirra. Til að draga úr framlagningu rangra upplýsinga ætti í slíkum tilvikum að hækka fjárhæð viðeigandi gjalda.

20) Með skírskotun til samræmis ætti að fastsetja fresti fyrir greiðslu gjalda, sem lögð eru á samkvæmt þessari reglugerð, með tilhlýðilegu tilliti til þeirra fresta sem varða málsmeðferð við lyfjagát sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 726/2004 og tilskipun 2001/83/EB.

21) Aðlaga ætti fjárhæðir gjalda og þóknunar fyrir skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eftir því sem við á, til að taka tillit til verðbólgu. Í þeim tilgangi ætti að nota evrópska vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Evrópusambandsins birtir samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 ([11]). Að því er varðar slíka aðlögun ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

22) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja fullnægjandi fjármögnun á lyfjagátarstarfsemi sem innt er af hendi á vettvangi Sambandsins, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

23) Með skírskotun til fyrirsjáanleika, réttarvissu og meðalhófs ætti að leggja árgjaldið fyrir upplýsingatæknikerfin og eftirlit með fræðiritum á í fyrsta sinn 1. júlí 2015.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Þessi reglugerð skal gilda um gjöld fyrir lyfjagátarstarfsemi sem varðar mannalyf („lyf“), sem eru leyfð í Sambandinu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004 og tilskipun 2001/83/EB, sem Lyfjastofnun Evrópu (heitið notað óstytt) skal leggja á markaðsleyfishafa.

([11]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1).

2. Smáskammtalyf og jurtalyf, sem eru annars vegar skráð í samræmi við 14. gr. og hins vegar í samræmi við 16. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, og lyf, sem eru leyfð til setningar á markað í samræmi við 126. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, skulu vera undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar.

3. Með þessari reglugerð er komið á lyfjagátarstarfsemi sem fram fer á vettvangi Sambandsins, sem innheimta á gjöld fyrir, fjárhæðum og reglum um greiðslu þessara gjalda til Lyfjastofnunar Evrópu og fjárhæðum þóknunar frá Lyfjastofnuninni fyrir veitta þjónustu skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa.

4. Örfyrirtæki skulu undanskilin greiðslu hvers kyns gjalda samkvæmt þessari reglugerð.

5. Þau gjöld, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu gilda án þess að það hafi áhrif á gjöldin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 297/95.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „skuldfæranleg eining“: eining sem er skilgreind með einkvæmri samsetningu úr eftirfarandi gagnasafni Lyfjastofnunar Evrópu sem er unnið úr upplýsingum um öll lyf, sem eru leyfð í Sambandinu, og í samræmi við skyldur markaðsleyfishafa, sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, um að senda slíkar upplýsingar í gagnagrunninn sem um getur í 1. lið annarrar undirgreinar í 1. mgr. 57. gr. þeirrar reglugerðar:

   a) heiti lyfsins, eins og skilgreint er í 20. lið 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB,

   b) markaðsleyfishafi,

   c) aðildarríkið þar sem markaðsleyfið er gilt,

   d) virkt efni eða samsetning virkra efna og

   e) lyfjaform.

   Ákvæði d-liðar fyrstu undirgreinar gilda ekki ef um er að ræða leyft smáskammtalyf eða leyft jurtalyf eins og skilgreint er annars vegar í 5. lið og hins vegar í 30. lið í 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB,

2) „meðalstórt fyrirtæki”: meðalstórt fyrirtæki í skilningi tilmæla 2003/361/EB,

3) „lítið fyrirtæki”: lítið fyrirtæki í skilningi tilmæla 2003/361/EB,

4) „örfyrirtæki”: örfyrirtæki í skilningi tilmæla 2003/361/EB.

3. gr.

Tegundir gjalda

1. Gjöld fyrir lyfjagátarstarfsemi skulu samanstanda af eftirfarandi:

a) gjöldum fyrir málsmeðferð á vettvangi Sambandsins eins og kveðið er á um í 4., 5. og 6. gr.,

b) árgjaldi eins og kveðið er á um í 7. gr.

2. Ef Lyfjastofnun Evrópu leggur á gjald í samræmi við a-lið 1. mgr. þessarar greinar skal hún greiða lögbærum landsyfirvöldum þóknun, í samræmi við 9. gr.:

a) fyrir veitta þjónustu skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa í nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar, sem aðildarríkin hafa tilnefnt sem nefndarmenn í nefndinni,

b) fyrir það starf sem aðildarríkin, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa í samráðshópnum, inna af hendi.

4. gr.

Gjald fyrir mat á reglulega uppfærðum öryggisskýrslum

1. Lyfjastofnun Evrópu skal leggja á gjald fyrir mat á reglulega uppfærðum öryggisskýrslum sem um getur í 107. gr. e og 107. gr. g. í tilskipun 2001/83/EB og í 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

2. Í 1. lið I. hluta viðaukans er mælt fyrir um fjárhæð gjaldsins og samsvarandi fjárhæð þóknunar lögbæra landsyfirvaldsins í samræmi við 2. mgr. 3. gr.

3. Ef einungis einn markaðsleyfishafi fellur undir þá skyldu að leggja fram reglulega uppfærða öryggisskýrslu í tengslum við málsmeðferðina, sem um getur í 1. mgr., skal Lyfjastofnun Evrópu leggja heildarfjárhæð viðkomandi gjalds á umræddan markaðsleyfishafa.

4. Ef tveir eða fleiri markaðsleyfishafar falla undir þá skyldu að leggja fram reglulega uppfærða öryggisskýrslu í tengslum við málsmeðferðina, sem um getur í 1. mgr., skal Lyfjastofnun Evrópu skipta heildarfjárhæð gjaldsins á milli umræddra markaðsleyfishafa í samræmi við 2. lið I. hluta viðaukans.

5. Ef markaðsleyfishafinn, sem um getur í 3. og 4. mgr., er lítið eða meðalstórt fyrirtæki skal lækka fjárhæðina, sem markaðsleyfishafa ber að greiða, eins og mælt er fyrir um í 3. lið I. hluta viðaukans.

6. Lyfjastofnun Evrópu skal leggja gjaldið, samkvæmt þessari grein, á með því að gefa út reikning á hvern viðkomandi markaðsleyfishafa fyrir sig. Gjaldið ber að greiða þann dag sem málsmeðferð hefst vegna mats á reglulega uppfærðu öryggisskýrslunni. Gjöld, sem ber að greiða samkvæmt þessari grein, skal greiða til Lyfjastofnunar Evrópu innan 30 almanaksdaga frá dagsetningu reikningsins.

5. gr.

Gjald fyrir mat á öryggisrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis

1. Lyfjastofnun Evrópu skal leggja á gjald fyrir mat, sem innt er af hendi skv. 107. gr. n til 107. gr. q í tilskipun 2001/83/EB og 28. gr. b í reglugerð (EB) nr. 726/2004, á öryggisrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis, sem um getur í 21. gr. a (b-liður) og 22. gr. a (a-liður 1. mgr.) tilskipunar 2001/83/EB og í 9. gr. (liður cb í 4. mgr.) og í 10. gr. a (a-liður 1. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 726/2004, sem fara fram í fleiri en einu aðildarríki.

2. Í 1. lið II. hluta viðaukans er mælt fyrir um fjárhæð gjaldsins og samsvarandi fjárhæð þóknunar lögbæra landsyfirvaldsins í samræmi við 2. mgr. 3. gr.

3. Ef sú skylda að framkvæma öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis er lögð á fleiri en einn markaðsleyfishafa, fleiri en eitt lyf valda þessum sömu áhyggjum og viðkomandi markaðsleyfishafar framkvæma sameiginlega öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis skal sú fjárhæð sem hverjum markaðsleyfishafa ber að greiða lögð á eins og mælt er fyrir um í 2. lið II. hluta viðaukans.

4. Ef sú skylda að framkvæma öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis er lögð á markaðsleyfishafa, sem er lítið eða meðalstórt fyrirtæki, skal lækka fjárhæðina, sem markaðsleyfishafa ber að greiða, eins og mælt er fyrir um í 3. lið II. hluta viðaukans.

5. Lyfjastofnun Evrópu skal leggja gjaldið á með því að gefa út tvo reikninga á hvern markaðsleyfishafa fyrir sig, annan fyrir mat á drögum að rannsóknaráætlun og hinn fyrir mat á lokaskýrslu rannsóknar. Viðeigandi hluti af gjaldinu skal koma til greiðslu við upphaf málsmeðferðar við mat á drögum að rannsóknaráætlun og við upphaf málsmeðferðar við mat á lokaskýrslu rannsóknar og skal greiðast til Lyfjastofnunar Evrópu innan 30 almanaksdaga frá dagsetningu viðkomandi reiknings.

6. Markaðsleyfishafar, sem gjöldin eru innheimt hjá samkvæmt þessari grein, skulu undanþegnir greiðslu á hvers kyns öðrum gjöldum sem Lyfjastofnun Evrópu eða lögbært landsyfirvald innheimtir fyrir framlagningu rannsóknanna sem um getur í 1. mgr.

6. gr.

Gjöld fyrir mat í tengslum við málskot sem er hafið vegna mats á lyfjagátarupplýsingum

1. Lyfjastofnun Evrópu skal leggja á gjald fyrir mat sem innt er af hendi í tengslum við málsmeðferð sem er hafin vegna mats á lyfjagátarupplýsingum skv. 31. gr. (önnur undirgrein 1. mgr.), 31. gr. (2. mgr.) og 107. gr. i til 107. gr. k í tilskipun 2001/83/EB eða skv. 20. gr. (8. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

2. Í 1. lið III. hluta viðaukans er mælt fyrir um fjárhæð gjaldsins og samsvarandi fjárhæð þóknunar lögbæra landsyfirvaldsins í samræmi við 2. mgr. 3. gr.

3. Ef einungis einn markaðsleyfishafi kemur að málsmeðferðinni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal Lyfjastofnun Evrópu leggja heildarfjárhæð gjaldsins á umræddan markaðsleyfishafa, eins og mælt er fyrir um í 1. lið III. hluta viðaukans, nema í tilvikum sem eru tilgreind í 5. mgr. þessarar greinar.

4. Ef tveir eða fleiri markaðsleyfishafar koma að málsmeðferðinni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal Lyfjastofnun Evrópu skipta heildarfjárhæð gjaldsins á milli umræddra markaðsleyfishafa í samræmi við 2. lið III. hluta viðaukans.

5. Ef málsmeðferðin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, tengist einu efni eða einni samsetningu efna og einum markaðsleyfishafa skal Lyfjastofnun Evrópu leggja lægri gjöld á umræddan markaðsleyfishafa og skal greiða lögbæru landsyfirvaldi þóknun fyrir veitta þjónustu skýrslugjafa eða meðskýrslugjafa eins og mælt er fyrir um í 3. lið III. hluta viðaukans. Ef umræddur markaðsleyfishafi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki skal lækka fjárhæðina, sem ber að greiða, eins og mælt er fyrir um í 3. lið III. hluta viðaukans.

6. Ef markaðsleyfishafinn, sem um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, er lítið eða meðalstórt fyrirtæki skal lækka fjárhæðina, sem markaðsleyfishafanum ber að greiða, eins og mælt er fyrir um í 4. lið III. hluta viðaukans.

7. Lyfjastofnun Evrópu skal leggja gjaldið á með því að gefa út reikning á hvern markaðsleyfishafa fyrir sig sem kemur að málsmeðferðinni. Gjaldið ber að greiða þann dag sem málsmeðferð hefst. Gjöld, sem ber að greiða samkvæmt þessari grein, skal greiða til Lyfjastofnunar Evrópu innan 30 almanaksdaga frá dagsetningu reikningsins.

7. gr.

Árgjald fyrir upplýsingatæknikerfi og eftirlit með fræðiritum

1. Lyfjastofnun Evrópu skal leggja á gjald einu sinni á ári, eins og mælt er fyrir um í 1. lið IV. hluta viðaukans („árgjald“), fyrir lyfjagátarstarfsemi sína í tengslum við upplýsingatæknikerfi skv. 24. gr., 25. gr. a, 26. gr., 57. gr. (1. liður annarrar undirgreinar 1. mgr.) og 57. gr. (2. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 726/2004 og eftirlit með völdum læknisfræðiritum skv. 27. gr. sömu reglugerðar.

2. Leggja skal árgjaldið á markaðsleyfishafa allra lyfja sem eru leyfð í Sambandinu í samræmi við tilskipun 2001/83/EB á grundvelli skuldfæranlegra eininga sem svara til þessara lyfja. Skuldfæranlegar einingar, sem svara til lyfja sem eru leyfð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004, skulu ekki falla undir árgjaldið.

Lyfjastofnun Evrópu skal reikna út heildarfjárhæð árgjalds til greiðslu fyrir hvern markaðsleyfishafa á grundvelli skuldfæranlegra eininga sem svara til þeirra upplýsinga sem eru skráðar 1. júlí á hverju ári. Sú fjárhæð skal taka til tímabilsins frá 1. janúar til 31. desember á árinu sem um ræðir.

3. Ef markaðsleyfishafinn er lítið eða meðalstórt fyrirtæki skal lækka fjárhæð árgjaldsins, sem umræddum markaðsleyfishafa ber að greiða, eins og mælt er fyrir um í 2. lið IV. hluta viðaukans.

4. Árgjald, sem hefur verið lækkað eins og mælt er fyrir um í 3. lið IV. hluta viðaukans, skal gilda að því er varðar lyf sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og 10. gr. a í tilskipun 2001/83/EB og að því er varðar leyfð smáskammtalyf og leyfð jurtalyf.

5. Ef markaðsleyfishafi lyfs, sem um getur í 4. mgr., er lítið eða meðalstórt fyrirtæki gildir einungis sú lækkun á gjaldi sem fram kemur í 3. mgr.

6. Greiða ber árgjaldið 1. júlí á hverju ári fyrir viðkomandi almanaksár.

Gjöld, sem ber að greiða samkvæmt þessari grein, skal greiða innan 30 almanaksdaga frá dagsetningu reikningsins.

7. Lyfjastofnun Evrópu skal halda eftir tekjum af árgjöldunum.

8. gr.

Lækkun gjalda og undanþágа frá gjaldi

1. Markaðsleyfishafi, sem telur að hann sé lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem eigi rétt á lækkun gjalda skv. 4. gr. (5. mgr.), 5. gr. (4. mgr.), 6. gr. (5. eða 6. mgr.) eða 7. gr. (3. mgr.), skal gefa Lyfjastofnun Evrópu yfirlýsingu þar um innan 30 almanaksdaga frá dagsetningu reiknings frá Lyfjastofnuninni. Lyfjastofnun Evrópu skal lækka gjaldið á grundvelli þessarar yfirlýsingar.

2. Markaðsleyfishafi, sem telur að hann sé örfyrirtæki sem eigi rétt á undanþágu frá gjöldum skv. 4. mgr. 1. gr., skal gefa Lyfjastofnun Evrópu yfirlýsingu þar um innan 30 almanaksdaga frá dagsetningu reiknings frá Lyfjastofnuninni. Lyfjastofnun Evrópu skal beita undanþágunni á grundvelli þessarar yfirlýsingar.

3. Markaðsleyfishafi, sem telur að hann eigi rétt á lækkun á árgjaldi skv. 4. mgr. 7. gr. skal gefa Lyfjastofnun Evrópu yfirlýsingu þar um. Lyfjastofnun Evrópu skal birta leiðbeiningar um það hvernig markaðsleyfishafinn á að setja yfirlýsinguna fram. Lyfjastofnun Evrópu skal lækka gjaldið á grundvelli þessarar yfirlýsingar. Ef markaðsleyfishafinn gefur yfirlýsinguna eftir viðtöku reiknings frá Lyfjastofnun Evrópu skal yfirlýsingin gefin innan 30 almanaksdaga frá dagsetningu reikningsins.

4. Lyfjastofnun Evrópu má hvenær sem er fara fram á sannanir fyrir því að skilyrði fyrir lækkun gjalda eða undanþágu frá gjaldi séu uppfyllt. Í slíku tilviki skal markaðsleyfishafi, sem telur eða hefur talið að hann eigi rétt á lækkun á gjaldi eða undanþágu frá gjaldi samkvæmt þessari reglugerð, senda Lyfjastofnun Evrópu upplýsingar, innan 30 almanaksdaga frá móttöku beiðni frá Lyfjastofnuninni, sem eru nauðsynlegar til að gera Lyfjastofnuninni kleift að staðfesta að þessi skilyrði séu uppfyllt.

5. Ef markaðsleyfishafi, sem telur eða hefur talið að hann eigi rétt á lækkun á gjaldi eða undanþágu frá gjaldi samkvæmt þessari reglugerð, getur ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á slíkri lækkun eða undanþágu skal fjárhæð gjaldsins, sem mælt er fyrir um í viðaukanum, hækka um 10% og Lyfjastofnun Evrópu skal leggja heildarfjárhæðina á eða, eins og við á, eftirstöðvar heildarfjárhæðarinnar.

9. gr.

Greiðsla Lyfjastofnunar Evrópu á þóknun til lögbærra landsyfirvalda

1. Lyfjastofnun Evrópu skal greiða lögbærum landsyfirvöldum þóknun fyrir veitta þjónustu skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa í samræmi við 2. mgr. 3. gr., í eftirfarandi tilvikum:

a) ef aðildarríki hefur tilnefnt nefndarmann í nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar, sem gegnir hlutverki skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa, vegna mats á reglulega uppfærðu öryggisskýrslunni sem um getur í 4. gr.,

b) ef samráðshópurinn hefur tilnefnt aðildarríki, sem gegnir hlutverki skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa, í tengslum við mat á reglulega uppfærðu öryggisskýrslunni sem um getur í 4. gr.,

c) ef aðildarríki hefur tilnefnt nefndarmann í nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar, sem gegnir hlutverki skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa, vegna mats á öryggisrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis sem um getur í 5. gr.,

d) ef aðildarríki hefur tilnefnt nefndarmann í nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar, sem gegnir hlutverki skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa, vegna málskotsins sem um getur í 6. gr.

Ef nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar eða samráðshópurinn ákveður að tilnefna meðskýrslugjafa skal ákvarða þóknun skýrslugjafans og meðskýrslugjafans í samræmi við I., II. og III. hluta viðaukans.

2. Mælt er fyrir um samsvarandi fjárhæð þóknunar fyrir hverja þá starfsemi, sem tilgreind er í fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, í I., II. og III. hluta viðaukans.

3. Þóknunin, sem kveðið er á um í a-, b- og d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., skal einungis greidd eftir að lokamatsskýrsla vegna tilmæla, sem ætluð eru til samþykkis hjá nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar, hefur verið gerð aðgengileg Lyfjastofnun Evrópu. Þóknun fyrir mat á öryggisrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., skal greidd í tveimur afborgunum. Fyrri afborgunin, sem varðar mat á drögum að rannsóknaráætlun, og seinni afborgunin, sem varðar mat á lokaskýrslu rannsóknar, skulu greiddar eftir að hvor lokamatsskýrsla um sig hefur verið lögð fyrir nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar.

4. Þóknun fyrir veitta þjónustu skýrslugjafa og meðskýrslugjafa og fyrir allan tengdan vísindalegan og tæknilegan stuðning skal ekki hafa áhrif á þær skyldur aðildarríkjanna að gefa ekki nefndarmönnum og sérfræðingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar fyrirmæli sem ekki samrýmast einstaklingsbundnum verkefnum þessara nefndarmanna og sérfræðinga í hlutverki þeirra sem skýrslugjafar eða meðskýrslugjafar eða sem ekki samrýmast verkefnum og ábyrgð Lyfjastofnunar Evrópu.

5. Þóknunin skal greidd í samræmi við skriflega samninginn sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004. Lyfjastofnun Evrópu skal greiða allan bankakostnað sem tengist greiðslu þessarar þóknunar.

10. gr.

Greiðslumáti gjaldsins

1. Gjöldin skulu greidd í evrum.

2. Gjöld skulu aðeins greidd eftir að markaðsleyfishafi hefur móttekið reikning sem Lyfjastofnun Evrópu gefur út.

3. Greiðslur gjaldanna skulu inntar af hendi með yfirfærslu á bankareikning Lyfjastofnunar Evrópu. Markaðsleyfishafi skal greiða allan bankakostnað sem tengist þessari greiðslu.

11. gr.

Auðkenning á greiðslu gjaldsins

Við hverja greiðslu skal markaðsleyfishafi tilgreina tilvísunarnúmer reikningsins. Að því er varðar greiðslur, sem eru framkvæmdar í greiðslukerfi á Netinu, skal tilvísunarnúmerið vera númerið sem reikningakerfi Lyfjastofnunar Evrópu býr til með sjálfvirkum hætti.

12. gr.

Dagsetning þegar gjaldið er greitt

Sá dagur sem greiðslan í heild sinni er móttekin á bankareikning Lyfjastofnunar Evrópu skal teljast greiðsludagur hennar. Greiðslufrestur skal aðeins teljast hafa verið virtur ef öll fjárhæð gjaldsins hefur verið greidd tímanlega.

13. gr.

Endurgreiðsla á greiddum fjárhæðum umfram gjöld

Lyfjastofnun Evrópu skal endurgreiða markaðsleyfishafa allar fjárhæðir umfram þau gjöld sem ber að greiða nema skýrt samkomulag sé um annað við markaðsleyfishafann. Ef slík umframfjárhæð er undir 100 evrum og viðkomandi markaðsleyfishafi hefur ekki óskað sérstaklega eftir endurgreiðslu skal þó ekki endurgreiða umframfjárhæðina.

14. gr.

Bráðabirgðamat á ráðstöfunarfé Lyfjastofnunar Evrópu

Þegar Lyfjastofnun Evrópu gerir áætlun um tekjur og gjöld fyrir næsta fjárhagsár í samræmi við 6. mgr. 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 skal hún láta fylgja ítarlegar upplýsingar um tekjur af gjöldum sem varða lyfjagátarstarfsemi. Í þeim upplýsingum skal gera greinarmun á árgjaldi og gjaldi fyrir hverja málsmeðferð sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. Lyfjastofnun Evrópu skal einnig gefa sérstakar greiningarupplýsingar um tekjur sínar og gjöld sem varða lyfjagátarstarfsemi sem gerir kleift að greina á milli árgjalda og gjalda fyrir hverja málsmeðferð sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr.

15. gr.

Gagnsæi og eftirlit

1. Birta skal fjárhæðir og hlutföll, sem mælt er fyrir um í I. til IV. hluta viðaukans, á vefsetri Lyfjastofnunar Evrópu.

2. Framkvæmdastjóri Lyfjastofnunar Evrópu skal, sem hluta af árlegri skýrslu um starfsemina sem send er Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni og Endurskoðunarréttinum, veita upplýsingar um þætti sem kunna að hafa áhrif á kostnað sem þau gjöld, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eiga að mæta. Í þeim upplýsingum skal koma fram sundurliðun á kostnaði sem tengist næstliðnu ári og spá fyrir næsta ár. Lyfjastofnun Evrópu skal einnig birta yfirlit yfir þær upplýsingar í ársskýrslu sinni.

3. Framkvæmdastjóri Lyfjastofnunar Evrópu skal einnig veita framkvæmdastjórninni og stjórninni upplýsingar um árangur, sem settar eru fram í V. hluta viðaukans, einu sinni á ári á grundvelli árangursvísbendanna sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar.

4. Eigi síðar en 18. júlí 2015 skal Lyfjastofnun Evrópu samþykkja safn árangursvísbenda, að teknu tilliti til upplýsinganna sem eru tilgreindar í V. hluta viðaukans.

5. Verðbólgustigið, samkvæmt mælingu með evrópskri vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Evrópusambandsins birtir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2494/95, skal vaktað í tengslum við fjárhæðirnar sem fram koma í viðaukanum. Vöktunin skal fara fram í fyrsta sinn eftir að þessari reglugerð hefur verið beitt í heilt almanaksár og árlega eftir það.

6. Í rökstuddum tilvikum, í ljósi vöktunarinnar sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir þar sem fjárhæðir gjaldanna og þóknananna fyrir skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, sem um getur í I. til IV. hluta viðaukans, eru aðlagaðar. Ef framseld gerð öðlast gildi fyrir 1. júlí skulu þessar aðlaganir gilda frá og með 1. júlí. Ef framseld gerð öðlast gildi eftir 30. júní skulu þær taka gildi frá og með gildistökudegi framseldu gerðarinnar.

16. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 6. mgr. 15. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 17. júlí 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 6. mgr. 15. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 6. mgr. 15. gr. skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

17. gr.

Umbreytingarákvæði

Gjöldin, sem um getur í 4., 5. og 6. gr., gilda ekki um þá málsmeðferð, sem fram fer á vettvangi Sambandsins, sem mat hefur hafist á fyrir 26. ágúst 2014.

18. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Árgjaldið, sem um getur í 7. gr., skal lagt á frá og með 1. júlí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS

VIÐAUKI

I. HLUTI

GJALD FYRIR MAT Á REGLULEGA UPPFÆRÐUM ÖRYGGISSKÝRSLUM SEM UM GETUR Í 4. GR.

1. Gjald fyrir mat á reglulega uppfærðum öryggisskýrslum skal vera 19 500 evrur fyrir hverja málsmeðferð. Af þeirri fjárhæð skal þóknun skýrslugjafa vera 13 100 evrur. Þessari þóknun skal skipt, eftir atvikum, á milli skýrslugjafa og meðskýrslugjafa.

2. Til að reikna út fjárhæðina sem á að leggja á hvern markaðsleyfishafa við beitingu 4. mgr. 4. gr. skal Lyfjastofnun Evrópu reikna út hlutfall skuldfæranlegra eininga, sem hver viðkomandi markaðsleyfishafi hefur í vörslu sinni, út frá heildarfjölda skuldfæranlegra eininga sem allir markaðsleyfishafar, sem koma að málsmeðferðinni, hafa í vörslu sinni.

   Hluturinn, sem hverjum markaðsleyfishafa ber að greiða, skal reiknaður út með því að:

   a) skipta heildarfjárhæð gjaldsins á milli viðkomandi markaðsleyfishafa í réttu hlutfalli við fjölda skuldfæranlegra eininga og

   b) lækka því næst gjaldið, eins og sett er fram í 3. lið þessa hluta, og veita undanþáguna frá gjaldinu sem um getur í 4. mgr. 1. gr., þar sem við á.

3. Við beitingu 5. mgr. 4. gr. skulu lítil og meðalstór fyrirtæki greiða 60% af viðeigandi fjárhæð.

4. Ef lækkun á gjaldi eða undanþága frá því á við skal einnig aðlaga þóknunina fyrir skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa í réttu hlutfalli. Ef Lyfjastofnun Evrópu innheimtir síðan alla fjárhæðina sem um ræðir, þ.m.t. 10% hækkun eins og kveðið er á um í 5. mgr. 8. gr., skal einnig aðlaga þóknun skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa í réttu hlutfalli.

II. HLUTI

GJALD FYRIR MAT Á ÖRYGGISRANNSÓKNUM EFTIR VEITINGU MARKAÐSLEYFIS SEM UM GETUR Í 5. GR.

1. Gjald fyrir mat á hverri öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis skal vera 43 000 evrur sem skal greiða með tveimur afborgunum sem hér segir:

   a) greiða ber 17 200 evrur þann dag sem málsmeðferð við mat á drögum að rannsóknaráætlun, sem um getur í 107. gr. n í tilskipun 2001/83/EB, hefst; af þeirri fjárhæð skal þóknun skýrslugjafans vera 7280 evrur og þeirri þóknun skal skipta, eftir atvikum, á milli skýrslugjafa og meðskýrslugjafa,

   b) greiða ber 25 800 evrur þann dag sem málsmeðferð við mat á lokaskýrslu rannsóknar frá nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar, sem um getur í 107. gr. p í tilskipun 2001/83/EB, hefst; af þeirri fjárhæð skal þóknun skýrslugjafans vera 10 920 evrur og þeirri þóknun skal skipta, eftir atvikum, á milli skýrslugjafa og meðskýrslugjafa.

2. Ef markaðsleyfishafar framkvæma sameiginlega öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr., skal Lyfjastofnun Evrópu leggja fjárhæðina, sem hverjum markaðsleyfishafa ber að greiða, á með því að skipta heildarfjárhæð gjaldsins jafnt á milli umræddra markaðsleyfishafa. Ef við á skal lækkunin á gjaldinu, sem mælt er fyrir um í 3. lið þessa hluta, eða, eftir því sem við á, undanþágan frá gjaldinu, sem um getur í 4. mgr. 1. gr., látin gilda um þann hluta sem markaðsleyfishafa ber að greiða.

3. Við beitingu 4. mgr. 5. gr. skulu lítil og meðalstór fyrirtæki greiða 60% af viðeigandi fjárhæð.

4. Ef lækkun á gjaldi eða undanþága frá því á við skal einnig aðlaga þóknunina fyrir skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa í réttu hlutfalli. Ef Lyfjastofnun Evrópu innheimtir síðan alla fjárhæðina sem um ræðir, þ.m.t. 10% hækkun eins og kveðið er á um í 5. mgr. 8. gr., skal einnig aðlaga þóknun skýrslugjafa og, eftir atvikum, meðskýrslugjafa í réttu hlutfalli.

III. HLUTI

GJÖLD FYRIR MAT Í TENGSLUM VIÐ MÁLSKOT SEM ER HAFIÐ VEGNA MATS Á LYFJAGÁTARUPPLÝSINGUM SEM UM GETUR Í 6. GR.

1. Gjald fyrir mat á málsmeðferðinni, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., skal vera 179 000 evrur ef matið nær yfir eitt eða tvö virk efni og/eða samsetningu virkra efna. Gjaldið skal hækka um 38 800 evrur fyrir hvert virkt efni til viðbótar eða samsetningu virkra efna, frá og með þriðja virka efninu eða samsetningu efna. Gjaldið skal ekki fara yfir 295 400 evrur án tillits til fjölda virkra efna og/eða samsetninga virkra efna.

   Af fjárhæð gjaldsins skal heildarfjárhæð þóknunar fyrir skýrslugjafa og meðskýrslugjafa(na) vera sem hér segir:

   a) ef matið nær yfir eitt eða tvö virk efni og/eða samsetningar virkra efna: 119 333 evrur,

   b) ef matið nær yfir þrjú virk efni og/eða samsetningar virkra efna: 145 200 evrur,

   c) ef matið nær yfir fjögur virk efni og/eða samsetningar virkra efna: 171 066 evrur,

   d) ef matið nær yfir fimm eða fleiri virk efni og/eða samsetningar virkra efna: 196 933 evrur.

   Ef matið nær yfir eitt eða tvö virk efni og/eða samsetningar virkra efna skal Lyfjastofnun Evrópu greiða lögbærum landsyfirvöldum þóknun fyrir veitta þjónustu skýrslugjafa og meðskýrslugjafa með því að skipta heildarfjárhæð þóknunarinnar jafnt.

   Ef matið nær yfir þrjú eða fleiri virk efni og/eða samsetningar virkra efna skal Lyfjastofnun Evrópu greiða lögbærum landsyfirvöldum þóknun fyrir veitta þjónustu skýrslugjafa og meðskýrslugjafa með því að:

   a) skipta heildarfjárhæð þóknunarinnar jafnt á milli lögbærra landsyfirvalda og

   b) hækka síðan fjárhæð þóknunarinnar til skýrslugjafans um 1 000 evrur ef um er að ræða þrjú efni og/eða samsetningar virkra efna, um 2 000 evrur ef um er að ræða fjögur efni og/eða samsetningar virkra efna og um 3 000 evrur ef um er að ræða fimm eða fleiri virk efni og/eða samsetningar virkra efna. Þessi hækkun skal greidd af þeim hlutum gjaldsins sem eru ætlaðir Lyfjastofnun Evrópu og meðskýrslugjafa eða -gjöfum en hver um sig skal leggja til sömu fjárhæð.

2. Til að reikna út fjárhæðina sem á að leggja á hvern markaðsleyfishafa við beitingu 4. mgr. 6. gr. skal Lyfjastofnun Evrópu reikna út hlutfall skuldfæranlegra eininga, sem hver viðkomandi markaðsleyfishafi hefur í vörslu sinni, út frá heildarfjölda skuldfæranlegra eininga sem allir markaðsleyfishafar, sem koma að málsmeðferðinni, hafa í vörslu sinni.

   Fjárhæðin, sem hverjum markaðsleyfishafa ber að greiða, skal reiknuð út með því að:

   a) skipta heildarfjárhæð gjaldsins á milli markaðsleyfishafa í réttu hlutfalli við fjölda skuldfæranlegra eininga og

b) lækka því næst gjaldið, sem mælt er fyrir um í 4. lið þessa hluta, og veita undanþáguna frá gjaldinu sem um getur í 4. mgr. 1. gr., þar sem við á.

Ef lækkun á gjaldi eða undanþága frá því á við skal einnig aðlaga þóknunina fyrir skýrslugjafa og meðskýrslugjafa í réttu hlutfalli. Ef Lyfjastofnun Evrópu innheimtir síðan alla fjárhæðina sem um ræðir, þ.m.t. 10% hækkun eins og kveðið er á um í 5. mgr. 8. gr., skal aðlaga þóknun skýrslugjafa og meðskýrslugjafa í réttu hlutfalli.

3. Við beitingu 5. mgr. 6. gr. skal fjárhæðin, sem markaðsleyfishafa ber að greiða, vera tveir þriðju hlutar viðeigandi gjalds sem mælt er fyrir um í 1. lið þessa hluta. Lítil og meðalstór fyrirtæki skulu greiða 60% af þeirri fjárhæð.

Heildarfjárhæð þóknunar fyrir skýrslugjafa og meðskýrslugjafa af annarri hvorri lækkaðri upphæð gjaldanna sem um getur í fyrstu undirgrein skal samsvara sama hlutfalli og heildarfjárhæð þóknunar fyrir skýrslugjafa og meðskýrslugjafa af gjaldinu, sem mælt er fyrir um í 1. lið þessa hluta, fyrir mat sem nær yfir eitt eða tvö virk efni og/eða samsetningar virkra efna. Lyfjastofnun Evrópu skal skipta fjárhæðinni jafnt á milli lögbærra landsyfirvalda fyrir þjónustu sem skýrslugjafi og meðskýrslugjafi eða -gjafar veita.

4. Við beitingu 6. mgr. 6. gr. skulu lítil og meðalstór fyrirtæki greiða 60% af viðeigandi fjárhæð.

IV. HLUTI

ÁRGJALD FYRIR UPPLÝSINGATÆKNIKERFI OG EFTIRLIT MEÐ FRÆÐIRITUM SEM UM GETUR Í 7. GR.

1. Árgjaldið skal vera 67 evrur fyrir hverja skuldfæranlega einingu.

2. Við beitingu 3. mgr. 7. gr. skulu lítil og meðalstór fyrirtæki greiða 60% af viðeigandi fjárhæð.

3. Handhafar markaðsleyfa fyrir lyf, sem um getur í 4. mgr. 7. gr., skulu greiða 80% af upphæðinni fyrir skuldfæranlegu einingarnar sem svara til þessara lyfja.

V. HLUTI

UPPLÝSINGAR UM ÁRANGUR

Eftirfarandi upplýsingar eiga við um hvert almanaksár:

Fjöldi starfsfólks Lyfjastofnunar Evrópu, sem kemur að lyfjagátarstarfsemi samkvæmt réttargerðum Sambandsins sem gilda meðan á viðmiðunartímabilinu stendur, þar sem tilgreint er það starfsfólk sem er úthlutað til starfsemi sem samsvarar hverju gjaldi fyrir sig sem um getur í 4. til 7. gr.
Fjöldi klukkustunda, sem er útvistað til þriðju aðila, með lýsingu á viðkomandi starfsemi og kostnaði sem stofnað er til.
Heildarkostnaður við lyfjagát og sundurliðun á kostnaði vegna starfsfólks og öðrum kostnaði sem varðar starfsemi sem samsvarar hverju gjaldi fyrir sig sem um getur í 4. til 7. gr.
Fjöldi málsmeðferða sem varða mat á reglulega uppfærðum öryggisskýrslum, sem og fjöldi markaðsleyfishafa og fjöldi skuldfæranlegra eininga á hverja málsmeðferð; fjöldi skýrslna sem er lagður fram fyrir hverja málsmeðferð og fjöldi markaðsleyfishafa sem hafa lagt reglulega uppfærða öryggisskýrslu fram sameiginlega.
Fjöldi málsmeðferða sem varða mat á drögum að rannsóknaráætlun og lokaskýrslur um öryggisrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis; fjöldi markaðsleyfishafa sem hafa lagt fram drög að rannsóknaráætlun; fjöldi markaðsleyfishafa sem hafa lagt fram lokaskýrslu rannsóknar; fjöldi markaðsleyfishafa sem hafa lagt fram sameiginlega rannsókn.

Fjöldi málsmeðferða sem varða málskot sem er hafið vegna mats á lyfjagátarupplýsingum sem og fjöldi markaðsleyfishafa og fjöldi skuldfæranlegra eininga sem um er að ræða á hvern markaðsleyfishafa og hverja málsmeðferð.
Fjöldi markaðsleyfishafa sem hafa talið að þeir hafi stöðu lítils eða meðalstórs fyrirtækis og koma að hverri málsmeðferð; fjöldi markaðsleyfishafa þar sem kröfu viðkomandi hefur verið hafnað.
Fjöldi markaðsleyfishafa, sem hafa talið að þeir hafi stöðu örfyrirtækis; fjöldi markaðsleyfishafa þar sem kröfu viðkomandi um undanþágu frá gjaldi hefur verið hafnað.
Fjöldi markaðsleyfishafa lyfja, sem um getur í 4. mgr. 7. gr., sem hafa notið góðs af lækkun á árgjöldum; fjöldi skuldfæranlegra eininga á hvern markaðsleyfishafa sem um er að ræða.
Fjöldi reikninga sem sendur hefur verið út og árgjalda sem hafa verið gjaldfærð, að því er varðar árgjald og meðaltals- og heildarfjárhæð sem hafa verið reikningsfærð á markaðsleyfishafa.
Fjöldi markaðsleyfishafa, sem hafa talið að þeir hafi stöðu lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða örfyrirtækis, á hverja umsókn um árgjald; fjöldi markaðsleyfishafa þar sem kröfu viðkomandi hefur verið hafnað.
Úthlutun skýrslugjafastöðu og meðskýrslugjafastöðu á hvert aðildarríki á hverja málsmeðferð.
Fjöldi vinnustunda sem skýrslugjafi og meðskýrslugjafi eða -gjafar hafa eytt í hverja málsmeðferð á grundvelli upplýsinga sem viðkomandi lögbær landsyfirvöld veita Lyfjastofnun Evrópu.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 492/2014 **2015/EES/8/29**

frá 7. mars 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar reglur varðandi endurnýjun leyfa fyrir sæfivörum sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum fyrstu málsgrein 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rétt er að mæla fyrir um viðbótarreglur varðandi endurnýjun landsbundinna leyfa, sem hafa fallið undir gagnkvæma viðurkenningu í samræmi við 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB([2]) eða 33. og 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, bæði í aðildarríkjum þar sem fyrstu leyfin voru veitt og í þeim aðildarríkjum sem veittu leyfi með gagnkvæmri viðurkenningu á fyrstu leyfunum.

2) Til að komast hjá óþarfa tvíverknaði og til að tryggja samkvæmni ætti endurnýjun leyfa, sem hafa fallið undir gagnkvæma viðurkenningu, fyrst og fremst að vera undir stjórn lögbærs yfirvalds í einu tilvísunaraðildarríki. Til að veita umsækjendum og lögbærum yfirvöldum sveigjanleika ætti umsækjandinn að fá tækifæri til að velja tilvísunaraðildarríkið, með fyrirvara um samþykki tilvísunaraðildarríkisins.

3) Til að stuðla að því að málsmeðferðin og þau verkefni sem lögbær yfirvöld eiga að sinna gangi snurðulaust fyrir sig ætti gildissvið þessarar reglugerðar að takmarkast við þau leyfi sem sömu skilmálar og skilyrði gilda um í öllum aðildarríkjunum þegar sótt er um endurnýjun, að undanskildum takmörkuðum undantekningum. Að því er varðar önnur landsbundin leyfi ætti að leggja umsókn um endurnýjun fyrir umrætt aðildarríki í samræmi við 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

4) Inntak umsóknar um endurnýjun á landsbundnu leyfi er tilgreint í 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Að því er varðar umsóknir um endurnýjun á landsbundnum leyfum, sem eru veitt á grundvelli gagnkvæmrar viðurkenningar, ætti þó að tilgreina inntak umsóknarinnar nánar, einkum til að greiða fyrir starfi aðildarríkja sem taka þátt í endurnýjun á þessum leyfum.

5) Til að taka tillit til vinnuálags í tengslum við matið ætti tíminn sem veittur er til vinnslu á umsókn að byggjast á því hvort vinna þarf fullnaðarmat.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 266/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

6) Til að veita sama verndarstig þegar leyfi er endurnýjað eins og þegar það er fyrst veitt ætti hámarksgildistími endurnýjuðu leyfanna ekki að vera lengri en upphaflegu leyfanna. Auk þess ætti að setja ákvæði um að taka fyrirliggjandi vörur í áföngum af markaði aðildarríkjanna að því er varðar leyfi þar sem umsókn um endurnýjun er ekki lögð fram eða er hafnað.

7) Rétt er að vísa öllum ágreiningi um mat á endurnýjun umsókna til samræmingarhópsins, sem var stofnaður samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 í því skyni að rannsaka ágreining í tengslum við völuleyfi, og að heimila undanþágur frá gagnkvæmri viðurkenningu á grundvelli almennra ástæðna fyrir slíkum undanþágum sem mælt er fyrir um í 37. gr. þeirrar reglugerðar.

8) Til að auka fyrirsjáanleika enn frekar ætti Efnastofnunin að þróa viðmiðunarreglur um einstök atriði í tengslum við meðhöndlun endurnýjana og uppfæra þær reglulega á grundvelli reynslu og vísindalegra eða tæknilegra framfara.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um endurnýjun á landsbundnu leyfi fyrir sæfivöru eða flokki skyldra sæfivara, sem hefur fallið undir gagnkvæma viðurkenningu í samræmi við 4. gr. tilskipunar 98/8/EB eða 33. og 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, eða á landsbundnu leyfi sem hefur verið veitt með slíkri gagnkvæmri viðurkenningu (hér á eftir nefnt leyfi).

2. Þessi reglugerð gildir um leyfi sem sömu skilmálar og skilyrði gilda um þegar sótt er um endurnýjun, í öllum aðildarríkjum þar sem sótt er um endurnýjun.

3. Þessi reglugerð gildir einnig um leyfi með mismunandi skilmála og skilyrði að því er varðar einn eða fleiri eftirtalda þætti:

a) sem varða einungis upplýsingar sem geta verið viðfangsefni stjórnsýslubreytingar í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 354/2013([3]),

b) sem stafa af breytingum á upphaflegu leyfunum sem byggjast á annarri og þriðju undirgrein 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 98/8/EB,

c) sem er komið á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem er annað hvort samþykkt í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 98/8/EB eða í samræmi við b-lið 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012,

d) sem stafa af samkomulagi við umsækjanda samkvæmt fyrstu undirgrein 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eða af jafngildu samkomulagi sem náðist við framkvæmd ákvæða 4. gr. tilskipunar 98/8/EB.

2. gr.

Inntak umsóknar

1. Umsókn um endurnýjun á leyfi skal gerð með því að nota umsóknareyðublað sem fæst hjá sæfivöruskrá og skal hún innihalda eftirfarandi:

a) heiti aðildarríkisins sem mat upphaflegu umsóknina um leyfi eða, ef við á, aðildarríkisins sem umsækjandinn valdi ásamt skriflegri staðfestingu þess efnis að viðkomandi aðildarríki samþykki að bera ábyrgð á mati á umsókn um endurnýjun (hér á eftir nefnt tilvísunaraðildarríkið),

b) skrá yfir öll önnur aðildarríki þar sem farið er fram á endurnýjun á leyfi (hér á eftir nefnd hlutaðeigandi aðildarríki) sem skal einnig innihalda númer þeirra leyfa sem tilvísunaraðildarríkið og hlutaðeigandi aðildarríki hafa veitt,

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 354/2013 frá 18. apríl 2013 um breytingar varðandi sæfivörur sem eru leyfðar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð ESB L 109, 19.4.2013, bls. 4).

c) staðfestingu frá umsækjanda þess efnis að þessi leyfi falli innan gildissviðs þessarar reglugerðar, eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 1. gr.,

d) öll viðeigandi gögn, sem krafist er skv. a-lið 3. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, sem umsækjandinn hefur aflað eftir upphaflega leyfisveitingu eða, eins og við á, eftir síðustu endurnýjun, nema þessi gögn hafi þegar verið lögð fyrir Efnastofnunina á tilskildu sniði,

e) drög að samantekt um eiginleika sæfivörunnar, sem innihalda upplýsingarnar sem krafist er skv. 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, á opinberum tungumálum tilvísunaraðildarríkisins og hlutaðeigandi aðildarríkja sem, ef við á, geta verið mismunandi milli aðildarríkja í samræmi við 3. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar,

f) mat umsækjandans á því hvort niðurstöður úr upphafsmatinu eða fyrra mati á sæfivörunni eða flokki skyldra sæfivara séu enn í gildi, þ.m.t. gagnrýnin athugun á öllum upplýsingum sem tilkynnt var um í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þ.m.t. allar upplýsingar til stuðnings þessu mati ef þær eru ekki þegar aðgengilegar í sæfivöruskránni.

2. Að því er varðar d-lið 1. mgr. skal umsókn um endurnýjun leyfis eftir atvikum einnig innihalda:

a) skrá yfir þær aðgerðir sem leyfishafi á að ljúka við samkvæmt skilyrðum fyrir gildi leyfisins í einhverju aðildarríkjanna og staðfestingu þess efnis að lokið hafi verið við þessar aðgerðir,

b) skrá yfir ákvarðanir um breytingar sem aðildarríki samþykkir fyrir 1. september 2013,

c) skrá yfir ákvarðanir um breytingar sem aðildarríki samþykkir í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 354/2013,

d) skrá yfir tilkynningar eða umsóknir um breytingar, sem lagðar eru fyrir eitthvert aðildarríki í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 354/2013, sem bíða meðferðar þegar umsókn um endurnýjun er lögð fram.

Lögbæru yfirvaldi tilvísunaraðildarríkisins er heimilt, í þeim tilgangi að meta umsóknina, að fara fram á framlagningu afrits af ákvörðununum sem um getur í b- og c-lið.

3. gr.

Framlagning og fullgilding umsóknar

1. Umsækjandi, sem óskar eftir endurnýjun á leyfi frá eða fyrir hönd leyfishafa (hér á eftir nefndur umsækjandinn) skal leggja umsókn fyrir lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins a.m.k. 550 dögum áður en leyfið rennur út.

2. Á sama tíma og umsækjandinn leggur umsóknina fyrir tilvísunaraðildarríkið skal hann leggja umsókn fyrir lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja um endurnýjun á þeim leyfum sem honum voru veitt í þessum aðildarríkjum.

3. Lögbær yfirvöld tilvísunaraðildarríkisins og hlutaðeigandi aðildarríkja skulu tilkynna umsækjandanum um þóknanirnar, sem greiða skal skv. 80. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og skulu hafna umsókninni ef umsækjandinn greiðir ekki þóknanirnar innan 30 daga. Þau skulu tilkynna umsækjandanum og hinum lögbæru yfirvöldunum þar um.

4. Þegar lögbær yfirvöld tilvísunaraðildarríkisins og hlutaðeigandi aðildarríkja hafa tekið við þóknunum skulu þau samþykkja umsóknina og tilkynna umsækjandanum um það og gefa upp dagsetningar samþykkisins.

5. Innan 30 daga frá samþykki í tilvísunaraðildarríkinu skal aðildarríkið fullgilda umsóknina ef hún inniheldur allar viðeigandi upplýsingar sem um getur í 2. gr. Tilvísunaraðildarríkið skal upplýsa umsækjandann og hlutaðeigandi aðildarríki um það.

Þegar tilvísunaraðildarríkið fullgildir umsóknina skal það ekki leggja mat á gæði eða nægjanleika framlagðra gagna eða rökstuðnings.

6. Innan 30 daga frá samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis skal aðildarríkið ganga úr skugga um hvort leyfið falli undir gildissvið þessarar reglugerðar eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 1. gr.

Ef leyfið fellur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar skal lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis vinna umsóknina sem umsókn sem er lögð fram í samræmi við 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og skal upplýsa umsækjandann og lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna um það.

7. Ef lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins telur að umsóknin sé ófullnægjandi skal það krefja umsækjandann um viðbótarupplýsingar til fullgildingar á umsókninni og skal veita honum hæfilegan frest til að leggja þær upplýsingar fram. Fresturinn skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 90 dagar.

Lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins skal fullgilda umsóknina innan 30 daga frá viðtöku viðbótarupplýsinganna ef þær eru nægjanlegar til að umsóknin uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. gr.

Lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins skal hafna umsókninni ef umsækjandinn leggur ekki fram þær upplýsingar sem krafist er innan tiltekins frests og skal tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríkjum þar um.

4. gr.

Mat á umsókninni

1. Á grundvelli mats á fyrirliggjandi upplýsingum og í ljósi núverandi vísindaþekkingar skal lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins ákveða, innan 90 daga frá fullgildingu umsóknarinnar, hvort fullnaðarmat á umsókninni um endurnýjun sé nauðsynlegt.

2. Ef fullnaðarmat er nauðsynlegt skal lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins gera drög að matsskýrslu og fylgja málsmeðferðinni og tímalínunni sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í matsskýrslunni skal komist að niðurstöðu um hvort skilyrðin fyrir því að veita leyfið, sem sett eru fram í 19. gr. þeirrar reglugerðar, séu enn uppfyllt og taka tillit til niðurstaðna úr samanburðarmatinu sem var unnið í samræmi við 23. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á.

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal senda matsskýrsluna og drögin að samantektinni á eiginleikum sæfivörunnar til hlutaðeigandi aðildarríkja og til umsækjandans innan 365 daga frá fullgildingu umsóknarinnar.

3. Ef fullnaðarmat er ekki nauðsynlegt skal tilvísunaraðildarríkið gera drög að matsskýrslu og fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í þessari skýrslu skal komist að niðurstöðu um hvort skilyrðin fyrir því að veita leyfið, sem sett eru fram í 19. gr. þeirrar reglugerðar, séu uppfyllt og taka tillit til niðurstaðna úr samanburðarmatinu sem var unnið í samræmi við 23. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á.

Senda skal matsskýrsluna og drögin að samantektinni á eiginleikum sæfivörunnar til hlutaðeigandi aðildarríkja og til umsækjandans innan 180 daga frá fullgildingu umsóknarinnar.

5. gr.

Ákvörðun um endurnýjun

1. Innan 90 daga frá móttöku matsskýrslu og draga að samantekt á eiginleikum sæfivöru og með fyrirvara um 6. gr. skulu hlutaðeigandi aðildarríki koma sér saman um samantekt á eiginleikum sæfivörunnar að undanteknum, ef við á, þeim mismun sem um getur í a-lið 3. mgr. 1. gr. og skulu skrá samkomulag sitt í sæfivöruskrána.

Tilvísunaraðildarríkið skal færa samantektina á eiginleikum sæfivörunnar, sem samkomulag náðist um, og lokamatsskýrsluna í sæfivöruskrána ásamt öllum umsömdum skilmálum eða skilyrðum sem sett voru fyrir því að sæfivaran eða flokkur skyldra sæfivara væri boðinn fram á markaði eða um notkun þeirra.

2. Innan 30 daga frá því að samkomulagið næst skal tilvísunaraðildarríkið og hvert hlutaðeigandi aðildarríki endurnýja leyfin í samræmi við samantektina á eiginleikum sæfivörunnar sem samkomulagið náðist um.

Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skulu leyfin endurnýjuð að hámarki til 10 ára.

3. Ef ekki næst samkomulag innan 90 daga er hverju aðildarríki, sem samþykkir samantektina á eiginleikum sæfivörunnar sem um getur í 1. mgr., heimilt að endurnýja leyfið samkvæmt því, sbr. þó 7. gr.

4. Ef ekki er tekin nein ákvörðun um endurnýjun leyfisins áður en það rennur út, af ástæðum sem eru leyfishafa óviðkomandi, skal viðkomandi lögbært yfirvald veita endurnýjun í þann tíma sem telst nauðsynlegur til að ljúka matinu.

6. gr.

Frestir

Ákvæði 52. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 gilda um fyrirliggjandi birgðir af sæfivörunni sem hefur verið boðin fram á eftirfarandi mörkuðum:

a) á markaði í aðildarríki þar sem umsókn um endurnýjun hefur ekki verið lögð fram eða sem hefur hafnað umsókn skv. 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar,

b) á markaði í tilvísunaraðildarríki og í hlutaðeigandi aðildarríkjum ef tilvísunaraðildarríkið hafnar umsókn um endurnýjun í samræmi við 3. mgr. 3. gr. eða þriðju undirgrein 7. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

7. gr.

Samræmingarhópur, gerðardómur og undanþága frá gagnkvæmri viðurkenningu

1. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að leggja til að synjað verði um endurnýjun leyfis eða að gerðar verði breytingar á skilmálum og skilyrðum leyfis í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2. Ef, í tengslum við önnur mál en þau sem um getur í 1. mgr., hlutaðeigandi aðildarríki ná ekki samkomulagi um niðurstöður matsskýrslunnar eða, ef við á, samantektina á eiginleikum sæfivörunnar, sem tilvísunaraðildarríkið leggur til samræmi við 1. mgr. 5. gr., skal tilvísunaraðildarríkið vísa málinu til samræmingarhópsins sem komið var á fót skv. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

Ef hlutaðeigandi aðildarríki er ósammála tilvísunaraðildarríkinu skal hið fyrrnefnda rökstyðja afstöðu sína ítarlega fyrir öllum hlutaðeigandi aðildarríkjunum og fyrir umsækjandanum.

3. Ákvæði 35. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skulu gilda um ágreiningsefni sem um getur í 2. mgr.

8. gr.

Leiðbeiningar um meðhöndlun endurnýjana í málsmeðferð við gagnkvæma viðurkenningu

1. Að höfðu samráði við aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og hagsmunaaðila skal Efnastofnunin semja viðmiðunarreglur um einstök atriði í tengslum við meðhöndlun á endurnýjunum á leyfum sem falla undir þessa reglugerð.

2. Þessar viðmiðunarreglur skulu uppfærðar reglulega að teknu tilliti til framlags aðildarríkjanna og hagsmunaaðila varðandi framkvæmd þeirra sem og vísindalegra og tæknilegra framfara.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 895/2014 **2015/EES/8/30**

frá 14. ágúst 2014

um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB([1]), einkum 58. og 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Formaldehýð, fáliðumyndefni með anilíni (tæknilegt MDA) uppfylla flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]) og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Arsensýra uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Bis(2-metoxýetýl)eter (díglým) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

4) 1,2'-díklóretan (EDC) uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

5) 2,2'-díklór-4,4'-metýlendíanilín (MOCA) uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

6) Díkrómtris(krómat) uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

7) Strontíumkrómat uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

8) Kalíumhýdroxýoktaoxódísinkatdíkrómat uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

9) Pentasinkkrómatoktahýdroxíð uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 244, 19.8.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

10) Þessi efni hafa verið tilgreind og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Samkvæmt tilmælum Efnastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) frá 17. janúar 2013 ([3]) hafa efnin ennfremur verið sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. Því er rétt að færa þessi efni á skrá í þann viðauka.

11) N,N-dímetýlasetamíð (DMAC) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur einnig verið tilgreint og fært á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 17. janúar 2013 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar. DMAC hefur svipaða eðliseiginleika og N-metýl-2-pýrrólídón (NMP) og bæði efnin geta talist vera hugsanleg staðgönguefni að því er varðar suma meginnotkun þeirra. Sem stendur fellur efnið N-metýl-2-pýrrólídón undir málsmeðferð varðandi takmörkun í samræmi við 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.Í ljósi þess hversu svipuð þessi tvö efni eru, bæði að því er varðar eðliseiginleika þeirra og notkun í iðnaði, og til að tryggja samræmda stjórnsýslunálgun telur framkvæmdastjórnin rétt að fresta ákvörðun um færslu DMAC á skrá í XIV. viðauka.

12) Rétt er að tilgreina síðustu skiladaga umsókna og lokadagana sem um getur í i. og ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 í XIV. viðauka við þá reglugerð.

13) Í tilmælum Efnastofnunarinnar frá 17. janúar 2013 eru tilgreindar þær dagsetningar, sem um getur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem umsóknirnar verða að hafa borist fyrir ef umsækjandinn óskar þess að halda áfram að nota efni eða setja það á markað fyrir tiltekna notkun fyrir hvert þeirra efna sem skráð eru í viðaukanum við þessa reglugerð. Þær dagsetningar hafa verið tilgreindar á grundvelli áætlaðs, nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir umsókn um leyfi, með tilliti til þess hvaða upplýsingar eru tiltækar um hvert efni og til þeirra upplýsinga sem bárust meðan á samráði við almenning stóð í samræmi við 4. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Einnig hefur verið tekið tillit til getu Efnastofnunarinnar til að fara yfir umsóknir innan þess frests sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 58 gr. þeirrar reglugerðar.

14) Að því er varðar díkrómtris(krómat), strontíumkrómat, kalíumhýdroxýoktaoxódísinkatdíkróm at og pentasinkkrómatoktahýdroxíð, sem öll eru króm(VI)sambönd, lagði Efnastofnunin til að síðasti skiladagur umsóknar yrði 24 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Hins vegar telur framkvæmdastjórnin að síðasti skiladagur umsóknar ætti að vera 35 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar til að fylgja nálguninni sem notuð var fyrir þau sjö króm(VI)sambönd sem þegar eru skráð í 16. til 22. færslu í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

15) Fyrir hvert þeirra efna sem skráð er í viðaukann við þessa reglugerð ætti að fastsetja dagsetninguna, sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, 18 mánuðum eftir dagsetninguna sem um getur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

16) Í e-lið 1. mgr. 58. gr., í tengslum við 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er kveðið á um þann möguleika að undanþágur séu veittar vegna notkunar eða notkunarflokka ef viðeigandi eftirlit með áhættu er tryggt með lágmarkskröfum í sértækri löggjöf Sambandsins um heilsuvernd manna eða umhverfisvernd. Í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar er ekki rétt að veita undanþágur á grundvelli þessara ákvæða.

17) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að veita undanþágur fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi vegna vöru og vinnslu.

18) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að ákveða endurskoðunartímabil vegna tiltekinnar notkunar.

19) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

([3]) http://echa.europa.eu/documents/10162/13640/4th_a_xiv_recommendation_17jan2013_en.pdf

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í töfluna í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætast við eftirfarandi færslur:

Færslunúmer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Umbreytingarfyrirkomulag		Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endurskoðunartímabil
			Síðasti skiladagur fyrir umsóknir (1)	Lokadagur (2)		
„23.	Formaldehýð, fáliðumyndefni með anilíni (tæknilegt MDA) EB-nr.: 500-036-1 CAS-nr.: 25214-70-4	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B)	22. febrúar 2016	22. ágúst 2017	—	—
24.	Arsensýra EB-nr.: 231-901-9 CAS-nr.: 7778-39-4	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1A)	22. febrúar 2016	22. ágúst 2017	—	—
25.	Bis(2-metoxýetýl)eter(díglým) EB-nr.: 203-924-4 CAS-nr.: 111-96-6	Hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	22. febrúar 2016	22. ágúst 2017	—	—
26.	1,2-díklóretan (EDC) EB-nr.: 203-458-1 CAS-nr.: 107-06-2	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B)	22. maí 2016	22. nóvember 2017	—	—
27.	2,2’-díklór-4,4’-metýlendíanilín (MOCA) EB-nr.: 202-918-9 CAS-nr.: 101-14-4	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B)	22. maí 2016	22. nóvember 2017	—	—
28.	Díkrómtris(krómat) EB-nr.: 246-356-2 CAS-nr.: 24613-89-6	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B)	22. júlí 2017	22. janúar 2019	—	—
29.	Strontíumkrómat EB-nr.: 232-142-6 CAS-nr.: 7789-06-2	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1B)	22. júlí 2017	22. janúar 2019	—	—
30.	Kalíumhýdroxýoktaoxódísinkatdíkrómat EB-nr.: 234-329-8 CAS-nr.: 11103-86-9	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1A)	22. júlí 2017	22. janúar 2019	—	—
31.	Pentasinkkrómatoktahýdroxíð EB-nr.: 256-418-0 CAS-nr.: 49663-84-5	Krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1A)	22. júlí 2017	22. janúar 2019	—	—“

(1) Dagsetning sem vísað er til í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.
(2) Dagsetning sem vísað er til í i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 98/2013 **2015/EES/8/31**

frá 15. janúar 2013

um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tiltekin efni og blöndur eru forefni sprengiefna og hægt er að misnota þau til ólöglegrar framleiðslu sprengiefna. Í aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um að auka öryggi sprengiefna, sem ráðið samþykkti 18. apríl 2008, er framkvæmdastjórnin hvött til að skipa fastanefnd um forefni sem á að taka til athugunar ráðstafanir og undirbúa tilmæli í tengslum við reglur um forefni sprengiefna, sem eru fáanleg á markaði, með tilliti til kostnaðarhagkvæmni þeirra.

2) Fastanefndin um forefni, sem framkvæmdastjórnin kom á fót árið 2008, auðkenndi mörg forefni sprengiefna sem hægt er að nota til að gera hryðjuverkaárásir og lagði til að gripið yrði til viðeigandi aðgerða á vettvangi Sambandsins.

3) Sum aðildarríki hafa nú þegar samþykkt lög og stjórnsýslufyrirmæli varðandi setningu á markað, aðgengileika og vörslu tiltekinna forefna sprengiefna.

4) Þessi lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem eru mismunandi og líkleg til að valda viðskiptahindrunum innan Sambandsins, skulu samræmd til að bæta frjálsa dreifingu hreinna efna og blandna á innri markaðnum og, að því marki sem mögulegt er, að útrýma röskun á samkeppni á sama tíma og almenningi er tryggð víðtæk vernd með tilliti til öryggis. Mælt hefur verið fyrir um aðrar reglur á landsvísu og á vettvangi Sambandsins að því er varðar tiltekin efni, sem falla undir þessa reglugerð, sem varða öryggi starfsmanna og verndun umhverfisins. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þessar reglur.

5) Reglugerð er sá lagagerningur sem best á við til að setja reglur um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna í því skyni tryggja sem best að samræmis sé gætt fyrir rekstraraðila.

6) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ([3]) er kveðið á um að efni og blöndur, sem eru flokkuð sem hættuleg, skuli vera rétt merkt áður en þau eru sett á markað. Enn fremur er þar kveðið á um að rekstraraðilar, þ.m.t. smásalar, skuli annaðhvort flokka og merkja slík efni eða treysta á flokkunina sem aðili á fyrra stigi í aðfangakeðjunni (e. *upstream actor*) hefur þegar gert. Því er viðeigandi að kveða á um í þessari reglugerð að allir rekstraraðilar, þ.m.t. smásalar, sem veita almennum borgurum aðgang að efnum sem sæta takmörkunum samkvæmt þessari reglugerð, tryggi að umbúðir þeirra gefi til kynna að öflun, varsla eða notkun almennra borgara á þessu efni eða þessari blöndu sé háð takmörkunum.

7) Í því skyni að ná vernd gegn ólöglegri notkun forefna sprengiefna á landsvísu, sem er sambærileg eða betri en gert er ráð fyrir að náist á vettvangi Sambandsins með þessari reglugerð, hafa sum aðildarríki nú þegar í gildi lög og stjórnsýslufyrirmæli að því er varðar sum efni sem hægt er að nota ólöglega. Sum þessara efna eru nú þegar

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 84, 17.3.2011, bls. 25.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 11. desember 2012.

([3]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

tilgreind í þessari reglugerð á meðan önnur gætu sætt takmörkunum á vettvangi Sambandsins í framtíðinni. Þar sem það gengur gegn markmiðum þessarar reglugerðar að ráðstafanir á vettvangi Sambandsins dragi úr verndun er viðeigandi að kveða á um kerfi þar sem slíkar landsráðstafanir geta haldið gildi sínu (verndarákvæði).

8) Gera skal ólöglega framleiðslu sprengiefnis erfiðari með því að mæla fyrir um gildi fyrir styrkleikamörk að því er varðar tiltekin forefni sprengiefna. Frjáls dreifing forefna sprengiefna, sem eru undir þessum styrkleikamörkum, er þá tryggð, með fyrirvara um verndarráðstafanir, en takmarka skal aðgang almennings að forefnum sprengiefna, sem eru yfir þessum styrkleikamörkum.

9) Almennir borgarar skulu því ekki geta orðið sér úti um, flutt inn, haft í vörslu sinni eða notað þessi forefni sprengiefna í styrkleika sem er yfir þessum mörkum. Þó þykir rétt að kveða á um að almennir borgarar geti orðið sér úti um, flutt inn, haft í vörslu sinni eða notað slík forefni sprengiefna í lögmætum tilgangi, aðeins ef leyfi til þess er fyrir hendi.

10) Í ljósi þess að í sumum aðildarríkjum eru nú þegar föst í sessi skráningarkerfi, sem eru notuð til að hafa eftirlit með hvort sum eða öll efni, sem sæta takmörkunum samkvæmt þessari reglugerð og sem almennir borgarar eiga ekki að hafa aðgang að, séu gerð aðgengileg á markaði þykir enn fremur rétt að kveða í þessari reglugerð á um skráningarkerfi, sem gildir fyrir sum eða öll þessi efni.

11) Vetnisperoxíð, nítrómetan og saltpéturssýra eru víða notuð af almennum borgurum í lögmætum tilgangi. Það ætti því að vera mögulegt fyrir aðildarríki að veita aðgang að þessum efnum, innan ákveðins styrkbils, með því að nota skráningarkerfi samkvæmt þessari reglugerð frekar en að notast við leyfisveitingakerfi.

12) Í ljósi afar sértæks viðfangsefnis þessarar reglugerðar, er mögulegt að ná markmiðum hennar á sama tíma og aðildarríkjunum er veittur sveigjanleiki, í samræmi við nálægðarregluna og meðalhófsregluna, til að velja hvort þau vilji veita almennum borgurum takmarkaðan aðgang í samræmi við þessa reglugerð.

13) Í því skyni að stuðla að lögmætum markmiðum almannaöryggis á sama tíma og tryggð er lágmarksröskun á eðlilegri starfsemi innri markaðarins þykir rétt að kveða á um leyfisveitingakerfi, sem gerir almenningi, sem hefur orðið sér úti um efni, sem sætir takmörkunum samkvæmt þessari reglugerð og sem almennir borgarar eiga ekki að hafa aðgang að, eða blöndu eða efni, sem inniheldur þetta efni, í styrkleika sem er yfir viðmiðunarmörkunum, kleift að flytja það inn frá öðru aðildarríki eða frá þriðja landi inn í aðildarríki, sem heimilar aðgang að efninu í samræmi við eitthvert þeirra kerfa, sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

14) Til þess að framkvæma með skilvirkum hætti ákvæði um innflutning á forefnum sprengiefna eru aðildarríki hvött til þess að tryggja að vakin sé athygli ferðamanna á þeim takmörkunum sem eru í gildi í tengslum við innflutning á efnum sem sæta takmörkunum samkvæmt þessari reglugerð og sem eiga almennir borgarar eiga ekki að hafa aðgang að. Af sömu ástæðu eru aðildarríki einnig hvött til að tryggja að almenningi sé gert ljóst að þessar takmarkanir gilda einnig um sendingar í litlu magni til einstaklinga og sendingar sem lokaneytendur panta í fjarsölu.

15) Upplýsingar, sem aðildarríkin veita iðnaðinum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, geta verið mikilvægar til að greiða fyrir því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, með hliðsjón af mikilvægi þess að lágmarka stjórnsýslubyrðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

16) Þar sem það væri óhóflegt að banna notkun forefna sprengiefna í atvinnustarfsemi gilda takmarkanir, sem varða aðgengileika, innflutning, vörslu og notkun forefna sprengiefna, aðeins um almenning. Í ljósi almennra markmiða þessarar reglugerðar þykir samt sem áður rétt að kveða á um tilkynningakerfi, sem nær bæði til atvinnunotenda í allri aðfangakeðjunni og almennra borgara, sem tekur þátt í viðskiptum, sem eðli síns vegna eða umfangs, verða að teljast grunsamleg. Í því skyni skulu aðildarríkin koma á fót landsbundnum tengiliðum vegna tilkynninga um grunsamleg viðskipti.

17) Ýmis konar viðskipti í tengslum við forefni sprengiefna geta talist grunsamleg og ber því að tilkynna slík viðskipti. Þetta á t.d. við um þegar tilvonandi viðskiptavinur (hvort sem viðkomandi er fagaðili eða ekki) er óskýr að því er varðar fyrirhugaða notkun, virðist ekki vita hver fyrirhuguð notkun er eða getur ekki útskýrt það svo trúanlegt sé, hyggst kaupa efni í óvenjulegu magni, óvenjulegum styrkleika eða óvenjulegri samsetningu, er ekki viljugur til að sýna fram á hver hann er eða gefa upp búsetustað sinn eða fer fram á að greiða með óvenjulegum hætti, þ.m.t. háar fjárhæðir í reiðufé. Rekstraraðilar skulu geta áskilið sér rétt til að hafna slíkum viðskiptum.

18) Í ljósi almennra markmiða þessarar reglugerðar eru lögbær yfirvöld hvött til að tilkynna viðkomandi landsbundnum tengiliði um allar synjanir umsókna um leyfi þegar synjunin er byggð á gildum ástæðum sem leiða til þess

að lögmæti fyrirhugaðrar notkunar eða fyrirætlanir notandans eru dregnar í efa. Á sama hátt eru lögbær yfirvöld hvött til að tilkynna landsbundnum tengilið ef leyfi er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.

19) Til þess að koma í veg fyrir og uppljóstra hugsanlegri ólöglegri notkun forefna sprengiefna er æskilegt að landsbundnir tengiliðir haldi skrár yfir þau grunsamlegu viðskipti sem tilkynnt er um og að lögbær yfirvöld geri nauðsynlegar ráðstafanir til að rannsaka raunverulegar aðstæður, þ.m.t. hvort viðkomandi atvinnustarfsemi sem stunduð er af atvinnunotanda, sem tekur þátt í grunsamlegum viðskiptum, sé réttmæt.

20) Þegar mögulegt er skal setja gildi fyrir styrkleikamörk, en yfir þeim er aðgangur að tilteknum forefnum sprengiefna takmarkaður, á meðan aðeins skal tilkynna um grunsamleg viðskipti að því er varðar tiltekin önnur forefni sprengiefna. Þær viðmiðanir, sem nota á til að ákvarða hvaða ráðstöfunum skuli beita á hin ýmsu forefni sprengiefna, fela m.a. í sér hættustigið sem tengist hlutaðeigandi forefni sprengiefna, umfang viðskipta með hlutaðeigandi forefni sprengiefna og möguleikann á því að ákvarða undir hvaða styrkleikamörkum er enn hugsanlegt að nota þetta forefni sprengiefna í þeim lögmæta tilgangi sem það er aðgengilegt fyrir. Þessar viðmiðanir skulu áfram vera til leiðbeiningar fyrir frekari aðgerðir sem gæti þurft að grípa til að því er varðar forefni sprengiefna, sem falla nú sem stendur ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.

21) Ekki er tæknilega mögulegt að setja gildi fyrir styrkleikamörk hexamíns í eldsneytistöflum. Að auki er hægt að nota brennisteinssýru, aseton, kalíumnítrat, natríumnítrat, kalsíumnítrat og kalsíumammóníumnítrat til lögmætra nota af ýmsu tagi. Reglugerð á vettvangi Sambandsins um takmörkun á sölu þessara efna til almennings myndi leiða til óhóflega mikils stjórnsýslukostnaðar og kostnaðar við að fylgja reglum fyrir neytendur, opinber yfirvöld og fyrirtæki. Í ljósi markmiða þessarar reglugerðar, skulu ráðstafanir samt sem áður samþykktar til að auðvelda tilkynningu grunsamlegra viðskipta að því er varðar hexamíneldsneytistöflur og að því er varðar önnur forefni sprengiefna, þar sem engin heppileg og örugg staðgönguefni eru til.

22) Þjófnaður á forefnum sprengiefna er aðferð til að ná í upphafsefni fyrir ólöglega framleiðslu sprengiefna. Því er rétt að kveða á um að þjófnaður eða hvarf efna í umtalsverðu magni, sem falla undir ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð, verði að tilkynna. Til þess að auðvelda það að hægt sé að rekja brotamenn og vara lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja við mögulegum ógnum, eru landsbundnir tengiliðir hvattir, eftir því sem við á, til að nota viðvörunarkerfi Evrópsku lögregluskrifstofunnar.

23) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari reglugerð. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

24) Samkvæmt XVII. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH))([4]) er bannað að útvega almennum borgurum ammóníumnítrat, sem auðveldlega er hægt að misnota sem forefni sprengiefnis. Þó er heimilt að útvega tilteknum atvinnunotendum ammóníumnítrat, einkum bændum. Slík útvegun skal því falla undir tilkynningakerfi fyrir grunsamleg viðskipti, sem komið er á fót með þessari reglugerð, þar sem engar sambærilegar kröfur eru í reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

25) Í þessari reglugerð er gerð krafa um vinnslu persónuupplýsinga og frekari birtingu þeirra til þriðja aðila, ef um er að ræða grunsamleg viðskipti. Sú vinnsla og birting felur í sér alvarlega skerðingu á grundvallarréttindum til einkalífs og réttinum til verndar persónuupplýsinga. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([5]) gildir um vinnslu á persónuupplýsingum innan ramma þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ber að tryggja að grundvallarréttindi til verndar persónuupplýsinga séu vernduð með viðeigandi hætti þegar persónuupplýsingar einstaklinga eru unnar við beitingu þessarar reglugerðar. Einkum skal vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við leyfisveitingu, skráningu viðskipta og tilkynningar um grunsamleg viðskipti fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB, þ.m.t. almennar meginreglur um gagnavernd sem varða lágmörkun gagna, takmörkun vegna tilgangs, meðalhóf og nauðsyn, sem og kröfuna um að sýna skráðum aðila tilhlýðilega virðingu að því er varðar rétt hans til aðgangs, til leiðréttingar og eyðingar.

26) Valið á efnum, sem hryðjuverkamenn og aðrir afbrotamenn nota við ólöglega framleiðslu á sprengiefnum, getur breyst mjög hratt. Því skal vera mögulegt að bæta fleiri efnum við kerfið, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ef nauðsyn krefur, eins fljótt og auðið er.

27) Til að koma til móts við þróun í tengslum við misnotkun efna sem forefni sprengiefna, og að því tilskildu að fram fari viðeigandi samráð við viðkomandi hagsmunaaðila til að taka tilliti til þess að þetta hefur mögulega umtalsverð áhrif á rekstraraðila, skal framkvæmdastjórninni falið umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að breyta gildum fyrir styrkleikamörk, en tiltekin efni, sem sæta takmörkunum samkvæmt þessari reglugerð og eru yfir þessum mörkum, skulu ekki gerð aðgengileg almenningi, og að skrá fleiri efni, sem tilkynningarskylda gildir um ef grunsamleg viðskipti eiga sér stað. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við

([4]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

28) Framkvæmdastjórnin skal stöðugt endurskoða skrána yfir efnin sem eiga ekki að vera aðgengileg almenningi ef þau eru yfir tilteknum styrkleikamörkum og skrána yfir efnin sem tilkynningarskylda gildir um ef grunsamleg viðskipti eiga sér stað. Í rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin undirbúa tillögur að nýrri löggjöf í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, til að bæta við eða eyða skráningum í fyrrnefndu skránni, eða til að eyða skráningum í síðarnefndu skránni, til þess að koma til móts við þróun í tengslum við misnotkun efna sem forefni sprengiefna.

29) Taka skal upp verndarákvæði þar sem kveðið er á um fullnægjandi málsmeðferð í Sambandinu í því skyni að taka á efnum, sem sæta ekki nú þegar takmörkunum samkvæmt þessari reglugerð en sem aðildarríki hefur gildar ástæður til að ætla að hægt væri að nota til ólöglegrar framleiðslu á sprengiefnum.

30) Með tilliti til tiltekinna áhættuþátta, sem fjalla skal um í þessari reglugerð, þykir enn fremur rétt að gera aðildarríkjum kleift að samþykkja verndarráðstafanir við tilteknar aðstæður, þ.m.t. að því er varðar efni sem falla nú þegar undir ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð.

31) Í ljósi krafna samkvæmt þessari reglugerð með tilliti til upplýsinga, sem veita skal framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum, væri ekki við hæfi að láta slíkar nýjar verndarráðstafanir falla undir kerfið, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([6]), óháð því hvort þær vísi til efna, sem falla nú þegar undir ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð, eða efna, sem sæta ekki slíkum takmörkunum.

32) Í ljósi markmiða þessarar reglugerðar og þeirra áhrifa sem hún getur haft á öryggi borgara og innri markaðinn skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli áframhaldandi umræðna í fastanefndinni um forefni, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem könnuð eru öll vandamál sem koma upp vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar sem og hvort það sé æskilegt og gerlegt að rýmka gildissvið hennar, bæði þannig að hún taki til atvinnunotenda og að undir ákvæðin um tilkynningar um grunsamleg viðskipti falli hvarf eða þjófnaður efna, sem eru skilgreind sem svo að þau hafi verið notuð í ólöglegri framleiðslu á sprengiefnum (óreglubundin forefni sprengiefna), þó svo að þau falli ekki undir ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal enn fremur leggja fram skýrslu, að teknu tilliti til fenginnar reynslu aðildarríkjanna og að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings, þar sem kannað er hvort æskilegt og gerlegt sé að efla og samræma kerfið frekar með tilliti til ógnana við almannaöryggi. Sem hluti af endurskoðuninni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem kannaðir eru möguleikarnir á því að færa ákvæðin um ammóníumnítrat úr reglugerð (EB) nr. 1907/2006 yfir í þessa reglugerð.

33) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að takmarka aðgang almennings að forefnum sprengiefna, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs takmörkunarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

34) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([7]), hefur Evrópska persónuverndarstofnunin gefið út álit ([8]).

35) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum um vernd persónuupplýsinga, frelsið til atvinnurekstrar, réttinn til eignar og meginregluna um bann við mismunun. Aðildarríkin skulu beita ákvæðum þessarar reglugerðar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með reglugerð þessari er komið á samræmdum reglum um aðgengileika, innflutning, vörslu og notkun efna eða blandna, sem hægt er að misnota til ólöglegrar framleiðslu sprengiefna, með það í huga að takmarka aðgengi almennings að þessum efnum og tryggja viðeigandi tilkynningar um grunsamleg viðskipti í gegnum alla aðfangakeðjuna.

Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á önnur strangari ákvæði í löggjöf Sambandsins varðandi efnin sem talin eru upp í viðaukunum.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um efnin sem talin eru upp í viðaukunum og blöndur og efni sem innihalda þau.

([6]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

([7]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

([8]) Stjtíð. ESB C 101, 1.4.2011, bls. 1.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) hluti, eins og þeir eru skilgreindir í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

b) flugeldavörur, eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB um að setja á markað flugeldavörur ([9]), flugeldavörur, sem í samræmi við landslög eru ekki ætlaðar til notkunar í viðskiptalegum tilgangi og notaðar eru af her, löggæsluyfirvöldum eða slökkviliði, búnað fyrir flugeldavörur, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ([10]), flugeldavörur sem ætlaðar eru til notkunar í flug- og geimiðnaðinum, eða hvellhettur sem ætlaðar eru fyrir leikföng,

c) lyf, sem eru gerð almennum borgurum aðgengileg á lögmætan hátt gegn lyfseðli í samræmi við gildandi landslög.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „efni“: efni í skilningi 1. liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

2) „blanda“: blanda í skilningi 2. liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

3) „hlutur“: hlutur í skilningi 3. liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

4) „aðgengileiki“: hvers konar afhending, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

5) „innflutningur“: sú aðgerð að koma með efni inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, hvort sem það er frá öðru aðildarríki eða frá þriðja landi,

6) „notkun“: hvers konar vinnsla, samsetning, geymsla eða blöndun, þ.m.t. framleiðsla hlutar eða hvers konar önnur nýting,

7) „almennur borgari“: sérhver einstaklingur sem á í viðskiptum í öðru skyni en vegna atvinnugreinar sinnar, viðskipta eða starfsgreinar,

8) „grunsamleg viðskipti“: hvers konar viðskipti, þ.m.t. viðskipti atvinnunotenda, með þau efni sem talin eru upp í viðaukunum eða með blöndur eða efni, sem innihalda þessi efni, ef gild ástæða þykir vera til að gruna að fyrirhugað sé að nota efnið eða blönduna til ólöglegrar framleiðslu á sprengiefnum,

9) „rekstraraðili“: sérhver einstaklingur, lögaðili eða opinber aðili eða hópur slíkra aðila og/eða stofnana, sem afhenda vörur eða veita þjónustu á markaðinum,

10) „forefni sprengiefna sem sætir takmörkunum“: efni, sem talið er upp í I. viðauka, í meiri styrkleika en samsvarandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í viðaukanum, þ.m.t. blanda eða annað efni, sem inniheldur efni í skránni í styrkleika sem er yfir samsvarandi viðmiðunarmörkum.

4. gr.

Aðgengileiki, innflutningur, varsla og notkun

1. Almennir borgarar skulu ekki hafa aðgang að forefnum sprengiefna sem sæta takmörkunum eða flytja þau inn, hafa þau í vörslu sinni eða nota þau.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríki heimilt að viðhalda eða koma á leyfisveitingakerfi, sem heimilar að forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum séu gerð aðgengileg almennum borgurum, sem og að almennir borgarar geti haft þau í vörslu sinni eða notað, að því tilskildu að almennir borgarar útvegi sér og, sé þess óskað, leggi fram leyfi sem heimilar þeim að verða sér úti um, hafa í vörslu sinni eða nota þessi efni, sem gefið er út í samræmi við 7. gr. af lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki þar sem öflun, varsla eða notkun hlutaðeigandi forefnis sprengiefna sem sætir takmörkunum er áætluð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., er aðildarríki heimilt að viðhalda eða koma á fót skráningarkerfi, sem heimilar að eftirfarandi forefni sprengiefna, sem sæta takmörkunum, séu gerð aðgengileg almennum borgurum, sem og að almennir borgarar geti haft þau í vörslu sinni eða notað, að því tilskildu að rekstraraðilinn, sem gerir þau aðgengileg, skrái öll viðskipti í samræmi við nánara fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 8. gr.:

a) vetnisperoxíð (CAS-númer 7722-84-1) í styrkleika sem er hærri en viðmiðunarmörkin, sem sett eru í I. viðauka, en ekki í styrkleika yfir 35% miðað við þyngd,

b) nítrómetan (CAS-númer 75-52-5) í styrkleika sem er hærri en viðmiðunarmörkin, sem sett eru í I. viðauka, en ekki í styrkleika yfir 40% miðað við þyngd,

c) saltpéturssýra (CAS-númer 7697-37-2) í styrkleika sem er hærri en viðmiðunarmörkin, sem sett eru í I. viðauka, en ekki í styrkleika yfir 10% miðað við þyngd.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem þau grípa til í því skyni að innleiða kerfin sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. Í tilkynningunni skal tilgreina þau forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum og þar sem aðildarríkið kveður á um undanþágu.

5. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir ráðstafanir, sem aðildarríki tilkynna um í samræmi við 4. mgr, aðgengilega öllum.

6. Þegar almennur borgari hyggst flytja inn forefni sprengiefna, sem sætir takmörkunum, á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem hefur veitt undanþágu frá 1. mgr. með því að nota leyfisveitingakerfi í samræmi 2. mgr. og/eða skráningarkerfi í samræmi við 3. mgr. eða í samræmi við 17. gr., skal sá aðili útvega sér og, sé þess óskað, leggja fyrir lögbært yfirvald leyfi, sem gefið er út í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 7. gr. og sem er gilt í því aðildarríki.

([9]) Stjtíð. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

7. Rekstraraðili, sem gerir forefni sprengiefnis sem sætir takmörkunum aðgengilegt almennum borgara í samræmi við 2. mgr., skal krefjast þess að lagt sé fram leyfi fyrir sérhver viðskipti eða, ef það er gert aðgengilegt í samræmi við 3. mgr., halda skrá yfir viðskiptin í samræmi við kerfið sem komið er á fót af því aðildarríki þar sem umrætt forefni sprengiefnis sem sætir takmörkunum er gert aðgengilegt.

5. gr.

Merkingar

Rekstraraðili, sem hyggst gera forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum aðgengilegt almennum borgara, skal tryggja að á umbúðunum komi skýrt fram að öflun, varsla eða notkun almennra borgara á þessu forefni sé háð takmörkun, eins og fram kemur í 1., 2. og 3. mgr. 4. gr., annaðhvort með því að festa sjálfur viðeigandi merkimiða eða með því að staðfesta að viðeigandi merkimiði hafi verið festur á.

6. gr.

Frjáls flutningur

Með fyrirvara um aðra málsgrein 1. gr. og 13. gr., og nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð eða í öðrum lagagerningum Sambandsins, skulu aðildarríki ekki banna, takmarka eða koma í veg fyrir að eftirfarandi efni séu gerð aðgengileg af ástæðum er varða forvarnir gegn ólöglegri framleiðslu sprengiefna:

a) efnin, sem talin eru upp í I. viðauka, í styrkleika sem er ekki yfir viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um þar eða

b) efni, sem talin eru upp í II. viðauka.

7. gr.

Leyfi

1. Hvert aðildarríki, sem gefur út leyfi fyrir almenna borgara sem hafa lögmæta hagsmuni af því að verða sér úti um, flytja inn, hafa í vörslu sinni eða nota forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum, skal mæla fyrir um reglur um veitingu leyfisins, sem kveðið er á um í 2. og 6. mgr. 4. gr. Þegar lögbært yfirvald í aðildarríki íhugar hvort veita eigi leyfi skal það taka tillit til allra þeirra aðstæðna sem skipta máli og einkum lögmæti fyrirhugaðrar notkunar efnisins. Leyfinu skal synja ef gildar ástæður eru fyrir því að draga í efa lögmæti fyrirhugaðrar notkunar eða fyrirætlanir notandans um að nota það í lögmætum tilgangi.

2. Lögbæra yfirvaldið getur kosið hvernig það vill takmarka gildi leyfisins, með því að heimila notkun í eitt eða fleiri skipti en í þrjú ár hið mesta. Þar til leyfið rennur út getur lögbæra yfirvaldið skyldað leyfishafa til að sýna fram á að skilyrðin fyrir útgáfu leyfisins séu enn uppfyllt. Í leyfinu skal koma fram fyrir hvaða forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum leyfið gildir.

3. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fara fram á að umsækjendur um leyfi greiði umsóknargjald. Slíkt gjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við afgreiðslu umsóknarinnar.

4. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að fella leyfið tímabundið úr gildi eða afturkalla það þegar gildar ástæður eru til að ætla að skilyrði fyrir útgáfu leyfisins séu ekki lengur uppfyllt.

5. Kærur vegna ákvarðana lögbæra yfirvaldsins og deilumál er varða það hvort skilyrði leyfisins séu uppfyllt skulu tekin fyrir hjá viðeigandi stofnun sem ber ábyrgð samkvæmt landslögum.

6. Öðrum aðildarríkjum er heimilt að viðurkenna leyfi sem lögbær yfirvöld aðildarríkis veita. Eigi síðar en 2. september 2014 skal framkvæmdastjórnin semja leiðbeiningar, að höfðu samráði við fastanefndina um forefni, um tæknilegar upplýsingar leyfanna til þess að greiða fyrir gagnkvæmri viðurkenningu þeirra. Í þessum leiðbeiningum skulu einnig vera upplýsingar um hvaða gögn skulu liggja að baki leyfum, sem heimila innflutning forefna sprengiefna sem sæta takmörkunum, þ.m.t. drög að sniðmáti fyrir slík leyfi.

8. gr.

Skráning viðskipta

1. Að því er varðar skráningu skv. 3. mgr. 4. gr. skulu almennir borgarar gera grein fyrir hverjir þeir eru með því að sýna opinber auðkennisskírteini.

2. Skráin skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn, heimilisfang og, eftir atvikum, annaðhvort auðkenninúmer almenna borgarans eða tegund og númer opinbera auðkennisskírteinisins,

b) nafn efnisins eða blöndunnar, þ.m.t. styrkleiki þess,

c) magn efnisins eða blöndunnar,

d) yfirlýsing almenna borgarans um fyrirhugaða notkun efnisins eða blöndunnar,

e) dagsetning og staður viðskiptanna,

f) undirskrift almenna borgarans.

3. Skráin skal geymd í fimm ár frá viðskiptadegi. Á þessu tímabili skal skráin vera aðgengileg til skoðunar að beiðni lögbærra yfirvalda.

4. Skráin skal geymd á pappír eða með öðrum varanlegum miðli og skal aðgengileg til skoðunar hvenær sem er allt tímabilið sem kveðið er á um í 3. mgr. Öll gögn sem geymd eru rafrænt skulu:

a) vera í samræmi við snið og innihald samsvarandi pappírsskjala og

b) vera tiltæk hvenær sem er allt tímabilið sem kveðið er á um í 3. mgr.

9. gr.

Tilkynningar um grunsamleg viðskipti, hvarf og þjófnað

1. Grunsamleg viðskipti með efnin sem talin eru upp í viðaukunum, eða með blöndur eða efni, sem innihalda þau, skulu tilkynnt í samræmi við þessa grein.

2. Hvert aðildarríki skal koma á einum eða fleiri landsbundnum tengiliði með skilgreint símanúmer og tölvupóstfang, sem hægt er að senda tilkynningar um grunsamleg viðskipti í.

3. Rekstraraðilar geta áskilið sér rétt til að hafna grunsamlegum viðskiptum og skulu tilkynna viðskiptin, eða tilraun til slíkra viðskipta, án óþarfa tafar, þ.m.t., ef mögulegt er, upplýsingar um deili á viðskiptamanninum, til landsbundins tengiliðs aðildarríkisins þar sem viðskiptin fóru fram, eða tilraun til slíkra viðskipta átti sér stað, ef þeir hafa gildar ástæður til að ætla að fyrirhuguð viðskipti með eitt eða fleiri efni, sem talin eru upp í viðaukunum, eða blöndur eða efni, sem innihalda þau, séu grunsamleg viðskipti, með hliðsjón af öllum aðstæðum og einkum þegar tilvonandi viðskiptamaður:

a) virðist óskýr varðandi fyrirhugaða notkun efnisins eða blöndunnar,

b) virðist ekki vita hver fyrirhuguð notkun efnisins eða blöndunnar er eða getur ekki útskýrt það þannig að trúanlegt sé,

c) hyggst kaupa efni í magni, samsetningu eða styrkleika sem er ekki algengt til einkanota,

d) er ekki viljugur til að sýna fram á hver hann er eða hvar hann býr eða

e) fer fram á að greiða með óvenjulegum hætti, þ.m.t. háar fjárhæðir í reiðufé.

4. Rekstraraðilar skulu einnig tilkynna um hvarf eða þjófnað á miklu magni af efnunum, sem talin eru upp í viðaukunum, og blöndum eða efnum, sem innihalda þau, til landsbundins tengiliðs þess aðildarríkis þar sem hvarfið eða þjófnaðurinn átti sér stað.

5. Til að greiða fyrir samstarfi á milli lögbærra yfirvalda og rekstraraðila skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við fastanefndina um forefni, semja leiðbeiningar, eigi síðar en 2. september 2014, til að styðja við aðfangakeðju efna og, ef við á, viðkomandi lögbær yfirvöld. Leiðbeiningarnar skulu einkum innihalda:

a) upplýsingar um hvernig á að þekkja og tilkynna um grunsamleg viðskipti, einkum að því er varðar styrkleika og/eða magn efnanna, sem talin eru upp í II. viðauka, sem er undir því sem krafist er aðgerða vegna,

b) upplýsingar um hvernig á að þekkja og tilkynna um hvarf eða þjófnað á miklu magni efna,

c) aðrar upplýsingar sem talið er að geti komið að gagni.

Framkvæmdastjórnin skal uppfæra leiðbeiningarnar reglulega.

6. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að leiðbeiningarnar, sem kveðið er á um í 5. mgr., sé reglulega dreift á þann hátt sem lögbærum yfirvöldum þykir viðeigandi í samræmi við markmið leiðbeininganna.

10. gr.

Gagnavernd

Aðildarríki skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga sem unnar eru við beitingu þessarar reglugerðar sé í samræmi við tilskipun 95/46/EB. Einkum skulu aðildarríkin tryggja að vinnsla persónuupplýsinga, sem nauðsynleg er vegna leyfisveitinga skv. 2. og 6. mgr. 4. gr. og 7. gr. þessarar reglugerðar eða vegna skráningar viðskipta skv. 4. gr. (3. mgr.), 8. og 17. gr. þessarar reglugerðar, og tilkynningar um grunsamleg viðskipti skv. 9. gr. þessarar reglugerðar, sé í samræmi við tilskipun 95/46/EB.

11. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

12. gr.

Breytingar á viðaukunum

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 14. gr. varðandi breytingar á viðmiðunarmörkunum í I. viðauka að því marki sem nauðsynlegt er til að koma til móts við þróun í tengslum við misnotkun efna sem forefni sprengiefna, eða á grundvelli rannsókna og tilrauna, sem og varðandi viðbót efna í II. viðauka, ef nauðsyn krefur, til að koma til móts við þróun í tengslum við misnotkun efna sem forefni sprengiefna. Framkvæmdastjórnin skal, sem hluti af undirbúningi framseldra gerða, leggja sig fram um að hafa samráð við viðkomandi hagsmunaaðila, einkum efnaiðnaðinn og smásölugeirann.

Ef skyndilegar breytingar eru gerðar á áhættumati, hvað varðar misnotkun efna til ólöglegrar framleiðslu á sprengiefnum, þegar brýna nauðsyn ber til, skal málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 15. gr., gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja sérstaka, framselda gerð að því er varðar allar breytingar á viðmiðunarmörkunum í I. viðauka og öll ný efni sem er bætt við í II. viðauka. Sérhver framseld gerð skal byggð á greiningu sem sýnir að breytingarnar séu ekki líklegar til að leiða til óhóflegra byrða fyrir rekstraraðila eða neytendur, að teknu tilhlýðilegu tilliti til markmiðanna sem stefnt er að.

13. gr.

Verndarákvæði

1. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að mögulegt sé að nota tiltekið efni, sem er ekki skráð í viðaukana, við ólöglega framleiðslu sprengiefna, er því heimilt að takmarka eða banna aðgengi, vörslu og notkun þessa efnis, eða hvers kyns blöndu

eða efnis, sem inniheldur þetta efni, eða að kveða á um að efnið falli undir tilkynningaskylduna í tengslum við grunsamleg viðskipti í samræmi við 9. gr.

2. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að mögulegt sé að nota tiltekið efni, sem er skráð í I. viðauka, við ólöglega framleiðslu sprengiefna, í styrkleika sem er undir viðmiðunarmörkunum, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, er því heimilt að takmarka frekar eða banna aðgengi, vörslu og notkun þessa efnis með því að setja lægra gildi fyrir styrkleikamörk.

3. Hafi aðildarríki gildar ástæður fyrir því að setja gildi fyrir styrkleikamörk, sem er þannig að fari efni, sem skráð er í II. viðauka, yfir það skal það skal það sæta þeim takmörkunum sem gilda annars um forefni sprengiefna, sem sæta takmörkunum, er því heimilt að takmarka eða banna aðgengi, vörslu eða notkun efnisins með því að setja leyfðan hámarksstyrk.

4. Aðildarríki sem takmarkar eða bannar efni í samræmi við 1., 2. eða 3. mgr. skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjum þar um og rökstyðja ákvörðun sína.

5. Í ljósi upplýsinganna sem veittar eru skv. 4. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka til athugunar hvort hún eigi að undirbúa breytingar á viðaukunum í samræmi við 1. mgr. 12. gr. eða undirbúa tillögu að nýrri löggjöf um breytingu á viðaukunum. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, eftir því sem við á, breyta eða fella úr gildi landsráðstafanir sínar til að taka til greina allar slíkar breytingar á viðaukunum.

6. Eigi síðar en 2. júní 2013 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um allar landsráðstafanir sem eru fyrir hendi sem takmarka eða banna aðgengi, vörslu og notkun efnis, eða blöndu eða efnis, sem inniheldur það, með þeim rökum að mögulegt sé að nota það við ólöglega framleiðslu sprengiefna.

14. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 12. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 1. mars 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 12. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 12. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

15. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um gerðina skal taka fram ástæðurnar fyrir því að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 14. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

16. gr.

Umbreytingarákvæði

Almennum borgurum skal heimilt að hafa í vörslu sinni og nota forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum til 2. mars 2016.

17. gr.

Skráningarkerfi sem fyrir eru

Aðildarríki, sem hefur 1. mars 2013 í gildi kerfi, sem skyldar rekstraraðila til að skrá viðskipti, sem gera eitt eða fleiri forefni sprengiefna sem sæta takmörkunum aðgengilegt almennum borgara, getur vikið frá 1. og 2. mgr. 4. gr. með því að nota skráningarkerfið í samræmi við 8. gr. fyrir sum eða öll efnin, sem eru talin upp í I. viðauka. Reglurnar sem mælt er fyrir um í 4.–7. mgr. 4. gr. gilda að breyttu breytanda.

18. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 2. september 2017, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem kannað er:

a) hvers konar vandamál sem hafa komið upp sem afleiðing af beitingu þessarar reglugerðar,

b) hvort æskilegt og gerlegt sé að efla og samræma kerfið frekar með tilliti til ógnana við almannaöryggi af völdum hryðjuverka og annarrar alvarlegrar afbrotastarfsemi, með tilliti til fenginnar reynslu aðildarríkjanna samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. hvers kyns ágallar í tengslum við öryggi, með tilliti til kostnaðar og hagkvæmni aðildarríkjanna, rekstraraðila og annarra viðeigandi hagsmunaaðila,

c) hvort æskilegt og gerlegt sé að rýmka gildissvið þessarar reglugerðar svo að hún taki til atvinnunotenda með tilliti til byrða sem lagðar eru á rekstraraðila og með hliðsjón af markmiði þessarar reglugerðar,

d) hvort æskilegt og gerlegt sé að ákvæðin um tilkynningu um grunsamleg viðskipti, hvarf og þjófnað nái einnig yfir forefni sprengiefna sem eru ekki skráð.

2. Eigi síðar en 2. mars 2015 skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins þar sem kannaðir eru möguleikarnir á því að færa ákvæðin um ammóníumnítrat úr reglugerð (EB) nr. 1907/2006 yfir í þessa reglugerð.

3. Í ljósi tilkynninganna, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið með það fyrir augum að breyta þessari reglugerð til samræmis við það.

19. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 2. september 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. janúar 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	L. CREIGHTON

I. VIÐAUKI

Efni, sem skulu ekki standa almennum borgurum til boða, hvorki ein og sér né heldur í blöndum eða efnum, sem innihalda þessi efni, nema ef styrkleikinn er jafn mikill eða lægri en viðmiðunarmörkin sem sett eru fram hér að neðan

Nafn efnis og skráningarnúmer Upplýsingaþjónustu um íðefni (CAS-númer)	Viðmiðunarmörk	Númer fyrir aðskilið efnafræðilega skilgreint efnasamband samkvæmt sameinuðu tollnafnaskránni (SN-númer), sem uppfyllir kröfur 1. aths. við 28. eða 29. kafla sameinuðu tollnafnaskrárinnar, í þeirri röð ([1])	Númer fyrir blöndu án innihaldsefna (t.d. kvikasilfur, góðmálmar eða sjaldgæfir jarðmálmar eða geislavirk efni) samkvæmt sameinuðu tollnafnaskránni (SN-númer) sem leiðir til flokkunar undir öðru SN-númeri ([1])
Vetnisperoxíð (CAS-nr. 7722-84-1)	12% miðað við þyngd	2847 00 00	3824 90 97
Nítrómetan (CAS-nr. 75-52-5)	30% miðað við þyngd	2904 20 00	3824 90 97
Saltpéturssýra (CAS-nr. 7697-37-2)	3% miðað við þyngd	2808 00 00	3824 90 97
Kalíumklóríð (CAS-nr. 3811-04-9)	40% miðað við þyngd	2829 19 00	3824 90 97
Kalíumperklórat (CAS-nr. 7778-74-7)	40% miðað við þyngd.	2829 90 10	3824 90 97
Natríumklórat (CAS-nr. 7775-09-9)	40% miðað við þyngd	2829 11 00	3824 90 97
Natríumperklórat (CAS-nr. 7601-89-0)	40% miðað við þyngd	2829 90 10	3824 90 97

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 948/2009 (Stjtíð. ESB L 287, 31.10.2009, bls. 1).

II. VIÐAUKI

Efni, ein og sér eða í blöndum eða í efnum, sem tilkynningarskylda gildir um ef grunsamleg viðskipti eiga sér stað

Nafn efnis og skráningarnúmer hjá Upplýsingaþjónustu um íðefni (CAS-númer)	Númer fyrir aðskilið efnafræðilega skilgreint efnasamband samkvæmt sameinuðu tollnafnaskránni (SN-númer), sem uppfyllir kröfur 1. aths. við 28. kafla, 1. aths. við 29. kafla eða b-lið 1. aths. við 31. kafla sameinuðu tollnafnaskrárinnar, í þeirri röð ([1])	Númer fyrir blöndur án innihaldsefna (t.d. kvikasilfur, góðmálmar eða sjaldgæfir jarðmálmar eða geislavirk efni) samkvæmt sameinuðu tollnafnaskránni (SN-númer) sem leiðir til flokkunar undir öðru SN-númeri ([1])
Hexamín (CAS-nr. 100-97-0)	2921 29 00	3824 90 97
Brennisteinssýra (CAS-nr. 7664-93-9)	2807 00 10	3824 90 97
Aseton (CAS-nr. 67-64-1)	2914 11 00	3824 90 97
Kalíumnítrat (CAS-nr. 7757-79-1)	2834 21 00	3824 90 97
Natríumnítrat (CAS-nr. 7631-99-4)	3102 50 10 (náttúrulegt)	3824 90 97
	3102 50 90 (annað)	3824 90 97
Kalsíumnítrat (CAS-nr. 10124-37-5)	2834 29 80	3824 90 97
Kalsíumammóníumnítrat (CAS-nr. 15245-12-2)	3102 60 00	3824 90 97
Ammóníumnítrat (CAS-nr. 6484-52-2) [í styrkleika sem er a.m.k. 16%, miðað við þyngd, af köfnunarefni úr ammóníumnítrati]	3102 30 10 (í vatnslausn)	3824 90 97
	3102 30 90 (annað)	

([1]) Reglugerð (EB) nr. 948/2009.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 878/2014 **2015/EES/8/32**

frá 12. ágúst 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin díklórpróp-P, metkónasól og tríklópýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkið fyrir virku efnunum díklórprópi-P, metkónasóli og tríklópýri fellur úr gildi 31. maí 2017. Lagðar hafa verið fram umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum. Þar eð kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]) gilda um þessi virku efni er nauðsynlegt að veita nægilegan tíma til að ljúka málsmeðferð við endurnýjun í samræmi við þá reglugerð. Af þessum sökum er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum falli úr gildi áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun þeirra. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

3) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.

5) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 240, 13.8.2014, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 270/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

———

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar „31. maí 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 133, díklórpróp-P, komi „30. apríl 2018“.

2) Í stað dagsetningarinnar „31. maí 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 134, metkónasól, komi „30. apríl 2018“.

3) Í stað dagsetningarinnar „31. maí 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 136, tríklópýr, komi „30. apríl 2018“.

———

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 880/2014 **2015/EES/8/33**

frá 12. ágúst 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c. lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið *Cydia pomonella*-kyrningaveira (CpGV), var fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([3]) í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 24. gr. b í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004([4]). Þar eð reglugerð (EB) nr. 1107/2009 kom í stað tilskipunar 91/414/EBE telst þetta efni samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]).

2) Í samræmi við 25. gr. a í reglugerð (EB) nr. 2229/2004 lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, sjónarmið sín varðandi drög að endurskoðunarskýrslu um *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), fyrir framkvæmdastjórnina 4. apríl 2012 ([6]). Matvælaöryggisstofnunin gerði tilkynnanda grein fyrir sínum sjónarmiðum varðandi *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV). Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir varðandi drögin að endurskoðunarskýrslunni. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að endurskoðunarskýrslunni og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar. Drögunum að endurskoðunarskýrslunni var lokið innan ramma fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. júlí 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV).

3) Staðfest er að virka efnið *Cydia pomonella*-kyrningaveira (CpGV) telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

4) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, einkum nýlega birtra leiðbeininga um örverufræðileg mengunarefnamörk fyrir örverufræðilegar plöntuverndarvörur ([7]), er nauðsynlegt að breyta skilyrðunum fyrir samþykki, einkum að því er varðar lágmarkshreinleika virka efnisins og eðli og hámarksinnihald tiltekinna óhreininda.

5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 240, 13.8.2014, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 270/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 frá 3. desember 2004 um nánari reglur varðandi framkvæmd fjórða áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 13).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(4), 2655. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Working Document on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products (SANCO/12116/2012 Rev. 0, September 2012).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í dálkinum „Hreinleiki“ í línu 198, *Cydia pomonella*-kyrningaveira (CpGV) [áður þýtt sem granulo-veira], í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi orðin „Lágmarksstyrkleiki 1×10^{13} OB/l (innlyksur/l) og mengandi örverur (*Bacillus cereus*) í samsettu vörunni $< 1 \times 10^{7}$ CFU/g“ í stað orðanna „Mengandi örverur (*Bacillus cereus*) <1 × 106 CFU/g“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 890/2014 **2015/EES/8/34**

frá 14. ágúst 2014

um samþykki fyrir virka efninu metóbrómúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar metóbrómúrón eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/253/ESB ([3]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Frakklandi umsókn frá Belchim Crop Protection NV/SA 15. desember 2010 um færslu virka efnisins metóbrómúróns á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2011/253/ESB að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið Frakkland lagði fram drög að matsskýrslu 10. janúar 2013. Í samræmi við 3. mgr. 8. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011([4]) var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum 13. maí 2013. Mat Frakklands á viðbótarupplýsingunum var lagt fram sem uppfærð drög að matsskýrslu í október 2013.

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu metóbrómúróni ([5]) fyrir framkvæmdastjórnina 15. janúar 2014. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður og þeirri endurskoðun lauk 11. júlí 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um metóbrómúrón.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda metóbrómúrón uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja metóbrómúrón.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 243, 15.8.2014, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/253/ESB frá 26. apríl 2011 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu metóbrómúróns, S-absísínsýru, *Bacillus amyloliquefaciens* subsp. *plantarum* D747, *Bacillus pumilus* QST 2808 og *Streptomyces lydicus* WYEC 108 á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 106, 27.4.2011, bls. 13).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsmeðferð fyrir matið á virkum efnum sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3541. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

6) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

7) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.

8) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metóbrómúrón. Aðildarríkin ættu að breyta og skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

9) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 ([6]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.

10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([7]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið metóbrómúrón, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metóbrómúrón sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 30. júní 2015.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur metóbrómúrón, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 31. desember 2014. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 ef um er að ræða vöru sem inniheldur metóbrómúrón sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur metóbrómúrón sem eitt af nokkrum virkum efnum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Metóbrómúrón CAS-nr. 3060-89-7 CIPAC-nr. 168	3-(4-brómfenýl)-1-metoxý-1-metýlúrea	≥ 978 g/kg	1. janúar 2015	31. desember 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metóbrómúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) vernd starfsmanna og notenda, b) áhættu fyrir fugla, spendýr, lagarlífverur og landplöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) eiturefnafræðilegu mati á umbrotsefnunum CGA 18236, CGA 18237, CGA 18238 og 4-brómanilíni, b) ásættanleika langvarandi áhættu fyrir fugla og spendýr. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. desember 2016.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„76	Metóbrómúrón CAS-nr. 3060-89-7 CIPAC-nr. 168	3-(4-brómfenýl)-1-metoxý-1-metýlúrea	≥ 978 g/kg	1. janúar 2015	31. desember 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metóbrómúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) vernd starfsmanna og notenda, b) áhættu fyrir fugla, spendýr, lagarlífverur og landplöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: a) eiturefnafræðilegu mati á umbrotsefnunum CGA 18236, CGA 18237, CGA 18238 og 4-brómanilíni, b) ásættanleika langvarandi áhættu fyrir fugla og spendýr. Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. desember 2016.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 891/2014 **2015/EES/8/35**

frá 14. ágúst 2014

um samþykki fyrir virka efninu amínópýralíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([2]) að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar amínópýralíð eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/778/EB ([3]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Bretlandi umsókn frá Dow AgroSciences Ltd 22. apríl 2004 um færslu virka efnisins amínópýralíðs á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2005/778/EB að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 22. ágúst 2006. Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011([4]) var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum 27. maí 2011. Mat Bretlands á viðbótarupplýsingunum var lagt fram sem uppfærð drög að matsskýrslu 8. júní 2012.

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu amínópýralíði ([5]) fyrir framkvæmdastjórnina 30. ágúst 2013. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. júlí 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um amínópýralíð.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda amínópýralíð fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja amínópýralíð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 243, 15.8.2014, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/778/EB frá 28. október 2005 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegar færslu amínópýralíðs og flúópíkólíðs á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 293, 9.11.2005, bls. 26).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsmeðferð fyrir matið á virkum efnum sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(9), 3352. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

6) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.

7) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda amínópýralíð. Aðildarríkin ættu að breyta og skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

8) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 ([6]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.

9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([7]) til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið amínópýralíð, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda amínópýralíð sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 30. júní 2015.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur amínópýralíð, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 31. desember 2014. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 ef um er að ræða vöru sem inniheldur amínópýralíð sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur amínópýralíð sem eitt af nokkrum virkum efnum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Amínópýralíð CAS-nr. 150114-71-9 CIPAC-nr. 771	4-amínó-3,6-díklórpýridín-2-karboxýlsýra	≥ 920 g/kg Eftirfarandi óhreinindi sem skipta máli skulu ekki fara yfir tiltekin viðmiðunarmörk: Píklóram ≤ 40 g/kg	1. janúar 2015	31. desember 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um amínópýralíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir grunnvatn ef efnið er notað við viðkvæm jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, b) áhættu fyrir lagarfjölfrumuplöntur og landplöntur utan markhóps, c) langvinnri áhættu fyrir fiska. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„77	Amínópýralíð CAS-nr. 150114-71-9 CIPAC-nr. 771	4-amínó-3,6-díklórpýridín-2-karboxýlsýra	≥ 920 g/kg Eftirfarandi óhreinindi sem skipta máli skulu ekki fara yfir tiltekin viðmiðunarmörk: Píklóram ≤ 40 g/kg	1. janúar 2015	31. desember 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um amínópýralíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir grunnvatn ef efnið er notað við viðkvæm jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, b) áhættu fyrir lagarfjölfrumuplöntur og landplöntur utan markhóps, c) langvinnri áhættu fyrir fiska. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 916/2014 **2015/EES/8/36**

frá 22. ágúst 2014

um samþykki fyrir grunnefninu súkrósa, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá ITAB 24. apríl 2013 um samþykki fyrir súkrósa sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 12. júní 2014([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([3]) og drögin að þessari reglugerð um samþykki fyrir súkrósa fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. júlí 2014.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að súkrósi uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002([4]). Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd, annað hvort beint eða í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.

4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að súkrósi uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja súkrósa sem grunnefni.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) „Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for sucrose/saccharoseand the conclusions drawn by EFSA on the specific points raised.“ (Niðurstöður samráðs aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins súkrósa/sakkarósa og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar um þá tilteknu þætti sem voru athugaðir.) 2014:EN-616, 27 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/sanco_pesticides/public/?event=homepage

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([5]) til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið súkrósi, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki[1]	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Súkrósi CAS-nr.: 57-50-1	α-D-glúkópýranósýl-(1→2)-β-D-frúktófúranósíð eða β-D-frúktófúranósýl-(2→1)-α-D-glúkópýranósíð	Matvæla-gæði	1. janúar 2015	Er einungis samþykkt til notkunar sem grunnefni til að efla náttúrlegar varnir plöntunnar. Nota skal súkrósa í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um súkrósa (SANCO/11406/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki[1]	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„3	Súkrósi CAS-nr.: 57-50-1	α-D-glúkópýranósýl-(1→2)-β-D-frúktófúranósíð eða β-D-frúktófúranósýl-(2→1)-α-D-glúkópýranósíð	Matvæla-gæði	1. janúar 2015	Er einungis samþykkt til notkunar sem grunnefni til að efla náttúrlegar varnir plöntunnar. Nota skal súkrósa í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um súkrósa (SANCO/11406/2014), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 917/2014 **2015/EES/8/37**

frá 22. ágúst 2014

um samþykki fyrir virka efninu *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([2]) að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108 eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/253/ESB([3]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Hollandi umsókn frá FuturEco Bioscience S.L. 6. ágúst 2010 um færslu virka efnisins *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108 á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með framkvæmdarákvörðun 2011/253/ESB að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 4. maí 2012.

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108([4]) fyrir framkvæmdastjórnina 14. október 2013. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. júlí 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur, sem innihalda *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108.

6) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/253/ESB frá 26. apríl 2011 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu metóbrómúróns, S-absísínsýru, *Bacillus amyloliquefaciens* subsp. *plantarum* D747, *Bacillus pumilus* QST 2808 og *Streptomyces lydicus* WYEC 108 á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 106, 27.4.2011, bls. 13).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(11), 3425. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

7) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108. Aðildarríkin ættu að breyta og skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

8) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92([5]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.

9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([6]) til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108 sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 30. júní 2015.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 31. desember 2014. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016, ef um er að ræða plöntuverndarvöru sem inniheldur *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108 sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108 sem eitt af nokkrum virkum efnum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Streptomyces lydicus af stofni WYEC 108 Safn nr.: American Type Culture Collection (USDA) ATCC 55445	Á ekki við	Lágmarks-styrkleiki: $5,0 \times 10^8$ CFU/g	1. janúar 2015	31. desember 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir lagarlífverur, b) áhættu fyrir jarðvegslífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki(1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„79	*Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108 Safn nr.: American Type Culture Collection (USDA) ATCC 55445	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: $5{,}0 \times 10^8$ CFU/g	1. janúar 2015	31. desember 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir lagarlífverur, b) áhættu fyrir jarðvegslífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 918/2014 **2015/EES/8/38**

frá 22. ágúst 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu ógreinótt fiðrildaferómón (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c. lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið ógreinótt fiðrildaferómón var fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB([3]) í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 24. gr. b í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004([4]). Þar eð reglugerð (EB) nr. 1107/2009 kom í stað tilskipunar 91/414/EBE telst þetta virka efni samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([5]).

2) Í samræmi við 25. gr. a í reglugerð (EB) nr. 2229/2004 lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, sjónarmið sín varðandi drög að endurskoðunarskýrslu um ógreinótt fiðrildaferómón([6]) fyrir framkvæmdastjórnina 13. desember 2013. Matvælaöryggisstofnunin gerði tilkynnanda grein fyrir sínum sjónarmiðum varðandi ógreinótt fiðrildaferómón. Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnanda færi á að leggja fram athugasemdir varðandi drögin að endurskoðunarskýrslunni um ógreinótt fiðrildaferómón. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að endurskoðunarskýrslunni og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, innan ramma fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður, og þeirri endurskoðun lauk 11. júlí 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ógreinótt fiðrildaferómón.

3) Staðfest er að virka efnið ógreinótt fiðrildaferómón telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

4) Ógreinótt fiðrildaferómón er hópur ferómóna sem skordýr af ættbálknum Lepidoptera mynda á náttúrulegan hátt. Þau hafa samskonar byggingarlega skilgreiningu og verkunarmáta. Í endurskoðunarskýrslunni um ógreinótt fiðrildaferómón (SANCO/2633/2008) er skrá yfir einstök efnasambönd sem hafa samskonar byggingarlega skilgreiningu og ógreinótt fiðrildaferómón og sem er að finna í leyfðum plöntuverndarvörum. Þessi skrá verður uppfærð eins og við á.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að breyta skilyrðum fyrir samþykki fyrir ógreinóttum fiðrildaferómónum. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 frá 3. desember 2004 um nánari reglur varðandi framkvæmd fjórða áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 13).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu: „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance Straight Chain Lepidopteran Pheromones.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3524. 537 bls. doi:10.2903/j.efsa.2014.3524. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

6) Því ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað 255. línu um virka efnið ógreinótt fiðrildaferómón í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„255	Ógreinótt fiðrildaferómón (e. *Lepidopteran Pheromones*)	Endurskoðunarskýrsla (SANCO/2633/2008)	Endurskoðunarskýrsla (SANCO/2633/2008)	1. september 2009	31. ágúst 2019	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem löðunarefni. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ógreinótt fiðrildaferómón (SANCO/2633/2008), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Tilkynnandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) erfðaeitureiginleikum efnasambanda aldehýðhópa, 2) váhrifum á menn og á umhverfið sem stafa af mismunandi notkun á ógreinóttum fiðrildaferómónum sem plöntuverndarvöru í samanburði við náttúruleg bakgrunnsgildi þessara ferómóna. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem eru settar fram í 1. lið eigi síðar en 31. desember 2015 og upplýsingarnar í 2. lið eigi síðar en 31. desember 2016.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 921/2014 **2015/EES/8/39**

frá 25. ágúst 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu tebúkónasóli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c. lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/125/EB([2]) var tebúkónasól fært á skrá sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE([3]) til notkunar sem sveppaeyðir með því skilyrði að hlutaðeigandi aðildarríki tryggðu að tilkynnendur, sem lögðu fram beiðni um að tebúkónasól yrði fært á skrá í þeim viðauka, legðu fram frekari upplýsingar til staðfestingar í formi rannsókna á áhættu fyrir fugla og spendýr.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([4]).

3) Hinn 8. apríl 2010 lagði einn tilkynnendanna, sem fór fram á að tebúkónasól væri fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, fram umsókn um breytingu á skilyrðunum fyrir samþykkinu á virka efninu tebúkónasóli til gera kleift að nota efnið sem plöntuvaxtarstýriefni án takmarkana. Umsókninni fylgdu upplýsingar varðandi umbeðnu viðbótarnotkunina sem plöntuvaxtarstýriefni fyrir olíurepju. Umsóknin var lögð fyrir Danmörku sem samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002([5]) hafði verið tilnefnd sem skýrslugjafaraðildarríki.

4) Danmörk lagði mat á upplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram. Danmörk lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, 23. júlí 2012 í formi viðbótar við drögin að matsskýrslunni.

5) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við Matvælaöryggisstofnunina sem lagði fram álit sitt á áhættumatinu á tebúkónasóli 9. desember 2013([6]). Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni, viðbótina og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. júlí 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um tebúkónasól.

6) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna um tebúkónasól.

7) Framkvæmdastjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ef leyft er að nota efnið sem plöntuvaxtarstýriefni án takmarkana veldur það ekki frekari áhættu til viðbótar þeirri áhættu sem þegar hefur verið tekið tillit til í samþykkinu fyrir tebúkónasóli og í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um efnið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/125/EB frá 19. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum álfosfíði, kalsíumfosfíði, magnesíumfosfíði, sýmoxaníli, dódemorfi, 2,5-díklórbensósýrumetýlester, metamítróni, súlkótríóni, tebúkónasóli og tríadímenóli (Stjtíð. ESB L 344, 20.12.2008, bls. 78).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002 frá 14. ágúst 2002 um nánari reglur varðandi framkvæmd þriðja áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 451/2000 (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2002, bls. 23).

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2013 „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance tebuconazole“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014, 12(1) 3485, 98 bls. doi:10.2903/j.efsa.2014.3485.

8) Rétt er að rýmka samþykkið fyrir tebúkónasóli svo að það nái yfir notkun á efninu sem plöntuvaxtarstýriefni án takmarkana. Til að taka tillit til óvissu sem enn er fyrir hendi varðandi möguleg váhrif á grunnvatn af völdum umbrotsefnisins 1,2,4-tríasóls við dæmigerða notkun með úðun á kornvörur, til meðhöndlunar á byggfræ og á þrúgur, ættu aðildarríkin þó að gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðveg eða loftslagsskilyrði, einkum að því er varðar tilvist umbrotsefnisins 1,2,4-tríasóls í grunnvatni.

9) Danmörk lauk við matið á staðfestingarupplýsingunum, að því er varðar áhættu fyrir fugla og spendýr, í janúar 2014. Fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður samþykkti að á grundvelli núverandi niðurstaðna væri áhættan fyrir fugla og spendýr viðunandi. Af þeim sökum hefur matið á framlögðu staðfestingargögnunum ekki umtalsverð áhrif á niðurstöðurnar úr upphaflega áhættumatinu. Ekki hefur verið talin þörf á frekari endurskoðun Matvælaöryggisstofnunarinnar.

10) Því ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 268. línu, tebúkónasól, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir og plöntuvaxtarstýriefni.

B-HLUTI

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um tebúkónasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 28. október 2008. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

— öryggi notenda og starfsmanna og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa,

— fæðutengdum váhrifum af umbrotsefnum tebúkónasóls (tríasóls) á neytendur,

— mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðveg eða loftslagsskilyrði, einkum að því er varðar tilvist umbrotsefnisins 1,2,4-tríasóls í grunnvatni,

— vernd fugla og spendýra sem nærast á fræjum og spendýra sem eru plöntuætur og tryggja að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, eftir því sem við á,

— vernd lagarlífvera og tryggja að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, s.s. með varðbeltum, eftir því sem við á.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tryggja að tilkynnandinn leggi frekari upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, sem fjalla um mögulega innkirtlatruflandi eiginleika tebúkónasóls, innan tveggja ára frá samþykki á OECD-viðmiðunarreglum um prófanir vegna innkirtlatruflana eða, að öðrum kosti, viðmiðunarreglum um prófanir sem eru samþykktar á vettvangi Bandalagsins.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 922/2014 **2015/EES/8/40**

frá 25. ágúst 2014

um samþykki fyrir virka efninu metaflúmísóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([2]) að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar metaflúmísón eru skilyrðin í a-lið 1. mgr. 80 gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 uppfyllt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/517/EB ([3]).

2) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Bretlandi umsókn frá BASF SE 29. mars 2005 um færslu virka efnisins metaflúmísóns á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2006/517/EB að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 29. mars 2005. Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011([4]) var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum 5. júlí 2011. Mat Bretlands á viðbótargögnunum var lagt fram sem uppfærð drög að matsskýrslu 8. júní 2012.

4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu metaflúmísóni ([5]) fyrir framkvæmdastjórnina 13. september 2013. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. júlí 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um metaflúmísón.

5) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda metaflúmísón uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja metaflúmísón.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/517/EB frá 19. júlí 2006 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málsskjalanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegar færslu metaflúmísóns á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 201, 25.7.2006, bls. 34).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2011 frá 25. febrúar 2011 um nákvæmar reglur um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar málsmeðferð fyrir matið á virkum efnum sem voru ekki á markaði tveimur árum eftir tilkynningardag tilskipunarinnar (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 51).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3373. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

6) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

7) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.

8) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda. Aðildarríkin ættu að fá 6 mánaða frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metaflúmísón. Aðildarríkin ættu að breyta og skipta út leyfum eða afturkalla þau, eins og við á. Þrátt fyrir þann frest ætti að veita lengra tímabil til að leggja fram og meta fullnaðarmálsskjölin í III. viðauka, eins og sett er fram í tilskipun 91/414/EBE, fyrir hverja plöntuverndarvöru og fyrir hverja fyrirhugaða notkun hennar, í samræmi við samræmdu meginreglurnar.

9) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92([6]), hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.

10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([7]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið metaflúmísón, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metaflúmísón sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 30. júní 2015.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í dálknum um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur metaflúmísón, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 31. desember 2014. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 ef um er að ræða vöru sem inniheldur metaflúmísón sem eina virka efnið eða

b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur metaflúmísón sem eitt af nokkrum virkum efnum.

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki[1]	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Metaflúmísón CAS-nr. 139968-49-3 CIPAC-nr. 779	(EZ)-2′-[2-(4-sýanófenýl)-1-(α,α,α-tríflúor-m-tólýl) etýlíden]-4-(tríflúormetoxý) karbanílhýdrasíð	≥ 945 g/kg (90–100% E-hverfa 10–0% Z-hverfa) Eftirfarandi óhreinindi sem skipta máli skulu ekki fara yfir tiltekin viðmiðunarmörk: Hýdrasín ≤ 1 mg/kg 4-(tríflúormetoxý) fenýlísósýanat ≤ 100 mg/kg Tólúen ≤ 2 g/kg	1. janúar 2015	31. desember 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metaflúmísón, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir fiska og lífverur sem búa í seti, b) áhættu fyrir fugla sem éta snigla eða ánamaðka. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) jafngildi efnisins sem er notað vegna eiturefnafræðilegra og visteiturefnafræðilegra rannsókna með tækniforskriftinni sem lögð er til, 2) upplýsingum sem fjalla um mögulega uppsöfnun metaflúmísóns í lagarlífverum og lífmögnun í fæðukeðjum í vatni. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina viðkomandi upplýsingar sem farið er fram á samkvæmt 1. lið eigi síðar en 30. júní 2015 og samkvæmt 2. lið eigi síðar en 31. desember 2016.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virkt efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki[1]	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„78	Metaflúmísón CAS-nr. 139968-49-3 CIPAC-nr. 779	(EZ)-2′-[2-(4-sýanófenýl)-1-(α,α,α-tríflúor-m-tólýl) etýlíden]-4-(tríflúormetoxý) karbanílhýdrasíð	≥ 945 g/kg (90–100% E-hverfa 10–0% Z-hverfa) Eftirfarandi óhreinindi sem skipta máli skulu ekki fara yfir tiltekin viðmiðunarmörk: Hýdrasín ≤ 1 mg/kg 4-(tríflúormetoxý) fenýlísósýanat ≤ 100 mg/kg Tólúen ≤ 2 g/kg	1. janúar 2015	31. desember 2024	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metaflúmísón, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 11. júlí 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir fiska og lífverur sem búa í seti, b) áhættu fyrir fugla sem éta snigla eða ánamaðka. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) jafngildi efnisins sem er notað vegna eiturefnafræðilegra og visteiturefnafræðilegra rannsókna með tækniforskriftinni sem lögð er til, 2) upplýsingum sem fjalla um mögulega uppsöfnun metaflúmísóns í lagarlífverum og lífmögnun í fæðukeðjum í vatni. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina viðkomandi upplýsingar sem farið er fram á samkvæmt 1. lið eigi síðar en 30. júní 2015 og samkvæmt 2. lið eigi síðar en 31. desember 2016.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virkt efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 186/2014 **2015/EES/8/41**

frá 26. febrúar 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 823/2012 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virku efnunum etoxýsúlfúróni, oxadíargýli og varfaríni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum annarri málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lokadegi samþykkistímabils fyrir virku efnin etoxýsúlfúrón, oxadíargýl og varfarín, sem er settur fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011([2]), var frestað til 31. júlí 2016 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012([3]) til að gera umsækjendum kleift að virða þriggja ára fyrirvarann sem er krafist skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2) Ekki voru lagðar fram neinar umsóknir um endurnýjun samþykkis fyrir virku efnunum etoxýsúlfúróni, oxadíargýli og varfaríni innan þriggja ára fyrirvarans.

3) Þar eð engar slíkar umsóknir voru lagðar fram er rétt að fastsetja lokadagsetninguna sem hina fyrstu sem unnt er eftir upphaflega lokadagsetningu, eins og hún var fastsett fyrir samþykkt reglugerðar (ESB) nr. 823/2012.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 823/2012 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 823/2012

Ákvæðum 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 823/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1) 31. júlí 2016 að því er varðar virku efnin: etófúmesat (færsla 29), ímasamox (færsla 41), oxasúlfúrón (færsla 42), foramsúlfúrón (færsla 44), sýasófamíð (færsla 46), línúrón (færsla 51), pendímetalín (færsla 53), trífloxýstróbín (færsla 59), karfentrasónetýl (færsla 60), mesótríon (færsla 61), fenamídón (færsla 62) og ísoxaflútól (færsla 63),“

b) Eftirfarandi 4. liður bætist við:

„4) 31. mars 2014 að því er varðar virku efnin: etoxýsúlfúrón (færsla 43), oxadíargýl (færsla 45) og varfarín (færsla 120).“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 57, 27.2.2014, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 272/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012 frá 14. september 2012 um að víkja frá framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virku efnunum 2,4-DB, bensósýru, betasýflútríni, karfentrasónetýli, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíði, sýflútríni, deltametríni, dímeten-amíði-P, etófúmesati, etoxýsúlfúróni, fenamídóni, flasasúlfúróni, flúfenaseti, flúrtamóni, fóramsúlfúróni, fosþíasati, ímasamoxi, ídósúlfúróni, ípródíóni, ísoxaflútóli, línúróni, malínhýdrasíði, mekóprópi, mekóprópi-P, mesósúlfúróni, mesótríóni, oxadíargýli, oxasúlfúróni, pendímetalíni, píkoxýstróbíni, própíkónasóli, própínebi, própoxýkarbasóni, própýsamíði, pýraklóstróbíni, silþíófami, trífloxýstróbíni, varfaríni og soxamíði (Stjtíð. ESB L 250, 15.9.2012, bls. 13).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 700/2014 **2015/EES/8/42**

frá 24. júní 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar skýrslugjafaraðildarríkið fyrir virka efnið dímetómorf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 686/2012([2]) er mati, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun, úthlutað til aðildarríkjanna þar sem gefið er upp eitt skýrslugjafaraðildarríki og eitt meðskýrslugjafaraðildarríki fyrir hvert virkt efni sem samþykki rennur út fyrir eigi síðar en 31. desember 2018. Að beiðni umsækjanda og í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki er talið nauðsynlegt að breyta skýrslugjafaraðildarríkinu fyrir dímetómorf en virða um leið jafna dreifingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkjanna. Héðan í frá ætti að úthluta mati í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun fyrir dímetómorf til Hollands.

2) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað færslunnar um virka efnið dímetómorf í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 komi eftirfarandi:

„Dímetómorf	NL	DE“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012, bls. 5).

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/79/ESB **2015/EES/8/43**

frá 20. júní 2014

um breytingu á viðbæti C í II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga að því er varðar TCEP, TCPP og TDCP (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga ([1]), einkum 2. mgr. 46 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnið tris(2-klóretýl)fosfat (TCEP), CAS-nr. 115-96-8, er fosfatester sem notað er sem eldtefjandi mýkiefni í fjölliður. TCEP hefur helst verið notað í byggingar-, húsgagna- og textíliðnaði. TCEP er flokkað, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006, ([2]), sem krabbameinsvaldandi efni í 2. undirflokki og efni, sem hefur eiturhrif á æxlun, í undirflokki 1B.

2) Í tilskipun 2009/48/EB eru settar almennar kröfur um efni, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi efni eða efni sem hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni), í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Slík efni má ekki nota í leikföng, í hluta leikfanga eða í örgreinanlega hluta leikfanga nema þau séu óaðgengileg börnum, þau séu leyfð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar eða þau séu ein og sér í styrk sem er annaðhvort jafn og eða minni en viðkomandi styrkur sem ákvarðaður er varðandi flokkun blandna sem innihalda þau sem CMR-efni. Ef ekki er um að ræða neinar sértækar kröfur getur TCEP því verið í leikföngum í styrk, sem er annaðhvort jafn og eða minni en viðkomandi styrkur, sem ákvarðaður er varðandi flokkun blandna sem innihalda þau sem CMR-efni, þ.e. 0,5% frá og með 20. júlí 2013 og 0,3% frá og með 1. júní 2015.

3) TCEP var metið ítarlega 2009 í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([3]). Áhættumatsskýrslan, sem ber heitið „Áhættumat Evrópusambandsins að því er varðar TCEP“ (European Union Risk assessment on TCEP) sýnir að TCEP losnar auðveldlega við flæði og þegar það er tekið inn hefur það í för með sér eiturhrif í nýrum, lifur og heila sem veldur heilsutjóni og mögulega krabbameini.

4) Einnig kemur fram í áhættumatsskýrslunni að frá 2001 hefur ekki verið nein framleiðsla á TCEP innan ESB. Notkun þess innan ESB hefur einnig minnkað og TCEP hefur smátt og smátt verið skipt út fyrir önnur eldtefjandi efni. Engu að síður er ekki hægt að útiloka tilvist TCEP í leikföngum þar sem flest leikföng, sem eru á boðstólnum á markaði ESB, eru innflutt og framleidd utan ESB.

5) Til að meta áhrif TCEP í leikföngum á heilbrigði og hversu viðeigandi almenn mörk TCEP, sem CMR-efnis, er í tilskipun 2009/48/EB fór framkvæmdastjórnin fram á það við vísindanefndina um heilbrigðis- og umhverfisáhættu (SCHER) að hún gæfi álit sitt á því. Í áliti sínu, sem samþykkt var 22. mars 2012 og ber heitið „Álit varðandi tris(2-klóretýl)fosfat (TCEP) í leikföngum“ (Opinion on tris(2-chloroethyl) phosphate (TCEP) in toys), tekur vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhættu fram að áhrif á heilbrigði (einkum áhrif á nýru) hafi verið staðfest eftir endurtekin váhrif af völdum 12 mg af TCEP/kg líkamsþyngdar á dag. Vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhættu tók einnig fram að innihald TCEP, sem Umhverfisverndarstofnun Danmerkur fann í leikföngum (0,5-0,6%), eins og greint er frá í skýrslu hennar „Athugun og áhættumat á ilm- og bragðefnum í leikföngum og hlutum til umönnunar barna. Athugun á hreinum efnum í neysluvörum“ (Survey and risk assessment of perfume and flavours in toys and childcare articles. Survey of chemical substances in consumer products), sem Umhverfisverndarstofnun Danmerkur samdi, hefur í för með sér áhættu fyrir börn, jafnvel þótt önnur váhrif séu ekki höfð í huga. Þegar höfð eru í huga váhrif frá TCEP, sem

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

koma annars staðar frá en úr leikföngum (t.d. úr lofti og ryki), ályktaði vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhættu að engin viðbótarváhrif frá leikföngum geti talist örugg og mælir með að mörkin fyrir TCEP í leikföngum verði sett við greiningarmörk nægilega næmrar greiningaraðferðar.

6) Í ljósi þess sem að framan greinir virðast almennu viðmiðunargildin 0,5% og 0,3%, sem um getur í tilskipun 2009/48/EB, ekki eiga við að því er varðar heilsuvernd barna. Að höfðu samráði við hagsmunaaðila voru „greiningarmörk nægilega næmrar greiningaraðferðar“ fyrir TCEP ákveðin við 5 mg/kg. Þessi mörk eru ekki byggð á eiturefnafræðilegri nálgun heldur vísa þau til greiningarmarka.

7) Auk TCEP lagði vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhættu, í framangreindu áliti frá 22. mars 2012, einnig mat á halógenaða valkosti við TCEP, þ.e. tris[2-klór-1-klórmetýl)etýl]fosfat (TDCP), CAS-nr. 13674-87-8 og tris(2-klór-1-metýletýl)fosfat (TCPP), CAS-nr. 13674-84-5. Þessir valkostir voru metnir 2008 samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 793/93.

8) Í áliti sínu er vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhættu sammála þeirri niðurstöðu á áhættumati þessara valkosta að það séu nægar upplýsingar um uppbyggingu, eðlisefnafræðilega eiginleika, eiturefnahvörf og stökkbreytandi snið TCEP, TDCP og TCPP til að styðja eigindlega ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum, sem gefur tilefni til áhyggna að því er varðar hugsanleg krabbameinsvaldandi áhrif TCPP fyrir tilstuðlan verkunarháttar sem hefur ekki erfðaeiturhrif. Í ályktuninni út frá byggingarlega hliðstæðum efnum gefur vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhættu til kynna að þau sjónarmið sem koma upp varðandi TCEP gætu einnig gilt um halógenaða valkosti þess ef þeir eru notaðir við leikfangaframleiðslu.

9) TDCP er flokkað samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem efni sem hefur krabbameinsvaldandi áhrif í 2. undirflokki og vísindanefndin um heilbrigðis- og umhverfisáhættu hefur bent á að hugsanlega sé ástæða til að hafa áhyggjur af krabbameinsvaldandi áhrifum TCPP jafnvel þótt það sé ekki flokkað sem slíkt. Í samræmi við framangreind sjónarmið, að því er varðar TCEP og álitsgerð vísindanefndarinnar um heilbrigðis- og umhverfisáhættu, ætti því að setja viðmiðunarmörk fyrir TDCP og TCPP við 5 mg/kg.

10) Til að vernda heilbrigði barna enn frekar er í tilskipun 2009/48/EB gert ráð fyrir að hægt sé að setja fram tiltekin viðmiðunarmörk, þegar við á, fyrir leikföng ætluð börnum yngri en þriggja ára eða önnur leikföng sem gert er ráð fyrir að séu sett í munn.

11) Því ber að breyta tilskipun 2009/48/EB til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 47. gr. tilskipunar 2009/48/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðbætis C í II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB komi eftirfarandi:

„Viðbætir C

Sértæk viðmiðunarmörk fyrir íðefni, sem notuð eru í leikföng, sem eru ætluð börnum yngri en 36 mánaða, eða í önnur leikföng, sem gert er ráð fyrir að séu sett í munn, sem samþykkt eru í samræmi við 2. mgr. 46. gr.

Efni	CAS-nr.	Viðmiðunarmörk
TCEP	115-96-8	5 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald)
TCPP	13674-84-5	5 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald)
TDCP	13674-87-8	5 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. desember 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 21. desember 2015.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/81/ESB **2015/EES/8/44**

frá 23. júní 2014

um breytingu á viðbæti C í II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga að því er varðar bisfenól A (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga ([1]), einkum 2. mgr. 46 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2009/48/EB eru settar almennar kröfur um efni, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi efni eða efni sem hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni), samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([2]). Slík efni má ekki nota í leikföng, í hluta leikfanga eða í örgreinanlega hluta leikfanga nema þau séu óaðgengileg börnum, þau séu leyfð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar eða þau séu ein og sér í styrk sem er annaðhvort jafn og eða minni en viðkomandi styrkur sem ákvarðaður er varðandi flokkun blandna sem innihalda þau sem CMR-efni. Til að vernda heilbrigði barna enn frekar er hægt að setja fram tiltekin viðmiðunarmörk, þegar við á, fyrir leikföng ætluð börnum yngri en þriggja ára eða önnur leikföng sem gert er ráð fyrir að séu sett í munn.

2) Efnið bisfenól A er stórframleiðsluíðefni sem er mikið notað í framleiðslu á mörgum mismunandi neysluvörum. Bisfenól A er notað sem einliða í framleiðslu á pólýkarbónatplastefnum. Pólýkarbónatplastefni eru m.a. notuð í framleiðslu á leikföngum. Bisfenól A hefur þar að auki fundist í tilteknum leikföngum.

3) Í tilskipun ráðsins 88/378/EBE frá 3. maí 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga ([3]) voru settar, fram til 19. júlí 2013, grunnkröfur um öryggi að því er varðar efnafræðilega eiginleika leikfanga. Í Evrópustaðli EN 71-9:2005+A1:2007 eru gefin flæðimörkin 0,1 mg/l fyrir bisfenól A. Í Evrópustöðlum EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005 eru gefnar viðeigandi prófunaraðferðir. Mörkin og aðferðirnar fyrir bisfenól A, sem sett eru fram í EN 71-9:2005+A1:2007, EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005, eru notuð í leikfangaiðnaðinum sem viðmiðun til að tryggja að það séu engin hættuleg váhrif frá bisfenóli A í leikföngum. Þessi staðlar eru þó ekki samhæfðir staðlar.

4) Bisfenól A er flokkað, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki. Ef ekki er um að ræða neinar sértækar kröfur getur bisfenól A verið í leikföngum í styrk, sem er annaðhvort jafn og eða minni en viðkomandi styrkur, sem ákvarðaður er varðandi flokkun blandna sem innihalda þau sem CMR-efni, þ.e. 5% frá og með 20. júlí 2013 og 3% frá og með 1. júní 2015. Ekki er hægt að útiloka að þessi styrkleiki gæti leitt til aukinna váhrifa frá bisfenóli A á lítil börn, samanborið við flæðimörkin 0,1 mg/l fyrir bisfenól A sem ákvörðuð voru með Evrópustöðlunum EN 71-9:2005+A1:2007, EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005.

5) Bisfenól A var metið ítarlega 2003 og 2008 í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([4]). Staðfest var m.a. í lokaáhættumatsskýrslunni, sem ber heitið „Uppfærð áhættumatsskýrsla Evrópusambandsins 4,4-ísóprópýlídendífenól (bisfenól A)“ (Updated European Union Risk Assessment Report 4,4’-isopropylidenediphenol (bisphenol-A)), að í nokkrum skimunargreiningum *í glasi* og *í lífi* kom í ljós að bisfenól A veldur m.a. breytingu á starfsemi innkirtla og í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að þörf sé á frekari rannsóknum til að eyða þeirri óvissu að bisfenól A geti mögulega, í litlum skömmtum, haft skaðleg áhrif á þroska. Í ljósi sérstakra þarfa barna, sem eru viðkvæmur hópur neytenda, er ekki síður þörf á, vegna öflugrar verndar barna gegn áhættu, sem stafar af íðefnum í leikföngum, að festa flæðimörk bisfenóls A við 0,1 mg/l í tilskipun 2009/48/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 24.6.2014, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 187, 16.7.1988, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

6) Verið er að meta áhrifin af bisfenól A á vísindalegum vettvangi, þ.m.t. Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Endurskoða ætti flæðimörkin, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ef síðar koma fram nýjar vísindalegar upplýsingar sem máli skipta.

7) Því ber að breyta tilskipun 2009/48/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi leikfanga.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðbætis C í II. viðauka við tilskipun 2009/48/EB komi eftirfarandi:

„Viðbætir C

Sértæk viðmiðunarmörk fyrir íðefni, sem notuð eru í leikföng, sem eru ætluð börnum yngri en 36 mánaða, eða í önnur leikföng, sem gert er ráð fyrir notendur setji í munn, sem samþykkt eru í samræmi við 2. mgr. 46. gr.

Efni	CAS-nr.	Viðmiðunarmörk
TCEP	115-96-8	5 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald)
TCPP	13674-84-5	5 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald)
TDCP	13674-87-8	5 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald)
Bisfenól A	80-05-7	0,1 mg/l (flæðimörk) í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í EN 71-10:2005 og EN 71-11:2005.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. desember 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 21. desember 2015.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/127/EB

2015/EES/8/45

frá 21. október 2009

um breytingu á tilskipun 2006/42/EB að því er varðar vélar fyrir notkun varnarefna (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðurkennt er að notkun varnarefna ógni heilbrigði manna og umhverfinu. Í orðsendingu sinni frá 12. júlí 2006, sem ber heitið „Þemaáætlun um sjálfbæra notkun varnarefna“, samþykkti framkvæmdastjórnin áætlun með það markmið að draga úr áhættunni fyrir heilbrigði manna og umhverfið sem stafar af notkun varnarefna. Enn fremur hafa Evrópuþingið og ráðið samþykkt tilskipun 2009/128/EB frá 21. október 2009 um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna ([3]) („rammatilskipunin“).

2) Hönnun, smíði og viðhald véla fyrir notkun varnarefna skipta verulegu máli varðandi minnkun skaðlegra áhrifa varnarefna á heilbrigði manna og umhverfið. Að því er varðar búnað til notkunar á varnarefnum sem þegar er í notkun í atvinnuskyni innleiðir rammatilskipunin kröfur varðandi skoðun og viðhald sem skal fara fram á slíkum búnaði.

3) Rammatilskipunin gildir um varnarefni sem eru plöntuvarnarefni. Því er rétt að takmarka gildissvið þessarar tilskipunar við vélar fyrir notkun þeirra varnarefna sem eru plöntuvarnarefni. Hins vegar, þar sem gert er ráð fyrir að gildissvið rammatilskipunarinnar verði rýmkað þannig að það nái einnig yfir sæfivörur, skal framkvæmdastjórnin taka rýmkun á gildissviði umhverfisverndarkrafna varðandi vélar fyrir notkun á sæfivörum til skoðunar fyrir 31. desember 2012.

4) Kröfurnar um vernd að því er varðar heilsu og öryggi manna og, eftir því sem við á, húsdýra og öryggi eigna falla nú þegar undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað ([4]). Því er rétt að grunnkröfurnar um umhverfisvernd að því er varðar hönnun og smíði nýrra véla fyrir notkun varnarefna verði teknar upp í tilskipun 2006/42/EB, en um leið sé tryggt að þessar kröfur séu í samræmi við kröfur rammatilskipunarinnar um viðhald og skoðanir.

5) Í þessu skyni er jafnframt nauðsynlegt að í tilskipun 2006/42/EB sé vísun í verndun umhverfisins, en um leið að þetta markmið takmarkist við þær vélar og áhættu sem falla undir sértækar kröfur um umhverfisvernd.

6) Til véla fyrir notkun varnarefni teljast vélar sem eru sjálfknúnar eða sem aðrar vélar draga, sem eru settar í ökutæki eða á þau og sem settar eru í flugvélar, ásamt kyrrstæðum vélum sem ætlaðar eru fyrir notkun varnarefna, hvort sem það er í atvinnuskyni eða ekki. Þar með taldar eru einnig vél- eða handknúnar vélar sem eru færanlegar eða hægt að bera, með þrýstigeymi.

7) Þessi tilskipun takmarkast við grunnkröfurnar sem vélar fyrir notkun varnarefna skulu uppfylla áður en þær eru settar á markað og/eða teknar í notkun, en evrópsku staðlastofnanirnar bera ábyrgð á að semja samhæfða staðla þar sem veittar eru ítarlegar og nákvæmar skilgreiningar fyrir hinar ýmsu gerðir þessara véla, sem gera framleiðendum kleift að fara að þessum kröfum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2009, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 182, 4.8.2009, bls. 44.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum ESB*) og ákvörðun ráðsins frá 24. september 2009.

([3]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 71.

([4]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.

8) Það er brýnt að allir hlutaðeigandi aðilar, þ.m.t. iðnaðurinn, bændur og umhverfissamtök taki jafnan þátt í að setja slíka samhæfða staðla svo að það sé tryggt að þeir séu samþykktir á grundvelli skýrrar samstöðu allra hagsmunaaðila.

9) Því ber að breyta tilskipun 2006/42/EB til samræmis við það.

10) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([5]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

11) Þegar fyrirliggjandi vísindaþekking er ekki nægileg til að hægt sé að gera nákvæmt áhættumat skulu aðildarríki beita varúðarreglunni, sem er meginregla í löggjöf Bandalagsins, þegar þau grípa til ráðstafana samkvæmt þessari tilskipun, en varúðarreglan er m.a. tilgreind í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 2000, en þau skulu þó taka tilhlýðilegt tillit til annarra reglna og meginreglna, t.d. frjálsra vöruflutninga og að gengið sé út frá samræmi, sem felast í tilskipun 2006/42/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/42/EB

Tilskipun 2006/42/EB er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi liður bætist við í 2. mgr. 2. gr.:

„m) „grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi“: lögboðin ákvæði varðandi hönnun og smíði varanna sem falla undir þessa tilskipun til að tryggja öfluga vernd heilsu og öryggi manna og, eftir því sem við á, húsdýra og eigna og, eftir atvikum, umhverfisins.

Grunnkröfurnar um heilsuvernd og öryggi eru settar fram í I. viðauka. Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi m.t.t. umhverfisverndar gilda aðeins um þær vélar sem um getur í lið 2.4 í þeim viðauka.“,

2. Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ekki verði heimilt að setja vélar á markað og/eða taka þær í notkun nema þær uppfylli viðkomandi ákvæði þessarar tilskipunar og heilsu og öryggi manna og, eftir því sem við á, húsdýra og öryggi eigna og, eftir atvikum, umhverfinu stafi ekki hætta af þeim þegar þær eru settar upp á réttan hátt, þeim haldið við sem skyldi og þær notaðar í fyrirhuguðum tilgangi eða við aðstæður sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir.“,

3. Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við aðildarríkin og aðra hagsmunaaðila og geta um þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til, til að tryggja öfluga vernd að því er varðar heilsu og öryggi manna og, eftir því sem við á, húsdýra og öryggi eigna og, eftir atvikum, umhverfinu á vettvangi Bandalagsins.“,

4. Í stað 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef aðildarríki kemst að því að vélar, sem falla undir þessa tilskipun, bera CE-merki með meðfylgjandi EB-samræmisyfirlýsingu og eru notaðar eins og ætlast er til eða við aðstæður sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir, geti stofnað heilsu eða öryggi fólks eða, eftir því sem við á, húsdýra eða eigna, eða eftir atvikum, umhverfinu í hættu skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að innkalla slíkar vélar, banna að þær verði settar á markað og/eða teknar í notkun eða takmarka frjálsa flutninga á þeim.“,

5. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað 4. liðar í Almennum meginreglum:

„4. Þessi viðauki skiptist í nokkra hluta: Fyrsti hlutinn er almenns eðlis og gildir um allar gerðir véla. Hinir hlutarnir vísa í tilteknar sértækar hættur. Engu að síður er mikilvægt að fara yfir allan þennan viðauka til að ganga úr skugga um að allar viðeigandi grunnkröfur séu uppfylltar. Við hönnun véla skal taka tillit til krafna í almenna hlutanum og eins eða fleiri af hinum hlutunum í samræmi við niðurstöður áhættumats sem framkvæmt er í samræmi við 1. lið í almennu meginreglunum. Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi m.t.t. umhverfisverndar gilda aðeins um þær vélar sem um getur í lið 2.4.“,

([5]) Stjtíð. ESB L 321, 31.12.2003, bls. 1.

b) 2. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Vélar til matvælavinnslu, vélar fyrir vinnslu á snyrtivörum eða lyfjum, handverkfæri og/eða handstýrðar vélar, handstýrðar naglabyssur með skothylkjum og önnur skottæki, trésmíðavélar og vélar fyrir vinnsluefni sem hafa svipaða eðliseiginleika og vélar fyrir notkun varnarefna skulu uppfylla allar grunnkröfurnar um heilsuvernd og öryggi sem settar eru fram í þessum kafla (sjá Almennar meginreglur, 4. lið).“,

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„2.4. VÉLAR FYRIR NOTKUN VARNAREFNA

2.4.1. Skilgreining

„Vélar fyrir notkun varnarefna“: vélar sem eru sérstaklega ætlaðar til notkunar á plöntuvarnarefnum í skilningi 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuvarnarefna á markað ([6]).

2.4.2. Almennt

Framleiðandi véla fyrir notkun varnarefna eða viðurkenndur fulltrúi hans skal sjá til þess að fram fari áhættumat að því er varðar áhættu á ótilætluðum váhrifum vegna varnarefna á umhverfið, í samræmi við ferlið fyrir áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu sem um getur í 1. lið í Almennu meginreglunum.

Vélar fyrir notkun varnarefna skulu hannaðar og smíðaðar með þeim hætti að tekið sé tillit til niðurstöðu áhættumatsins sem um getur í fyrstu málsgrein þannig að hægt sé að nota þær, stilla þær og halda þeim við án þess að umhverfið verði fyrir ótilætluðum váhrifum vegna varnarefna

Alltaf skal komið í veg fyrir leka.

2.4.3. Stjórntæki og vöktun

Það skal vera auðvelt að stjórna, fylgjast með og stöðva tafarlaust notkun varnarefna frá stjórnstöðum.

2.4.4. Áfylling og tæming

Vélar skulu hannaðar og smíðaðar með þeim hætti sem auðveldar nákvæma fyllingu af nauðsynlegu magni varnarefna og sem tryggir auðvelda og algera tæmingu, en sem hindrar leka og kemur í veg fyrir mengun vatns við slíkar aðgerðir.

2.4.5. Notkun varnarefna

2.4.5.1. **Umfang notkunar**

Vélar skulu útbúnar þannig að stilling á umfangi notkunar sé auðveld, nákvæm og áreiðanleg.

2.4.5.2. **Dreifing, ákoma og rek varnarefna**

Vélar skulu hannaðar og smíðaðar þannig að tryggt sé að ákoma varnarefnisins sé á tilætluðu svæði, leki á önnur svæði sé lágmarkaður og komið sé í veg fyrir að varnarefni berist út í umhverfið. Þar sem það á við skal tryggja jafna dreifingu og ákomu.

2.4.5.3. **Prófanir**

Til að ganga úr skugga um að viðkomandi hlutar vélarinnar standist kröfurnar sem settar eru fram í liðum 2.4.5.1 og 2.4.5.2 skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans gera eða láta fara fram viðeigandi prófanir á öllum gerðum viðkomandi véla.

2.4.5.4. **Leki við stöðvun**

Vélar skulu hannaðar og smíðaðar með þeim hætti sem hindrar leka þegar notkun varnarefnisins er stöðvuð.

2.4.6. Viðhald

2.4.6.1. **Hreinsun**

Vélar skulu hannaðar og smíðaðar þannig að hægt sé að hreinsa þær auðveldlega og vandlega án þess að menga umhverfið.

2.4.6.2. **Þjónusta**

Vélar skulu hannaðar og smíðaðar með þeim hætti sem auðveldar að skipta um slitna hluti án þess að menga umhverfið.

([6]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

2.4.7. Skoðanir

Það skal vera hægt að tengja nauðsynleg mælitæki með auðveldum hætti við vélina til að fylgjast með því að hún gangi rétt.

2.4.8. Merkingar á stútum, sigtum og síum

Stútar, sigti og síur skulu vera merkt þannig að auðvelt sé að greina tegund og stærð þeirra.

2.4.9. Upplýsingar um varnarefni í notkun

Eftir því sem við á skulu vélar vera með sérstaka festingu þar sem notandinn getur sett heiti varnarefnisins sem verið er að nota.

2.4.10. Leiðbeiningar

Notkunarleiðbeiningarnar skulu veita eftirfarandi upplýsingar:

a) varúðarráðstafanir sem ber að viðhafa við blöndun, áfyllingu, notkun, tæmingu, hreinsun, viðhald og flutninga til að koma í veg fyrir mengun umhverfisins,

b) ítarleg notkunarskilyrði fyrir mismunandi starfsumhverfi sem gert er ráð fyrir, þ.m.t. tilheyrandi undirbúningur og stillingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja ákomu varnarefnisins á tiltekin svæði en koma í veg fyrir leka á önnur svæði, hindra dreifingu út í umhverfið og, eftir því sem við á, að tryggja jafna og einsleita ákomu varnarefnis,

c) gerðir og stærðir stúta, sigta og sía sem hægt er að nota með vélinni,

d) tíðni skoðana og viðmiðanir og aðferðir við endurnýjun þeirra hluta sem verða fyrir sliti sem hefur áhrif á rétta virkni vélarinnar, t.d. stútar, sigti og síur,

e) lýsing á kvörðun, daglegu viðhaldi, vetrarundirbúningi og öðrum skoðunum sem nauðsynlegar eru til að tryggja rétta virkni vélarinnar,

f) tegundir varnarefna sem geta valdið því að vélin virkar ekki rétt,

g) ábending um að notandinn skuli uppfæra heiti varnarefnisins sem notað er á sérstakri festingu sem um getur í lið 2.4.9,

h) tenging og notkun sérbúnaðar og fylgihluta og nauðsynlegar varúðarráðstafanir sem skal viðhafa,

i) ábending um að vélin kunni að falla undir landsbundnar kröfur varðandi reglubundna skoðun af hálfu tilnefndra aðila, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB frá 21. október 2009 um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna ([7]),

j) eiginleikar vélarinnar sem skuli skoða til að tryggja rétta virkni hennar,

k) leiðbeiningar varðandi tengingar á nauðsynlegum mælitækjum.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. júní 2011. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 15. desember 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([7]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 71.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. október 2009.

Fyrir Evrópuþingið,	*Fyrir hönd ráðsins*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 248/2014 **2015/EES/8/46**

frá 26. febrúar 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 260/2012 um umskipti yfir í millifærslur fjármuna og beingreiðslur á vettvangi Sambandsins (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012([3]) er, ásamt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009([4]), mikilvægur grundvöllur til að hrinda í framkvæmd sameiginlegu evrugreiðslusvæði (e. *SEPA*), þar sem enginn greinarmunur er gerður á greiðslum í evrum yfir landamæri og greiðslum í evrum innanlands. Meginmarkmið reglugerðar (ESB) nr. 260/2012 er umskipti úr innlendum millifærslum fjármuna og beingreiðslukerfum yfir í samræmdar millifærslur fjármuna (e. *SCT)* og beingreiðslukerfi (e. *SDD*) á sameiginlega evrugreiðslusvæðinu, m.a. með því að bjóða borgurum Sambandsins einkvæmt alþjóðlegt bankareikningsnúmer (e. *IBAN)* sem unnt er að nota fyrir allar millifærslur fjármuna og beingreiðslur innan sameiginlega evrugreiðslusvæðisins sem tilgreindar eru í evrum.

2) Reglugerð (ESB) nr. 260/2013 hefur kveðið á um að umskiptin yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði skuli fara fram eigi síðar en 1. febrúar 2014 til að veita greiðsluþjónustuveitendum og greiðsluþjónustunotendum nægan tíma til að aðlaga ferli sín að tæknilegu kröfunum sem fylgja umskiptunum yfir í samræmdar millifærslur fjármuna og beingreiðslukerfi á sameiginlegu evrugreiðslusvæði.

3) Frá því reglugerð (ESB) nr. 260/2012 var samþykkt hafa framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu fylgst náið með framvindu umskiptanna yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði. Fjölmargir fundir hafa verið haldnir með aðildarríkjum, innlendum opinberum yfirvöldum og markaðsaðilum. Seðlabanki Evrópu hefur með reglulegu millibili birt framvinduskýrslur um umskipti yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði á grundvelli gagna um greiðslur sem seðlabankar aðildarríkjanna hafa safnað. Þessar skýrslur gefa til kynna að mörg aðildarríki á evrusvæðinu séu vel á veg komin og nemur umskiptahlutfall þeirra yfir í samræmdar millifærslur fjármuna á sameiginlega evrusvæðinu nú nálægt 100%. Mikill meirihluti greiðsluþjónustuveitenda hafa gefið upp að þeir uppfylli nú þegar kröfurnar fyrir sameiginlegt evrugreiðslusvæði. Í nokkrum öðrum aðildarríkjum er umskiptahlutfallið þó ekki í takt við væntingar. Þetta á einkum við um beingreiðslukerfi á sameiginlega evrugreiðslusvæðinu.

4) Þann 14. maí 2013 lagði Efnahags- og fjármálaráðið í niðurstöðum sínum aftur áherslu á mikilvægi umskiptanna yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði. Það var tekið fram að umskiptunum yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði væri langt í frá lokið og að nauðsynlegt væri að allir markaðsaðilar gerðu þegar í stað ráðstafanir til að ljúka tímanlega umskiptunum yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði. Samþykkt var aðgerðaáætlun þar sem söluaðilum, fyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og opinberum stjórnsýslustofnunum var boðið að grípa án tafar til nauðsynlegra raunhæfra aðgerða til að aðlaga ferli sín og upplýsa viðskiptavini sína um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (e. *IBAN*) sitt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn, bíður birtingar

([1]) Hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 4. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 18. febrúar 2014.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 frá 16. september 2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2560/2001 (Stjtíð. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (Stjtíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22).

5) Þrátt fyrir verulega viðleitni Seðlabanka Evrópu, aðildarríkja, innlendra opinberra yfirvalda og markaðsaðila á undanförnum mánuðum sýna nýjustu tölfræðilegu upplýsingar um umskiptin fram á að heildarumskiptin á evrusvæðinu yfir í samræmdar millifærslur fjármuna á sameiginlega evrusvæðinu hafa aðeins aukist úr 40% í júní 2013 í um 64% í nóvember 2013, á sama tíma og heildarumskiptahlutfallið að því er varðar beingreiðslukerfið á sameiginlega evrusvæðinu er aðeins komið í 26%. Á meðan innlendar tölur sýna fram á góða framvindu í mörgum aðildarríkjum á talsverður hópur aðildarríkja verulega langt í land með að uppfylla væntingarnar um umskiptihlutföll. Það er því mjög ólíklegt að allir markaðsaðilar muni uppfylla kröfurnar sem gilda um sameiginlegt evrugreiðslusvæði fyrir 1. febrúar 2014.

6) Frá 1. febrúar 2014 munu bankar og aðrir greiðsluþjónustuveitendur, samkvæmt lagaskyldu sinni, þurfa að hafna því að framkvæma millifærslu fjármuna eða beingreiðslur sem uppfylla ekki kröfurnar sem gilda um sameiginlegt evrugreiðslusvæði, þrátt fyrir, eins og nú er, að þeir gætu framkvæmt þessar greiðslur með því að nota áfram það greiðslufyrirkomulag sem fyrir er samhliða samræmdum millifærslum fjármuna og beingreiðslukerfinu á sameiginlega evrugreiðslusvæðinu. Ef ekki verða full umskipti yfir í samræmda millifærslu fjármuna og beingreiðslukerfi á sameiginlegu evrugreiðslusvæði verður ekki unnt að útiloka tafir á slíkum greiðslum. Allir notendur greiðsluþjónustu, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki og neytendur, gætu fundið fyrir þessu.

7) Það er nauðsynlegt að komast hjá óþarfa röskun á greiðslum vegna þess að umskiptum yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði er ekki að fullu lokið fyrir 1. febrúar 2014. Greiðsluþjónustuveitendum skal því leyft, í takmarkaðan tíma, að halda áfram að framkvæma greiðslur fyrir milligöngu hefðbundna kerfisins samhliða samræmdum millifærslum fjármuna og beingreiðslukerfinu á sameiginlega evrugreiðslusvæðinu, rétt eins og þeir gera nú. Því skal innleiða umbreytingartímabil til að gera það kleift að halda áfram slíkri samhliða framkvæmd greiðslna á mismunandi sniði. Að teknu tilliti til núverandi talna um umskipti og vænts hraða umskiptanna þykir rétt að ákvarða eitt sex mánaða umbreytingartímabil til viðbótar. Þess háttar ákvæði um að eldri reglur skuli gilda (e. *grandfathering*) um hefðbundin kerfi sem uppfylla ekki skilyrði um sameiginlegt evrugreiðslusvæði ætti að teljast sérstök neyðarráðstöfun og ætti því að gilda í sem skemmstan tíma, þar eð skjót og yfirgripsmikil umskipti eru forsenda þess að ná fram fullu hagræði af samþættum greiðslumarkaði. Það er einnig mikilvægt að takmarka tímabil kostnaðar greiðsluþjónustuveitendanna vegna áframhaldandi notkunar á hefðbundnu greiðslufyrirkomulagi samhliða kerfinu á sameiginlega evrugreiðslusvæðinu. Greiðsluþjónustuveitendur sem hafa þegar lokið að fullu umskiptunum yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði gætu tekið til athugunar að veita greiðsluþjónustunotendum, sem hafa ekki lokið umskiptunum, breytingaþjónustu á umbreytingartímabilinu. Á meðan á umbreytingartímabilinu stendur ættu aðildarríki að falla frá því að beita viðurlögum á greiðsluþjónustuveitendur sem framkvæma greiðslur sem uppfylla ekki skilyrðin og á greiðsluþjónustunotendur sem hafa ekki enn lokið umskiptunum.

8) Margir stórir notendur beingreiðslugerninga hafa nú þegar gefið til kynna að þeir hyggi á umskipti nálægt lokadagsetningunni. Öll frestun á þessum umskiptaverkefnum gæti leitt til tímabundins álags á inngreiðslur og sjóðstreymi og þar af leiðandi á sjóðsstöðu hlutaðeigandi félaga. Ef umskiptin fara að miklu leyti fram svo seint gæti það einnig valdið tilteknum flöskuhálsum, einkum hjá bönkum og seljendum hugbúnaðar sem gætu þurft að takast á við takmarkaða afkastagetu. Viðbótartímabilið, til að innleiða nýja kerfið í áföngum, myndi stuðla að því að umskiptin þróist stig af stigi. Markaðsaðilar sem hafa ekki enn hafið framkvæmd á nauðsynlegri aðlögun til að uppfylla kröfur að því er varðar sameiginlegt evrugreiðslusvæði eru beðnir að gera það eins fljótt og mögulegt er. Markaðsaðilar sem eru nú þegar byrjaðir að aðlaga greiðsluferli sín ættu þó að ljúka umskiptunum eins fljótt og mögulegt er.

9) Í ljósi heildarmarkmiðsins um að ná fram samræmdum og samþættum umskiptum þykir rétt að umbreytingartímabilið gildi bæði um samræmda millifærslu fjármuna og beingreiðslukerfi á sameiginlegu evrugreiðslusvæði. Mismunandi umbreytingartímabil fyrir samræmda millifærslu fjármuna og beingreiðslukerfi á sameiginlegu evrugreiðslusvæði myndu valda ruglingi fyrir neytendur, greiðsluþjónustuveitendur, lítil og meðalstór fyrirtæki og aðra greiðsluþjónustunotendur.

10) Með skírskotun til réttarvissu og til að tryggja samfellda beitingu á reglugerð (ESB) nr. 260/2012 þykir rétt að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er og að hún gildi, afturvirkt, frá og með 31. janúar 2014.

11) Í ljósi mikilvægis málsins ætti undanþága frá átta vikna tímabilinu, sem um getur í 4. gr. í bókun 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sem fylgir með í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið, sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, að gilda.

12) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 260/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 260/2012 komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 6. gr. geta greiðsluþjónustuveitendur haldið áfram, til 1. ágúst 2014, að framkvæma greiðslur í evrum á formi sem er öðruvísi en það sem krafist er fyrir millifærslu fjármuna og beingreiðslur samkvæmt þessari reglugerð.

Aðildarríki skulu beita reglunum um viðurlög sem gilda um brot á 1. og 2. mgr. 6. gr., sem mælt er fyrir um í samræmi við 11. gr., frá 2. ágúst 2014.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. geta aðildarríki, til 1. febrúar 2016, heimilað greiðsluþjónustuveitendum að veita notendum greiðsluþjónustu breytingaþjónustu vegna landsbundinna greiðslna sem gera notendum greiðsluþjónustu, sem eru neytendur, kleift að halda áfram að nota grunnbankareikningsnúmer í stað auðkennis greiðslureiknings sem tilgreint er í a-lið 1. liðar í viðaukanum með því skilyrði að rekstrarsamhæfi sé tryggt með því að breyta grunnbankareikningsnúmerum greiðanda og viðtakanda greiðslu tæknilega og á öruggan hátt í viðeigandi auðkenni greiðslureiknings sem tilgreint er í a-lið 1. liðar í viðaukanum. Það auðkenni greiðslureiknings skal afhenda notanda greiðsluþjónustu sem stofnar til greiðslunnar, ef við á, áður en greiðslan er framkvæmd. Í slíkum tilvikum skulu greiðsluþjónustuveitendur ekki leggja neinn kostnað eða önnur gjöld á notendur greiðsluþjónustu sem tengjast þessari breytingaþjónustu beint eða óbeint“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda afturvirkt frá og með 31. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 598/2014 **2015/EES/8/47**

frá 16. apríl 2014

um að setja reglur og koma á málsmeðferð við innleiðingu rekstrartakmarkana vegna hávaða á flugvöllum í Sambandinu innan yfirvegaðs mats á úrræðum og um niðurfellingu tilskipunar 2002/30/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sjálfbær þróun er meginmarkmið sameiginlegrar stefnu í flutningamálum. Af þeim sökum er þörf á samþættum úrræðum sem miða að því að tryggja bæði skilvirka starfrækslu flutningakerfa í Sambandinu og vernd umhverfisins.

2) Sjálfbær þróun flutninga í lofti krefst þess að gripið verði til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhrifum hávaða frá loftförum á flugvöllum í Sambandinu. Þessar ráðstafanir ættu að bæta hljóðvist í nálægð flugvalla í Sambandinu til að viðhalda eða auka lífsgæði borgaranna í nágrenninu og efla samrýmanleika á milli flugstarfsemi og íbúðabyggðar, einkum með tilliti til næturflugs.

3) Í ályktun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (IACO) A33/7 er innleitt hugtakið „yfirvegað mat á úrræðum“ (e. *Balanced Approach*) við stjórn á hávaða og ákvörðuð samræmd aðferð til að ráða bót á hávaða frá loftförum. Yfirvegað mat á úrræðum ætti að vera grunnurinn að reglusetningu um hávaða af völdum flugsamgangna sem er iðnaður á heimsvísu. Í yfirveguðu mati á úrræðum eru viðurkennd gildi viðeigandi lagaskyldu, fyrirliggjandi samninga, gildandi laga og viðtekinna venja og þessi aðferð hefur ekki áhrif á þessa þætti. Upptaka alþjóðlegra reglna í yfirvegaða matið á úrræðum í þessari reglugerð ætti að draga umtalsvert úr þeirri áhættu að alþjóðlegar deilur skapist ef flutningsaðilar frá þriðja landi verða fyrir áhrifum rekstrartakmarkana vegna hávaða.

4) Í kjölfar þess að hávaðasömustu loftförin hafa verið tekin úr notkun, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/30/EB([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/93/EB([5]), er nauðsynlegt að endurskoða hvernig eigi að nýta ráðstafanir vegna rekstrartakmarkana til að gera yfirvöldum kleift að meðhöndla þau loftför sem gefa frá sér mesta hávaðann til að bæta hljóðvist í nálægð flugvalla í Sambandinu innan alþjóðlegs ramma yfirvegaðs mats á úrræðum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 287/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 173.

([2]) Stjtíð. ESB C 277, 13.9.2012, bls. 110.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. desember 2012 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 24. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*). Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/30/EB frá 26. mars 2002 um að koma á reglum og málsmeðferð að því er varðar rekstrartakmarkanir vegna hávaða á flugvöllum Bandalagsins (Stjtíð. EB L 85, 28.3.2002, bls. 40).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/93/EB frá 12. desember 2006 um reglur um notkun loftfara sem falla undir 3. kafla II. hluta í 1. bindi 16. viðauka við samþykkt um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) (Stjtíð. ESB L 374, 27.12.2006, bls. 1).

5) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 15. febrúar 2008 „Rekstrartakmarkanir vegna hávaða á flugvöllum í ESB“ er bent á þörfina á að skýra betur sem fram kemur í tilskipun 2002/30/EB um úthlutun ábyrgðar og hvað felst nákvæmlega í réttindum og skuldbindingum hagsmunaaðila í matsferlinu um hávaða til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir sem lúta að kostnaðarhagkvæmni til að ná markmiðunum um hávaðamildun á hverjum flugvelli.

6) Innleiðing aðildarríkjanna á rekstrartakmörkunum á hverjum flugvelli í Sambandinu takmarkar afkastagetu en getur stuðlað að bættri hljóðvist í nálægð flugvalla. Þó er hætta á að óskilvirk nýting fyrirliggjandi afkastagetu geti raskað samkeppni eða hamlað heildarnýtni flugnetsins í Sambandinu. Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð sérstöku markmiði þessarar reglugerðar um hávaðamildun og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna samræmdra reglna um rekstrartakmarkanir sem hluti af stjórn á hávaða, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði. Í þessari samhæfðu aðferð eru ekki tilgreind nein gæðamarkmið um hávaða, sem enn má rekja til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB([6]), annarra viðkomandi reglna eða löggjafar Sambandsins í hverju aðildarríki fyrir sig, og hún hefur ekki áhrif á raunhæft val ráðstafana.

7) Þessi reglugerð ætti aðeins að gilda um aðildarríki þar sem flugvellir hafa fleiri en 50 000 flughreyfingar almenningsloftfara á hverju almanaksári og þegar það kemur til álita að innleiða rekstrartakmarkanir vegna hávaða á slíkum flugvelli.

8) Þessi reglugerð ætti að gilda um loftför sem stunda almenningsflug. Hún ætti ekki að gilda um loftför eins og herloftför og loftför, sem notuð eru við toll- og lögregluaðgerðir, sem og við slökkvistarf. Enn fremur ætti ýmis konar starfræksla af sérstökum toga, t.d. flug vegna brýnna mannúðarástæðna, leitar og björgunar ef neyðarástand skapast, læknisaðstoðar og aðstoðar við hamfarir, að vera undanþegin þessari reglugerð.

9) Þó svo að mat á hávaða ætti að fara fram með reglulegu millibili, í samræmi við tilskipun 2002/49/EB, ætti slíkt mat þó aðeins að leiða til ráðstafana til frekari hávaðamildunar ef núverandi samsetning ráðstafana til mildunar hávaða nær ekki þeim markmiðum hávaðamildunar sem stefnt er að, með tilliti til þeirrar þróunar flugvalla sem búist er við. Að því er varðar flugvelli þar sem komið hafa í ljós vandamál vegna hávaða ætti að grípa til viðbótarráðstafana vegna hávaðamildunar í samræmi við aðferðafræði yfirvegaða matsins á úrræðum. Til að tryggja útbreidda beitingu yfirvegaða matsins á úrræðum innan Sambandsins er mælt með notkun aðferðarinnar hvenær sem einstök hlutaðeigandi aðildarríki telja að hún sé fullnægjandi, jafnvel þótt gengið sé lengra en gildissvið þessarar reglugerðar nær til. Aðeins ætti að setja rekstrartakmarkanir vegna hávaða þegar aðrar ráðstafanir yfirvegaða matsins á úrræðum nægja ekki til að ná tilteknum markmiðum hávaðamildunar.

10) Kostnaðar- og ábatagreining gefur vísbendingu um efnahagslega heildarvelferð með því að bera saman allan kostnað og ábata, en við mat á kostnaðarhagkvæmni er aftur á móti einblínt á að ná tilteknu markmiði með sem mestri kostnaðarhagkvæmni þar sem aðeins er nauðsynlegt að bera saman kostnað. Þessi reglugerð ætti ekki að hindra aðildarríkin í því að nota kostnaðar- og ábatagreiningu, eftir því sem við á.

11) Viðurkenna þarf mikilvægi heilbrigðisþátta í tengslum við hávaðavandamál og því er mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra þátta með samræmdum hætti á öllum flugvöllum þegar ákvörðun um markmið vegna hávaðamildunar er tekin, með tilliti til fyrirliggjandi sameiginlegra reglna Sambandsins á þessu sviði. Því ætti að meta heilbrigðisþætti í samræmi við löggjöf Sambandsins við mat á áhrifum vegna hávaða.

12) Mat á hávaða ætti að byggjast á markmiði og mælanlegum viðmiðunum, sem eru sameiginleg öllum aðildarríkjunum og ættu að byggjast á fyrirliggjandi upplýsingum, sem eru fáanlegar, t.d. upplýsingum sem eiga rætur sínar að rekja til framkvæmdar tilskipunar 2002/49/EB. Aðildarríki ættu að tryggja að slíkar upplýsingar séu áreiðanlegar, að þær séu fengnar á gagnsæjan hátt og að þær séu aðgengilegar lögbærum yfirvöldum og hagsmunaaðilum. Lögbær yfirvöld ættu að koma fyrir nauðsynlegum búnaði til vöktunar.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu (Stjtíð. EB L 189, 18.7.2002, bls. 12).

13) Lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á að samþykkja rekstrartakmarkanir vegna hávaða, ætti að vera óháð öllum stofnunum eða fyrirtækjum sem koma að starfrækslu flugvallar, flutningum í lofti eða veitingu flugleiðsöguþjónustu eða þeim sem eru málsvarar hagsmuna þessara aðila og íbúa sem búa í nágrenni við flugvöllinn. Þetta ætti ekki að skiljast sem krafa um að aðildarríkin eigi að breyta skipulagi stjórnsýslu sinnar eða tilhögun ákvarðanatöku.

14) Viðurkennt er að aðildarríkin hafi ákveðið rekstrartakmarkanir vegna hávaða í samræmi við löggjöf sína og á grundvelli innlendra, viðurkenndra aðferða, sem kunna ekki enn að vera í fullu samræmi við aðferðina, sem lýst er í opinberri skýrslu Evrópusambands flugmálastjórna, skjali nr. 29, sem ber yfirskriftina „Stöðluð aðferð til að reikna út jafnhávaðalínur í nálægð almennra flugvalla“ (e. *Standard Method of Computing Noise Contours around Civil Airports*) (ECAC-skjal nr. 29) og þar sem mögulega eru ekki heldur notaðar alþjóðlega viðurkenndar upplýsingar um mæligildi loftfars fyrir hávaða. Þó ætti að meta hagkvæmni og skilvirkni rekstrartakmarkana vegna hávaða í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í ECAC-skjali nr. 29 og yfirveguðu mati á úrræðum. Til samræmis við það ættu aðildarríkin að aðlaga mat sitt á rekstrartakmörkunum í löggjöf sinni þannig að það samrýmist að öllu leyti ECAC-skjali nr. 29.

15) Innleiða ætti nýja og rýmri skilgreiningu á rekstrartakmörkunum samanborið við tilskipun 2002/30/EB til að greiða fyrir innleiðingu nýrrar tækni og nýrrar starfrækslugetu loftfara og búnaðar á jörðu niðri. Beiting hennar ætti ekki að leiða til seinkunar á framkvæmd rekstrarráðstafana sem gæti tafarlaust dregið úr áhrifum hávaða án þess að hafa umtalsverð áhrif á rekstrarlega getu flugvallar. Því ætti ekki að líta á slíkar ráðstafanir sem nýjar rekstrartakmarkanir.

16) Söfnun upplýsinga um hávaða á einn stað myndi draga umtalsvert úr stjórnsýslubyrði, bæði fyrir flugrekendur loftfara og rekstraraðila flugvalla. Slíkar upplýsingar eru sem stendur veittar og þeim stýrt á hverjum flugvelli fyrir sig. Þessar upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar flugrekendum loftfara og rekstraraðilum flugvalla að því er rekstur varðar. Mikilvægt er að nota gagnabanka Flugöryggisstofnunar Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) við vottun mæligilda fyrir hávaða sem tæki til fullgildingar, ásamt gögnum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) um einstök flug. Nú þegar er kerfisbundið óskað eftir slíkum gögnum vegna miðlægrar flæðisstjórnunar en þau eru, sem stendur, hvorki aðgengileg framkvæmdastjórninni né Flugöryggisstofnuninni og þarf að tilgreina þau að því er varðar þessa reglugerð og varðandi reglusetningu um afkastagetu rekstrarstjórnunar flugumferðar. Góður aðgangur að fullgildum gögnum úr líkönum, sem eru ákvörðuð í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar aðferðir og bestu starfsvenjur, ætti að bæta gæðin við kortlagningu jafnhávaðalína á einstökum flugvöllum til að styðja við stefnumótandi ákvarðanir.

17) Til að koma í veg fyrir óæskilegar afleiðingar fyrir flugöryggi, afkastagetu flugvalla og samkeppni ætti framkvæmdastjórnin að tilkynna viðkomandi lögbæru yfirvaldi um það ef hún kemst að því að ferlið, sem er notað við innleiðingu rekstrartakmarkana vegna hávaða, uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar. Viðkomandi lögbært yfirvald ætti að skoða tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar og upplýsa framkvæmdastjórnina um fyrirætlanir sínar áður en rekstrartakmarkanir eru innleiddar.

18) Til að hafa hliðsjón af yfirveguðu mati á úrræðum ætti að setja ákvæði um hugsanlegar undanþágur við sérstakar aðstæður fyrir flugrekendur frá þróunarlöndum, sem eru þriðju lönd, en án þess myndu slíkir flugrekendur lenda í óþarfa erfiðleikum. Tilvísun í „þróunarlönd“ á að skiljast í ljósi þessa sérstaka samhengis varðandi flugmál og tekur ekki til allra landa sem að öðrum kosti myndu teljast til slíkra landa í samfélagi þjóðanna. Einkum er nauðsynlegt að tryggja að allar slíkar undanþágur séu í samræmi við meginregluna um bann við mismunun.

19) Til að endurspegla stöðugar framfarir að því er varðar tækni sem tengist hreyflum og flugskrokkum og aðferðirnar, sem notaðar eru til að kortleggja jafnhávaðalínur, ætti að framselja valdheimildir til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til framkvæmdastjórnarinnar, að því er varðar reglubundna uppfærslu á hljóðstyrksstöðlum fyrir loftför, sem um getur í þessari reglugerð og með tilvísun í tengdar vottunaraðferðir, með tilliti til, eftir því sem við á, breytinga á viðeigandi skjölum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og uppfærslu tilvísunar í aðferð til að reikna út jafnhávaðalínur, með tilliti til, eftir því sem við á, breytinga á viðeigandi skjölum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Að auki ætti einnig að taka tillit til breytinga á ECAC-skjali nr. 29 varðandi tæknilegar uppfærslur fyrir tilstuðlan framseldra gerða, eins og við á. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu allra viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

20) Þar sem í þessari reglugerð er gerð krafa um reglulegt mat á hávaða á flugvöllum felur slíkt mat ekki endilega í sér samþykkt nýrra rekstrartakmarkana vegna hávaða eða endurskoðun á fyrirliggjandi rekstrartakmörkunum. Því er þess ekki krafist í þessari reglugerð að endurskoða þurfi rekstrartakmarkanir vegna hávaða, sem eru þegar til staðar við gildistöku hennar, þ.m.t. þær sem leiða af ákvörðunum dómstóla eða staðbundnu málamiðlunarferli. Ekki ætti að líta svo á að minniháttar tæknilegar breytingar á ráðstöfunum, án þess að þær hafi í för með sér efnislegar afleiðingar fyrir afkastagetu eða starfrækslu, séu nýjar rekstrartakmarkanir vegna hávaða.

21) Hafi samráðsferli átt sér stað áður en rekstrartakmarkanir vegna hávaða voru samþykktar, samkvæmt tilskipun 2002/30/EB, og sem eru enn í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar, þykir rétt að heimila að endanleg ákvörðun verði tekin í samræmi við tilskipun 2002/30/EB til að viðhalda þeim framförum sem þegar hafa áunnist í þessu ferli.

22) Að teknu tilliti til þarfarinnar fyrir samræmda aðferð við mat á hávaða innan loftflutningamarkaðs Sambandsins eru í þessari reglugerð settar sameiginlegar reglur á sviði rekstrartakmarkana vegna hávaða.

23) Því ber að fella tilskipun 2002/30/EB úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni, markmið og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um ferlið sem á að fylgja við innleiðingu rekstrartakmarkana vegna hávaða með samræmdum hætti fyrir hvern flugvöll um sig, þegar vandamál vegna hávaða hefur verið greint, til að stuðla að bættri hljóðvist og takmarka þann fjölda eða fækka því fólki sem verður fyrir hugsanlegum skaðlegum áhrifum af völdum hávaða frá loftförum, í samræmi við yfirvegað mat á úrræðum.

2. Markmið þessarar reglugerðar eru:

a) að greiða fyrir því að á hverjum flugvelli náist þau sérstöku markmið sem sett hafa verið um hávaðamildun, þ.m.t. heilbrigðisþættir, á sama tíma og viðeigandi reglur Sambandsins séu virtar, einkum þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/49/EB og löggjöf í hverju aðildarríki,

b) að gera notkun rekstrartakmarkana mögulega, í samræmi við yfirvegað mat á úrræðum, til að stuðla að sjálfbærri þróun flugvallar og afkastagetu nets fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem byggist á hugmyndinni „frá hliði að hliði“ (e. *from a gate-to-gate*).

3. Þessi reglugerð gildir um loftför sem stunda almenningsflug. Hún gildir ekki um loftför sem eru notuð á vegum hers, toll- og lögregluyfirvalda eða vegna sambærilegrar starfrækslu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „loftfar“: fastvængjaloftfar, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 34 000 kg eða meiri, eða tegund loftfars með skírteini sem leyfir fleiri en 19 farþegasæti, að frátöldum sætum sem eru eingöngu ætluð áhöfninni,

2) „flugvöllur“: flugvöllur þar sem flughreyfingar almenningsloftfara eru fleiri en 50 000 á hverju almanaksári (flughreyfing er flugtak eða lending), á grundvelli meðalfjölda flughreyfinga síðustu þriggja almanaksára áður en mat á hávaða fer fram,

3) „yfirvegað mat á úrræðum“: aðferð, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur þróað, þar sem margar, tiltækar ráðstafanir, einkum minnkun hávaða í loftförum á upptakastað, skipulag og stjórnun landnýtingar, hávaðamildun, með því að setja verklagsreglur og rekstrartakmarkanir, eru settar í samhengi með það í huga að ráða bót á vandamáli af völdum hávaða á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt á hverjum flugvelli fyrir sig,

4) „loftför sem uppfylla staðla naumlega“ (e. *marginally compliant aircraft*): loftför sem eru vottuð í samræmi við mörkin, sem mælt er fyrir um í 3. kafla II. hluta í 1. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður 7. desember 1944, með heildarvikmörkum sem eru ekki meiri en 8 EPNdB (virkur, skynjaður hávaði í desíbelum (e. *Effective Perceived Noise in Decibels*)) á umbreytingartímabili, sem lýkur 14. júní 2020, og með heildarvikmörkum sem eru ekki meiri 10 EPNdB við lok umbreytingartímabilsins, þar sem heildarvikmörkin eru talan, gefin upp sem EPNdB, sem fæst þegar einstök vikmörk eru lögð saman (þ.e. munurinn milli skráðs hávaða og mesta, leyfilega hávaðastigs) á hverjum hinna þriggja viðmiðunarpunkta fyrir mælingar á hávaða sem skilgreindir eru í 3. kafla II. hluta í 1. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn,

5) „aðgerð vegna hávaða“: hvers konar ráðstöfun, sem hefur áhrif á hávaða í nálægð flugvalla, sem meginreglurnar um yfirvegað mat á úrræðum eiga við um, þ.m.t. aðrar aðgerðir sem tengjast ekki rekstri og geta haft áhrif á fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum af völdum hávaða frá loftförum,

6) „rekstrartakmarkanir“: aðgerðir, sem tengjast hávaða og takmarka eða draga úr rekstrarlegri getu flugvallar, þ.m.t. rekstrartakmarkanir sem miða að því að loftför, sem uppfylla staðla naumlega, megi ekki nota tiltekna flugvelli, svo og rekstrartakmarkanir varðandi tiltekinn hluta starfseminnar, sem gilda t.d. á tilgreindum tíma dags eða gilda aðeins um tilteknar flugbrautir á flugvellinum.

3. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríki, þar sem flugvöllurinn, eins og um getur í 2. lið 2. gr., er staðsettur, skal tilnefna eitt lögbært yfirvald eða fleiri sem bera ábyrgð á því ferli sem á að fylgja þegar rekstrartakmarkanir eru samþykktar.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu vera óháð öllum stofnunum eða fyrirtækjum sem aðgerðirnar, sem tengjast hávaða, geta haft áhrif á. Heimilt er að öðlast þetta óhæði með aðskilinni starfsemi.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni tímanlega nöfn og heimilisföng tilnefndra lögbærra yfirvalda sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar upplýsingar.

4. gr.

Áfrýjunarréttur

1. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög og málsmeðferð, tryggja rétt til að áfrýja rekstrartakmörkunum, sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, til áfrýjunaraðila sem er annar en lögbæra yfirvaldið sem samþykkt hefur þá rekstrartakmörkun sem ágreiningur er um.

2. Aðildarríkið þar sem flugvöllurinn, eins og um getur í 2. lið 2. gr., er staðsettur skal tilkynna framkvæmdastjórninni tímanlega nafn og heimilisfang tilnefnds áfrýjunaraðila, sem um getur í 1. mgr., eða, eftir því sem við á, um fyrirkomulagið sem tryggir að áfrýjunaraðili sé tilnefndur.

5. gr.

Almennar reglur um stjórnun hávaða frá loftförum

1. Aðildarríki skulu tryggja að hávaði á einstökum flugvöllum, eins og um getur í 2. lið 2. gr., sé metinn í samræmi við tilskipun 2002/49/EB.

2. Aðildarríki skulu tryggja að yfirvegað mat á úrræðum sé samþykkt að því er varðar stjórnun hávaða frá loftförum á þeim flugvöllum þar sem vandamál í tengslum við hávaða hefur komið upp. Í því skyni skulu þau tryggja:

a) að markmið um hávaðamildun fyrir þann flugvöll, með tilliti til, eins og við á, 8. gr. tilskipunar 2002/49/EB og V. viðauka við sömu tilskipun, séu skilgreind,

b) að tiltækar ráðstafanir til að minnka áhrif hávaða séu tilgreindar,

c) að líkleg kostnaðarhagkvæmni ráðstafana til að draga úr hávaða sé ítarlega metin,

d) að ráðstafanirnar, með tilliti til almannahagsmuna á sviði flutninga í lofti, að því er varðar mögulega uppbyggingu á flugvöllum þeirra, séu valdar án þess að dregið sé úr öryggi,

e) að haft sé samráð við hagsmunaaðila um fyrirhugaðar aðgerðir með gagnsæjum hætti,

f) að ráðstafanirnar séu samþykktar og að veittar séu nægilegar upplýsingar,

g) að ráðstafanirnar séu framkvæmdar og

h) lausn deilumála.

3. Aðildarríki skulu tryggja að þegar gripið er til aðgerða, sem tengjast hávaða, skal taka til athugunar eftirfarandi tiltækar, samtengdar ráðstafanir, með það í huga að ákvarða þá ráðstöfun eða ráðstafanir sem eru kostnaðarhagkvæmastar:

a) fyrirsjáanlegra áhrifa þess að minnka hávaða frá loftförum á upptakastað,

b) skipulags og stjórnunar landnýtingar,

c) verklagsreglna um hávaðamildun,

d) að rekstrartakmörkunum sé ekki beitt sem fyrsta úrræði heldur aðeins eftir að tekið hefur verið tillit til annarra ráðstafana yfirvegaðs mats á úrræðum.

Ef nauðsyn krefur geta tiltækar ráðstafanir falið í sér að taka úr notkun loftför sem uppfylla staðla naumlega. Aðildarríki eða framkvæmdastjórnir flugvalla, eins og við á, geta boðið efnahagshvata til að hvetja flugrekendur loftfara til að nota hávaðaminni loftför á umbreytingartímabilinu sem um getur í 2. mgr. 4. gr. Þessir efnahagshvatar skulu vera í samræmi við gildandi reglur um ríkisaðstoð.

4. Heimilt er að aðgreina ráðstafanirnar, innan yfirvegaðs mats á úrræðum, eftir tegund loftfars, mæligildi loftfars fyrir hávaða, notkun flugvallar og flugleiðsöguvirkja, flugslóð og/eða tímaramma.

5. Með fyrirvara um 4. mgr. skulu rekstrartakmarkanirnar, sem felast í því að taka loftför, sem uppfylla staðla naumlega, úr notkun á flugvelli, ekki hafa áhrif á hljóðsein loftför í almenningsflugi, sem uppfylla, annaðhvort á grundvelli upprunalegrar vottunar eða endurvottunar, kröfur um hljóðstyrksstaðla sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta í 1. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn.

6. Þær ráðstafanir eða þær samtengdu ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð fyrir tiltekinn flugvöll skulu ekki vera meira takmarkandi en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum um hávaðamildun sem sett eru fyrir þann flugvöll. Rekstrartakmarkanir skulu vera án mismununar, einkum á grundvelli ríkisfangs eða auðkennis og þær skulu ekki vera gerræðislegar.

6. gr.

Reglur um mat á hávaða

1. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að mat á hávaða á flugvöllum, sem þau bera ábyrgð á, fari fram með reglulegu millibil í samræmi við tilskipun 2002/49/EB og gildandi löggjöf í hverju aðildarríki. Lögbær yfirvöld geta leitað eftir stuðningi frammstöðumatsnefndarinnar sem um getur í 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010([7]).

2. Ef matið, sem um getur í 1. mgr., gefur til kynna að nauðsynlegt geti verið að setja nýjar rekstrartaksmarkanir til að ráða bót á vandamáli vegna hávaða á flugvelli, skulu lögbær yfirvöld tryggja:

a) að aðferðin, vísarnir og upplýsingarnar í I. viðauka séu notuð þannig að tilhlýðilegt tillit sé tekið til framlags hverrar ráðstöfunar, samkvæmt yfirveguðu mati á úrræðum, áður en rekstrartakmarkanir eru innleiddar,

b) að komið sé á tæknisamvinnu á viðeigandi stigi á milli rekstraraðila flugvalla, flugrekenda loftfara og veitenda flugleiðsöguþjónustu til að skoða ráðstafanir til að draga úr hávaða; lögbær yfirvöld skulu einnig tryggja að haft sé samráð við íbúa á staðnum eða fulltrúa þeirra og viðeigandi staðaryfirvöld og að þeim séu veittar tæknilegar upplýsingar um ráðstafanir til að draga úr hávaða,

c) að kostnaðarhagkvæmni hverrar nýrrar rekstrartakmörkunar sé metin í samræmi við II. viðauka; ekki ætti að líta svo á að minniháttar tæknilegar breytingar á ráðstöfunum, sem hafa hvorki veruleg áhrif á afkastagetu né rekstur, séu nýjar rekstrartakmarkanir,

d) að ferlið við samráð hagsmunaaðila, sem getur verið á formi málamiðlunarferlis, sé skipulagt tímanlega og á ítarlegan hátt þar sem tryggja skal aðgengileika og gagnsæi að því er varðar gögn og aðferðafræði við útreikning. Hagsmunaaðilar skulu hafa a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara til að leggja fram athugasemdir sínar áður en nýjar rekstrartakmarkanir eru samþykktar. Hagsmunaaðilarnir skulu a.m.k. vera:

   i. íbúar á staðnum sem búa í nágrenni við flugvöll og verða fyrir áhrifum af völdum hávaða frá flugumferð eða fulltrúar þeirra og viðkomandi staðaryfirvöld,

   ii. fulltrúar fyrirtækja á staðnum sem eru staðsett í nágrenni flugvallar þar sem starfsemi þeirra verður fyrir áhrifum af völdum flugumferðar og starfrækslu flugvallarins,

   iii. viðeigandi rekstraraðilar flugvalla,

   iv. fulltrúar þeirra flugrekenda loftfara sem aðgerðir, sem tengjast hávaða, geta haft áhrif á,

   v. viðkomandi veitendur flugleiðsöguþjónustu,

   vi. netstjórnandi, eins og hann er skilgreindur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011([8]),

   vii. tilnefndur samræmingarstjóri afgreiðslutíma, eftir atvikum.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu (Stjtíð. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (Stjtíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1).

3. Lögbær yfirvöld skulu fylgja eftir og vakta framkvæmd rekstrartakmarkana og grípa til aðgerða eins og við á. Þau skulu tryggja að upplýsingarnar, sem skipta máli, séu tiltækar án endurgjalds og að þær séu aðgengilegar íbúum á staðnum í nágrenni flugvalla og viðkomandi staðaryfirvöldum með greiðum og skjótum hætti.

4. Viðkomandi upplýsingar geta verið:

a) upplýsingar um meint brot vegna breytinga á verklagi í flugi, með tilliti til áhrifa þeirra og ástæður fyrir slíkum breytingum, sbr. þó landslög,

b) almennu viðmiðanirnar, sem beitt er við dreifingu og stjórnun umferðar á hverjum flugvelli, að því marki sem þessar viðmiðanir geta haft umhverfisleg áhrif eða áhrif vegna hávaða, og

c) gögn, sem kerfi fyrir hávaðamælingar safna, ef þau liggja fyrir.

7. gr.

Upplýsingar um mæligildi fyrir hávaða

1. Ákvarðanir um rekstrartakmarkanir vegna hávaða skulu byggjast á mæligildum loftfarsins fyrir hávaða, sem ákvörðuð eru samkvæmt vottunarmálsmeðferð sem fram fer í samræmi við 1. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn, sjöttu útgáfu frá mars 2011.

2. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skulu flugrekendur loftfarsins senda eftirfarandi upplýsingar um hávaða, að því er varðar loftför sem þeir starfrækja á flugvöllum í Sambandinu:

a) ríkisfang loftfars og skráningarmerki,

b) skjöl um hávaða frá loftfarinu, sem er notað, ásamt tilheyrandi hámarksflugtaksþyngd,

c) hvers konar breyting á loftfarinu sem hefur áhrif á mæligildi þess fyrir hávaða og er tilgreind í skjölum um hávaða.

3. Að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar skulu handhafar tegundarvottorðs fyrir loftfar eða viðbótartegundarvottorðs, sem er gefið út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008([9]), og lögaðilar eða einstaklingar, sem starfrækja loftfar sem ekki hefur verið gefið út tegundarvottorð fyrir, samkvæmt þeirri reglugerð, láta í té upplýsingar um mæligildi loftfarsins fyrir hávaða að því er varðar líkanasmíð með tilliti til hávaða. Flugöryggisstofnunin skal tilgreina hvaða gagna er krafist, innan hvaða tímaramma skal láta þau í té, á hvaða formi og með hvaða hætti. Flugöryggisstofnunin skal sannreyna móttöku upplýsinganna um mæligildi loftfars fyrir hávaða vegna líkanasmíðar og gera upplýsingarnar aðgengilegar öðrum aðilum að því er varðar líkanasmíð með tilliti til hávaða.

4. Gögnin, sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skulu takmörkuð við þau sem eru algjörlega nauðsynleg og skulu látin í té rafrænt, án endurgjalds með því að nota það snið sem er tilgreint, eftir atvikum.

5. Flugöryggisstofnunin skal sannreyna gögnin um mæligildi loftfars fyrir hávaða með tilliti til líkanasmíðar í tengslum við verkefnin sem hún framkvæmir í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

6. Geyma skal gögnin í miðlægu gagnasafni og þau gerð aðgengileg lögbærum yfirvöldum, flugrekendum loftfara, veitendum flugleiðsöguþjónustu og rekstraraðilum flugvalla að því er varðar rekstur.

8. gr.

Reglur um innleiðingu rekstrartakmarkana

1. Áður en rekstrartakmarkanir eru innleiddar skulu lögbær yfirvöld gefa aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og viðkomandi hagsmunaaðilum sex mánaða frest, sem lýkur a.m.k. tveimur mánuðum áður en breyturnar fyrir samræmingu afgreiðslutíma eru ákvarðaðar, eins og skilgreint er í m-lið 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 95/93([10]), að því er varðar viðkomandi flugvöll á viðeigandi áætlunartímabili.

2. Í kjölfar matsins, sem framkvæmt var í samræmi við 6. gr., skal fylgja tilkynningunni skrifleg skýrsla í samræmi við kröfurnar, sem tilgreindar eru í 5. gr., þar sem ástæður fyrir innleiðingu rekstrartakmarkananna eru skýrðar, markmið um hávaðamildun sem eru sett fyrir flugvöllinn, ráðstafanir sem voru taldar fullnægjandi til að ná þessu markmiði og mat á hugsanlegri kostnaðarhagkvæmni mismunandi ráðstafana, sem voru teknar til athugunar, þ.m.t., ef við á, áhrif þeirra yfir landamæri.

3. Að beiðni aðildarríkis eða að frumkvæði þess getur framkvæmdastjórnin, innan þriggja mánaða frá þeim degi sem hún móttekur tilkynninguna skv. 1. mgr., endurskoðað ferlið við innleiðingu rekstrartakmarkananna. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að innleiðing rekstrartakmarkana vegna hávaða sé ekki í samræmi við ferlið, sem sett er fram í þessari reglugerð, getur hún tilkynnt viðkomandi lögbæru yfirvaldi um það. Viðkomandi lögbært yfirvald skal skoða tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar og upplýsa hana um fyrirætlanir sínar áður en rekstrartakmarkanir eru innleiddar.

4. Þegar rekstrartakmarkanir fela í sér að taka loftför, sem uppfylla staðla naumlega, úr notkun á flugvelli skal ekki heimila neina viðbótarþjónustu umfram þann fjölda flughreyfinga loftfara, sem uppfylla staðla naumlega, á samsvarandi tímabili næstliðins árs á þeim flugvelli, sex mánuðum eftir tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld ákveði hversu mikið viðkomandi rekstraraðilar á þessum flugvelli skuli árlega fækka flughreyfingum loftfara, sem uppfylla staðla naumlega, með tilhlýðilegu tilliti til aldurs loftfarsins og samsetningar heildarflotans. Án þess að hafa áhrif á 4. mgr. 5. gr. skal hver rekstraraðili á þessum flugvelli ekki fækka flughreyfingum loftfara, sem uppfylla staðla naumlega, um meira en 25%.

9. gr.

Þróunarlönd

1. Til að koma í veg fyrir óþarfa efnahagslegar byrðar geta lögbær yfirvöld undanþegið loftför, sem uppfylla staðla naumlega, sem eru skráð í þróunarlöndum, rekstrartakmörkunum vegna hávaða, á sama tíma og meginreglan um bann við mismunun er að fullu virt, að því tilskildu að slík loftför:

a) hafi hljóðstyrksvottun í samræmi við staðlana sem tilgreindir eru í 3. kafla, 1. bindis í 16. viðauka við Chicago-samninginn,

b) hafi verið starfrækt í Sambandinu næstliðin fimm ár áður en þessi reglugerð öðlaðist gildi,

c) hafi verið skráð í hlutaðeigandi þróunarlandi á þessu fimm ára tímabili og

d) verði áfram starfrækt af einstaklingi eða lögaðila sem hefur staðfestu í því landi.

2. Þegar aðildarríki veitir undanþágu, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal það þegar í stað upplýsa lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórnina um það.

([10]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum (Stjtíð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1).

10. gr.

Undanþága fyrir starfrækslu loftfars af sérstöku tagi

Lögbær yfirvöld geta, í hverju tilviki fyrir sig, heimilað einstaka starfrækslu á flugvöllum, sem þau bera ábyrgð á, að því er varðar loftför, sem uppfylla staðla naumlega, ef sú starfræksla gæti annars ekki átt sér stað á grundvelli þessarar reglugerðar.

Þessi undanþága skal einskorðast við:

a) starfrækslu sem er svo sérstök að ósanngjarnt væri að synja um tímabundna undanþágu, þ.m.t. flug í hjálpar- og mannúðarskyni,

b) óarðbært flug sem tengist breytingum, viðgerðum eða viðhaldi.

11. gr.

Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórninni skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 12. gr., að því er varðar:

a) tæknilegar uppfærslur á hljóðstigsvottunarstöðlunum, sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr. og a-lið 1. mgr. 9. gr., og á vottunarmálsmeðferðinni sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr.,

b) tæknilegar uppfærslur á aðferðafræðinni og vísunum sem sett eru fram í I. viðauka.

Tilgangur þessara uppfærslna skal vera að taka tillit til breytinga á viðeigandi alþjóðlegum reglum, eins og við á.

12. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni eru veittar valdheimildir til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skulu veittar valdheimildir til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 11. gr., í fimm ára tímabil sem hefst 13. júní 2016. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valdheimilda, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valdheimilda skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er heimilt að afturkalla framsal valdheimildanna sem um getur í 11. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 11. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

13. gr.

Upplýsingar og endurskoðun

Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar sé þess óskað.

Eigi síðar en 14. júní 2021 skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar.

Ef nauðsyn krefur skulu tillögur um endurskoðun á þessari reglugerð fylgja skýrslunni.

14. gr.

Rekstrartakmarkanir sem eru þegar í gildi

Rekstrartakmarkanir vegna hávaða, sem hafa þegar verið innleiddar fyrir 13. júní 2016, skulu halda gildi sínu þar til lögbær yfirvöld ákveða að endurskoða þær í samræmi við þessa reglugerð.

15. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2002/30/EB er felld úr gildi frá og með 13. júní 2016.

16. gr.

Umbreytingarákvæði

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. þessarar reglugerðar er heimilt að samþykkja rekstrartakmarkanir vegna hávaða í samræmi við tilskipun 2002/30/EB eftir 13. júní 2016 ef samráðsferli um samþykkt þeirra var yfirstandandi á þeim degi og að því tilskildu að þessar takmarkanir séu samþykktar eigi síðar en einu ári eftir þann dag.

17. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 13. júní 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

MAT Á HÁVAÐA Á FLUGVELLI

Aðferðafræði:

Lögbær yfirvöld munu tryggja notkun aðferða við mat á hávaða, sem hafa verið þróaðar í samræmi við skýrslu Evrópusambands flugmálastjórna, skjal nr. 29, sem ber yfirskriftina „Stöðluð aðferð til að reikna út jafnhávaðalínur í nálægð almennra flugvalla“, þriðja útgáfa.

Vísar:

1. Áhrif hávaða af flugumferð verður lýst a.m.k. með hávaðavísunum L_{den} og L_{night} sem eru skilgreindir og reiknaðir út í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2002/49/EB.

2. Nota má viðbótarhávaðavísa sem byggjast á markmiðum.

Upplýsingar um stjórn á hávaða

1. Raunverulegar aðstæður

1.1. Lýsing á flugvellinum, þ.m.t. upplýsingar um stærð, legu, umhverfi, umfang og samsetningu flugumferðar.

1.2. Lýsing á öllum umhverfismarkmiðunum sem sett hafa verið fyrir flugvöllinn út frá samhengi í hverju ríki fyrir sig. Þetta mun m.a. fela í sér lýsingu á markmiðum flugvallarins um mildun hávaða frá loftförum.

1.3. Upplýsingar um jafnhávaðalínur viðkomandi undangenginna ára — þ.m.t. mat á því hversu margt fólk verður fyrir áhrifum af völdum hávaða frá loftförum, sem fer fram í samræmi við II. viðauka við tilskipun 2002/49/EB.

1.4. Lýsing á fyrirliggjandi og áætluðum ráðstöfunum til að stjórna hávaða frá loftförum, sem þegar hefur verið gripið til, innan ramma yfirvegaðs mats á úrræðum og áhrif þeirra á og framlag þeirra til bættrar hljóðvistar, með vísan til:

1.4.1. Að því er varðar takmarkanir við upptök:

a) upplýsinga um núverandi flugflota og hvers konar fyrirsjáanlegra tæknilegra úrbóta,

b) sérstakra áætlana um endurnýjun flotans.

1.4.2. Að því er varðar skipulag og stjórnun landnýtingar:

a) fyrirliggjandi stjórntækja vegna skipulagsgerðar, t.d. heildarskipulags eða afmörkunar svæða með tilliti til hávaða,

b) fyrirliggjandi ráðstafana til að draga úr hávaða, t.d. byggingarreglugerða, áætlana um einangrun hávaða eða ráðstafana til að draga úr landnýtingu á viðkvæmum svæðum,

c) samráðsferlis að því er varðar ráðstafanir sem gripið er til við landnýtingu,

d) vöktunar ágangs.

1.4.3. Að því er varðar rekstrarlegar ráðstafanir til að milda hávaða, að því marki sem þessar ráðstafanir takmarka ekki afköst flugvallar:

a) notkunar valinna flugbrauta,

b) notkunar flugleiða, sem eru valdar sérstaklega með tilliti til hávaða,

c) notkunar hávaðamildunar við flugtaks- og aðflugsverklag,

d) upplýsinga um að hvaða marki þessar ráðstafanir eru reglufestar með umhverfisvísbendum, eins og tilgreint er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 691/2010.

1.4.4. Að því er varðar rekstrartakmarkanir:

a) notkunar takmarkana á heimsvísu, t.d. þaks á flughreyfingar eða hávaðakvóta,

b) notkunar takmarkana sem gilda um tiltekin loftför, t.d. að taka loftför, sem uppfylla staðla naumlega, úr notkun,

c) notkunar takmarkana að hluta til þar sem gerður er greinarmunur á ráðstöfunum að degi og að nóttu til.

1.4.5. Fjármálagerningar, sem eru fyrir hendi, t.d. flugvallargjöld vegna hávaða.

2. Horfur án nýrra ráðstafana

2.1. Lýsing á uppbyggingu flugvallar, ef um hana er að ræða, sem þegar hefur verið samþykkt og sett á áætlun, t.d. á aukinni afkastagetu, stækkun flugbrauta og/eða flugafgreiðslu, spám um aðflug og flugtak, áætlaðri samsetningu flugumferðar í framtíðinni og væntanlegum vexti og ítarlegri athugun á áhrifum hávaða á nærliggjandi svæði vegna aukinna afkasta, stækkunar flugbrauta og flugafgreiðslu og vegna breytinga á flugslóðum og aðflugs- og flugtaksleiðum.

2.2. Ef afkastageta flugvallar er aukin skal gera grein fyrir þeim ávinningi sem af henni hlýst almennt innan flugnetsins og svæðisins.

2.3. Lýsing á því hvaða áhrif það hefur á hávaða ef engar frekari ráðstafanir verða gerðar og lýsing á því hvaða áhrif þær ráðstafanir sem þegar hafa verið áætlaðar til að draga úr áhrifum hávaða, hafa á sama tímabili.

2.4. Jafnhávaðalínur, sem vænta má í framtíðinni, ásamt mati á því hve margt fólk er líklegt að verði fyrir áhrifum af völdum hávaða frá loftförum þar sem greint er á milli gamalgróinnar og nýlegrar íbúðabyggðar og áætlaðrar íbúðabyggðar í framtíðinni, sem lögbær yfirvöld hafa þegar veitt leyfi fyrir.

2.5. Mat á afleiðingum og hugsanlegum kostnaði sem fylgir því ef ekki er gripið til aðgerða til að draga úr áhrifum aukins hávaða, ef þess er vænst að hann aukist.

3. Mat á frekari ráðstöfunum

3.1. Yfirlit yfir frekari ráðstafanir, sem grípa má til, og upplýsingar um helstu ástæður þess að þeir kostir voru valdir. Lýsing á ráðstöfunum, sem valdar voru til frekari greiningar, og upplýsingar um niðurstöður greiningar á kostnaðarhagkvæmni, einkum kostnaðinum við að koma þessum ráðstöfunum á, væntanlegur fjöldi fólks, sem þær koma til góða, og tímarammi, svo og röðun tiltekinna ráðstafana sem grundvallast á heildarárangri sem næst með þeim.

3.2. Yfirlit yfir hugsanleg áhrif, sem framlagðar tillögur geta haft á umhverfi og samkeppni, að því er varðar aðra flugvelli, rekstraraðila og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

3.3. Ástæður þess að viðkomandi kostur var valinn.

3.4. Almenn samantekt.

II. VIÐAUKI

Mat á kostnaðarhagkvæmni rekstrartakmarkana vegna hávaða

Kostnaðarhagkvæmni fyrirhugaðra rekstrartakmarkana vegna hávaða munu verða metnar á mælanlegu formi, að því marki sem mögulegt er, með tilhlýðilegu tilliti til eftirfarandi þátta:

1) þess ávinnings, sem gert er ráð fyrir að fyrirhugaðar ráðstafanir leiði af sér, nú og í framtíðinni,

2) öryggi flugrekstrar, þ.m.t. áhættu fyrir þriðja aðila,

3) afkastagetu flugvallarins,

4) hvers konar áhrifa á evrópska flugnetið.

Að auki er lögbærum yfirvöldum heimilt að taka tilhlýðilegt tillit til eftirfarandi þátta:

1) heilbrigðis og öryggis íbúa á staðnum sem búa í nágrenni við flugvöllinn,

2) umhverfislegrar sjálfbærni, þ.m.t. víxltengsla hávaða og losunar,

3) allra beinna, óbeinna eða hvetjandi þátta fyrir atvinnu- og efnahagsmál.

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun tilskipunar 2002/49/EB

Framkvæmdastjórnin á í viðræðum við aðildarríkin um II. viðauka við tilskipun 2002/49/EB (aðferðir til að reikna út hávaða) með það í huga að samþykkja hann á næstu mánuðum.

Framkvæmdastjórnin hyggst endurskoða III. viðauka við tilskipun 2002/49/EB (mat á áhrifum á heilbrigði, ferill fyrir tengsl skammtastærðar og svörunar), á grundvelli vinnu sem um þessar mundir er í gangi á vegum Alþjóðaheilbrigðism álastofnunarinnar varðandi aðferðafræði til að meta áhrif hávaða á heilbrigði.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 379/2014 **2015/EES/8/48**

frá 7. apríl 2014

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Flugrekendur og starfsfólk, sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara, verða að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin um örugga starfrækslu loftfara. Þessar reglur ættu fyrst og fremst að taka mið af því hversu flókin loftförin, fyrirtækin og starfræksla loftfara eru, sem og áhættunni í tengslum við mismunandi tegundir starfrækslu.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([2]) er kveðið á um framkvæmdarreglur um flutningaflug með flugvélum og þyrlum. Einnig ætti að kveða á um reglur um flutningaflug með loftbelgjum og svifflugum til að uppfylla grundvallarreglur og gildissvið reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Að auki þarf að taka tilhlýðilegt tillit til sérkenna tiltekinnar starfrækslu flugvéla og þyrlna í ábataskyni, sem hefst og lýkur á sama flugvelli eða starfrækslusvæði, í samræmi við stærð og umfang starfrækslunnar og áhættuna sem henni fylgir.

4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 800/2013([3]) breytir reglugerð (ESB) nr. 965/2012 í því skyni að bæta við ákvæðum um starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, að teknu tilliti til þess hversu flókið loftfarið er. Einnig er nauðsynlegt að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til að endurspegla nýjustu tækni og til að tryggja hlutfallslega réttar ráðstafanir fyrir tiltekna vandlega skilgreinda starfsemi með einföld loftför og hlutaðeigandi fyrirtæki.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 123, 24.4.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 289/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls.1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 800/2013 frá 14. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 227, 24.8.2013, bls. 1).

5) Einnig ætti að bæta við reglum, sem gilda um sérstaka starfrækslu flugvéla, þyrlna, loftbelgja og svifflugna, að teknu tilliti til tiltekinna þátta sem tengjast slíkri starfrækslu og áhættunni sem henni fylgir. Af ástæðum er varða meðalhóf er ekki við hæfi að fara fram á að allir flugrekendur, sem stunda starfrækslu í ábataskyni, einkum flugrekendur sem stunda sérstaka starfrækslu í ábataskyni, gangist undir vottun. Þó starfrækslan sé í ábataskyni munu þessir flugrekendur þurfa að gefa frá sér yfirlýsingu um getu í stað þess að fá vottorð. Af öryggisástæðum ætti þó að tilgreina skilyrði fyrir tiltekinni áhættusamri, sérstakri starfrækslu í ábataskyni, sem stofnar þriðja aðila á jörðu niðri í hættu, og því ætti að þurfa leyfi fyrir starfrækslu af þessu tagi.

6) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það.

7) Til að tryggja snurðulaus umskipti og öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópusambandinu ættu framkvæmdarráðstafanir að endurspegla fullkomnustu tækni sem völ er á, þ.m.t. bestu starfsvenjur og vísinda- og tækniframfarir á sviði flugrekstrar. Því ætti að taka tillit til tæknilegra krafna og stjórnsýslumeðferða, sem samþykktar eru á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) til 30. júní 2009, og núverandi löggjafar sem varðar tiltekið landsvæði.

8) Nauðsynlegt er að gefa flugiðnaðinum og stjórnsýslu aðildarríkjanna nægan tíma til að laga sig að þessum nýja regluramma.

9) Flugöryggisstofnun Evrópu útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ítarlegar reglur um rekstur flugvéla, þyrlna, loftbelgja og svifflugna, þ.m.t. skoðanir á hlaði á loftförum flugrekenda, sem eru undir öryggiseftirliti annars ríkis, þegar þau lenda á flugvöllum, sem staðsettir eru innan yfirráðasvæðis sem fellur undir ákvæði sáttmálans.

2. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ítarlegar reglur um skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteini flugrekenda sem stunda rekstur loftfara í ábataskyni, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, um réttindi og ábyrgð handhafa skírteina sem og um skilyrði fyrir því að starfræksla skuli bönnuð, takmörkuð eða háð tilteknum skilyrðum í öryggisskyni.

3. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ítarlegar reglur um skilyrði og verklagsreglur að því er varðar yfirlýsingu frá flugrekendum sem stunda sérstaka starfrækslu í ábataskyni og starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, þ.m.t. sérstök starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, og eftirlit með þeim.

4. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um ítarlegar reglur varðandi það við hvaða skilyrði tiltekin áhættusöm, sérstök starfræksla í ábataskyni skuli háð leyfi í öryggisskyni og skilyrðin fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingu, takmörkun, tímabundinni niðurfellingu eða afturköllun þessara leyfa.

5. Þessi reglugerð gildir ekki um flugrekstur sem fellur undir gildissvið a-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

6. Þessi reglugerð gildir ekki um flugrekstur með tjóðruðum loftbelgjum og loftskipum og flug með tjóðruðum loftbelgjum.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir bætist við 1. mgr.:

„7) „sérstök starfræksla“: öll starfræksla önnur en flutningaflug þar sem loftfarið er notað fyrir sérstaka starfsemi eins og landbúnað, byggingastarfsemi, ljósmyndun, landmælingar, athuganir, eftirlit og eftirlit úr lofti eða auglýsingaflug,

8) „áhættusöm sérstök starfræksla í ábataskyni“: öll sérstök starfræksla loftfara í ábataskyni sem fram fer yfir svæði þar sem líklegt er að öryggi þriðju aðila á jörðu niðri sé stofnað í hættu ef um neyðarástand er að ræða eða, samkvæmt ákvörðun lögbærs yfirvalds á staðnum þar sem starfrækslan fer fram, öll sérstök starfræksla loftfars í ábataskyni sem, vegna sérstaks eðlis hennar og umhverfisins á staðnum þar sem hún fer fram, skapar mikla áhættu, einkum fyrir þriðju aðila á jörðu niðri,

9) „kynnisflug“ (e. *introductory flight*): flug gegn þóknun eða annars konar gjaldi, sem samanstendur af stuttri flugferð, sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki eða fyrirtæki, sem komið var á fót í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, bjóða upp á í þeim tilgangi að laða að nýja nemendur eða nýja meðlimi.

10) „keppnisflug“ (e. *competition flight*): flug þar sem loftfarið er notað í kappflugi eða keppni, sem og þegar loftfar er notað til æfinga fyrir kappflug eða keppni og til að fljúga til og frá keppnisviðburðum,

11) „flugsýning“: hvert það flug sem framkvæmt er í þeim tilgangi að bjóða upp á sýningu eða skemmtun við auglýstan viðburð sem opinn er almenningi, þ.m.t. þegar loftfar er notað til æfinga fyrir flugsýningu og til að fljúga til og frá auglýstum viðburði,“.

b) Í annarri málsgrein komi „VIII.“ í stað „VII.“

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Flugrekendur sem stunda flutningaflug, sem hefst og lýkur á sama flugvelli/starfrækslusvæði, með því að nota flugvélar í afkastagetuflokki B eða einfaldar þyrlur, þurfa að uppfylla viðeigandi kröfur III. og IV. viðauka.“

b) Í stað 3., 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Flugrekendur sem stunda starfrækslu flókinna, vélknúinna flugvéla og þyrlna, sem er ekki í ábataskyni, skulu gefa út yfirlýsingu um hæfni sína og getu til að rækja þær skyldur sem tengjast starfrækslu loftfars og starfrækja loftfarið í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í III. og VI. viðauka. Þegar slíkir flugrekendur stunda sérstaka starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, skulu þeir starfrækja loftfarið í samræmi við ákvæðin í III. og VIII. viðauka í staðinn.

4. Flugrekendur, sem stunda starfrækslu einfaldra, vélknúinna flugvéla og þyrlna, sem og loftbelgja og svifflugna, sem er ekki í ábataskyni, þ.m.t. sérstaka starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, skulu starfrækja loftfarið í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VII. viðauka.

5. Þjálfunarfyrirtæki, sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og eru samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu starfrækja eftirfarandi loftför við framkvæmd flugþjálfunar til Evrópusambandsins, innan þess eða frá því:

a) flóknar, vélknúnar flugvélar og þyrlur í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VI. viðauka,

b) einfaldar, vélknúnar flugvélar og þyrlur sem og loftbelgi og svifflugur í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VII. viðauka.“

c) Eftirfarandi 6. og 7. mgr. bætast við:

„6. Flugrekendur skulu aðeins starfrækja loftfar í tengslum við sérstaka starfrækslu í ábataskyni í samræmi við ákvæði III. og VIII. viðauka.

7. Flug sem fer fram rétt á undan sérstakri starfrækslu, meðan á henni stendur eða rétt á eftir henni og tengist þessari starfrækslu beint, skal starfrækt í samræmi við 3., 4. og 6. mgr., eftir því sem við á. Að undanskildu flugi í tengslum við fallhlífarstökk mega að hámarki sex einstaklingar, sem eru ómissandi fyrir ferðina, vera um borð, að flugverjum undanskildum.“

4) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) ákvæði 1. mgr. falli brott.

b) eftirfarandi 4. mgr. a bætist við:

„4a. Þrátt fyrir 1. og 6. mgr. 5. gr. má eftirfarandi starfræksla einfaldra, vélknúinna loftfara fara fram í samræmi við VII. viðauka:

a) flug þar sem óbreyttir einstaklingar skipta með sér kostnaði, með því skilyrði að þessi beini kostnaður deilist niður á alla sem um borð eru, þ.m.t. flugmanninn, og að einstaklingarnir sem skipta með sér þessum beina kostnaði séu ekki fleiri en sex,

b) keppnisflug eða flugsýningar, með því skilyrði að þóknunin eða annars konar greiðsla, sem greidd er fyrir slíkt flug, sé takmörkuð við endurheimt beins kostnaðar og hlutfallslegt framlag til árlegs kostnaðar, og að verðmæti verðlaunanna sé ekki meira en lögbært yfirvald tilgreinir,

c) kynnisflug, fallhlífarstökk, flugtog á svifflugum eða listflug, sem fram fer á vegum þjálfunarfyrirtækis með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og er samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, með því skilyrði að fyrirtækið starfræki loftfarið á grundvelli eignarhalds eða tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins, og að flug, þar sem aðilar, sem eiga ekki aðild að fyrirtækinu, eiga hlut að máli, sé aðeins lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins,“.

5) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Flutningaflug með þyrlum, flutningaflug með loftbelgjum og flutningaflug með svifflugum skulu uppfylla landsbundnar kröfur.“

b) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við:

„4. Starfræksla, sem er ekki í ábataskyni, þ.m.t. sérstök starfræksla flókinna, vélknúinna flugvéla og þyrlna, sem er ekki í ábataskyni, og sérstök starfræksla flugvéla, þyrlna, loftbelgja og svifflugna í ábataskyni skal áfram fara fram í samræmi við gildandi landslöggjöf um fartímamörk uns tilheyrandi framkvæmdarreglur hafa verið samþykktar og teknar í gildi.”

6) Ákvæðum 3. mgr. 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) í a-lið komi „II. og III. viðauka“ í stað „III. viðauka“,

b) í b-lið komi „II., V., VI. og VII. viðauka“ í stað „V., VI. og VII. viðauka“.

7) Eftirfarandi 4., 5., 6. og 7. mgr. bætist við í 10. gr.:

„4. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að ákvæði II., III., VII. og VIII. viðauka gildi ekki um sérstaka starfrækslu fyrr en 21. apríl 2017.

5. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að ákvæði II. III. og IV. viðauka gildi ekki um:

a) flutningaflug, sem hefst og lýkur á sama flugvelli/starfrækslusvæði, með flugvélum í afkastagetuflokki B eða einföldum þyrlum fyrr en 21. apríl 2017 og

b) flutningaflug með loftbelgjum og svifflugum fyrr en 21. apríl 2017.

6. Þegar aðildarríki nýtir sér undanþáguna, sem kveðið er á um í a-lið 5. mgr., gilda eftirfarandi reglur:

a) að því er varðar flugvélar, III. viðauki við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 og tilheyrandi landsbundnar undanþágur í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3922/91,

b) að því er varðar þyrlur, landsbundnar kröfur.

7. Þegar aðildarríki nýtir undanþágurnar, sem kveðið er á um í 3., 4. og 5. mgr., skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það. Í þessari tilkynningu skal tilgreina ástæður fyrir undanþágunni, hve lengi hún varir og lýsa framkvæmdaráætluninni, sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir, ásamt tilheyrandi tímasetningum.“

8) Ákvæðum I.–VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð.

9) Nýr VIII. viðauki (SPO-hluti) bætist við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, eins og sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

1) Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi „Skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í II.–VIII. viðauka“.

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„11a) „tómamassi loftbelgs“: massi sem ákvarðast af því að vigta loftbelginn með öllum uppsettum búnaði sem tilgreindur er í flughandbókinni,“.

c) Í stað 40. liðar komi eftirfarandi:

„40) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja þar sem loftför eru starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka eða, ef um er að ræða aðra starfrækslu í ábataskyni en flutningaflug, á ábyrgð leigutaka,“.

d) Eftirfarandi liður bætist við:

„117a) „sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum“ (e. *task specialist*): einstaklingur sem flugrekandi eða þriðji aðili tilnefnir, eða sem kemur fram sem fyrirtæki, sem innir af hendi verkefni á jörðu niðri í tengslum við sérhæfð verkefni eða innir af hendi sérhæfð verkefni um borð í loftfari eða frá loftfarinu,“.

e) Í stað 120. liðar komi eftirfarandi:

„120) „flutningshleðsla“: heildarmassi farþega, farangurs, farms og sérhönnuð tæki um borð og, nema hvað varðar loftbelgi, hvers konar kjölfesta,“.

f) Í stað 127. liðar komi eftirfarandi:

„127) „samningur um þjónustuleigu“: samningur:

— milli flugrekenda þar sem loftför eru starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigusala, ef um er að ræða flutningaflug eða

— milli flugrekenda þar sem loftför eru starfrækt á ábyrgð leigusala, ef um er að ræða aðra starfrækslu í ábataskyni en flutningaflug.“

2) Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Á eftir „samþykki“ í 1. lið d-liðar í ARO.GEN.120 bætist við komma og orðin „leyfi fyrir sérstakri starfrækslu“.

b) Á eftir „vottun“ í c-lið ARO.GEN.200 bætast við orðin „eða leyfi“.

c) Á eftir „fyrstu vottun“ í a-lið ARO.GEN.205 bætist við komma og orðin „leyfi fyrir sérstakri starfrækslu“.

d) Á eftir „vottun“ í b-lið ARO.GEN.205 bætist við komma og orðið „leyfi“.

e) Í a-lið ARO.GEN.220:

i. bætist eftirfarandi liður við:

„4a) leyfisferli fyrir áhættusama sérstaka starfrækslu í ábataskyni og samfellt eftirlit með leyfishafa,“

ii. í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7) eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum, sem stunda starfsemi innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins en eru undir eftirliti, hafa fengið vottun eða leyfi lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnunarinnar, samkvæmt samkomulagi milli þessara yfirvalda,“

iii. á eftir „vottun“ í 9. lið bætist við komma og orðin „eða leyfi“.

f) Í stað b-liðar í ARO.GEN.220 komi eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll fyrirtækjavottorð og leyfi fyrir sérstaka starfrækslu, sem það gefur út, sem og yfirlýsingar sem það móttekur.“

g) Í stað 1. og 2. liðar í a-lið ARO.GEN.300 komi eftirfarandi:

„1) að farið sé að kröfum, sem gilda um fyrirtæki eða tegund starfrækslu, áður en gefið er út vottorð, samþykki eða leyfi, eftir því sem við á,

2) að áfram sé farið að kröfum, sem gilda um fyrirtæki sem það hefur vottað, sérstaka starfrækslu, sem það hefur veitt leyfi fyrir, eða fyrirtæki sem það hefur móttekið yfirlýsingu frá,“.

h) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ARO.GEN.305:

i. Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) Eftirlitsáætlun fyrirtækja, sem leggja yfirlýsingu um starfsemi sína fyrir lögbært yfirvald, skal byggð á sérstöku eðli fyrirtækisins, hve flókin starfsemi þess er, gögnum úr fyrri eftirlitsstarfsemi og mati á áhættu sem tengist þeirri tegund starfsemi sem fram fer. Hún skal fela í sér úttektir og skoðanir, þ.m.t. skoðanir á hlaði og fyrirvaralausar skoðanir, eftir því sem við á.“

ii. Eftirfarandi liður d1 bætist við sem hér segir:

„d1. Eftirlitsáætlun fyrirtækja, sem hafa leyfi fyrir sérstakri starfrækslu, skal komið á fót í samræmi við d-lið og þar skal einnig tekið tillit til fyrra og núverandi leyfisferlis og gildistíma leyfisins.“

i) Í stað b-liðar ARO.GEN.350 komi eftirfarandi:

„b) Lögbært yfirvald gefur út fyrsta stigs frávik þegar í ljós kemur að mikilvæg atriði eru ekki í samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, við verklagsreglur og handbækur fyrirtækisins eða við skilmála samþykkis, vottorðs, leyfis fyrir sérstakri starfrækslu eða við innihald yfirlýsingar sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í mikla hættu.“

j) Í b-lið ARO.GEN.350 bætast við orðin „eða leyfi fyrir sérstakri starfrækslu“ á eftir „fyrirtækjavottorð“ í 2. lið og orðin „eða leyfisins fyrir sérstakri starfrækslu“ á eftir „fyrirtækjavottorðsins“ í 3. lið.“

k) Í stað c-liðar ARO.GEN.350 komi eftirfarandi:

„c) Lögbært yfirvald skal gefa út annars stigs frávik þegar í ljós kemur að eitthvert atriði er ekki í samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, við verklagsreglur og handbækur fyrirtækisins eða við skilmála samþykkis, vottorðs, leyfis fyrir sérstakri starfrækslu eða við innihald yfirlýsingar, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í hættu.“

l) Í 1. lið d-liðar ARO.GEN.350 bætist við komma og orðin „leyfið fyrir sérstakri starfrækslu“ á eftir „vottorðið“.

m) Í e-lið ARO.GEN.350 komi „fyrirtæki, sem er vottað af eða hefur leyfi frá lögbæru yfirvaldi“ í staðinn fyrir „fyrirtæki, sem vottað er af lögbæru yfirvaldi“.

n) Í stað tilvísunar í reglugerð (ESB) nr. 290/2012 í a-lið ARO.GEN.355 komi tilvísun í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

o) Eftirfarandi bætist við sem ARO.GEN.360:

„ARO.GEN.360 Frávik og framfylgdarráðstafanir — allir flugrekendur

Komi fram vísbendingar við eftirlit eða með öðrum hætti um að flugrekandi, sem heyrir undir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, fari ekki að viðeigandi kröfum skal lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á vanefndunum, grípa til hvers konar framfylgdarráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi vanefndir.“

p) Eftirfarandi c-liður bætist við í ARO.OPS.100:

„c) Lögbært yfirvald getur ákveðið sérstök starfrækslutakmörk. Slík takmörk skulu skráð í rekstrarforskriftunum.“

q) Í OPS-kafla er eftirfarandi I. þætti A skotið inn:

„I. ÞÁTTUR A

Leyfi fyrir áhættusamri sérstakri starfrækslu í ábataskyni

ARO.OPS.150 Leyfi fyrir áhættusamri sérstakri starfrækslu í ábataskyni

a) Við móttöku umsóknar um útgáfu leyfis fyrir áhættusamri sérstakri starfrækslu í ábataskyni skal lögbært yfirvald flugrekanda fara yfir skjöl flugrekandans um áhættumat og staðlaðar verklagsreglur hans er varða þá tegund eða tegundir starfrækslu sem fyrirhugaðar eru og sem þróaðar voru í samræmi við viðeigandi kröfur VIII. viðauka (SPO-hluta).

b) Þegar lögbært yfirvald flugrekanda telur áhættumatið og stöðluðu verklagsreglurnar fullnægjandi skal það gefa út leyfið, eins og kveðið er á um í VI. viðbæti. Gefa má út leyfið með takmarkaðan eða ótakmarkaðan gildistíma. Skilyrðin, sem gilda um heimild flugrekanda til að framkvæma eina eða fleiri tegundir af áhættusamri sérstakri starfrækslu í ábataskyni, skulu tilgreind í leyfinu.

c) Við móttöku umsóknar um breytingu á leyfinu skal lögbært yfirvald flugrekanda uppfylla ákvæði a- og b-liðar. Það skal mæla fyrir um með hvaða skilyrðum flugrekandinn má starfa meðan á breytingunni stendur nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella leyfið tímabundið úr gildi.

d) Við móttöku umsóknar um endurnýjun á leyfi skal lögbært yfirvald flugrekanda uppfylla ákvæði a- og b-liðar. Það getur tekið mið af undangengnu leyfisferli og eftirlitsstarfsemi.

e) Án þess að það hafi áhrif á aðrar framfylgdarráðstafanir skal lögbært yfirvald flugrekanda fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla leyfið ef flugrekandi gerir breytingar án þess að hafa lagt fram breytt áhættumat og breyttar staðlaðar verklagsreglur.

f) Við móttöku umsóknar um útgáfu leyfis fyrir áhættusamri sérstakri starfrækslu í ábataskyni, sem farin er yfir landamæri, skal lögbært yfirvald flugrekanda fara yfir skjöl flugrekanda um áhættumat og staðlaðar verklagsreglur hans í samráði við lögbæra yfirvaldið þar sem fyrirhugað er að starfrækslan fari fram. Þegar bæði yfirvöld eru ánægð með áhættumatið og stöðluðu verklagsreglurnar skal lögbært yfirvald flugrekanda gefa út leyfið.

ARO.OPS.155 Leigusamningar

a) Lögbært yfirvald skal samþykkja leigusamning, sem varðar loftfar sem er skráð í þriðja landi eða flugrekanda frá þriðja landi, þegar flugrekandi sérstakrar starfrækslu hefur sýnt fram á að hann uppfylli ákvæði ORO.SPO.100.

b) Samþykki fyrir samningi um tómaleigu skal fella tímabundið úr gildi eða afturkalla ef lofthæfivottorð loftfars er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.“

r) Í 2. lið b-liðar ARO.OPS.200 koma orðin „og sérstaka starfrækslu“ á eftir orðunum „starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni“.

s) Í stað ARO.OPS.210 komi eftirfarandi:

„ARO.OPS.210 Ákvörðun fjarlægðar eða staðbundins svæðis

Lögbært yfirvald getur ákveðið fjarlægð eða staðbundið svæði í tengslum við starfrækslu.“

t) Eftirfarandi III. þáttur bætist við í OPS-kafla:

„*III. ÞÁTTUR*

Eftirlit með starfrækslu

ARO.OPS.300 Kynnisflug

Lögbært yfirvald getur kveðið á um viðbótarskilyrði fyrir kynnisflug sem fer fram í samræmi við NCO-hluta á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Slík skilyrði skulu tryggja örugga starfrækslu og vera hófleg.“

u) Í I. viðbæti:

i. komi „(Samþykkisskrá fyrir flugrekendur í flutningaflugi)“ í stað undirfyrirsagnarinnar,

ii. falli orðin „sérstök starfræksla í ábataskyni (e. *Commercial specialised operations*, SPO)“ og 2. nmgr. brott.

v. Í II. viðbæti er endurtekna orðið „Flugtak“ fellt brott og í stað 10. nmgr. komi eftirfarandi:

„10) Hér skal setja inn viðeigandi flokk nákvæmnisaðflugs: starfræksla við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki, II. flokkur, starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki, III. flokkur A, III. flokkur B eða III. flokkur C. Hér skal setja inn lágmarksflugbrautarskyggni í metrum og ákvörðunarhæð í fetum. Ein lína er notuð fyrir hvern skráðan flokk aðflugs.“

w) Í V. viðbæti er orðunum „Sérstök starfræksla“ bætt við fyrir neðan orðin „Starfræksla sem er ekki í ábataskyni“.

x) Eftirfarandi VI. viðbætir bætist við:

„VI. viðbætir

LEYFI FYRIR ÁHÆTTUSAMRI SÉRSTAKRI STARFRÆKSLU Í ÁBATASKYNI	
Útgáfuyfirvald ([1]): Leyfisnúmer ([2]):	
Nafn flugrekanda ([3]): Heimilisfang flugrekanda ([4]): Símanúmer ([5]) Bréfasími: Tölvupóstfang:	
Tegund loftfars og skrásetningarmerki ([6]):	
Sérstök starfræksla sem er leyfð ([7]):	
Leyfilegt flug- eða starfrækslusvæði ([8]):	
Sérstakar takmarkanir ([9]):	
Hér með staðfestist að …… hefur leyfi til að stunda áhættusama sérstaka starfrækslu í ábataskyni í samræmi við þetta leyfi, staðlaðar verklagsreglur flugrekanda, IV. viðauka reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.	
Útgáfudagur ([10]):	Nafn og undirskrift ([11]): Titill:

EASA-eyðublað nr. 151, 1. útgáfa.

([1]) Nafn og samskiptaupplýsingar lögbærs yfirvalds:
([2]) Hér skal sett inn viðeigandi leyfisnúmer.
([3]) Hér skal sett inn skráð heiti flugrekanda og viðskiptaheiti flugrekanda, ef annað. Hér skal setja inn „starfar undir heitinu“ fyrir framan viðskiptaheitið.
([4]) Heimilisfang höfuðstöðva flugrekanda.
([5]) Síma- og bréfasímanúmer, ásamt landskóða, í höfuðstöðvum flugrekanda. Tölvupóstfang skal gefið upp, ef slíkt er tiltækt.
([6]) Hér skal setja inn kóða öryggisteymis vegna flutningaflugs (e. *Commercial Aviation Safety Team* (CAST))/Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um tegund loftfars, árgerð og röð, eða aðalröð, ef tiltekin röð hefur verið tilgreind (t.d. Boeing-737-3K2 eða Boeing-777-232). Flokkunarfræði öryggishópsins vegna flutningaflugs/Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er aðgengileg á: http://www.intlaviationstandards.org/H.
Skrásetningarmerkin skulu annaðhvort tilgreind í skránni yfir sérstök samþykki eða í rekstrarhandbókinni. Í seinna tilvikinu skal í skránni yfir sérstök samþykki vera tilvísun í tilsvarandi blaðsíðu í rekstrarhandbókinni.
([7]) Tilgreina skal tegund flugs, t.d. í tengslum við landbúnað, byggingavinnu, ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti eða auglýsingaflug.
([8]) Hér skal gefa upp landfræðileg svæði eða staði þar sem starfræksla er heimiluð (með vísun í landfræðileg hnit eða flugupplýsingasvæði eða landamæri þjóðríkja eða landsvæða).
([9]) Hér skal gefa upp gildandi, sérstakar takmarkanir (t.d. einungis sjónflug (VFR), einungis að degi til o.s.frv.).
([10]) Útgáfudagur leyfisins (dd-mm-áááá).
([11]) Titill, nafn og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds. Auk þess má setja opinberan stimpil á leyfið.“

3) Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Öllum tilvísunum í reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er skipt út með tilvísunum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012([4]).

b) Öllum tilvísunum í reglugerð (EB) nr. 290/2012 er skipt út með tilvísunum í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

c) Í stað textans í ORO.GEN.005 komi eftirfarandi:

„Í þessum viðauka eru settar fram kröfur sem virtar skulu af flugrekendum sem annast:

a) flutningaflug,

b) sérstaka starfrækslu í ábataskyni,

c) starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni,

d) sérstaka starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni.“

d) Í ORO.GEN.105 er orðunum „eða eru háðir leyfi fyrir sérstakri starfrækslu“ bætt inn á eftir „yfirlýsingarskyldum“.

e) Í stað a-liðar í ORO.GEN.110 komi eftirfarandi:

„a) Flugrekandi ber ábyrgð á að loftfar sé starfrækt í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, eftir því sem við á, viðeigandi kröfur í þessum viðauka og flugrekandaskírteini hans eða leyfi fyrir sérstakri starfrækslu (SPO-leyfi) eða yfirlýsingu.“

f) Í c-lið ORO.GEN.110 bætist við komma og orðin „SPO-leyfis“ á eftir orðunum „vottorðs hans“.

g) I ORO.GEN.110 bætist eftirfarandi liður við:

„k) Þrátt fyrir ákvæði j-liðar skal flugrekandi, sem starfrækir svifflugu eða loftbelg eða flug, þar sem lagt er af stað og lent á sama flugvelli eða starfrækslusvæði, samkvæmt sjónflugsreglum að degi til með

i. eins hreyfils flugvélum, sem eru knúnar skrúfuhreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem nemur 5 700 kg eða minna og hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 5 eða færri eða

ii. einföldum, vélknúnum þyrlum með einum hreyfli, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 5 eða færri,

tryggja að flugliðar hafi fengið viðeigandi þjálfun eða upplýsingar svo þeir þekki hættulegan varning, sem ekki er gefinn upp, sem kemur um borð með farþegum eða sem farmur.“

h) Í ORO.GEN.115:

i. komi eftirfarandi í stað fyrirsagnarinnar: „Umsókn um flugrekandaskírteini“,

ii. í a-lið er orðinu “flugrekandaskírteini” skipt út fyrir “flugrekandaskírteini” (hefur ekki áhrif á íslensku þýðinguna).

([4]) Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

i) Í ORO.GEN.120 bætist eftirfarandi liður við:

„d) Þegar flugrekandi, sem er háður SPO-leyfi, óskar eftir að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal hann uppfylla ákvæði b-liðar þegar hlutaðeigandi aðferð til að uppfylla kröfur hefur áhrif á staðlaðar verklagsreglur, sem eru hluti af leyfinu, og ákvæði c-liðar vegna þess hluta fyrirtækisins og starfrækslunnar þar sem gefin er út yfirlýsing.“

j) Í stað fyrirsagnar ORO.GEN.125 komi eftirfarandi: **„Skilmálar samþykkis og réttindi handhafa flugrekandaskírteinis“**.

k) Í stað fyrirsagnar ORO.GEN.130 komi eftirfarandi: **„Breytingar sem tengjast handhafa flugrekandaskírteinis“**.

l) Í stað fyrirsagnar ORO.GEN.135 komi eftirfarandi: **„Áframhaldandi gildi flugrekandaskírteinis“**.

m) Í a-lið ORO.GEN.140 bætist við komma og orðin „fá SPO-leyfi fyrir“ á eftir orðinu „votta“.

n) Í b-lið ORO.GEN.140 bætast við orðin „að því er varðar flutningaflug“, innan komma, á eftir orðunum „Aðgangur að loftfarinu, sem um getur í a-lið, skal“.

o) Í stað ORO.GEN.205 komi eftirfarandi:

„ORO.GEN.205 Útvistuð starfsemi

a) Flugrekandinn skal tryggja að sú þjónusta eða vara sem er útvistuð eða aðkeypt uppfylli viðeigandi kröfur þegar einhver hluti starfseminnar er útvistaður eða aðkeyptur.

b) Þegar vottaður flugrekandi eða handhafi SPO-leyfis útvistar hluta af starfsemi sinni til annars fyrirtækis, sem er ekki vottað eða hefur leyfi í samræmi við þennan hluta til að sinna slíkri starfsemi, skal fyrirtækið, sem samið er við, starfa innan ramma samþykkis flugrekandans. Fyrirtækið, sem stendur að samningnum, skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu, sem samið er við, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur séu áfram uppfylltar.“

p) Í a-lið ORO.AOC.100 komi „flutningaflug“ í staðinn fyrir „flutningaflug“ (hefur ekki áhrif á íslensku þýðinguna).

q) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar ORO.AOC.100:

„b) Flugrekandi skal veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

1) opinbert nafn, firmaheiti, heimilisfang og póstfang umsækjanda,

2) lýsingu á fyrirhuguðum rekstri, þ.m.t. tegund og fjölda loftfara sem stendur til að nota,

3) lýsingu á stjórnunarkerfinu, þ.m.t. stjórnskipulagi,

4) nafn ábyrgðarmanns,

5) nöfn tilnefndra einstaklinga, sem gerð er krafa um í a-lið ORO.AOC.135, ásamt starfsréttindum þeirra og reynslu,

6) afrit af rekstrarhandbókinni, sem gerð er krafa um í ORO.MLR.100,

7) yfirlýsingu um að umsækjandi hafi staðfest að öll gögn, sem send eru lögbæru yfirvaldi, séu í samræmi við viðeigandi kröfur.

c) Umsækjendur skulu sýna lögbæru yfirvaldi fram á:

1) að þeir uppfylli allar viðeigandi kröfur IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, þessa viðauka og IV. viðauka (CAT-hluta) sem og V. viðauka (SPA-hluta) við þessa reglugerð,

2) að öll loftför, sem starfrækt eru, hafi lofthæfivottorð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 og

3) að skipulags- og stjórnunargeta þeirra hæfi vel stærð og umfangi rekstrarins.“

r) Í stað „í flutningaflugi“ í ii. lið 1. liðar í a-lið ORO.AOC.125 komi „í flutningaflugi“ (hefur ekki áhrif á íslensku þýðinguna).

s) Í stað fyrstu setningarinnar í ORO.DEC.100 kemur eftirfarandi:

„Flugrekandi, sem stundar starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni eða sérstaka starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, og flugrekandi, sem stundar sérstaka starfrækslu í ábataskyni skal:“

t) Eftirfarandi kafli bætist við á eftir DEC-KAFLA — YFIRLÝSING:

„SPO-KAFLI

SÉRSTÖK STARFRÆKSLA Í ÁBATASKYNI

ORO.SPO.100 Sameiginlegar kröfur sem gilda um flugrekendur sem stunda sérstaka starfrækslu í ábataskyni

a) Flugrekandi, sem stundar sérstaka starfrækslu í ábataskyni, skal einnig uppfylla ákvæði ORO.AOC.135, ORO.AOC.140 og ORO.AOC.150, til viðbótar við ákvæði ORO.DEC.100.

b) Loftför skulu hafa lofthæfivottorð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða skulu leigð í samræmi við c-lið.

c) Flugrekandi, sem stundar sérstaka starfrækslu í ábataskyni, skal fá fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds og uppfylla eftirfarandi skilyrði, ef:

1) hann tekur loftfar á þjónustuleigu hjá flugrekanda frá þriðja landi:

i. öryggiskröfur flugrekanda frá þriðja landi varðandi áframhaldandi lofthæfi og flugrekstur, eru jafngildar viðeigandi kröfum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 og í þessari reglugerð,

ii. loftfar flugrekanda frá þriðja landi hefur staðlað lofthæfivottorð, sem er gefið út í samræmi við 8. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO),

iii. þjónustuleigan varir ekki lengur en í sjö mánuði á tólf mánaða samfelldu tímabili eða

2) hann tekur loftfar, sem er skráð í þriðja landi, á tómaleigu:

i. sýnt hefur verið fram á rekstrarþörf, sem ekki er unnt að fullnægja með leigu á loftfari sem skráð er í Evrópusambandinu,

ii. tómaleigan varir ekki lengur en í sjö mánuði á tólf mánaða samfelldu tímabili,

iii. tryggt er að farið verði að öllum viðeigandi kröfum í reglugerð (EB) nr. 2042/2003,

iv. loftfarið er búið tækjum í samræmi við VIII. viðauka [SPO-hluta].

ORO.SPO.110 Leyfi fyrir áhættusamri sérstakri starfrækslu í ábataskyni

a) Flugrekandi, sem stundar sérstaka starfrækslu í ábataskyni, skal sækja um og fá leyfi sem lögbært yfirvald flugrekanda gefur út áður en hann hefur áhættusama sérstaka starfrækslu í ábataskyni þegar þessi starfræksla:

1) fer fram yfir svæði þar sem líklegt er að öryggi þriðja aðila á jörðu niðri sé stefnt í hættu ef neyðarástand kemur upp eða

2) felur í sér mikla áhættu, eftir því sem ákveðið er af lögbæru yfirvaldi á þeim stað þar sem starfrækslan fer fram, vegna sérstaks eðlis og umhverfis á staðnum þar sem starfrækslan fer fram, einkum fyrir þriðju aðila á jörðu niðri.

b) Flugrekandi skal veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

1) opinbert nafn, firmaheiti, heimilisfang og póstfang umsækjanda,

2) lýsingu á stjórnunarkerfinu, þ.m.t. stjórnskipulagi,

3) lýsingu á fyrirhuguðum rekstri, þ.m.t. tegund og fjölda loftfara sem stendur til að nota,

4) skjöl um áhættumat og tilheyrandi staðlaðar verklagsreglur, sem krafist er samkvæmt SPO.OP.230,

5) yfirlýsingu um að flugrekandi hafi staðfest að öll gögn, sem send eru lögbæru yfirvaldi, séu í samræmi við viðeigandi kröfur.

c) Umsókn um leyfi eða breytingu á því skal gerð á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður, að teknu tilliti til viðeigandi krafna reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.

ORO.SPO.115 Breytingar

a) Allar breytingar, sem hafa áhrif á gildissvið leyfis eða leyfða starfrækslu, krefjast fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds. Allar breytingar, sem falla ekki undir upphaflegt áhættumat, krefjast þess að lagt sé breytt áhættumat og breyttar staðlaðar verklagsreglur fyrir lögbært yfirvald.

b) Umsóknin um samþykki á breytingu skal lögð fram áður en slíkum breytingum er hrint í framkvæmd til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og að breyta leyfinu ef þörf er á. Flugrekandinn skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

c) Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við ARO.OPS.150.

d) Flugrekandi skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur mælt fyrir um meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

ORO.SPO.120 Áframhaldandi gildi

a) Flugrekandi, sem er handhafi leyfis fyrir sérstaka starfrækslu, skal virða umfang og réttindin sem skilgreind eru í skilmálum leyfisins.

b) Leyfi flugrekanda heldur gildi sínu að því tilskildu:

1) að flugrekandinn fullnægi áfram viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í ORO.GEN.150,

2) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að flugrekandanum, eins og skilgreint er í ORO.GEN.140, til að ákvarða hvort enn sé farið að viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og

3) að leyfið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

c) Þegar leyfið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.“

u) Í stað b-liðar ORO.MLR.100 komi eftirfarandi:

„b) Innihald rekstrarhandbókarinnar skal endurspegla kröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðauka, IV. viðauka (CAT-hluta), V. viðauka (SPA-hluta), VI. viðauka (NCC-hluta) og VIII. viðauka (SPO-hluta), eftir því sem við á, og skal ekki brjóta í bága við skilyrðin, sem sett eru fram í rekstrarforskriftum flugrekandaskírteinisins, SPO-leyfinu eða í yfirlýsingunni og skránni yfir sérstök samþykki, eftir því sem við á.“

v) Eftirfarandi liður g1 bætist við í ORO.MLR.100:

„g1. Handhafar SPO-leyfis skulu fá fyrirframsamþykki vegna allra breytinga, sem varða viðurkenndar staðlaðar verklagsreglur, áður en breytingarnar taka gildi.“

w) Í h-lið ORO.MLR.100 er orðunum „og liðar g1“ bætt við á eftir „þrátt fyrir ákvæði g-liðar“.

x) Í stað fyrstu setningar ORO.MLR.101 kemur eftirfarandi:

„Að undanskilinni starfrækslu eins hreyfils flugvélar, sem er knúin skrúfuhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta fyrir 5 eða einfaldra eins hreyfils þyrlna, með hámarksfjölda farþegasæta fyrir 5, sem taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði við sjónflugsskilyrði að degi til, og starfrækslu svifflugna og loftbelgja, skal meginefnisskipan rekstrarhandbókarinnar vera þessi:“

y) Í stað a-liðar ORO.MLR.115 komi eftirfarandi:

„a) Eftirfarandi skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár:

1) fyrir flugrekendur í flutningaflugi: skrár yfir starfsemina, sem um getur í ORO.GEN.200,

2) fyrir flugrekendur, sem hafa gefið yfirlýsingu: eintak af yfirlýsingu flugrekandans, upplýsingar um samþykki sem honum hafa verið veitt og rekstrarhandbókin,

3) fyrir handhafa SPO-leyfis: til viðbótar við gögnin í 2. lið a-liðar, gögn um áhættumat, sem framkvæmt hefur verið í samræmi við SPO.OP.230, og tilheyrandi staðlaðar verklagsreglur.“

z) Í 4. lið b-liðar ORO.MLR.115 bætast við orðin „ef við á,“ á eftir „hættulegan varning“.

aa) Í stað fyrirsagnar ORO.SEC.100.A komi eftirfarandi:

„ORO.SEC.100 Flugvernd í stjórnklefa — flugvélar“.

ab) Í stað fyrirsagnar ORO.SEC.100.H komi eftirfarandi:

„ORO.SEC.105 Flugvernd í stjórnklefa — þyrlur“.

ac) Í stað ORO.FC.005 komi eftirfarandi:

„ORO.FC.005 Gildissvið

Í þessum kafla eru ákvarðaðar kröfur, sem flugrekandi þarf að uppfylla varðandi þjálfun, reynslu og starfsréttindi flugliða, og samanstendur af:

a) 1. ÞÆTTI þar sem tilgreindar eru sameiginlegar kröfur, sem gilda bæði um starfrækslu flókinna, vélknúinna loftara, sem er ekki í ábataskyni, og um alla starfrækslu í ábataskyni,

b) 2. ÞÆTTI þar sem tilgreindar eru viðbótarkröfur sem gilda um flutningaflug, að undanskilinni:

1) starfrækslu svifflugna og loftbelgja í flutningaflugi eða

2) starfrækslu flutningaflugs með farþega, sem fer fram við sjónflugsskilyrði að degi til, sem hefst og lýkur á sama flugvelli eða starfrækslusvæði og innan staðbundins svæðis sem lögbært yfirvald tilgreinir, að því er varðar:

— eins hreyfils flugvél, sem er knúin skrúfuhreyflum, með 5 700 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minna og hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 5 eða

— einfaldar, vélknúnar þyrlur, með hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 5.

c) 3. ÞÆTTI þar sem tilgreindar eru viðbótarkröfur sem gilda um sérstaka starfrækslu í ábataskyni og um starfrækslu sem um getur í 1. og 2. lið b-liðar.“

ad) Í ORO.FC.105:

i. í lok fyrstu setningar c-liðar bætast við orðin „ef um er að ræða starfrækslu flugvéla og þyrlna í ábataskyni.“,

ii. í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) Ákvæði c-liðar gilda ekki ef um er að ræða:

1) flugvélar í afkastagetuflokki B, sem notaðar eru í flutningaflugi við sjónflugsskilyrði að degi til, og

2) starfrækslu flutningaflugs með farþega, sem fer fram við sjónflugsskilyrði að degi til, sem hefst og lýkur á sama flugvelli eða starfrækslusvæði eða innan staðbundins svæðis, sem lögbært yfirvald tilgreinir, að því er varðar aðrar þyrlur en flóknar eins hreyfils vélknúnar þyrlur með hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir 5.“

ae) Í stað c-liðar ORO.FC.145 komi eftirfarandi:

„c) Ef um er að ræða flutningaflug skal lögbært yfirvald samþykkja áætlanir um þjálfun og próf, þ.m.t. námskrár og notkun á einstökum flughermisþjálfum.“

af) Á eftir ORO.FC.H.250 bætist eftirfarandi ÞÁTTUR við:

„3. ÞÁTTUR

Viðbótarkröfur um sérstaka starfrækslu í ábataskyni og flutningaflugið, sem um getur í 1. og 2. lið b-liðar ORO.FC.005

ORO.FC.330 Reglubundin þjálfun og próf — hæfnipróf flugrekanda

a) Sérhver flugliði skal ljúka hæfniprófi flugrekanda til að sýna kunnáttu sína í verklagi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og við neyðaraðstæður sem ná yfir viðeigandi þætti sem tengjast sérhæfðum verkefnum sem lýst er í rekstrarhandbók.

b) Taka skal viðeigandi tillit til rekstrarskilyrða þegar starfræksla fer fram í samræmi við blindflugsreglur eða að nóttu til.

c) Hæfnipróf flugrekanda skal gilda í 12 almanaksmánuði. Gildistíminn skal teljast frá lokum þess mánaðar þegar prófið var tekið. Þegar hæfnipróf flugrekanda fer fram á næstliðnum þremur mánuðum áður en gildistíminn rennur út skal nýi gildistíminn talinn frá þeim degi sem upprunalegi gildistíminn rennur út.“

ag) Í annarri setningu a-liðar ORO.CC.100 er kommu og orðunum „nema þegar um er að ræða loftbelgi“ bætt við aftast.

ah) Í stað I. viðbætis komi eftirfarandi:

„I. viðbætir

YFIRLÝSING í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um flugrekstur
Flugrekandi Heiti: Staðurinn þar sem flugrekandi hefur staðfestu eða búsetu og staðurinn þaðan sem rekstrinum er stjórnað: Nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns:
Fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 Nafn og heimilisfang fyrirtækisins og tilvísunarnúmer samþykkis (sbr. EASA-eyðublað nr. 14)
Starfræksla loftfara
Upphafsdagur starfrækslu/gildistökudagur breytingar:
Tegund eða tegundir starfrækslu: □ NCC-hluti: (tilgreinið hvort um sé að ræða farþega og/eða farm) □ SPO-hluti: (tilgreinið tegund starfsemi)
Tegund eða tegundir loftfara, skráning eða skráningar þeirra og höfuðstöðvar
Upplýsingar um samþykki sem hafa verið veitt (ef við á skal skrá yfir sérstök samþykki fylgja með yfirlýsingunni)
Upplýsingar um leyfi til sérstakrar starfrækslu (leyfin skulu fylgja með, ef við á)
Skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur með tilvísanir til þeirra viðurkenndu aðferða sem þær koma í staðinn fyrir (hún skal fylgja með yfirlýsingunni)
Stakar yfirlýsingar
□ Gögn stjórnunarkerfis, þ.m.t. rekstrarhandbókin, endurspegla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í ORO-hluta, NCC-hluta, SPO-hluta og SPA-hluta. Allt flug mun fara fram í samræmi við verklagsreglur og leiðbeiningar sem tilgreindar eru í rekstrarhandbókinni.
□ Öll loftför, sem starfrækt eru, hafa gilt lofthæfivottorð og fara að kröfum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.
□ Allir flugliðar og öryggis- og þjónustuliðar, eftir því sem við á, hafa hlotið þjálfun í samræmi við viðeigandi kröfur.
□ (ef við á) Flugrekandi hefur komið í framkvæmd staðli, sem er opinberlega viðurkenndur innan iðnaðarins, og sýnt fram á að hann fari að þessum staðli. Tilvísun í staðalinn: Vottunaraðili: Dagsetning síðustu úttektar á samræmi:
□ Allar breytingar á starfrækslunni, sem hafa áhrif á upplýsingarnar sem koma fram í þessari yfirlýsingu, verða tilkynntar lögbæru yfirvaldi.
□ Flugrekandi staðfestir að upplýsingarnar, sem fram koma í þessari yfirlýsingu, séu réttar.
Dagsetning, nafn og undirskrift ábyrgðarmanns“

4) Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað allra tilvísana í reglugerð (EB) nr. 1702/2003 komi tilvísanir í reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

b) Eftirfarandi CAT.GEN.105 bætist við:

„CAT.GEN.105 Ferðavélsvifflugur, vélsvifflugur og hita-/gasloftbelgir

a) Vélsvifflugur, aðrar en ferðavélsvifflugur, skulu starfræktar og útbúnar í samræmi við þær kröfur sem eiga við um svifflugur.

b) Ferðavélsvifflugur skulu starfræktar í samræmi við kröfur um:

1) flugvélar þegar þær eru hreyfilknúnar og

2) svifflugur þegar þær eru starfræktar án hreyfils.

c) Ferðavélsvifflugur skulu útbúnar í samræmi við þær kröfur sem eiga við um flugvélar nema annað sé tilgreint í CAT.IDE.A.

d) Hita-/gasloftbelgir skulu starfræktir í samræmi við kröfurnar um hitaloftbelgi.“

c) Í stað 5. og 6. liðar í a-lið CAT.GEN.MPA.180 komi eftirfarandi:

„5) staðfest eintak af flugrekandaskírteini, þ.m.t. ensk þýðing ef flugrekandaskírteinið er gefið út á öðru tungumáli,

6) rekstrarforskriftir, sem varða tegund loftfars og gefnar eru út með flugrekandaskírteini, þ.m.t. ensk þýðing þegar forskriftirnar eru gefnar út á öðru tungumáli,“.

d) Í A-KAFLA — ALMENNAR KRÖFUR bætist eftirfarandi ÞÁTTUR við:

„2. ÞÁTTUR

Loftför sem eru ekki vélknúin

CAT.GEN.NMPA.100 Ábyrgð flugstjóra

a) Flugstjóri skal:

1. vera ábyrgur fyrir öryggi allra flugverja og farþega um borð frá því að hann kemur um borð og þar til að hann fer frá borði loftfarsins við lok flugs,

2. vera ábyrgur fyrir starfrækslu og öryggi loftfars:

i. að því er varðar loftbelgi: frá því að belgurinn er blásinn upp og þar til hann er tæmdur, nema flugstjórinn hafi falið öðrum hæfum einstaklingi ábyrgðina á meðan hann er blásinn upp og þar til flugstjórinn kemur, eins og tilgreint er í rekstrarhandbókinni,

ii. að því er varðar svifflugur: frá því að ferlið við að koma henni á loft hefst og þar til hún stöðvast að loknu flugi,

3. hafa vald til að gefa allar skipanir eða grípa til allra viðeigandi aðgerða í því skyni að vernda öryggi loftfarsins og einstaklinga og/eða eigna sem þar eru um borð, í samræmi við lið 7.c í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008,

4. hafa vald til þess að hleypa ekki um borð og vísa frá borði fólki, sem gæti stofnað öryggi loftfarsins eða þeirra sem í því eru í hættu,

5. ekki leyfa að fólk, sem virðist vera undir svo miklum áhrifum áfengis eða lyfja að það geti stofnað öryggi loftfarsins eða þeirra sem í því eru í hættu, sé flutt með loftfarinu,

6. tryggja að allir farþegar hafi fengið öryggisleiðbeiningar,

7. sjá til þess að öllum verklagsreglum og gátlistum sé fylgt samkvæmt rekstrarhandbók,

8. tryggja að fyrirflugsskoðun hafi farið fram í samræmi við kröfur I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003,

9. vera fullviss um að viðeigandi neyðarbúnaður sé ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust,

10. fara að viðeigandi kröfum um tilkynningarkerfi flugrekanda um atvik,

11. fara að öllum fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma sem gilda um starfsemi hans,

12. þegar hann tekur að sér skyldustörf fyrir fleiri en einn flugrekanda:

    i. viðhalda skýrslum sínum er varða far-, vinnu- og hvíldartíma, eins og um getur í viðeigandi reglum um fartíma og vinnutíma, og

    ii. veita sérhverjum flugrekanda þær upplýsingar sem þarf til að áætla starfsemi í samræmi við viðeigandi kröfur um fartíma og vinnutíma.

b) Flugstjórinn skal ekki gegna skyldustörfum um borð í loftfari:

1. ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna,

2. fyrr en hæfilegur tími hefur liðið frá djúpköfun eða blóðgjöf,

3. ef viðeigandi heilbrigðiskröfur eru ekki uppfylltar,

4. ef hann er í einhverjum vafa um að geta sinnt þeim skyldustörfum sem honum eru falin eða

5. ef hann grunar að hann sé haldinn þreytu, eins og um getur í lið 7.f í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, eða finnst hann vera ófær til vinnu, að því marki að hann geti stofnað flugi í hættu.

c) Í neyðartilviki þar sem nauðsynlegt er að ákvarðanir séu teknar og brugðist við í skyndingu skal flugstjórinn gera allt sem hann telur rétt að gera miðað við aðstæður í samræmi við lið 7.d í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Í slíkum tilvikum er flugstjóra heimilt í öryggisskyni að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuaðferðum.

d) Flugstjóri loftbelgs skal:

1. bera ábyrgð á fyrirflugskynningu til þeirra einstaklinga sem aðstoða við að blása upp og tæma belginn,

2. tryggja að enginn reyki um borð í loftbelgnum eða nálægt honum og

3. tryggja að einstaklingar, sem aðstoða við að blása upp og tæma belginn, klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði.

CAT.GEN.NMPA.105 Viðbótarflugverji á loftbelg

a) Ef loftbelgur tekur fleiri en 19 farþega skal vera a.m.k. einn viðbótarflugverji um borð, sem hefur viðeigandi reynslu og þjálfun til að aðstoða farþega ef neyðarástand skapast.

b) Viðbótarflugverji skal ekki gegna skyldustörfum um borð í loftbelg:

1. ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis,

2. ef hann er ófær til vinnu sökum meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra svipaðra ástæðna eða

3. fyrr en hæfilegur tími hefur liðið frá djúpköfun eða blóðgjöf.

CAT.GEN.NMPA.110 Valdsvið flugstjóra

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að sjá til þess að allir, sem í loftfarinu eru, hlýði lögmætum fyrirskipunum flugstjórans sem miða að því að tryggja öryggi loftfarsins og fólks eða eigna um borð.

CAT.GEN.NMPA.115 Sameiginlegt tungumál

Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugverjar geti tjáð sig hver við annan á sameiginlegu tungumáli.

CAT.GEN.NMPA.120 Handrafeindatæki

Flugrekandi skal ekki heimila neinum um borð í flugvélinni að nota handrafeindatæki, sem gætu haft truflandi áhrif á nothæfi kerfa og búnaðar loftfarsins, og skal hann gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að þau séu ekki notuð.

CAT.GEN.NMPA.125 Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð

Flugrekandi skal sjá til þess að skrár með upplýsingum um neyðar- og björgunarbúnað um borð séu ávallt tiltækar í öllum loftförum sínum svo unnt sé að koma þeim samstundis til björgunarmiðstöðva.

CAT.GEN.NMPA.130 Áfengi og lyf

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að enginn fari inn í eða sé í loftfari undir áhrifum áfengis eða lyfja, að því marki að það stofni öryggi loftfarsins eða þeirra sem í því eru í hættu.

CAT.GEN.NMPA.135 Öryggi stofnað í hættu

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn aðhafist eða láti vera að aðhafast, af gáleysi eða kæruleysi, neitt það sem:

a) stofnar loftfari eða einstaklingum um borð í því eða á jörðu niðri í hættu eða

b) veldur því eða heimilar að loftfar stofni fólki eða eignum í hættu.

CAT.GEN.NMPA.140 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem skulu vera um borð

a) Eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í loftfari í hverri flugferð, frumrit eða afrit, nema annað sé tekið fram:

1. flughandbók (AFM) eða jafngild skjöl,
2. upprunalegt skráningarskírteini,
3. upprunalegt lofthæfivottorð,
4. hljóðstigsvottorðið, ef við á,
5. afrit af flugrekandaskírteini,
6. rekstrarforskriftir sem varða tegund loftfars og gefnar eru út með flugrekandaskírteini, ef við á,
7. talstöðvarskírteini loftfarsins, ef við á,
8. ábyrgðartryggingarskírteini loftfarsins,
9. leiðarflugbók loftfarsins eða jafngildi hennar,
10. tækniflugbók loftfars, í samræmi við I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003, ef við á,
11. listinn yfir lágmarksbúnað (MEL) eða listinn yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug (CDL), ef við á,
12. nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS), ef við á,
13. gild og hentug flugkort fyrir fyrirhugaða flugleið og allar þær flugleiðir sem ætla má að hugsanlega yrðu farnar ef víkja þyrfti af upphaflegri flugleið,
14. upplýsingar um þær verklagsreglur og þau sjónmerki sem eineltisloftför og einelt loftför notast við,
15. upplýsingar er varða leitar- og björgunarsveitir fyrir svæðið sem fyrirhugað er að fljúga yfir,
16. viðeigandi tilkynningar til flugmanna (NOTAM) og upplýsingar frá upplýsingaþjónustu flugmála til flugmanna,
17. viðeigandi veðurupplýsingar,
18. farþegaskrá, ef við á,
19. að því er varðar svifflugur: massi og jafnvægisskrá og að því er varðar loftbelgi: massaskrá,
20. leiðarflugáætlun, ef við á, og
21. öll önnur gögn sem geta skipt máli fyrir flugið eða sem ríki, sem eiga hlut að máli í viðkomandi flugi, kunna að krefjast.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar má geyma skjölin, handbækurnar og upplýsingarnar, sem þar eru tilgreindar, í fylgibifreiðinni eða halda þeim eftir á flugvelli eða starfrækslusvæði, ef um er að ræða flug þar sem fyrirhugað er:

1. að taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði eða

2. að halda sig innan staðbundins svæðis sem tilgreint er í rekstrarhandbókinni.

CAT.GEN.NMPA.145 Framlagning skjala og skráa

Flugstjórinn skal leggja skjölin, sem skylt er að hafa um borð, fyrir þann sem óskar þess í umboði yfirvalda, innan hæfilegs frests frá því farið er fram á það.

CAT.GEN.NMPA.150 Flutningur á hættulegum varningi

a) Flutningur á hættulegum varningi er ekki heimilaður nema þegar:

1. hann fellur ekki undir Tæknileg fyrirmæli um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9284-AN/905), í samræmi við 1. hluta þeirra fyrirmæla, eða

2. farþegar eða flugverjar flytji hann eða hann sé í farangri í samræmi við 8. hluta Tæknilegu fyrirmælanna.

b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að gripið sé til allra réttmætra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hættulegur varningur sé hafður meðferðis um borð af slysni.

c) Flugrekandi skal veita starfsfólki nauðsynlegar upplýsingar, sem gera þeim kleift að sinna ábyrgðarstörfum sínum.“

e) Eftirfarandi liður a1 bætist við í CAT.OP.MPA.151:

„a1) Þrátt fyrir ákvæði b- til d-liðar í CAT.OP.MPA.150 skal flugrekandi tilgreina lágmarksneyðareldsneyti í rekstrarhandbókinni vegna starfrækslu ELA2-flugvéla þar sem tekið er á loft og lent á sama flugvelli eða starfrækslusvæði við sjónflugsskilyrði að degi til. Lágmarksneyðareldsneyti skal ekki vera minna en það magn sem þarf til að fljúga í 45 mínútur.“

f) Í B-KAFLA — VERKLAGSREGLUR Í FLUGI bætist eftirfarandi ÞÁTTUR við:

„2. ÞÁTTUR

Loftför sem eru ekki vélknúin

CAT.OP.NMPA.100 Notkun flugvalla og starfrækslusvæða

Flugrekandi skal einungis nota flugvelli og starfrækslusvæði sem eru viðunandi fyrir viðkomandi tegund eða tegundir loftfara og starfrækslu.

CAT.OP.NMPA.105 Verklagsreglur um hávaðamildun — loftbelgir og vélsviffflugur

Flugstjórinn skal taka tillit til áhrifa hávaða af völdum loftfara en tryggja jafnframt að öryggi hafi forgang umfram hávaðamildun.

CAT.OP.NMPA.110 Eldsneytis- eða kjölfestubirgðir og áætlanagerð — loftbelgir

a) Flugrekandinn skal tryggja að eldsneyti eða kjölfesta um borð sé fullnægjandi fyrir fyrirhugaða flugferð, að viðbættum varabirgðum sem duga til 30 mínútna flugs.

b) Byggja skal útreikninga á eldsneytis- eða kjölfestubirgðum á a.m.k. eftirfarandi starfrækskluskilyrðum sem framkvæma á flugið við:

1. gögnum frá framleiðanda loftbelgsins,

2. áætluðum massa,

3. veðurútliti og

4. verklagsreglum flugleiðsöguþjónustu og takmörkunum.

c) Útreikningarnir skulu skráðir í leiðarflugáætlun.

CAT.OP.NMPA.115 Flutningur á sérstökum flokkum farþega (SCP)

Einstaklingar, sem þarfnast sérstakra aðstæðna, aðstoðar og/eða búnaðar þegar þeir ferðast með flugi, skulu teljast til sérstakra flokka farþega og skulu þeir ferðast við aðstæður sem tryggja öryggi loftfarsins og farþega þess, samkvæmt verklagsreglum sem flugrekandi setur.

CAT.OP.NMPA.120 Upplýsingar til farþega

Flugrekandi skal sjá til þess að farþegar fái öryggisleiðbeiningar fyrir flug eða, ef það á við, meðan á flugi stendur.

CAT.OP.NMPA.125 Undirbúningur flugs

Áður en flugstjóri hefur flug skal hann:

a) ganga úr skugga um, með öllum eðlilegum og tiltækum ráðum, að aðstaða á jörðu, þ.m.t. fjarskiptastöðvar og flugleiðsögutæki, sem til staðar eru og sem beinlínis eru nauðsynleg fyrir örugga starfrækslu loftfarsins í svona flugi, sé fullnægjandi fyrir viðkomandi tegund flugs og

b) hafa kynnt sér allar fyrirliggjandi veðurupplýsingar sem varða fyrirhugað flug. Undirbúningur fyrir flug til staðar fjarri brottfararstað skal fela í sér:

1. athugun á nýjustu, fyrirliggjandi veðurlýsingum og veðurspám og

2. undirbúning varaáætlunar til að grípa til ef ekki er hægt að ljúka flugi eins og áætlað var vegna veðurskilyrða.

CAT.OP.NMPA.130 Afhending flugáætlunar til flugumferðarþjónustu

a) Ef flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu er ekki lögð fram vegna þess að í flugreglum er ekki gerð krafa um það, skal leggja fram nægilegar upplýsingar til að unnt sé að virkja viðbúnaðarþjónustu, ef þörf krefur.

b) Þegar flogið er frá stað þar sem ógerlegt er að leggja fram flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu skal flugstjóri eða flugrekandi senda hana eins fljótt og auðið er eftir flugtak.

CAT.OP.NMPA.135 Öryggi í farþegarými og stjórnklefa - loftbelgir

Flugstjóri skal sjá til þess að fyrir flugtak og lendingu og þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni:

a) sé allur búnaður og farangur tryggilega festur og

b) sé neyðarrýming enn möguleg.

CAT.OP.NMPA.140 Reykingar um borð

Reykingar eru bannaðar um borð í svifflugu eða loftbelg.

CAT.OP.NMPA.145 Veðurskilyrði

Flugstjóri skal einungis leggja upp í sjónflug eða halda fluginu áfram ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að veðurskilyrði á flugleið og fyrirhuguðum ákvörðunarstað á áætluðum tíma notkunar verði jafngóð eða betri en tilgreind sjónflugslágmörk.

CAT.OP.NMPA.150 Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á jörðu niðri

Flugstjórinn skal aðeins hefja flugtak ef loftfarið er laust við öll aðskotaefni sem gætu haft slæm áhrif á eða dregið úr afkastagetu eða stjórnhæfi loftfarsins nema innan þeirra marka sem tilgreind eru samkvæmt flughandbókinni.

CAT.OP.NMPA.155 Flugtaksskilyrði

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni veðrið á starfrækslusvæði eða flugvelli ekki draga úr öryggi í flugtaki og brottflugi.

CAT.OP.NMPA.160 Hermt eftir óeðlilegum aðstæðum á flugi

Flugstjóri skal tryggja að þegar verið er að flytja farþega sé ekki hermt eftir óeðlilegu ástandi eða neyðarástandi, sem krefst þess að notast sé við verklagsreglur fyrir óeðlilegt ástand eða neyðarástand.

CAT.OP.NMPA.165 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar og kjölfestu á flugi — loftbelgir

Flugstjórinn skal með reglulegu millibili staðfesta að nýtanlegt eldsneyti og kjölfesta, sem eftir er á flugi, sé ekki minna en það eldsneyti og kjölfesta sem þarf til að komast á leiðarenda og varabirgðirnar sem ætlaðar eru til lendingar.

CAT.OP.NMPA.170 Notkun viðbótarsúrefnis

Flugstjóri skal sjá til þess að flugliðar, sem sinna skyldustörfum sem lúta að öruggri starfrækslu loftfarsins í flugi, noti ávallt viðbótarsúrefni þegar málþrýstingshæð samsvarar meira en 10 000 feta hæð lengur en í 30 mínútur og ávallt þegar hún samsvarar meira en 13 000 fetum.

CAT.OP.NMPA.175 Aðflugs- og lendingarskilyrði

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu eða ástand yfirborðsins, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi og lendingu.

CAT.OP.NMPA.180 Starfrækslutakmarkanir — hitaloftbelgir

a) Hitaloftbelgir mega ekki lenda að nóttu til nema þegar um er að ræða neyðarástand.

b) Hitaloftbelgir mega hefja flugtak að nóttu til, að því tilskildu að þeir beri nægilegt eldsneyti til lendingar að degi til.

CAT.OP.NMPA.185 Starfrækslutakmarkanir — svifflugur

Aðeins má starfrækja svifflugur að degi til.“

g) Í 4. lið b-liðar CAT.POL.A.240 kemur „ORO.FC“ í stað „ORO.OPS“.

h) Eftirfarandi e-liður bætist við í CAT.POL.A.310:

„e) Kröfurnar í a-lið (3., 4. og 5. liður), b-lið (2. liður), c-lið (2. liður) eiga ekki við um sjónflug að degi til.“

i) Í b-lið CAT.POL.A.405 kemur tilvísun í „b- eða c-lið í CAT.POL.A.400“ í stað tilvísunar í „b- eða c-lið í CAT.POL.A.405“.

j) Í C-KAFLA — TAKMARKANIR Á AFKASTAGETU OG STARFRÆKSLUMÖRKUM LOFTFARA bætast eftirfarandi 4. og 5. ÞÁTTUR við:

„4. ÞÁTTUR

Svifflugur

CAT.POL.S.100 Starfrækslumörk

a) Á öllum stigum flugs skal hleðsla, massi og þyngdarmiðja sviffflugunnar jafnan vera í samræmi við allar takmarkanir, sem tilgreindar eru í flughandbókinni, eða rekstrarhandbókinni ef hún er meira takmarkandi.

b) Upplýsingaspjöld, skrár, merkingar á mælitækjum eða sambland þessara hluta, þar sem fram koma þau starfrækslumörk sem mælt er fyrir um í flughandbókinni, skulu vera sýnileg í sviffflugunni.

CAT.POL.S.105 Vigtun

a) Flugrekandinn skal ganga úr skugga um að búið sé að ákvarða massa og þyngdarmiðju sviffflugunnar með því að vigta hana áður en hún er tekin fyrst í notkun. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar flugstjóranum. Endurvigta skal sviffflugu ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa og jafnvægi.

b) Framleiðandi sviffflugunnar skal annast vigtun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2042/20043, eftir því sem við á.

CAT.POL.S.110 Afkastageta

Flugstjórinn skal aðeins starfrækja sviffluguna ef afkastageta sviffflugunnar uppfyllir gildandi flugreglur og aðrar takmarkanir, sem eiga við um flugið, loftrýmið eða flugvellina eða starfrækslusvæðin, sem notast er við, að teknu tilliti til nákvæmni í gerð korta og landabréfa sem notast er við.

5. ÞÁTTUR

Loftbelgir

CAT.POL.B.100 Starfrækslumörk

a) Á öllum stigum flugs skal hleðsla og massi loftbelgsins jafnan vera í samræmi við þær takmarkanir sem tilgreindar eru í flughandbókinni eða rekstrarhandbókinni ef hún er meira takmarkandi.

b) Upplýsingaspjöld, skrár, merkingar á mælitækjum eða sambland þessara hluta, þar sem fram koma þau starfrækslumörk sem mælt er fyrir um í flughandbókinni, skulu vera sýnileg í loftbelgnum.

CAT.POL.B.105 Vigtun

a) Flugrekandi skal tryggja að búið sé að ákvarða massa loftbelgsins með því að vigta hann áður en hann er tekinn í notkun í fyrsta sinn. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og skrásetja á tilskilinn hátt. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar flugstjóranum. Endurvigta skal loftbelginn ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa.

b) Framleiðandi loftbelgsins skal annast vigtun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2042/20043, eftir því sem við á.

CAT.POL.B.110 Kerfi til að ákvarða massa

a) Flugrekandi loftbelgs skal koma á kerfi þar sem tilgreint er hvernig eftirfarandi þættir eru ákvarðaðir af nákvæmni fyrir hvert flug til þess að gera flugstjóranum kleift að staðfesta að farið sé að takmörkunum sem tilgreindar eru í flughandbókinni:

1. tómamassi loftbelgs,

2. massi flutningshleðslu,

3. massi eldsneytis og kjölfestu,

4. flugtaksmassi,

5. að loftbelgur sé hlaðinn undir umsjón flugstjóra eða hæfs starfsfólks,

6. undirbúningur og framsetning allra gagna.

b) Flugstjórinn skal geta afritað útreikning á massa á grundvelli rafrænna útreikninga.

c) Massaskráin skal gerð fyrir hvert flug og skráð í leiðarflugáætlun.


CAT.POL.B.115 Afkastageta

Flugstjórinn skal aðeins starfrækja loftbelginn ef afkastageta loftbelgsins uppfyllir gildandi flugreglur og aðrar takmarkanir, sem eiga við um flugið, loftrýmið eða flugvellina eða starfrækslusvæðin sem notast er við, að teknu tilliti til nákvæmni í gerð korta og landabréfa sem notast er við.“

k) Í c-lið CAT.IDE.A.100 og í c-lið CAT.IDE.H.100 komi „skal hann geta“ í stað „verður hann að geta“ og í d-lið CAT.IDE.A.215 komi „skuli“ í stað „verði“.

l) Í CAT.IDE.A.260 komi eftirfarandi mynd í stað myndar 1:

Mynd 1



m) Eftirfarandi 3. og 4. ÞÁTTUR bætast við í D-KAFLA — MÆLITÆKI, GÖGN OG BÚNAÐUR:

„3. ÞÁTTUR

Sviffugur

CAT.IDE.S.100 Mælitæki og búnaður — almennt

a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 ef þau eru:

1. notuð af flugliðum til að stjórna flugslóð,

2. notuð til að uppfylla kröfur CAT.IDE.S.140,

3. notuð til að uppfylla kröfur CAT.IDE.S.145 eða

4. uppsett í sviffflugunni.

b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði, ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1. vasaljósum,

2. nákvæmum klukkum og

3. búnaði til að lifa af og merkjabúnaði.

c) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt öðrum viðaukum en þó hafður með í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi:

1. upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum eða búnaði, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, og

2. mælitæki og búnaður skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi sviffflugunnar, jafnvel þótt um sé að ræða bilun eða ólag.

d) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá vinnureit þess flugliða sem þarf að nota þau.

e) Greiður aðgangur skal vera að öllum nauðsynlegum neyðarbúnaði til tafarlausrar notkunar.

CAT.IDE.S.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum sviffflugunnar, búnaðar hennar eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi eða vantar, nema sviffflugan sé starfrækt samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL).

CAT.IDE.S.110 Flug samkvæmt sjónflugsreglum — flugmælar og flugleiðsögutæki

a) Sviffflugur, sem starfræktar eru í sjónflugi að degi til, skulu hafa búnað til að mæla og sýna:

1. hvað varðar vélsviffflugur: segulstefnu,

2. tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

3. málþrýstingshæð og

4. sýndan flughraða.

b) Sviffflugur, sem fljúga við skilyrði þar sem æskilegu horfi sviffflugunnar verður ekki viðhaldið án þess að notast við eitt eða fleiri viðbótartæki, skulu, til viðbótar við a-lið, hafa búnað til að mæla og sýna:

1. stig- og fallhraða,

2. horf loftfars eða beygju og halla og

3. segulstefnu.

CAT.IDE.S.115 Flug í skýjum — flugmælar og flugleiðsögutæki

Sviffflugur, sem fljúga í skýjum, skulu hafa búnað til að mæla og sýna:

a) segulstefnu,

b) tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

c) málþrýstingshæð,

d) sýndan flughraða,

e) stig- og fallhraða og

f) horf loftfars eða beygju og halla.

CAT.IDE.S.120 Sæti og aðhaldsbúnaður

a) Svifflugur skulu búnar eftirfarandi:

1. sæti fyrir sérhvern einstakling um borð og

2. sætisbelti með festibúnað fyrir efri hluta bols í hverju sæti, samkvæmt flughandbók.

b) Sætisbelti með festibúnað fyrir efri hluta bols skal vera hægt að losa með einu átaki.

CAT.IDE.S.125 Viðbótarsúrefni

Svifflugur, sem starfræktar eru í málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet, skulu hafa búnað sem getur geymt og gefið súrefni og sem inniheldur nægilegt súrefni til öndunar til að:

a) sjá flugverjum fyrir súrefni, þegar málþrýstingshæð er á bilinu 10 000–13 000 fet, lengur en í 30 mínútur og

b) sjá öllum flugverjum og farþegum fyrir súrefni í þann tíma sem málþrýstingshæð er meiri en 13 000 fet.

CAT.IDE.S.130 Flug yfir vatni

Flugstjóri svifflugu, sem flogið er yfir hafi eða vatni, skal meta áhættuna sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í svifflugunni lifi af nauðlendingu á vatni, og út frá því skal hann ákvarða hvort svifflugan skuli búin:

a) björgunarvestum fyrir hvern einstakling um borð, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir hvern einstakling um borð, sem skal klæðast eða geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast þau úr sæti þess sem þau eru ætluð fyrir,

b) neyðarsendi (ELT) eða neyðarsendi fyrir einstaklinga (PLB), sem flugverji eða farþegi hefur á sér, sem geta sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni, og

c) búnaði til að senda frá sér neyðarmerki þegar flogið er:

1. yfir hafi eða vatni, fjær landi en svo að ná megi til lands í renniflugi eða

2. þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur þannig yfir vatni að flugvélin geti þurft að nauðlenda á vatni ef óhapp verður.

CAT.IDE.S.135 Búnaður til að lifa af

Svifflugur, sem flogið er yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, skulu búnar þeim merkja- og björgunarbúnaði sem er viðeigandi fyrir það svæði sem flogið er yfir.

CAT.IDE.S.140 Fjarskiptabúnaður

a) Þegar þess er krafist í því loftrými sem flogið er í skulu svifflugur búnar fjarskiptabúnaði til gagnkvæmra fjarskipta við þær flugfjarskiptastöðvar eða á þeirri tíðni sem þarf til að uppfylla loftrýmiskröfur.

b) Fjarskiptabúnaðinn, ef hans er krafist í a-lið, skal vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins, 121,5 MHz.

CAT.IDE.S.145 Leiðsögutæki

Svifflugur skulu búnar leiðsögutækjum, sem eru nauðsynleg til að þær geti flogið í samræmi við:

a) flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, ef við á, og

b) viðeigandi loftrýmiskröfur.

CAT.IDE.S.150 Ratsjársvari

Þegar þess er krafist í því loftrými sem flogið er í skulu svifflugur búnar ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er.

4. ÞÁTTUR

Loftbelgir

CAT.IDE.B.100 Mælitæki og búnaður — almenn ákvæði

a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 748/2012, ef þau eru:

1. notuð af flugliðum til að ákvarða flugslóð,

2. notuð til að uppfylla kröfur CAT.IDE.B.155 eða

3. uppsett í loftbelgnum.

b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði, ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1. vasaljósum,

2. nákvæmri klukku,

3. sjúkrakassa,

4. búnaði til að lifa af og merkjabúnaði,

5. öðrum kveikjugjafa,

6. eldvarnarteppi eða brunaþolinni ábreiðu,

7. falllínu og

8. hníf.

c) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt öðrum viðaukum en þó hafður með í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi:

1. upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum eða búnaði, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og

2. mælitæki og búnaður skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi loftbelgsins, jafnvel þótt um sé að ræða bilun eða ólag.

d) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá vinnureit þess flugliða sem þarf að nota þau.

e) Greiður aðgangur skal vera að öllum nauðsynlegum neyðarbúnaði til tafarlausrar notkunar.

CAT.IDE.B.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum loftbelgsins, búnaður hans eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi eða vantar, nema loftbelgurinn sé starfræktur í samræmi við listann yfir lágmarksbúnað (MEL).

CAT.IDE.B.110 Vinnuljós

Loftbelgir, sem starfræktir eru að nóttu til, skulu búnir:

a) blikljósum,

b) tæki til að gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað, sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu loftbelgsins, og

c) vasaljósum.

CAT.IDE.B.115 Flug samkvæmt sjónflugsreglum — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Loftbelgir, sem starfræktir eru samkvæmt sjónflugsreglum, skulu hafa:

a) búnað sem sýnir rekstefnu og

b) búnað sem mælir og sýnir:

1. tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

2. stig- og fallhraða, ef þess er krafist í flughandbókinni,

3. málþrýstingshæð, ef þess er krafist í flughandbókinni eða í loftrýmiskröfum eða þegar stjórna þarf horfi loftfars í tengslum við notkun súrefnis, og

4. að gasloftbelgjum undanskildum: þrýsting í hverri leiðslu fyrir brennslugas.

CAT.IDE.B.120 Festibúnaður

Loftbelgir, sem hafa sérrými fyrir flugstjórann, skulu hafa festibúnað fyrir flugstjórann.

CAT.IDE.B.125 Sjúkrakassi

a) Loftbelgir skulu búnir sjúkrakassa.

b) Í fylgibifreiðinni skal vera aukasjúkrakassi.

c) Sjúkrakassi skal:

1. geymdur þar sem auðvelt er að ná til hans og

2. yfirfarinn reglulega svo hann sé ávallt tilbúinn til notkunar.

CAT.IDE.B.130 Viðbótarsúrefni

Loftbelgir, sem starfræktir eru í málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet, skulu hafa búnað, sem getur geymt og gefið súrefni og sem inniheldur nægar súrefnisbirgðir til öndunar, til að:

a) sjá flugverjum fyrir súrefni þegar málþrýstingshæð er á bilinu 10 000–13 000 fet, lengur en í 30 mínútur og

b) sjá öllum flugverjum og farþegum fyrir súrefni í þann tíma sem málþrýstingshæð er meiri en 13 000 fet.

CAT.IDE.B.135 Handslökkvitæki

Loftbelgir skulu búnir a.m.k. einu handslökkvitæki, eins og krafist er í viðeigandi lofthæfireglum.

CAT.IDE.B.140 Flug yfir hafi eða vatni

Flugstjóri á loftbelg, sem flogið er yfir hafi eða vatni, skal meta áhættuna sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í loftbelgnum lifi af nauðlendingu á vatni og út frá því skal hann meta hvort loftbelgurinn skuli búinn:

a) björgunarvestum fyrir hvern einstakling um borð, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir hvern einstakling um borð sem er undir tveggja ára aldri, sem skal klæðast eða geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast þá úr vinnureit þess sem þau eru ætluð fyrir,

b) neyðarsendi (ELT) eða neyðarsendi fyrir einstaklinga (PLB), sem flugverji eða farþegi hefur á sér, sem geta sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni, og

c) búnaði til að senda frá sér neyðarmerki.

CAT.IDE.B.145 Búnaður til að lifa af

Loftbelgir, sem fljúga yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, skulu búnir þeim merkja- og björgunarbúnaði sem er viðeigandi fyrir það svæði sem flogið er yfir.

CAT.IDE.B.150 Ýmiskonar búnaður

a) Loftbelgir skulu búnir hlífðarhönskum fyrir sérhvern flugverja.

b) Hitaloftbelgir skulu búnir:

1. öðrum kveikjugjafa,

2. búnaði sem mælir og sýnir eldsneytismagn,

3. eldvarnarteppi eða brunaþolinni ábreiðu og

4. a.m.k. 25 m langri falllínu (e. *drop line*).

c) Gasloftbelgir skulu búnir:

1. hníf og

2. a.m.k. 20 m langri falllínu úr náttúrulegum trefjum eða efni sem leiðir stöðurafmagn.

CAT.IDE.B.155 Fjarskiptabúnaður

a) Ef þess er krafist í loftrýmiskröfum skulu loftbelgir hafa fjarskiptabúnað á vinnureit flugmanns til gagnkvæmra fjarskipta við þær flugfjarskiptastöðvar eða á þeirri tíðni sem þarf til að uppfylla loftrýmiskröfur.

b) Fjarskiptabúnaðinn, ef hans er krafist í a-lið, skal vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins, 121,5 MHz.

CAT.IDE.B.160 Ratsjársvari

Þegar þess er krafist í loftrýminu, sem flogið er í, skulu loftbelgir búnir ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er.“

5. Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað tilvísana til reglugerðar (EB) nr. 1702/2003 komi tilvísanir til reglugerðar (ESB) nr. 748/2012.

b) Í 1. lið a-liðar SPA.GEN.100 kemur orðið „atvinnuflugi“ í stað „flutningaflugi“.

c) Í stað SPA.DG.100 komi eftirfarandi:

„SPA.DG.100 Flutningur á hættulegum varningi

Flugrekandinn skal aðeins flytja hættulegan varning flugleiðis ef hann hefur samþykki lögbærs yfirvalds til þess, nema kveðið sé á um annað í IV. viðauka (CAT-hluta), VI. viðauka (NCC-hluta), VII. viðauka (NCO-hluta) og VIII. hluta (SPO-hluta).“

6. Í stað b-liðar NCC.POL.125 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 komi eftirfarandi:

„b) Að undanskildum flugvélum, sem eru með skrúfuhverfihreyfla og með hámarksflugtaksmassa sem er 5 700 kg eða minni, skal flugstjórinn tryggja að ef hreyfilbilun á sér stað í flugtaki geti flugvélin:

1. hætt við flugtak og stöðvað innan tiltækrar hemlunarvegalengdar við flugtak eða tiltækrar flugbrautar eða

2. haldið flugtaki áfram og flogið yfir allar hindranir með viðunandi hindranabili þar til flugvélin er í stöðu til að uppfylla kröfur NCC.POL.130.“

7. Ákvæðum VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað tilvísana til reglugerðar (EB) nr. 1702/2003 komi tilvísanir til reglugerðar (ESB) nr. 748/2012.

b) Ákvæðum NCO.GEN.102 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Ferðavélsvifflugur, vélsvifflugur og hita-/gasloftbelgir“

ii. Eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) Hita-/gasloftbelgir skulu starfræktir í samræmi við kröfurnar um hitaloftbelgi.“

c) Eftirfarandi liður NCO.GEN.103 bætist við:

„NCO.GEN.103 Kynnisflug

Kynnisflug, sem um getur í c-lið 5. mgr. í 6. gr. þessarar reglugerðar og sem fer fram í samræmi við þennan viðauka, skal:

a) hefjast og því ljúka á sama flugvelli eða starfrækslusvæði nema um sé að ræða loftbelgi og svifflugur,

b) fara fram samkvæmt sjónflugsreglum að degi til,

c) vera undir umsjón tilnefnds aðila, sem ber ábyrgð á öryggi flugsins, og

d) uppfylla öll önnur skilyrði sem lögbært yfirvald mælir fyrir um.“

d) Í stað NCO.GEN.106 komi eftirfarandi:

„NCO.GEN.106 Ábyrgð og valdsvið flugstjóra — loftbelgir

Flugstjóri loftbelgs skal til viðbótar við ákvæði NCO.GEN.105:

a) bera ábyrgð á fyrirflugskynningu til þeirra einstaklinga sem aðstoða við að blása upp og tæma belginn,

b) tryggja að enginn reyki um borð í loftbelgnum eða nálægt honum og

c) tryggja að einstaklingar, sem aðstoða við að blása upp og tæma belginn, klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði.“

e) Í stað „fyrir fyrirhugaða flugleið“ í 10. lið a-liðar NCO.GEN.135 komi „fyrir svæðið á flugleiðinni“.

f) Í fyrstu setningu c-liðar NCO.OP.110 er orðinu „aðeins“ bætt við á eftir „skulu“.

g) Í stað fyrirsagnar NCO.OP.113 komi eftirfarandi: **„Flugvallarlágmörk — hringaðflug þyrlna á landi“**.

h) Í NCO.OP.127 er orðið „gass“ fellt brott úr a-lið og „gas-“ fellt brott úr b-lið.

i) Í stað NCO.OP.215 komi eftirfarandi:

„NCO.OP.215 Starfrækslutakmarkanir — hitaloftbelgir

a) Ekki er leyfilegt að lenda hitaloftbelg að nóttu til nema í neyðartilvikum.

b) Hitaloftbelgir mega hefja flugtak að nóttu til, að því tilskildu að þeir beri nægilegt eldsneyti til lendingar að degi til.“

j) Í stað b-liðar NCO.POL.105 komi eftirfarandi:

„b) Vigtun skal fara fram í samræmi við eftirfarandi:

1. framleiðandi loftfarsins eða samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal annast vigtun flugvéla og þyrla og

2. sviffflugur og loftbelgir skulu vigtuð af framleiðanda loftfarsins eða í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003, eftir því sem við á.“

k) Í stað NCO.IDE.B.110 komi eftirfarandi:

„NCO.IDE.B.110 Ljós á loftbelgjum

Loftbelgir, sem starfræktir eru að nóttu til, skulu búnir:

a) blikljósum,

b) tæki til að gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað, sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu loftbelgsins, og

c) vasaljósi.“

l) Í stað NCO.IDE.B.125 komi eftirfarandi:

„NCO.IDE.B.125 Handslökkvitæki

Hitaloftbelgir skulu búnir a.m.k. einu handslökkvitæki, ef þess er krafist í viðeigandi vottunarforskriftum.“

m) Í stað NCO.IDE.B.140 komi eftirfarandi:

„NCO.IDE.B.140 Ýmiskonar búnaður

a) Loftbelgir skulu búnir hlífðarhönskum fyrir sérhvern flugverja.

b) Hitaloftbelgir skulu búnir:

1. öðrum kveikjugjafa,

2. búnaði sem mælir og sýnir eldsneytismagn,

3. eldvarnarteppi eða brunaþolinni ábreiðu og

4. a.m.k. 25 m langri falllínu.

c) Gasloftbelgir skulu búnir:

1. hníf og

2. a.m.k. 20 m langri falllínu úr náttúrulegum trefjum eða efni sem leiðir stöðurafmagn.“

n) Eftirfarandi E-KAFLI bætist við:

„E-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR

1. ÞÁTTUR

Almenn atriði

NCO.SPEC.100 Gildissvið

Í þessum kafla eru settar sértækar kröfur, sem flugstjóra ber að fylgja þegar hann annast sérstaka starfrækslu, sem er ekki í ábataskyni, með einföldum, vélknúnum loftförum.

NCO.SPEC.105 Gátlisti

a) Áður en sérstök starfrækslu hefst skal flugstjóri framkvæma áhættumat þar sem hann metur flækjustig starfseminnar til að ákvarða hættur og tilheyrandi áhættu, sem fylgir starfrækslunni, og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu.

b) Sérstök starfræksla skal fara fram í samræmi við gátlista. Á grundvelli áhættumatsins skal flugstjórinn gera gátlista, sem hentar fyrir sérstöku starfsemina og loftfarið sem er notað, að teknu tilliti til allra þátta í þessum kafla.

c) Í hverju flugi skal vera greiður aðgangur að þeim gátlista sem varðar skyldur flugstjórans, flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum.

d) Endurskoða skal gátlistann reglulega og uppfæra hann, eins og við á.

NCO.SPEC.110 Ábyrgð og valdsvið flugstjóra

Þegar flugverjar eða sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum taka þátt í starfrækslunni skal flugstjórinn:

a) tryggja að flugverjar og sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum fari að ákvæðum NCO.SPEC.115 og NCO. SPEC.120,

b) ekki leggja upp í flug ef einhver flugverji eða sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum er óhæfur til að gegna skyldustörfum af einhverjum ástæðum, t.d. vegna meiðsla, veikinda, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna,

c) ekki halda flugi áfram framhjá næsta veðurfæra flugvelli eða starfrækslusvæði þegar geta flugverja eða sérfræðings í sérhæfðum verkefnum til að gegna skyldustörfum er verulega skert af ástæðum á borð við þreytu, veikindi eða skort á súrefni,

d) tryggja að flugverjar og sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum fari að lögum, reglum og verklagsreglum þess aðildarríkis þar sem flugið fer fram,

e) tryggja að allir flugverjar og sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum geti haft samskipti sín á milli á sameiginlegu tungumáli og

f) tryggja að sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum og flugverjar noti ávallt viðbótarsúrefni í a.m.k. 30 mínútur þegar inniþrýstingshæð fer yfir 10 000 feta hæð og ávallt þegar hún fer yfir 13 000 fet.

NCO.SPEC.115 Ábyrgð áhafnar

a) Flugverji skal bera ábyrgð á réttri framkvæmd skyldustarfa sinna. Skyldustörf flugverja skulu tilgreind á gátlistanum.

b) Flugverji skal sitja í vinnureit sínum með sætisólar spenntar á varasömustu stigum flugsins eða þegar flugstjóri telur það nauðsynlegt í öryggisskyni, nema annað sé tekið fram á gátlistanum, að því undanskildu þegar um er að ræða loftbelgi.

c) Meðan á flugi stendur skal flugliði hafa sætisólar spenntar þegar hann er í vinnureit sínum.

d) Meðan á flugi stendur skal alltaf vera a.m.k. einn flugliði með tilskilin starfsréttindi við stýri loftfarsins.

e) Flugverji skal ekki gegna skyldustörfum um borð í loftfari:

1. ef hann grunar að hann sé haldinn þreytu, eins og um getur í lið 7.f í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, eða finnst hann vera ófær til að sinna skyldustörfum sínum eða

2. ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða af öðrum ástæðum sem um getur í lið 7.g í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

f) Flugverji, sem gegnir skyldustörfum fyrir fleiri en einn flugrekanda, skal:

1. halda eigin skrá yfir far-, vinnu- og hvíldartíma, eins og um getur í FTL-kafla í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ef við á, og

2. veita sérhverjum flugrekanda þær upplýsingar sem þarf til að áætla starfsemi í samræmi við viðeigandi kröfur um fartíma- og vinnutímamörk.

g) Flugverji skal tilkynna flugstjóra:

1. um hvers kyns annmarka, bilanir, ólag eða galla, sem hann telur að geti haft áhrif á lofthæfi eða örugga starfrækslu loftfarsins, að meðtöldum neyðarkerfum, og

2. um öll flugatvik sem stofna eða gætu stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu.

NCO.SPEC.120 Ábyrgð sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum

a) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum skal bera ábyrgð á réttri framkvæmd skyldustarfa sinna. Skyldustörf sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum skulu tilgreind á gátlistanum.

b) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum skal sitja í vinnureit sínum með sætisólar spenntar á varasömustu stigum flugsins eða þegar flugstjóri telur það nauðsynlegt í öryggisskyni, nema annað sé tekið fram á gátlistanum, að því undanskildu þegar um er að ræða loftbelgi.

c) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum skal tryggja að sætisólar hans séu spenntar þegar hann framkvæmir sérhæfð verkefni með ytri dyr opnar eða þegar búið er að fjarlægja þær.

d) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum skal tilkynna flugstjóra:

1. um hvers kyns annmarka, bilanir, ólag eða galla, sem hann telur að geti haft áhrif á lofthæfi eða örugga starfrækslu loftfarsins, að meðtöldum neyðarkerfum, og

2. um öll flugatvik sem stofna eða gætu stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu.

NCO.SPEC.125 Öryggisleiðbeiningar

a) Fyrir flugtak skal flugstjórinn veita sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum leiðbeiningar um:

1. neyðarbúnað og -verklag,

2. verklagsreglur vegna sérhæfðra verkefna fyrir hvert flug eða röð fluga.

b) Ekki er víst að þörf sé á leiðbeiningunum, sem um getur í 2. lið a-liðar, ef sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum hafa fengið leiðbeiningar um verklagsreglurnar áður en flugtímabilið hefst á hlutaðeigandi almanaksári.

NCO.SPEC.130 Lágmarksflughæð yfir hindrun (MOCA) — blindflug

Flugstjóri skal ákveða lágmarksflughæð fyrir hvert flug, sem veitir tilskilið lágmarksbil frá hindrun, að því er varðar alla leiðarleggi sem á að fljúga samkvæmt blindflugsreglum. Lágmarksflughæð skal ekki vera undir þeirri hæð sem ríkið, sem flogið er yfir, hefur ákveðið.

NCO.SPEC.135 Eldsneytis- og olíubirgðir — flugvélar

Ákvæði i. liðar 1. liðar a-liðar NCO.OP.125 gildir ekki um flugtog á svifflugum, flugsýningar, listflug eða keppnisflug.

NCO.SPEC.140 Eldsneytis- og olíubirgðir — þyrlur

Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar a-liðar NCO.OP.126 getur flugstjóri þyrlu aðeins lagt upp í flug, samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, ef hann heldur sig innan 25 sjómílna frá brottfararflugvelli/-starfrækslusvæði og varaeldsneyti dugar til að fljúga í a.m.k 10 mínútur á besta hraða fyrir langdrægi.

NCO.SPEC.145 Hermt eftir aðstæðum á flugi

Flugstjórinn skal ekki herma eftir eftirfarandi aðstæðum þegar hann flytur sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum nema þeir séu um borð í loftfarinu í þjálfunarskyni:

a) aðstæðum þar sem þess er krafist að notast sé við verklagsreglur fyrir óvenjulegar aðstæður eða neyðartilvik eða

b) flugi við blindflugsskilyrði.

NCO.SPEC.150 Viðvörun um nálægð við jörð

Ef jarðvarakerfi er uppsett má aftengja það á meðan unnið er að sérhæfðum verkefnum, sem eru þess eðlis að starfrækja verður loftfarið í fjarlægð frá jörðu sem er styttri en sú fjarlægð sem myndi ræsa jarðvarakerfið.

NCO.SPEC.155 Árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS II)

Þrátt fyrir ákvæði NCO.OP.200 má aftengja árekstrarvarakerfi II í flugi á meðan unnið er að sérhæfðum verkefnum, sem eru þess eðlis að starfrækja verður loftför í fjarlægð frá hvert öðru, sem er styttri en sú fjarlægð sem myndi ræsa árekstrarvarakerfið.

NCO.SPEC.160 Losun hættulegs varnings

Við losun hættulegs varnings skal flugstjóri ekki starfrækja loftfarið yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum.

NCO.SPEC.165 Flutningur og notkun vopna

a) Þegar vopn eru um borð í flugi vegna sérhæfðra verkefna skal flugstjórinn sjá til þess að þau séu geymd á öruggan hátt þegar þau eru ekki í notkun.

b) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum, sem notar vopnið, skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að loftfarinu og einstaklingum um borð og á jörðu niðri sé stefnt í hættu.

NCO.SPEC.170 Viðmið fyrir afkastagetu og starfrækslu — flugvélar

Þegar flugvél er flogið í minna en 150 m (500 feta) hæð utan þéttbýlis, og ef um er að ræða starfrækslu flugvélar sem nær ekki að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil, skal flugstjórinn hafa:

a) sett verklagsreglur til að draga úr afleiðingum af völdum hreyfilbilunar og

b) upplýst alla flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum um borð um verklagsreglurnar sem skal fylgja ef um nauðlendingu er að ræða.

NCO.SPEC.170 Viðmið fyrir afkastagetu og starfrækslu — þyrlur

a) Flugstjóra er heimilt að starfrækja loftfar yfir þéttbýlum svæðum, að því tilskildu að:

1. þyrlan hafi vottun í flokki A eða B og

2. öryggisráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir að mönnum eða eignum á jörðu niðri sé stofnað í ótilhlýðilega hættu.

b) Flugstjórinn skal hafa:

1. sett verklagsreglur til að draga úr afleiðingum af völdum hreyfilbilunar og

2. upplýst alla flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum um borð um verklagsreglurnar sem skal fylgja ef um nauðlendingu er að ræða.

c) Flugstjórinn skal tryggja að massi við flugtak, lendingu eða vok sé ekki meiri en hámarksmassinn sem tilgreindur er:

1. fyrir vok utan jarðhrifa (HOGE) með alla hreyfla virka þar sem allir hreyflar virka með viðeigandi afli eða

2. ef aðstæður eru þannig að ekki er líklegt að vok utan jarðhrifa sé mögulegt skal massi þyrlunnar ekki vera umfram það sem er tilgreint fyrir vok innan jarðhrifa með alla hreyfla virka þar sem allir hreyflar virka með viðeigandi afli, að því tilskildu að aðstæðurnar heimili vok innan jarðhrifa með tilgreindum hámarksmassa.

2. ÞÁTTUR

Þyrluvinna með farm utanborðs í stroffum og krók (e.* Helicopter external sling load operations, *HESLO)

NCO.SPEC.HESLO.100 Gátlisti

Gátlistinn fyrir þyrluvinnu með farm utanborðs í stroffum og krók skal innihalda eftirfarandi atriði:

a) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,

b) viðeigandi gögn um afkastagetu,

c) nauðsynlegan búnað,

d) hvers kyns takmarkanir og

e) ábyrgð og skyldur flugstjórans og, ef við á, flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum.

NCO.SPEC.HESLO.105 Sérstakur búnaður fyrir þyrluvinnu með farm utanborðs í stroffum og krók

Þyrlan skal a.m.k. búin:

a) einum öryggisspegli eða annars konar búnaði sem gerir kleift að sjá krókinn/krókana/farminn og

b) einum hleðslumæli nema annar búnaður sé fyrir hendi til að skera úr um þyngd hleðslunnar.

NCO.SPEC.HESLO.110 Flutningur hættulegs varnings

Flugrekendur, sem flytja hættulegan varning til eða frá mannlausum svæðum eða fjarlægum stöðum, skulu sækja um það hjá lögbæru yfirvaldi að fá undanþágu frá ákvæðum Tæknilegu fyrirmælanna ef þeir ætla sér ekki að uppfylla kröfur þessara fyrirmæla.

3. ÞÁTTUR

Þyrluvinna með fólk sem farm utanborðs (e.* Human external cargo, HEC*)

NCO.SPEC.HEC.100 Gátlisti

Gátlistinn fyrir þyrluvinnu með fólk sem farm utanborðs skal innihalda eftirfarandi atriði:

a) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,

b) viðeigandi gögn um afkastagetu,

c) nauðsynlegan búnað,

d) hvers kyns takmarkanir og

e) ábyrgð og skyldur flugstjórans og, ef við á, flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum.

NCO.SPEC.HEC.105 Sérstakur búnaður fyrir þyrluvinnu með fólk sem farm utanborðs

a) Í þyrlunni skal vera:

   1. hífingarbúnaður eða farmkrókur,

   2. einn öryggisspegill eða annars konar búnaður, sem gerir kleift að sjá krókinn, og

   3. einum hleðslumæli nema annar búnaður sé fyrir hendi til að skera úr um þyngd hleðslunnar.

b) Fyrir uppsetningu á öllum hífingar- og farmkróksbúnaði og allar síðari breytingar skal lofthæfivottun, sem samsvarar fyrirhugaðri notkun, vera til staðar.

4. ÞÁTTUR

Fallhlífarstökksflug (PAR)

NCO.SPEC.PAR.100 Gátlisti

Gátlistinn fyrir fallhlífarstökksflug skal innihalda eftirfarandi:

a) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,

b) viðeigandi gögn um afkastagetu,

c) nauðsynlegan búnað,

d) hvers kyns takmarkanir og

e) ábyrgð og skyldur flugstjórans og, ef við á, flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum.

NCO.SPEC.PAR.105 Flutningur flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum

Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í c-lið NCO.SPEC.120, gilda ekki um sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum sem framkvæma fallhlífarstökk.

NCO.SPEC.PAR.110 Sæti

Þrátt fyrir 1. lið a-liðar NCO.IDE.A.140 og 1. lið a-liðar NCO.IDE.H.140 má nota gólf loftfarsins sem sæti, að því tilskildu að sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum geti haldið sér í eitthvað eða ólað sig niður.

NCO.SPEC.PAR.115 Viðbótarsúrefni

Þrátt fyrir f-lið NCO.SPEC.110 gildir krafan um notkun viðbótarsúrefnis ekki um aðra flugverja en flugstjórann og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum, sem sinna störfum sem eru nauðsynleg í tengslum við sérhæfða verkefnið, í hvert skipti sem inniþrýstingshæð:

a) er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð í að hámarki 6 mínútur eða

b) er meiri en sem svarar 15 000 feta hæð í að hámarki 3 mínútur.

NCO.SPEC.PAR.120 Losun hættulegs varnings

Þrátt fyrir ákvæði NCO.SPEC.160 mega fallhlífarstökkvarar stökkva í fallhlíf á sýningu yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum, með reykmerkjabúnað, að því tilskildu að hann sé framleiddur í þeim tilgangi.

5. ÞÁTTUR

Listflug (ABF)

NCO.SPEC.ABF.100 Gátlisti

Gátlistinn fyrir listflug skal innihalda eftirfarandi:

a) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum,

b) viðeigandi gögn um afkastagetu,

c) nauðsynlegan búnað,

d) hvers kyns takmarkanir og

e) ábyrgð og skyldur flugstjórans og, ef við á, flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum.

NCO.SPEC.ABF.105 Skjöl og upplýsingar

Eftirtalin skjöl og upplýsingar, sem talin eru upp í a-lið NCO.GEN.135, þurfa ekki að vera um borð þegar um listflug er að ræða:

a) nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS), ef við á,

b) uppfærð og viðeigandi flugkort fyrir fyrirhugaða flugleið/svæði og allar þær flugleiðir sem ætla má að hugsanlega yrðu flognar ef víkja þyrfti af upphaflegri flugleið og

c) upplýsingar um þær verklagsreglur og þau sjónmerki sem eineltisloftför og einelt loftför notast við.

NCO.SPEC.ABF.110 Búnaður

Eftirfarandi kröfur um búnað gilda ekki endilega um listflug:

a) sjúkrakassar, eins og mælt er fyrir um í NCO.IDE.A.145 og NCO.IDE.H.145,

b) handslökkvitæki, eins og mælt er fyrir um í NCO.IDE.A.160 og NCO.IDE.H.180, og

c) neyðarsendir eða neyðarsendir fyrir einstaklinga, eins og mælt er fyrir um í NCO.IDE.A.170 og NCO.IDE.H.170.“

II. VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

SÉRSTÖK STARFRÆKSLA

[SPO-HLUTI]

SPO.GEN.005 Gildissvið

a) Þessi viðauki gildir um alla sérstaka starfrækslu þar sem loftfar er notað fyrir sérstaka starfsemi eins og landbúnað, byggingastarfsemi, ljósmyndun, landmælingar, athuganir, eftirlit og eftirlit úr lofti eða auglýsingaflug.

b) Þrátt fyrir a-lið skal sérstök starfræksla, sem er ekki í ábataskyni og þar sem notuð eru einföld, vélknúin loftför, uppfylla ákvæði VII. viðauka (NCO-hluta).

c) Þrátt fyrir a-lið má eftirfarandi starfræksla með einföld, vélknúin loftför vera í samræmi við ákvæði VII. viðauka (NCO-hluta):

1. keppnisflug eða flugsýningar, með því skilyrði að þóknunin eða annars konar greiðsla, sem greidd er fyrir slíkt flug, sé takmörkuð við endurheimt beins kostnaðar og hlutfallslegt framlag til árlegs kostnaðar, og að verðmæti verðlaunanna sé ekki meira en lögbært yfirvald tilgreinir,

2. fallhlífarstökk, flugtog á svifflugum eða listflug, sem fram fer á vegum þjálfunarfyrirtækis með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og er samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, með því skilyrði að fyrirtækið starfræki loftfarið á grundvelli eignarhalds eða tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins, og að flug þar sem aðilar, sem eiga ekki aðild að fyrirtækinu, eiga hlut að máli sé aðeins lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins.

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

SPO.GEN.100 Lögbært yfirvald

Lögbært yfirvald skal vera það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugrekandi hefur höfuðstöðvar sínar eða búsetu, tilnefnir.

SPO.GEN.101 Aðferðir til að uppfylla kröfur

Flugrekandi má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

SPO.GEN.102 Ferðavélsvifflugur, vélsvifflugur og hita-/gasloftbelgir

a) Ferðavélsvifflugur skulu starfræktar í samræmi við kröfurnar um:

1. flugvélar, þegar þær eru hreyfilknúnar, og

2. svifflugur, þegar þær eru starfræktar án hreyfils.

b) Ferðavélsvifflugur skulu hafa búnað í samræmi við kröfurnar, sem eiga við um flugvélar, nema annað sé tilgreint í D-kafla.

c) Vélsvifflugur, aðrar en ferðavélsvifflugur, skulu starfræktar og hafa búnað í samræmi við þær kröfur sem eiga við um svifflugur.

d) Hita-/gasloftbelgir skulu starfræktir í samræmi við kröfurnar um hitaloftbelgi.

SPO.GEN.105 Ábyrgð áhafnar

a) Flugverji skal bera ábyrgð á réttri framkvæmd skyldustarfa sinna. Starfsskyldur flugverja skulu tilgreindar í stöðluðu verklagsreglunum og, eftir því sem við á, í rekstrarhandbókinni.

b) Flugverji skal sitja í vinnureit sínum með sætisólar spenntar á varasömustu stigum flugsins eða þegar flugstjóri telur það nauðsynlegt í öryggisskyni nema annað sé tekið fram í stöðluðu verklagsreglunum, að því undanskildu þegar um er að ræða loftbelgi.

c) Meðan á flugi stendur skal flugliði hafa sætisólar spenntar þegar hann er í vinnureit sínum.

d) Meðan á flugi stendur skal alltaf vera a.m.k. einn flugliði með tilskilin starfsréttindi við stýri loftfarsins.

e) Flugverjinn skal ekki gegna skyldustörfum um borð í loftfari:

1. ef hann grunar að hann sé haldinn þreytu, eins og um getur í lið 7.f í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, eða finnst hann vera ófær til að sinna skyldustörfum sínum eða

2. ef hann er undir áhrifum geðvirkra efna eða áfengis eða af öðrum ástæðum, sem um getur í lið 7.g í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

f) Flugverji, sem gegnir skyldustörfum fyrir fleiri en einn flugrekanda, skal:

1. halda eigin skrá yfir far-, vinnu- og hvíldartíma, eins og um getur í FTL-kafla í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ef við á, og

2. veita sérhverjum flugrekanda þær upplýsingar sem þarf til að áætla starfsemi í samræmi við viðeigandi kröfur um fartíma- og vinnutímamörk.

g) Flugverji skal tilkynna flugstjóra:

1. um hvers kyns annmarka, bilanir, ólag eða galla, sem hann telur að geti haft áhrif á lofthæfi eða örugga starfrækslu loftfarsins, að meðtöldum neyðarkerfum, og

2. um öll flugatvik sem stofna eða gætu stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu.

SPO.GEN.106 Ábyrgð sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum

a) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum skal bera ábyrgð á réttri framkvæmd skyldustarfa sinna. Tilgreina skal skyldustörf sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum í stöðluðu verklagsreglunum.

b) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum skal sitja í vinnureit sínum með sætisólar spenntar á varasömustu stigum flugsins eða þegar flugstjóri telur það nauðsynlegt í öryggisskyni nema annað sé tekið fram í stöðluðu verklagsreglunum, að því undanskildu þegar um er að ræða loftbelgi.

c) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum skal tryggja að sætisólar hans séu spenntar þegar hann framkvæmir sérhæfð verkefni með ytri dyr opnar eða þegar búið er að fjarlægja þær.

d) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum skal tilkynna flugstjóra:

1. um hvers kyns annmarka, bilanir, ólag eða galla, sem hann telur að geti haft áhrif á lofthæfi eða örugga starfrækslu loftfarsins, að meðtöldum neyðarkerfum, og

2. um öll flugatvik sem stofna eða gætu stofnað öryggi starfrækslunnar í hættu.

SPO.GEN.107 Ábyrgð og valdsvið flugstjóra

a) Flugstjórinn skal bera ábyrgð á:

1. öryggi loftfarsins og allra flugverja, sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum og farms um borð meðan á flugi stendur,

2. upphafi, áframhaldi, stöðvun eða breytingu á framvindu flugs eða lokum, með öryggi loftfars í huga,

3. að tryggja að öllum verklagsreglum og gátlistum sé fylgt samkvæmt viðeigandi handbók,

4. að leggja aðeins upp í flug ef hann hefur gengið úr skugga um að farið sé að öllum starfrækslutakmörkununum sem um getur í lið 2.a.3 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, þ.e.:

i. að loftfarið sé lofthæft,

ii. að loftfarið sé skráð á viðeigandi hátt,

iii. að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir framkvæmd þess flugs, séu uppsett í loftfarinu og starfhæf, nema starfræksla með óstarfhæfan búnað sé heimiluð samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL) eða sambærilegu skjali, ef við á, eins og kveðið er á um í SPO.IDE.A.105, SPO.IDE.H.105, SPO.IDE.S.105 eða SPO.IDE.B.105,

iv. að massi loftfarsins og, nema þegar um er að ræða loftbelgi, staðsetning þyngdarmiðju séu þannig að flugið geti farið fram innan þeirra takmarkana sem mælt er fyrir um í lofthæfiskjölunum,

v. að öllum búnaði og farangri sé hlaðið á réttan hátt og festur og

vi. að ekki verði í neinum tilvikum farið út fyrir starfrækslutakmarkanir loftfarsins, eins og þær eru tilgreindar í flughandbókinni, í fluginu,

5. að leggja ekki upp í flug ef hann, eða einhver annar flugverji eða sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum, er óhæfur til að gegna skyldustörfum af einhverjum ástæðum, t.d. vegna meiðsla, veikinda, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna,

6. að halda flugi ekki áfram framhjá næsta veðurfæra flugvelli eða starfrækslusvæði þegar geta hans eða einhvers annars flugverja eða sérfræðings í sérhæfðum verkefnum til að gegna skyldustörfum er verulega skert af ástæðum á borð við þreytu, veikindi eða skort á súrefni,

7. að taka ákvörðun um hvort hann vilji samþykkja loftfar með óstarfhæfan búnað, í samræmi við listann yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug (CDL) eða listann yfir lágmarksbúnað (MEL), eftir því sem við á,

8. að skrá notkunargögn og allar bilanir í loftfarinu, sem vitað er um eða sem grunur leikur á um að séu til staðar, í tækniflugbók loftfarsins eða leiðarflugbók þess eftir að flugi eða röð flugferða er lokið og

9. að tryggja að flugritar, þegar þeir eru til staðar:

i. séu ekki gerðir óvirkir eða að slökkt sé á þeim meðan á flugi stendur og

ii. ef slys eða flugatvik á sér stað, sem skylt er að tilkynna um:

A) að gögnum verði ekki eytt af ásetningi,

B) að þeir verði gerðir óvirkir um leið og flugi lýkur og

C) að þeir verði aðeins virkjaðir aftur eftir samkomulagi við rannsóknaryfirvald.

b) Flugstjórinn skal hafa vald til þess að neita að flytja eða setja í land fólk eða farm sem gæti stofnað öryggi loftfarsins eða þeirra sem í því eru í hættu.

c) Flugstjórinn skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild, svo fljótt sem auðið er, um hvers kyns hættuleg veður- eða flugskilyrði sem eru líkleg til að hafa áhrif á öryggi annarra loftfara.

d) Þrátt fyrir ákvæði 6. liðar a-liðar má flugstjóri í fjölstjórnarumhverfi fljúga lengra en að næsta veðurfæra flugvelli, ef fullnægjandi ráðstafanir til að draga úr hættu eru til staðar.

e) Í neyðartilviki, þar sem nauðsynlegt er að ákvarðanir séu teknar og brugðist við í skyndingu, skal flugstjórinn gera allt sem hann telur rétt að gera miðað við aðstæður, í samræmi við lið 7.d í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Í slíkum tilvikum er flugstjóra heimilt í öryggisskyni að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuaðferðum.

f) Flugstjórinn skal tafarlaust leggja skýrslu fyrir lögbært yfirvald um ólöglegt athæfi og tilkynna það til þar til bærs yfirvalds á staðnum.

g) Flugstjórinn skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum næst slysstað, eins fljótt og auðið er, um slys sem flugvélin á þátt í og hafa í för með sér alvarleg meiðsl eða dauða eða umtalsverðar skemmdir á flugvélinni eða eignum.

SPO.GEN.108 Ábyrgð og valdsvið flugstjóra — loftbelgir

Flugstjóri loftbelgs skal, til viðbótar við ákvæði SPO.GEN.107:

a) bera ábyrgð á fyrirflugskynningu til þeirra einstaklinga sem aðstoða við að blása upp og tæma belginn,

b) tryggja að enginn reyki um borð í loftbelgnum eða nálægt honum og

c) tryggja að einstaklingar sem aðstoða við að blása upp og tæma belginn klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði.

SPO.GEN.110 Samræmi við lög, reglur og verklagsreglur

Flugstjórinn, flugverjar og sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum skulu fara að lögum, reglum og verklagsreglum þess aðildarríkis þar sem flugið fer fram.

SPO.GEN.115 Sameiginlegt tungumál

Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugverjar og sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum geti tjáð sig hver við annan á sameiginlegu tungumáli.

SPO.GEN.120 Akstur flugvéla

Flugrekandi skal tryggja að flugvél sé aðeins ekið á athafnasvæði flugvallar ef einstaklingurinn við stjórn:

a) er flugmaður, sem hefur tilskilin starfsréttindi, eða

b) hefur verið tilnefndur af flugrekanda og:

1. hefur hlotið þjálfun til að aka flugvélinni,

2. hefur hlotið þjálfun til að nota talstöð, ef þráðlausra fjarskipta er krafist,

3. hefur fengið kennslu, að því er varðar skipulag flugvallar, leiðir, skilti, merkingar, ljós, merki frá flugumferðarstjórn og leiðbeiningar, orðfæri og verklagsreglur og

4. getur farið að tilskildum kröfum um starfrækslu að því er varðar örugga hreyfingu flugvéla á flugvelli.

SPO.GEN.125 Tenging þyrils

Þyrli á þyrlu skal aðeins snúið fyrir afli í þeim tilgangi að flugmaður með tilskilin starfsréttindi fljúgi henni.

SPO.GEN.130 Handrafeindatæki

Flugrekandi skal ekki heimila neinum um borð í flugvélinni að nota handrafeindatæki sem gætu haft truflandi áhrif á nothæfi kerfa og búnaðar loftfarsins.

SPO.GEN.135 Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð

Flugrekandi skal sjá til þess að skrár með upplýsingum um neyðarbúnað og búnað til að lifa af, sem hafður er um borð, séu ávallt tiltækar um borð svo unnt sé að koma þeim samstundis til björgunarmiðstöðva.

SPO.GEN.140 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem skulu vera um borð

a) Eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í loftfari í hverri flugferð, í formi frumrita eða afrita, nema annað sé tekið fram:

1. flughandbókin eða jafngild skjöl,

2. frumrit af skráningarskírteini,

3. frumrit af lofthæfivottorði,

4. hljóðstigsvottorðið, ef við á,

5. afrit af yfirlýsingunni, sem um getur í ORO.DEC.100, og, ef við á, afrit af leyfinu, sem um getur í ORO.SPO.110,

6. skráin yfir sérstök samþykki, ef við á,

7. talstöðvarskírteini loftfarsins, ef við á,

8. ábyrgðartryggingarskírteini loftfarsins,

9. leiðarflugbók loftfarsins eða jafngildi hennar,

10. tækniflugbók loftfars, í samræmi við I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003, ef við á,

11. nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS), ef við á,

12. uppfærð og viðeigandi flugkort fyrir fyrirhugaða flugleið/svæði og allar þær flugleiðir sem ætla má að hugsanlega yrðu flognar ef víkja þyrfti af upphaflegri flugleið,

13. upplýsingar um þær verklagsreglur og þau sjónmerki sem eineltisloftför og einelt loftför notast við,

14. upplýsingar er varða leitar- og björgunarsveitir fyrir svæðið, sem fyrirhugað er að fljúga yfir,

15. gildandi hlutar rekstrarhandbókarinnar og/eða stöðluðu verklagsreglnanna eða flughandbókarinnar, sem skipta máli varðandi skyldustörf flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum, sem skulu hafa greiðan aðgang að þeim,

16. listinn yfir lágmarksbúnað (MEL) eða listinn yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug (CDL), ef við á,

17. viðeigandi tilkynningar til flugmanna (NOTAM) og upplýsingar frá upplýsingaþjónustu flugmála til flugmanna,

18. viðeigandi veðurupplýsingar, ef við á,

19. farmskrár, ef við á, og

20. öll önnur gögn, sem geta skipt máli fyrir flugið, eða sem ríki, sem eiga hlut að máli í viðkomandi flugi, kunna að krefjast.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar má geyma skjölin og upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 2.-11. lið a-liðar og 14., 17., 18. og 19. lið a-liðar, á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu ef um er að ræða flug:

1. þar sem fyrirhugað er að taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði eða

2. sem heldur sig innan vegalengdar eða svæðis sem lögbært yfirvald ákvarðar í samræmi við ARO.OPS.210.

c) Þrátt fyrir það sem kemur fram í a-lið er heimilt að geyma í fylgibifreiðinni þau skjöl og þær upplýsingar sem um getur í 1.–10. lið a-liðar og 13.–19. lið a-liðar í tengslum við flug á loftbelg eða svifflugu, að undanskildu flugi á ferðavélsvifflugu.

d) Í þeim tilvikum þar sem skjölin, sem tilgreind eru í 2.–8. lið a-liðar, tapast eða þeim er stolið, er heimilt að halda starfrækslu áfram þar til loftfarið kemst á ákvörðunarstað eða til staðar þar sem hægt er að útvega ný skjöl.

e) Flugrekandinn skal leggja fram þau skjöl sem skylt er að hafa um borð innan hæfilegs frests frá því að lögbært yfirvald fer fram á það.

SPO.GEN.145 Varðveisla, framvísun og notkun á upptökum úr flugrita — starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara

a) Í kjölfar slyss eða flugatviks, sem skylt er að tilkynna um, skal flugrekandi loftfars varðveita frumrit skráðra gagna í 60 daga nema rannsóknaryfirvald kveði á um annað.

b) Flugrekandi skal framkvæma virkniprófanir og mat á upptökum úr ferðritum og hljóðritakerfum og gagnatenglum til að tryggja áframhaldandi nothæfi skráningarbúnaðarins.

c) Flugrekandi skal geyma upptökurnar þann hluta starfrækslutíma ferðritans sem krafist er í SPO.IDE.A.145 eða SPO.IDE.H.145 nema þegar ferðritinn er prófaður eða honum viðhaldið en þá er heimilt að þurrka út allt nema einn klukkutíma af upptökum sem elstar eru þegar prófun fer fram.

d) Flugrekandi skal geyma og viðhalda gögnum þar sem fram koma upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að umbreyta óunnum gögnum úr ferðrita í breytur, sem gefnar eru upp sem tækniupplýsingar.

e) Flugrekandi skal gera allar varðveittar upptökur úr flugrita aðgengilegar ef lögbært yfirvald fer fram á það.

f) Aðeins skal nota upptökur úr hljóðrita í öðrum tilgangi en að rannsaka slys eða flugatvik, sem skylt er að tilkynna um, ef allir hlutaðeigandi flugverjar og starfsfólk í viðhaldi veita samþykki sitt.

g) Aðeins má nota upptökur úr ferðrita eða úr gagnatenglum í þeim tilgangi að rannsaka slys eða flugatvik sem skylt er að tilkynna um, nema slíkar upptökur:

1. séu eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald,

2. séu brenglaðar svo ekki verði borin kennsl á neinn eða

3. séu kunngerðar í samræmi við leyndarreglur.

SPO.GEN.150 Flutningur á hættulegum varningi

a) Flutningur á hættulegum varningi flugleiðis skal fara fram í samræmi við 18. viðauka við Chicago-samninginn, eins og honum var síðast breytt og hann útvíkkaður með *Tæknilegu fyrirmælunum um flutning á hættulegum varningi flugleiðis* (skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9284-AN/905), þ.m.t. hvers konar fylgiskjöl, viðbætur eða leiðréttingar.

b) Aðeins flugrekandi, sem er samþykktur í samræmi við G-kafla í V. viðauka (SPA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, skal flytja hættulegan varning nema:

1. hann falli ekki undir Tæknilegu fyrirmælin í samræmi við 1. hluta þessara fyrirmæla,

2. sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum eða flugverjar flytji hann eða hann sé í farangri, sem hefur orðið viðskila við eiganda, í samræmi við 8. hluta Tæknilegu fyrirmælanna,

3. þess sé krafist að hann sé um borð í loftfarinu í sérstökum tilgangi, í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin,

4. hann sé notaður til að efla flugöryggi þegar flutningur hans er ásættanlegur í því skyni að tryggja að varningurinn sé aðgengilegur í tæka tíð í rekstrarlegum tilgangi, óháð því hvort þess sé krafist að þessir hlutir eða efni séu flutt í tilteknu flugi eða hvort fyrirhugað sé að nota þau í tengslum við tiltekið flug.

c) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að gripið sé til allra réttmætra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hættulegur varningur sé hafður meðferðis um borð af slysni.

d) Flugrekandi skal veita starfsfólki nauðsynlegar upplýsingar, sem gera þeim kleift að sinna ábyrgðarstörfum sínum, eins og gerð er krafa um í Tæknilegu fyrirmælunum.

e) Flugrekandi skal, án tafar og í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin, tilkynna lögbæru yfirvaldi og hlutaðeigandi yfirvaldi í því ríki þar sem atvikið átti sér stað um:

1. hvers konar slys eða flugatvik sem verða í tengslum við hættulegan varning,

2. hættulegan varning, sem sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum eða flugverjar hafa meðferðis eða sem finnst í farangri, sem samrýmist ekki 8. hluta Tæknilegu fyrirmælanna.

f) Flugrekandi skal tryggja að sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum fái upplýsingar um hættulegan varning.

g) Flugrekandi skal sjá til þess að á stöðum þar sem tekið er á móti farmi séu veittar upplýsingar um flutning á hættulegum varningi, eins og gerð er krafa um í Tæknilegu fyrirmælunum.

SPO.GEN.155 Losun hættulegs varnings

Við losun hættulegs varnings skal flugrekandi ekki starfrækja loftfarið yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum.

SPO.GEN.160 Flutningur og notkun vopna

a) Þegar vopn eru um borð í flugi vegna sérhæfðra verkefna skal flugrekandinn sjá til þess að þau séu geymd á öruggan hátt þegar þau eru ekki í notkun.

b) Sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum, sem notar vopnið, skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að loftfarinu og einstaklingum um borð og á jörðu niðri sé stefnt í hættu.

SPO.GEN.165 Aðgangur að stjórnklefa

Flugstjórinn skal taka endanlega ákvörðun um hvort heimila eigi aðgang að stjórnklefa og skal tryggja:

a) að aðgangur að stjórnklefa valdi ekki ónæði eða trufli flugstörfin og

b) að öllum, sem fluttir eru í stjórnklefa, séu kynntar þær öryggisreglur sem við eiga.

B-KAFLI

VERKLAGSREGLUR

SPO.OP.100 Notkun flugvalla og starfrækslusvæða

Flugrekandi skal einungis nota flugvelli og starfrækslusvæði sem eru viðunandi fyrir viðkomandi tegundir loftfara og starfrækslu.

SPO.OP.105 Forskriftir sem gilda um afskekkta flugvelli — flugvélar

Hvað varðar val á varaflugvöllum og viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga skal flugrekandinn líta á flugvöll sem afskekktan flugvöll ef flugtími að næsta viðunandi varaflugvelli ákvörðunarstaðar er lengri en:

a) 60 mínútur fyrir flugvélar með strokkhreyfla eða

b) 90 mínútur fyrir flugvélar með hverfihreyfla.

SPO.OP.110 Flugvallarlágmörk — flugvélar og þyrlur

a) Hvað varðar flug samkvæmt blindflugsreglum skal flugrekandi eða flugstjóri tilgreina flugvallarlágmörk fyrir sérhvern brottfarar-, ákvörðunar- og varaflugvöll sem fyrirhugað er að nota. Þessi lágmörk skulu:

1. aldrei vera undir þeim lágmörkum sem ákveðin eru af því ríki þar sem flugvöllurinn er nema þau hafi verið samþykkt sérstaklega af því ríki og

2. við framkvæmd starfrækslu í lélegu skyggni, samþykkt af lögbæru yfirvaldi í samræmi við í E-kafla í V. viðauka (SPA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

b) Þegar flugrekandi eða flugstjóri tilgreinir flugvallarlágmörk skal hann taka tillit til eftirfarandi:

1. tegundar loftfars, afkastagetu þess og stjórnunareiginleika,

2. hæfni og reynslu flugáhafnar og, ef við á, samsetning hennar,

3. stærðar og eiginleika flugbrauta og lokaaðflugs- og flugtakssvæða (FATO) sem kunna að verða valin til notkunar,

4. afkastagetu sjónrænna leiðsögutækja og annarra leiðsögutækja á jörðu niðri og að þau séu tiltæk og viðunandi,

5. tækjabúnaðar, sem tiltækur er í loftfarinu, til nota við flugleiðsögu og/eða til að stjórna flugslóð, í flugtaki, aðflugi, sléttingu, lendingu, lendingarbruni og fráflugi,

6. hindrana á aðflugs-, fráflugs- og fráklifurssvæðum, svo hægt sé að taka tillit til þeirra varðandi verklagsreglur í viðlögum,

7. flughæðar/hæðar sem veitir lausn frá hindrun (OCA/H) í blindaðflugi,

8. aðferða til að ákvarða og tilkynna um veðurskilyrði og

9. þeirrar flugaðferðar sem nota skal við lokaaðflug.

c) Lágmörk fyrir tiltekna tegund aðflugs og lendingar skulu aðeins notuð ef:

1. búnaður á jörðu niðri, sem krafist er vegna fyrirhugaðs flugs, er virkur,

2. loftfarskerfin, sem krafist er fyrir viðkomandi tegund aðflugs, eru virk,

3. kröfur um afkastagetu loftfars eru uppfylltar og

4. flugáhöfnin hefur viðeigandi starfsréttindi.

SPO.OP.111 Flugvallarlágmörk — grunnaðflug (NPA), aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti (APV), starfræksla skv. I. flokki

a) Ákvörðunarhæðin, sem nota á þegar grunnaðflug er flogið með því að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun (CDFA), við aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti (APV) eða starfrækslu skv. I. flokki (CAT I), skal ekki vera minni en það sem hæst er af eftirfarandi:

1. minnsta hæð, sem unnt er að nota aðflugstækin í, án tilskilinna kennileita,

2. hæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH) fyrir viðkomandi gerð loftfars,

3. birt ákvörðunarhæð fyrir aðflugið, ef við á,

4. kerfislágmarkið, sem tilgreint er í töflu 1, eða

5. lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbókinni, eða jafngildu skjali, ef hún er tilgreind þar.

b) Lágmarkslækkunarhæð fyrir grunnaðflug, sem flogið er án þess að nota aðferðina lokaaðflug með samfelldri lækkun, skal ekki vera lægri en það sem hæst er af eftirfarandi:

1. hæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH) fyrir viðkomandi gerð loftfars,

2. kerfislágmarkið, sem tilgreint er í töflu 1, eða

3. lægsta gildi lágmarksákvörðunarhæðar samkvæmt flughandbókinni, ef það er tilgreint þar.

Tafla 1

Kerfislágmörk

Leiðsöguvirki	Lágmarksákvörðunar-/lækkunarhæð (fet)
Blindlendingarkerfi (ILS)	200
Hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS)/leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS) (stefnubeinandi nákvæmnisaðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti (e. *lateral precision with vertical guidance approach* (LPV))	200
GNSS (stefnubeinandi leiðsaga (LNAV))	250
GNSS/leiðsaga í lóðréttum fleti miðað við loftþrýsting (e. *baro-vertical navigation*) (VNAV) (LNAV/VNAV)	250
Miðlínusendir (LOC) með eða án fjarlægðarvita (DME)	250
Aðflugsstjórnun með kögunarratsjá (SRA) (lýkur við ½ sjómílu)	250
SRA (lýkur við 1 sjómílu)	300
SRA (lýkur við 2 sjómílur eða meira)	350
Fjölstefnuviti (VOR)	300
VOR/DME	250
Hringviti (NDB)	350
NDB/DME	300
VHF-miðunarstöð (VDF)	350

SPO.OP.112 Flugvallarlágmörk — hringaðflug flugvéla

a) Lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug flugvélar skal ekki vera lægri en það sem hæst er af:

1. útgefinni hæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH) í hringaðflugi fyrir flugvélaflokkinn,

2. lágmarkshringaðflugshæðinni, sem fengin er úr töflu 1, eða

3. ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð fyrir undangengið blindaðflugsverklag.

b) Lágmarksskyggni fyrir hringaðflug flugvéla skal vera það sem hæst er af eftirfarandi:

1. hringaðflugsskyggni fyrir flugvélaflokkinn, ef það er útgefið,

2. lágmarksskyggni, sem fengið er úr töflu 2, eða

3. flugbrautarskyggni/umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (RVR/CMV) fyrir undangengið blindaðflugsverklag.

Tafla 1

Lágmarkslækkunarhæð og lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug – skipt eftir flugvélaflokkum

	Flugvélaflokkur			
	A	B	C	D
Lágmarkslækkunarhæð (fet)	400	500	600	700
Minnsta skyggni samkvæmt veðurupplýsingum (m)	1 500	1 600	2 400	3 600

SPO.OP.113 Flugvallarlágmörk — hringaðflug þyrlna á landi

Lágmarkslækkunarhæð fyrir hringaðflug þyrlna á landi skal ekki vera lægri en 250 fet og skyggni samkvæmt veðurupplýsingum ekki minna en 800 m.

SPO.OP.115 Brottflugs- og aðflugsverklag — flugvélar og þyrlur

a) Flugstjórinn skal fylgja því brottflugs- og aðflugsverklagi, sem ákveðið er af ríkinu sem flugvöllurinn er í, ef slíkt verklag hefur verið gefið út fyrir flugbrautina eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðið sem fyrirhugað er að nota.

b) flugstjóranum er heimilt að víkja frá útgefinni brottflugs- eða komuleið eða útgefnu aðflugsverklagi:

1. ef hægt er að virða viðmiðanir um hindranabil, ef fullt tillit er tekið til flugskilyrða og ef farið er að öllum flugheimildum, eða

2. þegar flugstjórnardeild gefur honum upp ratsjárstefnu (e. *radar-vectored*).

c) Í tengslum við starfrækslu með flókin, vélknúin loftför skal lokakaflinn í blindaðflugi floginn eftir kennileitum eða samkvæmt útgefnum verklagsreglum um aðflug.

SPO.OP.120 Verklagsreglur um hávaðamildun

Flugstjórinn skal taka tillit til útgefinna verklagsreglna um hávaðamildun til að draga úr áhrifum hávaða en tryggja jafnframt að öryggi hafi forgang umfram hávaðamildun.

SPO.OP.121 Verklagsreglur um hávaðamildun — loftbelgir

Flugstjórinn skal nota verklagsreglur, þar sem þær eru til staðar, til að draga úr áhrifum af völdum hávaða frá hitakerfinu en tryggja jafnframt að öryggi hafi forgang umfram hávaðamildun.

SPO.OP.125 Lágmarksflughæð yfir hindranir (MOCA) — blindflug

a) Flugrekandi skal tilgreina aðferð til að ákveða lágmarksflughæð, sem veitir tilskilið lágmarksbil frá hindrun, að því er varðar alla leiðarleggi sem á að fljúga samkvæmt blindflugsreglum.

b) Flugstjórinn skal ákveða lágmarksflughæðir fyrir sérhvert flug sem byggist á þessari aðferð. Lágmarksflughæð skal ekki vera undir þeirri hæð sem ríkið, sem flogið er yfir, hefur ákveðið.

SPO.OP.130 Eldsneytis- og olíubirgðir — flugvélar

a) Flugstjóri skal aðeins leggja upp í flug ef á flugvélinni er nægilegt eldsneyti og olía til að flugvélin geti:

1. fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR):

i. flogið að degi til til flugvallarins þar sem áætlað er að lenda og geti svo flogið í a.m.k. 30 mínútur í venjulegri farflugshæð eða

ii. flogið að nóttu til til flugvallarins þar sem áætlað er að lenda og geti svo flogið í a.m.k. 45 mínútur í venjulegri farflugshæð,

2. fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR):

i. þegar varaflugvallar ákvörðunarstaðar er ekki krafist: flogið til flugvallarins þar sem áætlað er að lenda og flogið svo í a.m.k. 45 mínútur í venjulegri farflugshæð eða

ii. þegar varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist: flogið til flugvallarins þar sem áætlað er að lenda, til varaflugvallar ákvörðunarstaðar og geti svo flogið í a.m.k. 45 mínútur í venjulegri farflugshæð.

b) Þegar eldsneytisþörf er reiknuð út, þ.m.t. varaeldsneyti vegna ófyrirséðra atvika, skal taka tillit til eftirfarandi:

1. veðurskilyrða sem spáð er,

2. væntanlegs leiðarvals flugumferðarstjórnar og umferðartafa,

3. verklags vegna þrýstingsmissis eða ef einn hreyfill bilar meðan á flugi stendur, ef við á, og

4. allra annarra skilyrða sem geta valdið töfum á lendingu flugvélarinnar eða aukið eldsneytis- og/eða olíunotkun.

c) Ekkert skal koma í veg fyrir breytingu á flugáætlun í flugi til að færa flugið til annars ákvörðunarstaðar, að því tilskildu að hægt sé að uppfylla allar kröfur frá þeirri stundu sem flugáætlun er breytt.

SPO.OP.131 Eldsneytis- og olíubirgðir — þyrlur

a) Flugstjóri skal aðeins leggja upp í flug ef á þyrlunni er nægilegt eldsneyti og olía til að þyrlan:

1. fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR):

i. geti flogið til flugvallar/starfrækslusvæðis á ákvörðunarstað og geti svo flogið í a.m.k. 20 mínútur á besta hraða fyrir langdrægi eða

ii. fyrir flug samkvæmt sjónflugsreglum að degi til: hafi varaeldsneyti fyrir 10 mínútna flug á besta hraða fyrir langdrægi, að því tilskildu að hann haldi sig innan 25 sjómílna frá brottfararflugvelli eða starfrækslusvæði brottfarar og

2. fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR):

i. þegar varaflugvallar er ekki krafist eða enginn veðurfær varaflugvöllur er tiltækur: geti flogið til flugvallar/starfrækslusvæðis á ákvörðunarstað og geti svo flogið í 30 mínútur á eðlilegum farflugshraða í 450 m (1500 feta) hæð yfir ákvörðunarflugvellinum/starfrækslusvæðinu við staðalhita og hafið aðflug og lent eða

ii. þegar varaflugvallar er krafist: geti flogið til flugvallar/starfrækslusvæðis á ákvörðunarstað og hafið þar aðflug og fráflug og að því loknu:

a) flogið að tilgreindum varaflugvelli og

b) flogið í 30 mínútur á venjulegum biðflugshraða í 450 m (1500 feta) hæð yfir varaflugvellinum/starfrækslusvæðinu við staðalhita og hafið aðflug og lent.

b) Þegar eldsneytisþörf er reiknuð út, þ.m.t. varaeldsneyti vegna ófyrirséðra atvika, skal taka tillit til eftirfarandi:

1. veðurskilyrða sem spáð er,

2. væntanlegs leiðarvals flugumferðarstjórnar og umferðartafa,

3. ef einn hreyfill bilar á flugleið, eftir atvikum, og

4. allra annarra skilyrða sem geta valdið töfum á lendingu loftfarsins eða aukið eldsneytis- og/eða olíunotkun.

c) Ekkert skal koma í veg fyrir breytingu á flugáætlun í flugi til að færa flugið til annars ákvörðunarstaðar, að því tilskildu að hægt sé að uppfylla allar kröfur frá þeirri stundu sem flugáætlun er breytt.

SPO.OP.132 Eldsneytis- og kjölfestubirgðir og áætlanagerð — loftbelgir

a) Flugstjórinn skal aðeins leggja upp í flug ef varabirgðir eldsneytis eða kjölfestu duga til 30 mínútna flugs.

b) Byggja skal útreikninga á eldsneytis-, eða kjölfestubirgðum á a.m.k. eftirfarandi starfræksluskilyrðum sem framkvæma á flugið við:

1. gögnum frá framleiðanda loftbelgsins,

2. áætluðum massa,

3. veðurútliti og

4. verklagsreglum og takmörkunum flugleiðsöguþjónustu.

SPO.OP.135 Öryggisleiðbeiningar

a) Flugrekandi skal tryggja að fyrir flugtak fái sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum leiðbeiningar um eftirfarandi:

1. neyðarbúnað og -verklag,

2. verklagsreglur, sem tengjast sérhæfða verkefninu, fyrir hvert flug eða röð fluga.

b) Grunnþjálfun og reglubundin starfsþjálfun getur komið í staðinn fyrir leiðbeiningarnar sem um getur í 2. lið a-liðar. Í slíkum tilvikum skal flugrekandi einnig skilgreina kröfurnar um nýlega reynslu.

SPO.OP.140 Undirbúningur flugs

a) Áður en flugstjóri leggur upp í flug skal hann, með öllum eðlilegum og tiltækum ráðum, ganga úr skugga um að búnaður og aðstaða á jörðu og/eða vatni, þ.m.t. fjarskiptastöðvar og flugleiðsögutæki, sem eru tiltæk og beinlínis nauðsynleg fyrir viðkomandi flug, séu fullnægjandi fyrir viðkomandi tegund flugs.

b) Áður en flugstjóri leggur upp í flug skal hann hafa kynnt sér allar fyrirliggjandi veðurupplýsingar sem varða fyrirhugað flug. Undirbúningur fyrir flug til staðar fjarri brottfararstað og fyrir allt flug samkvæmt blindflugsreglum skal fela í sér:

1. athugun á nýjustu, fyrirliggjandi veðurlýsingum og veðurspám og

2. áætlun um annars konar ráðstafanir til að grípa til ef ekki er hægt að ljúka flugi eins og áætlað var vegna veðurskilyrða.

SPO.OP.145 Varaflugvellir fyrir flugtak — flóknar, vélknúnar flugvélar

a) Að því er varðar blindflug skal flugstjórinn tilgreina a.m.k. einn veðurfæran varaflugvöll fyrir flugtak í flugáætluninni ef veðurskilyrði á brottfararflugvelli eru jöfn eða verri en gildandi flugvallarlágmörk eða ef ekki er hægt að snúa aftur á brottfararflugvöll af öðrum ástæðum.

b) Varaflugvöllur fyrir flugtak skal staðsettur innan eftirfarandi vegalengda frá brottfararflugvelli:

1. að því er varðar tveggja hreyfla flugvélar: að hámarki sú vegalengd sem nemur einum fartíma á farflugshraða með einn hreyfil við staðalskilyrði í logni og

2. að því er varðar flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri: að hámarki sú vegalengd sem nemur tveimur fartímum á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, í samræmi við flughandbók og við staðalskilyrði í logni.

c) Til að hægt sé að velja flugvöll sem varaflugvöll fyrir flugtak skulu fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að á áætluðum tíma notkunar verði skilyrðin jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk fyrir hlutaðeigandi starfrækslu.

SPO.OP.150 Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar — flugvélar

Að því er varðar blindflug skal flugstjórinn tilgreina í flugáætluninni a.m.k. einn veðurfæran varaflugvöll ákvörðunarstaðar nema:

a) nýjustu, fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefi til kynna að hægt verði að framkvæma aðflug og lendingu við sjónflugsskilyrði á tímabilinu klukkustund fyrir til klukkustund eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma þar til einni klukkustund eftir áætlaðan komutíma, hvort sem styttra er, eða

b) fyrirhugaður lendingarstaður sé afskekktur og:

1. mælt sé fyrir um blindaðflugsverklag fyrir flugvöllinn, sem áætlað er að lenda á, og

2. nýjustu, fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefi til kynna að eftirfarandi veðurskilyrði verði fyrir hendi frá tveimur klukkustundum fyrir til tveimur klukkustundum eftir áætlaðan komutíma, eða frá raunverulegum brottfarartíma þar til tveimur klukkustundum eftir áætlaðan komutíma, hvort sem styttra er:

i. neðra borð skýs er a.m.k. 300 m (1 000 fet) fyrir ofan lágmarkið sem gefið er upp fyrir blindaðflug, og

ii. skyggni er a.m.k. 5,5 km eða 4 km meira en lágmarkið í verklagsreglunum.

SPO.OP.151 Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar — þyrlur

Að því er varðar blindflug skal flugstjórinn tilgreina í flugáætluninni a.m.k. einn veðurfæran varaflugvöll ákvörðunarstaðar nema:

a) mælt hafi verið fyrir um blindaðflugsverklag fyrir flugvöllinn, þar sem áætlað er að lenda, og nýjustu, fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefi til kynna að eftirfarandi veðurskilyrði verið fyrir hendi tveimur tímum fyrir til tveimur tímum eftir áætlaðan komutíma eða frá raunverulegum brottfarartíma þar til tveimur klukkustundum eftir áætlaðan komutíma, hvort sem styttra er:

   1. neðra borð skýs er a.m.k. 120 m (400 fet) fyrir ofan lágmarkið, sem gefið er upp fyrir blindaðflug, og

   2. skyggni er a.m.k. 1 500 m meira en lágmarkið í verklagsreglunum eða

b) fyrirhugaður lendingarstaður sé afskekktur og:

   1. mælt sé fyrir um blindaðflugsverklag fyrir flugvöllinn sem áætlað er að lenda á,

   2. nýjustu, fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefi til kynna að eftirfarandi veðurskilyrði verði fyrir hendi á tímabilinu tveimur tímum fyrir til tveimur tímum eftir áætlaðan komutíma:

      i. neðra borð skýs er a.m.k. 120 m (400 fet) fyrir ofan lágmarkið sem gefið er upp fyrir blindaðflug,

      ii. skyggni er a.m.k. 1500 m eða meira en lágmarkið í verklagsreglunum og

   3. vendimörk hafa verið ákvörðuð þegar um er að ræða ákvörðunarstað á hafi úti.

SPO.OP.155 Eldsneytistaka á meðan einstaklingar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði

a) Ekki skal setja flugvélabensín, eldsneyti með suðumark á breiðu hitabili eða blöndu af þessum eldsneytistegundum, á loftfar á meðan einstaklingar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði.

b) Hvað varðar allar aðrar tegundir eldsneytis skal gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir og skal loftfarið vera mannað hæfu starfsfólki sem getur hafið og stjórnað rýmingu loftfarsins á sem hagkvæmastan og skjótastan hátt.

SPO.OP.160 Notkun heyrnartóla

Nema þegar um loftbelgi er að ræða skulu allir flugliðar, sem gerð er krafa um að séu á vakt í stjórnklefa, hafa heyrnartól með hljóðnema eða jafngildi þess og nota þau sem aðaltæki í samskiptum við flugumferðarþjónustu, aðra flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum.

SPO.OP.165 Reykingar

Flugstjórinn skal sjá til þess að ekki sé reykt um borð eða meðan á eldsneytistöku eða eldsneytislosun loftfarsins stendur.

SPO.OP.170 Veðurskilyrði

a) Flugstjóri skal einungis leggja upp í sjónflug eða halda fluginu áfram ef nýjustu, fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að veðurskilyrði á flugleið og fyrirhuguðum ákvörðunarstað á áætluðum tíma notkunar verði jafngóð eða betri en tilgreind sjónflugslágmörk.

b) Flugstjóri skal einungis leggja upp í blindflug eða halda fluginu áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar ef nýjustu, fyrirliggjandi veðurupplýsingar gefa til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarflugvelli, eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, jafngóð eða betri en tilgreind flugvallarlágmörk.

c) Ef flug felur í sér bæði sjónflugs- og blindflugshluta gilda veðurupplýsingarnar, sem um getur í a- og b-lið, eftir því sem við á.

SPO.OP.175 Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á jörðu niðri

a) Flugstjórinn skal aðeins hefja flugtak ef loftfarið er laust við öll aðskotaefni, sem gætu haft slæm áhrif á eða dregið úr afkastagetu eða stjórnhæfi loftfarsins, nema innan þeirra marka sem tilgreind eru í flughandbókinni.

b) Ef um er að ræða starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara skal flugrekandi setja verklagsreglur um hvenær afísing á jörðu niðri og ísingarvarnir og tilheyrandi skoðun á loftfarinu séu nauðsynlegar til að tryggja örugga starfrækslu loftfarsins.

SPO.OP.176 Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á flugi

a) Flugstjórinn skal einungis leggja upp í flug eða fljúga vísvitandi inn í veðurskilyrði, þar sem vitað er um ísingu eða búast má við henni, ef loftfarið hefur skírteini og tækjabúnað til flugs við slík skilyrði eins og um getur í lið 2.a.5 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

b) Fari ísing yfir það stig ísingar sem loftfarið er vottað fyrir eða ef loftfar, sem ekki er vottað til að fljúga við þekkt skilyrði ísingar, lendir í ísingu skal flugstjóri tafarlaust fljúga út úr ísingunni með því að breyta flughæð og/eða flugleið og, ef nauðsyn krefur, með því að lýsa yfir neyðarástandi við flugumferðarstjórn.

c) Ef um er að ræða starfrækslu flókinna, vélknúinna loftfara skal flugrekandi setja verklagsreglur um flug í ísingu eða ef búast má við ísingu.

SPO.OP.180 Flugtaksskilyrði — flugvélar og þyrlur

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann vera fullviss um:

a) að samkvæmt þeim upplýsingum sem honum eru tiltækar sé veðrið á flugvelli eða starfrækslusvæði og skilyrði á flugbraut eða lokaaðflugs- og flugtakssvæði, sem fyrirhugað er að nota, þannig að það myndi ekki koma í veg fyrir öryggi í flugtaki og við brottför og

b) að farið verði að viðeigandi flugvallarlágmörkum.

SPO.OP.181 Flugtaksskilyrði — loftbelgir

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann vera fullviss um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni veðrið á starfrækslusvæði eða flugvelli ekki draga úr öryggi í flugtaki og brottflugi.

SPO.OP.185 Hermt eftir aðstæðum á flugi

Flugstjórinn skal ekki herma eftir eftirfarandi aðstæðum þegar hann flytur sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum nema þeir séu um borð í loftfarinu í þjálfunarskyni:

a) aðstæðum þar sem þess er krafist að notast sé við verklagsreglur fyrir óvenjulegar aðstæður eða neyðartilvik eða

b) flugi við blindflugsskilyrði.

SPO.OP.190 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi

a) Flugrekandi flókins, vélknúins loftfars skal tryggja að eldsneytisbirgðir séu athugaðar á flugi og að notkun eldsneytis sé stjórnað.

b) Flugstjórinn skal með reglulegu millibili staðfesta að nýtanlegt eldsneyti á flugi sé ekki minna en það eldsneyti sem þarf til að halda flugi áfram með áætluðu varaeldsneyti, sem gerð er krafa um í SPO.OP.130 og SPO.OP.131, að veðurfærum flugvelli eða starfrækslusvæði.

SPO.OP.195 Notkun viðbótarsúrefnis

a) Flugrekandi skal tryggja að sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum og flugverjar noti ávallt viðbótarsúrefni í a.m.k. 30 mínútur þegar inniþrýstingshæð fer yfir 10 000 feta hæð og ávallt þegar hún fer yfir 13 000 fet nema lögbært yfirvald samþykki annað í samræmi við staðlaðar verklagsreglur.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar, og að fallhlífarstökki undanskildu, er stutt frávik leyfilegt í tiltekinn tíma í meira en 13 000 feta hæð án þess að nota viðbótarsúrefni á einföldum flugvélum og þyrlum, að fengnu fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. að frávik í meiri hæð en 13 000 fetum vari að hámarki í 10 mínútur eða, ef þörf er á lengri tíma, aðeins þann tíma sem er nauðsynlegur til að ljúka hinu sérhæfða verkefni,

2. að flugið fari ekki fram í meiri en 16 000 feta hæð,

3. að öryggisleiðbeiningar, í samræmi við SPO.OP.135, feli í sér fullnægjandi upplýsingar til flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum um áhrif vefildisskorts,

4. að staðlaðar verklagsreglur um viðkomandi starfrækslu endurspegli ákvæði 1., 2. og 3. liðar,

5. fyrri reynslu flugrekanda af starfrækslu í meira en 13 000 feta hæð án þess að nota viðbótarsúrefni,

6. reynslu hvers flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum og lífeðlisfræðilegrar aðlögunar þeirra að mikilli flughæð og

7. hæðarinnar á þeim stað þar sem flugrekandinn hefur starfsstöð sína eða þar sem starfrækslan á sér stað.

SPO.OP.200 Viðvörun um nálægð við jörð

a) Ef flugliði eða jarðvarakerfi greinir óvænta nálægð við jörð skal flugmaður við stjórn tafarlaust gera aðgerðir til úrbóta til að færa flugið aftur í öruggt horf.

b) Aftengja má jarðvarakerfið meðan unnið er að þessum sérhæfðu verkefnum sem eru þess eðlis að starfrækja verður loftfarið í ákveðinni fjarlægð frá jörðu sem er minni en sú fjarlægð sem myndi ræsa jarðvarakerfið.

SPO.OP.205 Árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og ákvarða þjálfunaráætlanir þegar árekstrarvarakerfi í flugi hefur verið sett upp og gert starfhæft. Þegar notast er við árekstrarvarakerfi II (ACAS II) í flugi, skulu slíkar verklagsreglur og þjálfun samrýmast reglugerð (ESB) nr. 1332/2011.

b) Aftengja má árekstrarvarakerfi II meðan unnið er að þessum sérhæfðu verkefnum sem eru þess eðlis að starfrækja verður loftfarið í ákveðinni fjarlægð frá jörðu sem er minni en sú fjarlægð sem myndi ræsa árekstrarvarakerfið.

SPO.OP.210 Aðflugs- og lendingarskilyrði — flugvélar og þyrlur

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum muni hvorki veðrið á flugvellinum né starfrækslusvæðinu, ástand flugbrautarinnar eða lokaaðflugs- og flugtakssvæðisins, sem fyrirhugað er að nota, draga úr öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi.

SPO.OP.215 Byrjun og framhald á aðflugi — flugvélar og þyrlur

a) Flugstjórinn má hefja blindaðflug óháð tilkynntu flugbrautarskyggni/skyggni (RVR/VIS).

b) Ef tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni er minna en gildandi lágmörk skal ekki halda aðflugi áfram:

1. undir 1 000 fetum yfir flugvellinum eða

2. á lokakafla í blindaðflugi í tilvikum þar sem ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð (MDA/H) er meiri en 1 000 fetum fyrir ofan flugvöllinn.

c) Ef upplýsingar um flugbrautarskyggni eru ekki tiltækar má reikna út flugbrautarskyggni með því að umreikna tilkynnt skyggni.

d) Fari tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni niður fyrir gildandi lágmark eftir að farið hefur verið yfir 1000 feta hæð yfir flugvelli má halda aðflugi áfram í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð.

e) Flugmaður má halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð og lenda, að því tilskildu að kennileiti, sem eru viðeigandi fyrir þessa tegund aðflugs og flugbrautina sem hann hyggst nota, séu sýnileg í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð og haldist sýnileg.

f) Flugbrautarskyggni á snertisvæði skal alltaf vera ráðandi.

SPO.OP.225 Starfrækslutakmarkanir — hitaloftbelgir

a) Hitaloftbelgir mega ekki lenda að nóttu til nema þegar um sé að ræða neyðarástand.

b) Hitaloftbelgir mega hefja flugtak að nóttu til, að því tilskildu að þeir beri nægilegt eldsneyti til lendingar að degi til.

SPO.OP.230 Staðlaðar verklagsreglur

a) Áður en sérstök starfræksla hefst skal flugstjóri framkvæma áhættumat þar sem hann metur flækjustig starfseminnar til að ákvarða hættur og tilheyrandi áhættu, sem fylgir starfrækslunni, og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu.

b) Á grundvelli áhættumatsins skal flugstjórinn setja staðlaðar verklagsreglur, sem henta fyrir sérstöku starfsemina og loftfarið sem er notað, að teknu tilliti til allra þátta í þessum kafla. Stöðluðu verklagsreglurnar skulu vera hluti af rekstrarhandbókinni eða aðskilið skjal. Endurskoða skal stöðluðu verklagsreglurnar reglulega og uppfæra þær, eins og við á.

c) Flugrekandinn skal tryggja að sérstök starfræksla fari fram í samræmi við stöðluðu verklagsreglurnar.

C-KAFLI

TAKMARKANIR Á AFKASTAGETU OG STARFRÆKSLUMÖRKUM LOFTFARA

SPO.POL.100 Starfrækslumörk — öll loftför

a) Á öllum stigum flugs skal hleðsla, massi og, nema hvað varðar loftbelgi, þyngdarmiðja loftfarsins jafnan vera í samræmi við allar takmarkanir sem tilgreindar eru í viðeigandi handbók.

b) Upplýsingaspjöld, skrár, merkingar á mælitækjum eða sambland þessara hluta, þar sem fram koma þau starfrækslumörk sem mælt er fyrir um í flughandbókinni, skulu vera sýnileg í loftfarinu.

SPO.POL.105 Massi og jafnvægi

a) Flugrekandinn skal ganga úr skugga um að búið sé að ákvarða massa og, nema hvað varðar loftbelgi, þyngdarmiðju loftfarsins með því að vigta það áður en það er tekið fyrst í notkun. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar flugstjóranum. Endurvigta skal loftfar ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa og jafnvægi.

b) Vigtun skal fara fram í samræmi við eftirfarandi:

1. framleiðandi loftfarsins eða samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal annast vigtun flugvéla og þyrla og

2. sviffflugur og loftbelgir skulu vigtuð af framleiðanda loftfarsins eða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2042/2003, eftir því sem við á.

SPO.POL.110 Massa- og jafnvægiskerfi — starfræksla flugvéla og þyrlna í ábataskyni og starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara sem er ekki í ábataskyni

a) Flugrekandi skal koma á massa- og jafnvægiskerfi fyrir hvert flug eða röð flugferða til að ákvarða:

1. þurrarekstrarmassa loftfars,

2. massa flutningshleðslu,

3. massa eldsneytis,

4. hleðslu loftfars og dreifingu hleðslu,

5. flugtaksmassa, lendingarmassa og þurramassa og

6. viðeigandi staðsetningu þyngdarmiðju loftfarsins.

b) Flugliðar skulu hafa úrræði til að endurtaka og staðfesta alla útreikninga á massa og jafnvægi á grundvelli rafrænna útreikninga.

c) Flugrekandinn skal koma á verklagi til gera flugstjóra kleift að ákvarða massa eldsneytis á loftfari út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytisins eða, ef eðlismassi eldsneytisins er ekki þekktur, með aðferð sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni.

d) Flugstjórinn skal sjá til þess að hleðsla:

1. loftfarsins fari fram undir umsjón hæfs starfsfólks og

2. flutningshleðslu sé í samræmi við gögn sem notuð eru við útreikninga á massa og jafnvægi loftfarsins.

e) Í rekstrarhandbókinni skal flugrekandinn tilgreina þær meginreglur og aðferðir viðvíkjandi hleðslu og massa- og jafnvægiskerfinu er uppfylla kröfurnar í a- til d-lið. Þetta kerfi skal ná til allrar fyrirhugaðrar starfrækslu.

SPO.POL.115 Massa- og jafnvægisgögn og skrár — starfræksla flugvéla og þyrlna í ábataskyni og starfræksla flókinna, vélknúinna loftfara sem er ekki í ábataskyni

a) Fyrir hvert flug, eða röð flugferða, skal flugrekandinn útbúa massa- og jafnvægisgögn og útbúa massa- og jafnvægisskrá þar sem hleðsla og dreifing hennar er tilgreind þannig að ekki sé farið yfir massa- og jafnvægismörk fyrir loftfarið. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í massa- og jafnvægisskrám:

1. skrásetning og tegund loftfars,
2. auðkenni, númer og dagsetning flugs, eftir því sem við á,
3. nafn flugstjóra,
4. nafn þess sem fyllti út skrána,
5. þurrarekstrarmassi og samsvarandi þyngdarmiðja loftfarsins,
6. massi eldsneytis við flugtak og massi eldsneytis fyrir flugferðina,
7. massi annarra birgða en eldsneytis, ef við á,
8. hleðslueiningar,
9. flugtaksmassi, lendingarmassi og þurramassi,
10. viðeigandi staðsetning þyngdarmiðju loftfarsins og
11. takmarkandi massa- og þyngdarmiðjugildi.

b) Ef massa- og jafnvægisgögn og -skrár eru unnar í tölvuvæddu massa- og jafnvægiskerfi skal flugrekandi ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagna.

SPO.POL.116 Massa- og jafnvægisgögn og -skrár — tilslakanir

Þrátt fyrir 5. lið a-liðar SPO.POL.115 er mögulega ekki nauðsynlegt að gefa upp staðsetningu þyngdarmiðju í massa- og jafnvægisskránni ef hleðsludreifingin er í samræmi við jafnvægistöflu, sem reiknuð er út fyrir fram, eða ef hægt er að sýna fram á að hægt er að tryggja rétt jafnvægi fyrir fyrirhugaða starfrækslu, óháð raunverulegri hleðslu.

SPO.POL.120 Afkastageta — almennt

Flugstjórinn skal aðeins starfrækja loftfarið ef afkastageta loftfarsins uppfyllir gildandi flugreglur og aðrar takmarkanir, sem eiga við um flugið, loftrýmið eða flugvellina eða starfrækslusvæðin sem notast er við, að teknu tilliti til nákvæmni í gerð korta og landabréfa sem notast er við.

SPO.POL.125 Takmarkanir á flugtaksmassa — flóknar, vélknúnar flugvélar

Flugrekandi skal sjá til þess:

a) að massi flugvélarinnar við upphaf flugtaks fari ekki yfir eftirfarandi massamörk:

1. við flugtak, eins og mælt er fyrir um í SPO.POL.130,
2. á flugleið með einn hreyfil óstarfhæfan, eins og mælt er fyrir um í SPO.POL.135, og

3. í lendingu, eins og mælt er fyrir um í SPO.POL.140,

að teknu tilliti til frávika vegna þess að gert er ráð fyrir að massinn minnki eftir því sem líður á flugið og vegna snögglosunar eldsneytis,

b) að massi við upphaf flugtaks fari aldrei yfir hámarksflugtaksmassann, sem tilgreindur er í flughandbókinni, með tilliti til málþrýstingshæðar, sem samsvarar hæð flugvallarins eða starfrækslusvæðisins, og, ef hann er notaður sem mæliþáttur til að ákvarða hámarksflugtaksmassa, öll önnur staðbundin loftskilyrði og

c) að áætlaður massi við áætlaðan lendingartíma á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu þar sem áætlað er að lenda fari aldrei yfir hámarksflugtaksmassann, sem tilgreindur er í flughandbókinni fyrir þá málþrýstingshæð sem gildir fyrir hæð þessara flugvalla eða starfrækslusvæða, og, ef hann er notaður sem mæliþáttur til að ákvarða hámarksmassa við lendingu, öll önnur staðbundin loftskilyrði.

SPO.POL.130 Flugtak — flóknar, vélknúnar flugvélar

a) Þegar flugstjóri ákvarðar hámarksflugtaksmassann skal hann taka tillit til eftirfarandi atriða:

1. reiknuð flugtaksvegalengd má ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd, með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns,

2. reiknað flugtaksbrun má ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun,

3. fyrir flugtak, sem hætt er við og haldið áfram, skal nota eitt gildi ákvörðunarhraða (V1) þegar ákvörðunarhraði er tilgreindur í flughandbókinni, og

4. á blautri eða spilltri flugbraut má flugtaksmassi ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

b) Ef hreyfilbilun á sér stað í flugtaki skal flugstjórinn tryggja að flugvél, þó ekki flugvél sem er búin skrúfuhverfihreyflum og með hámarksflugtaksmassa sem er 5 700 kg eða minni, geti:

1. hætt við flugtak og stöðvað innan tiltækrar hemlunarvegalengdar við flugtak eða tiltækrar flugbrautar eða

2. haldið flugtaki áfram og geti flogið yfir allar hindranir með viðunandi hindranabili þar til flugvélin er í stöðu til að uppfylla kröfur SPO.POL.135.

SPO.POL.135 Á flugleið — einn hreyfill óstarfhæfur — flóknar, vélknúnar flugvélar

Flugstjórinn skal tryggja að ef hreyfill verður óstarfhæfur einhvers staðar á flugleiðinni geti fjölhreyfla flugvél haldið flugi áfram að viðunandi flugvelli eða starfrækslusvæði án þess að fljúga nokkurn tíma undir lágmarksflughæð yfir hindranir.

SPO.POL.140 Lending — flóknar, vélknúnar flugvélar

Flugstjórinn skal sjá til þess að flugvélin geti lent og stöðvast, eða að lagarflugvél geti náð nægilega litlum hraða, innan tiltækrar lendingarvegalengdar á flugvelli eða starfrækslusvæði eftir að hafa flogið yfir allar hindranir á aðflugsslóðinni með nægjanlegu öryggisbili. Tillit skal tekið til fyrirsjáanlegra útfærsla á aðflugs- og lendingartækni, ef það hefur ekki verið gert við áætlunargerð gagna um afkastagetu.

SPO.POL.145 Viðmið um afkastagetu og starfrækslu — flugvélar

Þegar flugvél er flogið í minna en 150 m (500 feta) hæð utan þéttbýlis, og ef um er að ræða starfrækslu flugvélar sem nær ekki að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil, skal flugrekandinn:

a) setja verklagsreglur til að draga úr afleiðingum af völdum hreyfilbilunar,

b) koma á þjálfunaráætlun fyrir flugverja og

c) sjá til þess að allir flugverjar og sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum um borð séu upplýstir um verklagsreglurnar sem skal fylgja ef um nauðlendingu er að ræða.

SPO.POL.146 Viðmið um afkastagetu og starfrækslu — þyrlur

a) Flugstjóra er heimilt að starfrækja loftfar yfir þéttbýlum svæðum að því tilskildu:

1. að þyrlan hafi vottun í flokki A eða B og

2. að öryggisráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir að mönnum eða eignum á jörðu niðri sé stofnað í ótilhlýðilega hættu og að starfrækslan og staðlaðar verklagsreglur vegna hennar séu heimilaðar.

b) Flugrekandinn skal:

1. setja verklagsreglur til að draga úr afleiðingum hreyfilbilunar,

2. koma á þjálfunaráætlun fyrir flugverja og

3. sjá til þess að allir flugverjar og sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum um borð séu upplýstir um verklagsreglurnar, sem skal fylgja, ef um nauðlendingu er að ræða.

c) Flugrekandinn skal tryggja að massi við flugtak, lendingu eða vok sé ekki meiri en hámarksmassinn sem tilgreindur er:

1. fyrir vok utan jarðhrifa (HOGE) með alla hreyfla virka þar sem allir hreyflar virka með viðeigandi afli eða

2. ef aðstæður eru þannig að ekki er líklegt að vok utan jarðhrifa sé mögulegt skal massi þyrlunnar ekki vera umfram það sem er tilgreint fyrir vok innan jarðhrifa með alla hreyfla virka þar sem allir hreyflar virka með viðeigandi afli, að því tilskildu að aðstæðurnar heimili vok innan jarðhrifa með tilgreindum hámarksmassa.

D-KAFLI

MÆLITÆKI, GÖGN OG BÚNAÐUR

1. ÞÁTTUR

Flugvélar

SPO.IDE.A.100 Mælitæki og búnaður — almennt

a) Mælitæki og búnaður, sem gerð er krafa um í þessum kafla, skulu samþykkt í samræmi við viðeigandi kröfur um lofthæfi ef þau eru:

1. notuð af flugliðum til að stjórna flugslóð,

2. notuð til að uppfylla kröfur SPO.IDE.A.215,

3. notuð til að uppfylla kröfur SPO.IDE.A.220 eða

4. uppsett í flugvélinni.

b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1. bræðivörum til vara,

2. vasaljósum,

3. nákvæmri klukku,

4. kortahaldara,

5. sjúkrakössum,

6. búnaði til að lifa af og merkjabúnaði og

7. rekakkeri og búnaði til að liggja við legufæri.

c) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt öðrum gildandi viðaukum, en er hafður með í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi:

1. upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða SPO.IDE.A.215 og SPO.IDE.A.220,

2. mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi flugvélarinnar jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.

d) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá vinnureit þess flugliða sem þarf að nota þau.

e) Mælitækjum, sem flugliði þarf að nota, skal komið þannig fyrir að hann geti hæglega lesið af þeim úr sæti sínu með því að víkja sem minnst frá þeirri stöðu og sjónlínu sem hann venjulega hefur þegar hann horfir fram flugslóðina.

f) Greiður aðgangur skal vera að öllum nauðsynlegum neyðarbúnaði til tafarlausrar notkunar.

SPO.IDE.A.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum flugvélarinnar, búnaður hennar eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi eða vantar nema:

a) flugvélin sé starfrækt samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL), ef hann er fyrir hendi,

b) að því er varðar flóknar, vélknúnar flugvélar og allar flugvélar sem starfræktar eru í ábataskyni: að flugrekandinn hafi samþykki lögbærs yfirvalds til þess að starfrækja flugvélina innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL) eða

c) flugvélin hafi flugleyfi sem gefið er út í samræmi við gildandi kröfur um lofthæfi.

SPO.IDE.A.110 Bræðivör til vara

Flugvélar skulu búnar bræðivörum til vara af þeim styrkleika sem nauðsynlegur er til að tryggja öryggi rafrása algerlega svo hægt sé að skipta út þeim bræðivörum sem unnt er að skipta um meðan á flugi stendur.

SPO.IDE.A.115 Vinnuljós

Flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til skulu búnar:

a) blikljósakerfi,

b) siglingaljósum,

c) lendingarljósi,

d) ljósum sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu flugvélarinnar,

e) ljósum sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og lýsa upp öll farþegarými,

f) vasaljósum fyrir hvern vinnureit flugverja og

g) ljósum, sem samræmast alþjóðareglum, til að koma í veg fyrir árekstra á sjó ef flugvélin er starfrækt sem lagarflugvél.

SPO.IDE.A.120 Flug samkvæmt sjónflugsreglum— flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

a) Flugvélar, sem starfræktar eru í sjónflugi að degi til, skulu hafa búnað til að mæla og sýna eftirfarandi:

1. segulstefnu,

2. tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

3. málþrýstingshæð,

4. sýndan flughraða,

5. Mach-tölu þegar hraðatakmarkanir eru gefnar þannig upp og

6. skrið, að því er varðar flóknar, vélknúnar flugvélar.

b) Flugvélar, sem starfræktar eru við sjónflugsskilyrði að nóttu, skulu, til viðbótar við ákvæði a-liðar, hafa:

1. búnað sem mælir og sýnir eftirfarandi:

i. beygju og skrið,

ii. horf loftfars,

iii. stig- og fallhraða og

iv. stöðuga stefnu,

2. búnað sem sýnir þegar aflgjafi snúðumælitækjanna er ekki í lagi.

c) Flóknar, vélknúnar flugvélar, sem eru starfræktar við sjónflugsskilyrði yfir vatni og án þess að land sé í sjónmáli, skulu, til viðbótar við a- og b-lið, hafa búnað til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfinu vegna vatnsþéttingar eða ísingar.

d) Flugvélar, sem starfræktar eru við skilyrði þar sem ekki er hægt að halda þeim á æskilegri flugslóð án þess að styðjast við eitt eða fleiri viðbótartæki, skulu, til viðbótar við a- og b-lið, hafa búnað til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfinu, sem krafist er í 4. lið a-liðar, vegna vatnsþéttingar eða ísingar.

e) Þegar gerð er krafa um tvo flugmenn í flugi skulu flugvélar einnig vera búnar aðskildum viðbótarbúnaði sem sýnir eftirfarandi:

1. málþrýstingshæð,
2. sýndan flughraða,
3. skrið eða beygju og skrið, eftir því sem við á,
4. horf loftfars, ef við á,
5. stig- og fallhraða, ef við á,
6. stöðuga stefnu, ef við á, og
7. Mach-tölu þegar hraðatakmarkanir eru gefnar þannig upp, ef við á.

SPO.IDE.A.125 Starfræksla samkvæmt blindflugsreglum — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Flugvélar, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum, skulu hafa:

a) búnað sem mælir og sýnir eftirfarandi:

1. segulstefnu,
2. tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,
3. málþrýstingshæð,
4. sýndan flughraða,
5. stig- og fallhraða,
6. beygju og skrið,
7. horf loftfars,
8. stöðuga stefnu,
9. lofthita utan flugvélarinnar og
10. Mach-tölu þegar hraðatakmarkanir eru gefnar þannig upp,

b) búnað sem sýnir þegar aflgjafi snúðumælitækjanna er ekki í lagi.

c) þegar gerð er krafa um tvo flugmenn í flugi skal annar vera aðskilinn búnaður í vinnureit aðstoðarflugmanns sem sýnir eftirfarandi:

1. málþrýstingshæð,
2. sýndan flughraða,
3. stig- og fallhraða,

4. beygju og skrið,

5. horf loftfars,

6. stöðuga stefnu og

7. Mach-tölu þegar hraðatakmarkanir eru gefnar þannig upp, ef við á,

d) búnað til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfum, sem krafist er í 4. lið a-liðar og 2. lið c-liðar, vegna vatnsþéttingar eða ísingar og

e) flóknar, vélknúnar flugvélar, sem eru starfræktar eftir blindflugsreglum, skulu, til viðbótar við a-, b-, c- og d-lið, vera búnar:

1. varakerfi sem gengur fyrir öðrum kyrruþrýstingsgjafa,

2. kortahaldara sem er staðsettur þannig að auðvelt sé að lesa á kortin og hægt að lýsa hann upp þegar flogið er að nóttu til,

3. öðrum sjálfstæðum búnaði, sem mælir og sýnir hæð, nema hann sé þegar fyrir hendir til að uppfylla ákvæði 1.liðar e-liðar og

4. neyðaraflgjafa, sem er óháður aðalrafkerfinu, í þeim tilgangi að starfrækja og lýsa upp sjónbaugskerfi í a.m.k. 30 mínútur. Neyðaraflgjafinn skal fara í gang sjálfkrafa þegar allsherjarbilun verður í aðalrafkerfinu og það skal koma skýrt fram á mælinum að sjónbaugurinn gangi fyrir neyðarafli.

SPO.IDE.A.126 Viðbótarbúnaður fyrir flug þegar einn flugmaður er í áhöfn og flogið er eftir blindflugsreglum

Flóknar, vélknúnar flugvélar, sem starfræktar eru í einstjórnarumhverfi samkvæmt blindflugsreglum, skulu búnar sjálfstýringu með a.m.k. hæðarhafti og stefnustýringu.

SPO.IDE.A.130 Landslagsgreiningarkerfi

Flugvélar, knúnar hverfihreyflum, með skráðan hámarksmassa, sem er meiri en 5 700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fleiri en níu, skulu búnar landslagsgreiningarkerfi sem uppfyllir kröfur um:

a) búnað í A-flokki, eins og tilgreint er í samþykktum staðli, ef um er að ræða flugvélar sem hafa sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn eftir 1. janúar 2011, eða

b) búnað í B-flokki, eins og tilgreint er í samþykktum staðli, ef um er að ræða flugvélar sem hafa sérstakt lofthæfivottorð sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2011 eða fyrr.

SPO.IDE.A.131 Árekstrarvarakerfi í flugi II (ACAS II)

Nema kveðið sé á um annað í Reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 skulu flugvélar, sem knúnar eru hverfihreyflum, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5 700 kg, hafa árekstrarvarakerfi í flugi II (ACAS II).

SPO.IDE.A.132 Veðurratsjá í loftfari — flóknar, vélknúnar flugvélar

Eftirfarandi flugvélar skulu búnar veðurratsjá þegar þær eru starfræktar að nóttu til eða við blindflugsskilyrði á svæðum þar sem búast má við þrumuveðri á leiðinni eða öðrum veðurskilyrðum sem geta orðið hættuleg og teljast sjáanleg í veðurratsjá:

a) flugvélar með jafnþrýstibúnaði,

b) flugvélar án jafnþrýstibúnaðar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5 700 kg.

SPO.IDE.A.133 Viðbótarbúnaður fyrir flug að nóttu til í ísingu — flóknar, vélknúnar flugvélar

a) Flugvélar, sem starfræktar eru að nóttu til við skilyrði þar sem vitað er um ísingu eða búist er við henni, skulu hafa búnað til að lýsa upp eða greina ísmyndun.

b) Búnaður, sem notaður er til að lýsa upp ísmyndun, skal ekki valda glampa eða endurspeglun sem myndi trufla flugliða við skyldustörf sín.

SPO.IDE.A.135 Talkerfi flugáhafnar

Flugvélar, sem starfræktar eru af fleiri en einum flugliða, skulu búnar talkerfi fyrir flugliðana með heyrnartólum og hljóðnemum sem öllum flugliðum er ætlað að nota.

SPO.IDE.A.140 Hljóðriti

a) Eftirtaldar flugvélar skulu búnar hljóðrita:

1. flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 27 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem fyrst var gefið út 1. janúar 2016 eða síðar, og

2. flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 2 250 kg:

i. með vottun fyrir starfrækslu með minnst tvo flugmenn í áhöfn,

ii. búnar þotuhreyfli/-hreyflum eða fleiri en einum skrúfuþotuhreyfli og

iii. sem hafa tegundarvottorð sem var gefið út í fyrsta sinn 1. janúar 2016 eða síðar.

b) Hljóðriti skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu tvær klukkustundirnar.

c) Hljóðritinn skal skrá og tímasetja:

1. send og móttekin talfjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2. talfjarskipti flugliða um talkerfið og almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp,

3. öll hljóð í stjórnklefa, auk órofinna hljóðmerkja frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum, sem eru í notkun, og

4. radd- eða hljóðmerki, sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara.

d) Hljóðritinn skal fara sjálfkrafa í gang áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

e) Til viðbótar við d-lið skal hljóðritinn byrja skráningu, eins fljótt og unnt er, ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa strax eftir að hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

f) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

SPO.IDE.A.145 Ferðriti

a) Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, og með sérstakt lofthæfivottorð, sem fyrst var gefið út 1. janúar 2016 eða síðar, skulu búnar stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og felur í sér kerfi svo auðvelt sé að sækja gögnin í geymslumiðilinn.

b) Ferðritinn skal skrá þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða nákvæmlega flugslóð flugvélar, hraða hennar, klifur eða lækkun afstöðu, hreyfilafl, flugham og starfrækslu og skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 klukkustundirnar.

c) Gögn skulu fengin úr tækjum flugvélarinnar þannig að unnt sé að bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugliðum.

d) Ferðritinn skal hefja skráningu gagna sjálfkrafa áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og hætta skráningu sjálfkrafa þegar vélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

e) Í ferðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

SPO.IDE.A.150 Skráning gagnatenginga

a) Í flugvélum með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2016 eða síðar, þar sem notuð eru fjarskipti um gagnatengingu og krafa gerð um hljóðrita, skal eftir atvikum skrá eftirfarandi með upptökutæki:

1. fjarskiptaboð um gagnatengingu, sem tengjast fjarskiptum við flugumferðarþjónustu til flugvélarinnar og frá henni, þ.m.t. skilaboð í tengslum við eftirfarandi:

   i. til að hefja fjarskipti um gagnatengingu,

   ii. samskipti flugumferðarstjóra og flugmanns,

   iii. samningsháða kögun (e. *addressed surveillance*),

   iv. flugupplýsingar,

   v. kögun fyrir útvörpun úr loftfari (e. *aircraft broadcast surveillance*), eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingar kerfisins,

   vi. gögn um flugrekstrarstjórn loftfarsins, eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingar kerfisins, og

   vii. myndræna útfærslu, eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingu kerfisins,

2. upplýsingar, sem gera það unnt að bera saman skráningar á fjarskiptum um gagnatengingu og skráningar, sem eru geymdar annars staðar en í flugvélinni, og

3. upplýsingar um tímalengd og forgang fjarskiptaboða um gagnatengingu, með tilliti til uppbyggingar kerfisins.

b) Upptökutækið skal skrá og varðveita gögn og upplýsingar með stafrænum hætti og nota kerfi svo auðvelt sé að sækja þessi gögn. Skráningaraðferðin skal vera þannig að hægt sé að bera gögnin saman við gögnin sem skráð eru á jörðu niðri.

c) Upptökutækið skal geta geymt gögnin, sem hann skráði, í a.m.k. jafnlangan tíma og sett er fram fyrir hljóðrita í SPO.IDE.A.140.

d) Í upptökutækinu skal vera búnaður sem auðveldar leit að því í vatni.

e) Sömu kröfur gilda um gangsetningu og stöðvun upptökutækisins og um gangsetningu og stöðvun hljóðrita í samræmi við d- og e-lið SPO.IDE.A.140.

SPO.IDE.A.155 Sambyggður flugriti

Hægt er að uppfylla kröfur, sem gilda um hljóðrita og ferðrita, með:

a) einum flugrita, sem sambyggður er úr ferðrita og hljóðrita, ef flugvélin á að hafa hljóðrita eða ferðrita eða

b) tveimur sambyggðum flugritum ef flugvélin verður að vera búin hljóðrita og ferðrita.

SPO.IDE.A.160 Sæti, öryggisbelti og festibúnaður

Flugvélar skulu búnar eftirfarandi:

a) sæti eða vinnureit fyrir hvern flugverja eða sérfræðing í sérhæfðum verkefnum um borð,

b) sætisbelti fyrir hvert sæti og festingar fyrir hvern vinnureit,

c) sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols á hverju sæti flugliða, sem hægt er að losa með einu átaki, nema einfaldar, vélknúnar flugvélar.

d) að því er varðar flóknar, vélknúnar flugvélar, sætisbelti með festibúnaði sem sjálfkrafa heldur efri hluta bols þess sem situr í sætinu við snögga hraðlækkun, sem hægt er að losa með einu átaki:

1. fyrir hvert sæti flugliða og sæti hjá flugmannssætinu og

2. fyrir hvert áhorfendasæti í stjórnklefa.

SPO.IDE.A.165 Sjúkrakassi

a) Flugvélar skulu búnar sjúkrakassa.

b) Sjúkrakassi skal:

1. geymdur þar sem auðvelt er að ná til hans og

2. yfirfarinn reglulega svo hann sé ávallt tilbúinn til notkunar.

SPO.IDE.A.170 Viðbótarsúrefni — flugvélar með jafnþrýstibúnaði

a) Flugvélar með jafnþrýstibúnaði, sem starfræktar eru í flughæð þar sem þörf er á súrefnisbirgðum í samræmi við b-lið, skulu hafa búnað til að geyma og gefa af þeim súrefnisbirgðum sem gerð er krafa um.

b) Flugvélar með jafnþrýstibúnaði, sem starfræktar eru í flughæð þar sem málþrýstingshæð í farþegarými er yfir 10 000 fet, skulu hafa nægilegt magn af súrefni til öndunar til að sjá öllum flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum fyrir súrefni í a.m.k.:

1. þann tíma sem inniþrýstingshæð fer yfir 15 000 feta hæð en þó aldrei skemur en í 10 mínútur,

2. þann tíma sem málþrýstingshæð í stjórnklefa og farþegarými er á bilinu 14 000–15 000 fet ef loftþrýstingur fellur og að teknu tilliti til aðstæðna flugsins,

3. lengur en í 30 mínútur þegar málþrýstingshæð í stjórnklefa og farþegarými er á bilinu 10 000–14 000 fet og

4. í a.m.k. 10 mínútur, ef um er að ræða flugvélar sem starfræktar eru í málþrýstingshæð fyrir ofan 25 000 fet eða starfræktar undir þeirri hæð en við skilyrði sem gera þeim ekki kleift að lækka flug sitt örugglega niður í 13 000 feta málþrýstingshæð á innan við fjórum mínútum.

c) Flugvélar með jafnþrýstibúnaði, sem starfræktar eru í flughæð fyrir ofan 25 000 fet, skulu að auki hafa:

1. búnað sem gefur flugliðum viðvörun við þrýstingsmissi og

2. ef um er að ræða flóknar, vélknúnar flugvélar, grímur fyrir flugliða sem unnt er að setja á sig í skyndingu.

SPO.IDE.A.175 Viðbótarsúrefni — flugvélar án jafnþrýstibúnaðar

a) Flugvélar án jafnþrýstibúnaðar, sem starfræktar eru í flughæð þar sem krafa er gerð um súrefnisbirgðir í samræmi við b-lið, skulu hafa búnað til að geyma og gefa af þeim súrefnisbirgðum sem gerð er krafa um.

b) Flugvélar án jafnþrýstibúnaðar, sem starfræktar eru fyrir ofan þá flughæð þar sem málþrýstingshæð í farþegarými er yfir 10 000 fetum, skulu hafa nægilegt magn af súrefni til öndunar til að:

1. sjá öllum flugverjum fyrir súrefni þegar málþrýstingshæð í farþegarými er á bilinu 10 000–13 000 fet lengur en í 30 mínútur og

2. sjá öllum einstaklingum um borð fyrir súrefni þegar málþrýstingshæð í farþegarými er yfir 13 000 fetum.

c) Þrátt fyrir b-lið eru frávik leyfileg í tiltekinn tíma í 13 000–6 000 feta hæð án súrefnisbirgða í samræmi við b-lið SPO.OP.195

SPO.IDE.A.180 Handslökkvitæki

a) Flugvélar, að undanskildum ferðavélsvifflugum og ELA1-flugvélum, skulu búnar a.m.k. einu handslökkvitæki:

1. í stjórnklefa og

2. í hverju farþegarými, sem er aðskilið frá stjórnklefa, nema flugliðar nái auðveldlega til rýmisins.

b) Tegund og magn slökkviefnis fyrir slökkvitækin, sem skylt er að hafa um borð, skal henta fyrir þá elda sem líklegir eru til að koma upp í klefanum þar sem nota á slökkvitækið og til að draga sem mest úr líkum á að eitrað gas safnist fyrir í þeim rýmum þar sem fólk er.

SPO.IDE.A.181 Neyðaraxir og kúbein


Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, skulu búnar a.m.k. einni neyðaröxi eða kúbeini sem geymt er í stjórnklefa.

SPO.IDE.A.185 Merking rofstaða á bol

Ef á bol flugvélar eru merktir staðir, sem heppilegt er fyrir björgunarmenn að rjúfa gat á í neyðartilvikum, skulu þeir merktir með þeim hætti sem sýndur er á mynd 1.

Mynd 1

Merking rofstaða á bol



SPO.IDE.A.190 Neyðarsendir

a) Flugvélar skulu búnar eftirfarandi:

1. neyðarsendi (ELT) af hvaða gerð sem er með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. júlí 2008 eða fyrr,

2. sjálfvirkum neyðarsendi, ef sérstakt lofthæfivottorð var gefið út í fyrsta inn eftir 1. júlí 2008 eða

3. neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) eða neyðarsendi fyrir einstaklinga (PLB), sem flugverji ber á sér eða sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum, ef flugvélin hefur skráðan hámarksfjölda í sætafyrirkomulagi fyrir sex eða færri.

b) Neyðarsendar af hvaða gerð sem er og neyðarsendar fyrir einstaklinga (PLB) skulu geta sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni.

SPO.IDE.A.195 Flug yfir hafi eða vatni

a) Eftirfarandi flugvélar skulu búnar björgunarvesti fyrir hvern einstakling um borð sem skal klæðast eða geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast það úr sæti eða vinnureit þess sem þau eru ætluð:

1. eins hreyfils landflugvélar:

   i. sem fljúga á flugleið yfir hafi eða vatni fjær landi en svo að ná megi til lands í renniflugi eða

   ii. sem hefja sig á loft eða lenda á flugvelli eða starfrækslusvæði þar sem flugstjóri metur það svo að flugtaks- eða aðflugsslóðin liggi þannig yfir vatni að líklegt sé á að vélin geti þurft að nauðlenda á vatni,

2. lagarflugvélar, sem flogið er yfir hafi eða vatni, og

3. flugvélar, sem flogið er lengra frá landi þar sem mögulegt er að nauðlenda en sem nemur 30 mínútum á eðlilegum farflugshraða eða 50 sjómílum, hvort sem er styttra.

b) Sérhvert björgunarvesti skal hafa raflýsingu til að auðvelda leit að fólki.

c) Lagarflugvélar, sem flogið er yfir hafi eða vatni, skulu búnar:

1. rekakkeri og öðrum búnaði til að auðveldara sé að leggjast við legufæri eða akkeri eða stýra flugvélinni á vatni, með hliðsjón af stærð, þyngd og stjórnunareiginleikum þess, og

2. tæki til að gefa frá sér hljóðmerki, sem kveðið er á um í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þegar það á við.

d) Flugstjóri á flugvél, sem flogið er lengra frá landi þar sem mögulegt er að nauðlenda en sem nemur 30 mínútum á eðlilegum farflugshraða eða 50 sjómílum, hvort sem er styttra, skal meta áhættuna sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í flugvélinni lifi af nauðlendingu á vatni og út frá því skal hann ákvarða hvort flugvélin skuli hafa:

1. búnað til að senda frá sér neyðarmerki,

2. nægilega marga björgunarbáta til að rúma alla um borð, sem skulu geymdir þannig að þeir séu auðveldlega tiltækir í neyðarástandi, og

3. björgunarbúnað, þ.m.t. lífsviðhaldsbúnað sem hentar fyrir það flug sem fyrirhugað er hverju sinni.

SPO.IDE.A.200 Búnaður til að lifa af

a) Flugvél, sem starfrækt er yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, skal hafa:

1. búnað til að senda frá sér neyðarmerki,

2. a.m.k. einn neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) og

3. viðbótarbúnað til að lifa af slys miðað við fyrirhugaða flugleið og með hliðsjón af fjölda manna sem er um borð.

b) Þó þarf viðbótarbúnaðurinn til að lifa af slys, sem tilgreindur er í 3. lið a-liðar, ekki að vera um borð ef flugvélin:

1. er í fjarlægð sem er ekki meiri en svo til svæðis, sem er ekki mjög erfitt til leitar og björgunar, að svari til:

i. 120 mínútna flugs á farflugshraða með einn hreyfil óstarfhæfan, ef um er að ræða flugvél, sem getur haldið flugi áfram til flugvallar þótt markhreyfill eða -hreyflar verði óstarfhæfir einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið, eða

ii. 30 mínútna flugs á farflugshraða þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða eða

2. er ekki fjær en svarar til 90 mínútna flugs á farflugshraða til svæðis, sem hentar til nauðlendingar, ef um er að ræða flugvélar með vottun samkvæmt viðeigandi lofthæfisstaðli.

SPO.IDE.A.205 Hlífðarbúnaður einstaklinga

Sérhver einstaklingur um borð skal bera þann hlífðarbúnað sem er fullnægjandi fyrir þá tegund starfrækslu sem fer fram.

SPO.IDE.A.210 Heyrnartól

a) Flugvélar skulu búnar heyrnartólum með hljóðnema eða jafngildum búnaði fyrir hvern flugliða við vinnureit þeirra í stjórnklefa.

b) Flugvélar, sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til, skulu búnar sendihnappi á stýrishjóli hvers flugliða, sem skylt er að hafa um borð, til að stjórna kinki og veltu.

SPO.IDE.A.215 Fjarskiptabúnaður

a) Flugvélar, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til, eða þegar viðeigandi loftrýmiskröfur kveða á um það, skulu búnar fjarskiptabúnaði sem skal, við eðlilega útbreiðslu útvarpsbylgna:

1. geta haldið uppi gagnkvæmum fjarskiptum við flugturn,

2. geta tekið við veðurupplýsingum hvenær sem er meðan á flugi stendur,

3. geta haldið uppi gagnkvæmum fjarskiptum hvenær sem er meðan á flugi stendur við þær flugfjarskiptastöðvar og á þeirri tíðni sem hlutaðeigandi yfirvöld hafa ákveðið og

4. vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins 121,5 MHz.

b) Þegar þörf er á fleiri en einum fjarskiptabúnaði skal hver þeirra vera óháður hinum þannig að bilun eins þeirra valdi ekki bilun annars.

SPO.IDE.A.220 Leiðsögutæki

a) Flugvélar skulu búnar leiðsögutækjum sem gerir þeim kleift að halda flugi áfram í samræmi við:

1. flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, ef við á, og

2. viðeigandi loftrýmiskröfur.

b) Flugvélar skulu vera nægilega búnar leiðsögutækjum til að tryggja að ef einn hluti tækjanna bilar á einhverju stigi flugsins geti tækin, sem eftir eru, veitt flugvélinni örugga leiðsögu í samræmi við a-lið eða gert kleift að ljúka viðeigandi viðbragðsaðgerð með öruggum hætti.

c) Flugvél í flugi, þar sem áætlað er að lenda við blindflugsskilyrði, skal nægilega búin tækjum sem geta veitt leiðsögu til staðar þaðan sem hægt er að lenda úr sjónaðflugi. Þessi tæki skulu geta veitt slíka leiðsögu fyrir hvern flugvöll, sem fyrirhugað er að lenda á við blindflugsskilyrði, og fyrir alla tilgreinda varaflugvelli.

SPO.IDE.A.225 Ratsjársvari

Þegar þess er krafist í loftrýminu, sem flogið er í, skulu flugvélar búnar ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er.

2. ÞÁTTUR

Þyrlur

SPO.IDE.H.100 Mælitæki og búnaður — almennt

a) Mælitæki og búnaður, sem gerð er krafa um í þessum kafla, skulu samþykkt í samræmi við viðeigandi kröfur um lofthæfi ef þau eru:

1. notuð af flugliðum til að stjórna flugslóð,

2. notuð til að uppfylla kröfur SPO.IDE.H.215,

3. notuð til að uppfylla kröfur SPO.IDE.H.220 eða

4. uppsett í þyrlunni.

b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1. vasaljósum,

2. nákvæmri klukku,

3. kortahaldara,

4. sjúkrakassa,

5. búnaði til að lifa af og merkjabúnaði og

6. rekakkeri og búnaði til að liggja við legufæri.

c) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt öðrum gildandi viðaukum, en er hafður með í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi:

1. upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða SPO.IDE.H.215 og SPO.IDE.H.220 og

2. mælitækin og búnaðurinn skal ekki hafa áhrif á lofthæfi þyrlunnar, jafnvel ef um er að ræða bilun eða ólag.

d) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá vinnureit þess flugliða sem þarf að nota þau.

e) Mælitækjum, sem flugliði þarf að nota, skal komið þannig fyrir að hann geti hæglega lesið af þeim úr sæti sínu með því að víkja sem minnst frá þeirri stöðu og sjónlínu sem hann venjulega hefur þegar hann horfir fram flugslóðina.

f) Greiður aðgangur skal vera að öllum nauðsynlegum neyðarbúnaði til tafarlausrar notkunar.

SPO.IDE.H.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum þyrlunnar, búnaðar hennar eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi eða vantar nema:

a) þyrlan sé starfrækt samkvæmt lista yfir lágmarksbúnað (MEL), ef hann er fyrir hendi,

b) að því er varðar flóknar, vélknúnar þyrlur og allar þyrlur, sem eru starfræktar í ábataskyni, flugrekandinn hafi samþykki lögbærs yfirvalds til þess að starfrækja þyrluna innan marka grunnlistans yfir lágmarksbúnað (MMEL) eða

c) þyrlan hafi flugleyfi sem gefið er út í samræmi við gildandi kröfur um lofthæfi.

SPO.IDE.H.115 Vinnuljós

Þyrlur, sem starfræktar eru að nóttu til, skulu búnar:

a) blikljósakerfi,

b) siglingaljósum,

c) lendingarljósi,

d) ljósum, sem fá rafmagn frá rafkerfi þyrlunnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað, sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu þyrlunnar,

e) ljósum sem fá rafmagn frá rafkerfi þyrlunnar og lýsa upp alla farþegaklefa,

f) vasaljósum fyrir hvern vinnureit flugverja og

g) ljósum, samkvæmt alþjóðareglum, til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, ef þyrluna má nota jafnt á landi og í vatni.

SPO.IDE.H.120 Flug samkvæmt sjónflugsreglum — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

a) Þyrlur, sem starfræktar eru samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, skulu hafa búnað til að mæla og sýna eftirfarandi:

1. segulstefnu,

2. tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

3. málþrýstingshæð,

4. sýndan flughraða og

5. skrið.

b) Þyrlur, sem eru starfræktar við sjónflugsskilyrði yfir vatni eða hafi og án þess að land sé í sjónmáli eða við sjónflugsskilyrði að nóttu til, skulu, til viðbótar við a-lið, hafa:

1. búnað sem mælir og sýnir:

i. horf loftfars,

ii. stig- og fallhraða og

iii. stöðuga stefnu,

2. búnað, sem sýnir þegar aflgjafi snúðumælitækjanna er ekki í lagi, og

3. að því er varðar flóknar, vélknúnar þyrlur, búnað til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfinu, sem krafist er í 4. lið a-liðar, vegna vatnsþéttingar eða ísingar.

c) Þyrlur, sem starfræktar eru þegar skyggni er minna en 1500 m eða við skilyrði þar sem ekki er hægt að halda þeim á æskilegri flugslóð án þess að notast við eitt viðbótartæki eða fleiri, skulu, til viðbótar við a- og b-lið, hafa búnað til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfinu, sem krafist er í 4. lið a-liðar, vegna vatnsþéttingar eða ísingar.

d) Þegar gerð er krafa um tvo flugmenn í flugi skal einnig vera aðskilinn búnaður í þyrlum sem sýnir:

1. málþrýstingshæð,

2. sýndan flughraða,

3. skrið.

4. horf loftfars, ef við á,

5. stig- og fallhraða, ef við á, og

6. stöðuga stefnu, ef við á.

SPO.IDE.H.125 Starfræksla samkvæmt blindflugsreglum — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Þyrlur, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum, skulu hafa:

a) búnað sem mælir og sýnir:

1. segulstefnu,

2. tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

3. málþrýstingshæð,

4. sýndan flughraða,

5. stig- og fallhraða,

6. skrið,

7. horf loftfars,

8. stöðuga stefnu og

9. lofthita utan þyrlunnar,

b) búnað sem sýnir þegar aflgjafi snúðumælitækjanna er ekki í lagi,

c) þegar gerð er krafa um tvo flugmenn í flugi, skal vera annar aðskilinn búnaður sem sýnir:

1. málþrýstingshæð,

2. sýndan flughraða,

3. stig- og fallhraða,

4. skrið,

5. horf loftfars og

6. stöðuga stefnu,

d) búnað til að koma í veg fyrir truflanir í hraðamælakerfum, sem krafist er í 4. lið a-liðar og 2. lið c-liðar, vegna vatnsþéttingar eða ísingar,

e) viðbótarbúnað til að mæla og sýna horf loftfars sem varakerfi og

f) eftirfarandi, að því er varðar flóknar, vélknúnar þyrlur:

1. varakerfi, sem gengur fyrir öðrum kyrruþrýstingsgjafa, og

2. kortahaldara sem er staðsettur þannig að auðvelt sé að lesa á kortin og hægt að lýsa hann upp þegar flogið er að nóttu til.

SPO.IDE.H.126 Viðbótarbúnaður fyrir flug þegar einn flugmaður er í áhöfn og flogið er eftir blindflugsreglum

Þyrlur, sem starfræktar eru í einstjórnarumhverfi samkvæmt blindflugsreglum, skulu búnar sjálfstýringu með a.m.k. hæðarhafti og stefnustýringu.

SPO.IDE.H.132 Veðurratsjá í loftfari — flóknar, vélknúnar þyrlur

Þyrlur, sem flogið er eftir blindflugsreglum eða að nóttu til, skulu búnar veðurratsjá í loftfari þegar nýjasta veðurlýsingin gefur til kynna að á fyrirhugaðri flugleið megi búast við þrumuveðri eða öðrum veðurskilyrðum sem teljast sjáanleg í veðurratsjá og geta orðið hættuleg.

SPO.IDE.H.133 Viðbótarbúnaður fyrir flug að nóttu til í ísingu — flóknar, vélknúnar þyrlur

a) Þyrlur, sem starfræktar eru að nóttu til við skilyrði þar sem vitað er um ísingu eða búist er við henni, skulu hafa búnað til að lýsa upp eða greina ísmyndun.

b) Búnaður, sem notaður er til að lýsa upp ísmyndun, skal ekki valda glampa eða endurspeglun sem myndi trufla flugliða við skyldustörf sín.

SPO.IDE.H.135 Talkerfi flugáhafnar

Þyrlur, sem starfræktar eru af fleiri en einum flugliða, skulu búnar talkerfi fyrir flugliðana með heyrnartólum og hljóðnemum sem öllum flugliðum er ætlað að nota.

SPO.IDE.H.140 Hljóðriti

a) Þyrlur með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 7 000 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem fyrst var gefið út 1. janúar 2016 eða síðar, skulu búnar hljóðrita.

b) Hljóðriti skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu tvær klukkustundirnar.

c) Hljóðritinn skal skrá og tímasetja:

1. send og móttekin talfjarskipti um talstöð í stjórnklefa,

2. talfjarskipti flugliða um talkerfið og almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp,

3. öll hljóð í stjórnklefa, auk órofinna hljóðmerkja frá öllum hljóðnemum áhafnar og

4. radd- eða hljóðmerki, sem auðkenna leiðsöguvirki eða aðflugstæki, sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara.

d) Hljóðritinn skal fara sjálfkrafa í gang áður en þyrlan hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og þyrlan hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.

e) Til viðbótar við d-lið skal hljóðritinn byrja skráningu, eins fljótt og unnt er, ef rafafl er tiltækt, meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa strax eftir að hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

f) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

SPO.IDE.H.145 Ferðriti

a) Þyrlur með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 3 175 kg og með sérstakt lofthæfivottorð, sem fyrst var gefið út 1. janúar 2016 eða síðar, skulu búnar stafrænum ferðrita sem skráir og varðveitir gögn og felur í sér kerfi svo auðvelt sé að sækja gögnin í geymslumiðilinn.

b) Ferðritinn skal skrá þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða nákvæmlega flugslóð þyrlunnar, hraða hennar, horf, hreyfilafl, flugham og starfrækslu og skal a.m.k. geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 10 klst.

c) Gögn skulu fengin beint úr tækjum þyrlunnar þannig að unnt sé bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugliðum.

d) Ferðritinn skal hefja sjálfvirka skráningu gagna áður en þyrlan getur hreyfst fyrir eigin afli og sjálfkrafa hætta skráningu þegar þyrlan getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

e) Í ferðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

SPO.IDE.H.150 Skráning gagnatenginga

a) Í þyrlum með sérstakt lofthæfivottorð, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. janúar 2016 eða síðar, þar sem notuð eru fjarskipti um gagnatengingu og krafa gerð um hljóðrita, skal eftir atvikum skrá eftirfarandi með upptökutæki:

1. fjarskiptaboð um gagnatengingu, sem tengjast fjarskiptum við flugumferðarþjónustu til og frá þyrlunni, þ.m.t. skilaboð í tengslum við eftirfarandi:
   i. til að hefja fjarskipti um gagnatengingu,
   ii. samskipti flugumferðarstjóra og flugmanns,
   iii. samningsháða kögun (e. *addressed surveillance*),
   iv. flugupplýsingar,
   v. kögun fyrir útvörpun úr loftfari (e. *aircraft broadcast surveillance*), eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingar kerfisins,
   vi. gögn um flugrekstrarstjórn loftfarsins, eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingar kerfisins og
   vii. myndræna útfærslu, eftir því sem það er mögulegt, með tilliti til uppbyggingu kerfisins,
2. upplýsingar, sem gera það unnt að bera saman skráningar á fjarskiptum um gagnatengingu og skráningar sem eru geymdar annars staðar en í þyrlunni, og
3. upplýsingar um tímalengd og forgang fjarskiptaboða um gagnatengingu, með tilliti til uppbyggingar kerfisins.

b) Upptökutækið skal skrá og varðveita gögn og upplýsingar með stafrænum hætti og nota kerfi svo auðvelt sé að sækja þessi gögn. Skráningaraðferðin skal vera þannig að hægt sé að bera gögnin saman við gögnin sem skráð eru á jörðu niðri.

c) Upptökutækið skal geta geymt gögnin, sem hann skráði, í a.m.k. jafn langan tíma og sett er fram fyrir hljóðrita í SPO.IDE.H.140.

d) Í upptökutækinu skal vera búnaður sem auðveldar leit að því í vatni.

e) Sömu kröfur gilda um gangsetningu og stöðvun upptökutækisins og um gangsetningu og stöðvun hljóðrita í samræmi við d- og e-lið SPO.IDE.H.140.

SPO.IDE.H.155 Sambyggður flugriti

Kröfur um hljóðrita og ferðrita er hægt að uppfylla með því að nota einn sambyggðan flugrita.

SPO.IDE.H.160 Sæti, öryggisbelti og festibúnaður

a) Þyrlur skulu búnar:

1. sæti eða vinnureit fyrir hvern flugverja eða sérfræðing í sérhæfðum verkefnum um borð,

2. sætisbelti fyrir hvert sæti og festingar fyrir hvern vinnureit,

3. sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols fyrir hvert sæti, fyrir þyrlur með sérstakt lofthæfivottorð, sem fyrst var gefið út eftir 31. desember 2012,

4. sætisbelti í hverju sæti flugliða sem sjálfkrafa heldur efri hluta bols þess sem situr í sætinu við snögga hraðlækkun.

b) Sætisbelti með festibúnað fyrir efri hluta bols skal vera hægt að losa með einu átaki.

SPO.IDE.H.165 Sjúkrakassi

a) Þyrlur skulu búnar sjúkrakassa.

b) Sjúkrakassi skal:

1. geymdur þar sem auðvelt er að ná til hans og

2. yfirfarinn reglulega svo hann sé ávallt tilbúinn til notkunar.

SPO.IDE.H.175 Viðbótarsúrefni — þyrlur án jafnþrýstibúnaðar

a) Þyrlur án jafnþrýstibúnaðar, sem starfræktar eru í flughæð þar sem krafa er gerð um súrefnisbirgðir í samræmi við b-lið, skulu hafa búnað til að geyma og gefa af þeim súrefnisbirgðum sem gerð er krafa um.

b) Þyrlur án jafnþrýstibúnaðar, sem starfræktar eru fyrir ofan þá flughæð þar sem málþrýstingshæð í farþegarými er yfir 10 000 fetum, skulu hafa nægilegt magn af súrefni til öndunar til að:

1. sjá öllum flugverjum fyrir súrefni þegar málþrýstingshæð í farþegarými er á bilinu 10 000–13 000 fet lengur en í 30 mínútur og

2. sjá öllum flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum fyrir súrefni þegar málþrýstingshæð í farþegarými er yfir 13 000 fetum.

c) Þrátt fyrir b-lið eru frávik í tiltekinn tíma leyfileg í 13 000–16 000 feta hæð án súrefnisbirgða í samræmi við b-lið SPO.OP.195.

SPO.IDE.H.180 Handslökkvitæki

a) Þyrlur, að ELA2-þyrlum undanskildum, skulu búnar a.m.k. einu handslökkvitæki:

1. í stjórnklefa og

2. í hverju farþegarými, sem er aðskilið frá stjórnklefa, nema flugliðar nái auðveldlega til rýmisins.


b) Tegund og magn slökkviefnis fyrir slökkvitækin, sem skylt er að hafa um borð, skal henta fyrir þá elda sem líklegir eru til að koma upp í klefanum þar sem nota á slökkvitækið og til að draga sem mest úr líkum á að eitrað gas safnist fyrir í þeim rýmum þar sem fólk er.

SPO.IDE.H.185 Merking rofstaða á bol

Ef á bol þyrlunnar eru merktir staðir sem heppilegt er fyrir björgunarmenn að rjúfa gat á í neyðartilvikum, skulu þeir merktir með þeim hætti sem sýndur er á mynd 1.

Mynd 1

Merking rofstaða á bol



SPO.IDE.H.190 Neyðarsendir

a) Þyrlur, sem hafa skráðan hámarksfjölda í sætafyrirkomulagi fyrir sex eða fleiri, skulu búnar:

1. sjálfvirkum neyðarsendi og

2. einum neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) í björgunarbát eða björgunarvesti þegar þyrlunni er flogið í fjarlægð frá landi sem svarar meira en þriggja mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða.

b) Þyrlur, sem hafa skráðan hámarksfjölda í sætafyrirkomulagi fyrir sex eða færri, skulu búnar neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) eða neyðarsendi fyrir einstaklinga (PLB) sem flugverji eða sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum hefur á sér.

c) Neyðarsendar af hvaða gerð sem er og neyðarsendar fyrir einstaklinga (PLB) skulu geta sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni.

SPO.IDE.H.195 Flug yfir vatni eða hafi — einfaldar, vélknúnar þyrlur

a) Þyrlur skulu búnar björgunarvesti fyrir hvern einstakling um borð, sem skal klæðast eða geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast það úr sæti eða vinnureit þess sem þau eru ætluð, þegar:

1. flogin er vegalengd yfir hafi eða vatni, sem er lengri en sem nemur vegalengd á sjálfsnúningi þyrils ef þyrlan nær ekki að halda láréttu flugi þegar bilun á sér stað í markhreyfli, eða

2. flogin er vegalengd yfir hafi eða vatni, sem samsvarar meira en 10 mínútum á eðlilegum farflugshraða, ef þyrlur ná að halda láréttu flugi þegar bilun á sér stað í markhreyfli eða

3. þegar þær hefja sig á loft eða lenda á flugvelli/starfrækslusvæði þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur yfir hafi eða vatni.

b) Sérhvert björgunarvesti skal hafa raflýsingu til að auðvelda leit að fólki.

c) Flugstjóri á þyrlu, sem flogið er yfir hafi eða vatni í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem nemur 30 mínútum á eðlilegum farflugshraða eða 50 sjómílum, hvort sem er styttra, skal meta áhættuna sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í þyrlunni lifi af nauðlendingu á vatni og út frá því skal hann ákvarða hvort þyrlan skuli hafa:

1. búnað til að senda frá sér neyðarmerki,

2. nægilega marga björgunarbáta til að rúma alla um borð sem skulu geymdir þannig að þeir séu auðveldlega tiltækir í neyðarástandi og

3. björgunarbúnað, þ.m.t. lífsviðhaldsbúnað, sem hentar fyrir það flug sem fyrirhugað er hverju sinni.

d) Flugstjórinn skal meta áhættuna, sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í þyrlunni lifi af nauðlendingu á vatni, þegar hann tekur ákvörðun um það hvort allir í þyrlunni skuli klæðast björgunarvestunum sem gerð er krafa um í a-lið.

SPO.IDE.H.197 Björgunarvesti — flóknar, vélknúnar þyrlur

a) Þyrlur skulu búnar björgunarvesti fyrir hvern einstakling um borð, sem skal klæðast eða geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast það úr sæti eða vinnureit þess sem þau eru ætluð, þegar:

1. flogið er yfir hafi eða vatni í fjarlægð frá landi, sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða, ef þyrla nær að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil,

2. flogið er yfir hafi eða vatni, sem er lengra frá landi en sem nemur vegalengd á sjálfsnúningi þyrils, ef þyrla nær ekki að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil, eða

3. hún hefur sig á loft eða lendir á flugvelli eða starfrækslusvæði, þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur yfir vatni, þannig að flugvélin geti þurft að nauðlenda á vatni ef óhapp verður.

b) Sérhvert björgunarvesti skal hafa raflýsingu til að auðvelda leit að fólki.

SPO.IDE.H.198 Björgunarbúningur — flóknar, vélknúnar þyrlur

Allir einstaklingar um borð skulu vera í björgunarbúningi þegar:

a) flogið er yfir hafi eða vatni í flugi, sem farið er til stuðnings starfrækslu á hafi úti, í meiri fjarlægð frá landi en sem svarar 10 mínútna flugtíma á eðlilegum farflugshraða, ef um er að ræða þyrlu sem nær að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil og þegar:

1. veðurlýsing eða veðurspár, sem flugstjórinn hefur aðgang að, gefa til kynna að hitastig sjávar verði undir 10°C meðan á flugi stendur eða

2. áætlaður tími björgunaraðgerða er lengri en sá tími sem áætlað er að einhver komist lífs af eða

b) flugstjórinn ákveður það á grundvelli áhættumats þar sem tekið er tillit til eftirfarandi skilyrða:

1. flug yfir hafi eða vatni, sem er lengra frá landi en sem nemur vegalengd sem flogin er á sjálfsnúningi þyrils eða lengra frá landi en svo að örugg nauðlending sé möguleg, ef þyrlur ná ekki að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil og

2. veðurlýsingar eða veðurspár, sem flugstjórinn hefur aðgang að, gefa til kynna að hitastig sjávar verði undir 10 °C meðan á flugi stendur.

SPO.IDE.H.199 Björgunarbátar, neyðarsendar fyrir þá sem komast af (ELT(S)) og búnaður til að lifa af í langflugi yfir haf eða vatn — flóknar, vélknúnar þyrlur

Þyrlur sem starfræktar eru:

a) yfir hafi eða vatni í meiri fjarlægð frá landi en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða ef þyrla nær að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil eða

b) yfir hafi eða vatni í meiri fjarlægð en sem svarar þriggja mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða ef þyrla nær ekki að halda láréttu flugi með bilaðan markhreyfil og ef flugstjórinn ákveður það á grundvelli áhættumats, skulu búnar:

1. a.m.k. einum björgunarbát, sem rúmar a.m.k. hámarksfjölda einstaklinga um borð, sem skal geymdur þannig að auðvelt sé að grípa hann til notkunar í neyðarástandi,

2. a.m.k. einum neyðarsendi fyrir þá sem komast af fyrir hvern tilskilinn björgunarbát og

3. björgunarbúnaði, þ.m.t. lífsviðhaldsbúnaði, og miðast sá búnaður við það flug sem fyrirhugað er hverju sinni.

SPO.IDE.H.200 Búnaður til að lifa af

Þyrlur, sem starfræktar eru yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, skulu búnar:

a) merkjabúnaði til að senda frá sér neyðarmerki,

b) a.m.k. einum neyðarsendi fyrir þá sem komast af (ELT(S)) og

c) viðbótarbúnaði til að lifa af slys miðað við fyrirhugaða flugleið og með hliðsjón af fjölda manna sem er um borð.

SPO.IDE.H.201 Viðbótarkröfur fyrir þyrlur sem fljúga á hafi úti á ótryggu hafsvæði — flóknar, vélknúnar þyrlur

Þyrlur sem fljúga á hafi úti á ótryggu hafsvæði, í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða skulu uppfylla eftirfarandi:

a) allir flugverjar og sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum um borð skulu vera í björgunarbúningum þegar veðurlýsing eða veðurspár, sem flugstjórinn hefur aðgang að, gefa til kynna að hitastig sjávar verði undir 10 °C meðan á flugi stendur eða þegar áætlaður tími björgunaraðgerða er lengri en sá tími sem áætlað er að einhver komist lífs af eða þegar áformað er að flugið fari fram að nóttu til,

b) allir björgunarbátar, sem hafðir eru um borð í samræmi við SPO.IDE.H.199, skulu staðsettir þannig að hægt sé að nota þá við sama sjólag og mat á eiginleikum þyrlunnar fór fram við með tilliti til nauðlendingar þyrlunnar á vatni, flotgetu hennar (e. *flotation*) og legu í vatni (e. *trim*) í því skyni að uppfylla vottunarkröfur um nauðlendingu á vatni,

c) þyrlan skal hafa búnað til neyðarlýsingar, sem fær afl frá sérstökum aflgjafa, til almennrar lýsingar í farþegarýminu til að auðvelda rýmingu þyrlunnar,

d) allir neyðarútgangar, þ.m.t. neyðarútgangar fyrir áhöfnina, og búnaðurinn til að opna þá, skulu merktir greinilega til að leiðbeina þeim sem eru um borð þegar þeir nota neyðarútgangana í dagsbirtu eða í myrkri; slíkar merkingar skulu hannaðar þannig að þær séu enn sýnilegar ef þyrlunni hvolfir og farþegarými fer í kaf,

e) allar hurðir, sem ekki er hægt að snögglosa, sem eru merktar sem neyðarútgangar vegna nauðlendingar á vatni, skulu hafa búnað sem gerir kleift að festa þær í opinni stöðu þannig að þær komi ekki í veg fyrir útgöngu farþega við sjólag upp að því hámarki sem krafist er þegar verið er að meta nauðlendingu á vatni og flotgetu,

f) allar hurðir, gluggar eða önnur op í farþegarýminu, sem fyrirhugað er að nota sem undankomuleiðir undir yfirborði vatns, skulu vera þannig að hægt sé að nota þau í neyðarástandi,

g) sérfræðingar í sérhæfðum verkefnum og flugverjar skulu ávallt vera í björgunarvestum, sem höfð eru um borð fyrir þá, nema viðkomandi sé í samþættum björgunarbúningi (e. *integrated survival suit*) sem uppfyllir samanlagðar kröfur um björgunarbúning og björgunarvesti.

SPO.IDE.H.202 Þyrlur sem hafa vottorð til starfrækslu á vatni — ýmis konar búnaður

Þyrlur, sem hafa vottorð til starfrækslu á vatni, skulu búnar:

a) rekakkeri og öðrum búnaði til að auðveldara sé að leggjast við legufæri eða akkeri eða stýra þyrlunni á vatni, með hliðsjón af stærð, þyngd og stjórnunareiginleikum þyrlunnar,

b) tæki til að gefa frá sér hljóðmerki, sem kveðið er á um í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þegar það á við.

SPO.IDE.H.203 Allar þyrlur í flugi yfir hafi eða vatni — nauðlending á vatni

Flóknar, vélknúnar þyrlur, sem flogið er yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða, og einfaldar, vélknúnar þyrlur, sem fljúga yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi sem er meira en 50 sjómílur frá landi, skulu:

a) hannaðar þannig að þær geti lent á vatni í samræmi við viðeigandi lofthæfireglur,

b) hafa vottorð til að nauðlenda á vatni í samræmi við viðeigandi lofthæfireglu, eða

c) hafa neyðarflotbúnað.

SPO.IDE.H.205 Hlífðarbúnaður einstaklinga

Sérhver einstaklingur um borð skal bera þann hlífðarbúnað sem er fullnægjandi fyrir þá tegund starfrækslu sem fer fram.

SPO.IDE.H.210 Heyrnartól

Þegar krafa er gerð um fjarskipta- og/eða fjarleiðsögukerfi skulu þyrlur búnar heyrnartólum með hljóðnema, eða jafngildi þess, sem og sendihnappi á stýri hvers flugmanns, flugverja og/eða sérfræðings í sérhæfðum verkefnum, sem krafist er í áhöfn, á vinnureit viðkomandi.

SPO.IDE.H.215 Fjarskiptabúnaður

a) Þyrlur, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum að nóttu til, eða þegar viðeigandi loftrýmiskröfur kveða á um það, skulu búnar fjarskiptabúnaði sem skal, við eðlilega útbreiðslu útvarpsbylgna:

   1. geta haldið uppi gagnkvæmum fjarskiptum við flugturn,

   2. geta tekið við veðurupplýsingum,

3. geta haldið uppi gagnkvæmum fjarskiptum, hvenær sem er, meðan á flugi stendur við þær flugfjarskiptastöðvar og á þeirri tíðni sem hlutaðeigandi yfirvöld hafa ákveðið og

4. vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins 121,5 MHz.

b) Þegar þörf er á fleiri en einum fjarskiptabúnaði skal hver þeirra vera óháður hinum þannig að bilun eins þeirra valdi ekki bilun annars.

c) Þegar gerð er krafa um fjarskiptakerfi og til viðbótar við talkerfi flugáhafnar, sem gerð er krafa um í SPO.IDE.H.135, skulu þyrlur búnar sendihnappi á stýri hvers flugmanns og flugverja, sem krafist er í áhöfn, á vinnureit viðkomandi.

SPO.IDE.H.220 Leiðsögutæki

a) Þyrlur skulu búnar leiðsögutækjum sem gerir þeim kleift að halda flugi áfram í samræmi við:

1. flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, ef við á, og

2. viðeigandi loftrýmiskröfur.

b) Þyrlur skulu vera nægilega búnar leiðsögutækjum til að tryggja að ef einn hluti tækjanna bilar á einhverju stigi flugsins geti tækin, sem eftir eru, veitt þyrlunni örugga leiðsögu í samræmi við a-lið eða gert henni kleift að ljúka viðeigandi viðbragðsaðgerð með öruggum hætti.

c) Þyrlur í flugi þar sem áætlað er að lenda við blindflugsskilyrði skulu búnar leiðsögutækjum sem geta veitt leiðsögu til staðar þaðan sem hægt er að lenda úr sjónaðflugi. Þessi tæki skulu geta veitt slíka leiðsögu fyrir hvern flugvöll sem fyrirhugað er að lenda á við blindflugsskilyrði og fyrir alla tilgreinda varaflugvelli.

SPO.IDE.H.225 Ratsjársvari

Þegar þess er krafist í loftrýminu, sem flogið er í, skulu þyrlur búnar ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er.

3. ÞÁTTUR

Svifflugur

SPO.IDE.S.100 Mælitæki og búnaður — almennt

a) Mælitæki og búnaður, sem gerð er krafa um í þessum kafla, skulu samþykkt í samræmi við viðeigandi kröfur um lofthæfi ef þau eru:

1. notuð af flugliðum til að stjórna flugslóð,

2. notuð til að uppfylla kröfur SPO.IDE.S.145,

3. notuð til að uppfylla kröfur SPO.IDE.S.150 eða

4. uppsett í sviffflugunni.

b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði, ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1. vasaljósum,

2. nákvæmri klukku og

3. búnaði til að lifa af og merkjabúnaði.

c) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt öðrum gildandi viðaukum, en er hafður með í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi:

1. upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og

2. mælitæki og búnaður skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi sviffflugunnar, jafnvel þótt um sé að ræða bilun eða ólag.

d) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá vinnureit þess flugliða sem þarf að nota þau.

e) Greiður aðgangur skal vera að öllum nauðsynlegum neyðarbúnaði til tafarlausrar notkunar.

SPO.IDE.S.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum sviffflugunnar, búnaðar hennar eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi eða vantar nema:

a) sviffflugan sé starfrækt samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL), ef hann er til staðar, eða

b) sviffflugan hafi flugleyfi sem gefið er út í samræmi við gildandi kröfur um lofthæfi.

SPO.IDE.S.115 Flug samkvæmt sjónflugsreglum — flugmælar og flugleiðsögutæki

a) Sviffflugur, sem starfræktar eru í sjónflugi að degi til, skulu hafa búnað til að mæla og sýna eftirfarandi:

1. hvað varðar vélsviffflugur: segulstefnu,

2. tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

3. málþrýstingshæð og

4. sýndan flughraða.

b) Sviffflugur, sem fljúga við skilyrði þar sem æskilegu horfi sviffflugunnar verður ekki viðhaldið án þess að notast við eitt eða fleiri viðbótartæki, skulu, til viðbótar við a-lið, hafa búnað til að mæla og sýna:

1. stig- og fallhraða,

2. horf loftfars eða beygju og skrið og

3. segulstefnu.

SPO.IDE.S.120 Flug í skýjum — flugmælar og flugleiðsögutæki

Sviffflugur, sem fljúga í skýjum, skulu búnar búnaði til að mæla og sýna:

a) segulstefnu,

b) tímann í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

c) málþrýstingshæð,

d) sýndan flughraða,

e) stig- og fallhraða og

f) horf loftfars eða beygju og skrið.

SPO.IDE.S.125 Sæti og aðhaldsbúnaður

a) Svifflugur skulu búnar eftirfarandi:

1. sæti fyrir sérhvern einstakling um borð og

2. sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols í hverju sæti, samkvæmt flughandbók.

b) Sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols skal vera hægt að losa með einu átaki.

SPO.IDE.S.130 Viðbótarsúrefni

Svifflugur, sem starfræktar eru í málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet, skulu búnar búnaði sem getur geymt og gefið súrefni og sem inniheldur nægilegt súrefni til öndunar til að:

a) sjá flugverjum fyrir súrefni þegar málþrýstingshæð er á bilinu 10 000–13 000 fet lengur en í 30 mínútur og

b) sjá öllum flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum fyrir súrefni í þann tíma sem málþrýstingshæð er meiri en 13 000 fet.

SPO.IDE.S.135 Flug yfir hafi eða vatni

Flugstjóri svifflugu, sem flogið er yfir hafi eða vatni, skal meta áhættuna sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í svifflugunni lifi af nauðlendingu á vatni, og út frá því skal hann ákvarða hvort svifflugan skuli búin:

a) björgunarvestum fyrir hvern einstakling um borð, eða sambærilegum flotbúnaði fyrir hvern einstakling um borð, sem skal klæðast eða geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast það úr sæti þess sem þau eru ætluð,

b) neyðarsendi (ELT) eða neyðarsendi fyrir einstaklinga (PLB) sem flugverji ber eða sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum, sem geta sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni, og

c) búnaði til að senda frá sér neyðarmerki þegar flogið er:

1. yfir hafi eða vatni fjær landi en svo að ná megi til lands í renniflugi eða

2. þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur þannig yfir vatni að flugvélin geti þurft að nauðlenda á vatni ef óhapp verður.

SPO.IDE.S.140 Búnaður til að lifa af

Svifflugur, sem flogið er yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, skulu búnar þeim merkja- og björgunarbúnaði sem er viðeigandi fyrir það svæði sem flogið er yfir.

SPO.IDE.S.145 Fjarskiptabúnaður

a) Þegar þess er krafist í loftrýminu, sem flogið er í, skulu svifflugur búnar fjarskiptabúnaði til gagnkvæmra fjarskipta við þær flugfjarskiptastöðvar eða á þeirri tíðni sem þarf til að uppfylla loftrýmiskröfur.

b) Fjarskiptabúnaðinn, ef hans er krafist í a-lið, skal vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins, 121,5 MHz.

SPO.IDE.S.150 Leiðsögutæki

Svifflugur skulu búnar leiðsögutækjum sem eru nauðsynleg til að þær geti flogið í samræmi við:

a) flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, ef við á, og

b) viðeigandi loftrýmiskröfur.

SPO.IDE.S.155 Ratsjársvari

Þegar þess er krafist í því loftrými sem flogið er í skulu svifflugur búnar ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er.

4. ÞÁTTUR

Loftbelgir

SPO.IDE.B.100 Mælitæki og búnaður — almennt

a) Mælitæki og búnaður, sem gerð er krafa um í þessum kafla, skulu samþykkt í samræmi við viðeigandi kröfur um lofthæfi ef þau eru:

1. notuð af flugliðum til að ákvarða flugslóð,

2. notuð til að uppfylla kröfur SPO.IDE.B.145, eða

3. uppsett í loftbelgnum.

b) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði, ef hans er krafist samkvæmt þessum kafla:

1. vasaljósum,

2. nákvæmri klukku,

3. sjúkrakassa og

4. búnaði til að lifa af og merkjabúnaði.

c) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem og annar búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt öðrum gildandi viðaukum, en er hafður með í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi:

1. upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og

2. mælitæki og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi loftbelgsins, jafnvel ef um er að ræða bilun eða ólag.

d) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá vinnureit þess flugliða sem þarf að nota þau.

e) Greiður aðgangur skal vera að öllum nauðsynlegum neyðarbúnaði til tafarlausrar notkunar.

SPO.IDE.B.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug

Ekki skal leggja upp í flug þegar eitthvert af mælitækjum loftbelgsins, búnaður þess eða virkni, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, er í ólagi nema:

a) loftbelgurinn sé starfræktur samkvæmt listanum yfir lágmarksbúnað (MEL), ef hann er til staðar, eða

b) loftbelgurinn hafi flugleyfi sem gefið er út í samræmi við gildandi kröfur um lofthæfi.

SPO.IDE.B.110 Vinnuljós

Loftbelgir, sem starfræktir eru að nóttu til, skulu búnir:

a) blikljósum,

b) viðeigandi lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað, sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu loftbelgsins,

c) vasaljósum.

SPO.IDE.B.115 Flug samkvæmt sjónflugsreglum — flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður

Loftbelgir, sem starfræktir eru samkvæmt sjónflugsreglum að degi til, skulu búnir eftirfarandi:

a) búnaði sem sýnir rekstefnu og

b) búnaði sem mælir og sýnir:

1. tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum,

2. stig- og fallhraða, ef þess er krafist í flughandbókinni, og

3. málþrýstingshæð, ef þess er krafist í flughandbókinni, ef þess er krafist í loftrýmiskröfum eða þegar stjórna þarf flughæð vegna notkunar á súrefni.

SPO.IDE.B.120 Sjúkrakassi

a) Loftbelgir skulu búnir sjúkrakassa.

b) Sjúkrakassi skal:

1. geymdur þar sem auðvelt er að ná til hans og

2. yfirfarinn reglulega svo hann sé ávallt tilbúinn til notkunar.

SPO.IDE.B.121 Viðbótarsúrefni

Loftbelgir, sem starfræktir eru í málþrýstingshæð fyrir ofan 10 000 fet, skulu hafa búnað sem getur geymt og gefið súrefni og sem hefur nægilegt súrefni til öndunar til að:

a) sjá flugverjum fyrir súrefni þegar málþrýstingshæð er á bilinu 10 000–13 000 fet lengur en í 30 mínútur og

b) sjá öllum flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum fyrir súrefni í þann tíma sem málþrýstingshæð er meiri en 13 000 fet.

SPO.IDE.B.125 Handslökkvitæki

Hitaloftbelgir skulu búnir a.m.k. einu handslökkvitæki, ef þess er krafist í viðeigandi vottunarforskriftum.

SPO.IDE.B.130 Flug yfir hafi eða vatni

Flugstjóri á loftbelg, sem flogið er yfir hafi eða vatni, skal meta áhættuna sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í loftbelgnum lifi af nauðlendingu á vatni og út frá því skal hann ákveða hvort loftbelgurinn skuli búinn:

a) björgunarvestum fyrir hvern einstakling um borð, sem skal klæðast eða geyma á stað þar sem auðvelt er að nálgast það úr vinnureit þess sem þau eru ætluð,

b) neyðarsendi (ELT) eða neyðarsendi fyrir einstaklinga (PLB), sem flugverji ber á sér eða sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum, sem geta sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni, og

c) búnaði til að senda frá sér neyðarmerki.

SPO.IDE.B.135 Búnaður til að lifa af

Loftbelgir, sem fljúga yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, skulu búnir þeim merkja- og björgunarbúnaði sem er viðeigandi fyrir það svæði sem flogið er yfir.

SPO.IDE.B.140 Ýmiskonar búnaður

Loftbelgir skulu búnir hlífðarhönskum fyrir sérhvern flugverja.

a) Hitaloftbelgir skulu búnir:

1. öðrum kveikjugjafa,

2. búnaði sem mælir og sýnir eldsneytismagn,

3. eldvarnarteppi eða brunaþolinni ábreiðu og

4. a.m.k. 25 m langri falllínu.

b) Gasloftbelgir skulu búnir:

1. hníf og

2. a.m.k. 20 m langri falllínu úr náttúrulegum trefjum eða efni sem leiðir stöðurafmagn.

SPO.IDE.B.145 Fjarskiptabúnaður

a) Þegar þess er krafist í loftrýminu, sem flogið er í, skulu loftbelgir búnir fjarskiptabúnaði til gagnkvæmra fjarskipta við þær flugfjarskiptastöðvar eða á þeirri tíðni sem þarf til að uppfylla loftrýmiskröfur.

b) Fjarskiptabúnaðinn, ef hans er krafist í a-lið, skal vera hægt að nota í fjarskiptum á neyðartíðni flugsins, 121,5 MHz.

SPO.IDE.B.150 Ratsjársvari

Þegar þess er krafist í loftrýminu, sem flogið er í, skulu loftbelgir búnir ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá sem býr yfir þeirri getu sem krafist er.

E-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR

1. ÞÁTTUR

Þyrluvinna með farm utanborðs í stroffum og krók (HESLO)

SPO.SPEC.HESLO.100 Staðlaðar verklagsreglur

Í stöðluðum verklagsreglum fyrir þyrluvinnu með farm utanborðs í stroffum og krók skal tilgreina:

a) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað, eftir því sem við á,

b) samsetningu áhafnar og kröfur um reynslu flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

c) viðeigandi þjálfun flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum svo þeir geti innt af hendi verkefni sín og hæfni og tilnefning þeirra einstaklinga, sem veita flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum slíka þjálfun,

d) ábyrgð og starfsskyldur flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

e) þær kröfur um afkastagetu sem nauðsynlegt er að uppfylla í tengslum við þyrluvinnu með farm utanborðs í stroffum og krók,

f) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.

SPO.SPEC.HESLO.105 Sérstakur búnaður fyrir þyrluvinnu með farm utanborðs í stroffum og krók

Þyrlan skal a.m.k. búin:

a) einum öryggisspegli eða annars konar búnaði, sem gerir kleift að sjá krókinn/krókana/farminn, og

b) einum hleðslumæli nema annar búnaður sé fyrir hendi til að skera úr um þyngd hleðslunnar.

SPO.SPEC.HESLO.110 Flutningur hættulegs varnings

Flugrekendur, sem flytja hættulegan varning til eða frá mannlausum svæðum eða fjarlægum stöðum, skulu sækja um það hjá lögbæru yfirvaldi að fá undanþágu frá ákvæðum Tæknilegu fyrirmælanna ef þeir ætla sér ekki að uppfylla kröfur þessara fyrirmæla.

2. ÞÁTTUR

Þyrluvinna með fólk sem farm utanborðs (HEC)

SPO.SPEC.HEC.100 Staðlaðar verklagsreglur

Í stöðluðum verklagsreglum fyrir þyrluvinnu með fólk sem farm utanborðs skal tilgreina:

a) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað, eftir því sem við á,

b) samsetningu áhafnar og kröfur um reynslu flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

c) viðeigandi þjálfun flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum svo þeir geti innt af hendi verkefni sín og hæfni og tilnefning þeirra einstaklinga sem veita flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum slíka þjálfun,

d) ábyrgð og starfsskyldur flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

e) þær kröfur um afkastagetu sem nauðsynlegt er að uppfylla í tengslum við þyrluvinnu með fólk sem farm utanborðs,

f) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.

SPO.SPEC.HEC.105 Sérstakur búnaður fyrir þyrluvinnu með fólk sem farm utanborðs

a) Í þyrlunni skal vera:

1. hífingarbúnaður eða farmkrókur,

2. einn öryggisspegill eða annars konar búnaður, sem gerir kleift að sjá krókinn, og

3. einn hleðslumælir nema annar búnaður sé fyrir hendi til að skera úr um þyngd hleðslunnar.

b) Fyrir uppsetningu á öllum hífingar- og farmkróksbúnaði og allar síðari breytingar, skal lofthæfivottun, sem samsvarar fyrirhugaðri notkun, vera til staðar.

3. ÞÁTTUR

Fallhlífarstökksflug (PAR)

SPO.SPEC.PAR.100 Staðlaðar verklagsreglur

Í stöðluðum verklagsreglum fyrir fallhlífarstökksflug skal tilgreina:

a) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað, eftir því sem við á,

b) samsetningu áhafnar og kröfur um reynslu flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

c) viðeigandi þjálfun flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum svo þeir geti innt af hendi verkefni sín og hæfni og tilnefning þeirra einstaklinga sem veita flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum slíka þjálfun,

d) ábyrgð og starfsskyldur flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

e) þær kröfur um afkastagetu sem nauðsynlegt er að uppfylla í tengslum við fallhlífarstökksflug,

f) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.

SPO.SPEC.PAR.105 Flutningur flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum

Kröfurnar um sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum, sem mælt er fyrir um í c-lið SPO.GEN.106, gilda ekki um sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum sem framkvæma fallhlífarstökk.

SPO.SPEC.PAR.110 Sæti

Þrátt fyrir a-lið SPO.IDE.A.160 og 1. lið a-liðar SPO.IDE.H.160 má nota gólf loftfarsins sem sæti, að því tilskildu að sérfræðingur í sérhæfðum verkefnum geti haldið sér í eitthvað eða ólað sig niður.

SPO.SPEC.PAR.115 Viðbótarsúrefni

Þrátt fyrir a-lið SPO.OP.195 gildir krafan um notkun viðbótarsúrefnis ekki um aðra flugverja en flugstjórann og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum, sem sinna störfum sem eru nauðsynleg í tengslum við sérhæfða verkefnið, þegar inniþrýstingshæð:

a) er meiri en sem svarar 13 000 feta hæð í að hámarki 6 mínútur eða

b) er meiri en sem svarar 15 000 feta hæð í að hámarki 3 mínútur.

SPO.SPEC.PAR.120 Flug yfir hafi eða vatni

Þegar fleiri en sex einstaklingar eru um borð skal flugstjóri á loftbelg, sem flogið er yfir hafi eða vatni, meta áhættuna sem felst í því hvort þeir sem eru um borð í loftbelgnum lifi af nauðlendingu á vatni og út frá því skal hann ákvarða hvort loftbelgurinn skuli búinn neyðarsendi sem getur sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz tíðni.

SPO.SPEC.PAR.125 Losun á hættulegum varningi

Þrátt fyrir ákvæði SPO.GEN.155 mega fallhlífarstökkvarar stökkva fallhlífarstökk á sýningu yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum, með reykmerkjabúnað, að því tilskildu að hann sé framleiddur í þeim tilgangi.

4. ÞÁTTUR

Listflug (ABF)

SPO.SPEC.ABF.100 Staðlaðar verklagsreglur

Í stöðluðum verklagsreglum fyrir listflug skal tilgreina:

a) hvaða búnaður skuli vera um borð, þ.m.t. starfrækslumörk og viðeigandi skráningar á lista yfir lágmarksbúnað, eftir því sem við á,

b) samsetningu áhafnar og kröfur um reynslu flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

c) viðeigandi þjálfun flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum svo þeir geti innt af hendi verkefni sín og hæfni og tilnefning þeirra einstaklinga sem veita flugverjum og sérfræðingum í sérhæfðum verkefnum slíka þjálfun,

d) ábyrgð og starfsskyldur flugverja og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum,

e) þær kröfur um afkastagetu sem nauðsynlegt er að uppfylla fyrir listflug,

f) verklagsreglur við eðlilegar aðstæður, óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.

SPO.SPEC.ABF.105 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem skulu vera um borð

Eftirtalin skjöl, sem talin eru upp í a-lið SPO.GEN.140, þurfa ekki að vera um borð þegar um listflug er að ræða:

a) nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, ef við á,

b) gild og hentug flugkort fyrir fyrirhugaða flugleið/svæði allar þær flugleiðir sem ætla má að hugsanlega yrðu flognar ef víkja þyrfti af upphaflegri flugleið,

c) upplýsingar um þær verklagsreglur og þau sjónmerki sem eineltisloftför og einelt loftför notast við og

d) upplýsingar er varða leitar- og björgunarsveitir fyrir svæðið, sem fyrirhugað er að fljúga yfir,

SPO.SPEC.ABF.115 Búnaður

Eftirfarandi kröfur um búnað gilda ekki endilega fyrir listflug:

a) sjúkrakassar, eins og mælt er fyrir um í SPO.IDE.A.165 og SPO.IDE.H.165,

b) handslökkvitæki, eins og mælt er fyrir um í SPO.IDE.A.180 og SPO.IDE.H.180, og

c) neyðarsendir eða neyðarsendir fyrir einstaklinga, eins og mælt er fyrir um í SPO.IDE.A.190 og SPO.IDE.H.190.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 319/2014 **2015/EES/8/49**

frá 27. mars 2014

um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 593/2007 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 1. mgr. 64. gr.,

að höfðu samráði við stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tekjur Flugöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Flugöryggisstofnunin) samanstanda af fjárframlögum frá Sambandinu og þeim þriðju löndum í Evrópu sem Sambandið hefur gert samninga við, sem um getur í 66. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, þóknunum frá umsækjendum vottorða og samþykkja, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, viðheldur eða breytir, og gjöldum, sem eru innheimt vegna útgáfu efnis, kærumeðferðar, þjálfunar og annarrar þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin veitir.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007([2]) voru ákvarðaðar þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnunin á að innheimta. Nauðsynlegt er þó að breyta gjaldskránni til að tryggja jafnvægi á milli kostnaðar Flugöryggisstofnunarinnar við vottun og þjónustu, sem er veitt, og þeirra tekna sem eiga að standa undir fyrrnefndum kostnaði.

3) Ákvarða ætti þóknanir og gjöld, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, á gagnsæjan, sanngjarnan og samræmdan hátt.

4) Þóknanir, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, ættu ekki að stofna samkeppnishæfni viðkomandi atvinnugreina í Evrópu í hættu. Það ætti enn fremur að ákvarða þær á grundvelli viðmiðana þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til greiðslugetu lítilla fyrirtækja.

5) Jafnvel þótt öryggi í almenningsflugi ætti að vera það sem mestu varðar ætti Flugöryggisstofnunin samt sem áður að taka fullt tillit til kostnaðarhagkvæmni við framkvæmd verkefna sem hvíla á herðum hennar.

6) Landfræðileg staðsetning fyrirtækjanna á yfirráðasvæði aðildarríkjanna ætti ekki að hafa í för með sér mismunun. Af þessum sökum ætti að leggja saman ferðakostnað í tengslum við vottunarverkefni, sem framkvæmd eru vegna slíkra fyrirtækja, og deila honum niður á umsækjendur.

7) Í þessari reglugerð er gert ráð fyrir að Flugöryggisstofnunin geti innheimt þóknanir fyrir vottunarverkefni sem eru ekki nefnd í viðaukanum við þessa reglugerð en sem falla innan valdsviðs reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

8) Umsækjandinn ætti að hafa rétt á að fara fram á upplýsingar um áætlaða fjárhæð sem á að greiða fyrir vottunarverkefni eða þjónustu. Viðmiðanir, sem eru notaðar til að ákvarða fjárhæðina, sem á að greiða, ættu að vera skýrar, samræmdar og aðgengilegar almenningi. Ef ekki er unnt að ákvarða þessa fjárhæð nákvæmlega fyrir fram ætti Flugöryggisstofnunin að setja gagnsæjar meginreglur til að meta fjárhæðina sem á að greiða við veitingu vottunarverkefnisins eða þjónustunnar.

9) Fastsetja ætti fresti fyrir greiðslu þóknana og gjalda sem lögð eru á samkvæmt þessari reglugerð.

10) Mæla ætti fyrir um viðeigandi úrræði vegna vanskila, t.d. viðkomandi umsóknarferlum slitið, viðkomandi samþykktir gerðar ógildar, frekari veiting vottunarverkefna eða þjónustu til sama umsækjanda stöðvuð og útistandandi fjárhæðir innheimtar með tiltækum ráðum.

11) Innan atvinnugreinarinnar ættu menn að hafa skýra mynd af fjármálunum og vera færir um að áætla fjárhæð þeirra þóknana og gjalda sem þeir munu verða krafðir um að greiða. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja jafnvægi milli heildarútgjalda Flugöryggisstofnunarinnar við framkvæmd vottunarverkefnanna og þjónustunnar og heildartekna af þóknunum og gjöldum sem hún innheimtir. Ákvarða ætti þóknanir og gjöld þannig að komið sé í veg fyrir halla eða umtalsverðan uppsafnaðan afgang í samræmi við ákvæði fjárhagslegrar rammareglugerðar([3]). Því ætti að vera skyldubundið að endurskoða árlega fjárhæð þóknana og gjalda ef um er að ræða endurtekinn halla eða umtalsverðan afgang, á grundvelli fjárhagsniðurstaðna og –spáa Flugöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 frá 31. maí 2007 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á, Stjtíð. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 3.

([3]) Gert er ráð fyrir að drög að framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 208. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002, öðlist gildi frá og með 1. janúar 2014.

12) Hafa skal samráð við hagsmunaaðila áður en gerðar eru breytingar á þóknunum. Enn fremur skal Flugöryggisstofnunin reglulega veita hagsmunaaðilum upplýsingar um hvernig og á hvaða grundvelli þóknanir eru reiknaðar. Slíkar upplýsingar ættu að veita hagsmunaaðilum yfirsýn yfir þann kostnað sem til fellur hjá Flugöryggisstofnuninni og framleiðni hennar.

13) Gjaldskrárnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu að byggjast á spám Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar vinnuálag hennar og tengdan kostnað. Við endurskoðun á gjaldskrám ætti að fylgja málsmeðferð sem heimilar breytingar án ástæðulausra tafa á grundvelli reynslu Flugöryggisstofnunarinnar af beitingu þessarar reglugerðar, samfelld úrræði, vinnuaðferðir við vöktun og aukna skilvirkni því tengt sem og símat á fjárhagslegri þörf. Í þessu samhengi ætti að veita því athygli að Flugöryggisstofnuninni mun, eigi síðar en í janúar 2016, vera skylt að leggja sitt af mörkum, af tekjum af þóknunum og gjöldum, í lífeyriskerfi starfsfólks síns sem er fjármagnað með þóknunum og gjöldum Flugöryggisstofnunarinnar. Breyta þarf fjárhæð þóknana og gjalda til að uppfylla þessa fjárþörf.

14) Heimilt mun verða, í tengslum við þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin veitir á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu, að fjármagna kostnað með gjöldum sem innheimt eru af notendum flugleiðsöguþjónustu í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013([4]).

15) Rétt þykir að gjöld, sem lögð eru á vegna kæru ákvarðana á vegum Flugöryggisstofnunarinnar, séu greidd að fullu áður en kæran er tekin til greina.

16) Samningarnir, sem um getur í 1. mgr. 12. gr. í reglugerð (EB) nr. 216/2008, ættu að liggja til grundvallar mati á raunverulegu vinnuálagi sem felst í vottun framleiðsluvara frá þriðju löndum. Að meginreglu til er ferlinu við fullgildingu Flugöryggisstofnunarinnar á vottorðum, sem þriðja land gefur út og Sambandið hefur gert viðeigandi samning við, lýst í þessum samningum og ætti það að leiða til annars konar álags en við ferlið sem krafist er vegna vottunarstarfsemi Flugöryggisstofnunarinnar.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

18) Reglugerð (EB) nr. 593/2007 ber því að fella úr gildi.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu (Stjtíð ESB L 128, 9.5.2013, bls. 31).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er ákveðið í hvaða tilvikum eigi að innheimta þóknanir og gjöld, fjárhæð þessara þóknana og gjalda er ákveðin og með hvaða hætti greiðslan fer fram.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

a) „þóknanir“: fjárhæðir sem Flugöryggisstofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða fyrir vottunarverkefni,

b) „gjöld“: fjárhæðir, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða fyrir þjónustu, að undanskildum vottunarverkefnum, sem Flugöryggisstofnunin veitir, eða, ef um er að ræða kærur, einstaklingur eða lögaðili sem leggur fram kæruna,

c) „vottunarverkefni“: öll starfsemi sem Flugöryggisstofnunin annast beint eða óbeint í þeim tilgangi að gefa út, viðhalda eða breyta vottorðum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar,

d) „þjónusta“: hvers konar starfsemi, sem Flugöryggisstofnunin innir af hendi, að undanskildum vottunarverkefnum, þ.m.t. afhending vöru,

e) „umsækjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem óskar eftir því að hafa hag af vottunarverkefni eða þjónustu sem Flugöryggisstofnunin veitir.

3. gr.

Ákvörðun þóknana og gjalda

1. Einungis Flugöryggisstofnunin skal innheimta og leggja á þóknanir og gjöld í samræmi við þessa reglugerð.

2. Aðildarríki skulu ekki innheimta þóknanir fyrir vottunarverkefni jafnvel þótt þau annist þessi verkefni fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar. Flugöryggisstofnunin skal endurgreiða aðildarríkjunum fyrir vinnu við vottunarverkefni sem þau annast fyrir hennar hönd.

3. Þóknanir og gjöld skulu gefin upp og greidd í evrum.

4. Fjárhæðirnar, sem um getur í I. og II. hluta viðaukans, skulu vera verðtryggðar ár hvert og fylgja verðbólgu sem mæld er í samræmi við aðferðina í IV. hluta viðaukans.

5. Þrátt fyrir þóknanirnar, sem um getur í viðaukanum, geta þóknanir fyrir vottunarverkefni, sem framkvæmd eru í tengslum við tvíhliða samning á milli Sambandsins og þriðja lands fallið undir sérstök ákvæði sem mælt er fyrir um í viðkomandi tvíhliða samningi.

4. gr.

Greiðsla þóknana eða gjalda

1. Flugöryggisstofnunin skal setja skilmála um greiðslu þóknana og gjalda þar sem fram kemur við hvaða skilyrði Flugöryggisstofnunin leggur á gjöld fyrir vottunarverkefni og þjónustu. Flugöryggisstofnunin skal birta skilmálana á vefsetri Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Umsækjandinn skal greiða að fullu þá fjárhæð sem honum ber, þ.m.t. mögulegan bankakostnað sem tengist greiðslunni, innan 30 almanaksdaga frá því að umsækjandanum er tilkynnt um reikninginn.

3. Hafi Flugöryggisstofnunin ekki móttekið greiðslu reiknings að loknum frestinum, sem um getur í 2. mgr., er Flugöryggisstofnuninni heimilt að innheimta vexti fyrir hvern þann almanaksdag sem greiðsla dregst.

4. Vextirnir skulu vera þeir vextir sem Seðlabanki Evrópu notar við skammtímalánafyrirgreiðslur sínar og eru birtir í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins,* ásamt því að vera í gildi á fyrsta almanaksdegi þess mánaðar þegar greiðslan fellur í gjalddaga, að viðbættum átta prósentustigum.

5. Hafi Flugöryggisstofnunin sannanir fyrir brestum í fjárhagslegri getu umsækjanda getur hún synjað umsókn nema umsækjandi leggi fram bankaábyrgð eða örugga innborgun.

6. Flugöryggisstofnunin getur synjað umsókn hafi umsækjandi ekki staðið skil á greiðslum fyrir vottunarverkefni eða þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin hefur innt af hendi, nema umsækjandi greiði útistandandi fjárhæðir fyrir þessi vottunarverkefni eða þjónustu.

5. gr.

Ferðakostnaður

1. Ef vottunarverkefni eða þjónusta, eins og um getur í I. hluta og 1. lið II. hluta viðaukans, fer fram að öllu leyti eða að hluta til utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, skal umsækjandinn greiða ferðakostnað í samræmi við formúluna:

$$d = v + a + h_1 - e$$

2. Umsækjandinn skal greiða ferðakostnað fyrir þjónustuna, sem um getur í 2. lið II. hluta, óháð landfræðilegri staðsetningu þar sem þjónustan fer fram, samkvæmt formúlunni:

$$d = v + a + h_2$$

3. Að því er varðar formúlurnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., gildir eftirfarandi:

d = ferðakostnaður sem greiða skal,

v = flutningskostnaður,

a = opinberir staðlaðir taxtar framkvæmdastjórnarinnar fyrir dagpeninga að því er varðar gistingu, máltíðir, kostnað við ferðir innan svæðisins í tengslum við viðkomandi verkefni og ýmis önnur útgjöld ([1]),

h_1 = ferðatími (fjöldi klukkustunda sem sérfræðingar verja til ferðalags í tengslum við verkefni) sem innheimt er fyrir samkvæmt tímataxtanum í 1. lið II. hluta viðaukans,

h_2 = ferðatími (fjöldi klukkustunda sem sérfræðingar verja til ferðalags í tengslum við verkefni) sem innheimt er fyrir samkvæmt tímataxtanum í 2. lið II. hluta viðaukans,

e = meðalferðakostnaður innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, að meðtöldum meðalflutningskostnaði og meðalferðatíma innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, sem eru margfaldaðir með tímataxtanum í 1. lið II. hluta viðaukans. Þetta gildi er endurskoðað árlega og lagðar á það verðbætur.

6. gr.

Áætluð fjárhæð

1. Umsækjandinn getur óskað eftir upplýsingum um áætlaða fjárhæð sem á að greiða.

2. Óski umsækjandinn eftir upplýsingum um áætlaða fjárhæð eða breytingu á henni, skal starfsemin stöðvuð tímabundið þar til Flugöryggisstofnunin hefur lagt fram viðkomandi áætlun og umsækjandinn hefur samþykkt hana.

3. Flugöryggisstofnunin skal breyta fjárhagsáætluninni ef í ljós kemur að verkefnið er einfaldara eða unnt er að vinna það hraðar en upphaflega var talið eða ef það er flóknara og tekur lengri tíma að vinna það en Flugöryggisstofnunin gat með góðu móti séð fyrir.

II. KAFLI

ÞÓKNANIR

7. gr.

Almenn ákvæði um greiðslu þóknana

1. Vottunarverkefni eru háð því að þóknunin sé greidd fyrir fram að fullu, nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir tilhlýðilegt mat á fjárhagslegri áhættu. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að reikningsfæra þóknunina í einni greiðslu eftir að hafa tekið við umsókninni eða í upphafi árstímabilsins eða eftirlitstímabilsins.

([1]) Sjá gildandi taxta fyrir dagpeninga í „*Current per diem rates*“ á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar fyrir þróunaraðstoð Evrópu (EuropeAid) (http://ec.europa.eu/europeaid/work/procedures/implementation/per_diems/index_en.htm), síðast uppfærðir 5. júlí 2013.

2. Þóknunin, sem umsækjandinn á að greiða fyrir ákveðið vottunarverkefni, skal samanstanda af:

a) fastri þóknun, sem sett er fram í I. hluta viðaukans, eða

b) breytilegri þóknun.

3. Breytilega þóknunin, sem um getur í b-lið 2. mgr., skal ákveðin með því að margfalda raunfjölda vinnustunda og tímataxtann í 1. lið II. hluta viðaukans.

4. Við beitingu síðari reglugerða um vottunarverkefni, sem Flugöryggisstofnunin á að framkvæma samkvæmt viðeigandi ákvæðum í reglugerð (EB) nr. 216/2008, er Flugöryggisstofnuninni heimilt að innheimta þóknanir, skv. 1. lið II. hluta viðaukans, að því er varðar önnur vottunarverkefni en þau sem um getur í viðaukanum, þar til unnt verður að taka upp sérstök ákvæði í þessari reglugerð um að Flugöryggisstofnunin innheimti viðkomandi þóknanir.

8. gr.

Greiðslutímabil

1. Þóknanirnar, sem um getur í töflum 1–4 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil. Eftir fyrstu 12 mánuðina skal þóknunin vera 1/365 af viðkomandi þóknun á ársgrundvelli fyrir hvern dag.

2. Þóknanirnar, sem um getur í töflu 5 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hverja umsókn.

3. Þóknanirnar, sem um getur í töflu 6 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hvert 12 mánaða tímabil.

4. Þóknanirnar, sem tengjast fyrirtækjunum sem um getur í töflum 7–11 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar sem hér segir:

a) samþykkisþóknanir skulu innheimtar fyrir hverja umsókn,

b) eftirlitsþóknanir skulu innheimtar fyrir hvert 12 mánaða tímabil,

c) allar breytingar á fyrirtækinu, sem hafa áhrif á samþykki þess, leiða til endurútreiknings á eftirlitsþóknun frá og með næsta 12 mánaða tímabili.

9. gr.

Umsóknarferli stöðvað

1. Synja má umsókninni ef greiðslur þóknana berast ekki fyrir vottunarverkefni áður en tímabilið, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., er liðið og eftir að Flugöryggisstofnunin hefur haft samráð við umsækjandann.

2. Í eftirfarandi tilvikum skulu eftirstöðvar þóknana, sem eru reiknaðar samkvæmt tímaþóknun yfirstandandi 12 mánaða tímabils, greiddar að fullu þegar Flugöryggisstofnunin hættir vinnu við vottunarverkefni en þær mega þó ekki vera hærri en viðkomandi fasta þóknun, ásamt ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða:

a) ef Flugöryggisstofnunin synjar umsókninni eða

b) stöðva þarf vottunarverkefni þar sem umsækjandinn:

i. hefur ófullnægjandi fjárráð,

ii. uppfyllir ekki gildandi kröfur eða

iii. ákveður að hætta við umsóknina eða fresta verkefni sínu.

3. Þegar Flugöryggisstofnunin hefur vinnu við vottunarverkefni á ný, að beiðni umsækjanda, sem hafði áður verið stöðvuð, skal hún innheimta nýja þóknun, án tillits til þeirra þóknana sem þegar hafa verið greiddar fyrir verkefnið sem hafði verið stöðvað.

10. gr.

Tímabundin ógilding eða afturköllun vottorðs

1. Ef greiðslur hafa ekki borist vegna útistandandi þóknana að loknu tímabilinu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., er Flugöryggisstofnunin heimilt að fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það, að höfðu samráði við umsækjanda.

2. Felli Flugöryggisstofnunin vottorðið tímabundið úr gildi, vegna vanskila á árlegri þóknun eða eftirlitsþóknun eða vegna þess að umsækjandi uppfyllir ekki viðeigandi kröfur, skal viðeigandi þóknunartímabili viðhaldið og umsækjandinn skal greiða fyrir tímabilið þar sem vottorðið var fellt tímabundið úr gildi.

3. Afturkalli Flugöryggisstofnunin vottorðið skal greiða að fullu eftirstöðvar þóknana, sem eru reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun yfirstandandi 12 mánaða tímabils, en þær mega þó ekki vera hærri en viðkomandi föst þóknun, ásamt öllum öðrum fjárhæðum sem eru til greiðslu á þeim tíma.

11. gr.

Innskil eða framsal vottorða

Ef handhafi skilar inn vottorði eða framselur samsvarandi vottorð skal greiða að fullu eftirstöðvar þóknana, sem eru reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun yfirstandandi 12 mánaða tímabils, en þær mega þó ekki vera hærri en viðeigandi föst þóknun, daginn sem innskilin eða framsalið öðlast gildi, ásamt öllum ferðakostnaði og öllum öðrum fjárhæðum sem eru til greiðslu á þeim tíma.

12. gr.

Vottunarverkefni í sérstökum undantekningartilvikum

Hækka skal þóknanir í sérstökum tilvikum til að þær standi undir öllum kostnaði Flugöryggisstofnunarinnar við að uppfylla sérstakar óskir umsækjandans, ef vottunarverkefnið er, sökum þessarar beiðni, framkvæmt í sérstökum undantekningartilvikum með eftirfarandi hætti:

a) með því að fela verkefnið hópum starfsfólks, sem Flugöryggisstofnunin gerir að jafnaði ekki, samkvæmt staðlaðri málsmeðferð sinni, eða

b) með því að fela verkefnið nægilega mörgu starfsfólki til að unnt sé að vinna það hraðar en samkvæmt staðlaðri málsmeðferð Flugöryggisstofnunarinnar.

III. KAFLI

GJÖLD

13. gr.

Gjöld

1. Fjárhæð gjaldanna, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir fyrir tegundir þjónustu, sem taldar eru upp í 1. lið II. hluta viðaukans, skal samsvara raunkostnaðinum við

þjónustuna sem veitt er. Með það fyrir augum skal sá tími sem Flugöryggisstofnunin hefur varið í að veita þjónustuna reikningsfærður samkvæmt tímataxtanum í þeirri skrá.

2. Fjárhæð gjaldanna, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir fyrir aðrar tegundir þjónustu en þær sem taldar eru upp í 1. lið II. hluta viðaukans, skal samsvara raunkostnaðinum við þjónustuna sem veitt er. Með það fyrir augum skal sá tími sem Flugöryggisstofnunin hefur varið í að veita þjónustuna reikningsfærður samkvæmt tímataxtanum sem um getur í 2. lið II. hluta viðaukans.

3. Kostnaður, sem Flugöryggisstofnunin gæti stofnað til við framkvæmd sérstakrar þjónustu, sem ekki er hægt að ákvarða með fullnægjandi hætti og innheimta samkvæmt tímataxta, skal innheimtur í samræmi við innri stjórnsýslumeðferð.

14. gr.

Sá tími sem gjöld eru innheimt

Innheimta skal gjaldið áður en þjónustan er veitt nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir að hafa tekið tilhlýðilegt tillit til fjárhagslegrar áhættu.

IV. KAFLI

KÆRUR

15. gr.

Kærumeðferð

1. Gjöld skulu innheimt fyrir að meðhöndla kæru sem lögð er fram skv. 44. gr. reglugerðar nr. 216/2008. Fjárhæð gjalda skal reiknuð út í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. hluta viðaukans. Kæra skal aðeins talin lögmæt ef kærugjaldið hefur verið greitt innan þeirra tímamarka sem um getur í 3. mgr.

2. Lögaðili, sem leggur fram kæru, skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina vottorð, undirritað af viðurkenndum embættismanni, þar sem velta stefnanda er tilgreind. Þetta vottorð skal lagt fram ásamt kærunni.

3. Greiða skal kærugjöld, samkvæmt viðeigandi málsmeðferðarreglum Flugöryggisstofnunarinnar, innan 60 almanaksdaga frá því að kæran var skráð hjá Flugöryggisstofnuninni.

4. Ef stefnandi fær málið dæmt sér í vil skal Flugöryggisstofnunin endurgreiða kærugjöldin.

V. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐARREGLUR FLUGÖRYGGISSTOFNUNARINNAR

16. gr.

Almenn ákvæði

1. Flugöryggisstofnunin skal halda tekjum og útgjöldum vegna vottunarverkefna og veittrar þjónustu aðgreindum frá öðrum tekjum og útgjöldum.

Í því skyni að aðgreina tekjur og útgjöld sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein:

a) skulu þóknanir og gjöld, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, færðar í aðskilið bókhald og gildir sérstök reikningsskilamálsmeðferð um þau,

b) skal Flugöryggisstofnunin taka saman og nota sundurliðaða reikninga þar sem birtast tekjur og útgjöld.

2. Við upphaf hvers fjárhagsárs skal til bráðabirgða gera heildarmat á væntanlegum þóknunum og gjöldum. Þetta mat skal byggjast á fyrri fjárhagsniðurstöðum Flugöryggisstofnunarinnar, mati hennar á útgjalda- og tekjuliðum og bráðabirgðastarfsáætlun hennar.

3. Ef heildartekjur af þóknunum, sem samanstanda af mörkuðum tekjum í samræmi við 5. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, fara yfir heildarkostnað af vottunarverkefnum við lok hvers fjárhagsárs, skulu umframtekjur notaðar til að fjármagna vottunarverkefni í samræmi við a-lið 1. mgr. 19. gr. fjárhagsreglugerðar Flugöryggisstofnunarinnar.

17. gr.

Mat og endurskoðun

1. Flugöryggisstofnunin skal árlega veita framkvæmdastjórninni, stjórninni og ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, sem komið er á fót í samræmi við 4. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, upplýsingar um þá þætti sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæð þóknana. Þessar upplýsingar skulu einkum ná yfir sundurliðun kostnaðar sem tengist næstliðnum árum og næstu árum.

2. Flugöryggisstofnunin skal endurskoða reglulega viðaukann við þessa reglugerð til að tryggja að mikilvægar upplýsingar, sem tengjast undirliggjandi forsendum um áætlaðar tekjur og útgjöld Flugöryggisstofnunarinnar, endurspeglist á viðeigandi hátt í fjárhæðum þóknana eða gjalda sem Flugöryggisstofnunin innheimtir.

Ef nauðsyn krefur má endurskoða reglugerð þessa eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hennar. Ef nauðsyn krefur skal breyta henni, einkum með tilliti til tekna Flugöryggisstofnunarinnar og tengds kostnaðar hennar.

3. Flugöryggisstofnunin skal hafa samráð við ráðgjafanefnd hagsmunaaðilanna, sem um getur í 1. mgr., áður en hún gefur álit um tillögur að breytingum á fjárhæðunum sem um getur í viðaukanum. Meðan á þessu samráði stendur skal Flugöryggisstofnunin rökstyðja ástæður fyrirhugaðra breytinga.

VI. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

18. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 593/2007 er felld úr gildi.

19. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Reglugerð þessi gildir sem hér segir:

a) þóknanir fyrir umsóknir, eins og sett er fram í I. og II. hluta viðaukans, gilda um allar umsóknir sem hafa verið skráðar eftir gildistöku þessarar reglugerðar,

b) árleg þóknun og eftirlitsþóknun, sem settar eru fram í töflum 1 til 4 og 6 til 12 í I. hluta viðaukans, gilda um öll yfirstandandi vottunarverkefni frá og með næstu árlegu afborgun sem er til greiðslu eftir gildistöku þessarar reglugerðar,

c) tímataxtar, sem eru settir fram í II. hluta viðaukans, gilda frá og með gildistöku þessarar reglugerðar um öll yfirstandandi verkefni sem eru gjaldskyld á grunni tímavinnu,

d) verðbæturnar, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., skulu reiknaðar 1. janúar ár hvert eftir gildistöku þessarar reglugerðar, fyrst í janúar 2015.

2. Þrátt fyrir 18. gr., skulu ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005([5]) og (EB) nr. 593/2007 gilda áfram með tilliti til allra þóknana og gjalda sem eru utan gildissviðs þessarar reglugerðar í samræmi við 20. gr.

20. gr.

Gildistaka

Þessi reglugerð öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005 frá 21. mars 2005 um gjöld og þóknanir sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á (Stjtíð ESB L 81, 30.3.2005, bls. 7).

VIÐAUKI

EFNI:

I. hluti: Verkefni þar sem innheimt er föst þóknun

II. hluti: Verkefni þar sem innheimt er á grunni tímavinnu

III. hluti: Gjöld fyrir kærur

IV. hluti: Ársverðbólga

V. hluti: Til skýringar

I. HLUTI

Verkefni þar sem innheimt er föst þóknun

Tafla 1

Tegundarvottorð og takmörkuð tegundarvottorð

(sem um getur í B- og O-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)([6])

	Föst þóknun (evrur)
Fastvængjaloftfar	
Yfir 150 000 kg	1 785 000
Yfir 50 000 kg og allt að 150 000 kg	1 530 000
Yfir 22 000 kg og allt að 50 000 kg	510 000
Yfir 5 700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu)	382 500
Yfir 2 000 kg og allt að 5 700 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	263 800
Allt að 2 000 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	13 940
Mjög léttar flugvélar, vélsvifflugur, svifflugur	6 970
Léttar sportflugvélar	5 230
Þyrilvængjur	
Stórar	464 000
Meðalstórar	185 600
Litlar	23 240
Mjög léttar þyrilvængjur	23 240
Annað	
Loftbelgir	6 970
Stór loftskip	38 630

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

	Föst þóknun (evrur)
Meðalstór loftskip	15 450
Lítil loftskip	7 730
Knúningsafl	
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er yfir 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2 000 kW	395 000
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er allt að 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2 000 kW	263 300
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	34 860
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	17 430
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd (MTOW) en 5 700 kg	11 910
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5 700 kg hámarksflugtaksþyngd	3 400
Flokkur loftskrúfu CS-22J	1 700
Hlutar og búnaður	
Verðmæti yfir 20 000 evrum	8 780
Verðmæti á bilinu 2 000–20 000 evrur	5 020
Verðmæti undir 2 000 evrum	2 910
Aukaaflstöðvar (APU)	208 800

Tafla 2

Gerðir tegundarvottorða eða takmörkuð tegundarvottorð

	Föst þóknun [1] (evrur)
Fastvængjaloftfar	
Yfir 150 000 kg	614 100
Yfir 50 000 kg og allt að 150 000 kg	368 500
Yfir 22 000 kg og allt að 50 000 kg	245 600
Yfir 5 700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu)	196 500
Yfir 2 000 kg og allt að 5 700 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	93 000

	Föst þóknun [1] (evrur)
Allt að 2 000 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	3 250
Mjög léttar flugvélar, vélsvifflugur, svifflugur	2 790
Léttar sportflugvélar	2 090
Þyrilvængjur	
Stórar	185 600
Meðalstórar	116 000
Litlar	11 600
Mjög léttar þyrilvængjur	6 970
Annað	
Loftbelgir	2 790
Stór loftskip	23 200
Meðalstór loftskip	9 280
Lítil loftskip	4 640
Knúningsafl	
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er yfir 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2 000 kW	80 800
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er allt að 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2 000 kW	69 600
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	11 620
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	5 810
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5 700 kg	2 910
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5 700 kg hámarksflugtaksþyngd	890
Flokkur loftskrúfu CS-22J	450
Hlutar og búnaður	
Verðmæti yfir 20 000 evrum	
Verðmæti á bilinu 2 000–20 000 evrur	
Verðmæti undir 2 000 evrum	
Aukaaflstöðvar (APU)	53 900

[1] Þegar um er að ræða skyldar gerðir, sem varða verulega breytingu/verulegar breytingar á tegundarhönnun, eins og lýst er í B-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012, skal tekin sama þóknun og fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og skilgreint er í töflu 1.

Tafla 3

Viðbótartegundarvottorð

(sem um getur í E-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun ([1]) (evrur)		
	Flókin	Hefðbundin	Einföld
Fastvængjaloftfar			
Yfir 150 000 kg	60 200	12 850	3 660
Yfir 50 000 kg og allt að 150 000 kg	36 130	10 280	2 880
Yfir 22 000 kg og allt að 50 000 kg	24 090	7 710	2 620
Yfir 5 700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu)	14 450	5 140	2 620
Yfir 2 000 kg og allt að 5 700 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	4 420	2 030	1 020
Allt að 2 000 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	1 860	1 160	580
Mjög léttar flugvélar, vélsvifflugur, svifflugur	290	290	290
Léttar sportflugvélar	220	220	220
Þyrilvængjur			
Stórar	46 400	6 960	2 320
Meðalstórar	23 200	4 640	1 860
Litlar	9 280	3 480	1 160
Mjög léttar þyrilvængjur	1 050	460	290
Annað			
Loftbelgir	990	460	290
Stór loftskip	11 600	9 280	4 640
Meðalstór loftskip	4 640	3 710	1 860
Lítil loftskip	2 320	1 860	930
Knúningsafl			
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er yfir 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2 000 kW	11 600	6 960	4 640
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er allt að 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2 000 kW	6 960	5 460	3 640

	Föst þóknun ([1]) (evrur)		
	Flókin	Hefðbundin	Einföld
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	3 250	1 450	730
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	1 630	730	350
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5 700 kg	2 320	1 160	580
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5 700 kg hámarksflugtaksþyngd	1 740	870	440
Flokkur loftskrúfu CS-22J	870	440	220
Hlutar og búnaður			
Verðmæti yfir 20 000 evrum			
Verðmæti á bilinu 2 000–20 000 evrur			
Verðmæti undir 2 000 evrum			
Aukaaflstöðvar (APU)	6 960	4 640	2 320

([1]) Þegar um er að ræða viðbótartegundarvottorð sem varða verulega breytingu/verulegar breytingar, eins og skilgreint er í B-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012, skal tekin sama þóknun og fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og skilgreint er í töflu 1.

Tafla 4

Meiri háttar breytingar og viðgerðir

(sem um getur í D- og M-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun ([1]) (evrur)		
	Flókin	Hefðbundin	Einföld
Fastvængjaloftfar			
Yfir 150 000 kg	50 800	9 330	3 330
Yfir 50 000 kg og allt að 150 000 kg	25 420	7 000	2 140
Yfir 22 000 kg og allt að 50 000 kg	20 340	4 670	1 670
Yfir 5 700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu)	12 710	2 330	1 670
Yfir 2 000 kg og allt að 5 700 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	3 490	1 630	810
Allt að 2 000 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	1 280	580	290
Mjög léttar flugvélar, vélsvifflugur, svifflugur	290	290	290
Léttar sportflugvélar	220	220	220

	Föst þóknun ([1]) (evrur)		
	Flókin	Hefðbundin	Einföld
Þyrilvængjur			
Stórar	34 800	6 960	2 320
Meðalstórar	18 560	4 640	1 620
Litlar	7 430	3 480	930
Mjög léttar þyrilvængjur	990	460	290
Annað			
Loftbelgir	990	460	290
Stór loftskip	9 280	6 960	4 640
Meðalstór loftskip	3 710	2 780	1 860
Lítil loftskip	1 860	1 390	930
Knúningsafl			
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er yfir 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2 000 kW	6 410	2 360	1 420
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er allt að 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2 000 kW	3 480	1 180	710
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	1 510	700	350
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	700	350	290
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5 700 kg	1 250	290	290
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5 700 kg hámarksflugtaksþyngd	940	290	290
Flokkur loftskrúfu CS-22J	470	150	150
Hlutar og búnaður			
Verðmæti yfir 20 000 evrum			
Verðmæti á bilinu 2 000–20 000 evrur			
Verðmæti undir 2 000 evrum			
Aukaaflstöðvar (APU)	3 480	1 160	700

([1]) Þegar um er að ræða meiri háttar breytingar, sem varða verulega breytingu/verulegar breytingar, eins og skilgreint er í B-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012, skal tekin sama þóknun og fyrir tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og skilgreint er í töflu 1.

Tafla 5

Minni háttar breytingar og viðgerðir

(sem um getur í D- og M-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun([1]) (evrur)
Fastvængjaloftfar	
Yfir 150 000 kg	890
Yfir 50 000 kg og allt að 150 000 kg	890
Yfir 22 000 kg og allt að 50 000 kg	890
Yfir 5 700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu)	890
Yfir 2 000 kg og allt að 5 700 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	290
Allt að 2 000 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	290
Mjög léttar flugvélar, vélsvifflugur, svifflugur	290
Léttar sportflugvélar	220
Þyrilvængjur	
Stórar	460
Meðalstórar	460
Litlar	460
Mjög léttar þyrilvængjur	290
Annað	
Loftbelgir	290
Stór loftskip	810
Meðalstór loftskip	460
Lítil loftskip	460
Knúningsafl	
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er yfir 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2 000 kW	600
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er allt að 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2 000 kW	600
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	290

	Föst þóknun([1]) (evrur)
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	290
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5 700 kg	290
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5 700 kg hámarksflugtaksþyngd	290
Flokkur loftskrúfu CS-22J	150
Hlutar og búnaður	
Verðmæti yfir 20 000 evrum	
Verðmæti á bilinu 2 000–20 000 evrur	
Verðmæti undir 2 000 evrum	
Aukaaflstöðvar (APU)	460

([1]) Þóknanirnar, sem eru tilgreindar í þessari töflu, skulu ekki vera þær sömu og teknar eru fyrir minni háttar breytingar og viðgerðir sem hönnunarfyrirtæki annast í samræmi við 2. lið c-liðar 21. hluta A.263 í J-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012.

Tafla 6

Árleg þóknun fyrir handhafa EASA-tegundarvottorða og takmarkaðra tegundarvottorða og annarra tegundarvottorða sem teljast viðurkennd samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008

(sem um getur í B- og O-kafla í A-þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012)

	Föst þóknun ([1]) ([2]) ([3]) (evrur)	
	Hönnun í Evrópu-sambandinu	Hönnun utan Evrópu-sambandsins
Fastvængjaloftfar		
Yfir 150 000 kg	1 078 000	385 400
Yfir 50 000 kg og allt að 150 000 kg	852 900	252 600
Yfir 22 000 kg og allt að 50 000 kg	257 000	96 300
Yfir 5 700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu)	42 010	14 270
Yfir 2 000 kg og allt að 5 700 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	4 650	1 630
Allt að 2 000 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	2 320	780
Mjög léttar flugvélar, vélsvifflugur, svifflugur	1 050	350

	Föst þóknun ([1]) ([2]) ([3]) (evrur)	
	Hönnun í Evrópusambandinu	Hönnun utan Evrópusambandsins
Léttar sportflugvélar	780	260
Þyrilvængjur		
Stórar	105 600	33 780
Meðalstórar	52 800	18 610
Litlar	20 880	7 710
Mjög léttar þyrilvængjur	3 490	1 160
Annað		
Loftbelgir	1 050	350
Stór loftskip	3 480	1 160
Meðalstór loftskip	2 320	770
Lítil loftskip	1 860	620
Knúningsafl		
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2 000 kW	107 100	31 870
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er allt að 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2 000 kW	53 550	26 650
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	1 160	410
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	580	290
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd en 5 700 kg	870	290
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5 700 kg hámarksflugtaksþyngd	440	150
Flokkur loftskrúfu CS-22J	220	70
Hlutar og búnaður		
Verðmæti yfir 20 000 evrum	4 500	1 500
Verðmæti á bilinu 2 000–20 000 evrur	2 250	750

	Föst þóknun ([1]) ([2]) ([3]) (evrur)	
	Hönnun í Evrópusambandinu	Hönnun utan Evrópusambandsins
Verðmæti undir 2 000 evrum	1 130	540
Aukaaflstöðvar (APU)	85 000	26 000

([1]) Þegar um er að ræða loftfar til farmflutninga með eigin tegundarvottorð er þóknunin reiknuð út með því að margfalda hana með reiknistuðlinum 0,85 fyrir samsvarandi loftfar til farþegaflutninga.

([2]) Þegar um er að ræða loftfar, með færri en 50 eintök skráð í heiminum, skal innheimta á grunni tímavinnu fyrir starfsemi við áframhaldandi lofthæfi, samkvæmt tímataxtanum í 1. lið II. hluta I. viðauka, allt að fjárhæð þóknunar fyrir viðkomandi framleiðsluvöruflokk, eins og skilgreint er með hámarksflugtaksþyngd eða virði hluta og búnaðar. Innheimta skal árlega fasta þóknun nema handhafi vottorðs leggi fram sannanir fyrir því að færri en 50 eintök séu skráð í heiminum. Þegar um er að ræða framleiðsluvörur, hluta og búnað, sem eru ekki loftför, miðast mörkin við fjölda þeirra loftfara þar sem framleiðsluvörunum, hlutunum eða búnaðinum er komið fyrir.

Framleiðsluvara í sams konar flokki	Afsláttur sem er veittur af föstu þóknuninni
1.	0%
2.	10%
3.	20%
4.	30%
5.	40%
6.	50%
7.	60%
8.	70%
9.	80%
10.	90%
11. flokkur og síðari framleiðsluvörur	100%

([3]) Þegar um er að ræða loftfar, með færri en 50 eintök skráð í heiminum, skal innheimta á grunni tímavinnu fyrir starfsemi við áframhaldandi lofthæfi, samkvæmt tímataxtanum í 1. lið II. hluta í I. viðauka, allt að fjárhæð þóknunar fyrir viðkomandi framleiðsluvöruflokk, eins og skilgreint er með hámarksflugtaksþyngd eða virði hluta og búnaðar. Innheimta skal árlega fasta þóknun nema handhafi vottorðs leggi fram sannanir fyrir því að færri en 50 eintök séu skráð í heiminum. Þegar um er að ræða framleiðsluvörur, hluta og búnað, sem eru ekki loftför, miðast mörkin við fjölda þeirra loftfara þar sem framleiðsluvörunum, hlutunum eða búnaðinum er komið fyrir.

Tafla 7A

Samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki

(sem um getur í J-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012)

(evrur)

	Samþykkisþóknun				
	DOA 1A	DOA 1B DOA 2A	DOA 1C DOA 2B DOA 3A	DOA 2C DOA 3B	DOA 3C
Tengt starfsfólk færra en 10	13 600	10 700	8 000	5 400	4 180
10–49	38 250	27 320	16 390	10 930	

(evrur)

	Samþykkisþóknun				
	DOA 1A	DOA 1B DOA 2A	DOA 1C DOA 2B DOA 3A	DOA 2C DOA 3B	DOA 3C
50–399	109 300	82 000	54 600	41 830	
400–999	218 600	163 900	136 600	115 000	
1 000–2 499	437 200				
2 500–5 000	655 700				
Yfir 5 000	3 643 000				
	Eftirlitsþóknun				
Tengt starfsfólk færra en 10	6 800	5 350	4 000	2 700	2 090
10–49	19 130	13 660	8 200	5 460	
50–399	54 600	40 980	27 320	21 860	
400–999	109 300	82 000	68 300	60 100	
1 000–2 499	218 600				
2 500–5 000	327 900				
Yfir 5 000	1 822 000				

Tafla 7B

Aðrar aðferðir við samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki

(sem um getur í J-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012)

(evrur)

Flokkur	Lýsing	Önnur aðferð við samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki
1A	Tegundarvottun	7 500
1B	Tegundarvottun – Aðeins vegna áframhaldandi lofthæfis	3 000
2A	Viðbótartegundarvottorð og/eða meiri háttar viðgerðir	6 000
2B	Viðbótartegundarvottorð og/eða meiri háttar viðgerðir – aðeins vegna áframhaldandi lofthæfis	2 500
3A	Evrópsk tækniforskriftarheimild (ETSO-heimild)	6 000
3B	ETSO-heimild – Aðeins vegna áframhaldandi lofthæfis	3 000

Tafla 8

Samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki

(sem um getur í G-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2012)

(evrur)

	Samþykkisþóknun	Eftirlitsþóknun
Velta([1]) undir einni milljón evrum	10 460	7 550
Á bilinu 1 000 000–4 999 999	58 000	36 790
Á bilinu 5 000 000–9 999 999	206 400	49 050
Á bilinu 10 000 000–49 999 999	309 600	73 600
Á bilinu 50 000 000–99 999 999	358 000	174 000
Á bilinu 100 000 000–499 999 999	417 600	232 000
Á bilinu 500 000 000–999 999 999	732 100	464 000
Yfir 999 999 999	2 784 000	2 207 000

([1]) Veltan, sem tekið er tillit til, tengist þeirri starfsemi sem fellur undir gildissvið samkomulagsins.

Tafla 9

Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki

(sem um getur í F-kafla í I. viðauka og II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003) ([1]))

(evrur)

	Samþykkisþóknun ([1])	Eftirlitsþóknun ([1])
Tengt starfsfólk færra en fimm	3 490	2 670
Á bilinu 5–9	5 810	4 650
Á bilinu 10–49	15 000	12 000
Á bilinu 50–99	24 000	24 000
Á bilinu 100–499	32 080	32 080
Á bilinu 500–999	44 300	44 300
Yfir 999	62 200	62 200
Tæknilegt mat	Föst þóknun sem er byggð á tæknilegu mati ([2])	Föst þóknun sem er byggð á tæknilegu mati ([2])
A 1	12 780	12 780
A 2	2 910	2 910
A 3	5 810	5 810

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.).

Tæknilegt mat	Föst þóknun sem er byggð á tæknilegu mati ([2])	Föst þóknun sem er byggð á tæknilegu mati ([2])
A 4	580	580
B 1	5 810	5 810
B 2	2 910	2 910
B 3	580	580
C	580	580

([1]) Þóknunin, sem ber að greiða, skal samsett úr fastri þóknun, sem byggist á fjölda tengds starfsfólks, að viðbættri fastri þóknun sem byggist á tæknilegu mati.

([2]) Að því er varðar fyrirtæki, sem hafa fleiri en eitt A- og/eða B-mat, skal einungis hæsta þóknunin lögð á. Að því er varðar fyrirtæki, sem hafa eitt C- og/eða D-mat eða fleiri, skal lögð þóknun á hvert mat samkvæmt þóknun fyrir „C-mat“.

Tafla 10

Samþykki fyrir fyrirtæki sem veitir viðhaldsþjálfun

(sem um getur í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2042/2003)

	Samþykkisþóknun (evrur)	Eftirlitsþóknun (evrur)
Tengt starfsfólk færra en fimm	3 490	2 670
Á bilinu 5–9	9 880	7 670
Á bilinu 10–49	21 260	19 660
Á bilinu 50–99	41 310	32 730
Yfir 99	54 400	50 000

Þóknun fyrir aðra og síðari viðbótaraðstöðu	3 330	2 500
Þóknun fyrir annað og síðari viðbótarþjálfunarnámskeið	3 330	
Þóknun fyrir samþykki þjálfunarnámskeiðs		3 330

Tafla 11

Samþykki fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

(sem um getur í G-kafla í M-hluta í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2042/2003)

	Föst þóknun([1]) (evrur)
Samþykkisþóknun	50 000
Eftirlitsþóknun	50 000

Tæknilegt mat	Föst þóknun sem byggist á tæknilegu mati ([2]) (evrur) – Fyrsta samþykki	Föst þóknun sem byggist á tæknilegu mati ([2]) (evrur) – Eftirlit
A1 = flugvélar yfir 5,7 tonnum	12 500	12 500

Tæknilegt mat	Föst þóknun sem byggist á tæknilegu mati ([2]) (evrur) – Fyrsta samþykki	Föst þóknun sem byggist á tæknilegu mati ([2]) (evrur) – Eftirlit
A2 = flugvélar undir 5,7 tonnum	6 250	6 250
A3 = þyrlur	6 250	6 250
A4: allt annað	6 250	6 250

([1]) Þóknunin, sem ber að greiða, skal samsett úr fastri þóknun, sem byggist á fjölda tengds starfsfólks, að viðbættri fastri þóknun sem byggist á tæknilegu mati.
([2]) Að því er varðar fyrirtæki, sem hafa fleiri en eitt A-mat, skal einungis hæsta þóknunin lögð á.

Tafla 12

Viðurkenning samþykkis sem jafngildir samþykki í „145. hluta“ og „147. hluta“ í samræmi við gildandi tvíhliða samninga

(evrur)

Ný samþykki, fyrir hverja umsókn og fyrir hvert tímabil fyrstu 12 mánuðina	1 700
Framlenging gildandi samþykkis, á 12 mánaða tímabili	850

II. HLUTI

Vottunarverkefni eða þjónusta þar sem innheimt er á grunni tímavinnu

1. Tímataxti

Viðeigandi tímataxti [evrur/klst.]	233(*)

(*) þ.m.t. ferðakostnaður innan aðildarríkjanna

Klukkustundir sem liggja til grundvallar viðkomandi verkefnum ([1]):

Framleiðsla án samþykkis	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur lofthæfifyrirmæla (AD)	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Stuðningur við fullgildingu (viðurkenning vottorða Flugöryggisstofnunar Evrópu af hálfu erlendra yfirvalda)	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Viðurkenning Flugöryggisstofnunar Evrópu á skýrslum stjórnar um endurskoðun á viðhaldi	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Framsal vottorða	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Vottorð samþykkts þjálfunarfyrirtækis	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Vottorð fluglæknaseturs	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Vottorð fyrirtækja eða stofnana sem veita rekstrarstjórnun flugumferðar eða flugleiðsöguþjónustu	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Vottorð þjálfunarstöðva flugumferðarstjóra	Raunverulegur fjöldi klukkustunda

Rekstrargögn tengd tegundarvottorðum, breytingum á tegundarvottorðum og viðbótartegundarvottorð	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Viðurkenning Flugöryggisstofnunar Evrópu á skýrslum matsnefndarinnar í flugrekstrarmálum	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Viðurkenningarvottorð flughermisþjálfa	Raunverulegur fjöldi klukkustunda
Samþykkt flugskilyrða fyrir flugleyfi	Þrjár klukkustundir
Endurútgáfa skjala af hálfu stjórnsýslu	Ein klukkustund
Lofthæfivottorð vegna útflutnings (E-CoA) fyrir CS 25 loftför	Sex klukkustundir
Lofthæfivottorð vegna útflutnings (E-CoA) fyrir önnur loftför	Tvær klukkustundir

([1]) Þessi skrá yfir verkefni er ekki tæmandi. Endurskoða skal reglulega skrána yfir verkefni í þessum hluta. Þrátt fyrir að verkefni sé ekki nefnt í þessum hluta skal ekki sjálfkrafa gengið út frá því að Flugöryggisstofnun Evrópu geti ekki innt það af hendi.

2. Tímataxti fyrir aðrar tegundir þjónustu en þær sem taldar eru upp í 1. lið

Viðeigandi tímataxti [evrur/klst.]	221(*)

(*) Fyrir utan ferðakostnað

III. HLUTI

Gjöld fyrir kærur

Gjöld fyrir kærur skulu reiknuð út sem hér segir: fastagjaldið er margfaldað með reiknistuðlinum sem er tilgreindur fyrir samsvarandi gjaldflokk viðkomandi einstaklings eða fyrirtækis.

Fastagjald	10 000 evrur

Gjaldflokkur fyrir einstaklinga	Reiknistuðull
	0,1

Gjaldflokkur fyrir lögaðila í samræmi við veltu áfrýjanda í evrum	Reiknistuðull
minna en 100 001	0,25
á bilinu 100 001–1 200 000	0,5
á bilinu 1 200 001–2 500 000	0,75
á bilinu 2 500 001–5 000 000	1
á bilinu 5 000 001–50 000 000	2,5

Gjaldflokkur fyrir lögaðila í samræmi við veltu áfrýjanda í evrum	Reiknistuðull
á bilinu 50 000 001–500 000 000	5
á bilinu 500 000 001–1 000 000 000	7,5
yfir 1 000 000 000	10

IV. HLUTI

Ársverðbólga

Ársverðbólga sem á að nota:	Samræmd vísitala neysluverðs fyrir ESB-löndin 27 (2005=100) Hlutfallsleg breyting/12 mánaða meðaltals
Grunngildi sem á að nota:	Meðaltal vísitölunnar þremur mánuðum fyrir framkvæmd verðbótanna

V. HLUTI

Til skýringar

1) „Vottunarforskriftir“ (CS), sem um getur í þessum viðauka, eru þær sem voru samþykktar skv. 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og birtar í opinberu riti Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við ákvörðun Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) 2003/8/EB frá 30. október 2003 (www.easa.europa.eu).

2) „Stórar þyrilvængjur“ vísar til vottunarforskrifta 29 (CS 29) og 27 (CS 27) í flokki A; „litlar þyrilvængjur“ vísar til vottunarforskrifta 27 með hámarksflugtaksþyngd (MTOW) undir 3 175 kg og takmarkast við fjögur sæti, þ.m.t. flugmannssæti; „miðlungsstórar þyrilvængjur“ vísar til annarra vottunarforskrifta 27.

3) Í töflum 1, 2 og 6 í I. hluta vísar virði „hluta og búnaðar“ til viðeigandi skráðs verðs framleiðandans.

4) Hámarksflugtaksþyngd, að því er varðar upprunalega tegundarvottorðið og síðan meirihluta (meira en 50%) tengdra tegunda, sem falla undir þetta tegundarvottorð, ákvarðar hvaða flokk hámarksflugtaksþyngdar á að nota.

5) Loftför með mikla afkastagetu í þyngdarflokknum allt að 5 700 kg [12 500 pund] eru flugvélar með hámarkshraða miðað við Mach-mæli (Mach- maximum operating (Mmo)) sem er meiri en 0,6 og/eða hámarksflughæð yfir 25 000 fetum. Innheimt skal gjald af þeim eins og skilgreint er í flokkunum „yfir 5 700 kg [12 500 pund] og allt að 22 000 kg“.

6) „Skyldar gerðir“: breytt tegundarvottorð eins og það er skilgreint og sótt um fyrir af hálfu handhafa tegundarvottorðs.

7) Í töflum 3 og 4 í I. hluta vísa hugtökin „einföld“, „hefðbundin“ og „flókin“ til eftirfarandi:

	Einföld	Hefðbundin	Flókin
Viðbótartegundarvottorð (STC) Flugöryggisstofnunar Evrópu Meiri háttar breytingar á hönnun að því er varðar Flugöryggisstofnun Evrópu Meiri háttar viðgerðir að því er varðar Flugöryggisstofnun Evrópu	Viðbótartegundarvottorð, meiri háttar breytingar á hönnun eða viðgerðir, sem tengjast einungis núgildandi og rökstuddum aðferðum, þar sem unnt er að senda heildargögn (lýsingu, gátlista fyrir samræmi og samræmisgögn) á sama tíma og umsókn er lögð fram og þar sem umsækjandi hefur sýnt fram á reynslu og stjórnandi vottunarverkefna getur einn metið það eða með takmörkuðum afskiptum sérfræðings innan eins fræðasviðs.	Öll önnur viðbótartegundarvottorð, meiri háttar breytingar á hönnun eða viðgerðir	Verulegar(*) breytingar á viðbótartegundarvottorði eða meiri háttar breytingar á hönnun

	Einföld	Hefðbundin	Flókin
Viðbótartegundarvottorð fullgilt samkvæmt tvíhliða samningi	Grundvallar-(**)	Liggur ekki til grundvallar-(**)	Viðbótartegundarvottorð(**) sem liggur ekki til grundvallar ef vottunar-yfirvaldið(**) hefur flokkað breytinguna sem „verulega“(*)
Meiri háttar breytingar fullgiltar samkvæmt tvíhliða samningi	2. stigs(**) meiri háttar breytingar á hönnun þegar þær eru ekki viðurkenndar sjálfkrafa(***)	1. stig(**)	1. stigs(**) meiri háttar breytingar á hönnun ef vottunaryfirvaldið(**) hefur flokkað breytinguna sem „verulega“(*)
Meiri háttar viðgerðir fullgiltar samkvæmt tvíhliða samningi	Á ekki við (viðurkenndar sjálfkrafa)	Viðgerðir á mikilvægum íhluta(**)	Á ekki við

(*) „Verulegur“ er skilgreint í b-lið 21A 101 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 748/2006 (og á sambærilegan hátt í b-lið FAA 14CFR 21.101).

(**) Sjá gildandi tvíhliða samning sem fullgildingin er bundin við fyrir skilgreiningar á „grundvallar-“, „liggur ekki til grundvallar“, „1. stig“, „2. stig“, „mikilvægur íhlutur“, og „vottunaryfirvald“.

(***) Viðmið Flugöryggisstofnunar Evrópu fyrir sjálfvirka viðurkenningu vegna 2. stigs meiri háttar breytinga eru skilgreindar í gildandi tvíhliða samningi sem fullgildingin er bundin við.

8) Í töflu 7A í I. hluta eru hönnunarfyrirtæki flokkuð á eftirfarandi hátt:

Gildissvið samkomulags hönnunarfyrirtækja	Hópur A	Hópur B	Hópur C
DOA 1 Handhafar tegundar-vottorða	Afar flókin/Stór	Flókin/ Lítil - Meðalstór	Ekki eins flókin/Mjög lítil
DOA 2 Viðbótartegundarvottorð/ breytingar/viðgerðir	Ótakmörkuð	Takmörkuð (Tæknisvið)	Takmörkuð (stærð loftfars)
DOA 3 Minni háttar breytingar/ viðgerðir			

9) Í töflu 7, 9 og 10 í I. hluta tengist fjöldi starfsfólks, sem tekið er tillit til, þeirri starfsemi sem fellur undir gildissvið samkomulagsins.

10) Innheimta skal gjöld fyrir vottun framleiðsluvara, samkvæmt sérstökum lofthæfisforskriftum, tengdar breytingar, viðgerðir og áframhaldandi lofthæfi þeirra, eins og skilgreint er í töflum 1 til 6.

11) Sjálfstæðar endurskoðanir og/eða breytingar á flughandbók loftfars skulu gjaldfærast sem breyting á samsvarandi framleiðsluvöru.

12) „Lítil loftskip“ vísar til

— allra hitaloftskipa, óháð stærð þeirra,

— gasloftskipa, allt að 2 000 m^3,

„meðalstór loftskip“ vísar til gasloftskipa sem eru meira en 2 000 m^3 og allt að 15 000 m^3,

„stór loftskip“ vísar til gasloftskipa sem eru meira en 15 000 m^3.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 390/2013 **2015/EES/8/50**

frá 3. maí 2013

um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ([1]), eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1070/2009 ([2]), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 549/2004 er kveðið á um að koma eigi á fót frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta. Til að ákvarða á hvaða hátt frammistöðukerfið á að starfa í smáatriðum ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja framkvæmdarreglur.

2) Frammistöðukerfið ætti að stuðla að sjálfbærri þróun flugsamgöngukerfisins með því að bæta heildarskilvirkni flugleiðsöguþjónustu á meginsviðum frammistöðu, þ.e. öryggis, umhverfis, afkastagetu og kostnaðarhagkvæmni, í samræmi við frammistöðuramma evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til forgangsmarkmiða um öryggi.

3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin)([3]), eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1070/2009, er kveðið á um að koma skuli á gjaldtökukerfi og sameiginlegum verkefnum til að framkvæma evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar. Bæði gjaldtökukerfið og sameiginlegu verkefnin eru óaðskiljanlegur hluti af árangursríkri framkvæmd frammistöðukerfisins.

4) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 ætti þessi reglugerð að gilda um þá starfsemi neta á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar, sem um getur í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin)([4]), eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1070/2009.

5) Framkvæmdastjórninni er heimilt að fá aðstoð aðila, sem metur frammistöðu, við framkvæmd frammistöðukerfisins. Sá aðili ætti að vera fær um að veita framkvæmdastjórninni óháða ráðgjöf á öllum sviðum sem hafa áhrif á frammistöðu flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta.

6) Í ljósi þess að landsbundin eftirlitsyfirvöld gegna lykilhlutverki í því að koma frammistöðukerfinu í framkvæmd ættu aðildarríki að tryggja að þau séu í aðstöðu til að uppfylla skyldur sínar á skilvirkan hátt.

7) Til að tryggja úrbætur til langs tíma á sviði mikilvægra, samfélagslegra markmiða, eins og fjallað er um í evrópsku mynsturáætluninni um rekstrarstjórnun flugumferðar, ætti að starfrækja frammistöðukerfið með það í huga að horft sé til fleiri en eins viðmiðunartímabils.

8) Í frammistöðukerfinu ætti að fjalla um flugleiðsöguþjónustu út frá nálguninni „frá hliði að hliði“ (e. gate-to-gate), þ.m.t. leiðarflugsleiðsöguþjónusta og flugleiðsöguþjónusta á aðflugssvæði, í því skyni að bæta heildarframmistöðu netsins.

9) Í frammistöðukerfinu ætti að kveða á um vísa og bindandi markmið fyrir öll meginsvið frammistöðu þar sem tilskilin öryggisstig eru að fullu uppfyllt og þeim viðhaldið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 9.5.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 34.

([3]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

([4]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

10) Við samþykkt frammistöðumarkmiða innan alls Sambandsins í tengslum við viðmiðunartímabil, ætti framkvæmdastjórnin að taka tilhlýðilegt tillit til þeirrar frammistöðu sem náðist á næstliðnu eða næstliðnum viðmiðunartímabilum.

11) Þar sem sterk tengsl eru á milli ólíkra meginsviða frammistöðu ætti að taka tilhlýðilegt tillit til víxltengsla á milli frammistöðumarkmiða, sem öll eru sett með hliðsjón af forgangsmarkmiðunum um öryggi, við undirbúning og vöktun frammistöðukerfis.

12) Koma ætti á fót frammistöðuáætlunum innan starfrænu loftrýmisumdæmanna og fyrir sakir gagnsæis ættu þær að sýna framlag sérhvers veitanda flugleiðsöguþjónustu innan starfræns loftrýmisumdæmis til að ná markmiðum sem eru vöktuð á hagkvæmasta stiginu.

13) Í frammistöðuáætlunum ætti að lýsa ráðstöfunum, s.s. hvatakerfum, sem beint er að hagsmunaaðilum til að bæta frammistöðu á öllum stigum. Þar sem flugöryggi er algert forgangsatriði ætti það ekki að vera háð hvatningu.

14) Til að sjónarmiðum hagsmunaaðila verði komið á framfæri ætti að hafa skilvirkt samráð við þá á landsbundnum vettvangi, á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis, sem og á vettvangi Sambandsins.

15) Við aðstæður, sem ekki var hægt að sjá fyrir við samþykkt frammistöðuáætlana, sem eru óyfirstíganlegar og sem aðildarríkin og þær stofnanir sem frammistöðumarkmiðin eiga við um, hafa ekki stjórn á, ætti að koma á viðeigandi viðbúnaðarkerfi svo hrinda megi í framkvæmd viðeigandi aðgerðum til að viðhalda öryggiskröfum og samfellu í veitingu þjónustu, sem getur falið í sér endurskoðun á frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins eða staðbundnum frammistöðumarkmiðum.

16) Samvinna og samræming milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda eru afar mikilvægir þættir til að ná markmiðum frammistöðukerfisins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til skilvirkni hernaðarverkefna.

17) Frammistöðukerfið ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (EB) nr. 549/2004 sem miða að því að standa vörð um grundvallarhagsmuni í öryggis- og varnarmálum.

18) Velja ætti sértæka og mælanlega meginframmistöðuvísa sem hægt er að leggja til grundvallar við úthlutun ábyrgðar á því að frammistöðumarkmið náist. Setja ætti markmið þeim tengd með það í huga að hægt sé að ná þeim, að þau séu raunsæ og innan ákveðins tímaramma og tilgangurinn með þeim ætti að vera að stýra sjálfbærri frammistöðu flugleiðsöguþjónustu með skilvirkum hætti.

19) Framkvæmd bindandi frammistöðumarkmiða, studd með hvötum af fjárhagslegum toga, útheimtir viðeigandi tengsl við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu ([5]).

20) Setning og framkvæmd meginframmistöðuvísa og frammistöðumarkmiða verður að vera í samræmi við öryggismarkmiðin og -kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([6]), og í samræmi við framkvæmdarreglur hennar og þær ráðstafanir sem Evrópusambandið grípur til, svo þessum markmiðum verði náð og viðhaldið.

21) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á frammistöðuáætlanir og -markmið og ákvarða hvort þau séu í samræmi við markmiðin innan alls Sambandsins og heildarframmistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og hvort framlag þeirra til þessara áætlana og markmiða sé fullnægjandi. Ef ekki er hægt að staðfesta þetta samræmi og fullnægjandi framlag ætti framkvæmdastjórnin að óska eftir því að frammistöðuáætlanirnar og -markmiðin verði endurskoðuð og/eða að gripið verði til ráðstafana til úrbóta.

22) Á viðmiðunartímabilunum ætti að koma á skilvirku vöktunarferli með frammistöðu, þ.m.t. gagnasöfnun og gagnamiðlun, til að tryggja að frammistaðan þróist með þeim hætti að unnt verði að ná markmiðunum og, ef nauðsyn krefur, grípa til ráðstafana til úrbóta.

23) Þegar framkvæmdastjórnin hefur, á grundvelli niðurstaðna úr vöktun, haldgóðar sannanir fyrir því að upphaflegu gögnin, forsendurnar og rökstuðningurinn, sem notuð voru við ákvörðun upphaflegra markmiða, eigi ekki lengur við getur framkvæmdastjórnin ákveðið að endurskoða frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins, eða, ef aðildarríki óskar eftir því, að staðbundin markmið verði endurskoðuð.

24) Framkvæmd í tengslum við starfsemi neta ætti að falla undir frammistöðumarkmið. Þessi reglugerð ætti því að gilda um netstjórnandann, sem komið er á fót í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 ([7]). Breyta ber reglugerð (ESB) nr. 677/2011 til samræmis við það.

25) Fella ber reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu ([8]), 26. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1216/2011 frá 24. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta ([9]) úr gildi frá og með 1. janúar 2015.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

([5]) Stjtíð. ESB L 128, 9.5.2013, bls. 31.

([6]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1.
([9]) Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 3.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ráðstafanir til að bæta heildarframmistöðu flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta fyrir almenna flugumferð innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO AFI), þar sem aðildarríki bera ábyrgð á veitingu flugleiðsöguþjónustu, í því skyni að koma til móts við kröfur allra loftrýmisnotenda.

2. Að því er varðar setningu markmiða og vöktun frammistöðu ætti þessi reglugerð að gilda um þá flugleiðsöguþjónustu sem veitt er:

a) af veitendum flugumferðarþjónustu, sem tilnefndir eru í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004,

b) af veitendum veðurþjónustu, ef þeir eru tilnefndir í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004,

c) af netstjórnandanum, sem skipaður er í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011.

Að því er varðar setningu markmiða og vöktun frammistöðu í tengslum við kostnaðarhagkvæmni gildir þessi reglugerð einnig um yfirvöld eða aðila, sem hafa stofnað til aðstoðarhæfs kostnaðar sem má endurheimta með notendagjöldum, eins og tilgreint er í b-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 og 2. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013.

3. Með fyrirvara um 4. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki þessari reglugerð gagnvart flugleiðsöguþjónustu á aðflugssvæði, sem veitt er á einhverjum eða öllum flugvöllum þeirra með færri en 70 000 flughreyfingar á ári samkvæmt blindflugsreglum. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni.

4. Ef enginn af flugvöllum aðildarríkis nær 70 000 flughreyfingum á ári samkvæmt blindflugsreglum skal þessi reglugerð a.m.k. gilda um þann flugvöll sem hefur flestar flughreyfingar samkvæmt blindflugsreglum.

5. Setning markmiða í tengslum við kostnaðarhagkvæmni skal gilda um ákvarðaðan kostnað sem fjallað er um í a- og b-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004.

6. Aðildarríkin geta einnig beitt þessari reglugerð að því er varðar:

a) loftrými, sem er á þeirra ábyrgð innan annarra svæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, með því skilyrði að þau upplýsi framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það, og án þess að það hafi áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkja samkvæmt Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug frá 1944 (Chicago-samningurinn),

b) veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hafa leyfi til að veita flugleiðsöguþjónustu án vottunar, í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004.

7. Þrátt fyrir ákvæðin um verndun upplýsinga í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB ([10]) og í framkvæmdarreglugerðum hennar, reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 ([11]) og (EB) nr. 1330/2007 ([12]), skal beita kröfum varðandi veitingu upplýsinga, eins og þær eru skilgreindar í V. kafla, gagnvart landsyfirvöldum, veitendum flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðilum flugvalla, samræmingarstjórum flugvalla og flugrekendum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rekstraraðili flugvallar“: framkvæmdastjórn sem hefur það hlutverk, auk annarrar starfsemi, samkvæmt landslögum eða -reglum, að stjórna og hafa umsjón með flugvallarmannvirkjum ásamt því að samræma og hafa eftirlit með starfsemi ýmissa flugrekenda sem starfa á flugvellinum eða innan flugvallarkerfisins sem um ræðir,

2) „gögn“: eigindlegar, megindlegar og aðrar viðeigandi upplýsingar er varða frammistöðu í flugleiðsögu, sem safnað er og unnið er úr á kerfisbundinn hátt af framkvæmdastjórninni, eða fyrir hennar hönd, í tengslum við framkvæmd frammistöðukerfisins,

3) „frammistöðuvísar“: þeir vísar sem notaðir eru við vöktun frammistöðu sem og við setningu viðmiðana fyrir frammistöðu og mat á henni,

4) „meginframmistöðuvísar“: frammistöðuvísar sem notaðir eru við setningu frammistöðumarkmiða,

5) „flughreyfingar samkvæmt blindflugsreglum“: summa flugtaka og lendinga sem fer fram samkvæmt blindflugsreglum, reiknuð út sem árlegt meðaltal síðustu þriggja almanaksára áður en frammistöðuáætlunin er lögð fram,

6) „bindandi markmið“: frammistöðumarkmið sem aðildarríki samþykkja sem hluta af frammistöðuáætlun og eru háð hvatakerfi og/eða áætlunum um aðgerðir til úrbóta,

7) „flugrekandi“: fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi sem aðildarríki gefur út í samræmi við lög Evrópusambandsins,

8) „ákvarðaður kostnaður“: kostnaður sem ákvarðaður er í samræmi við a- og b-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004,

([10]) Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.
([11]) Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3.
([12]) Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2007, bls. 7.

9) „landsyfirvöld“: eftirlitsyfirvöld á vettvangi landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma en kostnað þeirra má innheimta hjá loftrýmisnotendum, þegar til hans er stofnað í tengslum við flugleiðsöguþjónustu, sem veitt er skv. 2. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013,

10) „sanngirnismenning“ (e. *just culture*): menning þar sem aðilum í framvarðarlínu rekstrar eða öðrum er ekki refsað fyrir athafnir, yfirsjónir eða ákvarðanir, sem þeir hafa tekið og samrýmast reynslu þeirra og þjálfun, en þar sem vítavert gáleysi, brot af ásetningi og skaðlegar athafnir eru ekki liðin,

11) „samræmingarstjóri flugvallar“: einstaklingur eða lögaðili, sem aðildarríki tilnefnir til að sinna skyldustörfum sem tengjast samræmingarverkefnum á flugvöllum með skammtaðan afgreiðslutíma, eins og sett er fram í 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum ([13]),

12) „vöktun frammistöðu“: samfellt ferli við söfnun og greiningu gagna til að mæla raunveruleg afköst kerfis miðað við viðeigandi (megin) frammistöðumarkmið og frammistöðuáætlanir með því að nota (megin) frammistöðuvísana sem tilgreindir eru í 9. gr. og I. viðauka,

13) „viðmiðunartímabil“: tímabilið sem frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins og frammistöðuáætlanir, sem tilgreindar eru í d-lið 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, eru í gildi og þeim er beitt,

14) „brautarátroðningur“: hvers konar atvik á flugvelli, sem tengjast rangri staðsetningu loftfars, ökutækis eða einstaklings á vörðum hluta svæðis, sem er tilgreint fyrir lendingar og flugtök loftfara,

15) „flugumferðarþjónustudeild“: deild sem er ábyrg fyrir að veita flugumferðarþjónustu fyrir almennings- eða herflug,

16) „CNS-, MET- og AIS-þjónusta“: fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónusta, veðurþjónusta fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónusta flugmála,

17) „sérstakar aðstæður“: aðstæður þar sem afkastageta rekstrarstjórnunar flugumferðar er óvenju lítil sem veldur óvenju miklum töfum á flæðisstjórnun flugumferðar vegna áætlaðrar takmörkunar af völdum rekstrarlegra eða tæknilegra breytinga, afar slæmra veðurskilyrða, þar sem stór hluti loftrýmisins er ekki tiltækur annaðhvort af náttúrulegum eða stjórnmálalegum ástæðum, eða af völdum verkfalls og að netstjórnandi hefur virkjað evrópska samráðshópinn vegna hættuástands í flugi (EACCC) í kjölfar eins eða fleiri þessara orsakavalda,

18) „kostnaður við endurskipulagningu“: verulegur kostnaður, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu stofna til í eitt skipti, í tengslum við endurskipulagningu, sem felst í nýrri tækni og nýjum aðferðum og tilheyrandi viðskiptalíkönum til að stuðla að samþættri þjónustustarfsemi ef aðildarríkið óskar eftir að fá kostnaðinn endurgreiddan á einu eða fleiri viðmiðunartímabilum. Þetta getur falið í sér kostnað sem stofnað er til við að greiða starfsmönnum bætur, loka stjórnstöðvum flugumferðarstjórnar, flytja starfsemi á nýjan stað, afskrifa eignir og/eða afla stefnumótandi hlutdeildar í starfsemi annarra veitenda flugleiðsöguþjónustu.

([13]) Stjtíð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.

3. gr.

Frammistöðumatsnefnd (e. *performance review body*)

1. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að skipa frammistöðumatsnefnd til að aðstoða við framkvæmd frammistöðukerfis skal slík skipun gilda í ákveðinn tíma sem samsvarar viðmiðunartímabilunum. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna formann og þá sem eiga sæti í frammistöðumatsnefndinni.

2. Frammistöðumatsnefndin skal búa yfir þeirri hæfni og óhlutdrægni sem þarf til að vinna sjálfstætt að þeim verkefnum sem framkvæmdastjórnin felur henni, einkum á viðeigandi meginsviðum frammistöðu.

3. Frammistöðumatsnefndin skal aðstoða framkvæmdastjórnina við framkvæmd frammistöðukerfisins, einkum með eftirtalin verkefni:

a) söfnun, rannsókn, fullgildingu og miðlun gagna sem tengjast frammistöðu,

b) skilgreiningu eða aðlögun meginsviða frammistöðu í samræmi við svið in, sem tilgreind eru innan frammistöðuramma mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar, eins og um getur í 1. mgr. 9. gr. og tengdum meginframmistöðuvísum,

c) skilgreiningu á viðeigandi meginframmistöðuvísum í því skyni að ná, á öllum meginsviðum frammistöðu, yfir frammistöðu starfsemi neta og flugleiðsöguþjónustu, bæði að því er varðar leiðarflugsþjónustu og aðflugsþjónustu,

d) setningu og endurskoðun frammistöðumarkmiða innan alls Sambandsins,

e) setningu viðvörunarmarks eða viðvörunarmarka, sem um getur í 4. mgr. 10. gr., til að virkja viðbúnaðarkerfin sem ákvörðuð eru skv. 19. gr.,

f) mat á samræmi á milli samþykktra frammistöðuáætlana, þ.m.t. frammistöðumarkmiða, og markmiða innan alls Sambandsins,

g) mat á samræmi á milli viðvörunarmarka, sem samþykkt eru skv. 3. mgr. 19. gr., og viðvörunarmarka innan alls Evrópusambandsins, sem um getur í 4. mgr. 10. gr., eftir því sem við á,

h) eftir því sem við á, mat á endurskoðuðum frammistöðumarkmiðum eða þeim ráðstöfunum til úrbóta sem hlutaðeigandi aðildarríki grípa til,

i) vöktun, setningu viðmiðana og mat á frammistöðu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. fjárfestingar og fjárfestingarútgjöld, á staðbundnum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins,

j) vöktun, setningu viðmiðana og mat á frammistöðu starfsemi neta,

k) vöktun á heildarframmistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, þ.m.t. á undirbúningi ársskýrslna, sem skilað er til nefndarinnar um samevrópskt loftrými,

l) mat á því hvort frammistöðumarkmið hafi náðst, við lok hvers viðmiðunartímabils, með undirbúning næsta tímabils í huga.

m) mat á frammistöðuáætlun netstjórnandans, þ.m.t. hvort hún samrýmist frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins,

n) viðhald og stuðning í tengslum við að samræma tímaáætlun samráðsfunda með hagsmunaaðilum að því er varðar frammistöðuáætlanirnar og skyldustörfin, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013.

4. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal frammistöðumatsnefndin veita sértækar upplýsingar eða gefa skýrslur um mál tengd frammistöðu.

5. Frammistöðumatsnefndin getur gefið skýrslu og komið ráðleggingum til framkvæmdastjórnarinnar varðandi úrbætur á kerfinu.

6. Að því er varðar samskipti við landsbundin eftirlitsyfirvöld:

a) til að gegna því hlutverki sínu að vakta heildarframmistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skal frammistöðumatsnefndin fá nauðsynlegar upplýsingar er varða frammistöðuáætlanir frá landsbundnum eftirlitsyfirvöldum,

b) frammistöðumatsnefndin skal aðstoða landsbundin eftirlitsyfirvöld, að beiðni þeirra, með því að veita óháð álit á málum er varða frammistöðu, s.s. samanburð, byggðan á staðreyndum, á veitendum flugleiðsöguþjónustu sem starfa í sambærilegu umhverfi (setning viðmiðana), greiningu á breytingum á frammistöðu á síðustu fimm árum eða greiningu á spám,

c) landsbundin eftirlitsyfirvöld geta farið fram á aðstoð frammistöðumatsnefndarinnar við að skilgreina leiðbeinandi gildi við setningu markmiða, með tilliti til markmiða innan alls Sambandsins. Þessi gildi skulu vera tiltæk landsbundnum eftirlitsyfirvöldum, veitendum flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðilum flugvalla og loftrýmisnotendum.

7. Til að tryggja samræmi við markmiðin og kröfurnar, sem sett eru og hrint í framkvæmd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008, skal frammistöðumatsnefndin, eftir því sem við á, vinna með Flugöryggisstofnun Evrópu að framkvæmd þeirra verkefna sem um getur í 3. mgr., ef þessi verkefni tengjast flugöryggi.

8. Til að gegna því hlutverki sínu að vakta heildarframmistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skal frammistöðumatsnefndin þróa vinnutilhögun með veitendum flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðilum flugvalla, samræmingarstjórum flugvalla og flugrekendum.

4. gr.

Landsbundin eftirlitsyfirvöld

1. Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu bera ábyrgð á mótun frammistöðuáætlana, eftirliti með frammistöðu og vöktun frammistöðuáætlana og -markmiða. Eftirlitsyfirvöld skulu inna þessi verkefni af hendi á óhlutdrægan, óháðan og gagnsæjan hátt.

2. Aðildarríki skulu tryggja að landsbundin eftirlitsyfirvöld búi yfir eða hafi aðgang að nauðsynlegum úrræðum og getu, á öllum meginsviðum frammistöðu, til að framkvæma verkefnin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þ.m.t. rannsóknarheimildir til að inna af hendi verkefnin sem um getur í 20. gr.

3. Svo fremi að aðildarríki hafi fleiri en eitt landsbundið eftirlitsyfirvald skal það tilkynna framkvæmdastjórninni hvert þeirra ber ábyrgð á samræmingu á landsvísu að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar.

5. gr.

Starfræn loftrýmisumdæmi

1. Aðildarríki skulu koma á fót frammistöðuáætlunum á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma.

2. Í því skyni að uppfylla skylduna, sem um getur í 1. mgr., skulu aðildarríkin:

a) tryggja að frammistöðuáætlunin sé í samræmi við fyrirmyndina, sem sett er fram í II. viðauka,

b) tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða landsbundna eftirlitsyfirvald eða -aðili ber ábyrgð á samræmingu innan starfræna loftrýmisumdæmisins og samskiptum við framkvæmdastjórnina varðandi framkvæmd frammistöðuáætlunarinnar,

c) grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja:

   i. að sett sé eitt markmið fyrir hvern meginframmistöðuvísi, sbr. þó e-lið og I. viðauka,

   ii. með skýrskotun til gagnsæis, að tilgreint sé í frammistöðuáætluninni framlag hvers veitanda flugleiðsöguþjónustu innan starfræna loftrýmisumdæmisins, sem er vaktað á hagkvæmasta stiginu, til að ná þeim frammistöðumarkmiðum sem sett hafa verið fyrir starfræna loftrýmisumdæmið,

   iii. að ráðstafanirnar, sem um getur í d-lið 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, séu skilgreindar og til þeirra gripið á viðmiðunartímabilinu þegar markmiðum er ekki náð; í því skyni skal notast við ársgildin í frammistöðuáætluninni,

d) bera ábyrgð á að ákvarða og ná frammistöðumarkmiðum, sem sett eru á staðbundnum vettvangi, þ.e. fyrir starfrænt loftrýmisumdæmi, á landsbundnum vettvangi, fyrir gjaldtökusvæði og flugvelli,

e) ef ekki hefur verið komið á fót sameiginlegu leiðarflugsgjaldsvæði í skilningi 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013 og ef markmið fyrir kostnaðarhagkvæmni innan leiðarflugs eru þar af leiðandi ákveðin fyrir fleiri en eitt gjaldsvæði innan starfræna loftrýmisumdæmisins, steypa þessum markmiðum saman í eitt samanlagt gildi

fyrir leiðarflugsleiðsöguþjónustu og setja fram, í upplýsingaskyni, heildartölu sem lýsir þeirri viðleitni sem sýnd hefur verið til að auka kostnaðarhagkvæmni á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma,

f) ef gjaldsvæði er breytt á viðmiðunartímabili, sýna fram á að með þessari breytingu sé enn hægt að ná frammistöðumarkmiðunum sem samþykkt voru fyrir tímabilið,

g) tryggja að frammistöðuáætlunin samrýmist gildissviði þessarar reglugerðar í samræmi við 6. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

6. gr.

Netstjórnandi

Netstjórnandinn, sem er skipaður skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 ([14]) og 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011, skal annast eftirfarandi verkefni í tengslum við frammistöðukerfið:

a) styðja við framkvæmdastjórnina með því að veita viðeigandi framlag til að undirbúa frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins áður en viðmiðunartímabilin hefjast og til að vakta hvort frammistöðumarkmiðin náist á viðmiðunartímabilinu; netstjórnandinn skal einkum vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar á því ef hann verður var við að rekstrarframmistaðan versni með marktækum og viðvarandi hætti,

b) veita framkvæmdastjórninni aðgang, skv. 5. mgr. 21. gr., að öllum gögnum sem talin eru upp í V. viðauka,

c) styðja starfrænu loftrýmisumdæmin og veitendur flugleiðsöguþjónustu við að ná frammistöðumarkmiðum sínum á viðmiðunartímabilunum með því að tryggja samræmi á milli frammistöðuáætlana, skipulagsáætlunar netanna og aðgerðaráætlunar þeirra,

d) semja frammistöðuáætlun, frammistöðuáætlun netanna, í samræmi við 1. mgr. 5. gr. og a-lið 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 677/2011, sem leggja skal fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en sex mánuðum fyrir upphaf hvers viðmiðunartímabils og sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrir upphaf hvers viðmiðunartímabils. Birta skal þessa frammistöðuáætlun opinberlega og skal hún:

   i. innihalda frammistöðumarkmið fyrir öll meginsvið frammistöðu og alla vísa, sem skulu vera í samræmi við frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins fyrir allt viðmiðunartímabilið, þar sem ársgildi eru notuð vegna vöktunar,

   ii. innihalda lýsingu á aðgerðum sem miða að því að ná markmiðunum,

   iii. innihalda frekari meginframmistöðuvísa og markmið, ef nauðsyn krefur eða ef framkvæmdastjórnin ákveður slíkt.

([14]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

7. gr.

Samræming við Flugöryggisstofnun Evrópu

Við beitingu 13. gr. a í reglugerð (EB) nr. 549/2004 og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin samræma aðgerðir sínar öðrum aðgerðum Flugöryggisstofnunar Evrópu, eins og við á, til að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til eftirfarandi þátta:

a) öryggisþátta frammistöðukerfisins, þ.m.t. uppsetningar, endurskoðunar og framkvæmdar meginframmistöðuvísa öryggis og frammistöðumarkmiða öryggis innan alls Sambandsins, sem og ákvæða tillagna um viðeigandi aðgerðir og ráðstafanir í kjölfar þess að viðbúnaðarkerfi sé virkjað,

b) samkvæmni meginframmistöðuvísa og frammistöðumarkmiða á sviði öryggis við framkvæmd flugöryggisáætlunar Evrópu.

8. gr.

Lengd viðmiðunartímabila

1. Fyrsta viðmiðunartímabil frammistöðukerfis skal taka til almanaksársins 2012–2014, að báðum árum meðtöldum. Annað viðmiðunartímabilið skal taka til almanaksársins 2015–2019, að báðum árum meðtöldum. Næstu viðmiðunartímabil skulu vara fimm almanaksár nema annað verði ákveðið með breytingu á þessari reglugerð.

2. Sama viðmiðunartímabilið skal gilda um frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins og frammistöðuáætlanir og -markmið.

9. gr.

Meginsvið frammistöðu og meginframmistöðuvísar

1. Að því er varðar setningu markmiða skulu hugsanlegar viðbætur og aðlögun annarra meginsviða frammistöðu, samkvæmt b-lið 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, ákveðin af framkvæmdastjórninni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Að því er varðar setningu markmiða skal einn eða takmarkaður fjöldi meginframmistöðuvísa samsvara hverju meginsviði frammistöðu. Meta skal frammistöðu flugleiðsöguþjónustu með hliðsjón af bindandi markmiðum fyrir hvern meginframmistöðuvísi.

3. Í 1. þætti I. viðauka eru tilgreindir meginframmistöðuvísarnir sem liggja til grundvallar setningu markmiða og frammistöðuvísar á vettvangi Sambandsins, sem valdir eru fyrir hvert meginsvið frammistöðu.

4. Í 2. þætti I. viðauka eru tilgreindir staðbundnir meginframmistöðuvísar, sem liggja til grundvallar setningu staðbundinna markmiða, og staðbundnir frammistöðuvísar, sem notaðir eru til að setja frammistöðumarkmið. Upplýsingar um staðbundinn vettvang, þ.e. starfræn loftrýmisumdæmi, landsbundinn vettvang, gjaldtökusvæði og flugvelli, eru tilgreindar í 2. þætti I. viðauka.

5. Meginframmistöðuvísum skal ekki breytt innan hvers viðmiðunartímabils. Breytingar skal samþykkja með því að gera breytingar á þessari reglugerð, eigi síðar en sex mánuðum áður en ný frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins eru samþykkt.

6. Til viðbótar við meginsvið frammistöðu og meginframmistöðuvísa, sem um getur í þessari grein og settir eru fram í 2. þætti I. viðauka, geta aðildarríki ákveðið að setja frammistöðuvísa og tengd markmið sem hluta af sinni eigin vöktun frammistöðu og/eða sem hluta af frammistöðuáætlunum sínum. Þessir viðbótarvísar og -markmið skulu stuðla að því að markmiðin innan alls Sambandsins náist sem og markmið á staðbundnum vettvangi sem af þeim leiðir. Viðbótarvísar- og markmið geta t.d. falið í sér og fjallað um borgaralega-hernaðarlega vídd eða veðurfræðilega vídd frammistöðuáætlunarinnar og þeim getur fylgt viðeigandi hvatakerfi.

7. Til að greiða fyrir framkvæmd og mælingu á (megin) frammistöðuvísum öryggis skal Flugöryggisstofnun Evrópu, að höfðu samráði við frammistöðumatsnefndina og áður en annað viðmiðunartímabilið hefst, samþykkja viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar, í samræmi við málsmeðferðina sem ákvörðuð var skv. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

II. KAFLI

UNDIRBÚNINGUR FRAMMISTÖÐUÁÆTLANA

10. gr.

Frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, með tilliti til viðeigandi sjónarmiða netstjórnandans og landsbundinna eftirlitsyfirvalda og að höfðu samráði við hagsmunaaðila, eins og um getur í 10. gr. þeirrar reglugerðar, aðra viðeigandi stofnanir og Flugöryggisstofnun Evrópu að því er varðar öryggisþætti frammistöðunnar.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 9. gr. skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 15 mánuðum áður en viðmiðunartímabilið hefst, gera tillögu að markmiðum innan alls Sambandsins sem samþykkja skal eigi síðar en 12 mánuðum áður en viðmiðunartímabilið hefst.

3. Setning markmiða innan alls Sambandsins fyrir meginframmistöðuvísinn, sem tilgreindur er í b-lið liðar 4.1 í 1. þætti I. viðauka, skal hefjast frá og með þriðja ári annars viðmiðunartímabilsins í kjölfar málsmeðferðarinnar, sem um getur í 1. mgr., sbr. þó ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

4. Ásamt því að samþykkja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins skal framkvæmdastjórnin ákvarða viðvörunarmark eða -mörk en ef farið er yfir þessi mörk má virkja viðbúnaðarkerfið sem um getur í 19. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal rökstyðja hvert frammistöðumarkmið sem nær til alls Sambandsins með lýsingu á forsendum og röksemdum, sem lagðar eru til grundvallar við setningu þessara markmiða, s.s. hvernig tillit er tekið til sjónarmiða netstjórnanda, landsbundinna eftirlitsyfirvalda og annarra gagna sem byggjast á staðreyndum, umferðarspáa, samsetningu hópa á vegum veitenda flugleiðsöguþjónustu eða starfrænna loftrýmisumdæma þar sem um er að ræða svipað rekstrar- og efnahagsumhverfi.

11. gr.

Gerð frammistöðuáætlana

1. Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu gera markmiðsbundnar frammistöðuáætlanir á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma sem samrýmast frammistöðumarkmiðunum sem ná til alls Sambandsins og þeim matsviðmiðunum sem settar eru fram í IV. viðauka.

Með fyrirvara um sniðmátið, sem sett er fram í II. viðauka getur frammistöðuáætlunin falið í sér mismunandi þætti sem tengjast staðbundnum vettvangi, þ.e. starfræn loftrýmisumdæmi, landsbundinn vettvang, gjaldtökusvæði og flugvelli.

2. Til að styðja við undirbúning frammistöðuáætlana skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld sjá til þess:

a) að veitendur flugleiðsöguþjónustu leggi viðskiptaáætlanir sínar fyrir landsbundin eftirlitsyfirvöld,

b) að samráð sé haft við hagsmunaaðila um frammistöðuáætlunina og frammistöðumarkmiðin í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004. Veita skal hagsmunaaðilum fullnægjandi upplýsingar a.m.k. þremur vikum fyrir samráðsfundinn.

3. Frammistöðuáætlanirnar skulu einkum innihalda eftirfarandi:

a) umferðarspá, sem er tilgreind sem þjónustueiningar fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins, á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis og fyrir hvert gjaldtökusvæði, ásamt rökstuðningi fyrir þeim tölum sem notaðar eru,

b) ákvarðaðan kostnað fyrir flugleiðsöguþjónustu fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins og hvert gjaldtökusvæði í samræmi við ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004,

c) lýsingu á fjárfestingum, sem nauðsynlegar eru til að ná frammistöðumarkmiðunum, þar sem gerð er grein fyrir mikilvægi þeirra í tengslum við evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar, skipulagsáætlun netanna og sameiginlegu verkefnin sem um getur í 3. mgr. 15. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004; þessi lýsing skal undirstrika þann ávinning og þau samlegðaráhrif sem nást á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis,

d) frammistöðumarkmið á hverju viðeigandi meginsviði frammistöðu, sett með tilvísun í hvern meginframmistöðuvísi, fyrir allt viðmiðunartímabilið, með ársgildum sem nota á fyrir vöktun og sem hvati,

e) að tekið sé tillit til víxltengsla milli meginsviða frammistöðu, þ.m.t. að meta áhrif á öryggi frammistöðuáætlunarinnar ásamt hvers konar úrbótum sem þörf er á til að viðhalda fullvissu um öryggi,

f) lýsingu á borgaralegri-hernaðarlegri vídd áætlunarinnar, þar sem gerð er grein fyrir frammistöðu að því er varðar

sveigjanlega notkun loftrýmis til þess að auka afkastagetu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til skilvirkni hernaðarverkefna og, ef það á við, til viðeigandi frammistöðuvísa og -markmiða sem eru í samræmi við aðra vísa og markmið frammistöðuáætlunarinnar,

g) lýsingu á og rökstuðning fyrir því hvernig frammistöðumarkmiðin, sem um getur í d-lið, samrýmast frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins og frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnunun flugumferðar og hvernig þau stuðla að því að þau náist,

h) upplýsingar um alla hlutaðeigandi veitendur flugleiðsöguþjónustu og sérstakt framlag þeirra til að ná markmiðunum, sem eru vöktuð, með skýrskotun til gagnsæis, á hagkvæmasta stiginu, eins og um getur í ii. lið c-liðar 2. mgr. 5. gr.,

i) lýsingu á hvatakerfunum, sem beint verður að hlutaðeigandi veitendum flugleiðsöguþjónustu til að hvetja til þess að markmiðin náist á viðmiðunartímabilinu,

j) þær ráðstafanir sem landsbundin eftirlitsyfirvöld gera til að vakta hvort frammistöðumarkmið náist,

k) lýsingu á niðurstöðum úr samráði hagsmunaaðila, þ.m.t. á málefnum, sem þátttakendur vekja máls á, og samþykktum aðgerðum.

4. Frammistöðuáætlanir skulu byggðar á fyrirmyndinni, sem sett er fram í II. viðauka, og þær mega innihalda viðbótarvísa og markmið þeim tengdum, ákveði aðildarríkin svo, skv. 6. mgr. 9. gr.

5. Netstjórnandi skal semja frammistöðuáætlun neta, sem inniheldur markmið sem samrýmast frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins og, að breyttu breytanda, matsviðmiðanirnar sem settar eru fram í IV. viðauka.

6. Til að undirbúa frammistöðuáætlun neta skal netstjórnandi:

a) tryggja samráð í samræmi við 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011,

b) nota fyrirmyndina sem sett er fram í III. viðauka.

12. gr.

Hvatakerfi

1. Hvatakerfin, sem aðildarríki beita sem hluta af frammistöðuáætlun sinni, skulu vera í samræmi við almennu meginreglurnar, sem hér fara á eftir:

a) þau skulu vera skilvirk, hlutfallsbundin og ekki taka breytingum á viðmiðunartímabilinu,

b) þeim skal beitt á gagnsæjum grundvelli, sem er án mismununar, til að stuðla að bættri frammistöðu þjónustuveitingar,

c) þau skulu vera hluti af regluramma, sem allir hagsmunaaðilar þekkja fyrir fram, og gilda allt viðmiðunartímabilið,

d) þau skulu hvetja stofnanir, sem hafa áhrif á setningu markmiða, til að ná mjög háu frammistöðustigi og uppfylla tengd markmið.

2. Hvatar, sem varða markmið um kostnaðarhagkvæmni, skulu vera af fjárhagslegum toga og falla undir gildissvið viðeigandi ákvæða í 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013. Í þeim skal felast fyrirkomulag um áhættuhlutdeild á vettvangi landsbundinna eða starfrænna loftrýmisumdæma.

3. Hvatar fyrir afkastamarkmið skulu vera af fjárhagslegum toga og falla undir gildissvið viðeigandi ákvæða 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013. Bæta má við hvötum af öðrum toga, s.s. í formi áætlana um aðgerðir til úrbóta með tímamörkum og tengdum ráðstöfunum, sem landsbundið eftirlitsyfirvald ákveður að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna.

4. Hvatar, sem varða umhverfismarkmið, geta verið af fjárhagslegum toga og falla undir gildissvið viðeigandi ákvæða 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013. Bæta má við hvötum af öðrum toga, s.s. í formi áætlana um aðgerðir til úrbóta með tímamörkum og tengdum ráðstöfunum, sem landsbundið eftirlitsyfirvald ákveður að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna.

5. Auk þess geta aðildarríkin aðlagað flugleiðsögugjöldin á staðbundnum vettvangi eins og kveðið er á um í 16. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013.

III. KAFLI

SAMÞYKKT FRAMMISTÖÐUÁÆTLANA

13. gr.

Upphafleg samþykkt frammistöðuáætlana

Að fenginni tillögu frá landsbundnum eftirlitsyfirvöldum skulu aðildarríki samþykkja frammistöðuáætlanir, sem innihalda bindandi frammistöðumarkmið, og senda þær framkvæmdastjórninni eigi síðar en sex mánuðum áður en viðmiðunartímabilið hefst.

14. gr.

Mat og endurskoðun á frammistöðuáætlunum og markmiðum

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á frammistöðuáætlanir, markmið þeirra og einkum hvort þær séu í samræmi við og stuðli með fullnægjandi hætti að því frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins náist, sem og hvort þær samrýmist viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, og að teknu tilliti til þess hvernig aðstæður gætu hafa þróast frá þeim degi sem markmiðin innan alls Evrópusambandsins voru samþykkt og til þess dags sem frammistöðuáætlunin er metin. Ef markmið eru sett á staðbundnum vettvangi, án tilvísunar til frammistöðumarkmiðs innan alls Sambandsins, grundvallast matið á viðmiðunum sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

2. Ef framkvæmdastjórnin telur að frammistöðuáætlun eða hluti hennar og markmið hennar séu í samræmi við og stuðli með fullnægjandi hætti að því að markmið innan alls Sambandsins náist og að þau samrýmist öllum viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, skal hún tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum þar um eigi síðar en fimm mánuðum eftir móttöku frammistöðuáætlunarinnar.

3. Ef framkvæmdastjórnin telur að frammistöðuáætlun eða hluti hennar og sum eða öll markmið hennar, séu ekki í samræmi við markmiðin innan alls Sambandsins og að þau stuðli ekki með fullnægjandi hætti að þeim og/eða eru ekki í samræmi við eina eða fleiri viðmiðanir, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, skal hún, eigi síðar en fimm mánuðum eftir móttöku frammistöðuáætlunarinnar, og í samræmi við málsmeðferðina sem ákvörðuð er með 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, gefa út tilmæli til hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja þess efnis að þau samþykki endurskoðaða frammistöðuáætlun eða hluta hennar og/eða markmið. Þessi tilmæli skulu gerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og í þeim skal tilgreint nákvæmlega hvaða hluta frammistöðuáætlunarinnar og/eða markmiðanna á að endurskoða ásamt því að útskýra rökstuðning fyrir mati framkvæmdastjórnarinnar.

4. Í slíku tilviki skal hlutaðeigandi aðildarríki samþykkja endurskoðaða frammistöðuáætlun eða hluta hennar og/eða markmið, að teknu tilliti til álits framkvæmdastjórnarinnar, og viðeigandi ráðstafanir, sem þörf er á, til að ná megi þessum markmiðum og tilkynna framkvæmdastjórninni þar um eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að tilkynnt var um tilmælin.

15. gr.

Mat á endurskoðuðum frammistöðuáætlunum og -markmiðum og samþykkt ráðstafana til úrbóta

1. Framkvæmdastjórnin skal meta allar endurskoðaðar frammistöðuáætlanir, eða hluta þeirra, og frammistöðumarkmið þeirra á grundvelli þeirra viðmiðana sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

2. Ef framkvæmdastjórnin telur að endurskoðuð frammistöðuáætlun, eða hluti hennar, og markmið hennar séu í samræmi við og stuðli með fullnægjandi hætti að því að markmið innan alls Sambandsins náist og að þau samrýmist öllum viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, skal hún tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum þar um eigi síðar en fimm mánuðum eftir að hún hefur móttekið endurskoðuðu frammistöðuáætlunina.

3. Ef framkvæmdastjórnin telur að endurskoðuð frammistöðuáætlun, eða hluti hennar, og sum eða öll markmið hennar, séu enn ekki í samræmi við markmið innan alls Sambandsins og að þau stuðli ekki með fullnægjandi hætti að þeim og/eða eru enn ekki í samræmi við eina eða fleiri viðmiðanir, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, skal hún, eigi síðar en fimm mánuðum eftir að hún hefur móttekið endurskoðuðu frammistöðuáætlunina, eða hluta hennar, og í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, ákveða að hlutaðeigandi aðildarríki skuli gera ráðstafanir til úrbóta.

4. Í slíkri ákvörðun skal tilgreina nákvæmlega, í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, hvaða hluta áætlunarinnar og markmið á að endurskoða og rökstuðning fyrir mati framkvæmdastjórnarinnar. Í henni má mæla fyrir um áætlað frammistöðustig þessara markmiða, í því skyni að gera hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum kleift að grípa til viðeigandi ráðstafana til úrbóta, og/eða hún má innihalda ábendingar um slíkar ráðstafanir til úrbóta.

5. Eigi síðar en tveimur mánuðum frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar skal upplýsa framkvæmdastjórnina um þær ráðstafanir til úrbóta sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa samþykkt sem og um þá þætti sem sýna fram á samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

16. gr.

Frammistöðuáætlanir eða ráðstafanir til úrbóta sem samþykktar eru eftir að viðmiðunartímabil hefst

Frammistöðuáætlanir eða ráðstafanir til úrbóta, sem samþykktar eru eftir að viðmiðunartímabil hefst, í kjölfar framkvæmdar málsmeðferðareglnanna, sem settar eru fram í 14. og 15. gr., gilda afturvirkt frá og með fyrsta degi viðmiðunartímabilsins.

17. gr.

Endurskoðun markmiða

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, getur framkvæmdastjórnin ákveðið að endurskoða markmiðin innan alls Sambandsins og/eða getur, ef aðildarríki óskar eftir því, heimilað að eitt eða fleiri staðbundin markmið verði endurskoðuð:

a) þegar hún hefur, á grundvelli skýrslu sinnar, sem um getur í 4. mgr. 18. gr., haldgóðar sannanir fyrir því að upphaflegu gögnin, forsendurnar og rökstuðningurinn, sem notast var við þegar upphaflegu markmiðin voru sett, eigi ekki lengur við, eða

b) í kjölfar þess að viðbúnaðarkerfi, sem um getur í 19. gr., hefur verið virkjað,

c) í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 3. mgr. 10. gr., í tengslum við meginframmistöðuvísinn sem settur er fram í b-lið í lið 4.1 í 1. þætti I. viðauka.

2. Endurskoðun á markmiðunum innan alls Sambandsins getur leitt til breytinga á þeim frammistöðuáætlunum sem fyrir eru. Í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin ákveðið að gera viðeigandi breytingu á tímaáætluninni sem sett er fram í II. og III. kafla þessarar reglugerðar.

IV. KAFLI

VÖKTUN MEÐ ÞVÍ AÐ FRAMMISTÖÐUMARKMIÐ NÁIST

18. gr.

Stöðug vöktun og skýrslugjöf

1. Landsbundin eftirlityfirvöld og framkvæmdastjórnin skulu vakta framkvæmd frammistöðuáætlana. Í því skyni skal notast við ársgildi í frammistöðuáætlunum. Ef markmiðum er ekki náð á viðmiðunartímabilinu skal hlutaðeigandi aðildarríki skilgreina og beita ráðstöfunum til úrbóta, sem eru hannaðar til að ráða bót á stöðunni, og skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þær. Ef framkvæmdastjórnin metur það svo að þessar ráðstafanir til úrbóta nægi ekki til að ráða bót á stöðunni skal hún, eigi síðar en fimm mánuðum eftir að hún hefur móttekið ráðstafanirnar og í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum þar um með tillögum að ráðstöfunum til úrbóta.

2. Verði framkvæmdastjórnin vör við marktæka og viðvarandi versnandi frammistöðu á staðbundnum vettvangi eða á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma, þannig að það hafi áhrif á önnur ríki, sem eru aðilar að samevrópska loftrýminu, og/eða á allt loftrými Evrópu, getur hún farið fram á að hlutaðeigandi aðildarríki skilgreini og beiti ráðstöfunum til úrbóta, sem hannaðar eru til að ná markmiðunum, sem sett eru fram í frammistöðuáætlun þeirra, og tilkynni framkvæmdastjórninni um það. Ef framkvæmdastjórnin metur það svo að þessar ráðstafanir nægi ekki til að ráða bót á stöðunni skal hún, eigi síðar en fimm mánuðum eftir að hún hefur móttekið ráðstafanirnar og í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum þar um með tillögum að ráðstöfunum til úrbóta.

3. Framkvæmdastjórnin skal vakta framkvæmd frammistöðuáætlunar netstjórnandans fyrir netin. Í því skyni skal notast við ársgildi í frammistöðuáætluninni. Ef markmiðum er ekki náð á viðmiðunartímabilinu skal framkvæmdastjórnin krefjast þess að netstjórnandinn skilgreini og beiti ráðstöfunum til úrbóta, sem hannaðar eru til að ná markmiðunum, sem sett eru í frammistöðuáætluninni fyrir netin, og skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þær. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -stofnanir, eins og þær eru skilgreindar í b-lið 2. mgr. 5. gr., um slíkar ráðstafanir til úrbóta.

4. Landsbundin eftirlitsyfirvöld eða -stofnanir, eins og þær eru skilgreindar í b-lið 2. mgr. 5. gr., skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um vöktun með frammistöðuáætlunum og -markmiðum, eigi síðar en 1. júní ár hvert, og þegar hætta er á að frammistöðumarkmiðum verði ekki náð. Skýrslurnar byggjast á tilmælum sem framkvæmdastjórnin mun útfæra áður en viðmiðunartímabilið hefst. Framkvæmdastjórnin skal, a.m.k. einu sinni á ári, gefa nefndinni um samevrópskt loftrými skýrslu um það hvort frammistöðumarkmiðin hafi náðst.

19. gr.

Viðbúnaðarkerfi

1. Þegar viðvörunarmörkunum, sem um getur í 4. mgr. 10. gr., er náð á vettvangi Sambandsins á einu almanaksári, við aðstæður sem ekki var hægt að sjá fyrir á þeim tíma sem frammistöðuáætlanirnar voru samþykktar og sem jafnframt eru óyfirstíganlegar og ekki á valdi aðildarríkjanna, veitenda flugleiðsöguþjónustu og netstjórnanda, skal framkvæmdastjórnin endurskoða stöðuna í samráði við aðildarríkin, fyrir tilstuðlan nefndarinnar um samevrópskt loftrými, og leggja fram tillögur um viðeigandi aðgerðir innan fjögurra mánaða. Þetta getur falið í sér endurskoðun á frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins og þar af leiðandi á staðbundnum frammistöðumarkmiðum.

2. Þegar viðvörunarmörkum, sem um getur í 4. mgr. 10. gr., er náð á staðbundnum vettvangi á einu almanaksári, við aðstæður sem ekki var hægt að sjá fyrir á þeim tíma sem frammistöðuáætlanir voru samþykktar og sem jafnframt eru óyfirstíganlegar og ekki á valdi aðildarríkjanna, veitenda flugleiðsöguþjónustu eða netstjórnanda, skulu hlutaðeigandi landsbundin eftirlitsyfirvöld endurskoða stöðuna í samráði við framkvæmdastjórnina og leggja fram tillögur um viðeigandi aðgerðir innan fjögurra mánaða. Þetta getur falið í sér endurskoðun á staðbundnum frammistöðumarkmiðum.

3. Aðildarríki geta samþykkt önnur viðvörunarmörk en þau sem um getur í 4. mgr. 10. gr. með það fyrir augum að taka tillit til staðbundinna aðstæðna og sérstöðu. Í slíkum tilfellum skulu þessi mörk sett fram í frammistöðuáætluninni og vera í samræmi við mörkin sem samþykkt eru skv. 4. mgr. 10. gr. Þessi frávik skal rökstyðja með ítarlegum hætti. Þegar þessum mörkum er náð gildir ferlið sem sett er fram í 1. mgr.

4. Ef framkvæmd viðbúnaðarkerfis hefur í för með sér endurskoðun á frammistöðuáætlunum og -markmiðum skal framkvæmdastjórnin greiða fyrir slíkri endurskoðun með viðeigandi breytingu á viðkomandi tímaáætlun, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í II. og III. kafla.

20. gr.

Að greiða fyrir að eftirlit sé haft með vöktun

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu og netstjórnandinn skulu greiða fyrir skoðunum og könnunum, þ.m.t. vettvangsheimsóknum, framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi landsbundins eftirlitsyfirvalds, eða hæfur aðili, sem sinnir starfi sínu fyrir hönd landsbundna eftirlitsyfirvaldsins, eða Flugöryggisstofnunar Evrópu, þar sem við á. Með fyrirvara um eftirlitsheimildir landsbundinna eftirlitsyfirvalda og Flugöryggisstofnunar Evrópu, skulu aðilar, sem til þess hafa heimild, hafa umboð til:

a) að skoða, í tengslum við öll meginsvið frammistöðu, skjöl og allt annað efni sem snýr að innleiðingu frammistöðuáætlana og -markmiða,

b) að taka afrit af eða gera útdrætti úr slíkum skjölum,

c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum.

2. Skoðanirnar og kannanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu framkvæmdar í samræmi við gildandi málsmeðferð í aðildarríkinu þar sem þær eiga að fara fram.

3. Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu vakta framkvæmd þessarar reglugerðar í tengslum við frammistöðu á sviði öryggismála, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar um öryggiseftirlit sem settar voru með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011 ([15]).

4. Í tengslum við eftirlit með stöðlun skal Flugöryggisstofnun Evrópu vakta framkvæmd þessarar reglugerðar í aðildarríkjunum á meginsviði frammistöðu sem varðar öryggismál, í samræmi við vinnuaðferðirnar sem kveðið er á um í 5. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 ([16]).

V. KAFLI

SÖFNUN, FULLGILDING, RANNSÓKN, MAT OG MIÐLUN UPPLÝSINGA SEM VARÐA FRAMMISTÖÐU FLUGLEIÐSÖGU Í SAMEVRÓPSKA LOFTRÝMINU

21. gr.

Söfnun og fullgilding gagna vegna mats á frammistöðu

1. Til viðbótar við þau gögn sem framkvæmdastjórnin hefur þegar safnað með öðrum gerningum Evrópusambandsins, sem einnig má nota við endurskoðun á frammistöðu, skulu

([15]) Stjtíð. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 15.
([16]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

landsyfirvöld, veitendur flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðilar flugvalla, samræmingarstjórar flugvalla og flugrekendur tryggja að framkvæmdastjórninni séu afhent þau gögn sem um getur í V. viðauka, samkvæmt þeim kröfum sem settar eru fram í þeim viðauka.

2. Svo taka megi tillit til staðbundinnar sérstöðu og þeirra leiða til skýrslugjafar sem til staðar eru, geta landsyfirvöld, að öllu leyti eða að hluta, falið landsbundnum eftirlitsyfirvöldum sínum, veitendum flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðilum flugvalla og samræmingarstjórum flugvalla verkefnið um afhendingu gagna eða endurskipulagt hvernig verkefninu er skipt á milli þeirra.

3. Veitendur gagna skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gæði og fullgildingu gagnanna, sjá til þess að þau séu afhent á réttum tíma og innihaldi sönnun á gæðakönnunum og fullgildingarferli þeirra, svör við sértækum fyrirspurnum framkvæmdastjórnarinnar varðandi gæði gagnanna og, ef nauðsyn krefur, aðgerðaáætlanir til að bæta gæði gagna. Gögnin skulu afhent án endurgjalds og á rafrænu formi, ef það á við, og á því sniði sem framkvæmdastjórnin tilgreinir.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á gæði gagnanna, sem send eru skv. 1. mgr., og fullgilda þau. Ef ekki hentar vel að nota gögnin við mat á frammistöðu er framkvæmdastjórninni heimilt, í samvinnu við aðildarríkin, og einkum í samvinnu við landsbundin eftirlitsyfirvöld þeirra, að grípa til viðeigandi ráðstafana til að meta og bæta gæði gagnanna.

5. Að því er þessa reglugerð varðar telst framkvæmdastjórnin hafa fengið gögnin, sem um getur í 1. mgr., ef þau hafa þegar verið afhent Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu. Ef gögnin hafa ekki þegar verið afhent Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu skulu framkvæmdastjórnin og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að framkvæmdastjórnin fái aðgang að slíkum gögnum í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

6. Þegar sannreynt er að þörf sé á mikilvægum, nýjum gögnum eða vænta má að gæði gagna séu ófullnægjandi getur framkvæmdastjórnin framkvæmt forkannanir með valfrjálsri þátttöku aðildarríkjanna eða hagsmunaaðila, áður en nýjar kröfur um gögn eru innleiddar með breytingu við þessa reglugerð. Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hve hagkvæm viðkomandi gagnasöfnun er, að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu, borið saman við kostnaðinn við að safna þeim saman og fyrirhöfn svarenda.

22. gr.

Miðlun upplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal miðla upplýsingum að því er varðar þau markmið sem sett eru fram í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([17]), einkum 4. gr. hennar og í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004.

2. Upplýsingarnar í a-lið 3. mgr. 3. gr., skulu vera aðgengilegar öllum, m.a. með rafrænum hætti. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um stefnu í tengslum við meðhöndlun, verndun, trúnað og miðlun gagna, sem aflað er í tengslum við frammistöðu, að því er varðar beitingu 21. gr., og tilheyrandi hugverkaréttindi.

3. Skýrslur framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 4. mgr. 18. gr., skulu gerðar aðgengilegur öllum og birta skal tilvísun í þær í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að veita hlutaðeigandi aðilum reglulega almennar upplýsingar, m.a. með rafrænum hætti.

4. Markmiðin innan alls Sambandsins, sem um getur í 10. gr., og tilvísun í samþykktar frammistöðuáætlanir, sem um getur í III. kafla, skulu gerð aðgengileg öllum og birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

5. Veitendum gagna, sem upplýsingarnar og aðgerðirnar varða beint, skal veittur aðgangur að öllum sértækum gögnum, s.s. fullgildum gögnum og tölfræðilegum upplýsingum.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Undanþágur

Ef það hefur verið staðfest, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013, að flugleiðsöguþjónusta á aðflugssvæði og/eða fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónusta (CNS), veðurþjónusta (MET) og upplýsingaþjónusta flugmála (AIS) sé veitt að hluta til eða að öllu leyti í samræmi við markaðsskilyrði og að aðildarríkið hefur ákveðið, samkvæmt þeirri reglugerð, að reikna hvorki út ákvarðaðan kostnað fyrir þessa þjónustu né aðflugssvæðagjald og ekki heldur að beita fjárhagslegum hvötum fyrir þessa þjónustu, þá gilda markmið fyrir kostnaðarhagkvæmni ekki um þessa þjónustu.

24. gr.

Áfrýjun

Aðildarríki skulu tryggja að ákvarðanir, sem teknar eru samkvæmt þessari reglugerð, séu tilhlýðilega rökstuddar og að settar séu skilvirkar reglur um endurskoðun og/eða áfrýjunarmeðferð þeirra.

25. gr.

Endurskoðun kerfisins

Við lok hvers viðmiðunartímabils skal framkvæmdastjórnin endurskoða frammistöðukerfið, og einkum greina áhrif, skilvirkni og gildissvið þess, með tilhlýðilegu tilliti til starfs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á þessu sviði.

26. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 677/2011

Reglugerð (ESB) nr. 677/2011 er breytt sem hér segir:

1) 28. forsenda falli brott.

([17]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

2) Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Netstjórnandinn skal þróa, viðhalda og framkvæma skipulagsáætlun netanna, sem skal vera leiðbeinandi fyrir starfsemina til lengri tíma litið og falla saman við viðmiðunartímabilið sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 390/2013 (*).“

(*) Stjtíð. ESB L 128, 9.5.2013, bls. 1.

3) Í stað 4. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„4. Skipulagsáætlun netanna skal uppfærð reglulega, a.m.k. tólf mánuðum áður en hvert viðmiðunartímabil hefst.“

4) Í stað 3. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„3. Netstjórnandinn skal árlega leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnunina um ráðstafanirnar sem hann gerir til að inna af hendi verkefni sín. Skýrslan skal fjalla um einstakar aðgerðir netanna sem og heildarástand neta og vera nátengd innihaldi skipulags-, aðgerðar- og frammistöðuáætlunar netanna sem um getur í d-lið 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina um samevrópskt loftrými þar að lútandi.“

5) Í stað IV. viðauka komi eftirfarandi:

„IV. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ SKIPULAGSÁÆTLUN NETANNA

Skipulagsáætlun netanna skal byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. INNGANGUR

1.1. Gildissvið skipulagsáætlunar netanna (landfræðilegt og gildistími).

1.2. Undirbúningur áætlunarinnar og fullgildingarferli.

2. HEILDARSAMHENGI OG KRÖFUR

2.1. Lýsing á núverandi og áætlaðri stöðu netsins, þ.m.t. hönnun Evrópunets flugleiða (European Route Network Design, ERND), flæðisstjórnun flugumferðar (ATFM), flugvellir og takmörkuð úrræði.

2.2. Áskoranir og tækifæri í tengslum við gildistíma áætlunarinnar (þ.m.t. spá um umferðarþörf og þróun á heimsvísu).

2.3. Frammistöðumarkmið og viðskiptalegar kröfur, sem mismunandi hagsmunaaðilar setja fram, og frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins.

3. SÝN Á SKIPULAG

3.1. Lýsing á skipulagslegum aðferðum netsins til þróunar og framfara til að uppfylla með fullnægjandi hætti frammistöðumarkmiðin og viðskiptalegar kröfur.

3.2. Eftirlit með því að farið sé að frammistöðukerfinu

3.3. Eftirlit með því að farið sé að evrópsku mynsturáætluninni um rekstrarstjórnun flugumferðar

4. SKIPULAGSLEG MARKMIÐ

4.1. Lýsing á skipulagslegum markmiðum fyrir netin, þ.m.t.:

a) sjónarmið hagsmunaaðila í flugrekstri í tengslum við samstarf með tilliti til hlutverka og ábyrgðarsviða,

b) upplýsingar um hvernig skipulagsmarkmiðin munu uppfylla kröfurnar,

c) upplýsingar um hvernig þróunin í þá átt að ná þessum markmiðum verður metin,

d) upplýsingar um hvernig skipulagsmarkmiðin munu hafa áhrif á iðnaðinn og önnur hlutaðeigandi svið.

5. SKIPULAGSMÓTANDI ÁÆTLANAGERÐ

5.1. Lýsing á áætlunum til skamms tíma og meðallangs tíma:

a) forgangsverkefni hvers skipulagsmarkmiðs,

b) framkvæmd hvers skipulagsmarkmiðs að því er varðar kröfur í tengslum við nýtingu á tækni, áhrif á byggingarlist, mannleg sjónarmið, tilheyrandi kostnað, ávinning ásamt nauðsynlegum stjórnunarháttum, tilföngum og reglusetningu,

c) nauðsynleg þátttaka hagsmunaaðila í flugrekstri í hverjum þætti áætlunarinnar, þ.m.t. hlutverk þeirra og ábyrgðarsvið,

d) hve mikil þátttaka netstjórnandans eigi að vera til að styðja við framkvæmd á hverjum þætti áætlunarinnar fyrir hverja tegund starfsemi.

5.2. Lýsing á langtímaáætlunum:

a) ásetningurinn að ná skipulagsmarkmiðum, með tilliti til nauðsynlegrar tækni og samsvarandi þátta rannsóknar og þróunar, áhrifa á byggingarlist, mannlegra sjónarmiða, viðskiptaáætlana, nauðsynlegrar stjórnunarhátta ásamt tilheyrandi öryggis- og efnahagslegum rökstuðningi fyrir þessum fjárfestingum,

b) nauðsynleg þátttaka hagsmunaaðila í flugrekstri í hverjum þætti áætlunarinnar, þ.m.t. hlutverk þeirra og ábyrgðarsvið.

6. ÁHÆTTUMAT

6.1. Lýsing á áhættunni í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar.

6.2. Lýsing á vöktunarferlinu (þ.m.t. möguleg frávik frá upphaflegum markmiðum).

7. TILMÆLI

7.1. Tilgreining þeirra aðgerða sem Sambandið og aðildarríkin eiga að grípa til í því skyni að styðja við framkvæmd áætlunarinnar.“

27. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Reglugerð þessi gildir frá öðru viðmiðunartímabilinu, eins og það er skilgreint í 8. gr., og á því tímabili. Að því er varðar beitingu frammistöðukerfisins og til að mögulegt sé að samþykkja markmiðin, í tengslum við 2. mgr. 10. gr., innan alls Sambandsins, áður en annað viðmiðunartímabilið hefst og frammistöðuáætlunin hefur verið undirbúin og samþykkt, í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, gildir 1. gr. (3. og 4. mgr.), 3. gr. (i- og n-liður 3. mgr.), 5. og 6. gr., 9. gr. (3. og 4. mgr.), 26. gr., II. kafli, III. kafli ásamt I., II., III., IV. og V. viðauka frá gildistöku þessarar reglugerðar.

28. gr.

Niðurfelling

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010, 26. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1216/2011 skulu felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2015, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar framkvæmd frammistöðukerfisins á fyrsta viðmiðunartímabilinu, eins og það er skilgreint í 8. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

MEGINFRAMMISTÖÐUVÍSAR (KPI) OG FRAMMISTÖÐUVÍSAR (PI)

1. ÞÁTTUR

Setning markmiða innan alls Evrópusambandsins og vöktun frammistöðu á vettvangi Sambandsins

1. ÖRYGGI

1.1. **Meginframmistöðuvísar**

a) Lágmarksskilvirkni öryggisstjórnunar, eins og það er skilgreint í a-lið í lið 1.1 í 2. þætti.

b) Hlutfall beitingar alvarleikaflokkunar, sem byggist á áhættugreiningaraðferðinni, að því er varðar að tilkynna a.m.k. þrjá flokka atvika: brot á reglum um lágmarksaðskilnað, brautarátroðning og atvik við rekstrarstjórnun flugumferðar í öllum flugumferðarþjónustudeildum eins og skilgreint er í b-lið liðar 1.1 í 2. þætti.

2. UMHVERFI

2.1. **Meginframmistöðuvísar**

a) Meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti (e. average horizontal en route flight efficiency) fyrir raunverulega flugleið sem er skilgreint með eftirfarandi hætti:

i. vísirinn er mismunurinn eftir lengd leiðarflugshluta (e. en route part) raunverulegrar flugleiðar samkvæmt kögunargögnum og samsvarandi hluta stórbaugsleiðar sem er mælt fyrir allt blindflug sem fer fram innan eða um evrópskt loftrými,

ii. „leiðarflug“ vísar til fjarlægðarinnar þar sem flogið er utan boga sem er 40 sjómílur umhverfis flugvöllinn,

iii. aðeins er tekið til athugunar sá hluti flugs sem fram fer innan evrópsks loftrýmis þegar brottflug eða aðflug á sér stað utan evrópsks loftrýmis.

b) Meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti fyrir flugleiðina í þeirri flugáætlun sem var síðast lögð fram er skilgreind með eftirfarandi hætti:

i. munurinn á lengd leiðarflugshluta fyrir flugleiðina, sem er að finna í þeirri flugáætlun sem var síðast lögð fram, og samsvarandi stórbaugsleið, sem er mælt fyrir allt blindflug sem fer fram innan eða um evrópskt loftrými,

ii. „leiðarflug“ vísar til fjarlægðarinnar þar sem flogið er utan boga sem er 40 sjómílur umhverfis flugvöllinn,

iii. aðeins er tekið til athugunar sá hluti flugs sem fram fer innan evrópsks loftrýmis þegar brottflug eða aðflug á sér stað utan evrópsks loftrýmis.

2.2. **Frammistöðuvísar**

a) Skilvirkni verklagsreglna við farskráningar fyrir sveigjanlega notkun loftrýmis (FUA) er skilgreind með eftirfarandi hætti:

i. vísirinn er hlutfallið milli þess tíma sem loftrýminu var úthlutað með tilliti til frátekningar eða aðskilnaðar frá almennri flugumferð og þess tíma sem loftrýmið var notað fyrir starfsemi sem krefst slíks aðskilnaðar eða frátekningar,

ii. vísirinn er reiknaður út sérstaklega fyrir úthlutanir loftrýmis á forlausnar- og úrlausnarstigi og tekur til allra úthlutana sem netstjórnanda hefur verið tilkynnt um.

b) Fjöldi áætlana að því er varðar skilyrtar flugleiðir (CDR), sem er skilgreint sem hlutfallið milli loftfara þar sem flugáætlanir eru lagðar fram fyrir tilstuðlan skilyrtra flugleiða og fjölda loftfara þar sem unnt hefði verið að áætla þær.

c) Skilvirk notkun skilyrtra flugleiða, sem er skilgreint sem hlutfallið milli loftfara þar sem notaðar eru skilyrtar flugleiðir og fjölda loftfara þar sem unnt hefði verið að áætla þær.

3. AFKASTAGETA

3.1. **Meginframmistöðuvísir**

Meðalseinkun í mínútum á leiðarflugi, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, og á hvert flug, sem rekja má til flugleiðsöguþjónustu, er skilgreind á eftirfarandi hátt:

i. seinkun á leiðarflugi, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, er sú seinkun sem reiknuð er af yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, eins og hún er skilgreind í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar ([18]), og gefin er upp sem munurinn á áætluðum flugtakstíma, sem umráðandi loftfars hefur óskað eftir í flugáætluninni sem síðast var lögð fram, og reiknuðum flugtakstíma, sem yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar úthlutar,

([18]) Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10.

ii. vísirinn nær yfir öll blindflug innan evrópsks loftrýmis sem og yfir orsakir seinkana í flæðisstjórnun flugumferðar, að undanskildum sérstökum atburðum,

iii. vísirinn er reiknaður út fyrir allt almanaksárið og fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins.

3.2. **Frammistöðuvísir**

Meðalseinkun í mínútum á komu í aðflugssvæði, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, og á hvert flug, sem rekja má til flugleiðsöguþjónustu á aðflugssvæði og flugvelli, sem stafar af takmörkunum á lendingu á ákvörðunarflugvelli, er skilgreind á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn er meðaltal seinkana í flæðisstjórnun flugumferðar við komu, fyrir hvert blindflug á innleið,

ii. vísirinn nær yfir öll blindflug sem lenda á ákvörðunarflugvelli og yfir orsakir seinkana í flæðisstjórnun flugumferðar, að undanskildum sérstökum atburðum,

iii. vísirinn er reiknaður út fyrir allt almanaksárið og fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins.

4. KOSTNAÐARHAGKVÆMNI

4.1. **Meginframmistöðuvísar**

a) Meðaltal ákvarðaðs kostnaðar á hverja einingu fyrir leiðarflugsleiðsöguþjónustu innan alls Sambandsins er skilgreint á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn fæst með því að reikna hlutfallið á milli ákvarðaðs kostnaðar fyrir leiðarflug og flugumferðar, sem gefið er upp í leiðarflugsþjónustueiningum, sem spáð er fyrir um á tímabilinu á vettvangi Sambandsins, eins og fram kemur í forsendum framkvæmdastjórnarinnar um setningu markmiða innan alls Evrópusambandsins, skv. 5. mgr. 10. gr.,

ii. vísirinn er gefinn upp í evrum og sem raunvirði,

iii. vísirinn er ákvarðaður fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins.

b) Meðaltal ákvarðaðs kostnaðar á hverja einingu fyrir flugleiðsöguþjónustu á aðflugssvæði innan alls Sambandsins er skilgreint á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn fæst með því að reikna hlutfallið á milli ákvarðaðs kostnaðar og flugumferðar, sem er gefið upp í aðflugsþjónustueiningum, sem fram kemur í forsendum framkvæmdastjórnarinnar um setningu markmiða innan alls Evrópusambandsins, skv. 5. mgr. 10. gr.,

ii. vísirinn er gefinn upp í evrum og sem raunvirði,

iii. vísirinn er ákvarðaður fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins,

iv. vísirinn gildir frá upphafi þriðja árs annars viðmiðunartímabilsins, sbr. þó ákvarðanirnar sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

4.2. **Frammistöðuvísir**

Kostnaður Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu og einkum þróun þessa kostnaðar samanborið við þróun meginframmistöðuvísanna sem tilgreindir eru í a-lið liðar 4.1. Í þessu skyni skulu aðildarríkin tryggja að Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu tilkynni framkvæmdastjórninni um samþykkta fjárhagsáætlun sína og raunverulega fjárhagsáætlun og kostnaðargrunn á viðmiðunartímabilinu sem og um þróun kostnaðar á hverja einingu vegna hlutfalls milli samþykkts kostnaðargrunns og fyrirsjáanlegrar umferðarþróunar með sundurliðun, þar er sýnd er þróun ýmissa þátta og tilgreint sérstaklega mismunandi tegundir starfsemi sem tengjast veitingu þjónustu.

2. ÞÁTTUR

Setning markmiða á staðbundnum vettvangi og vöktun frammistöðu á staðbundnum vettvangi

1. ÖRYGGI

1.1. **Meginframmistöðuvísar**

a) Skilvirkni öryggisstjórnunar með tilliti til aðildarríkjanna og landsbundinna eftirlitsyfirvalda þeirra sem og veitendur flugleiðsöguþjónustu, með starfsleyfi til að veita flugumferðarþjónustu eða fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónustu. Þessi meginframmistöðuvísir skal mældur út frá því að hve miklu leyti eftirfarandi stjórnunarmarkmiðum hefur verið komið í framkvæmd:

i. öryggisstefnu og -markmiðum,

ii. stjórnun öryggisáhættu,

iii. fullvissu um öryggi,

iv. eflingu öryggis,

v. öryggismenningu.

b) Beiting alvarleikaflokkunar, sem byggist á áhættugreiningaraðferðinni, við skýrslugjöf um a.m.k. eftirfarandi: brot á reglum um lágmarksaðskilnað, brautarátroðning og atvik við rekstrarstjórnun flugumferðar í öllum flugumferðarþjónustudeildum. Við skýrslugjöf um framangreind atvik skulu aðildarríki og veitendur flugleiðsöguþjónustu notast við eftirfarandi alvarleikaflokka:

i. alvarlegt flugatvik,

ii. meiri háttar flugatvik,

iii. verulegt flugatvik,

iv. engin áhrif á öryggi,

v. ekki ákvarðað, t.d. ef nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir, eða ófullnægjandi eða misvísandi sönnunargögn koma í veg fyrir að slíkt sé hægt að ákvarða.

Gefa skal skýrslu um beitingu aðferðarinnar fyrir hvert atvik sérstaklega.

c) Skýrslugjöf aðildarríkjanna og veitenda flugleiðsöguþjónustu í tengslum við það að hve miklu leyti sanngirnismenning er til staðar eða ekki.

Að því er þessa vísa varðar merkir „staðbundinn“ á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis, í tengslum við vöktun á framlagi á landsbundnum vettvangi.

1.2. **Frammistöðuvísar**

a) Notkun veitenda flugleiðsöguþjónustu á kerfum fyrir sjálfvirka skráningu öryggisgagna, þegar slík kerfi eru til staðar, sem skal a.m.k. fela í sér vöktun brota á reglum um lágmarksaðskilnað og brautarátroðning.

b) Skýrslugjöf aðildarríkjanna og veitenda flugleiðsöguþjónustu, að því er varðar hve mörg atvik eru tilkynnt á árs grundvelli, þar sem markmiðið er að meta fjölda tilkynninga og bæta tilkynningamenninguna.

c) Að lágmarki hve oft reglur um lágmarksaðskilnað hafa verið brotnar, hve oft brautarátroðningur hefur átt sér stað, hve oft reglur um loftrými hafa verið brotnar og hve mörg atvik koma upp við rekstrarstjórnun flugumferðar í öllum flugumferðarþjónustudeildum.

Að því er þessa vísa varðar merkir „staðbundinn“ á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis, í tengslum við vöktun á framlagi á landsbundnum vettvangi.

2. UMHVERFI

2.1. **Meginframmistöðuvísir**

Meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti fyrir raunverulega flugleið sem er skilgreint með eftirfarandi hætti:

i. vísirinn er munurinn á lengd leiðarflugshluta raunverulegrar flugleiðar samkvæmt kögunargögnum og áorkaðri vegalengd (e. achieved distance) sem er mæld fyrir allt blindflug sem fer fram innan eða um staðbundið loftrými,

ii. „leiðarflug“ vísar til fjarlægðarinnar þar sem flogið er utan boga sem er 40 sjómílur umhverfis flugvöllinn,

iii. aðeins sá hluti flugs sem fram fer innan svæðisbundins loftrýmis þegar brottflug eða aðflug á sér stað utan staðbundins loftrýmis,

iv. „áorkuð vegalengd“ er fundin út frá staðsetningu inn- og útflugspunkta flugs inn í staðbundið loftrými og út úr því. Áorkuð vegalengd er framlag þessara punkta til vegalengdarinnar sem notuð er í vísinum fyrir allt Sambandið. Summa þessara vegalengda fyrir öll staðbundin loftrými, sem flogið er um, samsvarar vegalengdinni sem notuð er í vísinum fyrir allt Sambandið.

Í tengslum við þennan vísi þá merkir „staðbundinn“ á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis.

2.2. **Frammistöðuvísar**

a) „Viðbótartími í akstursfasa við brottför“ er skilgreindur á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn er munurinn á raunverulegum tíma í akstursfasa við brottför og tíma án tafa á grundvelli tíma í akstursfasa við brottför í lítilli umferð,

ii. vísirinn er gefinn upp í mínútum fyrir hverja brottför fyrir allt almanaksárið.

b) Viðbótartími í loftrými flugstöðvar er skilgreindur á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn er munurinn á flutningstíma á röðunarsvæði komuflugs (e. *Arrival Sequencing and Metering Area*, ASMA) og tíma án tafa á grundvelli flutningstíma á röðunarsvæði komuflugs í lítilli umferð,

ii. vísirinn er gefinn upp í mínútum fyrir hvert komuflug fyrir allt almanaksárið.

iii. röðunarsvæði komuflugs (ASMA) er skilgreint sem ímyndað, sívalningslagað svæði með radíus sem er 40 sjómílur umhverfis komuflugvöllinn.

c) Vísarnir eru skilgreindir eins og í lið 2.2 í 1. þætti.

Að því er varðar vísana í a- og b-lið merkir „staðbundinn“ á landsbundnum vettvangi, með sundurliðun á vettvangi flugvalla. Að því er varðar vísinn í c-lið merkir „staðbundinn“ á landsbundnum vettvangi.

3. AFKASTAGETA

3.1. **Meginframmistöðuvísar**

a) Meðalseinkun í mínútum á leiðarflugi, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, og á hvert flug, er skilgreind á eftirfarandi hátt:

i. seinkun á leiðarflugi, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, er sú seinkun sem reiknuð er af yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 255/2010 og gefin upp sem munurinn á áætluðum flugtakstíma, sem umráðandi loftfars hefur óskað eftir í flugáætluninni, sem síðast var lögð fram, og reiknuðum flugtakstíma, sem yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar úthlutar,

ii. vísirinn tekur til alls blindflugs, sem fer um staðbundið loftrými, sem og til orsaka seinkana í flæðisstjórnun flugumferðar, að undanskildum sérstökum atvikum,

iii. vísirinn er reiknaður út fyrir allt almanaksárið og fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins.

Að því er varðar þennan vísi þá merkir „staðbundinn“ á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis, með sundurliðun sem er vöktuð á þeim vettvangi sem er hentugastur með skýrskotun til gagnsæis.

b) Meðalseinkun í mínútum á komu í aðflugssvæði, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, og á hvert flug, sem rekja má til flugleiðsöguþjónustu á aðflugssvæði og flugvelli, sem stafar af takmörkunum á lendingu á ákvörðunarflugvelli, er skilgreind á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn er meðaltal seinkana í flæðisstjórnun flugumferðar við komu, fyrir hvert blindflug á innleið,

ii. vísirinn tekur til alls blindflugs, sem lendir á ákvörðunarflugvelli, og allra orsaka seinkana í flæðisstjórnun flugumferðar, að undanskildum sérstökum atvikum,

iii. vísirinn er reiknaður út fyrir allt almanaksárið og fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins.

Að því er varðar þennan vísi merkir „staðbundinn“ á landsbundnum vettvangi, með sundurliðun á vettvangi flugvalla í tengslum við vöktun.

3.2. **Frammistöðuvísar**

a) Nýting afgreiðslutíma sé fylgt, eins og krafist er skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 255/2010.

b) Meðalseinkun í mínútum fyrir brottför, vegna flugumferðarstjórnar, og á hvert flug, sem stafar af takmörkunum á flugtaki á brottfararflugvelli er skilgreind á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn er meðaltal seinkana, vegna flugumferðarstjórnar, fyrir brottflug varðandi hvert blindflug á útleið,

ii. vísirinn tekur til alls blindflugs, sem leggur af stað frá brottfararflugvelli, sem og til seinkana á flugtaki sökum takmarkana af hálfu flugumferðarstjórnar þegar loftfarið er tilbúið til að yfirgefa brottfararstæðið.

iii. vísirinn er reiknaður út fyrir allt almanaksárið og fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins.

Að því er þessa vísa varðar merkir „staðbundinn“ á landsbundnum vettvangi, með sundurliðun á vettvangi flugvalla, í tengslum við vöktun.

4. KOSTNAÐARHAGKVÆMNI

4.1. **Meginframmistöðuvísar**

a) Ákvarðaður kostnaður á hverja einingu fyrir leiðarflugsleiðsöguþjónustu er skilgreindur á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn er hlutfallið á milli ákvarðaðs kostnaðar fyrir leiðarflug og umferðarspár innan gjaldtökusvæðisins, sem er gefinn upp í leiðarflugsþjónustueiningum, sem gert er ráð fyrir á staðbundnum vettvangi og fram koma í frammistöðuáætlununum í samræmi við a- og b-lið 3. mgr. 11. gr.

ii. vísirinn er gefinn upp í raunvirði og í gjaldmiðli hvers ríkis,

iii. vísirinn er ákvarðaður fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins.

b) Ákvarðaður kostnaður á hverja einingu fyrir flugleiðsöguþjónustu á aðflugssvæði er skilgreindur á eftirfarandi hátt:

i. vísirinn er hlutfallið á milli ákvarðaðs kostnaðar og umferðarspár, sem er gefinn er upp í aðflugsþjónustueiningum sem er að finna í frammistöðuáætlunum í samræmi við a- og b-lið 3. mgr. 11. gr.,

ii. vísirinn er gefinn upp í raunvirði og í gjaldmiðli hvers ríkis,

iii. vísirinn er ákvarðaður fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins.

Að því er þessa tvo vísa varðar merkir „staðbundinn“ á vettvangi gjaldtökusvæðis.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ FRAMMISTÖÐUÁÆTLUNUM

Frammistöðuáætlanir skulu byggðar upp á eftirfarandi hátt:

1. INNGANGUR

1.1. Lýsing á stöðunni (gildissvið áætlunarinnar, skrá yfir hlutaðeigandi veitendur flugleiðsöguþjónustu o.s.frv.).

1.2. Lýsing á þjóðhagslegum aðstæðum á viðmiðunartímabilinu, þ.m.t. almennar tilgátur (umferðarspá o.s.frv.)

1.3. Lýsing á niðurstöðum úr samráði hagsmunaaðila til að undirbúa frammistöðuáætlunina og samþykkt málamiðlunarsamkomulag, sem og á ágreiningsatriðum og ástæður fyrir þeim.

1.4. Lýsing á aðgerðum, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu hafa gripið til, í því skyni að koma skipulagsáætlun netanna í framkvæmd á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma og á öðrum leiðbeinandi meginreglum í tengslum við rekstur starfræns loftrýmisumdæmis til lengri tíma litið.

1.5. Skrá yfir flugvelli, sem falla undir frammistöðukerfið í samræmi við 1. gr. reglugerðarinnar, ásamt meðalfjölda flughreyfinga samkvæmt blindflugsreglum fyrir hvern flugvöll.

1.6. Skrá yfir flugvelli, sem falla undir undanþáguna skv. 5. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013, ásamt meðalfjölda flughreyfinga samkvæmt blindflugsreglum fyrir hvern flugvöll.

2. FJÁRFESTINGAR

2.1. Lýsing á og rökstuðningur fyrir kostnaði við fjárfestingu í nýjum kerfum fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og meiri háttar endurbætur á núverandi kerfum fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, þ.m.t. hvers eðlis fjárfestingin eða endurbæturnar eru og hvernig þær stuðla að því að frammistöðumarkmið náist ásamt mikilvægi þeirra og samræmi þeirra við evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar, við sameiginlegu verkefnin, sem um getur í 15. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004, og, ef við á, við skipulagsáætlun netanna.

2.2. Í lýsingunni og rökstuðningnum, sem um getur í lið 2.1, skal einkum:

i. tengja fjárhæð fjárfestinganna, þar sem gefin er lýsing og rökstuðningur, samkvæmt lið 2.1, við heildarfjárhæð fjárfestinga,

ii. gera greinarmun á fjárfestingum í nýjum kerfum, endurbótum á núverandi kerfum og endurnýjunarfjárfestingum,

iii. tilgreina hvernig allar fjárfestingar í nýjum kerfum fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og meiri háttar endurbætur á núverandi kerfum fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar tengjast evrópsku mynsturáætluninni um rekstrarstjórnun flugumferðar, sameiginlegu verkefnunum, sem um getur í 15. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004, og, ef við á, skipulagsáætlun netanna,

iv. tilgreina samlegðaráhrifin, sem nást á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma, eða, ef við á, með öðrum aðildarríkjum eða öðrum starfrænum loftrýmisumdæmum, einkum hvað varðar sameiginleg grunnvirki og sameiginleg innkaup,

v. tilgreina ávinninginn, sem vænst er af þessum fjárfestingum, með tilliti til frammistöðu á fjórum meginsviðum frammistöðu, og hvernig ávinningurinn dreifist á öll viðeigandi stig flugs, þ.e. í leiðarflugi, við aðflug og brottflug sem og á flugvelli, ásamt því hvenær megi vænta ávinningsins,

vi. veita upplýsingar um ákvarðanatökuferlið, sem liggur til grundvallar fjárfestingunni, s.s. skjalfest kostnaðar- og ábatagreining, samráð við notendur, niðurstöður úr samráðinu og hvers konar andmæli sem borin voru upp.

3. FRAMMISTÖÐUMARKMIÐ Á STAÐBUNDNUM VETTVANGI

3.1. Frammistöðumarkmið á hverju meginsviði frammistöðu, með tilvísun í hvern meginframmistöðuvísi, eins og sett er fram í 2. þætti I. viðauka, fyrir allt viðmiðunartímabilið, með ársgildum sem nota skal vegna vöktunar og sem hvata:

a) öryggi

i. skilvirkni öryggisstjórnunar: staðbundin markmið fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins,

ii. beiting alvarleikaflokkunar, sem byggist á áhættugreiningaraðferðinni: staðbundin markmið fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins (hlutfall),

iii. sanngirnismenning: staðbundin markmið fyrir síðasta ár viðmiðunartímabilsins.

b) Umhverfi

i. lýsing á ferlinu við að bæta hönnun flugleiða,

ii. meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti fyrir raunverulega flugleið.

c) Afkastageta

i. meðalseinkun í mínútum á leiðarflugi, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, og á hvert flug,

ii. meðalseinkun í mínútum á komu í aðflugssvæði, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, og á hvert flug.

iii. áætlun um afkastagetu sem veitandi eða veitendur flugleiðsöguþjónustu undirbúa.

d) Kostnaðarhagkvæmni

i. ákvarðaður kostnaður fyrir flugleiðsöguþjónustu í leiðarflugi og á aðflugssvæði, í samræmi við ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, og við beitingu ákvæða framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013, fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins,

ii. spá um leiðarþjónustu- og aðflugsþjónustueiningar fyrir hvert ár viðmiðunartímabilsins,

iii. ákvarðaður kostnaður á hverja einingu, sem leiðir af spánni, fyrir viðmiðunartímabilið,

iv. lýsing á og rökstuðningur fyrir arðsemi eigin fjár hlutaðeigandi veitenda flugleiðsöguþjónustu, sem og á hlutfalli skuldsetningar og á umfangi/samsetningu þess eignagrunns sem notaður er til að reikna út fjármagnskostnaðinn, sem ákvarðaður kostnaður felur í sér,

v. lýsing og skýring á yfirfærslum frá næstliðnum árum viðmiðunartímabilsins,

vi. lýsing á efnahagslegum forsendum, þ.m.t.:

— verðbólguforsendur, sem notaðar eru í áætluninni, bornar saman við alþjóðlega heimild, t.d. neysluverðsvísitölu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) fyrir verðbólguspá og samræmda vísitölu neysluverðs frá Hagstofu Evrópusambandsins fyrir raunverulega verðbólgu; rökstuðningur á hvers konar frávikum frá þessum heimildum,

— forsendur, sem liggja til grundvallar útreikningi á kostnaði vegna lífeyristrygginga, sem ákvarðaður kostnaður felur í sér, þ.m.t. lýsing á viðeigandi landsbundnum gildandi reglum um lífeyri og reikningsskil lífeyris, sem forsendurnar eru byggðar á, ásamt upplýsingum um það hvort vænta megi einhverra breytinga á þessum reglum,

— vaxtaforsendur lána, sem fjármagna flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um lán (fjárhæðir, tímalengd o.s.frv.) og útskýring á (vegnu) meðaltali skuldavaxta, sem notað er til að reikna út fjármagnskostnaðinn fyrir skatt og fjármagnskostnaðinn sem ákvarðaður kostnaður felur í sér,

— leiðréttingar sem ganga lengra en ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla,

vii. ef við á, lýsing, í tengslum við næstliðið viðmiðunartímabil, á viðeigandi atburðum og aðstæðum, sem tilgreind eru í a-lið 2. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013, með því að nota viðmiðanirnar, sem settar eru fram í b-lið 2. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013, þ.m.t. mat á umfangi, samsetningu og rökstuðningi fyrir kostnaði sem er undanþeginn ákvæðum a- og b-liðar 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013,

viii. ef við á, lýsing á hvers konar verulegri endurskipulagningu, sem fyrirhuguð er á viðmiðunartímabilinu, þ.m.t. umfang kostnaðar við endurskipulagningu og rökstuðningur fyrir þessum kostnaði í tengslum við heildarávinning fyrir notendur loftrýmisins til lengri tíma,

ix. ef við á, kostnaður við endurskipulagningu sem samþykktur var á næstliðnum viðmiðunartímabilum og sem skal endurgreiddur.

3.2. Lýsing og útskýring á samræmi frammistöðumarkmiðanna við viðeigandi frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins. Ef ekkert frammistöðumarkmið er fyrir hendi innan alls Sambandsins, lýsing og útskýring á markmiðum áætlunarinnar og hvernig þau stuðla að því að bæta frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

3.3. Lýsing og útskýring á víxltengslum og skiptum milli meginframmistöðusviðanna, þ.m.t. forsendurnar sem eru notaðar til að meta skiptin.

3.4. Framlag hvers hlutaðeigandi veitanda flugleiðsöguþjónustu í því skyni að ná frammistöðumarkmiðunum sem sett hafa verið fyrir starfræna loftrýmisumdæmið í samræmi við ii. lið c-liðar 2. mgr. 5. gr.

4. HVATAKERFI

4.1. Lýsing og útskýring á þeim hvatakerfum sem eru notuð innan flugleiðsöguþjónustu.

5. HERMÁLALEGAR HLIÐAR ÁÆTLUNARINNAR

Lýsing á borgaralegum-/hermálalegum hliðum áætlunarinnar, þar sem lýst er frammistöðu með tilliti til sveigjanlegrar notkunar loftrýmis til þess að auka afköst, að teknu tilhlýðilegu tilliti til skilvirkni hernaðaraðgerða og, ef það þykir eiga við, til viðeigandi frammistöðuvísa og -markmiða í samræmi við vísa og markmið frammistöðuáætlunarinnar.

6. GREINING Á NÆMI OG SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI FRAMMISTÖÐUÁÆTLUN

6.1. Næmi gagnvart ytri forsendum.

6.2. Samanburður við fyrri frammistöðuáætlun.

7. FRAMKVÆMD FRAMMISTÖÐUÁÆTLUNARINNAR

Lýsing á ráðstöfunum sem landsbundin eftirlitsyfirvöld gera til að ná frammistöðumarkmiðunum, t.d.:

i. vöktunarkerfi til að tryggja að öryggiskerfum og viðskiptaáætlunum flugleiðsöguþjónustu sé hrint í framkvæmd,

ii. ráðstafanir til að vakta og gefa skýrslu um framkvæmd frammistöðuáætlananna, þ.m.t. hvernig skuli bregðast við ef markmiðum er ekki náð á viðmiðunartímabilinu.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ FRAMMISTÖÐUÁÆTLUN NETANNA

Frammistöðuáætlun fyrir netstjórnanda skal byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. INNGANGUR

1.1. Lýsing á stöðunni (gildissvið áætlunarinnar, starfsemi sem hún tekur til o.s.frv.)

1.2. Lýsing á þjóðhagslegum aðstæðum á viðmiðunartímabilinu, þ.m.t. almennar tilgátur (umferðarspá o.s.frv.).

1.3. Lýsing á samræmi við skipulagsáætlun netanna.

1.4. Lýsing á niðurstöðum úr samráði hagsmunaaðila til að undirbúa frammistöðuáætlunina (helstu mál, sem þátttakendur vöktu máls á, og, ef mögulegt, samþykktar málamiðlanir).

2. FRAMMISTÖÐUMARKMIÐ

2.1. Lýsing á meginframmistöðuvísunum á hverju viðeigandi meginsviði frammistöðu.

2.2. Frammistöðumarkmið á hverju viðeigandi meginsviði frammistöðu, með tilvísun í hvern meginframmistöðuvísi fyrir allt viðmiðunartímabilið, með ársgildum sem nota skal vegna vöktunar og sem hvata.

2.3. Lýsing og útskýring á framlagi frammistöðumarkmiða til frammistöðumarkmiðanna innan alls Evrópusambandsins og áhrif þeirra á þau.

2.4. Lýsing á framlagi frammistöðumarkmiða til starfrænna loftrýmisumdæma og áhrif þeirra á þau.

3. FRAMLAG HVERRAR STARFSEMI

3.1. Einstök frammistöðumarkmið fyrir hverja tegund starfsemi (flæðisstjórnun flugumferðar, hönnun Evrópunets flugleiða, ratsjársvarakóðar fyrir kögunarsvarratsjár, tíðni).

4. HERMÁLALEGAR HLIÐAR

4.1. Lýsing á borgaralegum-/hermálalegum hliðum áætlunarinnar, þar sem lýst er frammistöðu, að því er varðar sveigjanlega notkun loftrýmis, til þess að auka afköst, að teknu tilhlýðilegu tilliti til skilvirkni hernaðaraðgerða og, ef það þykir eiga við, til viðeigandi frammistöðuvísa og -markmiða sem eru í samræmi við vísa og markmið frammistöðuáætlunarinnar

5. GREINING Á NÆMI OG SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI FRAMMISTÖÐUÁÆTLUN

5.1. Næmi gagnvart ytri forsendum.

5.2. Samanburður við fyrri frammistöðuáætlun.

6. FRAMKVÆMD FRAMMISTÖÐUÁÆTLUNARINNAR

6.1. Lýsing á ráðstöfunum sem gerðar eru til að ná frammistöðumarkmiðunum, t.d.:

— vöktunarkerfi til að ganga úr skugga um að öryggisaðgerðum og viðskiptaáætlunum sé hrint í framkvæmd,

— ráðstafanir til að vakta og gefa skýrslu um framkvæmd frammistöðuáætlananna, þ.m.t. hvernig skuli bregðast við ef markmiðum er ekki náð á viðmiðunartímabilinu.

IV. VIÐAUKI

MEGINREGLUR UM MAT Á FRAMMISTÖÐUÁÆTLUNUM OG -MARKMIÐUM

Framkvæmdastjórnin skal nota eftirfarandi matsviðmiðanir:

1. ALMENNAR VIÐMIÐANIR

   a) Samræmi við kröfur er varða undirbúning og samþykkt frammistöðuáætlunarinnar og einkum mat á rökstuðningi sem fram kemur í henni.

   b) Greining, sem byggist á staðreyndum og þar sem tekið er tilliti til heildarstöðunnar í hverju ríki fyrir sig, þ.m.t. nýjustu efnahagsþróunar og umferðarspár.

   c) Frammistöðustig við upphaf viðmiðunartímabils og svigrúm til frekari úrbóta.

   d) Frammistöðustig sem náðst hefur á næstliðnu viðmiðunartímabili.

   e) Mikilvægi fjárfestinga og fjárfestingarútgjalda, að því er varðar evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar, sameiginlegu verkefnin, sem um getur í 15. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004 og, ef við á, skipulagsáætlun netanna sem og þau samlegðaráhrif sem nást á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma eða á svæðisbundnum vettvangi.

   f) Niðurstöður úr samráði við hagsmunaaðila um fyrirhuguð markmið.

2. ÖRYGGI

   a) Samanburður á skilvirkni öryggisstjórnunar á staðarvísu við markmið innan alls Sambandsins.

   b) Samanburður á niðurstöðum, sem fást með beitingu alvarleikaflokkunarinnar, sem byggist á áhættugreiningar-aðferðinni á staðbundnum vettvangi, við markmið innan alls Sambandsins.

   c) Að hve miklu leyti sanngirnismenning er til staðar á staðbundnum vettvangi.

3. UMHVERFI

   Meðalhagkvæmni leiðarflugs í láréttum fleti fyrir raunverulega flugleið:

   a) Samanburður við fyrri frammistöðu sem náðst hefur á næstliðnum árum.

   b) Samanburður við viðmiðunargildi sem byggist á upplýsingum frá netstjórnanda.

   c) Samræmi við áætlun um úrbætur á Evrópuneti flugleiða sem netstjórnandi mótar.

4. AFKASTAGETA

   Seinkanir á leiðarflugi. Samanburður á áætluðum seinkunum í leiðarflugi, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, sem notaðar eru í frammistöðuáætlununum:

   a) og viðmiðunargildi sem byggist á upplýsingum úr aðgerðaráætlun netstjórnanda fyrir netin,

   b) og áætlun um afkastagetu, sem veitandi eða veitendur leiðarflugsleiðsöguþjónustu hafa undirbúið, eins og fram kemur í aðgerðaráætlun netstjórnanda fyrir netin.

   Meðalseinkun, vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, við komu á landsbundnum vettvangi. Mat á þeim rökstuðningi sem fram kemur í frammistöðuáætluninni og einkum:

   a) samanburður við fyrri árangur sem náðst hefur á næstliðnum fimm árum,

   b) framlag einstakra flugvalla til staðbundinna markmiða og samanburður á frammistöðu við aðra sambærilega flugvelli,

   c) rekstrarlegur ávinningur sem vænta má af fyrirhuguðum framtaksverkefnum.

5. KOSTNAÐARHAGKVÆMNI

   a) Leitni ákvarðaðs einingarkostnaðar: mat á því hvort gert sé ráð fyrir því að ákvarðaður kostnaður á hverja einingu, sem lagður hefur verið fram, þróist í samræmi við markmiðin innan alls Sambandsins um kostnaðarhagkvæmni og hvort kostnaðurinn stuðli nægilega að því að fyrrnefnt markmið náist, á viðmiðunartímabilinu í heild sinni sem og á hverju ári fyrir sig, að teknu tilliti til kostnaðar vegna endurskipulagningar, ef við á.

b) Leitni einingarkostnaðar fyrir aðflugssvæði: mat á því hvort gert sé ráð fyrir því að ákvarðaður einingarkostnaður, sem lagður hefur verið fram, þróist í samræmi við markmiðin innan alls Sambandsins um kostnaðarhagkvæmni og hvort kostnaðurinn stuðli nægilega að því að fyrrnefnt markmið náist, á viðmiðunartímabilinu í heild sinni sem og á hverju ári fyrir sig. Auk þess eru eftirfarandi viðmiðanir notaðar við matið:

   i. samræmi við þróun ákvarðaðs kostnaðar fyrir hverja einingu í leiðarflugi, að teknu tilliti til sameiginlegra eiginleika hjá þessum kostnaðarþáttum,

   ii. samræmi við forsendurnar, sem notaðar eru til að setja markmið um kostnaðarhagkvæmni í leiðarflugi (s.s. verðbólga, efnahagslegar forsendur, þróun umferðar),

   iii. fyrirhugað framtak samanborið við leitni upphaflegs kostnaðarverðs fyrir flugleiðsöguþjónustu á aðflugssvæði,

   iv. leitni ákvarðaðs heildarkostnaðar fyrir flugleiðsöguþjónustu frá hliði að hliði (e. *gate-to-gate*),

   v. lýsing á og rökstuðningur fyrir hvers konar breytingum, sem gerðar eru á skiptingu kostnaðar milli leiðarflugsleiðsöguþjónustu og flugleiðsöguþjónustu á aðflugssvæði, borið saman við næstliðið viðmiðunartímabil og núverandi viðmiðunartímabil og

   vi. hvers konar sérstakar, staðbundnar aðstæður.

c) Ákvarðaður einingarkostnaður: samanburður á staðbundnum einingarkostnaði, sem lagður hefur verið fram, og meðaleiningarkostnaði í aðildarríkjum eða starfrænum loftrýmisumdæmum, sem hafa svipað rekstrar- og efnahagsumhverfi, eins og framkvæmdastjórnin hefur skilgreint hann samkvæmt beitingu 5. mgr. 10. gr.

d) Fjármagnskostnaður:

   i. umfang/samsetning þess eignagrunns sem notaður er til að reikna út fjármagnskostnaðinn,

   ii. fjármagnskostnaður fyrir skatt sem samanstendur af skuldavöxtum og arðsemi eigin fjár og

   iii. arðsemi eigin fjár veitenda flugleiðsöguþjónustu.

e) Umfang/samsetning kostnaðar, sem stofnað er til í samræmi við a- og b-lið 2. liðar í 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013, sem ákvarðaður kostnaður felur í sér.

f) Forsendur fyrir umferðarspám: samanburður á spám staðbundinna þjónustueininga, sem notaðar eru í frammistöðuáætluninni, og umferðarspám frá tölfræði- og spáþjónustu Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu (e. *Statistics and Forecast Service,* STATFOR), sem liggja fyrir þremur mánuðum áður en frammistöðuáætlunin er lögð fram.

g) Efnahagslegar forsendur:

   i. sannprófun á því að verðbólguforsendurnar, sem notaðar eru í frammistöðuáætluninni, samrýmist viðmiðunarspám Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um neysluverðsvísitölu og sannprófun á rökstuðningi sem veittur er fyrir hvers konar frávikum,

   ii. sannprófun á lýsingu og rökstuðningi fyrir forsendunum, sem liggja til grundvallar útreikningi á lífeyriskostnaði, sem ákvarðaður kostnaður felur í sér,

   iii. sannprófun á lýsingu á viðeigandi, gildandi landsbundnum reglum um lífeyri og reikningsskil lífeyris, sem liggja til grundvallar forsendum um lífeyri,

   iv. sannprófun á lýsingu og rökstuðningi fyrir vaxtaforsendum lána, sem fjármagna flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um lán (fjárhæðir, tímalengd o.s.frv.) og afstemmingu á (vegnu) meðaltali skuldavaxta, sem notað er til að reikna út fjármagnskostnaðinn fyrir skatt og fjármagnskostnaðinn sem ákvarðaði kostnaðurinn felur í sér,

   v. sannprófun á lýsingu og rökstuðningi fyrir mögulegum leiðréttingum sem ganga lengra en ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

h) Umfang, samsetning og rökstuðningur fyrir kostnaði sem er undanþeginn ákvæðum a- og b-liðar í 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 391/2013.

i) Ef það á við, að endurskipulagningu lokinni, afhending heildarávinnings til loftrýmisnotenda í áföngum í samanburði við endurheimtan kostnað vegna endurskipulagningar.

V. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR GÖGN SEM Á AÐ AFHENDA SAMKVÆMT ÞESSARI REGLUGERÐ

Að því er varðar mat á frammistöðu skal afhenda eftirfarandi gögn eða gera þau aðgengileg:

1. LANDSBUNDIN EFTIRLITSYFIRVÖLD

1.1. **Forskrift gagnamengis**

Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu afhenda eftirfarandi gögn:

a) upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að fara að þeim meginframmistöðuvísum öryggis sem um getur í I. viðauka;

auk þess skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld sjá til þess að eftirfarandi gögn séu gerð aðgengileg:

b) gögn, sem yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar notar og reiknar út, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 255/2010 um flæðisstjórnun flugumferðar, s.s. flugáætlanir fyrir almenna flugumferð samkvæmt blindflugsreglum, raunverulegar flugleiðir, kögunargögn á grundvelli tilkynninga með 30 sekúndna millibili, seinkanir, vegna rekstrarstjórnunar flugumferðar, í leiðarflugi og á flugvelli, undanþágur frá ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, fylgni við afgreiðslutíma frá flæðisstjórnun flugumferðar, tíðni notkunar á skilyrtum flugleiðum,

c) upplýsingar um öryggisatvik í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar,

d) upplýsingar um öryggistilmæli og aðgerðir til úrbóta, sem gripið er til á grundvelli greiningar eða rannsóknar á flugatvikum í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010/EB ([19]) um rannsóknir á slysum og tilskipun 2003/42/EB ([20]) um tilkynningu atvika í almenningsflugi,

e) upplýsingar um þá þætti sem til staðar eru til að stuðla að sanngirnismenningu,

f) gögn til stuðnings verkefnunum, sem um getur í m- og n-lið 1. mgr. 4. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005 um sameiginlegar reglur um sveigjanlega notkun loftrýmis ([21]),

g) gögn til styðja verkefnin, sem um getur í 8. lið V. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að það sé skylda að nota sameiginlega skrá yfir orsaka- eða áhrifaþætti við greiningu á atvikum.

Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu safna eftirfarandi upplýsingum og gera þær aðgengilegar:

h) upplýsingum, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu hafa safnað fyrir tilstuðlan kerfa fyrir sjálfvirka skráningu öryggisgagna, ef slík kerfi eru til staðar,

i) þróun, að því er varðar a.m.k. brot á reglum um lágmarksaðskilnað, brautarátroðning, brot á reglum um loftrými og atvik við rekstrarstjórnun flugumferðar í öllum flugumferðarþjónustudeildum.

j) upplýsingum um hvernig landsyfirvöld eða yfirvöld starfrænna loftrýmisumdæma beita hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis til að hámarka ávinning fyrir bæði borgaralega og hernaðarlega notendur loftrýmis.

1.2. **Tíðni og frestir gagnaskila**

Gögnin, sem um getur í a-, c-, d-, e-, f-, h- og i-lið í lið 1.1 skulu lögð fram árlega. Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld senda Flugöryggisstofnun Evrópu skýrslu um árlega niðurstöðu úr spurningalistum um skilvirkni öryggisstjórnunar (a-liður liðar 1.1) og um sanngirnismenningu (e-liður liðar 1.1) næstliðins árs. Ef breytingar koma fram í árlegri mælingu á meginframmistöðuvísum skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld tilkynna um þær áður en skila á næstu árlegu skýrslu.

Þau gögn sem um getur í c- og g-lið liðar 1.1 skulu gerð aðgengileg einu sinni í hverjum mánuði.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld leggja fram árlega könnun sína á því hvernig hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis var beitt næstliðið ár, eins og um getur í j-lið liðar 1.1.

([19]) Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 14.
([20]) Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.
([21]) Stjtíð. ESB L 342, 24.12.2005, bls. 20.

2. VEITENDUR FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTU

Þessi þáttur gildir um veitendur flugleiðsöguþjónustu sem veita þá þjónustu sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Í einstökum tilvikum mega landsyfirvöld einnig telja með þá veitendur flugleiðsöguþjónustu sem falla neðan markanna sem sett eru í 3. mgr. 1. gr. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

2.1. **Forskrift gagnamengis**

Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu gera eftirfarandi gögn aðgengileg:

a) gögn, sem um getur í forskriftum Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu, sem ber heitið „Forskriftir Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu um birtingu fjárhagslegra upplýsinga“ (e. *Eurocontrol Specification for Economic Information Disclosure*), útgáfa 2.6 frá 31. desember 2008 með tilvísunarnúmerið EUROCONTROL-SPEC-0117 að því er varðar gagnaskil til og með árinu 2013 og útgáfa 3.0 frá 4. desember 2012 frá og með árinu 2014 og áfram,

b) ársskýrslur og frammistöðuhluta í viðskiptaáætluninni og árlegu áætluninni, sem unnin er af veitanda flugleiðsöguþjónustu í samræmi við lið 2.2 og 9. lið í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1035/2011,

c) fjárfestingaráætlun sína fyrir viðmiðunartímabilið,

d) upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að fara að þeim meginframmistöðuvísum öryggis, sem um getur í a-lið liðar 1.1 í 2. þætti I. viðauka,

e) upplýsingar um þá þætti sem til staðar eru til að stuðla að sanngirnismenningu;

veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu safna eftirfarandi gögnum og leggja þau fram:

f) upplýsingar, sem hefur verið safnað fyrir tilstuðlan kerfa fyrir sjálfvirka skráningu öryggisgagna, ef slík kerfi eru til staðar,

g) þróun, að því er varðar a.m.k. brot á reglum um lágmarksaðskilnað, brautarátroðning, brot á reglum um loftrými og atvik við rekstrarstjórnun flugumferðar í öllum flugumferðarþjónustudeildum.

2.2. **Tíðni og frestir gagnaskila**

Gögn fyrir árið (n), sem um getur í a-lið liðar 2.1, skulu lögð fram á hverju fyrir 15. júlí ársins (n + 1), nema ef um er að ræða spágögn, en þau skal afhenda eigi síðar en 1. nóvember ársins (n + 1).

Gögn, sem um getur í b-, c-, d-, e- og f-lið í lið 2.1, skulu lögð fram á hverju ári.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu senda Flugöryggisstofnun Evrópu skýrslu um árlega niðurstöðu úr spurningalista um skilvirkni öryggisstjórnunar (d-liður liðar 1.1) og um sanngirnismenningu (e-liður liðar 1.1) fyrir næstliðið ár. Ef breytingar koma fram í árlegri mælingu á meginframmistöðuvísum skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld tilkynna um þær áður en skila á næstu ársskýrslu.

Gögn, sem um getur í g-lið liðar 2.1, skulu lögð fram á hverju ári.

3. REKSTRARAÐILAR FLUGVALLA

Þessi þáttur gildir um rekstraraðila flugvalla sem falla undir gildissvið 1. gr. þessarar reglugerðar.

3.1. **Skilgreiningar**

Eftirfarandi skilgreiningar gilda að því er varðar þennan tiltekna viðauka:

a) „auðkenni flugvallar“: lýsing á flugvelli með stöðluðum fjögurra stafa ICAO-kóða, eins og hann er skilgreindur í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7910,

b) „samræmingarbreytur“: samræmingarbreytur sem skilgreindar eru í reglugerð (EBE) nr. 95/93,

c) „uppgefin afkastageta flugvallar“: samræmingarbreytur sem gefnar eru upp sem hámarksfjöldi afgreiðslutíma á tímaeiningu (hlaðtímahólf (e. *block period*)) sem samræmingarstjóri getur úthlutað,

d) „einkennisstafir loftfars“ (e. *aircraft registration*): bók-/tölustafir sem samsvara eiginlegri skráningu loftfarsins,

e) „tegund loftfars“: kennimerki tegundar loftfars (allt að fjögur rittákn) eins og tilgreint er í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8643,

f) „kallmerki flugs“ (e. *flight identifier*): samsetning bók- og tölustafa sem notaðir eru til að auðkenna flug; Ákvæði 7. liðar í flugáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

g) „kóðaður brottfararflugvöllur“ og „kóðaður ákvörðunarflugvöllur“: flugvallarkóði sem er gefinn upp sem fjögurra stafa ICAO-kóði flugvallar eða þriggja stafa IATA-kóði flugvallar,

h) „tímastimplanir úr (stæði)-upp (í loft)-á (jörðu)-í (stæði)“ (e. *out-off-on-in time stamps*) eru eftirfarandi gögn:

i. raunverulegur hlaðfarartími,

ii. raunverulegur flugtakstími,

iii. raunverulegur lendingartími,

iv. raunverulegur hlaðkomutími,

i) „áætlaður brottfarartími (hlaðfarartími)“: dagsetning og stund þegar áætlað er að flug fari frá brottfararstæði,

j) „raunverulegur hlaðfarartími“: dagsetning og stund þegar loftfarið fer af stæði (ýtt eða fyrir eigin afli),

k) „raunverulegur flugtakstími“: dagsetning og stund þegar loftfar hefur sig á loft af flugbraut (hjól tekin upp (e. *wheels-up*)),

l) „raunverulegur lendingartími“: dagsetning og stund þegar loftfarið lendir (brautarsnerting (e. *touch down*)),

m) „áætlaður komutími (hlaðkomutími)“: dagsetning og stund þegar áætlað er að flug komi í komustæði,

n) „raunverulegur hlaðkomutími“: dagsetning og stund þegar stöðuhemlum er beitt í komustæði,

o) „flugreglur“: reglurnar sem notaðar eru við stjórn flugs; blindflugsreglur (IFR) fyrir loftför sem fljúga samkvæmt blindflugsreglum, eins og þær eru skilgreindar er í 2. viðauka við Chicago-samninginn, eða sjónflugsreglur (VFR) fyrir loftför sem fljúga samkvæmt sjónflugsreglum, eins og þær eru skilgreindar í sama viðauka; herflug (OAT) fyrir ríkisloftför sem ekki fara að reglunum sem skilgreindar eru í 2. viðauka Chicago-samningsins, (ákvæði 8. liðar í flugáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar),

p) „tegund flugs“: tegund flugs eins og það er skilgreint í 2. viðauka við skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444 (15. útgáfa, júní 2007),

q) „komutími á flugvöll“ og „brottfarartími frá flugvelli“: afgreiðslutími á flugvelli sem úthlutað er komu- eða brottflugi eins og skilgreint er í reglugerð (EBE) nr. 95/93,

r) „heiti lendingarbrautar“ og „heiti flugtaksbrautar“: kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugbrautina sem notuð er við lendingu og við flugtak (t.d. 10L),

s) „komustæði“: kennimerki fyrsta stæðis þar sem loftfarinu er lagt við komu,

t) „brottfararstæði“: kennimerki síðasta stæðis þar sem loftfarinu er lagt fyrir brottför frá flugvelli,

u) „orsakir seinkana“: staðlaðir kóðar Alþjóðasambands flugfélaga fyrir seinkanir, eins og þeir eru skilgreindir í F-hluta *CODA Digest Annual 2011: Delays to Air Transport in Europe* (skýrslu CODA-skrifstofunnar um seinkanir í flutningum í lofti í Evrópu) ([22]), ásamt tímalengd seinkana; þegar rekja má seinkun flugs til fleiri en einnar orsakar skal leggja fram skrá yfir þessar orsakir,

v) „upplýsingar um afísingu eða ísingarvarnir“: upplýsingar um hvort farið hafi fram afísing eða ísingarvarnir, og ef svo er, þá hvar (áður en farið var frá brottfararstæði eða annars staðar eftir að farið var frá brottfararstæði, þ.e. eftir hlaðfarartíma),

w) „flugi aflýst“: koma eða brottför áætlunarflugs, sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

i. fluginu var úthlutað afgreiðslutíma á flugvelli og

([22]) http://www.eurocontrol.int/documents/coda-digest-annual-2011

ii. flugrekandinn staðfesti flugið daginn fyrir flug og/eða það var á daglegri skrá yfir áætluð flug, sem rekstraraðili flugvallar tók saman daginn fyrir flug, en

iii. lending eða flugtak átti sér í raun aldrei stað,

x) „raunveruleg tímasetning aflýsingar“: raunveruleg dagsetning og tími þar sem komu eða brottför áætlunarflugs var aflýst.

3.2. **Forskrift gagnamengis**

3.2.1. Rekstraraðilar flugvalla skulu veita upplýsingar um eftirfarandi:

a) auðkenni flugvallar,

b) uppgefna afkastagetu flugvallar,

c) allar samræmingarbreytur sem skipta máli fyrir flugleiðsöguþjónustu,

d) áætlað gæðastig þjónustu (seinkanir, stundvísi o.s.frv.) í samhengi við uppgefna afkastagetu flugvallarins, hafi gæðastig verið áætlað,

e) ítarlega lýsingu á þeim vísum sem notaðir eru til að ákvarða áætlað gæðastig þjónustu, hafi gæðastig verið áætlað.

3.2.2. Rekstraraðilar flugvalla skulu leggja fram eftirfarandi rekstrargögn fyrir hverja lendingu eða flugtak loftfars:

a) einkennisstafi loftfarsins,

b) tegund loftfarsins,

c) kallmerki flugs,

d) kóðaðan brottfarar- og ákvörðunarflugvöll,

e) áætlaðan brottfarartíma (hlaðfarartíma),

f) áætlaðan komutíma (hlaðkomutíma),

g) tímastimplanir úr (stæði)-upp (í loft)-á (jörðu)-í (stæði),

h) flugreglur og tegund flugs,

i) komutíma á flugvöll og brottfarartíma frá flugvelli, ef við á,

j) heiti lendingar- og flugtaksbrautar,

k) komu- og brottfararstæði,

l) orsakir seinkana, ef við á (á aðeins við um brottflug),

m) upplýsingar um afísingu og ísingarvarnir, ef við á.

3.2.3. Rekstraraðilar flugvalla skulu leggja fram eftirfarandi rekstrargögn fyrir allt flug sem er aflýst:

a) kallmerki flugs,

b) tegund loftfarsins,

c) áætlaðan brottfarartíma (hlaðfarartíma),

d) áætlaðan komutíma (hlaðkomutíma),

e) áætlaða brottfarar- og ákvörðunarflugvelli,

f) komutíma á flugvöll og brottfarartíma frá flugvelli, ef við á,

g) ástæður fyrir aflýsingu.

h) raunverulega tímasetningu aflýsingar.

3.2.4. Rekstraraðilar flugvalla geta af eigin hvötum lagt fram:

a) skýrslur um skerðingu eða truflun á flugleiðsöguþjónustu á flugvöllum,

b) skýrslur um öryggisatvik sem tengjast flugleiðsöguþjónustu,

c) skýrslur um ófullnægjandi afkastagetu að því er varðar aðflugssvæðaþjónustu,

d) skýrslur um samráðsfundi með veitendum flugleiðsöguþjónustu og ríkjunum.

3.2.5. Rekstraraðilar flugvalla skulu safna og leggja fram upplýsingar, sem safnað er fyrir tilstuðlan kerfa fyrir sjálfvirka skráningu öryggisgagna, ef slík kerfi eru til staðar, að lágmarki um brautarátroðning.

3.3. **Tíðni og frestir gagnaskila**

Gögnin, sem um getur í lið 3.2.1, skulu lögð fram tvisvar á ári, í samræmi við tímamörkin sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 95/93.

Þegar gögnin, sem um getur í liðum 3.2.2 og 3.2.3, eru lögð fram skal það gert mánaðarlega, innan eins mánaðar frá lokum þess mánaðar sem flogið var.

Ef leggja á fram gögnin, sem um getur í lið 3.2.4, skal það gert árlega.

Skýrslurnar, sem um getur í lið 3.2.4, má leggja fram hvenær sem er.

4. SAMRÆMINGARSTJÓRAR FLUGVALLA

4.1. **Forskrift gagnamengis**

Samræmingarstjórar flugvalla skulu leggja fram gögnin sem um getur í 8. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 95/93.

4.2. **Tíðni og frestir gagnaskila**

Gögn skulu gerð aðgengileg tvisvar á ári í samræmi við tímamörkin sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 95/93.

5. FLUGREKENDUR Í FLUTNINGAFLUGI

Þessi þáttur gildir um flugrekendur í flutningaflugi, sem starfrækja yfir 35 000 flug á ári í evrópsku loftrými, sem er reiknað út sem meðaltal síðustu þriggja ára.

5.1. **Skilgreiningar**

5.1.1. Að því er varðar þennan tiltekna viðauka gilda sömu skilgreiningar og í lið 3.1 auk eftirfarandi skilgreininga:

a) „eldsneytisnotkun“: raunverulegt magn eldsneytis sem notað er í flugi (frá hliði að hliði),

b) „raunveruleg hlaðþyngd“: raunveruleg þyng loftfars í tonnum áður en hreyfill er gangsettur.

5.2. **Forskrift gagnamengis**

5.2.1. Flugrekendur í flutningaflugi skulu leggja fram eftirfarandi gögn fyrir hvert flug á þeirra vegum, innan landfræðilegs gildissviðs þessarar reglugerðar:

a) einkennisstafi loftfarsins,

b) tegund loftfarsins,

c) kallmerki flugs,

d) flugreglur og tegund flugs,

e) kóðaðan brottfarar- og ákvörðunarflugvöll,

f) heiti lendingar- og flugtaksbrauta, ef við á,

g) komu- og brottfararstæði, ef við á,

h) áætlaðan brottfarartíma (hlaðfarartíma),

i) áætlaðan komutíma (hlaðkomutíma),

j) tímastimplanir úr (stæði)-upp (í loft)-á (jörðu)-í (stæði), bæði samkvæmt áætlun og raunverulega tímasetningu,

k) orsakir seinkana,

l) upplýsingar um afísingu og ísingarvarnir, ef þær liggja fyrir.

5.2.2. Flugrekendur skulu leggja fram gögnin, sem um getur í lið 3.2.3, fyrir hvert flug sem er aflýst, innan landfræðilegs gildissviðs þessarar reglugerðar.

5.2.3. Til viðbótar við gögnin, sem krafist er samkvæmt kröfum B-hluta í IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([23]), geta flugrekendur í flutningaflugi afhent framkvæmdastjórninni eftirfarandi gögn fyrir hvert flug á þeirra vegum, innan landfræðilegs gildissviðs þessarar reglugerðar:

a) eldsneytisnotkun,

b) raunverulega hlaðþyngd.

5.2.4. Flugrekendur í flutningaflugi geta af eigin hvötum lagt fram:

a) skýrslur um aðgang að loftrými,

b) skýrslur um skerðingu eða truflun á flugleiðsöguþjónustu á flugvöllum,

c) skýrslur um öryggisatvik sem tengjast flugleiðsöguþjónustu,

d) skýrslur um ófullnægjandi afkastagetu í flugleiðsögu, takmarkanir á flughæð eða breytingar á flugleið,

e) skýrslur um samráðsfundi með veitendum flugleiðsöguþjónustu og ríkjunum.

5.2.5. Flugrekendur í flutningaflugi skulu leggja fram upplýsingar, sem safnað er fyrir tilstuðlan kerfa fyrir sjálfvirka skráningu öryggisgagna, ef slík kerfi eru til staðar, að lágmarki um brot á reglum um lágmarksaðskilnað og brautarátroðning.

5.3. **Tíðni gagnaskila**

Gögnin, sem um getur í liðum 5.2.1, 5.2.2 og 5.2.3, skulu lögð fram mánaðarlega.

Skýrslurnar, sem um getur í lið 5.2.4, má leggja fram hvenær sem er.

Gögnin, sem um getur í lið 5.2.5, skulu lögð fram á hverju ári.

([23]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 448/2014 **2015/EES/8/51**

frá 2. maí 2014

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 með því að uppfæra tilvísanir í viðaukana við Chicago-samninginn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ([1]) einkum 4., 6. og 7. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([2]), einkum 6. mgr. 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 ([3]) er komið á fót framkvæmdarreglum um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu. Með þessum framkvæmdarreglum er framfylgt kröfum og skuldbindingum, sem kveðið er á um í Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug, sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn), í samræmi við markmið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ([4]), og d-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([5]).

2) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur nýlega breytt 3., 4., 10., 11., 14. og 15. viðauka við Chicago-samninginn. Breytingarnar á 3., 4., 10., og 11. viðauka, breytingin 11-A í 14. og 15. viðauka öðluðust gildi 14. nóvember 2013 en breytingin 11-B í 14. viðauka mun öðlast gildi 14. nóvember 2014.

3) Eins og sett er fram í 14. forsendu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1035/2011, ætti að starfrækja flugleiðsöguþjónustu í samræmi við viðeigandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þar til viðeigandi staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hafa að fullu verið leiddir í lög Sambandsins. Þetta gildir einnig um kröfurnar sem endurskoðaðar voru í tengslum við nýlegar breytingar á viðaukunum við Chicago-samninginn. Því ber að uppfæra tilvísanir í samninginn, sem eru í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011, til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðaukanna við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 292/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 frá 17. október 2011 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar flugleiðsöguþjónustu og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 482/2008 og (ESB) nr. 691/2010 (Stjtíð. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 23).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

1. Í stað annarrar málsgreinar liðar 2.2.1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„Upplýsingarnar í a- og b-lið skulu vera í samræmi við frammistöðuáætlun landsbundins eða starfræns loftrýmisumdæmis, sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, og, að því er varðar gögn um öryggi, í samræmi við öryggisáætlun viðkomandi ríkis (e. *State Safety Programme*) sem um getur í kröfu 3.1.1 í 19. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, eftir því sem við á.“

2. Í stað undirliða b og c í 4. lið II. viðauka komi eftirfarandi:

„b) 10. viðauka um flugfjarskipti, II. bindi um verklagsreglur um fjarskipti, þ.m.t. gildandi verklagsreglur um flugleiðsöguþjónustu (PANS Status), 6. útgáfu, október 2001, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,

c) 11. viðauka um flugumferðarþjónustu, 13. útgáfu, júlí 2001, ásamt öllum breytingum til og með nr. 49 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 (*), eftir því sem við á.“

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

3. Í stað undirliða a, b og c í 2. lið III. viðauka komi eftirfarandi:

„a) með fyrirvara um framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, 3. viðauka um veðurþjónustu fyrir alþjóðaflug, 18. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 76,

b) 11. viðauka um flugumferðarþjónustu, 13. útgáfu, júlí 2001, ásamt öllum breytingum til og með nr. 49 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, eftir því sem við á,

c) með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 139/2014 (**), 14. viðauka um flugvelli í eftirfarandi útgáfum:

i. I. bindi um hönnun og starfsemi flugvalla, 6. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 11-A og frá og með 13. nóvember 2014, ásamt breytingu 11-B,

ii. II. bindi um þyrlupalla, 4. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 5.“

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

4. Í stað undirliðar b í 2. lið IV. viðauka komi eftirfarandi:

„b) eftirfarandi viðaukum við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, að svo miklu leyti sem þær varða veitingu upplýsingaþjónustu flugmála í viðkomandi loftrými:

i. 3. viðauka um veðurþjónustu fyrir alþjóðaflug, 18. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 76,

ii. 4. viðauka um flugkort, 11. útgáfu, júlí 2009, ásamt öllum breytingum til og með nr. 57,

iii. með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 73/2010, 15. viðauka um upplýsingaþjónustu flugmála, 14. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 37.“

5. Í stað undirliða a–e í 3. lið V. viðauka komi eftirfarandi:

„a) I. bindi um leiðsöguvirki, 6. útgáfu, júlí 2006, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,

b) II. bindi um verklagsreglur fyrir fjarskipti, þ.m.t. gildandi verklagsreglur um flugleiðsöguþjónustu, 6. útgáfu, október 2001 ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,

c) III. bindi um fjarskiptakerfi, 2. útgáfu, júlí 2007, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,

d) IV. bindi um kögunarratsjárkerfi og árekstravarakerfi, 4. útgáfu, júlí 2007, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A,

e) V. bindi um notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar fyrir flug, 3. útgáfu, júlí 2013, ásamt öllum breytingum til og með nr. 88-A.“

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 743/2014 **2015/EES/8/52**

frá 9. júlí 2014

um að skipta út VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar lágmarkstíðni greininga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í VII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012([2]) er ákvörðuð lágmarkstíðni greininga fyrir viðkomandi eldsneyti og efni, sem rekstraraðilar eiga að beita til að ákvarða reiknistuðla.

2) Í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 er kveðið á um að endurskoða eigi VII. viðauka við þá reglugerð með reglulegu millibili og í fyrsta sinn eigi síðar en tveimur árum eftir að reglugerð (ESB) nr. 601/2012 öðlast gildi.

3) Breyta ætti VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 til að skýra flokkun eldsneytis og efna sem þar eru tilgreind til þess að bæta samræmi að því er varðar beitingu viðeigandi stuðla sem eru notaðir við útreikning á losun.

4) Til glöggvunar þykir rétt að skipta út VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012.

5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 601/2012 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 10.7.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 295/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VII. VIÐAUKI

Lágmarkstíðni greininga (35. gr.)

Eldsneyti/efni	Lágmarkstíðni greininga
Jarðgas	A.m.k. vikulega
Annað gas, einkum tilbúið gas og vinnslugas s.s. blandað olíuhreinsunargas, koksofnagas, háofnagas og bræðsluofnagas	A.m.k. daglega — með viðeigandi aðferðum á mismunandi tímum dags
Brennsluolía (t.d. léttolía, meðalþung olía og svartolía, jarðbik)	Fyrir hver 20 000 tonn af eldsneyti og a.m.k. sex sinnum á ári
Kol, kokskol, jarðolíukoks, mór	Fyrir hver 20 000 tonn af eldsneyti/efni og a.m.k. sex sinnum á ári
Annað eldsneyti	Fyrir hver 10 000 tonn af eldsneyti og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Ómeðhöndlaður fastur úrgangur (hreint jarðefni eða blandaður lífmassi/jarðefni)	Fyrir hver 5 000 tonn af úrgangi og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Fljótandi úrgangur, formeðhöndlaður fastur úrgangur	Fyrir hver 10 000 tonn af úrgangi og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Karbónatsteintegundir (t.d. kalksteinn og dólómít)	Fyrir hver 50 000 tonn af efni og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Leir og leirsteinn	Efnismagn sem samsvarar 50 000 tonnum af koltvísýringi og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Önnur efni (vara á forstigi framleiðslunnar, hálfunnin og fullunnin vara)	Efnismagn sem samsvarar 50 000 tonnum af koltvísýringi og a.m.k. fjórum sinnum á ári, eftir efninu, sem um er að ræða, og breytileikanum“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 733/2014 **2015/EES/8/53**

frá 24. júní 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs([1]), einkum 37. gr.,

að höfðu samráði við hlutaðeigandi lönd,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 uppfærir framkvæmdastjórnin reglulega reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 ([2]) um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar ([3]) um eftirlit með flutningi úrgangs yfir landamæri. Framkvæmdastjórnin hefur sent skriflega beiðni til allra landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, um að fá skriflega staðfestingu á því að flytja megi út úrgang og blöndur úrgangs, sem eru tilgreind í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og sem útflutningur á er ekki bannaður skv. 36. gr. hennar, frá Evrópusambandinu til endurnýtingar í þessu landi og um að fá upplýsingar um þá eftirlitsaðferð sem verður hugsanlega notuð í viðtökulandinu. Framkvæmdastjórninni hafa borist svör frá 74 löndum. Breyta ber viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 þannig að tekið sé mið af þessum svörum.

2) Hinn 13. febrúar 2013 samþykkti ráð Efnahags- og framfarastofnunarinnar álit umhverfismálanefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar varðandi reglufylgni Ísraels við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Af þessum sökum gilda ákvæði 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 ekki lengur um það land og því ber að fella færsluna um Ísrael brott úr viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007.

3) Nýja-Sjáland er land sem fellur undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Því gildir 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 ekki lengur um það land og því ber að fella færsluna um Nýja-Sjáland brott úr viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007.

Allur úrgangur sem tilgreindur er í III. viðauka og blöndur úrgangstegunda sem tilgreindar eru í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“			

73) Í stað færslunnar fyrir Túnis komi eftirfarandi:

„Túnis

a	b	c	d
Færslur fyrir úrgang af einni tegund			
	B1010		B1010
B1020 — B1220			
	B1230 — B1240		B1230 — B1240
B1250 — B3010			
undir B3020: úrgangur og rusl úr pappír eða pappa úr: — annað, þ.m.t. en ekki einvörðungu: 1. plasthúðaður pappi 2. óflokkað rusl	undir B3020: úrgangur og rusl úr pappír eða pappa úr: — óbleiktum pappír eða pappa eða úr bylgjupappír eða -pappa — annars konar pappír eða pappa, að mestu úr bleiktu, efnafræðilega unnu mauki, ekki gegnlitaður — pappír eða pappa, að mestu úr vélunnu mauki (t.d. dagblöð, tímarit og áþekkt prentað efni)		undir B3020: úrgangur og rusl úr pappír eða pappa úr: — óbleiktum pappír eða pappa eða úr bylgjupappír eða -pappa — annars konar pappír eða pappa, að mestu úr bleiktu, efnafræðilega unnu mauki, ekki gegnlitaður — pappír eða pappa, að mestu úr vélunnu mauki (t.d. dagblöð, tímarit og áþekkt prentað efni)
	undir B3030: — allur annar úrgangur	undir B3030: — notaður fatnaður og aðrar notaðar textílvörur	undir B3030: — allur annar úrgangur
	B3035 — B3065		B3035 — B3065
undir B3070: — sveppmygla, gerð óvirk, sem fellur til við penisillínframleiðslu og er ætluð til notkunar sem fóður	undir B3070: — úrgangur úr mannshári — hálmúrgangur		undir B3070: — úrgangur úr mannshári — hálmúrgangur
	B3080		B3080

B3090 — B4030			
GB040 — GN030			
	Blöndur úrgangs		
Blanda B1010 og B1050			
Blanda B1010 og B1070			
	Blanda B3040 og B3080		Blanda B3040 og B3080
	Blanda B1010		Blanda B1010
Blanda B2010			
Blanda B2030			
	Blanda B3010 *plastrusl úr óhalógenuðum fjölliðum og samfjölliðum*		Blanda B3010 *plastrusl úr óhalógenuðum fjölliðum og samfjölliðum*
Blanda B3010 *hertur resínúrgangur eða vörur fengnar með þéttingu*			
Blanda B3010 *perflúoralkoxýlalkan*			
	Blanda B3020		Blanda B3020
	Blanda B3030		Blanda B3030
	Blanda B3040		Blanda B3040
	Blanda B3050		Blanda B3050“

74) Eftirfarandi færsla fyrir Úsbekistan bætist við í stafrófsröð:

„Úsbekistan

a	b	c	d
		Færslur fyrir úrgang af einni tegund	
			undir B1010: — allur úrgangur nema eðalmálmar (gull, silfur og platínu-flokkurinn, þó ekki kvikasilfur)
			B1020
			B1031

			B1050 — B1090
			undir B1100: — allur úrgangur nema gjall sem fellur til við vinnslu eðalmálma og er ætlað til frekari hreinsunar
			B1115 — B1120
			B1140
			B1200 — B2030
			undir B2040: — allur úrgangur nema kalsíumsúlfat, að hluta hreinsað, framleitt við brennisteinshreinsun útblásturs
			B2060 — B3060
			B3070 — B3090
			B3120 — B4030
			GB040 — GC030
			GE020
			GG030 — GN030
Blöndur úrgangs			
			Allar blöndur úrgangs sem tilgreindar eru í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“

75) Í stað færslunnar fyrir Víetnam komi eftirfarandi:

„Víetnam

a	b	c	d
Færslur fyrir úrgang af einni tegund			
undir B1010: — eðalmálmar (gull, silfur og platínuflokkurinn, þó ekki kvikasilfur) — tantalrusl — kóbaltrusl — bismútrusl — germaníumrusl — vanadíumrusl — hafníum-, indíum-, níóbíum-, renium- og gallíumrusl — þóríumrusl — lantaníðarusl			undir B1010: — rusl úr járni og stáli — koparrusl — nikkelrusl — álrusl — sinkrusl — tinrusl — volframrusl — mólýbdenrusl — magnesíumrusl — títanrusl — sirkonrusl — manganrusl — krómrusl
undir B1020: — allur annar úrgangur			undir B1020: — antímonrusl
B1030 — B1060			

			B1070
B1080 — B1180			
			B1190 — B1220
B1230 — B2010			
			B2020
B2030 — B2070			
			B2080
B2090 — B2130			
			B3010 — B3020
undir B3030: — allur annar úrgangur			undir B3030: — silkiúrgangur (einnig púpuhýði sem henta ekki til hespunar, garnúrgangur og forkembd textílefni): — hvorki kembdur né greiddur — annað
B3035			
			B3040
B3050 — B3070			
			B3080
B3090 — B3130			
			B3140
B4010 — B4030			
GB040			
			GC010 — GC020
GC030 — GC050			
			GE020
GF010 — GG040			
			GH013
GN010 — GN030			

Blöndur úrgangs			
Allar blöndur úrgangs sem tilgreindar eru í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“			

76) Eftirfarandi færsla fyrir Wallis- og Fútúnaeyjar bætist við í stafrófsröð:

„Wallis- og Fútúnaeyjar

a	b	c	d
Allur úrgangur sem tilgreindur er í III. viðauka og blöndur úrgangstegunda sem tilgreindar eru í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“			

77) Eftirfarandi færsla fyrir Simbabve bætist við í stafrófsröð:

„Simbabve

a	b	c	d
Allur úrgangur sem tilgreindur er í III. viðauka og blöndur úrgangs-tegunda sem tilgreindar eru í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006“			

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) NR. 634/2014 **2015/EES/8/54**

frá 13. júní 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar 21. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 21) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 20. maí 2013 gaf alþjóðlega reikningsskilanefndin út 21. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 21), *álögur*.

3) Við beitingu IAS-staðals 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, hafa með tímanum þróast ólíkar venjur að því er varðar það hvenær eining færir skuldbindingu um að greiða álögur.

4) Markmiðið með IFRIC-túlkun 21 er að setja fram leiðbeiningar um viðeigandi meðferð álagna sem falla innan gildissviðs IAS-staðals 37 til þess að auka samanburðarhæfi reikningsskila fyrir notendur.

5) Með samráði við sérfræðingahóp Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er staðfest að IFRIC-túlkun 21 uppfyllir tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 bætist við 21. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 21), álögur, eins og hún er sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félag skal beita IFRIC-túlkun 21, álögur, eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þess sem hefst 17. júní 2014 eða síðar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRIC-túlkun 21, *álögur* (*)

TILVÍSANIR

— IAS-staðall 1 *Framsetning reikningsskila*

— IAS-staðall 8 *Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

— IAS-staðall 12 *Tekjuskattar*

— IAS-staðall 20 *Færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*

— IAS-staðall 24 *Upplýsingar um tengda aðila*

— IAS-staðall 34 *Árshlutareikningsskil*

— IAS-staðall 37 *Reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

— IFRIC-túlkun 6 *Skyldur tilkomnar vegna þátttöku á tilteknum markaði — raf- og rafeindabúnaðarúrgangur*

FORSAGA

1. Hið opinbera getur lagt álögur á einingu. Alþjóðlega túlkunarnefndin um reikningsskil fékk beiðnir um leiðbeiningar vegna álagna í reikningsskilum þeirrar einingar sem greiðir álögurnar. Spurningin varðar það hvenær færa skuli skuldbindingu um að greiða álögur þegar reikningsskil eru í samræmi við IAS-staðall 37, reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir.

GILDISSVIÐ

2. Þessi túlkun fjallar um reikningsskil vegna skuldbindingar um að greiða álögur ef skuldbindingin fellur innan gildissviðs IAS-37. Hún fjallar einnig um reikningsskil vegna skuldbindingar um að greiða álögur þegar tímasetning og fjárhæð liggja fyrir.

3. Þessi túlkun fjallar ekki um reikningsskil vegna kostnaðar sem er tilkominn vegna færslu skuldbindingar um að greiða álögur. Einingar skulu beita öðrum stöðlum til að ákveða hvort færsla skuldbindingar um að greiða álögur leiði til ávinnings eða útgjalda.

4. Í þessari túlkun teljast álögur vera útstreymi fjármagns sem felur í sér fjárhagslegan ávinning og hið opinbera leggur á einingar í samræmi við löggjöf (þ.e. lög og/eða reglur), þó ekki:

   a) útstreymi fjármagns innan gildissviðs annarra staðla (s.s. tekjuskatta sem falla undir gildissvið IAS-staðall 12, tekjuskattar), og

   b) sektir og önnur viðurlög sem eru lögð á vegna brota á löggjöfinni.

   Hið opinbera vísar til stjórnvalda, opinberra stofnana og sambærilegra aðila, hvort sem þau starfa á staðar- eða landsvísu eða á alþjóðavettvangi.

5. Greiðsla af hálfu einingar fyrir öflun eignar eða þjónustu samkvæmt bindandi samkomulagi við hið opinbera fellur ekki undir skilgreiningu á álögum.

6. Eining þarf ekki að beita þessari túlkun gagnvart skuldbindingum sem leiðir af kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.

ÁLITAEFNI

7. Til að skýra reikningsskil vegna skuldbindingar um að greiða álögur tekur þessi túlkun eftirfarandi álitaefni til umfjöllunar:

   a) Hver er sá skuldbindandi atburður sem leiðir til færslu skuldbindingar um að greiða álögur?

   b) Leiðir sú efnahagslega nauðsyn að halda áfram rekstri á síðari tímabilum til ætlaðra skuldbindinga um að greiða álögur vegna reksturs á síðari tímabilum?

(*) „Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn, að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org“

c) Gefur forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi til kynna að eining sé þegar skuldbundin til að greiða álögur vegna reksturs á síðari tímabilum?

d) Fer færsla skuldbindingar um að greiða álögur fram á tilteknum tímapunkti eða fer hún, við vissar aðstæður, fram í áföngum yfir lengri tíma?

e) Hver er sá skuldbindandi atburður sem leiðir til færslu skuldbindingar um að greiða álögur sem orsakast af því að lágmarksmörkum er náð?

f) Er um að ræða sömu meginreglur hvað varðar færslu skuldbindingar um að greiða álögur í árleg reikningsskil og árshlutareikningsskil?

ALMENNT SAMKOMULAG

8. Skuldbindandi atburðurinn sem leiðir til skuldbindingar um að greiða álögur er sú starfsemi sem orsakar greiðslu álagna, eins og tilgreint er í löggjöfinni. Ef sú starfsemi sem orsakar greiðslu álagna er, svo dæmi sé tekið, tekjumyndun á núverandi tímabili og útreikningur á þeim álögum er byggður á tekjumyndun á síðasta tímabili er skuldbindandi atburður fyrir þær álögur tekjumyndun á núverandi tímabili. Tekjumyndun á fyrra tímabili er nauðsynleg en nægir ekki til að mynda núverandi skuldbindingu.

9. Eining er ekki raunverulega skuldbundin til að greiða álögur vegna reksturs á síðara tímabili sem afleiðing af því að einingin er af efnahagslegum ástæðum tilneydd til að halda áfram rekstri á því síðara tímabili.

10. Gerð reikningsskila samkvæmt forsendunni um áframhaldandi rekstrarhæfi gefur ekki til kynna að eining sé þegar skuldbundin til að greiða álögur vegna reksturs á síðara tímabili.

11. Skuldbindingin um að greiða álögur er færð í áföngum ef skuldbindandi atburður stendur yfir tiltekið tímabil (þ.e. ef starfsemi sem orsakar greiðslu álagna, eins og tilgreint er í löggjöfinni, stendur yfir tiltekið tímabil). Ef skuldbindandi atburður er, svo dæmi sé tekið, tekjumyndun yfir tiltekið tímabil er samsvarandi skuldbinding færð á grundvelli þess að einingin myndar þær tekjur.

12. Ef skuldbinding um að greiða álögur orsakast af því að lágmarksmörkum er náð skulu reikningsskil vegna skuldbindingar sem leiðir af þeirri skuldbindingu vera í samræmi við meginreglurnar sem komið er á í 8.-14. mgr. þessarar túlkunar (einkum 8. og 11. mgr.). Ef skuldbindandi atburður er, svo dæmi sé tekið, sá að ná lágmarksmörkum starfsemi (s.s. lágmarksfjárhæð tekna, sölu eða framleiðslu) er samsvarandi skuldbinding færð þegar lágmarksstarfsemi hefur verið náð.

13. Eining skal beita sömu meginreglum um færslur í árshlutareikningsskilum og hún beitir í árlegum reikningsskilum. Af því leiðir að skuldbindingin um að greiða álögur skal, í árshlutareikningsskilunum:

a) ekki færð ef ekki liggur fyrir skuldbinding um að greiða slíkar álögur við lok reikningsskilatímabilsins og

b) færð ef núverandi skuldbinding um að greiða álögur liggur fyrir við lok reikningsskilatímabilsins.

14. Eining skal færa eign ef hún hefur greitt álögur fyrir fram en ekki liggur enn fyrir skuldbinding um að greiða álögurnar.

———

Viðbætir A

Gildistökudagur og umbreyting

Viðbætir þessi er óaðskiljanlegur hluti af túlkuninni og hefur sama gildi og aðrir hlutar hennar.

A1 Eining skal beita þessari túlkun fyrir árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar. Heimilt er að beita túlkuninni fyrr. Ef eining beitir þessari túlkun að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

A2 Gera skal eftir á grein fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum sem leiðir af upphaflegri beitingu þessarar túlkunar í samræmi við IAS-staðall 8, reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur.

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/8/55**

frá 6. febrúar 2012

um viðmiðunarreglur um gagnavernd fyrir snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið (EWRS)

(tilkynnt með númeri C(2012) 568)

(2012/73/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB frá 24. september 1998 um að koma upp kerfi fyrir faraldursfræðilegt eftirlit og varnir gegn smitsjúkdómum í Bandalaginu ([1]) var komið upp kerfi fyrir faraldursfræðilegt eftirlit og varnir gegn smitsjúkdómum í Bandalaginu og snemmviðvörunar- og viðbragðskerfi (hér á eftir nefnt „snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið“ (EWRS)) fyrir forvarnir og varnir gegn þessum sjúkdómum.

2) Í ákvörðun sinni 2000/57/EB frá 22. desember 1999 um snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið fyrir forvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB ([2]) samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvæði um snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, sem miða að því að koma á fót, með viðeigandi hætti, skipulegu og varanlegu sambandi milli framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra opinberra heilbrigðisyfirvalda, sem bera ábyrgð á að ákvarða þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að vernda lýðheilsu og koma í veg fyrir eða stöðva útbreiðslu smitsjúkdóma í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins ([3]).

3) Rétturinn til verndar persónuupplýsinga er viðurkenndur í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 8. gr.

4) Upplýsingaskipti með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna innbyrðis og milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar verða enn fremur að fylgja reglum um vernd persónuupplýsinga, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([4]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([5]).

5) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/547/EB frá 10. júlí 2009 um breytingu á ákvörðun 2000/57/EB um snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið fyrir forvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB([6]) voru teknar upp sérstakar verndarráðstafanir [áður öryggisákvæði] varðandi skipti á persónuupplýsingum milli aðildarríkja í tengslum við rakningu smitleiða til að hafa upp á sýktum einstaklingum og þeim sem eru hugsanlega í hættu, ef atburður á sér stað sem tengist smitsjúkdómum sem geta breiðst út innan Evrópusambandsins.

6) Hinn 26. apríl 2010 gaf Evrópska persónuverndarstofnunin út álit á fyrirframathugun (e. Prior Checking Opinion) ([7]) þar sem hún kallaði eftir nánari útlistun á ábyrgðarsviðum hinna ýmsu aðila sem koma að snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu og að tekið yrði með viðeigandi hætti á

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2012, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 268, 3.10.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 32.

([3]) Snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið skal einungis nota til skýrslugjafar lögbærra opinberra heilbrigðisyfirvalda í aðildarríkjunum um tilgreindar ógnanir við lýðheilsu („atburði“), sem skilgreindar eru í I. viðauka við ákvörðun 2000/57/EB.

([4]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([5]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 57.

([7]) Álit Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar frá 26. apríl 2010 á fyrirframathugun varðandi snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynnti um þann 18. febrúar 2009 (mál C 2009-0137). Álitið er birt á vefsetri Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar á eftirfarandi slóð: http://www.edps.europa.eu/EDPSWEB/webdav/site/mySite/shared/Documents/Supervision/Priorchecks/Opinions/2010/10-04- 26_EWRS_EN.pdf

hugsanlegri áhættu, með tilliti til grundvallarréttinda, af völdum umfangsmeiri vinnslu gagna til að rekja smitleiðir ef meiriháttar heimsfaraldrar, sem ógnuðu heilbrigði, kæmu upp í framtíðinni.

7) Framkvæmdastjórnin hefur, að teknu tilliti til tilmælanna í áliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, samið viðmiðunarreglur um gagnavernd fyrir snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, sem ættu að aðstoða við að skýra hlutverk, verkefni og skyldur hvers og eins af hinum ýmsu aðilum kerfisins og tryggja þannig að fyrrnefndum reglum um gagnavernd sé fylgt á skilvirkan hátt og að skráðum aðilum séu veittar skýrar upplýsingar og aðgengilegar leiðir til að halda fram rétti sínum.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. Aðildarríkjunum ber að vekja athygli notenda snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins á viðmiðunarreglunum í viðaukanum við þessi tilmæli.

2. Hvetja ber lögbær yfirvöld snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins í hverju aðildarríki til að hafa samband við landsbundin gagnaverndaryfirvöld í viðkomandi ríki til að fá leiðbeiningar og aðstoð um hvernig best megi beita þessum viðmiðunarreglum samkvæmt landslögum.

3. Mælst er til þess að aðildarríkin veiti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins endurgjöf um framkvæmd viðmiðunarreglnanna í viðaukanum eigi síðar en tveimur árum eftir samþykkt þessara tilmæla. Þessi endurgjöf verður einnig send Evrópsku persónuverndarstofnuninni og mun framkvæmdastjórnin taka mið af henni við mat á gagnaverndarstigi í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu, sem og á inntaki og tímanleika hvers konar ráðstafana í framtíðinni, þ.m.t. hugsanleg samþykkt lagagernings.

4. Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARREGLUR UM GAGNAVERND FYRIR SNEMMVIÐVÖRUNAR- OG VIÐBRAGÐSKERFIÐ (EWRS)

1. INNGANGUR

Snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið er vefhugbúnaður sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hannað í samvinnu við aðildarríkin, með það fyrir augum að koma á fót skipulegu og varanlegu sambandi milli framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra, opinberra heilbrigðisyfirvalda, sem bera ábyrgð á að ákvarða þær ráðstafanir sem þörf er á til að vernda lýðheilsu í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Sóttvarnastofnun Evrópu, sem er stofnun á vegum ESB, hefur einnig verið tengd snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu frá árinu 2005 ([8]).

Samstarf milli landsbundinna heilbrigðisyfirvalda er bráðnauðsynlegt til að efla getu aðildarríkja til að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu smitsjúkdóma innan ESB og möguleika þeirra til að bregðast tímanlega og með samræmdum hætti við atburðum af völdum smitsjúkdóma sem ógna eða geta ógnað lýðheilsu.

Fyrri uppkomur HABL, heimsfaraldurs inflúensu A (H1N1) og annarra smitsjúkdóma hafa sýnt fram á með skýrum hætti hvernig áður óþekktir sjúkdómar geta breiðst hratt út og valdið hárri dánar- og veikindatíðni. Hröð ferðalög og alþjóðaviðskipti auðvelda útbreiðslu smitsjúkdóma, sem virða engin landamæri. Skjót greining og skilvirk samskipti og samræming á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi skipta sköpum varðandi það að geta haft stjórn á slíkum ófyrirséðum tilfellum og koma í veg fyrir þróun sem veldur alvarlegu tjóni.

Snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið var þróað sem miðlægt kerfi til að gera aðildarríkjum kleift að senda viðvaranir, skiptast á upplýsingum og samræma viðbrögð sín, tímanlega og með öruggum hætti, í tengslum við atburði sem hugsanlega geta ógnað heilbrigði innan ESB.

2. GILDISSVIÐ OG MARKMIÐ VIÐMIÐUNARREGLNANNA

Stjórnun og notkun snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins getur falið í sér skipti á persónuupplýsingum í sérstökum tilfellum þegar kveðið er á um það í viðeigandi lagagerningum (sjá 4. þátt um lagagrundvöll fyrir skiptum á persónuupplýsingum í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu).

Skipti á persónuupplýsingum milli lögbærra heilbrigðisyfirvalda í aðildarríkjunum verða að vera í samræmi við reglur um vernd persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í landslögum sem leiða í lög tilskipun 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Þar sem notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins eru ekki sérfræðingar á sviði gagnaverndar og þekkja e.t.v. ekki alltaf nægilega vel til krafna um gagnavernd sem settar eru í lögum, er ráðlegt að láta notendum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins í té viðmiðunarreglur þar sem útskýrt er á notendavænan og auðskilinn hátt hvernig kerfið virkar með tilliti til gagnaverndar. Markmiðið með viðmiðunarreglunum er einnig að vekja til vitundar og stuðla að bestu starfsvenjum og samræmdri og sameiginlegri nálgun með tilliti til gagnaverndar meðal notenda snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins í aðildarríkjunum.

Þó ber að taka fram að þessum viðmiðunarreglum er ekki ætlað að gefa ítarlega yfirsýn yfir alla þætti gagnaverndar í tengslum við snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið. Frekari leiðbeiningar og aðstoð má fá hjá gagnaverndaryfirvöldum í aðildarríkjunum. Einkum er eindregið mælt með því að notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins leiti ráða hjá gagnaverndaryfirvöldum sínum um hvernig best megi beita þessum viðmiðunarreglum á landsvísu, til að tryggt sé að farið sé að öllu leyti að kröfum einstakra landa um gagnavernd. Skrá yfir gagnaverndaryfirvöld ásamt samskiptaupplýsingum þeirra má finna á slóðinni:

http://ec.europa.eu/justice/policies/privacy/nationalcomm/index_en.htm

Að lokum skal áréttað að þessar viðmiðunarreglur eru ekki gild túlkun á löggjöf ESB um gagnavernd, enda er Dómstólnum einum falið það hlutverk að túlka löggjöf ESB innan ramma stofnanakerfis Sambandsins.

3. GILDANDI LÖG OG EFTIRLIT

Ákvörðun um gildandi lög fer eftir því hver notandi snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins er. Þannig fellur vinnsla framkvæmdastjórnarinnar og Sóttvarnastofnunar Evrópu á persónuupplýsingum innan ramma stjórnunar og rekstrar kerfisins (að því marki sem lýst er í eftirfarandi þáttum) undir reglugerð (EB) nr. 45/2001.

([8]) Sóttvarnastofnun Evrópu styður og aðstoðar einnig framkvæmdastjórnina við rekstur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins. Sóttvarnastofnun Evrópu var falið þetta verkefni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 851/2004 frá 21. apríl 2004 um stofnun Sóttvarnastofnunar Evrópu, einkum 8. gr. (Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 1).

Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga af hálfu lögbærra yfirvalda snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins í hverju aðildarríki gildir viðkomandi landslöggjöf um gagnavernd sem leiðir tilskipun 95/46/EB í lög. Taka ber fram að sú tilskipun veitir aðildarríkjunum ákveðið svigrúm varðandi lögleiðingu ákvæða hennar í landslög. Einkum heimilar tilskipunin aðildarríkjunum að innleiða undanþágur eða frávik frá ýmsum ákvæðum hennar í sérstökum tilfellum. Á sama tíma kunna landslög um gagnavernd, sem notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins heyra undir, að innihalda gagnaverndarkröfur sem eru strangari eða sértækar fyrir viðkomandi land og sem ekki er gert ráð fyrir í lögum annarra aðildarríkja.

Með tilliti til þessara sérstöku þátta er notendum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins ráðlagt að ræða þessar viðmiðunarreglur við gagnaverndaryfirvöld sín til að tryggja að allar kröfur samkvæmt gildandi landslögum séu uppfylltar. Til dæmis getur verið verulegur munur á því milli einstakra aðildarríkja hversu ítarlegar upplýsingar skuli veita skráðum aðilum við gagnasöfnunina og einnig á reglum um vinnslu sérstakra flokka persónuupplýsinga einstaklinga (t.d. heilsufarsupplýsinga).

Eftirlit opinberra, óháðra gagnaverndaryfirvalda er einn mikilvægasti þátturinn í lagaramma ESB um gagnavernd, sem samanstendur af reglugerð (EB) nr. 45/2001 og tilskipun 95/46/EB. Evrópska persónuverndarstofnunin hefur eftirlit með vinnslu stofnana og aðila ESB á persónuupplýsingum ([9]), en vinnsla einstaklinga eða lögaðila, opinberra landsyfirvalda, stofnana eða annarra aðila í aðildarríkjunum er undir eftirliti gagnaverndaryfirvalda í hverju ríki fyrir sig. Eftirlitsyfirvöldum hafa verið veittar heimildir í öllum aðildarríkjum til að taka til meðferðar kærur borgara varðandi verndun réttinda og frelsis þeirra í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Notendum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins er bent á að ítarlegri upplýsingar um hvernig skuli fara með beiðnir eða kvartanir skráðra aðila er að finna í 9. þætti um aðgang að persónuupplýsingum og önnur réttindi skráðra aðila.

4. LAGAGRUNDVÖLLUR FYRIR SKIPTUM Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM Í SNEMMVIÐVÖRUNAR- OG VIÐBRAGÐSKERFINU

Með ákvörðun nr. 2119/98/EB var komið á fót netkerfi á vettvangi ESB (hér á eftir nefnt „netkerfið“) til að stuðla að samstarfi og samræmingu milli aðildarríkjanna, með aðstoð frá framkvæmdastjórninni, til þess að bæta forvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum í ESB ([10]). Snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið var sett á fót innan þessa ramma sem einn af hornsteinum netkerfisins, fyrir upplýsingaskipti, samráð og samræmingu á evrópskum vettvangi ef atburðir skyldu eiga sér stað af völdum smitsjúkdóma sem ógnað gætu lýðheilsu í ESB.

Taka ber fram að upplýsingar, sem skipst er á innan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins, eru ekki allar persónulegs eðlis. Raunar er almennt ekki skipst á neinum gögnum er varða heilsu eða öðrum persónuupplýsingum um persónugreinda eða persónugreinanlega einstaklinga innan þessa ramma.

Hvað eru „persónuupplýsingar“?

Í tilskipun 95/46/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001 merkir „persónuupplýsingar“ allar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um einstakling („hinn skráða“). Upplýsingar teljast persónugreinanlegar ef unnt er að rekja þær til hins skráða, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti ([11]).

Lögbær heilbrigðisyfirvöld í aðildarríkjum evrópska efnahagssvæðisins senda netkerfinu, gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, aðallega upplýsingar um það, m.a., þegar smitsjúkdómar koma fyrst upp eða koma aftur upp ásamt upplýsingum um þær varnarráðstafanir sem beitt er, eða upplýsingar um óvenjuleg faraldursfræðileg fyrirbrigði eða nýja smitsjúkdóma af ókunnum uppruna ([12]), sem kunna að krefjast þess að gripið sé tímanlega til samræmdra aðgerða aðildarríkjanna til að takmarka hættu á útbreiðslu þeirra innan ESB ([13]). Á grundvelli upplýsinga úr netkerfinu hafa aðildarríkin ásamt framkvæmdastjórninni samráð um að samræma viðleitni sína við forvarnir og varnir gegn þessum sjúkdómum, þ.m.t. með tilliti til ráðstafana sem þau hafa samþykkt eða hyggjast samþykkja á landsvísu ([14]).

Þó fjalla upplýsingar, sem skipst er á í kerfinu, í sumum tilfellum í reynd um einstaklinga og geta talist til persónuupplýsinga.

Í fyrsta lagi er vinnsla á takmörkuðu umfangi persónuupplýsinga um viðurkennda notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins innbyggður hluti af stjórnun og rekstri kerfisins. Vinnsla á samskiptaupplýsingum notendanna (nafn, stofnun, tölvupóstfang, símanúmer o.s.frv.) er í raun nauðsynleg til að koma kerfinu á fót og starfrækja það. Öflun þessara persónuupplýsinga er í höndum aðildarríkjanna og frekari vinnsla þeirra fer fram á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar í þeim tilgangi einum að eiga skilvirkt samstarf um stjórnun snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins og netkerfisins sem það er byggt á.

([9]) http://www.edps.europa.eu/EDPSWEB/edps/EDPS
([10]) Þeir flokkar smitsjúkdóma, sem falla undir netkerfið, takmarkast við þá sem taldir eru upp í viðaukanum við ákvörðun nr. 2119/98/EB.
([11]) a-liður 2. gr. tilskipunar 95/46/EB og a-liður 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.
([12]) 4. gr. ákvörðunar nr. 2119/98/EB.
([13]) I. viðauki við ákvörðun 2000/57/EB um skilgreiningu á „atburðum“ sem ber að gefa skýrslu um í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu.
([14]) 6. gr. ákvörðunar nr. 2119/98/EB.

Í öðru lagi getur atburður, sem tengist smitsjúkdómum sem geta breiðst út innan ESB, kallað á að hlutaðeigandi aðildarríki vinni saman að framkvæmd sérstakra varnarráðstafana, svokallaðra ráðstafana til að rekja smitleiðir, til þess að hafa upp á sýktum einstaklingum og þeim sem eru hugsanlega í hættu og til að koma í veg fyrir útbreiðslu alvarlegra smitsjúkdóma. Slíkt samstarf getur falið í sér skipti á persónuupplýsingum í gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, þ. á m. á viðkvæmum heilsufarsupplýsingum, um staðfest tilfelli eða grun um tilfelli hjá mönnum, milli aðildarríkja sem ráðstafanirnar til að rekja smitleiðir varða með beinum hætti ([15]).

Hvað er „vinnsla persónuupplýsinga“?

Í tilskipun 95/46/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001 merkir „vinnsla persónuupplýsinga“ hverja þá aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, s.s. þegar þeim er safnað eða þær skráðar, flokkaðar, geymdar eða aðlagaðar, þeim er breytt, náð er í þær, þeim er flett upp, þær notaðar, látnar í té með sendingu eða á annan hátt gerðar aðgengilegar, þær eru tengdar eða settar saman, aðgangur að þeim hindraður eða þær eru afmáðar eða þeim eytt ([16]).

Í framangreindum tilvikum þarf vinnsla persónuupplýsinga í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu að byggjast á tilteknum lagagrundvelli. Í þessu samhengi er í 7. gr. tilskipunar 95/46/EB og samsvarandi ákvæðum 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 mælt fyrir um viðmiðanir til þess að gagnavinnsla sé lögmæt.

Að því er varðar samskiptaupplýsingar notenda snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins byggist vinnsla þessara upplýsinga á:

— b-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001: „vinnsla er nauðsynleg til þess að fara að ákvæðum um lagaskyldu sem ábyrgðaraðilinn ([17]) er háður“. Vinnslan er nauðsynleg vegna stjórnunar og rekstrar snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, með stuðningi Sóttvarnastofnunar Evrópu, og

— d-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001: „skráði aðilinn hefur gefið ótvírætt samþykki sitt“. Samskiptaupplýsingar notenda eru fengnar hjá skráðu aðilunum sjálfum, eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að veita upplýst samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga um þá í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu (sjá 8. þátt um miðlun upplýsinga til skráðra aðila).

Viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í c-, d- og e-lið 7. gr. tilskipunar 95/46/EB eru þær sem skipta mestu máli varðandi skipti á gögnum til að rekja smitleiðir (t.d. samskiptaupplýsingum þess sem er sýktur, ferðaupplýsingum og öðrum gögnum sem tengjast ferðaáætlun hans og dvalarstöðum, upplýsingum um þá sem hann hefur heimsótt og þá sem gætu hafa komist í tæri við smit) um einstaklinga í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu ([18]):

— c-liður 7. gr. tilskipunar 95/46/EB: „vinnslan er nauðsynleg til uppfylla lögskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila“. Í ákvörðun nr. 2119/98/EB er þess krafist að komið verði á fót snemmviðvörunar- og viðbragðskerfi fyrir forvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum í ESB. Samkvæmt þessari ákvörðun er aðildarríkjunum skylt að gefa skýrslu gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið um tiltekna atburði af völdum smitsjúkdóma, sem ógna eða geta ógnað lýðheilsu ([19]). Kvöðin um skýrslugjöf tekur einnig til þeirra ráðstafana, sem lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum hafa gert til að koma í veg fyrir þessa sjúkdóma og stöðva útbreiðslu þeirra, þ.m.t. ráðstafanir til að rekja smitleiðir sem gerðar voru til að hafa upp á sýktum einstaklingum eða þeim sem eiga hugsanlega á hættu að sýkjast ([20]),

— d-liður 7. gr. tilskipunar 95/46/EB: „vinnslan er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða“. Að jafnaði eru skipti milli hlutaðeigandi aðildarríkja á persónuupplýsingum sýktra einstaklinga og þeirra sem eiga á bráðri hættu að sýkjast nauðsynleg til að veita þeim viðeigandi umönnun eða meðferð, sem og til að unnt sé að leita þeirra og bera kennsl á þá til að einangra þá og setja í sóttkví, í þeim tilgangi að vernda heilbrigði hlutaðeigandi einstaklinga og, síðast en ekki síst, borgara ESB í heild,

— og e-liður 7. gr. tilskipunar 95/46/EB: „vinnslan er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili eða þriðji aðili, sem upplýsingunum er miðlað til, fer með“. Snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið er tæki, sem er ætlað að hjálpa aðildarríkjunum við að samræma aðgerðir sínar við forvarnir og varnir gegn alvarlegum smitsjúkdómum innan ESB. Því er kerfinu ætlað að þjóna framkvæmd verkefnis í þágu almannahagsmuna, sem aðildarríkin hafa með höndum, til verndar lýðheilsu.

([15]) Með breytingum, sem gerðar voru á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/57/EB með ákvörðun 2009/547/EB, var lögmætur tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu skýrður og gögn „til að rekja smitleiðir“ felld inn í hann.

([16]) b-liður 2. gr. tilskipunar 95/46/EB og b-liður 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

([17]) Um skilgreiningu á „ábyrgðaraðili“ sjá 5. þátt hér á eftir.

([18]) Viðmiðunarskrá yfir persónuupplýsingar sem skiptast má á í því skyni að rekja smitleiðir fylgir með í viðauka við ákvörðun 2009/547/EB.

([19]) 1. gr. og I. viðauki við ákvörðun 2000/57/EB um skilgreiningu á „atburðum“ sem ber að gefa skýrslu um í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu.

([20]) 2. gr. a í ákvörðun 2000/57/EB, sem innleidd var með ákvörðun 2009/547/EB.

Sömu almannahagsmunir geta réttlætt vinnslu aðildarríkjanna á viðkvæmum heilsufarsupplýsingum (t.d. upplýsingum um atburð sem ógnar heilbrigði, gögnum sem varða heilbrigðisástand sýktra einstaklinga og þeirra sem gætu hafa komist í tæri við smit) í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu. Enda þótt vinnsla heilsufarsupplýsinga sé að jafnaði bönnuð skv. 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB fellur vinnsla þessa sérstaka gagnaflokks í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu undir undanþáguna sem veitt er skv. 3. mgr. 8. gr. sömu tilskipunar, svo fremi að vinnsla gagnanna sé „nauðsynleg til að unnt sé að fyrirbyggja eða greina sjúkdóma, hjúkra eða veita meðferð eða stjórna heilsugæslu og ef upplýsingarnar eru unnar af starfsmanni á heilbrigðissviði sem fellur undir innlend lög eða reglur um þagnarskyldu, sem innlendir lögbærir aðilar hafa sett, eða af öðrum einstaklingi sem er einnig bundinn samsvarandi þagnarskyldu“.

Heimilt er að kveða á um frekari undanþágur frá banni við vinnslu persónulegra heilsufarsupplýsinga í landslögum eða með ákvörðun landbundinna gagnaverndaryfirvalda í aðildarríkjunum, af ástæðum sem varða mikilvæga almannahagsmuni og með fyrirvara um að gerðar séu viðeigandi verndarráðstafanir ([21]).

5. HVER GERIR HVAÐ Í SNEMMVIÐVÖRUNAR- OG VIÐBRAGÐSKERFINU? UM SAMEIGINLEGA ÁBYRGÐ

Snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu er ætlað að vera fjölnotendakerfi, sem tengir saman með viðeigandi tæknilegum leiðum, þ.m.t. mismunandi skipulegum samskiptaleiðum, tilnefnda tengiliði lögbærra, opinberra heilbrigðisyfirvalda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (hér á eftir nefndir „tengiliðir snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins“), framkvæmdastjórnina, Sóttvarnastofnun Evrópu og, að takmörkuðu leyti, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina.

Sérhver þessara aðila snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins er sérstakur notandi kerfisins, en aðgangur að upplýsingunum sem skipst er á í kerfinu hefur verið mótaður með því að búa til mismunandi notandalýsingar og „valvísar“ samskiptaleiðir, sem sjá fyrir viðeigandi verndarráðstöfunum til að tryggja að farið sé að gildandi reglum um gagnavernd.

Kerfið samanstendur af tveimur meginsamskiptaleiðum. Önnur þessara leiða, nefnd „almenna tilkynningaleiðin“ gerir lögbæru heilbrigðisyfirvaldi í tilteknu aðildarríki kleift að senda öllum landsbundnum tengiliðum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins, framkvæmdastjórninni, Sóttvarnastofnun Evrópu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni upplýsingar um atburði af völdum smitsjúkdóma sem geta breiðst út innan ESB, sem falla undir kvöðina um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í ákvörðun nr. 2119/98/EB ([22]).

Almennt er ekki skipst á neinum gögnum er varða heilsu eða öðrum persónuupplýsingum um persónugreinda eða persónugreinanlega einstaklinga gegnum almennu tilkynningaleiðina. Sérstakar verndarráðstafanir hafa verið byggðar inn í kerfið til að koma í veg fyrir ólögmæta gagnavinnslu innan þessarar leiðar (sjá 7. þátt).

Ef atburðir eiga sér stað af völdum smitsjúkdóma sem geta breiðst út innan ESB getur þó reynst nauðsynlegt að hlutaðeigandi aðildarríki vinni saman að framkvæmd sérstakra ráðstafana til að rekja smitleiðir, í því skyni að hafa upp á sýktum einstaklingum og öðrum þeim sem komist hafa í tæri við smit, til að koma í veg fyrir útbreiðslu þessara alvarlegu sjúkdóma.

Til að tryggt sé að farið sé að reglum um gagnavernd hafa viðeigandi verndarráðstafanir verið byggðar inn í kerfið til að takmarka skipti á gögnum til að rekja smitleiðir og heilsufarsupplýsingum einstaklinga við þau aðildarríki einvörðungu, sem tiltekið ferli til að rekja smitleiðir varðar beint, og til að útiloka aðgang annarra aðildarríkja netkerfisins, framkvæmdastjórnarinnar og Sóttvarnastofnunar Evrópu að þessum upplýsingum ([23]).

Í þessu skyni var hin svonefnda „valvísa tilkynningaleið“ byggð inn í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið til að tryggja að fyrir hendi sé samskiptaleið, sem eingöngu er notuð fyrir samskipti milli aðildarríkja sem tiltekin ráðstöfun til að rekja smitleiðir varðar.

Þegar lögbær yfirvöld skiptast á persónuupplýsingum gegnum valvísu tilkynningaleiðina gegna þau hlutverki „ábyrgðaraðila“ að því er varðar vinnslu þessara persónuupplýsinga og taka þess vegna á sig ábyrgð á að vinnsla þeirra sé lögmæt og á að tryggja að uppfylltar séu þær skyldur varðandi gagnavernd sem mælt er fyrir um í gildandi landslögum sem leiða tilskipun 95/46/EB í lög.

([21]) Eins og gert er ráð fyrir í 4. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB.
([22]) Sbr. einkum 4., 5. og 6. gr. hennar.
([23]) 2. gr. a í ákvörðun 2000/57/EB, sem innleidd var með ákvörðun 2009/547/EB.

Hver er „ábyrgðaraðili“?

Í tilskipun 95/46/EB merkir „ábyrgðaraðili“ „einstakling eða lögpersónu, opinbert yfirvald, stofnun eða annan aðila sem ákveður, einn og sér eða í samvinnu við aðra, markmið og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga“ ([24]).

Notendur hjá framkvæmdastjórninni og Sóttvarnastofnun Evrópu hafa að jafnaði ekki aðgang að persónuupplýsingum sem skipst er á gegnum valvísu tilkynningaleiðina ([25]). Af tæknilegum ástæðum ber framkvæmdastjórnin, sem kerfisstjóri og samræmingaraðili kerfisins, þó endanlega ábyrgð á miðlægri geymslu gagna í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu. Í krafti þessa hlutverks ber framkvæmdastjórnin einnig ábyrgð á skráningu, geymslu og frekari vinnslu persónuupplýsinga um viðurkennda notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins, sem eru nauðsynlegar fyrir rekstur kerfisins.

Snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið er þess vegna skýrt dæmi um sameiginlega ábyrgð (e. joint controllership), þar sem ábyrgðin á að tryggja gagnavernd skiptist, á mismunandi stigum, milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ákváðu enn fremur árið 2005, í krafti hlutverks síns sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar, að fela Sóttvarnastofnun Evrópu daglegan rekstur upplýsingatæknihugbúnaðar snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins, en hún sinnir þessu verkefni fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar. Auk þessa umboðs hefur stofnunin, sem „vinnsluaðili“, tekist á herðar ábyrgð á að tryggja trúnaðarkvöð og öryggi þeirra vinnsluaðgerða sem fara fram innan kerfisins, í samræmi við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 21. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

Hver er „vinnsluaðili“ og hverjar eru skyldur hans?

Í reglugerð (EB) nr. 45/2001 merkir „vinnsluaðili“ „einstakling eða lögaðila, opinbert yfirvald, stofnun eða annan aðila sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila“ ([26]).

Í reglugerðinni er kveðið á um að þegar vinnsluaðgerð er framkvæmd fyrir hönd ábyrgðaraðila, skuli hann velja vinnsluaðila sem veitir nægar ábyrgðir að því er varðar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir sem krafist er vegna gagnaöryggis. Ábyrgðaraðilinn skal bera endanlega ábyrgð á að þessum ráðstöfunum sé fylgt. Eigi að síður hvíla skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21. og 22. gr. reglugerðarinnar, að því er varðar trúnaðarkvöð og öryggi, einnig á herðum vinnsluaðilans ([27]).

6. MEGINREGLUR SEM GILDA UM GAGNAVERND

Vinnsla persónuupplýsinga í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu verður að fylgja röð meginreglna um gagnavernd sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 45/2001 og tilskipun 95/46/EB.

Í krafti hlutverks síns sem ábyrgðaraðilar bera framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ábyrgð á að tryggja að þessum meginreglum sé fylgt í hvert sinn sem þau vinna persónuupplýsingar gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið. Nokkrar af helstu meginreglum gagnaverndar fara hér á eftir. Það er með fyrirvara um aðrar gildandi kröfur um gagnavernd, sem mælt er fyrir um í viðeigandi lagagerningum, en leiðbeiningar um þær eru veittar í mismunandi þáttum þessara viðmiðunarreglna. Notendum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins er einkum bent á að lesa vandlega 8. þátt um miðlun upplýsinga til skráðra aðila og 9. þátt um aðgang og önnur réttindi skráðra aðila.

6.1. *Meginreglur um lögmæti vinnslu og um takmörkun vegna tilgangs*

Ábyrgðaraðilum ber að tryggja að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum og löglegum hætti Þessi meginregla felur í sér, í fyrsta lagi, að söfnun og hvers konar frekari vinnsla persónuupplýsinga skuli byggð á lögmætum ástæðum sem kveðið er á í lögum ([28]). Í öðru lagi er söfnun persónuupplýsinga einungis heimil í sérstökum, skýrum og lögmætum tilgangi og skal ekki unnið frekar úr þeim þannig að samræmist ekki þeim tilgangi ([29]).

([24]) Skilgreining, sem mælt er fyrir um í d-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

([25]) Framkvæmdastjórnin getur í undantekningartilvikum tekið þátt í skiptum á persónuupplýsingum gegnum valvísu leiðina í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu ef það er bráðnauðsynlegt til að samræma tímanlega og skilvirka framkvæmd lýðheilsuráðstafana, sem krafist er skv. ákvörðun nr. 2119/98/EB og framkvæmdarreglum hennar. Í þessum tilfellum tryggir framkvæmdastjórnin að vinnslan sé lögmæt og að hún fari fram í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

([26]) Skilgreining sem mælt er fyrir um í e-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

([27]) Þessar meginreglur eru innbyggðar í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 um vinnslu persónuupplýsinga fyrir hönd ábyrgðaraðila.

([28]) Meginreglan um lögmæti vinnslu leiðir af ákvæðum 6. gr. (a-liður 1. mgr.), 7. gr. og 8. gr. tilskipunar 95/46/EB. Sbr. einnig samsvarandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

([29]) Meginreglan um takmörkun vegna tilgangs er sett fram í b-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB og í samsvarandi ákvæði b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

6.2. *Meginreglur um gæði gagna*

Ábyrgðaraðilar skulu sjá til þess að persónuupplýsingar séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er með tilliti til tilgangsins með söfnun þeirra. Persónuupplýsingar skulu enn fremur vera nákvæmar og uppfærðar ([30]).

6.3. *Meginreglur um varðveislu gagna*

Eftirlitsaðilar skulu tryggja að persónuupplýsingar séu geymdar á því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur, miðað við tilgang gagnasöfnunarinnar eða frekari vinnslu þeirra ([31]).

6.4. *Meginreglur um trúnaðarkvöð og gagnaöryggi*

Ábyrgðaraðilar skulu tryggja að enginn, sem hefur aðgang að persónuupplýsingum og starfar í umboði þeirra eða í umboði vinnsluaðilans, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, vinni þessi gögn, nema samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila ([32]). Ábyrgðaraðilar þurfa einnig að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn eyðileggingu eða glötun, breytingum, miðlun eða aðgangi, sem eru af slysni, án heimildar eða ólögleg, og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu ([33]).

Með tilliti til réttrar og skilvirkrar beitingar framangreindra meginreglna við notkun kerfisins er eftirfarandi tilmælum einkum beint til notenda snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins:

Til að ganga úr skugga um að lagagrundvöllur sé fyrir vinnsluaðgerðinni, að gögnum sé safnað í lögmætum og skýrum tilgangi og að ekki sé unnið frekar úr þeim þannig að samræmist ekki þeim tilgangi, ættu notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins, í hvert sinn sem söfnun eða önnur vinnsla persónuupplýsinga fer fram í gegnum kerfið:

— að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort framkvæmd samræmdra ráðstafana til að rekja smitleiðir og virkjun valvísu leiðar snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins af þeim sökum, til að skiptast á tengdum gögnum til að rekja smitleiðir og öðrum persónuupplýsingum, sé réttmæt með hliðsjón af eðli sjúkdómsins og vísindalega sönnuðum ávinningi af rakningu smitleiða til að koma í veg fyrir eða draga úr frekari útbreiðslu sjúkdómsins, að teknu tilliti til áhættumats sem unnið hefur verið af heilbrigðisyfirvöldum í aðildarríkjunum og af vísindastofnunum sem fyrir eru, nánar tiltekið Sóttvarnastofnun Evrópu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni,

— ekki að nota almennu tilkynningaleiðina til að skiptast á gögnum til að rekja smitleiðir og öðrum persónuupplýsingum. Þeir skulu einkum tryggja að engar upplýsingar af því tagi sé að finna í meginmáli almennra tilkynninga sem þeir senda, fylgiskjölum með þeim eða á neinu öðru formi. Notkun almennu tilkynningaleiðarinnar til að rekja smitleiðir væri ólögmæt og ekki í samræmi við meðalhóf, þar sem slíkt hefði í för með sér að persónuupplýsingar væru látnar í té viðtakendum (þar á meðal framkvæmdastjórninni og Sóttvarnastofnun Evrópu), sem tiltekið ferli til að rekja smitleiðir varðar ekki og sem þurfa ekki að hafa aðgang að þessum upplýsingum,

— að beita nálgun „vitneskjuþarfar“ þegar þeir nota valvísu virknina og velja aðeins sem viðtakendur valvísra tilkynninga sem innihalda persónuupplýsingar þau lögbæru yfirvöld í aðildarríkjunum, sem þurfa að starfa saman að tilteknu ferli til að rekja smitleiðir.

Notendum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins ber að sýna sérstaka árvekni þegar þeir nota valvísu tilkynningaleiðina til að skiptast á viðkvæmum upplýsingum um heilbrigðisástand persónugreinds eða persónugreinanlegs einstaklings, t.d. þegar í hlut eiga sýktir einstaklingar eða einstaklingar, sem gætu hafa komist í tæri við smit, og samskiptaupplýsingar eða aðrar persónuupplýsingar þeirra eru samhliða veittar gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið þannig að persónugreina megi viðkomandi einstakling beint eða óbeint. Í slíku tilviki gilda öll framangreind tilmæli áfram. Auk þess skulu notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins hafa í huga að skipti á viðkvæmum upplýsingum er aðeins heimiluð samkvæmt tilskipun 95/46/EB í undantekningartilfellum. Einkum gildir eftirfarandi ([34]):

— einstaklingur, sem upplýsingum er safnað um, skal veita ótvírætt samþykki sitt fyrir vinnslu þeirra (a-liður 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB). Þegar nauðsynlegt er að grípa tímanlega inn í neyðaraðstæður er varða heilbrigði getur þó reynst ómögulegt að veita skráðum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þeir geti veitt upplýst samþykki (sjá 8. þátt um miðlun upplýsinga til skráðra aðila). Enn fremur er ekki endilega vitað, þegar gögnunum er safnað, hvort hugsanlegt sé að upplýsingarnar verði veittar síðar gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið,

([30]) c- og d-liður 1.gr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB og c- og d-liður 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.
([31]) e-liður 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB og e-liður 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.
([32]) Mælt er fyrir um meginregluna um trúnaðarkvöð í 16. gr. tilskipunar 95/46/EB og í samsvarandi ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.
([33]) Meginreglan um gagnaöryggi er sett fram í 17. gr. tilskipunar 95/46/EB og í samsvarandi ákvæði 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.
([34]) Tæmandi skrá yfir undanþágur frá banni við vinnslu tiltekinna flokka upplýsinga, þar á meðal heilsufarsupplýsinga, er að finna í 2., 3., 4. og 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB.

— liggi samþykki skráðra aðila ekki fyrir er heimilt að telja vinnslu heilsufarsupplýsinga lögmæta ef hún er nauðsynleg „til að unnt sé að fyrirbyggja eða greina sjúkdóma, hjúkra eða veita meðferð eða stjórna heilsugæslu“, að því tilskildu að upplýsingarnar séu unnar af starfsmanni á heilbrigðissviði sem er bundinn þagnarskyldu eða af öðrum einstaklingi sem er einnig bundinn samsvarandi skyldu (3. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB). Með öðrum orðum, í hvert sinn sem notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins senda viðtakendum í öðrum aðildarríkjum valvísa tilkynningu, sem inniheldur viðkvæmar heilsufarsupplýsingar, ber þeim að meta hvort bráðnauðsynlegt sé að veita slíkar upplýsingar til að lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum geti gripið til sértækra ráðstafana í einhverjum þeim tilgangi sem tilgreindur er hér að framan. Notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins eru einnig minntir á að í lögum sem leiða tilskipun 95/46/EB í lög í viðkomandi aðildarríki eða í ákvörðun landsbundinna gagnaverndaryfirvalda þess kann að vera kveðið á um frekari ástæður fyrir vinnslu heilsufarsupplýsinga ([35]).

Til að tryggja gæði persónuupplýsinga sem notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins skiptast á gegnum kerfið þurfa þeir, einkum áður en þeir senda valvísa tilkynningu, að hafa í huga hvort:

— persónuupplýsingarnar sem þeir vilja miðla séu bráðnauðsynlegar til að rekja megi smitleiðir á skilvirkan hátt. Með öðrum orðum ætti lögbært yfirvald, sem sendir tilkynninguna, einungis að láta yfirvaldi eða yfirvöldum í öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum í té þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að persónugreina á ótvíræðan hátt þá einstaklinga sem eru sýktir eða sem komist hafa í tæri við smit. Ekki ber að líta svo á að viðmiðunarskráin yfir persónuupplýsingar sem skiptast má á í því skyni að rekja smitleiðir, sem fylgir með sem viðauki við ákvörðun 2009/547/EB, veiti almenna og skilyrðislausa heimild til vinnslu á þessum flokkum upplýsinga. Á sama tíma verður að gæta ítrustu varúðar varðandi vinnslu annarra persónuupplýsinga en þeirra sem tilgreindar eru í téðum viðauka, þar sem líklegt er að birting þeirra væri óhófleg eða óréttmæt. Þess í stað ber að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort bráðnauðsynlegt sé að hafa með tilteknar persónuupplýsingar í tengslum við tiltekið ferli til að rekja smitleiðir.

Frekari vinnsla og geymsla persónuupplýsinga utan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins:

Afar mikilvægt er að taka fram að landslög um gagnavernd, sem leiða tilskipun 95/46/EB í lög, gilda einnig um geymslu og frekari vinnslu persónuupplýsinga, sem fengnar eru gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, utan þess kerfis. Svo getur t.d. háttað til þegar persónuupplýsingar, sem voru geymdar miðlægt í kerfinu eru síðan vistaðar á einkatölvum notenda eða í landsbundnum gagnasöfnum, eða ef lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á vinnslu þeirra innan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins sendir þær öðrum yfirvöldum eða þriðju aðilum. Í slíkum tilvikum eru notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins minntir á að:

— geymsla og frekari vinnsla utan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins má ekki vera ósamrýmanleg upphaflegum tilgangi með öflun gagnanna og miðlun þeirra innan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins,

— slík frekari vinnsla verður að byggjast á lagagrundvelli í viðeigandi landslögum um gagnavernd, vera nauðsynleg, nægileg, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er með tilliti til tilgangsins með söfnun þeirra í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu,

— uppfæra verður gögnin reglubundið og eyða þeim jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf í þeim tilgangi sem lá að baki frekari vinnslu þeirra,

— þegar gögn eru dregin út úr snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu og látin í té þriðja aðila verður ábyrgðaraðilinn að upplýsa hina skráðu um það til þess að tryggja að vinnsla fari fram á sanngjarnan hátt, nema það sé ekki unnt eða það myndi kosta óhóflega fyrirhöfn eða ef skýrt er mælt fyrir um miðlun upplýsinganna í lögum (sjá 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 95/46/EB). Með tilliti til þess að miðlunar upplýsinga kann aðeins að vera krafist samkvæmt lögum eins af hlutaðeigandi aðildarríkjum og þess vegna geti verið lítt kunnugt um það annars staðar, ber að leitast við að veita upplýsingar um miðlun gagnanna, jafnvel þegar sérstaklega er mælt fyrir um hana í lögum.

7. GAGNAVERNDARVÆNT UMHVERFI

Þegar hafa nokkrir þættir verið byggðir inn í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið til að stuðla að því að það samrýmist meginreglunum um gagnavernd sem tilgreindar eru í 6. þætti og til að hvetja notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins til að hafa gagnaverndarþætti í huga í hvert sinn sem þeir nota kerfið. Til dæmis:

— er viðvörun sýnileg á yfirlitssíðu tilkynninga í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu, þar sem notendur eru upplýstir um að almenna tilkynningaleiðin sé ekki ætluð fyrir gögn til að rekja smitleiðir og aðrar persónuupplýsingar, þar sem notkun þessarar leiðar geti valdið því að þessar upplýsingar séu að nauðsynjalausu birtar öðrum viðtakendum en þeim sem þurfa að hafa aðgang að þeim,

— hefur aðgangur að upplýsingum, sem skipst er á í kerfinu, verið mótaður með því að búa til mismunandi notandalýsingar og valvísar samskiptaleiðir, sem sjá fyrir viðeigandi verndarráðstöfunum til að tryggja að farið sé að reglum um gagnavernd,

([35]) 4 mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB.

— er valvísa tilkynningaleiðin í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu samskiptaleið sem eingöngu er notuð til að skiptast á persónuupplýsingum milli þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli. Sjálfgefinn kostur er innbyggður í kerfið sem útilokar sjálfkrafa framkvæmdastjórnina og Sóttvarnastofnun Evrópu frá skránni yfir mögulega viðtakendur valvísra tilkynninga sem innihalda persónuupplýsingar([36]),

— eyðir kerfið sjálfkrafa öllum valvísum tilkynningum sem innihalda persónuupplýsingar tólf mánuðum eftir sendingardag þeirra (sjá nánar í 11. þætti um varðveislu gagna),

— hefur verið byggður inn í kerfið eiginleiki, sem gerir notendum kleift, hvenær sem er, að leiðrétta eða eyða beint þeim valvísu tilkynningum sem innihalda persónuupplýsingar sem eru ónákvæmar, hafa ekki verið uppfærðar, er ekki lengur þörf á eða sem samrýmast ekki á annan hátt kröfum um gagnavernd. Kerfið tilkynnir öðrum notendum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins, sem koma að þessum sérstöku valvísu upplýsingaskiptum, sjálfkrafa um að tilkynningunni hafi verið eytt eða innihald hennar leiðrétt, til að tryggja að farið sé að reglum um gagnavernd,

— er í valvísu tilkynningaleiðinni sérstakt fyrirkomulag til að gera landsbundnum yfirvöldum, sem tiltekin upplýsingaskipti varða, kleift að eiga samskipti og samvinnu um beiðnir skráðra aðila um aðgang, leiðréttingar, hindrun aðgangs eða eyðingu upplýsinga.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, þegar til meðallangs tíma er litið, að felldar verði inn í þjálfunareininguna, sem er aðgengileg gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfishugbúnaðinn, ítarlegar útskýringar fyrir notendur kerfisins á því hvernig það starfar frá sjónarhóli gagnaverndar. Notkun hinna ýmsu þátta og virkni, sem miða að því að reglum um gagnavernd verði betur fylgt, verður sýnd með hagnýtum dæmum.

Framkvæmdastjórnin hyggst vinna að því með aðildarríkjunum að tryggja að hugtakið innbyggt kerfi til verndar einkalífi (e. privacy by design) einkenni þessa og aðra síðari þróun snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins frá upphafi ([37]) og að tekið verði tilhlýðilegt tillit til meginreglnanna um nauðsyn, meðalhóf, takmörkun vegna tilgangs og lágmörkun gagna þegar ákvarðanir eru teknar um hvaða upplýsingum megi skiptast á gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, við hverja og með hvaða skilyrðum.

8. MIÐLUN UPPLÝSINGA TIL SKRÁÐRA AÐILA

Ein mikilvægasta krafan í lagaramma ESB um gagnavernd er skylda ábyrgðaraðila gagna til að veita skráðum aðilum skýrar upplýsingar um þær vinnsluaðgerðir sem hann hyggst framkvæma á persónuupplýsingum þeirra.

Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við samræmingarhlutverk sitt innan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins og til þess að uppfylla framangreinda skuldbindingu sína ([38]), gert skýra og ítarlega trúnaðaryfirlýsingu (e. privacy statement) aðgengilega á vefsvæði sínu fyrir snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, að því er varðar þær vinnsluaðgerðir sem fara fram á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar sjálfrar og þær sem framkvæmdar er af lögbærum yfirvöldum, einkum í tengslum við aðgerðir til að rekja smitleiðir.

Ábyrgð á miðlun upplýsinga til skráðra aðila hvílir þó einnig á herðum lögbærra landsyfirvalda í aðildarríkjunum þegar þau gegna hlutverki ábyrgðaraðila, að því er varðar vinnsluaðgerðir þeirra innan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins.

Hvaða upplýsingar þurfa landsbundin yfirvöld í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu að láta skráðum aðilum í té?

Þegar gögnum er safnað beint hjá hinum skráða er í 10. gr. tilskipunar 95/46/EB kveðið á um að þegar gagnasöfnunin fer fram skuli ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skýra skráðum aðila frá eftirfarandi atriðum, ef aflað er upplýsinga hjá honum um hann sjálfan, nema hann hafi þegar fengið vitneskju um þau:

a) heiti ábyrgðaraðila og fulltrúa hans, ef einhver er,

([36]) Þó er notendum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins gefinn sá kostur annar að nota þessa leið einnig til valvísrar miðlunar upplýsinga í tengslum við tæknileg atriði sem ekki fela í sér sendingu persónuupplýsinga. Þegar þessi kostur er valinn í stað hins sjálfgefna getur yfirvaldið, sem sendir tilkynninguna, valið framkvæmdastjórnina og Sóttvarnastofnun Evrópu sem viðtakendur. Þessum þætti hefur verið bætt við kerfið með tilliti til þess stofnanahlutverks sem framkvæmdastjórnin gegnir í samræmingu málefna er varða áhættu- og atburðastjórnun og sem Sóttvarnastofnun Evrópu gegnir við framkvæmd verkefna sem lúta að áhættumati.

([37]) Samkvæmt meginreglunni um „innbyggt kerfi til verndar einkalífi“ ber, við hönnun og þróun upplýsinga- og fjarskiptatækni, að taka tillit til krafna um vernd einkalífsins og gagnavernd frá því að tæknin er á hugmyndastigi og á öllum stigum þróunar hennar.

([38]) Upplýsingaskyldan sem hvílir á herðum framkvæmdastjórnarinnar byggist á 11. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

b) markmiðum með vinnslu upplýsinganna,

c) öllum viðbótarupplýsingum, svo sem:

— viðtakendum eða flokkum viðtakenda upplýsinganna,

— hvort skylt sé eða valfrjálst að svara spurningunum og hvaða afleiðingar það kunni að hafa að svara ekki,

— hvort veittur sé réttur til aðgangs og réttur hins skráða til að leiðrétta upplýsingar um sig,

að því marki sem þessar viðbótarupplýsingar eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við söfnunina, til að tryggja hinum skráða að vinnslan fari fram á sanngjarnan hátt gagnvart honum.

Í 11. gr. tilskipunar 95/46/EB eru tilgreindar þær lágmarksupplýsingar sem ábyrgðaraðila gagna ber að veita þegar gögn hafa ekki verið fengin hjá skráðum aðila. Þessar upplýsingar skulu veittar þegar skráning persónuupplýsinga fer fram eða, ef fyrirhugað er að láta þær þriðja aðila í té, í síðasta lagi þegar upplýsingunum er í fyrsta sinn miðlað til þriðja aðila ([39]).

Af framangreindum ákvæðum leiðir að þegar persónuupplýsingum er safnað hjá einstaklingum (eða í síðasta lagi þegar upplýsingunum er í fyrsta sinn miðlað gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið) þurfa lögbær landsyfirvöld, til að geta samþykkt ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að vernda lýðheilsu í tengslum við atburði sem ber að tilkynna samkvæmt ákvörðun nr. 2119/98/EB og framkvæmdarreglur hennar, að láta skráðum aðilum beint í té lagatilkynningu sem inniheldur upplýsingarnar, sem taldar eru upp í 10. og 11. gr. tilskipunar 95/46/EB. Í tilkynningunni skal einnig vera stutt tilvísun til snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins og tengill á viðeigandi skjöl og trúnaðaryfirlýsingar á landsbundnum vefsetrum lögbærra yfirvalda, sem og á sérstaka vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar fyrir snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið.

Verulegur munur getur verið milli einstakra aðildarríkja á því hversu ítarlegar upplýsingar skuli veita í lagatilkynningunni. Í lögum sumra aðildarríkja er kveðið á um víðtækari skyldur ábyrgðaraðila gagna til að veita frekari upplýsingar, s.s. upplýsingar um rétt skráðra aðila til að fá hlut sinn réttan, um geymslu gagna og varðveislutíma, um ráðstafanir vegna gagnaöryggis o.s.frv.

Rétt er, að vegna þess að nauðsynlegt er að grípa tímanlega inn í neyðaraðstæður er varða heilbrigði getur reynst ómögulegt, þegar upplýsingunum hefur ekki verið safnað hjá hinum skráða, að láta skráðum aðilum í té tilkynningu þar sem þeir eru upplýstir um tilganginn með vinnslu persónuupplýsinga þeirra. Hvað þetta varðar er tekið fram í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 95/46/EB að takmarka megi rétt skráðra aðila til að fá upplýsingar ef „ekki er unnt að veita hinum skráða upplýsingar eða að það kostaði óhóflega fyrirhöfn eða ef skýrt er mælt fyrir um skráningu eða miðlun upplýsinganna í lögum. Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin setja viðeigandi öryggisákvæði“.

Almennt ber að geta þess að sérstakar takmarkanir eða hömlur á rétti skráðra aðila til upplýsinga geta átt við samkvæmt landslögum um gagnavernd sem leiða tilskipun 95/46/EB í lög ([40]). Allra slíkra takmarkana eða hamla í einstökum löndum skal getið á ótvíræðan hátt í tilkynningum um friðhelgi einkalífsins, sem skráðum aðilum eru látnar í té, eða í trúnaðaryfirlýsingunum sem eru birtar á landsbundnum vefsetrum lögbærra yfirvalda.

Það er lögbærra landsyfirvalda í aðildarríkjunum að ákveða á hvaða formi og nákvæmlega með hvaða hætti skuli láta skráðum aðilum í té þessar upplýsingar. Þar sem flest lögbær yfirvöld framkvæma einnig aðrar vinnsluaðgerðir en upplýsingaskipti innan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins geta þau, ef við á, upplýst einstaklinga með sama hætti og þegar þau veita sambærilegar upplýsingar vegna annarra vinnsluaðgerða samkvæmt landslögum. Enn fremur er mælst til þess að lögbær yfirvöld uppfæri eða bæti við stefnur um friðhelgi einkalífsins eða trúnaðaryfirlýsingar, sé þær þegar að finna á landsbundnum vefsetrum þeirra, sérstakri tilvísun í skipti á persónuupplýsingum innan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins.

([39]) Upplýsingarnar sem veita skal eru þær sem eru tilgreindar í 10. gr., auk þeirra gagnaflokka sem um er að ræða. Augljóslega er ekki þörf á þessum upplýsingum þegar gögnum er safnað beint hjá skráða aðilanum, sem er tilkynnt um þá gagnaflokka sem um er að ræða um leið og þeim er safnað.

([40]) Í 1. mgr.13.gr. tilskipunar 95/46/EB um undanþágur og takmarkanir segir eftirfarandi: „Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja lagaákvæði til að takmarka gildissvið skyldna og réttinda sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og í 12. og 21. gr. ef slík takmörkun er nauðsynleg vegna: a) þjóðaröryggis; b) landvarna; c) almannaöryggis; d) forvarna, rannsókna, upplýstrana og lögsóknar í refsimálum, eða vegna brota á siðareglum í lögvernduðum atvinnugreinum; e) mikilvægra efnahagslegra eða fjármálalegra hagsmuna aðildarríkis eða Evrópusambandsins, þar með talin gjaldeyrismál, fjárlög og skattamál; f) eftirlits-, skoðunar- eða reglusetningarstarfa sem tengjast, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í þeim tilvikum sem um getur í c-, d- og e-lið; g) verndar skráðs aðila eða mannréttinda og mannfrelsis annarra“.

Af framangreindum ástæðum er afar mikilvægt að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafi samráð við viðkomandi gagnaverndaryfirvöld sín þegar þau semja staðlaðar lagatilkynningar og trúnaðaryfirlýsingar í samræmi við 10. og 11. gr. tilskipunar 95/46/EB.

9. AÐGANGUR AÐ PERSÓNUUPPLÝSINGUM OG ÖNNUR RÉTTINDI SKRÁÐRA AÐILA

Kröfur gagnaverndar um miðlun upplýsinga til skráðra aðila, sem fjallað er um í 8. þætti hér að framan, miða, þegar allt kemur til alls, að því að tryggja gagnsæi vinnsluaðgerða á persónuupplýsingum. Gagnsæi er einnig það markmið, sem liggur til grundvallar ákvæðunum um rétt skráðra aðila til aðgangs að upplýsingum, sem mælt er fyrir um í lagagerningum ESB um gagnavernd ([41]).

Hver er „réttur hins skráða til aðgangs að upplýsingum“?

Ábyrgðaraðilum gagna ber að tryggja að sérhver skráður aðili eigi rétt á að fá, án mikilla tafa eða kostnaðar, staðfestingu á því hvort unnið sé með persónuupplýsingar um hann eða ekki, ásamt upplýsingum um tilgang þessarar vinnslu og viðtakendur sem upplýsingarnar kunna að verða veittar.

Ábyrgðaraðilum gagna ber einnig að tryggja skráðum aðilum rétt til leiðréttingar, afmáunar eða hindrunar aðgangs að upplýsingum ef vinnsla á þeim uppfyllir ekki gildandi lög um gagnavernd, til dæmis vegna þess að upplýsingarnar eru ófullkomnar eða óáreiðanlegar.

Að lokum þurfa ábyrgðaraðilar gagna að tilkynna þriðju aðilum, sem hafa fengið upplýsingarnar, um allar leiðréttingar, afmáun eða hindrun aðgangs sem hafa farið fram samkvæmt lögmætri beiðni skráða aðilans, nema það sé ekki unnt eða kosti óhóflega fyrirhöfn.

Í krafti hlutverks síns sem ábyrgðaraðilar bera framkvæmdastjórnin og aðildarríkin sameiginlega ábyrgð á því að veita rétt til aðgangs, leiðréttingar, hindrunar aðgangs og eyðingar persónuupplýsinga, sem unnið er með í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu, samkvæmt skilyrðunum sem fara hér á eftir.

Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á að veita aðgang að persónuupplýsingum landsbundinna tengiliða snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins og sinna tengdum beiðnum um leiðréttingu á þeim, hindrun aðgangs og eyðingu. Til að fá ítarlegri upplýsingar um hvernig þeir geti neytt réttar síns sem skráðir aðilar er landsbundnum tengiliðum bent á viðkomandi ákvæði í ítarlegu trúnaðaryfirlýsingunni á sérstakri vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar fyrir snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið ([42]).

Notendum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins er einnig bent á að þegar hefur verið byggður inn þáttur í kerfið sem gerir þeim mögulegt að breyta sjálfir persónuupplýsingum um sig. Þó geta notendur ekki sjálfir breytt gagnareitum, sem notaðir eru til að auðkenna tiltekinn reikning (viðurkennt tölvupóstfang notandans, tegund reiknings o.s.frv.), til að hindra að notendur, sem ekki hafa til þess heimild, fái aðgang að kerfinu. Þess vegna ber að beina öllum beiðnum um breytingar á þessum gagnareitum til ábyrgðaraðila gagna hjá framkvæmdastjórninni, eins og fram kemur í ítarlegu trúnaðaryfirlýsingunni á sérstakri vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar fyrir snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið.

Ábyrgð á meðferð beiðna skráðra aðila varðandi rakningu smitleiða, heilsufarsupplýsingar og aðrar persónuupplýsingar sem aðildarríkin skiptast á gegnum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, liggur hjá þeim lögbærum yfirvöldum, sem taka þátt í tilteknum valvísum upplýsingaskiptum. Þessi ábyrgð fellur undir viðkomandi ákvæði landslaga um gagnavernd sem leiða tilskipun 95/46/EB í lög.

Þó ber að geta þess að sérstakar hömlur eða takmarkanir á rétti skráðra aðila til aðgangs, leiðréttingar, afmáunar eða hindrunar aðgangs að upplýsingum geta átt við samkvæmt landslögum um gagnavernd sem leiða tilskipun 95/46/EB í lög ([43]). Allra slíkra hamla eða takmarkana skal getið á ótvíræðan hátt í tilkynningum um friðhelgi einkalífsins, sem skráðum aðilum eru látnar í té, eða í trúnaðaryfirlýsingunum sem eru birtar á landsbundnum vefsetrum lögbærra yfirvalda. Tengiliðum snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins er því ráðlagt að leita til gagnaverndaryfirvalda lands síns til að fá frekari upplýsingar um þetta atriði.

Í ljósi þess hve flókið snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið er, með mörgum notendum sem taka þátt í sameiginlegum vinnsluaðgerðum, er þörf á skýrri og einfaldri nálgun að því er varðar rétt skráðra aðila til aðgangs að gögnum, þar eð skráðir aðilar kunna ekki skil á því hvernig kerfið starfar og skapa ber þeim skilyrði til að neyta réttar síns á virkan hátt.

([41]) 12. gr. tilskipunar 95/46/EB og 13.–18. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.
([42]) Allir notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins hafa einnig aðgang að trúnaðaryfirlýsingunni á öruggu svæði í kerfishugbúnaðinum.
([43]) 1. mgr.13.gr. tilskipunar 95/46/EB.

Mælt er með þeirri nálgun að skráður aðili, sem telur að unnið sé með persónuupplýsingar hans í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu og óskar eftir að fá aðgang að þeim, að þeim sé eytt eða þær leiðréttar, hafi möguleika á að snúa sér til einhvers þeirra lögbæru landsyfirvalda sem hann tengist og/eða sem aflaði upplýsinga um hann í tengslum við tiltekinn atburð sem skapaði áhættu fyrir lýðheilsu (þ.e. bæði yfirvalds í landinu þar sem hinn skráði hefur ríkisfang og yfirvalds í landinu þar sem hann dvaldist þegar atburðurinn átti sér stað), sem og til hvers þess yfirvalds annars sem tók þátt í viðkomandi upplýsingaskiptum í tengslum við framkvæmd ráðstafana til að rekja smitleiðir.

Ekkert lögbært yfirvald sem tekur þátt í viðkomandi upplýsingaskiptum má neita beiðni um aðgang, leiðréttingu eða eyðingu upplýsinga á þeirri forsendu að það hafi ekki fært þær inn í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið eða að hinn skráði eigi að snúa sér til annars lögbærs yfirvalds. Ef annað lögbært yfirvald en það, sem sendi upprunalegu upplýsingarnar gegnum valvísu leiðina fyrir upplýsingaskipti, tekur á móti beiðni hins skráða skal yfirvaldið, sem tekur við beiðninni, senda hana áfram, með sérstaka fyrirkomulaginu sem um getur í 7. þætti, til þess lögbæra yfirvalds sem sendi upprunalegu tilkynninguna og skal hið síðarnefnda taka afstöðu til beiðninnar.

Ef við á getur lögbæra yfirvaldið, sem sendi upplýsingarnar gegnum kerfið, haft samband við önnur lögbær yfirvöld sem taka þátt í upplýsingaskiptunum eða sem beiðni skráða aðilans varðar á annan hátt, með sérstaka fyrirkomulaginu sem um getur í 7. þætti, áður en það tekur ákvörðun.

Einnig ber að tilkynna skráðum aðilum að þeir geti haft samband við annað lögbært yfirvald sem tekur þátt í upplýsingaskiptunum ef þeir eru ekki sáttir við þau svör sem þeir fá. Skráðir aðilar eiga í öllum tilvikum rétt á að leggja fram kvörtun hjá landsbundnu gagnaverndaryfirvaldi einhvers af þessum lögbæru yfirvöldum að eigin vali. Ef nauðsyn krefur og við á skulu landsbundin gagnaverndaryfirvöld starfa saman að umfjöllun um kvörtunina (28. gr. tilskipunar 95/46/EB).

Að lokum hefur framkvæmdastjórnin, í kjölfar sérstakra tilmæla í áliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, innleitt nýjan þátt í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, til að gera kleift að leiðrétta og eyða á Netinu valvísum tilkynningum sem innihalda persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar, hafa ekki verið uppfærðar, er ekki lengur þörf á eða samrýmast ekki á annan hátt kröfum um gagnavernd, í þágu þess að farið sé að reglum um gagnavernd.

10. GAGNAÖRYGGI

Aðgang að kerfinu hafa aðeins viðurkenndir notendur hjá framkvæmdastjórninni og Sóttvarnastofnun Evrópu og formlega tilnefndir landsbundnir tengiliðir snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins. Aðgangur er varinn með öruggum og persónubundnum notandaaðgangi og aðgangsorði.

Málsmeðferðarreglur um meðferð persónuupplýsinga í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu eru ákvarðaðar með vísan til krafnanna í 21. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

11. VARÐVEISLA GAGNA

Í samræmi við gagnaverndarkröfur í e-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB eyðir kerfið sjálfkrafa öllum valvísum tilkynningum sem innihalda persónuupplýsingar tólf mánuðum eftir sendingardag þeirra.

Þessi verndarráðstöfun, sem er innbyggð í kerfishönnunina, leysir þó notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins ekki undan því að gera ráðstafanir til að fjarlægja þær persónuupplýsingar úr kerfinu sem ekki er lengur þörf á fyrir lok sjálfgefna eins árs tímabilsins, enda bera þeir einir ábyrgð á eigin vinnsluaðgerðum innan valvísu tilkynningaleiðarinnar.

Í þessu skyni hefur framkvæmdastjórnin innleitt nýjan þátt í snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið, til að gera notendum kleift að eyða beint, hvenær sem er, þeim valvísu tilkynningum sem innihalda persónuupplýsingar sem ekki er lengur þörf á.

Að lokum skal minnt á að lögbær landsyfirvöld bera ábyrgð á að fara að eigin gagnaverndarreglum um varðveislu persónuupplýsinga, sem settar eru í viðeigandi löggjöf sem leiðir tilskipun 95/46/EB í lög. Sjálfvirk eyðing persónuupplýsinga í kerfinu eftir eitt ár kemur ekki í veg fyrir að notendur snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins visti sömu upplýsingar utan þessa kerfis til lengri eða skemmri tíma (t.d. lengri), að því tilskildu að það sé gert í samræmi við þær skuldbindingar sem leiðir af landslögum þeirra um gagnavernd og að tímabilin, sem kveðið er á um í landslöggjöfinni séu samrýmanleg þeim kröfum sem settar eru í e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB.

12. SAMSTARF VIÐ LANDSBUNDIN GAGNAVERNDARYFIRVÖLD

Lögbær yfirvöld eru hvött til að leita ráða hjá landsbundnum gagnaverndaryfirvöldum sínum, einkum þegar þau standa frammi fyrir atriðum sem tengjast gagnavernd sem ekki er fjallað um í þessum viðmiðunarreglum.

Lögbær yfirvöld þurfa einnig að gæta að því að samkvæmt skilmálum í landslögum, sem leiða tilskipun 95/46/EB í lög, kann að vera nauðsynlegt að þau tilkynni viðkomandi gagnaverndaryfirvöldum um gagnavinnslu sína innan snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins. Jafnvel kann þess að vera krafist í sumum aðildarríkjum að landsbundin gagnaverndaryfirvöld veiti fyrirframleyfi.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1921/2006 **2015/EES/8/56**

frá 18. desember 2006

um framlagningu hagskýrslugagna um löndun fiskafurða í aðildarríkjunum og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1382/91 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1382/91 frá 21. maí 1991 um afhendingu gagna um löndun fiskafurða í aðildarríkjunum skulu aðildarríkin afhenda gögn um magn og meðalverð fiskafurða sem landað er á yfirráðasvæði þeirra.

2) Reynslan hefur sýnt að það hefur ekki slæm áhrif á greiningu á markaði fyrir fiskafurðir og aðra efnahagslega greiningu að gögn séu afhent samkvæmt löggjöf Bandalagsins einu sinni á ári frekar en einu sinni í mánuði.

3) Betri greining fengist við það að gögn væru sundurliðuð eftir fánaríki fiskiskipa sem landað er úr.

4) Í reglugerð (EB) nr. 1382/91 eru sett mörk á það að hve miklu leyti úrtaksaðferðir eru heimilar þegar söfnun og samantekt gagna skapa óhóflegt álag á tiltekin innlend yfirvöld. Til þess að betrumbæta og einfalda kerfið fyrir afhendingu gagna er við hæfi að í stað þeirrar reglugerðar komi nýr gerningur. Af þeim sökum skal reglugerð (EBE) nr. 1382/91 falla úr gildi.

5) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum lagaramma um kerfisbundna samantekt á hagskýrslugögnum Bandalagsins um löndun á fiskafurðum í aðildarríkjunum og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

6) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([2]) er myndaður viðmiðunarrammi fyrir hagskýrslur á sviði fiskveiða. Í henni eru einkum gerðar kröfur um samræmi við meginreglur um óhlutdrægni, áreiðanleika, mikilvægi, kostnaðarhagkvæmni, trúnaðarkvaðir og gagnsæi.

7) Mikilvægt er að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og, til þess að gera það, setja ákvæði um málsmeðferð Bandalagsins til að ákvarða framkvæmdarfyrirkomulagið innan viðeigandi tímamarka og gera nauðsynlegar tæknilegar breytingar.

8) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari reglugerð, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([3]).

9) Þar sem hagskýrslugögn um löndun fiskafurða eru nauðsynlegt tæki fyrir stjórnun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar er rétt að mæla fyrir um möguleikann á því að nota stjórnunarmálsmeðferðina sem kveðið er á um í ákvörðun 1999/468/EB til að veita aðildarríkjunum aðlögunartímabil vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og undanþágur sem heimila þeim að undanskilja hagskýrslugögn um tiltekinn geira sjávarútvegsins frá þeim landsbundnu hagskýrslugögnum sem lögð eru fram.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2007 8. júní 2007 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 11.10.2007, bls. 20.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 15. júní 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. nóvember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) and afstaða Evrópuþingsins frá 12. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([2]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

([3]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

10) Hins vegar skal fela framkvæmdastjórninni vald til að setja fram skilyrðin fyrir tæknilegum breytingum á viðaukunum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu þær samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem mælt er fyrir um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „fiskiskip Bandalagsins“: fiskiskip sem sigla undir fána aðildarríkis og eru skráð í Bandalaginu,

2) „fiskiskip EFTA“: fiskiskip sem sigla undir fána EFTA-ríkis eða eru skráð í EFTA-ríki,

3) „einingarverð“:

a) verð við fyrstu sölu á lönduðum fiskafurðum (í gjaldmiðli viðkomandi lands) deilt með magninu, sem landað er (í tonnum), eða

b) fyrir fiskafurðir, sem ekki eru seldar strax, meðalverð á hvert tonn í gjaldmiðli viðkomandi lands, metið með viðeigandi aðferð.

2. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Á hverju ári skal hvert aðildarríki senda framkvæmdastjórninni hagskýrslugögn um löndun fiskafurða á yfirráðasvæði þess úr fiskiskipum Bandalagsins og EFTA (hér á eftir nefnd „hagskýrslugögn“).

2. Að því er varðar þessa reglugerð telst eftirfarandi fiskafurðum hafa verið landað á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem gefur skýrsluna:

a) afurðir sem fiskiskip eða aðrar einingar fiskiskipaflotans landa í höfnum viðkomandi ríkja innan Bandalagsins,

b) afurðir sem skip aðildarríkjanna landa í höfnum utan Bandalagsins og heyra undir skjal T2M í 43. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um setningu ákvæða til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins ([1]).

3. gr.

Samantekt hagskýrslugagna

1. Hagskýrslugögn skulu taka til heildarlöndunar á landsbundnum yfirráðasvæðum innan Bandalagsins.

2. Nota má úrtaksaðferðir ef ítarleg gagnaöflun ylli landsyfirvöldum óhóflegum erfiðleikum miðað við mikilvægi tiltekins geira fiskveiða aðildarríkis vegna þess hvernig hann er upp byggður.

4. gr.

Hagskýrslugögn

Hagskýrslugögnin skulu varða heildarmagn og einingarverð fiskafurðanna sem landað er á almanaksárinu sem miðað er við.

Breyturnar, sem leggja þarf hagskýrslugögn fram fyrir, skilgreiningar þeirra og viðkomandi flokkunarkerfi, er að finna í II., III. og IV. viðauka.

5. gr.

Afhending hagskýrslugagna

Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni hagskýrslugögn árlega með því sniði sem tilgreint er í I. viðauka og með þeim kóðum sem settir eru fram í II., III. og IV. viðauka.

Afhenda ber hagskýrslugögnin innan sex mánaða frá lokum almanaksársins sem miðað er við.

6. gr.

Aðferðafræði

1. Hvert aðildarríki skal, eigi síðar en 19. janúar 2008, afhenda framkvæmdastjórninni ítarlega aðferðafræðiskýrslu með lýsingu á því hvernig gagna var aflað og hvernig hagskýrslugögnin voru tekin saman. Í skýrslunni skulu vera upplýsingar um úrtaksaðferðir og mat á gæðum matsins sem byggt er á þeim.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna skýrslurnar og kynna niðurstöður sínar fyrir viðkomandi vinnuhópi fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur (hér á eftir kölluð „nefndin“) sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar ráðsins 72/279/EBE ([2]).

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á upplýsingum, sem veittar eru skv. 1. mgr., innan þriggja mánaða frá því þess háttar breytingar eiga sér stað Þau skulu einnig senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um allar umtalsverðar breytingar sem verða á aðferðum sem notaðar eru við öflun gagna.

([1]) Stjtíð. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 402/2006 (Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 35).

([2]) Stjtíð. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

7. gr.

Aðlögunartímabil

Veita má aðildarríkjum aðlögunartímabil vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar sem skulu ekki vara lengur en í þrjú ár frá gildistökudegi hennar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

8. gr.

Undanþágur

1. Valdi það landsyfirvöldum óhóflegum erfiðleikum miðað við mikilvægi tiltekins geira sjávarútvegsins í aðildarríki að taka hann með í hagskýrslum má veita undanþágu í samræmi við verklagsreglurnar, sem vísað er til í 2. mgr. 11. gr., sem heimila aðildarríkinu að undanskilja hagskýrslugögn um tiltekinn geira sjávarútvegsins frá landsbundnum hagskýrslugögnum sem lögð eru fram.

2. Fari aðildarríki fram á undanþágu skv. 1. mgr. skal það láta framkvæmdastjórninni í té skýrslu, til stuðnings beiðninni, um örðugleika sem koma upp við beitingu reglugerðarinnar gagnvart heildarlöndunum á yfirráðasvæði þess.

9. gr.

Uppfærsla viðaukanna

Samþykkja ber ráðstafanir, sem varða tæknilega aðlögun viðaukanna, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem um getur í 3. mgr. 11. gr.

10. gr.

Mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 19. janúar 2010 og síðan þriðja hvert ár, leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þau hagskýrslugögn sem hafa verið tekin saman samkvæmt þessari reglugerð og sér í lagi um gildi þeirra og gæði. Í skýrslunni skal einnig vera greining á kostnaðarhagkvæmni kerfisins sem notað er við söfnun og úrvinnslu hagskýrslugagna og í henni skal tilgreina bestu starfsvenjur til að draga úr álagi á aðildarríkin og auka gagnsemi og gæði hagskýrslugagnanna.

11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8.gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

12. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 1382/91 falli hér með úr gildi.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2006

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORREL FONTELLES	J.-E. ENESTAM
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SNIÐ HAGSKÝRSLUGAGNA SEM LÖGÐ ERU FRAM

Skrársnið hagskýrslugagna

Hagskýrslugögnin skulu lögð fram í skrá með eftirfarandi svæði í hverri færslu. Aðskilja skal svæðin með kommu (,).

Svæði	Athugasemd	Viðauki
Viðmiðunarár	Fjórir tölustafir (t.d. 2003)	
Skýrslugjafarland	Þriggja stafa kóði	II. viðauki
Tegund eða flokkur tegunda	Alþjóðlegur þriggja stafa kóði (*)	—
Fánaríki	Þriggja stafa kóði	II. viðauki
Vinnslustig		III. viðauki
Fyrirhuguð notkun		IV. viðauki
Magn	Lönduð tonn (með einum aukastaf)	
Einingarverð	Í gjaldmiðli viðkomandi lands á hvert tonn	

(*) Tæmandi skrá yfir alþjóðlega þriggja stafa kóða er í ASFIS-skrá Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) (http://www.fao.org/fi/statist/fisoft/asfis/asfis.asp)

Magn landaðs afla undir 50 kg er skráð sem „0,0“.

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LANDSKÓÐA

Land	Kóði
Belgía	BEL
Tékkland	CZE
Danmörk	DNK
Þýskaland	DEU
Eistland	EST
Grikkland	GRC
Spánn	ESP
Frakkland	FRA
Írland	IRL
Ítalía	ITA
Kýpur	CYP
Lettland	LVA
Litháen	LTU
Lúxemborg	LUX
Ungverjaland	HUN
Malta	MLT
Holland	NLD
Austurríki	AUT
Pólland	POL
Portúgal	PRT
Slóvenía	SVN
Slóvakía	SVK
Finnland	FIN
Svíþjóð	SWE
Breska konungsríkið	GBR
Ísland	ISL
Noregur	NOR
Önnur lönd	OTH

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR KÓÐA FYRIR VINNSLUSTIG

A-hluti

Skrá

Vinnslustig	Kóði
Nýr (ekkert tilgreint)	10
Nýr (í heilu lagi)	11
Nýr (slægður)	12
Nýr (halar)	13
Nýr (flök)	14
Nýr (slægður og hausaður)	16
Nýr (lifandi)	18
Nýr (annað)	19
Frystur (ekkert tilgreint)	20
Frystur (í heilu lagi)	21
Frystur (slægður)	22
Frystur (halar)	23
Frystur (flök)	24
Frystur (óflakaður)	25
Frystur (slægður og hausaður)	26
Frystur (hreinsaður)	27
Frystur (ekki hreinsaður)	28
Frystur (annað)	29
Saltaður (ekkert tilgreint)	30
Saltaður (í heilu lagi)	31
Saltaður (slægður)	32
Saltaður (flök)	34
Saltaður (slægður og hausaður)	36
Saltaður (annað)	39
Reyktur	40
Soðinn	50
Soðinn (frystur og pakkaður)	60
Þurrkaður (ekkert tilgreint)	70
Þurrkaður (í heilu lagi)	71

Vinnslustig	Kóði
Þurrkaður (slægður)	72
Þurrkaður (flök)	74
Þurrkaður (slægður og hausaður)	76
Þurrkaður (roðflettur)	77
Þurrkaður (annað)	79
Í heilu lagi (ekkert tilgreint)	91
Klær	80
Hrogn	85
Vinnslustig óþekkt	99

B-hluti

Skýringar

1. Flök: lengjur af fiskholdi sem skorið er meðfram hrygg fisksins, ýmist hægri eða vinstri hlið hans, að því tilskildu að haus, innyfli, uggar (bakuggi, gotraufaruggi, sporðblaðka, kviðuggi, eyruggi) og bein (hryggjarliðir eða stóri hryggur, neðra bein eða rifbein, tálknbein eða ístað o.s.frv.) hafi verið fjarlægð og að hliðarnar tvær séu ótengdar, til dæmis á kvið eða baki.
2. Heill fiskur: óslægður fiskur.
3. Hreinsaður: smokkfiskur þegar armar, haus og innri líffæri hafa verið fjarlægð.
4. Frystur fiskur: fiskur sem hefur verið frystur með því að færa meðalhitann niður í -18 °C eða neðar til þess að varðveita eiginleika fisksins og er síðan geymdur við það hitastig.
5. Nýr fiskur: fiskur sem hefur einungis verið kældur en ekki verið varinn, verkaður eða frystur. Yfirleitt seldur heill eða slægður.
6. Saltaður fiskur: fiskur sem er varðveittur í salti eða pækli, oft slægður og hausaður.

IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR KÓÐA FYRIR FYRIRHUGAÐA NOTKUN FISKAFURÐA

A-hluti

Skrá

Ráðstöfun	Kóði	Eðli afhendingar
Til neyslu	1	Skyldubundin
Til iðnaðar	2	Skyldubundin
Teknar af markaði	3	Valfrjáls
Í beitu	4	Valfrjáls
Í dýrafóður	5	Valfrjáls
Í úrgang	6	Valfrjáls
Fyrirhuguð notkun óþekkt	9	Valfrjáls

B-hluti

Skýringar

1. Til neyslu: allar fiskafurðir sem eru upphaflega seldar til neyslu eða er landað samkvæmt samningi eða öðru samkomulagi til neyslu. Undanþeginn er afli sem er ætlaður til manneldis en er, þegar selja á hann í fyrsta sinn, tekinn af neyslumarkaði vegna markaðsaðstæðna og hreinlætisreglugerða eða af svipuðum ástæðum.
2. Til iðnaðar: allar fiskafurðir sem eru ætlaðar sérstaklega til bræðslu í mjöl og lýsi eða til dýrafóðurs, svo og afli sem upphaflega var ætlaður til neyslu en ekki seldur sem slíkur í fyrstu.
3. Teknar af markaði: afli sem upphaflega er ætlaður til neyslu en er, þegar selja á hann í fyrsta sinn, tekinn af markaðnum vegna markaðsaðstæðna og hreinlætisreglugerða eða af svipuðum ástæðum.
4. Í beitu: ferskfiskafli sem ætlaður er notkunar í beitu við aðrar fiskveiðar. Dæmi er beita sem notuð er við túnfiskveiðar á stöng og línu.
5. Í dýrafóður: afli sem ætlunin er að nota til að fóðra dýr. Undanþeginn er afli sem ætlaður er til bræðslu í fiskimjöl og lýsi.
6. Í úrgang: fiskur eða hlutar hans sem ástands síns vegna verður að farga fyrir löndun.
7. Fyrirhuguð notkun óþekkt: afli sem ekki er hægt að setja í neinn af ofangreindum flokkum.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 212/2008 **2015/EES/8/57**

frá 7. mars 2008

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 um hagreikninga landbúnaðarins í Bandalaginu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 frá 5. desember 2003 um hagreikninga landbúnaðarins í Bandalaginu ([1]), einkum 2. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Endurskoðuð atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, svonefnd NACE, 2. endurskoðun (hér á eftir nefnd atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), var samþykkt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið ([2]).

2) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir fyrir framkvæmd þeirrar reglugerðar svo að kveðið sé á um notkun atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), á ýmsum hagskýrslusviðum.

3) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er sett fram aðferðafræði um hagreikninga landbúnaðarins í Bandalaginu (e. *EAA*). Vegna endurskoðunar á atvinnugreinaflokkuninni skal uppfæra aðferðafræði hagreikninga landbúnaðarins og í stað tilvísana í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE 1.1. endursk.), komi atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 2. endursk.).

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 138/2004 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun 72/279/EBE ([3]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 65, 8.3.2008, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, bls. 23.

([1]) Stjtíð ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 909/2006 (Stjtíð. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 14).

([2]) Stjtíð ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í öllum textanum komi „atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE 2. endursk.)“ í stað „atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 1. endursk.)“.

2) Í öllum textanum komi „atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, (ISIC, 4. endursk.).“ í stað „atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, (ISIC, 3. endursk.)“.

3) Í stað liðar 1.23 komi eftirfarandi:

„1.23. Ef sérhæfðar einingar vinna á hinn bóginn ekki að öllu leyti verktakavinnuna (t.d. ef ábúendur leigja vélar en nota eigin starfsmenn) verður að skrá þá starfsemi í deild 77 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga); í því tilviki skal færa fjárhæðir, sem ábúendur greiða fyrirtækjum, sem vinna samkvæmt verksamningi, sem „aðrar vörur og þjónusta“ undir „aðfanganotkun“ (sbr. lið 2.108).“

4) Í stað liðar 1.55 komi eftirfarandi:

„1.55. Hagreikningar landbúnaðarins eru óaðskiljanlegur hluti evrópska þjóðhagsreikningakerfisins og af þeim sökum er við samantekt þeirra stuðst við almenna flokkun Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat), atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE 2. endursk.). Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 2. endursk.), er fjögurra þrepa flokkunarkerfi yfir atvinnustarfsemi sem var tekið saman 2006. Það er í raun endurskoðun á almennu atvinnugreinaflokkuninni eftir atvinnustarfsemi í Evrópubandalögunum, eða atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), sem Hagstofa Evrópubandalaganna birti fyrst árið 1970.“

5) Í stað liðar 1.57 komi eftirfarandi:

„1.57. Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), er flokkun atvinnustarfsemi sem er notuð til að skilgreina atvinnugreinar í þjóðhagsreikningum. Hún byggist á fjögurra þrepa flokkunarkerfinu sem lýst er hér að framan:

— fyrsta þrep, auðkennt með bókstafskóða (bálkar),

— annað þrep, auðkennt með tveimur tölustöfum (deildir),

— þriðja þrep, auðkennt með þremur tölustöfum (flokkar) og

— fjórða þrep, auðkennt með fjórum tölustöfum (greinar).“

6) Í stað liðar 1.62 komi eftirfarandi:

„1.62. Að því er varðar þjóðhagsreikninga er atvinnugreinin landbúnaður skilgreind sem einingar, sem einar sér eða ásamt annarri aukastarfsemi, annast starfsemi sem heyrir undir deild 01 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), „Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi“. Til deildar 01 telst (*):

— Flokkur 01.1: Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra,

— Flokkur 01.2: Ræktun fjölærra nytjajurta,

— Flokkur 01.3 Plöntufjölgun,

— Flokkur 01.4: Búfjárrækt,

— Flokkur 01.5: Blandaður búskapur,

— Flokkur 01.6: Þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta

— Flokkur 01.7: : Veiðar og tengd þjónustustarfsemi.

(*) Sjá einnig „Skýringar“: Hagstofa Evrópubandalaganna. Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE 2. endursk.), Theme 2, Series E, Lúxemborg, 2007.“

7) Í stað liðar 1.63 komi eftirfarandi:

„1.63. Skráin yfir einkenni landbúnaðarstarfsemi í hagreikningum landbúnaðarins samsvarar þessum sjö flokkum starfsemi (01.1 til 01.7) með eftirfarandi frávikum:

— að meðtalinni framleiðslu víns og ólífuolíu úr vínberjum og ólífum (þó ekki úr þrúgum og ólífum sem sama bújörð ræktar) (*),

— undanskilin er starfsemi sem tengist framleiðslu á fræi, þ.e.a.s. allri vinnu við myndun útsæðis, og tiltekinni starfsemi sem í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), telst vera þjónustustarfsemi í tengslum við landbúnað (t.d. rekstur áveitukerfa - einungis er fært launað starf sem telst til landbúnaðar).

_____

(*) Það að þessi starfsemi er tekin með felur ekki í sér frávik frá atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 2. endursk.), sjá „Inngangsviðmiðunarreglur“ um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, 2. endursk.).“

8) Í stað liðar 1.64 komi eftirfarandi:

„1.64. Telja skal með allar einingar sem annast starfsemi sem er einkennandi fyrir atvinnugreinina landbúnað í hagreikningum landbúnaðarins. Einingarnar sem um ræðir annast starfsemi sem telst til eftirfarandi flokks í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

— Flokkar 01.1 og 01.2: Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra og ræktun fjölærra nytjajurta,

— framleiðsla fræs: aðeins einingarnar sem fást við fræfjölgun,

— Flokkur 01.3: Plöntufjölgun

— Flokkur 01.4: Búfjárrækt

— Flokkur 01.5: Blandaður búskapur

— Flokkur 01.6: Þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta

— að undanskildum einingum sem annast landbúnaðarþjónustu sem er ekki verktakavinna (þ.e. einingar sem sjá um rekstur áveitukerfa eða annast vinnslu fræja fyrir sáningu),

— flokkur 01.7: Veiðar og tengd þjónustustarfsemi.“

9) Ákvæði liðar 1.65 falla brott.

10) Í stað fyrirsagnar a-liðar liðar 1.67 komi eftirfarandi:

„a) Flokkar frá 01.1 til 01.3: Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra og ræktun fjölærra nytjajurta, plöntufjölgun“

11) Í stað liðar 1.67 komi eftirfarandi:

„1.67. Í flokkum frá 01.1 til 01.3 er kerfisbundin sundurliðun sem gerir kleift að flokka alla starfsemi við framleiðslu nytjajurta í aðildarríkjum ESB.“

12) Ákvæði liðar 1.69 falla brott.

13) Í stað liðar 1.71 komi eftirfarandi:

„1.71. Þegar landbúnaðarafurðir eigin ræktunar eru unnar í sömu framleiðslueiningu teljast þær samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (*), einnig til landbúnaðar. Sem dæmi má taka að þrúgumust, vín og ólífuolía teljast til matvælaafurða í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum. Í NACE, 2. endursk., fellur framleiðsla á víni og ólífuolíu undir bálk C „Framleiðsla“ (greinar 11.02 „Framleiðsla á víni úr þrúgum“ og 10.41 „Framleiðsla á olíu og feiti“). Aðeins framleiðsla vínþrúgna og ólífa falla undir landbúnað (grein 01.21 „Ræktun á þrúgum“ og 01.26 „Ræktun olíuríkra ávaxta“). Samkvæmt framangreindri venju teljast þó vín og ólífuolía, sem eru framleidd úr þrúgum og ólífum í sömu framleiðslueiningu, til landbúnaðar.

_____

(*) Sjá „Inngangsviðmiðunarreglur“ um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.): Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, Theme 2, Series E, Lúxemborg, 2007.“

14) Í stað fyrirsagnar í b-lið yfir lið 1.76 komi eftirfarandi:

„b) Flokkur 01.4: Búfjárrækt“

15) Ákvæði liðar 1.77 falla brott.

16) Í stað annars málsliðar í lið 1.78 kemur eftirfarandi:

„Þó skal bent á að rekstur kappreiðahesthúsa og reiðskóla er ekki einkennandi fyrir landbúnaðarstarfsemi (það heyrir undir „Íþrótta- og tómstundastarfsemi“: Deild 93) (sbr. lið 2.210).“

17) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnar c-liðar við lið 1.80:

„c) Flokkur 01.6: Þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta.“

18) Í stað liðar 1.80 komi eftirfarandi:

„1.80. Skipta má starfsemi í flokki 01.6 í tvennt:

— landbúnaðarþjónustu í formi verktakavinnu á framleiðslustiginu (þ.e. verktakavinnu í landbúnaði),

— „aðra“ landbúnaðarþjónustu (rekstur áveitukerfa, vinnslu fræs fyrir sáningu o.s.frv.).“

19) Í stað liðar 1.81 komi eftirfarandi:

„1.81. Ekki er farið með þjónustustarfsemi í landbúnaði í síðara tilvikinu sem starfsemi sem er einkennandi fyrir hagreikninga landbúnaðarins (þrátt fyrir að hún sé færð í landbúnaðarhluta þjóðhagsreikninga) þar sem hún er ekki hefðbundin eða dæmigerð landbúnaðarstarfsemi.“

20) Í stað annars málsliðar í lið 1.86 komi eftirfarandi:

„Ef bóndinn leigir á hinn bóginn vélar án stjórnanda eða aðeins með nokkrum þeirra sem þarf til að manna þær, og heldur áfram starfseminni sem slíkri með vélunum, flokkast þessi starfsemi undir Deild 77 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE, endursk. 2.).“

21) Í stað liðar 1.89 komi eftirfarandi:

„1.89. Búfjárrækt, sem er rekin á bóndabýlum gegn endurgjaldi (lagt til land fyrir búfé), er verktakavinna í landbúnaði þar sem hún er hluti af framleiðsluferlinu í landbúnaðinum. Ekki er þó innifalið í þessum lið eldi og umönnun einkareiðhesta þar eð þess háttar starfsemi felur ekki í sér vöruframleiðslu en er hrein þjónusta í skilningi ESA-’95 (bálkur R í NACE 2. endursk.).“

22) Í stað fyrirsagnar í d-lið yfir lið 1.92 komi eftirfarandi:

„d) Flokkur 01.7: Veiðar og tengd þjónustustarfsemi“

23) Í stað liðar 1.92 komi eftirfarandi:

„1.92. Þessi flokkur tekur til eftirfarandi starfsemi: i. Veiðar í atvinnuskyni; ii. Þegar dýr eru tekin (dauð eða lifandi) til matar, til að nýta af þeim loðskinn, skinn eða til að nota þau í rannsóknum, setja í dýragarða eða hafa þau sem gæludýr; iii. Framleiðsla á loðskinnum, skriðdýra- eða fuglshömum af veiddum dýrum. Bent skal á að framleiðsla sláturhúsa á húðum og leðri og dýraveiðar sem íþrótt eða tómstundaiðkun teljast ekki til dæmigerðrar starfsemi í landbúnaðinum. Því er svo við að bæta að flokkurinn „veiðar“ felur ekki í sér undaneldi veiðidýra á bújörðum sem skal færa samkvæmt grein 01.49 „Ræktun annarra dýra“.“ Bent skal á að framleiðsla sláturhúsa á húðum og leðri og dýraveiðar sem íþrótt eða tómstundaiðkun teljast ekki til dæmigerðrar starfsemi í landbúnaðinum. Því er svo við að bæta að flokkurinn „veiðar“ felur ekki í sér undaneldi veiðidýra á bújörðum sem skal færa sem hluta undir flokk 01.49 „Ræktun annarra dýra“.“

24) Í stað jöfnunnar fyrir atvinnugreinina landbúnað í hagreikningum landbúnaðarins í lið 1.93 kemur eftirfarandi:

„Atvinnugreinin landbúnaður í hagreikningum landbúnaðarins
= landbúnaðarhluti þjóðhagsreikninga
– Einingar sem framleiða fræ (til rannsókna eða vottunar)
– Framleiðsla eininga í þjónustu við landbúnaðinn að undanskilinni verktakastarfsemi í landbúnaði (t.d. rekstur áveitukerfa)
– Einingar þar sem landbúnaðarstarfsemi er einvörðungu tómstundaiðja
+ Landbúnaðarstarfsemi eininga sem hafa ekki landbúnað sem aðalstarfsemi (sbr. 1.18)“

25) Í stað fyrsta undirliðar liðar 2.055 komi eftirfarandi:

„1. Sú tvenns konar starfsemi, sem fer fram, skal falla undir mismunandi fjögurra tölustafa þrep í NACE, 2. endursk. (deild 01: Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi). Beiting þessarar viðmiðunar kemur t.d. í veg fyrir að fræ, sem framleitt er og notað á sömu bújörð til framleiðslu nytjajurta, séu metin (á sama reikningsskilatímabili).“

26) Í stað fyrsta málsliðar í lið 2.062 komi eftirfarandi:

„Landbúnaðarafurðir, sem landbúnaðareiningin vinnur úr með aðgreinanlegum hætti (þ.e. verður til þess að stofnuð er staðbundin rekstrareining sem fellur ekki undir landbúnað) og neytt er á heimili bóndans, eru færðar undir framleiðslu í „Framleiðsla“ (bálkur C í NACE, 2. endursk.) sem eigin neysla.“

27) Í stað liðar 2.063 komi eftirfarandi:

„2.063. Húsaleiguígildi eigin húsnæðis er ekki fært hér heldur undir greininni „Fasteignaleiga“ (grein 68.20 í NACE, 2. endursk). Leiga húsnæðis er starfsemi sem fellur ekki undir landbúnað og er alltaf talin aðgreinanleg frá landbúnaðarstarfsemi.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/8/58**

frá 15. desember 2008

um breytingu á ákvörðunum 2001/405/EB, 2002/255/EB, 2002/371/EB, 2002/740/EB, 2002/741/EB, 2005/341/EB og 2005/343/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tilteknar vörur

(tilkynnt með númeri C(2008) 8442)

(2008/962/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/405/EB frá 4. maí 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hreinlætispappírsvörur ([2]) fellur úr gildi 4. maí 2009.

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB frá 25. mars 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvarpstæki ([3]), fellur úr gildi 31. mars 2009.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/371/EB frá 15. maí 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir textílvörur ([4]) fellur úr gildi 31. maí 2009.

4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/740/EB frá 3. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rúmdýnur og um breytingu á ákvörðun 98/634/EB ([5]) fellur úr gildi 28. febrúar 2009.

5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB frá 4. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir afritunarpappír og grafískan pappír og um breytingu á ákvörðun 1999/554/EB ([6]) fellur úr gildi 28. febrúar 2009.

6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/341/EB frá 11. apríl 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir einkatölvur ([7]) fellur úr gildi 30. apríl 2009.

7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/343/EB frá 11. apríl 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir fartölvur ([8]) fellur úr gildi 30. apríl 2009.

8) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar á réttum tíma og einnig tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem settar eru fram í þessum ákvörðunum.

9) Vegna þess að þessar ákvarðanir eru á mismunandi stigum endurskoðunarferlisins er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í þeim. Lengja skal gildistímann um 7 mánuði fyrir ákvarðanir 2002/255/EB og 2002/371/EB, um 8 mánuði fyrir ákvörðun 2001/405/EB, um 10 mánuði fyrir ákvörðun 2002/740/EB, um 13 mánuði fyrir ákvarðanir 2005/341/EB og 2005/343/EB og um 15 mánuði fyrir ákvörðun 2002/741/EB.

10) Því ber að breyta ákvörðunum 2001/405/EB, 2002/255/EB, 2002/371/EB, 2002/740/EB, 2002/741/EB, 2005/341/EB og 2005/343/EB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 19.11.2009, bls. 13.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 142, 29.5.2001, bls. 10.

([3]) Stjtíð. EB L 87, 4.4.2002, bls. 53.

([4]) Stjtíð. EB L 133, 15.5.2002, bls. 29.

([5]) Stjtíð. EB L 236, 4.9.2002, bls. 10.

([6]) Stjtíð. EB L 237, 5.9.2002, bls. 6.

([7]) Stjtíð. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 1.

([8]) Stjtíð. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 35.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2001/405/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „hreinlætispappírsvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 4. janúar 2010.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2002/255/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. október 2009.“

3. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2002/371/EB komi eftirfarandi:

„5. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „textílvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2009.“

4. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2002/740/EB komi eftirfarandi:

„5. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2009.“

5. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2002/741/EB komi eftirfarandi:

„5. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. maí 2010.“

6. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2005/341/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „einkatölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. maí 2010.“

7. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2005/343/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „fartölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. maí 2010.“

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 101/2009 **2015/EES/8/59**

frá 3. febrúar 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1800/2004 að því er varðar skilmála leyfis fyrir aukefninu Cycostat 66G í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aukefnið róbenidínhýdróklóríð 66 g/kg (Cycostat 66G), hér á eftir nefnt Cycostat 66G, sem er bundið leyfishafa þess, Alpharma (Belgía) BVBA, sem tilheyrir flokknum hnískalyf og önnur lyf, var leyft með vissum skilyrðum í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]). Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 ([3]) var aukefnið leyft í tíu ár til notkunar fyrir eldiskjúklinga, kalkúna og eldiskanínur. Þetta aukefni var tilkynnt sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Þar eð allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt fyrrgreindu ákvæði voru lagðar fram hefur aukefnið verið fært inn í skrá Bandalagsins yfir aukefni í fóðri.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir aukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“). Alpharma (Belgía) BVBA, leyfishafi Cycostat 66G, hefur lagt fram umsókn þar sem lögð er til breyting á skilmálum leyfisins fyrir eldiskjúklinga og kalkúna með því að taka upp hámarksgildi leifa og breyta biðtíma til afurðanýtingar til samræmis við það sem stofnunin leggur til. Á sama tíma lagði handhafinn fram gögn sem styðja beiðnina.

3) Í áliti sínu sem samþykkt var 16. september 2008 ([4]) komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að út frá öryggissjónarmiðum þyrfti ekki að ákvarða biðtíma til afurðanýtingar fyrir eldiskjúklinga og þar af leiðandi ekki heldur fyrir hámarksgildi leifa. Stofnunin komst að sömu niðurstöðu varðandi kalkúna. Stofnunin lagði þó fram tillögu að gildum þar sem gerð er krafa um hámarksgildi leifa. Hún lagði einnig til að áfram yrði hafður fimm daga biðtími til afurðanýtingar til að koma í veg fyrir aukabragð í ætum vefjum úr alifuglum sem hafa verið meðhöndlaðir með Cycostat 66G.

4) Til að tryggja öfluga vernd fyrir neytendur og til að bæta eftirlit með réttri notkun Cycostat 66G er við hæfi að fastsetja hámarksgildi leifa eins og stofnunin lagði til. Til að viðhalda ásættanlegum skynmatseiginleikum kjöts skal biðtími til afurðanýtingar áfram vera fimm dagar.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1800/2004 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1800/2004 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 68, 17.12.2009, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37.

([4]) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni, sem notuð eru í fóður (FEEDAP), að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um tillögu að hámarksgildi leifa og biðtíma til afurðanýtingar fyrir Cycostat 66G fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 798, bls. 1-15.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg virks efnis/kg heilfóðurs				
Hníslalyf og önnur lyf										
E 758	Alpharma (Belgía) BVBA	Róbenidínhýdróklóríð 66 g/kg (Cycostat 66G)	Samsetning aukefnis: Róbenidínhýdróklóríð 66 g/kg Lignósúlfónat: 40 g/kg Kalsíumsúlfatdíhýdrat: 894 g/kg Virkt efni: Róbenidínhýdróklóríð, $C_{15}H_{13}Cl_2N_5$. HCl, 1,3-bis[(p-klórbensýlíden) amínó]-gúanidínhýdróklóríð, CAS-númer: 25875-50-7, Skyld óhreinindi: N,N',N''-Tris[(p-Cl-bensýlíden)amínó]gúanidín: ≤ 0,5 % Bis-[4-Cl-bensýlíden]hýdrasín: ≤ 0,5 %	Eldis-kjúklingar	—	30	36	Notkun bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun.	29.10.2014	800 µg róbenidín-hýdróklóríð/kg af blautri lifur. 350 µg róbenidínhýdró-klóríð/kg af blautu nýra. 200 µg róbenidínhýdró-klóríð/kg af blautum vöðva. 1 300 µg róbenidín-hýdróklóríð/kg af blautri húð/fitu
				Kalkúnar	—	30	36	Notkun bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun.	29.10.2014	400 µg róbenidínhýdró-klóríð/kg af húð/fitu. 400 µg róbenidínhýdró-klóríð/kg af blautri lifur. 200 µg róbenidínhýdró-klóríð/kg af blautu nýra. 200 µg róbenidínhýdró-klóríð/kg af blautum vöðva.
				Eldis-kanínur	—	50	66	Notkun bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun.	29.10.2014	—

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 544/2009 **2015/EES/8/60**

frá 18. júní 2009

um breytingar á reglugerð (EB) nr. 717/2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og á tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og þjónustu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 717/2007 ([3]) voru sett takmörk, við tímabundnar og óvenjulegar kringumstæður, á gjöld sem rekstraraðilum farsímaneta er heimilt að leggja á, í heildsölu jafnt sem í smásölu, fyrir að veita alþjóðlega reikiþjónustu fyrir símtöl í talsímaþjónustu með upphaf og lúkningu innan Bandalagsins. Í þeirri reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur sem miða að því að auka gagnsæi í verðlagningu og bæta upplýsingamiðlun um gjöld til notenda reikiþjónustu innan Bandalagsins.

2) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram endurskoðun skv. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 717/2007 til að meta hvort markmiðum þeirrar reglugerðar hafi verið náð, til að endurskoða þróun heildsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikiviðskiptavinum tal- og gagnafjarskiptaþjónustu, þ.m.t. smáskilaboð og myndskilaboð, og skal, ef við á, setja í hana tilmæli um þörfina á reglum um þessa þjónustu. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins, sem er að finna í orðsendingu hennar frá 23. september 2008 um niðurstöðu endurskoðunar á framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun 2002/21/EB, komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að framlengja gildistíma reglugerðar (EB) nr. 717/2007 fram yfir 30. júní 2010.

3) Að auki ákvað framkvæmdastjórnin að víkka skuli gildissvið reglugerðar (EB) nr. 717/2007 svo að hún næði yfir veitingu smáskilaboða- og reikigagnaþjónustu innan Bandalagsins. Þau sérstöku einkenni á alþjóðlegum reikimörkuðum sem réttlættu samþykkt reglugerðar (EB) nr. 717/2007 og þær skyldur sem lagðar eru á rekstraraðila farsímaneta, í tengslum við veitingu reikitalsímaþjónustu innan Bandalagsins, eiga einnig við um veitingu smáskilaboða- og reikigagnaþjónustu innan Bandalagsins. Líkt og reikitalsímaþjónusta er smáskilaboða- og reikigagnaþjónusta ekki keypt sérstaklega á landsvísu heldur er hún einungis hluti af stærri smásölupakka sem viðskiptavinir kaupa hjá þjónustuveitanda heimanets síns, en þar með eru samkeppnisöflum settar skorður. Á sama hátt geta stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig, sem bera ábyrgð á að standa vörð um og stuðla að hagsmunum viðskiptavina sem nýta sér farsímaþjónustu og sem eru búsettir á yfirráðasvæði þeirra, ekki stjórnað hegðun rekstraraðila netanna sem heimsótt eru og staðsett eru í öðrum aðildarríkjum vegna þess að þjónustan, sem um ræðir, er í eðli sínu yfir landamæri.

4) Það ætti að vera auðveldara að leysa skipulagsvandamál tengd reikiþjónustu á raunverulegum innri markaði fyrir farsímaþjónustu, sem er ekki að fullu leyti fyrir hendi eins og sakir standa, en sem ætti að vera lokatakmark allra regluramma.

5) Af þeirri ástæðu ákváðu stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig, innan evrópsks hóps eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og þjónustu (ERG), sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB ([4]), til að bregðast við samráðinu við almenning um endurskoðun reglugerðar (EB) nr. 717/2007, að fara enn og aftur þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún beiti sér á vettvangi Bandalagsins, bæði hvað varðar framlengingu gildistíma reglugerðarinnar og setningu reglna um smáskilaboða- og reikigagnaþjónustu.

6) Gögn um verðþróun á reikitalsímaþjónustu innan Bandalagsins frá því að reglugerð (EB) nr. 717/2007 öðlaðist gildi, þ.m.t. einkum þau sem stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafa tekið saman og tilkynnt ársfjórðungslega í gegnum evrópskan hóp eftirlitsaðila, gefa ekki nógu sterklega til kynna að samkeppnin í smásölu eða heildsölu verði sjálfbær frá og með júní 2010 ef engar stjórnvaldsráðstafanir koma til. Slík gögn benda til að smásölu- og heildsöluverð leiti öll upp að mörkunum, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 717/2007, eða nálægt þeim en undir þeim mörkum er aðeins takmörkuð samkeppni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 68, 17.12.2009, bls. 4.

([1]) Álit frá 15. janúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB)

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 8. júní 2009

([3]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32

([4]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38

7) Þegar verndarreglurnar, sem gilda um reikitalsímaþjónustu í smásölu eða heildsölu innan Bandalagsins, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 717/2007, falla úr gildi í júní 2010, eykst því umtalsvert hættan á því að skorturinn á samkeppnisþrýstingi á reikitalsíma-markaðnum og hvati rekstraraðila farsímaneta til að hámarka tekjur sínar af reikiþjónustu leiði til þess að verð á reiki innan Bandalagsins, í smásölu jafnt sem heildsölu, endurspegli ekki kostnaðinn að baki því að veita þjónustuna og stofni því markmiðum reglugerðar (EB) nr. 717/2007 í hættu. Gildistími reglugerðar (EB) nr. 717/2007 skal því lengdur um tvö ár fram yfir 30. júní 2010 til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins með því að ábyrgjast að neytendur geti áfram verið öruggir um að verða ekki látnir borga óhóflegt verð, miðað við samkeppnishæf verð í hverju ríki fyrir sig, þegar þeir hringja eða taka á móti reikisímtali sem reglurnar eru settar um en með því móti er samkeppni gefinn nægur tími til að þróast.

8) Skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu ekki raska samkeppnisstöðu milli rekstraraðila farsímaneta innan Bandalagsins og skulu ekki skapa neins konar samkeppnisforskot, sérstaklega ekki á grundvelli stærðar, tegundar reikiumferðarinnar eða heimamarkaðs þess sem veitir reikiþjónustuna.

9) Hámarksmeðalheildsölugjöld fyrir reikisímtöl, sem reglurnar í reglugerð (EB) nr. 717/2007 eru settar um, skulu halda áfram að lækka á framlengdum gildistíma reglugerðarinnar og endurspegla þannig minnkandi tilkostnað, þ.m.t. lækkun á lúkningarverði símtala í farsíma í aðildarríkjunum, sem reglurnar eru settar um til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og jafnframt að uppfylla þau tvö markmið að uppræta óhófleg verð og veita rekstraraðilum frelsi til samkeppni og nýjunga.

10) Til að örva og efla sjálfbæra samkeppni meðal ólíkra veitenda reikiþjónustu skulu stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafa eftirlit með því hvort mismunun eigi sér stað milli stórra og lítilla þjónustuveitenda, einkum hvað varðar útreikning heildsöluverðs.

11) Færa skal dagsetninguna árið 2009, þegar lækkun hámarksverðmarka fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um á bæði heildsölu- og smásölustigi, tekur gildi, fram frá 30. ágúst til 1. júlí, í þeim tilgangi að tryggja samræmi í innleiðingu á skyldum sem varða verðlagninguna á smáskilaboðum, sem reglurnar eru settar um og kveðið er á um í þessari reglugerð. Á þennan hátt gætu nýjar gjaldskrár komið notendum bæði reikitalsíma- og smáskilaboðaþjónustu til góða á því tímabili þegar eftirspurnin eftir þessari þjónustu er hvað mest.

12) Þar sem gjaldtökumörk eru tilgreind í evrum skulu viðeigandi gjaldtökumörk fyrir upphafleg mörk og endurskoðuð gildi þessara marka tilgreind í viðeigandi gjaldmiðli með því að nota viðmiðunargengið sem birt er í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, á þeim dögum sem tilgreindir eru í þessari reglugerð. Ef ekkert hefur verið birt á tilgreindum dögum skulu viðeigandi viðmiðunargengi vera þau sem birtust í fyrstu *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eftir þann dag þar sem slíkt viðmiðunargengi kemur fram.

13) Til að fylgjast með því hvort farið sé að þeim gjaldtökumörkum í heildsölu, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 717/2007, er höfð hliðsjón af meðalheildsöluverði milli einhverra tveggja rekstraraðila á 12 mánaða tímabili og í ljósi þessa er rétt að taka fram að tímabilið má vera styttra, t.d. þegar daginn, sem áætlað er að lækka hámarksmeðalheildsölugjald, ber upp áður en 12 mánaða tímabilinu lýkur.

14) Sá háttur sumra rekstraraðila farsímaneta að gera reikninga fyrir veitingu reikisímtala í heildsölu á grundvelli lágmarksgjaldtökutíma, sem nemur allt að 60 sekúndum, andstætt þeirri venju að rukka á sekúndu, eins og tíðkast um önnur samtengingargjöld í heildsölu, raskar samkeppni milli þessara rekstraraðila og þeirra sem nota aðrar aðferðir við reikningagerð og grefur undan samræmdri beitingu heildsöluverðmarkanna sem tekin voru upp með reglugerð (EB) nr. 717/2007. Þar að auki felur þetta í sér viðbótargjald, sem eykur heildsölukostnað og hefur þannig neikvæð áhrif á verðlagningu reikitalsímaþjónustu á smásölustigi. Því skal þess krafist að rekstraraðilar farsímaneta geri reikninga fyrir símtöl, sem reglurnar eru settar um og eru veitt í heildsölu, á sekúndugrundvelli.

15) Hæstu gjöld Evrópugjaldskrárinnar, bæði fyrir að hringja og taka á móti símtölum, skulu halda áfram að lækka árlega á framlengdum gildistíma reglugerðar (EB) nr. 717/2007 í samræmi við tilskildar lækkanir, sem krafist er á fyrsta gildistímabili reglugerðarinnar, til að endurspegla áframhaldandi almennar lækkanir á farsímagjöldum innanlands og áframhaldandi lækkanir á undirliggjandi kostnaði við veitingu reikisímtala sem reglurnar eru settar um. Með þessum hætti haldast áhrif þeirrar reglugerðar órofið.

16) Aukinn munur milli hámarksheildsölu- og smásölugjalda, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skulu veita rekstraraðilum aukið svigrúm til verðsamkeppni á smásölustigi og hámarka þar með líkurnar á að til verði markaður með raunverulegri samkeppni.

17) Heildsölukostnaður sumra rekstraraðila er hærri en annarra vegna landfræðilegra aðstæðna eða annars konar aðstæðna, t.d. ef staðhættir eru erfiðir, svæði eru strjálbýl og ef þangað streymir mikill fjöldi ferðamanna á stuttum tímabilum.

18) Evrópskur hópur eftirlitsaðila hefur áætlað að sá háttur rekstraraðila farsímaneta að nota lengra en einnar sekúndu gjaldtímabil, þegar gerðir eru reikningar fyrir reikiþjónustu á smásölustigi, hafi bætt 24% við dæmigerðan reikning samkvæmt Evrópugjaldskrá (Eurotariff) fyrir símtöl þar sem hringt er og 19% fyrir símtöl sem tekið er á móti. Hann lýsti því einnig yfir að þessar hækkanir séu dulin gjöld þar sem flestir neytendur geri sér ekki grein fyrir þeim. Af þeirri ástæðu mælti evrópskur hópur eftirlitsaðila með að gripið yrði til brýnna aðgerða til að bregðast við ólíkum aðferðum við reikningagerð á smásölustigi miðað við Evrópugjaldskrána.

19) Með reglugerð (EB) nr. 717/2007, sem kvað á um Evrópugjaldskrá innan Bandalagsins, voru settar kröfur um sameiginlega nálgun til að tryggja að reikiviðskiptavinir verði ekki látnir greiða óhóflega fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, en ólíkar aðferðir við einingaskiptingu í reikningagerð rekstraraðila farsímaneta draga mjög úr áhrifum af samræmdri beitingu hennar. Þetta þýðir einnig að þrátt fyrir að reikiþjónusta innan Bandalagsins sé í eðli sínu veitt innan alls Bandalagsins og yfir landamæri tíðkast ólíkar aðferðir við reikningagerð fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, sem raska samkeppnisstöðu á innri markaðnum.

20) Því ber að taka upp sameiginlegt reglusafn varðandi einingaskiptingu Evrópugjaldskrárreikninga til að efla frekar innri markaðinn og veita neytendum reikiþjónustu innan Bandalagsins almenna neytendavernd í öllu Bandalaginu.

21) Því er þess krafist af veitendum reikiþjónustu á smásölustigi, sem reglurnar eru settar um, að þeir geri reikninga fyrir viðskiptavini sína á sekúndugrundvelli fyrir öll símtöl sem heyra undir Evrópugjaldskrá, sbr. þó möguleikann á því að leggja á upphafsgjald með lágmarkstíma, sem þó skal ekki vera lengri en 30 sekúndur fyrir símtöl sem hringd eru. Með þessu móti geta rekstraraðilar staðið straum af eðlilegum uppsetningarkostnaði og stuðlað að sveigjanleika í samkeppni með því að bjóða upp á styttri lágmarksgjaldtökutíma. Þó eru engin rök fyrir lágmarksgjaldtökutíma í tilviki símtala sem tekið er á móti samkvæmt Evrópugjaldskrá, þar sem undirliggjandi heildsölukostnaður er skuldfærður á sekúndugrundvelli og allur sérstakur uppsetningarkostnaður fellur undir lúkningarverð símtala í farsíma

22) Viðskiptavinir eiga ekki að þurfa að greiða fyrir að taka á móti talhólfsskilaboðum í heimsótta netinu, vegna þess að þeir geta ekki ráðið lengd slíkra skilaboða. Þetta ætti að vera með fyrirvara um önnur gjöld fyrir talhólfsskilaboð sem kunna að eiga við, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.

23) Hvað varðar reikiþjónustu fyrir smáskilaboð hafa markaðsgögn, sem evrópskur hópur eftirlitsaðila og framkvæmdastjórnin hafa safnað síðan reglugerð (EB) nr. 717/2007 tók gildi, sýnt fram á að heildsölugjöld fyrir slíka þjónustu í öllu Bandalaginu hefur almennt haldist stöðugt og hefur engin merkingarbær tengsl við undirliggjandi kostnað. Á sama hátt og gildir um reikitalsímaþjónustu virðist sem rekstraraðilar séu ekki undir nægilegum samkeppnisþrýstingi til að lækka heildsöluverð. Smásöluverð á reikiþjónustu fyrir smáskilaboð hefur einnig almennt haldist stöðugt án sýnilegrar ástæðu, sætir hárri álagningu og er hærra en sambærileg smáskilaboðaþjónusta í hverju ríki fyrir sig.

24) Rétt eins og í tilviki reikitalsímaþjónustu er umtalsverð hætta á að skylda, að því er varðar verðlagningu eina og sér, myndi ekki skila sér í lægra verði til þeirra sem kaupa í smásölu. Á hinn bóginn gætu aðgerðir til að lækka smásöluverð, án þess að tillit sé tekið til heildsölukostnaðar í tengslum við að veita þessa þjónustu, haft áhrif á stöðu suma rekstraraðila, einkum þeirra smærri, með því að auka líkurnar á verðþvingunum.

25) Regluramminn frá 2002 veitir ennfremur stjórnvöldum í hverju ríki fyrir sig ekki nógu góð úrræði til að ráð bót á vandamálum á sviði samkeppni sem liggja að baki háum heildsölu- og smásölugjöldum í reikiþjónustu fyrir smáskilaboð sem reglurnar eru settar um þar sem reikimarkaðurinn hefur sérstaka uppbyggingu og liggur í eðli sínu yfir landamæri. Þetta þýðir að snurðulaus starfsemi innri markaðarins er ekki tryggð og því ber að bæta úr því.

26) Evrópskur hópur eftirlitsaðila lýsti því einnig yfir, í svari sínu í samráðinu við almenning, sem framkvæmdastjórnin stóð fyrir um endurskoðun framkvæmdar reglugerðar (EB) nr. 717/2007, að hann teldi nauðsynlegt að setja reglur um reikismáskilaboðaþjónustu, bæði í heild- og smásölu, til að laga verð betur að kostnaði innanlands. Hann telur að fyrirkomulag sambærilegt við það sem haft er um reikitalsímaþjónustu væri hentugt. Nánar tiltekið mælti evrópskur hópur eftirlitsaðila með því að setja þak á meðalheildsöluverð sem rekstraraðili krefur annan rekstraraðila um fyrir reikismáskilaboðaþjónustu og breyta kröfum Evrópugjaldskrárinnar þannig að hún feli í sér tilboð um reikismáskilaboðaþjónustu sem er ekki dýrari en svo að hún fari yfir tiltekið hámarksþak.

27) Eftirlitsskyldur skulu lagðar á, á heildsölustigi, fyrir reikiþjónustu smáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, til þess að eðlilegri tengsl myndist milli heildsölugjalda og undirliggjandi kostnaðar af veitingu þjónustunnar, og á smásölustigi til að verja hagsmuni reikiviðskiptavina.

28) Þessar eftirlitsskyldur skulu taka gildi eins fljótt og auðið er en samtímis veita hlutaðeigandi rekstraraðilum eðlilegan tíma til að aðlaga verð og þjónustu til að tryggja samræmi.

29) Skilvirkasta nálgunin og sú sem á best við í hlutfallslegu tilliti til að stýra verði fyrir reikismáskilaboðaþjónustu sem reglurnar eru settar um á heildsölustigi, er að ákvarða innan Bandalagsins hámarksgjald fyrir smáskilaboð sem send eru frá heimsóttu neti. Meðalheildsölugjald skal gilda milli hvaða tveggja rekstraraðila sem er innan Bandalagsins á tilteknu tímabili.

30) Verðmörkin í heildsölu fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, skulu fela í sér allan kostnað sem veitandi heildsöluþjónustunnar stofnar til, að meðtöldum m.a. upphafs-, umflutnings- og óinnheimtum lúkningarkostnaði af reikismáskilaboðum á heimsótta netinu. Því ber að banna veitendum reikiþjónustu fyrir smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, að leggja á sérstakt gjald fyrir lúkningu reikismáskilaboða í neti þeirra til að tryggja að farið sé á samræmdan hátt eftir reglunum sem settar eru með þessari reglugerð.

31) Skilvirkasta nálgunin og sú sem á best við í hlutfallslegu tilliti til að stýra verði fyrir reikismáskilaboð innan Bandalagsins á smásölustigi, er að gera þá kröfu til rekstraraðila farsímaneta að þeir bjóði reikiviðskiptavinum sínum að senda smáskilaboð samkvæmt Evrópugjaldskrá, en hæstu gjöld í henni mega ekki fara yfir ákveðin hámarksverðmörk. Evrópugjaldskráin fyrir smáskilaboð skal vera þannig að nægilegt svigrúm til álagningar sé fyrir rekstraraðila auk þess sem hún skal endurspegla undirliggjandi kostnað í smásölu á trúverðugri hátt.

32) Þessi reglusetningarnálgun skal tryggja að smásölugjöld fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, endurspegli á sanngjarnari hátt undirliggjandi kostnað, sem felst í að veita þá þjónustu, en raunin hefur verið. Hámarksgjaldskrá fyrir smáskilaboð í Evrópu, sem bjóða má reikiviðskiptavinum, skal því endurspegla eðlilega álagningu, miðað við kostnaðinn við að veita reikiþjónustu fyrir smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, samfara því að veita rekstraraðilum frelsi til samkeppni með því að greina á milli tilboða þeirra og aðlaga verðlagningu þeirra að markaðsaðstæðum og vali neytenda. Þessi reglusetningarnálgun skal ekki gilda um virðisaukandi smáskilaboðaþjónustu.

33) Reikiviðskiptavinir eiga ekki að þurfa að greiða viðbótargjald fyrir að taka á móti reikismáskilaboðum eða talhólfsskilaboðum, sem reglurnar eru settar um, meðan þeir eru á reiki í heimsóttu neti, þar sem smásölugjaldið, sem þegar er lagt á send smáskilaboð og talhólfsskilaboð í reikiþjónustu kemur í stað slíks lúkningarkostnaðar.

34) Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð skal gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavini, bæði nýja reikiviðskiptavini eða þá sem fyrir eru, sem ekki hafa valið eða velja ekki sérstakt reikigjald fyrir smáskilaboð eða reikiþjónustupakka sem inniheldur reikiþjónustu fyrir smáskilaboð sem reglurnar eru settar um.

35) Til að tryggja tengingu enda á milli og rekstrarsamhæfi fyrir reikiviðskiptavini í reikiþjónustu fyrir smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, skulu stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig grípa skjótt inn í þegar rekstraraðili jarðfarsímanets með staðfestu í einu aðildarríki kvartar yfir því við stjórnvöld í því ríki að áskrifendur hans geti ekki sent eða tekið á móti smáskilaboðum, sem reglurnar voru settar um, til eða frá áskrifendum rekstraraðila jarðfarsímaneta í öðru aðildarríki vegna þess að rekstraraðilarnir tveir hafa ekki komist að samkomulagi. Slík inngrip skulu samrýmast ákvæðum 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) ([1]) og á samræmdum grunni, og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 717/2007 og 21. gr. tilskipunar 2002/21/EB ([2]).

36) Smáskilaboð eru stuttskilaboð á textaformi og greinilega frábrugðin öðrum skilaboðum á borð við myndskilaboð eða tölvupóst. Til að tryggja að reglugerðin missi ekki áhrifamátt sinn og öllum markmiðum hennar verði að fullu náð skal banna hvers konar breytingar á tæknilegum færibreytum reikismáskilaboða sem myndu gera þau frábrugðin smáskilaboðum innanlands.

37) Gögn sem stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafa tekið saman gefa til kynna að meðalheildsölugjöld fyrir reikigagnaþjónustu, sem rekstraraðilar heimsótta netsins krefjast af þjónustuveitendum heimaneta reikiviðskiptavina virðist fara lækkandi, enda þótt verðlag fyrir reikigagnaþjónustu sé enn hátt.

38) Hátt verð reikigagnaþjónustu á smásölustigi er enn áhyggjuefni og bendir til þess að enn sé ekki nægileg samkeppni á þessu þjónustusviði. Samkeppnishöft eru þó enn til staðar á smásölustigi, ólíkt því sem tíðkast um reikiþjónustu fyrir talsíma og smáskilaboð, þar sem reikiviðskiptavinir geta nýtt sér gagnaflutningaþjónustu eftir öðrum leiðum þegar þeir eru erlendis, t.d. með þráðlausum aðgangi að Netinu fyrir almenning, án númeratakmarkana. Á þessu stigi málsins væri því of snemmt að setja reglur um verð á smásölustigi. Að auki skal reikinettengingu aðeins komið á ef notandinn veitir samþykki sitt. Til samræmis við það skal ekkert reikiniðurhal gagna, þ.m.t. uppfærsla hugbúnaðar og móttaka tölvupósts, fara fram hafi notandinn ekki áður veitt samþykki sitt eða beðið um það, nema notandinn hafi gefið til kynna að hann kæri sig ekki um slíka vernd.

39) Þjónustuveitendur heimaneta skulu ekki láta reikiviðskiptavini greiða fyrir neina reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, nema og þar til reikiviðskiptavinurinn samþykkir að þjónustan sé veitt.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.
([2]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

40) Þó skal innleiða ráðstafanir til að auka gagnsæi, að því er varðar smásöluverð á reikigagnaþjónustu, einkum í því skyni að komast hjá því vandamáli, sem stendur snurðulausri starfsemi innri markaðarins fyrir þrifum, að viðskiptavinir fái óvænt miklu hærri reikninga en þeir bjuggust við („reikningsáfall“), og veita reikiviðskiptavinum þau tæki sem þeir þarfnast til að fylgjast með og stjórna útgjöldum sínum til reikigagnaþjónustu. Að sama skapi skal ekkert standa í vegi fyrir tilkomu forrita eða tækni sem getur komið í stað reikiþjónustu eða myndað annan valkost við hana, t.d. þráðlaus netaðgangur (WiFi), talsímaþjónusta á Netinu (VoIP) og spjallforrit (Instant Messaging services). Neytendur eiga að fá þessar upplýsingar til að geta þar með tekið upplýsta ákvörðun.

41) Einkum skulu rekstraraðilar farsímaneta veita reikiviðskiptavinum sínum persónubundnar gjaldskrárupplýsingar um gjöld sem þessir tilteknu viðskiptavinir greiða fyrir reikigagnaþjónustu í hvert sinn sem þeir byrja að nýta sér reikigagnaþjónustu við komuna í annað aðildarríki. Þessar upplýsingar skulu sendar viðskiptavinum í farsíma eða önnur farsamskiptatæki með þeim hætti að sem auðveldast sé að taka á móti þeim og skilja þær.

42) Til að auðvelda viðskiptavinum að átta sig á fjárhagslegum afleiðingum þess að notfæra sér reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og til að gera þeim kleift að fylgjast með og stjórna útgjöldum sínum, skal þjónustuveitandi heimanets þeirra gefa dæmi um notkun reikigagnaþjónustu, t.d. tölvupóst, myndir og að skoða vefsíður, með því að segja til um hve umfangsmikil þau eru m.t.t. gagnanotkunar.

43) Til að komast hjá reikningsáföllum skulu rekstraraðilar farsímaneta einnig ákvarða eitt eða fleiri hámörk hvað varðar fjárhæðir og/eða magn fyrir útistandandi gjöld af reikigagnaþjónustu, gefið upp í þeim gjaldmiðli sem reikningur reikiviðskiptavinarins er gerður og kynna þau öllum reikiviðskiptavinum sínum endurgjaldslaust, ásamt því að senda viðeigandi tilkynningu þegar þetta hámark nálgast. Þegar hámarkinu hefur verið náð skulu viðskiptavinir hætta að fá þessa þjónustu og vera rukkaðir fyrir hana nema þeir óski sérstaklega eftir að halda áfram að fá þessa þjónustu í samræmi við skilmála og skilyrði sem sett eru fram í tilkynningunni. Reikiviðskiptavinir skulu fá tækifæri til að velja sér eitthvert af þessum hámörkum á fjárhæðir eða magn innan hæfilegs tíma, eða velja að hafa ekki slíkt hámark. Viðskiptavinir skulu sjálfkrafa falla undir hámarkskerfi nema þeir taki annað fram.

44) Líta ber á þessar ráðstafanir til gagnsæis sem lágmarksvernd fyrir reikiviðskiptavini og þær ættu ekki að koma í veg fyrir að rekstraraðilar farsímaneta bjóði viðskiptavinum sínum ýmsar aðrar leiðir til að sjá fyrir og stjórna útgjöldum sínum vegna reikigagnaþjónustu. Sem dæmi má nefna að margir rekstraraðilar eru að þróa ný fastagjöld á reikitilboðum í smásölu sem heimila gagnaflutning fyrir ákveðið verð á tilgreindu tímabili upp að marki sem má teljast eðlilegt. Rekstraraðilar eru sömuleiðis að þróa kerfi sem gera reikiviðskiptavinum þeirra kleift að fylgjast með útistandandi gjöldum sínum af reikigagnaþjónustu safnast upp í rauntíma. Samræmdu reglurnar skulu endurspegla þessa þróun á innanlandsmörkuðum til að snurðulaus starfsemi innri markaðarins sé tryggð.

45) Heildsölugjöld á reikigagnaþjónustu eru auk þess enn há, einkum þar sem rekstraraðilar annarra farsímaneta en þeirra sem viðskiptavinir kjósa almennt að skipta við leggja á há gjöld í heildsölu. Slík gjöld eru til komin vegna takmarkana á umferðarstýringu sem gera það að verkum að rekstraraðilar hafa engan hvata til að lækka fast heildsöluverð sitt einhliða, þar sem þeir munu fá umferð óháð verðinu sem sett er upp. Útkoman er að heildsölukostnaður verður mjög misjafn. Í sumum tilvikum er heildsöluverð fyrir reikigagnaþjónustu 30 sinnum hærra í farsímanetum öðrum en þeim sem viðskiptavinurinn kýs almennt að skipta við en í netinu sem hann notar helst. Þessi óhóflega háu heildsölugjöld fyrir reikigagnaþjónustu leiða til umtalsverðrar röskunar á samkeppnisstöðu milli rekstraraðila farsímaneta innan Bandalagsins, sem grefur undan snurðulausri starfsemi innri markaðarins. Þau gera þjónustuveitendum heimaneta einnig erfitt um vik að spá fyrir um heildsölukostnað sinn og þar með að veita viðskiptavinum sínum gagnsæa og samkeppnishæfa smásöluverðpakka. Með hliðsjón af takmarkaðri getu stjórnvalda í hverju ríki fyrir sig til að ráða bót á þessum vandamálum með skilvirkum hætti og á landsvísu skulu verðmörk á reikigagnaþjónustu í heildsölu gilda. Heildsöluverðmörkin skulu sett við öryggismörk sem eru vel yfir lægsta heildsöluverði sem býðst á markaðnum til að efla samkeppnisskilyrði og skapa rými fyrir þróun aukinnar samkeppni á markaðnum, en tryggja um leið bætta starfsemi innri markaðarins til hagsbóta fyrir neytendur. Með því að uppræta óhóflega há gjöld á reikigagnaþjónustu, sem í sumum tilvikum gætir enn á markaðnum, skulu þessi öryggismörk koma í veg fyrir röskun eða takmörkun á samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta, á gildistíma reglugerðar (EB) nr. 717/2007.

46) Til að endurspegla þróun á markaðnum og viðeigandi regluramma um rafræn fjarskipti er nauðsynlegt að tala um „almenn fjarskiptanet“ en ekki „almenn talsímanet“. Í þágu samkvæmni skal því breyta 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/21/EB til samræmis við það.

47) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að breyta reglugerð (EB) nr. 717/2007 og tilskipun 2002/21/EB til að viðhalda sameiginlegum bálki reglna og þróa hann frekar, til að tryggja að notendur almennra fjarskiptaneta greiði ekki óhóflegt verð fyrir reikiþjónustu innan Bandalagsins þegar þeir eru á ferðalagi innan Bandalagsins (hvort sem um ræðir símtöl, smáskilaboð eða gagnaflutning) og stuðla þannig að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og ná jafnframt fram öflugri neytendavernd en tryggja um leið samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta, með öruggum, samræmdum og tímanlegum hætti og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt, vegna þess hve fyrirhugaðar

aðgerðir eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifiræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

48) Þessari sameiginlegu nálgun skal engu að síður fram haldið í takmarkaðan tíma en í ljósi þess að framkvæmdastjórnin mun láta fara fram endurmat skal þó heimilt að framlengja hana, breyta henni eða láta annars konar reglusetningu koma í hennar stað, á grundvelli viðeigandi tillagna frá framkvæmdastjórninni,

49) Framkvæmdastjórnin skal meta hvort beiting reglugerðar (EB) nr. 717/2007, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, skili árangri í ljósi markmiða hennar og að hvaða leyti hún stuðlar að framkvæmd reglurammans og snurðulausri starfsemi innri markaðarins. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin taka mið af áhrifum á samkeppnisstöðu veitenda farsímafjarskiptaþjónustu af misjafnri stærð og frá ólíkum hlutum Bandalagsins, þróun, straumum og gagnsæi í verði á smásölu- og heildsölustigi, áhrifum þessara þátta á raunverulegan kostnað, að hve miklu leyti þær ályktanir sem dregnar eru í áhrifamatinu, sem fylgir þessari reglugerð, hafa verið staðfestar ásamt kostnaði rekstraraðila og áhrifum á fjárfestingarnar. Í ljósi tæknilegra framfara skal framkvæmdastjórnin einnig taka mið af framboði og gæðum þjónustu sem getur komið í stað reikiþjónustu (t.d. talsímaþjónusta á Netinu (VoIP)).

50) Áður en fyrrnefnt endurmat fer fram og til að tryggja að stöðugt eftirlit sé með reikiþjónustu innan Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin láta vinna bráðabirgðaskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, með almennri samantekt á helstu nýmælum á sviði reikiþjónustu og bráðabirgðamat á því hvernig hefur miðað í þá átt að ná markmiðum reglugerðar (EB) nr. 717/2007 eins og henni er breytt með þessari reglugerð, ásamt öðrum leiðum að þessum markmiðum sem kunna að vera fyrir hendi.

51) Áður en framkvæmdastjórnin leggur fram viðeigandi tilmæli skal hún einnig láta meta hvort regluramminn um rafræn fjarskipti nái með fullnægjandi hætti yfir reglusetninguna um reikiþjónustu. Hún skal meta vandlega aðrar leiðir til að ná markmiðum reglugerðar (EB) nr. 717/2007, eins og:

— að bregðast við vandamálum á heildsölustigi með því að leggja á þá skyldu að veita réttlátan og sanngjarnan aðgang án mismununar og/eða samkvæmt jöfnum, gagnkvæmum skilyrðum,

— að notast við aðferð sem miðar að því að ná verði og skilyrðum fyrir reikiviðskiptavini sem jafnast á við samkeppnishæf verð og skilyrði sem tíðkast á markaði heimsótta netsins, þ.m.t. að viðskiptavinur hafi möguleika á að nýta sér mismunandi verð hjá ólíkum rekstraraðilum á markaði heimsótta netsins,

— að ráða bót á vandamálum sem tengjast regluramma samkeppnislaga Bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal einkum, í samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, rannsaka og meta það samkeppnisskipulag farsímamarkaðarins sem leiðir til verðs á reikiþjónustu sem er ekki samkeppnisbært og skal hún tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður sínar, ásamt tillögum til úrbóta á skipulagsvandamálum farsímamarkaða, einkum hvað varðar aðgangs- og útbreiðsluhindranir.

52) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 717/2007 og tilskipun nr. 2002/21/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 717/2007EB

Reglugerð (EB) nr. 717/2007/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins“.

2. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með þessari reglugerð er tekin upp sameiginleg aðferð til að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan Bandalagsins borgi ekki óhóflegt verð, í samanburði við samkeppnishæf, innlend verð, fyrir reikiþjónustu innan Bandalagsins þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum í talsímaþjónustu, senda eða taka á móti smáskilaboðum og nota pakkaskipta gagnaflutningsþjónustu, og þannig stuðlað að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og ná fram öflugri neytendavernd en tryggja um leið samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta og viðhalda bæði hvatningu til nýsköpunar og vals neytenda.

Í henni er mælt fyrir um reglur varðandi gjöld sem rekstraraðilum farsímaneta er heimilt að leggja á fyrir að veita reikiþjónustu innan Bandalagsins fyrir símtöl og smáskilaboð í talsímaþjónustu með upphaf og lúkningu innan Bandalagsins og fyrir pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu sem reikiviðskiptavinir nota þegar þeir reika á farsímaneti í öðru aðildarríki. Hún tekur bæði til gjalda milli rekstraraðila farsímaneta í heildsölu og gjalda sem þjónustuveitendur heimaneta leggja á í smásölu, þegar það á við.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Þau gjaldtökumörk, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru gefin upp í evrum. Þar sem gjöldin, sem ákvörðuð eru í 3. gr., 4. gr., 4. gr. a og b, og 3. og 4. mgr. 6. gr. a, eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum skulu upphafleg mörk, samkvæmt þessum greinum, tilgreind í þeim gjaldmiðlum, ef um er að ræða 3. og 4. gr., með því að nota viðmiðunargengið 30. júní 2007, og, ef um er að ræða 4. gr. a og 4. gr. b, eða 3. og 4. mgr. 6. gr. a, með því að nota viðmiðunargengið sem Seðlabanki Evrópu birti í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Að því er varðar síðari lækkun á þeim mörkum, sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. a, skulu endurskoðuðu gildin tilgreind með því að nota viðmiðunargengið sem birt er mánuði fyrir þann dag sem endurskoðuðu gildin taka gildi. Sama viðmiðunargengið skal notað til að endurskoða árlega þau gjöld, sem ákvörðuð eru með 4. gr. a, 4. gr. b og 3. mgr. 6. gr. a, þar sem þessi gjöld eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum en evrum.“

3. Ákvæðum 2. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað b- til g-liðar komi eftirfarandi:

„b) „þjónustuveitandi heimanets“: fyrirtæki sem sér reikiviðskiptavinum fyrir almennri jarðfjarskiptaþjónustu, annaðhvort í gegnum sitt eigið net eða sem rekstraraðili sýndarfarsímanets eða endursöluaðili,

c) „heimanet“: almennt, jarðfjarskiptanet í aðildarríki sem notað er af þjónustuveitanda heimanetsins til að bjóða reikiviðskiptavinum almenna jarðfjarskiptaþjónustu,

d) „Reiki innan Bandalagsins“: notkun reikiviðskiptavinar á farsíma eða öðru tæki til að hringja eða taka á móti símtölum innan Bandalagsins, senda eða taka á móti smáskilaboðum, eða nota pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu meðan sá viðskiptavinur er í öðru aðildarríki en því þar sem heimanet hans er staðsett með samkomulagi milli rekstraraðila heimanetsins og rekstraraðila heimsótta netsins,

e) „reikisímtal sem reglurnar eru settar um“: símtal úr farsíma sem reikiviðskiptavinur hringir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu fjarskiptaneti innan Bandalagsins eða er móttekið af reikiviðskiptavini með upphaf í almennu fjarskiptaneti innan Bandalagsins og lúkningu á heimsóttu neti,

f) „reikiviðskiptavinur“: viðskiptavinur veitanda almennrar jarðfjarskiptaþjónustu um almennt jarðfjarskiptanet, sem staðsett er í Bandalaginu, sem hefur gert samning eða samkomulag við þjónustuveitanda sinn sem heimilar notkun farsíma eða annars tækis til að hringja eða taka á móti símtölum, senda eða taka á móti smáskilaboðum eða nota pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu í heimsóttu neti með fyrirkomulagi milli rekstraraðila heimanetsins og rekstraraðila heimsótta netsins,

g) „heimsótt net“: almennt, jarðfjarskiptanet sem staðsett er í aðildarríki öðru en því þar sem heimanetið er og heimilar reikiviðskiptavini að hringja eða taka á móti símtölum, senda eða taka á móti smáskilaboðum eða nota pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu, með samkomulagi við rekstraraðila heimanetsins.“

b) Eftirfarandi liðir bætast við:

„h) „Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð“: gjaldskrá sem er ekki hærri en hámarksgjaldið, sem kveðið er á um í 4. gr. b og sem þjónustuveitandi heimanets getur lagt á fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, í samræmi við þá grein,

i) „Smáskilaboð“: stuttskilaboð á textaformi, sem samin eru fyrst og fremst með bókstöfum og/eða tölustöfum, sem hægt er að senda milli númera farsíma og/eða fastra síma í samræmi við númeraskipulag hvers lands,

j) „reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um“: smáskilaboð úr farsíma sem reikiviðskiptavinur sendir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu fjarskiptaneti innan Bandalagsins, eða er móttekið af reikiviðskiptavini, með upphaf í almennu fjarskiptaneti innan Bandalagsins og lúkningu á heimsóttu neti,

k) „reikigagnaþjónusta sem reglurnar eru settar um“: reikiþjónusta sem heimilar reikiviðskiptavinum að nota pakkaskipta gagnaflutningsþjónustu með farsíma eða öðru farsamskiptatæki á meðan það er tengt heimsóttu neti; reikigagnaþjónusta, sem reglurnar eru settar um, tekur ekki til sendingar eða móttöku reikisímtala eða smáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, en tekur til sendingar og móttöku myndskilaboða.“

4. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. gr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil, eða styttra tímabil sé skemmra þangað til hámarksmeðalheildsölugjaldið, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, fellur úr gildi, eða þangað til þessi reglugerð fellur úr gildi. hæsta meðalheildsölugjaldið skal lækka í 0,28 evrur 30. ágúst 2008 og í 0,26 evrur 1. júlí 2009 og skal áfram lækka í 0,22 evrur 1. júlí 2010 og 0,18 evrur 1. júlí 2011.“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr.:

„Frá og með 1. júlí 2009 skal þó meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., reiknað með því að deila heildartekjum af heildsölu á reiki með heildarfjölda reikimínútna sem viðkomandi rekstraraðili setur í heildsölu reikisímtala innan Bandalagsins á viðkomandi tímabili, samantekið á sekúndugrundvelli og breytt til að taka tillit til þess að rekstraraðili heimsótta netsins geti lagt á lágmarksgjaldtökutíma fyrir upphaf símtala sem hringd eru, sem þó skal ekki vera lengri en 30 sekúndur.“

5. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Smásölugjald (að frátöldum virðisaukaskatti) í Evrópugjaldskrá, sem þjónustuveitandi heimanets getur lagt á reikiviðskiptavin sinn fyrir reikisímtal, sem reglurnar eru settar um, getur verið breytilegt milli reikisímtala en skal ekki vera hærra en 0,49 evrur fyrir símtal sem hringt er eða 0,24 evrur fyrir símtal sem tekið er á móti. Verðþak fyrir símtöl þar sem hringt er skal lækka í 0,46 evrur og 0,43 evrur 30. ágúst 2008 og í 0,22 evrur og 0,19 evrur 1. júlí 2009 fyrir símtöl sem tekið er á móti. Verðþak fyrir símtöl þar sem hringt er skal enn fremur lækka í 0,39 evrur og 0,35 evrur, 1. júlí 2010, og í 0,15 evrur og 0,11 evrur, 1. júlí 2011, fyrir símtöl sem tekið er á móti.

Frá og með 1. júlí 2010 skulu þjónustuveitendur heimaneta ekki leggja nein gjöld á reikiviðskiptavini sína fyrir að taka á móti talhólfsskilaboðum. Þetta skal vera með fyrirvara um önnur gjöld sem kunna að eiga við, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.

Frá og með 1. júlí 2009 skulu allir þjónustuveitendur heimaneta rukka reikiviðskiptavini sína fyrir veitingu allra reikisímtala, sem reglurnar eru settar um, sem Evrópugjaldskrá gildir um, hvort sem það er símtal sem hringt er eða tekið á móti, á sekúndugrundvelli.

Samkvæmt undanþágu frá þriðju undirgrein getur þjónustuveitandi heimanetsins lagt á lágmarksupphafsgjald fyrir tímabil sem ekki er lengra en 30 sekúndur fyrir símtöl, sem hringd eru og falla undir Evrópugjaldskrá.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Reikiviðskiptavinur getur óskað eftir því hvenær sem er eftir að ferlinu, sem kveðið er á um í 3. mgr., er lokið að skipta yfir í eða úr Evrópugjaldskrá. Öll skipti skulu framkvæmd án endurgjalds innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttekin, endurgjaldslaust, og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar, nema reikiviðskiptavinur, sem hefur gerst áskrifandi að sérstökum reikiþjónustupakka sem felur í sér fleiri en eina tegund reikiþjónustu (þ.e. talsíma- smáskilaboða- og/eða gagnaþjónustu), óskar eftir að skipta yfir í Evrópugjaldskrá, er þjónustuveitanda heimanetsins heimilt að fara fram á að viðskiptavinurinn, sem vill skipta, afsali sér fríðindum sem hann nýtur vegna annarra þátta þessa pakka. Þjónustuveitandi heimanets getur frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en þrír mánuðir.“

6. Eftirfarandi greinar bætist við:

„*4. gr. a*

Heildsölugjöld fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um

1. Frá og með 1. júlí 2009 skal meðalheildsölugjald, sem rekstraraðili heimsótts nets getur lagt á rekstraraðila heimanets reikiviðskiptavinar fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um og send eru frá heimsótta netinu, ekki vera hærra en 0,04 evrur fyrir hvert smáskilaboð.

2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil eða styttra tímabil, sé skemmra þangað til reglugerðin fellur úr gildi.

3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildarheildsölutekjum, sem viðkomandi rekstraraðili heimsótta netsins fær frá hverjum rekstraraðila heimanets fyrir upphaf og lúkningu reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, innan Bandalagsins á viðeigandi tímabili, með heildarfjölda smáskilaboða sem eiga upphaf hjá og eru send á vegum viðkomandi rekstraraðila heimanets á því tímabili.

4. Rekstraraðili heimsótta netsins skal ekki leggja gjald á rekstraraðila heimanets reikiviðskiptavinar fyrir lúkningu reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um og send eru reikiviðskiptavini meðan hann reikar á heimsótta netinu, að frátöldu gjaldinu sem um getur í 1. mgr.

4. gr. b

Smásölugjöld fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um

1. Þjónustuveitendur heimaneta skulu sjá til þess að Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð, sem kveðið er á um í 2. mgr., sé aðgengileg öllum reikiviðskiptavinum sínum á skýran og gagnsæjan hátt. Þessi Evrópugjaldskrá skal ekki fela í sér nein áskriftargjöld eða önnur föst eða síendurtekin gjöld og hana má sameina öðrum smásölugjaldskrám, sbr. þó önnur ákvæði þessarar greinar.

2. Frá og með 1. júlí 2009 getur smásölugjald (að frátöldum virðisaukaskatti) í Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð, sem þjónustuveitandi heimanets getur lagt á reikiviðskiptavin sinn fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um og sem reikiviðskiptavinurinn sendir, verið breytilegt milli reikismáskilaboða en skal ekki vera hærra en 0,11 evrur.

3. Þjónustuveitendur heimaneta skulu ekki leggja nein gjöld á reikiviðskiptavini sína fyrir að taka á móti reikismáskilaboðum sem reglurnar eru settar um.

4. Frá 1. júlí 2009 skulu þjónustuveitendur heimaneta láta Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavini, að undanskildum reikiviðskiptavinum sem hafa þegar sérstaklega valið tiltekna reikigjaldskrá eða pakka sem gera þeim kleift að njóta góðs af annarri gjaldskrá fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, en þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki mátt velja.

5. Frá 1. júlí 2009 skulu þjónustuveitendur heimaneta láta Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð gilda fyrir alla nýja reikiviðskiptavini sem velja ekki sérstaklega aðra gjaldskrá fyrir reikismáskilaboð eða gjaldskrárpakka fyrir reikiþjónustu sem felur í sér ólíkar gjaldskrár fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um.

6. Allir reikiviðskiptavinir geta, hvenær sem er, óskað eftir að skipta yfir í eða úr Evrópugjaldskrá. Öll skipti skulu framkvæmd endurgjaldslaust innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttekin og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar en reikiþjónustu. Þjónustuveitandi heimanets getur frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en þrír mánuðir. Heimilt er, hvenær sem er, að sameina Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð Evrópugjaldskrá.

7. Eigi síðar en 30 júní 2009, skulu þjónustuveitendur heimaneta tilkynna öllum reikiviðskiptavinum sínum um Evrópugjaldskrána fyrir smáskilaboð, að hún muni taka gildi í síðasta lagi 1. júlí 2009 fyrir alla reikiviðskiptavini sem ekki hafa sérstaklega valið tiltekna gjaldskrá eða pakka sem gildir um smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, og um rétt þeirra til skipta yfir í hana og úr henni skv. 6. mgr.

4. gr. c

Tæknilegir eiginleikar reikismáskilaboða sem reglurnar eru settar um

Hvorki þjónustuveitandi heimanets né rekstraraðili heimsótts nets skulu breyta tæknilegum eiginleikum reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, á þann hátt að þeir verði frábrugðnir tæknilegum eiginleikum smáskilaboða sem í boði eru á innanlandsmarkaði.“

7. Ákvæði 5. gr. falli brott.

8. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Gagnsæi smásölugjalda fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um

1. Til að gera reikiviðskiptavini viðvart um að hann þurfi að greiða reikigjöld, þegar hann hringir eða tekur á móti símtali eða sendir smáskilaboð, skal sérhver þjónustuveitandi heimanets, þegar viðskiptavinurinn kemur til aðildarríkis annars en þess þar sem heimanet hans er, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt þjónustuveitanda heimanets síns að hann þarfnist ekki þeirrar þjónustu, sjálfkrafa veita viðskiptavininum persónubundnar grunnupplýsingar um verðlagningu reikigjalda (að meðtöldum virðisaukaskatti) í gegnum skilaboðaþjónustu, án óþarfa tafa og endurgjaldslaust, sem viðskiptavinurinn þarf að greiða fyrir að hringja og taka á móti símtölum eða senda smáskilaboð í aðildarríkinu sem heimsótt er.

Í þessum persónubundnu grunnupplýsingum um verðlagningu skulu koma fram þau hámarksgjöld sem viðskiptavinurinn kann að þurfa að greiða samkvæmt gjaldskrárfyrirkomulagi sínu fyrir:

a) símtöl frá landinu, sem heimsótt er, til aðildarríkisins, þar sem heimanet hans er, og fyrir móttekin símtöl og

b) að senda smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, meðan á dvöl í heimsótta aðildarríkinu stendur.

Í þeim skal einnig koma fram símanúmerið, sem um getur í 2. mgr., þar sem hægt er að fá ítarlegri upplýsingar endurgjaldslaust ásamt upplýsingum um hvernig ná megi sambandi við neyðarþjónustu með því að hringja í samevrópska neyðarnúmerið 112 endurgjaldslaust.

Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt að hann þarfnist ekki sjálfvirku skilaboðaþjónustunnar, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að óska eftir því að þjónustuveitandi heimanetsins veiti þjónustuna á ný.

Þjónustuveitendur skulu veita blindum eða sjónskertum viðskiptavinum persónubundnu grunnupplýsingarnar um verðlagningu sjálfkrafa og endurgjaldslaust með símtali í talsímaþjónustu óski þeir eftir því.

2. Til viðbótar við ákvæði 1. mgr. skulu viðskiptavinir eiga rétt á því að óska eftir og fá endurgjaldslaust og óháð staðsetningu þeirra innan Bandalagsins ítarlegri persónubundnar upplýsingar um verðlagningu reikigjalda, sem gilda í heimsótta netinu um símtöl í talsímaþjónustu, smáskilaboð, myndskilaboð og aðra gagnafjarskipta-þjónustu með símtali í farsímaþjónustu eða með smáskilaboðum, ásamt upplýsingum um ráðstafanir til gagnsæis sem koma til framkvæmda með þessari reglugerð, með símtali í farsímaþjónustu eða með smáskilaboðum. Slík beiðni skal berast með símtali í endurgjaldslaust númer sem þjónustuveitandi tilgreinir til notkunar í þeim tilgangi.

3. Þjónustuveitendur heimaneta skulu veita öllum notendum tæmandi upplýsingar um viðeigandi reikigjöld, einkum Evrópugjaldskrána og Evrópugjaldskrána um smáskilaboð, þegar þeir gerast áskrifendur. Þeir skulu einnig veita reikiviðskiptavinum sínum upplýsingar um breytingar á viðeigandi reikigjöldum án óþarfa tafa í hvert sinn sem breytingar verða á þessum gjöldum.

Þjónustuveitendur heimaneta skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að allir reikiviðskiptavinir þeirra séu meðvitaðir um að þeim standi Evrópugjaldskráin og Evrópugjaldskráin fyrir smáskilaboð til boða. Þeir skulu einkum tilkynna öllum reikiviðskiptavinum, eigi síðar en 30. júlí 2007, um skilyrði Evrópugjaldskrárinnar og, eigi síðar en 30. júní 2009, um skilyrði vegna Evrópugjaldskrár fyrir smáskilaboð, í báðum tilvikum á skýran hátt og án mismununar. Þeir skulu senda áminningar með eðlilegu millibili þaðan í frá til allra viðskiptavina sem hafa kosið aðra gjaldskrá.“

9. Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

Gagnsæis- og verndarráðstafanir fyrir reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um

1. Þjónustuveitendur heimaneta skulu tryggja að reikiviðskiptavinir þeirra séu nægilega vel upplýstir, bæði áður en og eftir að samningur er gerður, um gjöldin af notkun þeirra á reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og upplýsa viðskiptavini á þann hátt að þeir átti sig auðveldlega á fjárhagslegum afleiðingum slíkrar notkunar og geti fylgst með og haft stjórn á hversu miklu fé þeir verja í reikigagnaþjónustu skv. 2. og 3. mgr.

Þjónustuveitendur heimaneta skulu upplýsa viðskiptavini sína, eftir því sem við á, um hættuna á sjálfvirkri og óhaminni reikigagnatengingu og niðurhali, áður en samningur er gerður og reglulega eftir það. Að auki skulu þjónustuveitendur heimaneta útskýra fyrir reikiviðskiptavinum sínum, á skýran og auðskildan hátt, hvernig eigi að slökkva á þessum sjálfvirku reikigagnatengingum svo að þeir komist hjá óhaminni notkun reikigagnaþjónustu.

2. Í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2009 skulu þjónustuveitendur heimaneta senda reikiviðskiptavinum sjálfvirk skilaboð þess efnis að þeir séu að nota reikiþjónustu og veita þeim um leið persónubundnar grunnupplýsingar úr gjaldskrá um gjöld fyrir veitingu reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, fyrir viðkomandi reikiviðskiptavin í viðkomandi aðildarríki, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt þjónustuveitanda síns heimanets að hann þarfnist ekki þessara upplýsinga.

Reikiviðskiptavinurinn skal fá slíkar persónubundnar grunnupplýsingar um gjaldskrá sendar í farsíma sinn eða annað slíkt tæki, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti eða sprettigluggum í tölvunni, í hvert sinn sem reikiviðskiptavinur fer inn í annað aðildarríki en það þar sem heimanet hans er og setur af stað reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, í fyrsta sinn í því aðildarríki. Þær skulu veittar endurgjaldslaust á því augnabliki þegar reikiviðskiptavinurinn setur af stað reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, með þeim hætti að auðvelt sé að veita þeim viðtöku og skilja þær.

Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt þjónustuveitanda heimanets síns að hann þarfnist ekki sjálfvirku gjaldskráruppplýsinganna, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að óska eftir því að þjónustuveitandi heimanetsins veiti þjónustuna á ný.

3. Sérhver þjónustuveitandi heimanets skal gefa öllum reikiviðskiptavinum sínum tækifæri á því, eigi síðar en 1. mars 2010, að velja sérstaklega og endurgjaldslaust þjónustu, sem veitir upplýsingar um heildarnotkun reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um, gefna upp í magni eða í þeim gjaldmiðli sem reikningar viðkomandi reikiviðskiptavinar eru gerðir í, og sem tryggir að heildarútgjöld viðskiptavinarins vegna reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, á tilteknu tímabili fari ekki yfir tiltekin fjárhæðarmörk ef afdráttarlaust samþykki hans liggur ekki fyrir.

Í þessu augnamiði skal þjónustuveitandi heimanets bjóða eina eða fleiri hámarksfjárhæð fyrir tiltekin notkunar-tímabil, að því gefnu að viðskiptavininum hafi fyrir fram verið tilkynnt um magnið sem samsvarar þeim. Ein af þessum hámarksfjárhæðum (sjálfvirka hámarksfjárhæðin) skal vera nærri 50 evrum, en ekki meira en það, af útistandandi gjöldum á mánaðarlegu reikningstímabili (að undanskildum virðisaukaskatti).

Einnig getur þjónustuveitandi heimanetsins sett mörk, sem miðast við uppgefið magn, að því gefnu að viðskiptavininum hafi fyrir fram verið tilkynnt um fjárupphæðirnar sem samsvara þeim. Eitt af þessum mörkum (sjálfvirka magnhámarkið) skal miðast við samsvarandi fjárupphæð sem nemur ekki meira en 50 evrum af útistandandi gjöldum á mánaðarlegu reikningstímabili (að undanskildum virðisaukaskatti).

Að auki getur þjónustuveitandi heimanets boðið sínum reikiviðskiptavinum önnur hámörk sem miðast við ólíkar, þ.e. hærri eða lægri mánaðarlegar hámarksfjárhæðir.

Eigi síðar en 1. júlí 2010, skal sjálfvirka hámarkið, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein, taka gildi fyrir alla viðskiptavini sem ekki hafa valið annað hámarkið.

Sérhver þjónustuveitandi heimanets skal einnig tryggja að viðeigandi tilkynning sé send í farsíma viðkomandi reikiviðskiptavinar eða annað slíkt tæki, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti eða sprettiglugga í tölvunni, þegar reikigagnaþjónustan er komin upp í 80% af umsömdu verð- eða magnhámarki. Viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að rekstraraðilar þeirra hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að þjónustuveitandi heimanetsins hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.

Ef annars væri farið yfir þetta verð- eða magnhámark skal senda viðkomandi reikiviðskiptavini tilkynningu í farsíma hans eða annað slíkt tæki. Í þessari tilkynningu skal greina frá því ferli sem skal fylgja óski viðskiptavinurinn eftir að notfæra sér þjónustuna áfram með tilheyrandi kostnaði við hverja viðbótareiningu sem er notuð. Ef reikiviðskiptavinurinn bregst ekki við því sem fram kemur í tilkynningunni skal þjónustuveitandi heimanetsins tafarlaust hætta að veita viðkomandi reikiviðskiptavini reikigagnaþjónustu og rukka hann fyrir hana, nema og þar til reikiviðskiptavinurinn fer fram á að þjónustunni verði haldið áfram eða hún endurnýjuð.

Hvenær sem reikiviðskiptavinur óskar eftir að fá eða hætta að fá þjónustu, sem hefur verð- eða magnhámark, eftir 1. nóvember 2010, skulu skiptin framkvæmd endurgjaldslaust innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttekin og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar.

4. Frá og með 1. júlí 2009 gildir eftirfarandi:

a) meðalheildsölugjald sem rekstraraðili heimsótts nets getur lagt á rekstraraðila heimanets reikiviðskiptavinar fyrir reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og sent er frá heimsótta netinu, skal ekki fara yfir öryggismörk sem nema 1,00 evru á mínútu, frá og með 1. júlí 2009, 0,80 evrum frá og með 1. júlí 2010 og 0,50 evrum frá og með 1. júlí 2011 fyrir hvert megabæti af sendum gögnum; þessi öryggismörk skulu ekki leiða til röskunar eða takmörkunar á samkeppni á heildsölumarkaðnum fyrir reikigagnaþjónustu samkvæmt b-lið 2. mgr. 8. gr. rammatilskipunarinnar,

b) þetta meðalheildsölugjald skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil eða styttra tímabil sé skemmra þangað til reglugerðin fellur úr gildi,

c) meðalheildsölugjaldið, sem um getur í a-lið, skal reiknað með því að deila heildarheildsölutekjum viðeigandi rekstraraðila heimsótta netsins frá hverjum rekstraraðila heimanets fyrir veitingu reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, á viðeigandi tímabili, með heildarfjölda megabæta af gögnum, sem eru notuð í raun á því tímabili, umreiknuðum í kílóbæti.“

10. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig skulu sjá til þess að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, einkum 3. gr., 4. gr., 4. gr. a, 4. gr. b og 6. gr. a, séu fáanlegar opinberlega með þeim hætti sem gerir hagsmunaaðilum kleift að hafa greiðan aðgang að þeim.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Stjórnvöldum í hverju ríki fyrir sig er heimilt að grípa inn í, hvenær sem er, að eigin frumkvæði til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð. Ef nauðsyn krefur skulu þau einkum nýta sér það vald sem þeim er fengið skv. 5. gr. tilskipunarinnar um aðgang til að tryggja fullnægjandi aðgang og samtengingu svo tryggja megi tengingu enda á milli og rekstrarsamhæfi reikiþjónustu, t.d. þegar áskrifendur geta ekki skipst á reikismáskilaboðum, sem reglurnar eru settar um, við áskrifendur farnets á jörðu niðri í öðru aðildarríki vegna þess að ekki hefur verið gerður samningur sem gerir kleift að senda þessi boð.“

11. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir, eigi síðar en 30. mars 2008, eða, eigi síðar en 30. mars 2010, ef um ræðir þær viðbótarkröfur sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. og 4. mgr. 4. gr. og 4. gr. a, 4. gr. b, 4. gr. c, 6. gr., 6. gr. a og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 544/2009 og skal tilkynna án tafar um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

(*) Stjtíð. ESB L 167, 29. júní 2009, bls. 12.“

12. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd þessarar reglugerðar og, að höfðu samráði við almenning, leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 30. júní 2011. Framkvæmdastjórnin skal einkum meta hvort markmið þessarar reglugerðar hafi náðst. Þá skal framkvæmdastjórnin m.a. taka eftirfarandi til skoðunar:

— þróun heildsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikiviðskiptavinum tal-, smáskilaboða- og gagnafjarskiptaþjónustu og samsvarandi þróun í farsímaþjónustu í aðildarríkjunum, bæði hvað varðar

annars vegar viðskiptavini sem greiða fyrir fram og hins vegar þá sem greiða eftirá, og þróun í gæðum og hraða þjónustunnar,

— framboð og gæði þjónustunnar, þ.m.t. sú sem gæti komið í stað reikiþjónustu (tal-, smáskilaboða- og gagnaþjónusta), einkum í ljósi tæknilegra framfara,

— að hve miklu leyti neytendur hafa notið góðs af raunverulegum verðlækkunum á reikiþjónustu eða öðrum lækkunum á kostnaði af veitingu reikiþjónustu og því úrvali sem stendur neytendum með ólík símtalamynstur til boða.

— samkeppnisstig á bæði smásölu- og heildsölumörkuðum, einkum samkeppnisstöðu lítilla, óháðra eða nýrra rekstraraðila, þ.m.t. samkeppnisáhrif viðskiptasamninga og samtengingarstigið milli rekstraraðila.

Framkvæmdastjórnin skal einnig meta aðferðir, aðrar en verðstýringu, sem gætu nýst við að skapa virkan innri samkeppnismarkað fyrir reikiþjónustu og hafa við það hliðsjón af óháðri greiningu, framkvæmdri af hópi evrópskra eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram viðeigandi tillögur byggðar á þessu mati.

2. Að auki skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 30. júní 2010, láta vinna bráðabirgðaskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem inniheldur samantekt um eftirlitið með veitingu reikiþjónustu innan Bandalagsins og mat á því hvernig hefur miðað í þá átt að ná markmiðum þessarar reglugerðar, þ.m.t. með tilvísun til þeirra vandamála sem um getur í 1. mgr.“

13. Textinn „eigi síðar en 30. ágúst 2007“ í 12. gr. falli brott.

14. Í 13. mgr. komi „2012“ í stað „2010“.

2. gr.

Breyting á tilskipun 2002/21/EB

Eftirfarandi komi í stað 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/21/EB:

„5. Þessi tilskipun og sértilskipanir skulu ekki hafa áhrif á sértækar ráðstafanir sem samþykktar eru til eftirlits með alþjóðlegu reiki í almennum fjarskiptanetum fyrir farstöðvaþjónustu innan Bandalagsins.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
H.-G. PÖTTERING
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
Š. FÜLE
forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1166/2008 2015/EES/8/61

frá 19. nóvember 2008

um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 frá 29. febrúar 1988 um skipulag kannana Bandalagsins á nýtingu bújarða ([2]) er kveðið á um áætlun kannana Bandalagsins til að ná fram hagtölum um nýtingu búa til ársins 2007.

2) Áætluninni um kannanir um nýtingu búa, sem hefur verið framkvæmd á vettvangi Bandalagsins frá 1966/1967, ætti að halda áfram til að rannsaka horfur innan Bandalagsins. Fyrir skýrleika sakir skal þessi reglugerð koma í stað reglugerðar (EBE) nr. 571/88.

3) Í þeim tilgangi að uppfæra grundvallarskrár um bú og aðrar upplýsingar ,sem krafist er fyrir lagskiptingu úrtakskannana, er nauðsynlegt að gera talningu á búum í Bandalaginu á a.m.k. tíu ára fresti. Síðasta talning fyrir samþykkt þessarar reglugerðar var gerð 1999/2000.

4) Þörf er á að safna gögnum um framkvæmd ráðstafana sem tengjast dreifbýlisþróun, eins og hún er skilgreind í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun ([3]).

5) Ráðið, í ályktun sinni frá 19. desember 2006 um umhverfisvísa í landbúnaði, viðurkennir þörfina fyrir samanburðarhæf gögn um landbúnaðarstarfsemi á viðeigandi landfræðilegu þrepi og sem taka til alls Bandalagsins. Ráðið fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún hefðist handa við ráðstafanirnar sem settar eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 15. september 2006 ([4]) og innihalda meðal annars hagskýrslugögn, einkum um aðferðir við bústjórnun og notkun aðfanga á bújörðum.

6) Vöntun er á tölfræðilegum upplýsingum um mismunandi framleiðsluaðferðir í landbúnaði í sjálfstæðum búrekstrareiningum. Því er þörf á úrbótum í upplýsingasöfnun um framleiðsluaðferðir í landbúnaði sem tengjast upplýsingum um skipulag búa, til að ná fram viðbótarhagtölum um þróun umhverfisvæns landbúnaðar og til að bæta gæði umhverfisvísa í landbúnaði.

7) Samanburðarhæfar hagtölur frá öllum aðildarríkjum um nýtingu búa eru mikilvægar til að ákvarða þróun landbúnaðarstefnu innan Bandalagsins. Því ber að nota staðlaða flokkun og almennar skilgreiningar fyrir könnunaratriði, að því leyti sem það er hægt.

8) Framkvæmd kannana á framleiðsluskipan á bújörðum árið 2010 og manntalsins, sem gert er á tíu ára fresti og næst árið 2011, myndi gera tilföng til hagskýrslugerðar miklu erfiðari fyrir aðildarríkin ef tímabil gagnasöfnunar fyrir þessar tvær stóru kannanir myndu skarast. Því skal kveðið á um undanþágu til að gera aðildarríkjunum kleift að framkvæma könnunina á framleiðsluskipan á bújörðum árið 2009.

9) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([5]) er settur fram viðmiðunarrammi fyrir ákvæði þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar samræmi við staðla um óhlutdrægni, áreiðanleika, mikilvægi, kostnaðar-hagkvæmni, trúnaðarkvaðir í hagskýrslum og gagnsæi. Í reglugerð ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins ([6]) er settur fram viðmiðunarrammi fyrir sendingu og vernd hagskýrslugagna sem háð eru trúnaðarkvöðum, eins og kveðið er á um samkvæmt þessari reglugerð, til að tryggja að upplýsingar verði hvorki birtar ólöglega né notaðar í öðrum tilgangi en tölfræðilegum þegar hagskýrslur Bandalagsins eru teknar saman og þeim miðlað.

10) Not framkvæmdastjórnarinnar af staðsetningu bús ætti að takmarkast við tölfræðilega greiningu og ætti ekki að draga ályktanir af henni og gera kannanir. Tryggja ætti nauðsynlega vernd trúnaðargagna, m.a. með því að takmarka nákvæmni í staðsetningum og með viðeigandi samsöfnungagna þegar hagskýrslur eru gefnar út.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 68, 17.12.2009, bls. 13.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 21. maí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. október 2008.

([2]) Stjtíð. EB L 56, 2.3.1988, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.

([4]) Undir heitinu „Þróun umhverfisvísa í landbúnaði til að vakta samþættingu umhverfissjónarmiða og sameiginlegrar landbúnaðarstefnu“.

([5]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1.

11) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 ([1]) er atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins komið á fót.

12) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) ([2]), ætti að skilgreina svæðisbundnar einingar í samræmi við NUTS-flokkunina.

13) Til að minnka álag á svarendur og aðildarríki vegna gagnaöflunar, að því leyti sem það er hægt, ætti sá möguleiki að nota úrtakskannanir og stjórnsýsluheimildir að vera fyrir hendi.

14) Til að gera kannanirnar er þörf á umtalsverðri fjármögnun í nokkur ár bæði frá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni og verður stór hluti þess fjár notaður til að uppfylla kröfur Bandalagsins.

15) Viðurkennt er að kröfur um gervihnattagreiningu og -auðkenningu á búum valda umtalsverðum aðferðafræðilegum og tæknilegum erfiðleikum í mörgum aðildarríkjanna.

16) Til að styðja þessa áætlun um kannanir ætti því að setja ákvæði um styrk frá Bandalaginu úr Ábyrgðarsjóði evrópsks landbúnaðar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/2005 frá 21. júní 2005 um fjármögnun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ([3]).

17) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð, í skilningi 37. liðar samstarfssamningsins frá 17. maí 2006 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, um eftirlit með fjárlögum og góða fjármálastjórnun ([4]).

18) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. kerfisbundinni hagskýrslugerð Bandalagsins um nýtingu búa og um framleiðsluaðferðir í landbúnaði, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs og áhrifa þessarar reglugerðar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

19) Samþykkja ætti nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([5]).

20) Einkum ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að skilgreina reiknistuðlana fyrir búfjáreiningarnar, skilgreina könnunaratriðin og aðlaga viðaukana að þessari reglugerð. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana nýjum veigalitlum þáttum, verður að samþykkja þær í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í a-lið 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB.

21) Haft hefur verið samráð við fastanefndina um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 72/279/EBE ([6]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á ramma fyrir gerð samanburðarhæfra hagskýrslna Bandalagsins um nýtingu búa og um könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „bú“ eða „búrekstrareining“: tæknileg og efnahagsleg eining, undir einni stjórn þar sem landbúnaðarstarfsemi, sem skráð er í I. viðauka, er viðhöfð innan efnahagssvæðis Evrópusambandsins, annaðhvort sem aðal- eða aukastarfsemi,

b) „búfjáreining“: stöðluð mælieining sem gerir það mögulegt að hópa saman ólíka flokka búfénaðar til að hægt sé að bera þá saman. Búfjáreiningar eru skilgreindar á grundvelli fóðurþarfa hvers einstaks dýraflokks og reiknistuðlar skulu því samþykktir fyrir þær í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun eins og um getur í 2. mgr. 15. gr.,

([1]) Stjtíð. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 209, 11.8.2005, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([6]) Stjtíð. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

c) „úrtakskannanir“: tölfræðikannanir sem byggðar eru á lagskiptum slembiúrtökum og gerðar til að ná fram hagtölum sem eru dæmigerðar fyrir bú á svæðisbundnum stigum og landsstigum. Með lagskiptingunni skal koma fram stærð og gerð bús til að tryggja að gefin sé nægilega rétt mynd af búum af mismunandi stærðum og gerðum,

d) „svæði“: svæðisbundin eining í flokkun hagskýrslusvæða 2 (NUTS 2), skilgreind í reglugerð (EB) nr. 1059/2003,

e) „staðsetning búrekstrareiningar“: svæði innan 5 bogamínútna frá hnitum breiddar- og lengdargráða til að koma í veg fyrir að hægt sé að bera kennsl á einstakar búrekstrareiningar. Ef aðeins eitt bú er á svæði innan breiddar- og lengdargráðu skal það talið með nálægu svæði sem er með a.m.k. einu öðru búi.

3. gr.

Umfang

1. Kannanirnar, sem tilgreindar eru í þessari reglugerð, skulu ná yfir:

a) bú þar sem hagnýtt land er einn hektari eða meira,

b) bú þar sem hagnýtt land er minna en einn hektari, svo fremi að tiltekið hlutfall af framleiðslu sé til sölu hjá þessum búum eða ef framleiðsluein ing þeirra fer fram yfir tiltekin efnisleg viðmiðunarmörk.

2. Aðildarríki sem nota viðmiðunarmörk yfir einum hektara í könnunum skulu þó ákveða þau mörk þannig að þau undanskilji aðeins minnstu búin sem samanlagt nema 2% eða minna af hagnýta landbúnaðarsvæðinu í heild sinni, að undanskildum almenningi, og 2% eða minna af heildarfjölda búfjáreininga býlis.

3. Könnunin skal ná yfir öll bú sem ná einum af þeim efnislegu viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í II. viðauka.

4. gr.

Gagnalindir

1. Aðildarríki skulu nota upplýsingar frá hinu samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfi sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1782/2003 ([1]), kerfinu fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1760/2000 ([2]) og skránum yfir lífrænan búskap sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007 ([3]) að því tilskildu að þessar upplýsingar séu a.m.k. jafngóðar og upplýsingar sem fengnar eru úr tölfræðikönnunum. Aðildarríki mega einnig nota stjórnsýsluheimildir sem tengjast ræktun á erfðabreyttum nytjaplöntum og þær sértæku ráðstafanir um dreifbýlisþróun sem um getur í III. viðauka.

2. Ákveði aðildarríki að nota aðra stjórnsýsluheimild en þær sem tilgreindar eru í 1. mgr., skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni það fyrirfram og leggja fram upplýsingar um aðferðina sem nota á og gæði gagnanna frá þeirri stjórnsýsluheimild.

5. gr.

Kröfur um nákvæmni

1. Aðildarríki, sem gera úrtakskannanir, skulu tryggja að vegnar niðurstöður kannana séu tölfræðilega dæmigerðar fyrir bú innan hvers svæðis og að þær uppfylli kröfur um nákvæmni sem settar eru fram í IV. viðauka.

2. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin veita aðildarríkjum undanþágur frá kröfunum um nákvæmni, sem um getur í 1. mgr., fyrir tilgreind héruð.

II. KAFLI

HAGTÖLUR UM NÝTINGU BÚA

6. gr.

Kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum

1. Árin 2010, 2013 og 2016 skulu aðildarríkin gera kannanir um nýtingu búa, hér á eftir „kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum“.

2. Könnunin á framleiðsluskipan á bújörðum 2010 skal gerð eins og þýðisrannsókn. Úrtakskannanir má þó nota fyrir könnunaratriðin um aðra launaða starfsemi sem vinnuafl innir af hendi og skráð er í ii.-lið V. þáttar III. viðauka.

3. Kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum 2013 og 2016 má gera í formi úrtakskannana.

7. gr.

Könnunaratriði

1. Aðildarríki skulu veita upplýsingar um könnunaratriðin sem skráð eru í III. viðauka.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 15. gr., að breyta skránni yfir könnunaratriði, sem sett er fram í III. viðauka, fyrir kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum 2013 og 2016.

([1]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1782/2003 frá 29. september 2003 um sameiginlegar reglur um bein stuðningskerfi samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um innleiðingu tiltekinna stuðningskerfa fyrir bændur (Stjtíð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða (Stjtíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

3. Ekki þarf að safna gögnum um ákveðið könnunaratriði ef aðildarríki ákveður að það hafi lítið eða ekkert algengi. Það aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni á almanaksárinu á undan könnunarárinu um öll könnunaratriði sem eru undanskilin í gagnasöfnuninni.

4. Samþykkja skal skilgreiningar könnunaratriða í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 2. mgr. 15. gr.

8. gr.

Viðmiðunartímabil

Viðmiðunartímabil fyrir kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum á könnunarárunum 2010, 2013 og 2016 skulu skilgreind þannig:

a) fyrir könnunaratriði um land sem tilgreind eru í III. viðauka, 12 mánaða tímabil sem lýkur á viðmiðunardegi á milli 1. mars og 31. október á könnunarárinu,

b) fyrir könnunaratriði um búfé sem tilgreind eru í III. viðauka, viðmiðunardagur á milli 1. mars og 31. desember á könnunarárinu,

c) fyrir könnunaratriði um vinnuafl sem tilgreind eru í III. viðauka, 12 mánaða tímabil sem lýkur á viðmiðunardegi á milli 1. mars og 31. október á könnunarárinu,

d) fyrir ráðstafanir um dreifbýlisþróun sem tilgreindar eru í III. viðauka, þriggja ára tímabil sem lýkur 31. desember á könnunarárinu.

9. gr.

Sending

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni fullgild könnunargögn fyrir könnunina á framleiðsluskipan á bújörðum 2010 ekki seinna en 31. mars 2012.

2. Að því er varðar kannanirnar á framleiðsluskipan á bújörðum á könnunarárunum 2013 og 2016 skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni fullgilt könnunargögn innan 12 mánaða frá lokum könnunarársins.

3. Heimilt er að senda framkvæmdastjórninni sérstaklega gögn um ráðstafanirnar varðandi dreifbýlisþróunina, sem um getur í III. viðauka og eru byggð á opinberum skrám, innan 18 mánaða frá lokum könnunarársins.

4. Gögnin, sem send eru framkvæmdastjórninni um könnunina á framleiðsluskipan á bújörðum, skulu vera á rafrænu formi og um einstök bú.

5. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða sniðið á sendingu könnunargagnanna.

6. Framkvæmdastjórnin skal ekki nota gögnin um könnunina á framleiðsluskipan á bújörðum til að draga af ályktanir og gera kannanir.

10. gr.

Úrtaksrammi

Aðildarríki skulu, í þeim tilgangi að uppfæra úrtaksrammann fyrir kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum 2013 og 2016, veita innlendu yfirvöldunum, sem bera ábyrgð á könnunum á framleiðsluskipan á bújörðum, aðgang að upplýsingum um bú í stjórnsýsluskrám sem teknar eru saman á þeirra yfirráðasvæði.

III. KAFLI

HAGTÖLUR UM FRAMLEIÐSLUAÐFERÐIR Í LANDBÚNAÐI

11. gr.

Könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði

1. Aðildarríki skulu gera könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði á búum. Þessa könnun má gera sem úrtakskönnun.

2. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum má framkvæmdastjórnin heimila aðildarríki að gera úrtakskönnunina með því að nota aðskilin hlutaúrtök.

3. Aðildarríki skulu veita upplýsingar um könnunaratriðin um framleiðsluaðferðir í landbúnaði sem skráð eru í V. viðauka.

4. Aðildarríki skulu einnig leggja fram mat fyrir hverja búrekstrareiningu í könnuninni á því vatnsmagni sem notað er til áveitu í búrekstrareiningunni (í rúmmetrum). Matið má gera með hjálp líkans.

5. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjum aðferðafræðilegan og annan stuðning til að smíða líkanið sem um getur í 4. málsgrein. Að auki skal framkvæmdastjórnin stuðla að nauðsynlegri samvinnu og miðlun á reynslu á milli aðildarríkja til að ná fram samanburðarhæfum niðurstöðum.

6. Ekki þarf að safna gögnum um ákveðið könnunaratriði ef aðildarríki ákveður að það hafi lítið eða ekkert algengi. Það aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni á almanaksárinu á undan könnunarárinu um öll könnunaratriði sem eru undanskilin í gagnasöfnuninni.

7. Samþykkja skal skilgreiningar könnunaratriða í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 2. mgr. 15. gr.

8. Viðmiðunartímabilið skal falla saman við þau viðmiðunartímabil sem eru notuð fyrir könnunaratriðin í könnunni á framleiðsluskipan á bújörðum 2010.

9. Niðurstöðurnar úr þessari könnun skulu tengdar gögnunum sem fást úr könnuninni á framleiðsluskipan á bújörðum 2010 um einstök bú. Senda skal framkvæmdastjórninni samanlagt fullgilt gagnasafn á rafrænu formi ekki seinna en 31. desember 2012.

10. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða sniðið á sendingu könnunargagnanna.

11. Framkvæmdastjórnin skal ekki nota gögnin um framleiðsluaðferðir í landbúnaði til að draga af þeim ályktanir eða gera kannanir.

IV. KAFLI

SKÝRSLUR, FJÁRMÖGNUN OG FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR

12. gr.

Skýrslur

1. Aðildarríki skulu leggja fram landsbundnar aðferðafræðilegar skýrslur um þær kannanir sem falla undir þessa reglugerð og greina frá:

a) þeirri skipulagningu og aðferðafræði sem notuð er,

b) hversu nákvæmar þær úrtakskannanir eru sem um getur í þessari reglugerð,

c) upplýsingum um gæði allra stjórnsýslugagna sem notuð eru og

d) þeim viðmiðunum sem beitt er til að ákvarða hvað skyldi fært inn í skrár og hvað ekki til að uppfylla kröfur um gildissvið sem tilgreindar eru í 3. gr.

2. Senda skal framkvæmdastjórninni innlendar aðferðafræðilegar skýrslur með fullgiltum könnunarniðurstöðum, í samræmi við frestina sem tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. 9. gr.

3. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té allar viðbótarupplýsingar sem krafist kann að vera um skipulagningu og aðferðafræði könnunarinnar, til viðbótar við þær landsbundnu aðferðafræðilegu skýrslur sem krafist er eftir hverja könnun.

13. gr.

Framlag Bandalagsins

1. Aðildarríki skulu í mesta lagi fá fjárframlag frá Bandalaginu sem samsvarar 75% af kostnaði við gerð þeirra kannana sem skilgreindar eru í þessari reglugerð, með fyrirvara um þær hámarksupphæðir sem skilgreindar eru í 3. og 4. mgr.

2. Við gildistöku þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin veita þeim aðildarríkjum, sem um það sækja, nauðsynlega tækni- og ráðgjafaraðstoð að því er varðar gervihnattagreiningu á búum.

3. Hvað varðar sameiginlegan kostnað við kannanirnar á framleiðsluskipan á bújörðum 2010 og framleiðsluaðferðum í landbúnaði skal framlag Bandalagsins takmarkað við þær hámarksfjárhæðir sem hér eru tilgreindar:

– 50 000 evrur fyrir Lúxemborg og Möltu, hvort um sig,

– 1 000 000 evrur fyrir Austurríki, Írland og Litháen, hvert um sig,

– 2 000 000 evrur fyrir Búlgaríu, Þýskaland, Ungverjaland, Portúgal og Bretland, hvert um sig,

– 3 000 000 evrur fyrir Grikkland, Spán og Frakkland, hvert um sig,

– 4 000 000 evrur fyrir Ítalíu, Pólland og Rúmeníu, hvert um sig og

– 300 000 evrur fyrir öll önnur aðildarríki, hvert um sig.

4. Fyrir kannanirnar á framleiðsluskipan á bújörðum 2013 og 2016 skal hámarksfjárhæðin, sem tilgreind er í 3. mgr., lækkuð um 50%.

5. Ábyrgðarsjóður evrópsks landbúnaðar fjármagnar fjárframlag Bandalagsins skv. e-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1290/2005.

14. gr.

Fjárhagsrammi

1. Fjárhagsramminn til að framkvæma þessar kannanir skal vera 58 850 000 evrur fyrir tímabilið 2008–2013 samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, meðtaldar eru fjárveitingar sem nauðsynlegar eru fyrir stjórnun, viðhald og þróun á gagnagrunnskerfunum sem framkvæmdastjórnin notar til að vinna úr þeim gögnum sem aðildarríkin leggja til.

2. Fjárveitinga- og löggjafarvaldið skal fastsetja fjárhæðina fyrir tímabilið 2014–2018 að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og á grundvelli nýs fjárhagsramma fyrir tímabilið sem hefst 2014.

3. Árlegu fjárveitingarnar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

15. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun 72/279/EBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

16. gr.

Undanþágur

1. Viðmiðanirnar fyrir árið 2009 skulu, þrátt fyrir 6. gr. (1. og 2. mgr.), 8. gr., 9. gr. (1. mgr.), 11. gr. (8. og 9. mgr.), 13. gr. (3. mgr.), III. og IV. viðauka, koma í stað viðmiðana fyrir árið 2010 fyrir Grikkland, Spán og Portúgal.

2. Eftirfarandi kemur í stað 31. mars 2012, þrátt fyrir 1. mgr. 9. gr.:

a) 31. mars 2011 fyrir Grikkland og Portúgal,

b) 30. júní 2011 fyrir Spán,

c) 30. júní 2012 fyrir Ítalíu og Rúmeníu.

3. Dagsetningin 31. desember 2011 kemur í stað 31. desember 2012 fyrir Grikkland, Spán og Portúgal, þrátt fyrir 9. mgr. 11. gr.

17. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EBE) nr. 571/88 falli úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 19. nóvember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
H.-G. PÖTTERING
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
J.-P. JOUYET
forseti.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir landbúnaðarstarfsemi sem um getur í skilgreiningunni á búi

Eftirtalin starfsemi (sem getur hvort sem er verið aðal- eða aukastarfsemi) er byggð á Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE 2. endursk.) hvað varðar nytjaplöntu- og búfjárframleiðslu, veiðar og tengda þjónustu og er notuð til að skilgreina bú:

Lýsing á starfsemi	Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endurskoðun	Viðbótarathugasemdir um starfsemi sem er talin með eða ekki talin með þegar landbúnaðarstarfsemi er skilgreind
Ræktun nytjaplantna, annarra en fjölærra	01.1	
Ræktun fjölærra nytjaplantna	01.2	Gildissvið þessarar reglugerðar nær yfir bú sem framleiða vín eða ólífuolíu úr heimaræktuðum þrúgum eða ólífum.
Plöntufjölgun	01.3	
Búfjárframleiðsla	01.4	Öll starfsemi sem flokkast undir grein 01.49 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. (Ræktun annarra dýra) skal falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar, nema: i. ræktun og undaneldi á strútum, emúum og kanínum, ii. býrækt og framleiðsla á hunangi og bývaxi.
Blandaður búskapur	01.5	
Stoðstarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjaplantna	01.6	Almennt eru allar búrekstrareiningar þar sem stunduð er starfsemi samkvæmt flokki 01.6 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., undanskildar gildissviði þessarar reglugerðar, ef sú starfsemi er stunduð þar eingöngu. Búrekstrareiningar, þar sem landi er eingöngu viðhaldið til landbúnaðar í góðu landbúnaðar- og umhverfisástandi (undir grein 01.61 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.) falla þó innan gildissviðs þessarar reglugerðar.

II. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk fyrir kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði

Könnunaratriði		Viðmiðunarmörk
Hagnýtt landbúnaðarsvæði	Akurland, matjurtagarðar, fastagraslendi, fjölærar nytjaplöntur	5 ha
Fjölærar nytjaplöntur sem vaxa úti	Ávaxta-, berja-, sítrus- og ólífuplantekrur, vínekrur og gróðrarstöðvar	1 ha
Annar þéttbær búskapur	Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber, sem eru úti eða undir lágu (ómanngengu) skýli.	0,5 ha
	Tóbak	0,5 ha
	Humlar	0,5 ha
	Baðmull	0,5 ha
Gróðurhúsaræktun eða ræktun undir öðru (manngengu) skýli	Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber	0,1 ha
	Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum)	0,1 ha
Nautgripir	Allir	10 gripir
Svín	Öll	50 gripir
	Gyltur til undaneldis	10 gripir
Sauðfé	Allt	20 gripir
Geitur	Allar	20 gripir
Alifuglar	Allir	1000 gripir

III. VIÐAUKI

Skrá yfir könnunaratriði í könnunum á framleiðsluskipan á bújörðum

KÖNNUNARATRIÐI	EININGAR/FLOKKAR
I. **Almenn könnunaratriði**	
– Staðsetning búrekstrareiningar	
– – Breiddargráða (innan 5 bogamínútna)	Gráður: Mínútur
– – Lengdargráða (innan 5 bogamínútna)	Gráður: Mínútur
– Lögformleg staða búrekstrareiningarinnar	
– – Er lagaleg og efnahagsleg ábyrgð búrekstrareiningarinnar í umsjá:	
– – – einstaklings sem er eini eigandi búrekstrareiningarinnar með sjálfstæðan rekstur?	Já/Nei
– – – – Ef svarið við spurningunni að ofan er „já“, er sá einstaklingur (eigandi) jafnframt bústjóri?	Já/Nei
– – – – – Ef sá einstaklingur er ekki bústjóri, er bústjórinn í fjölskyldu eigandans?	Já/Nei
– – – – – Ef bústjórinn er í fjölskyldu eigandans, er bústjórinn maki eigandans? ([1])	Já/Nei
– – – eins eða fleiri einstaklinga sem eru samstarfsaðilar í búrekstrareiningu með sameiginlegan rekstur?	Já/Nei
– – – lögaðila?	Já/Nei
– Tegund ábúðar (sem snýr að eiganda) og búrekstrarkerfi	
– – Hagnýtt landbúnaðarsvæði:	
– – – Fyrir sjálfseignarbúskap	ha
– – – Fyrir leigubúskap	ha
– – – Fyrir samvinnubúskap eða annan búskap	ha
– – Lífrænn búskapur	
– – – Hagnýtt landbúnaðarsvæði í búrekstrareiningunni í heild sinni þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er beitt og þær vottaðar í samræmi við innlendar reglur eða reglur Evrópubandalagsins	ha
– – – Hagnýtt landbúnaðarsvæði í búrekstrareiningunni í heild sinni þar sem verið er að hverfa til lífrænna framleiðsluaðferða sem votta skal samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópubandalagsins	ha
– – – Svæði búrekstrareiningarinnar þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum, samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópubandalagsins, er annaðhvort beitt og þær vottaðar eða verið er að vinna að vottun:	
– – – – Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)	ha
– – – – Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korn- og belgjurtum)	ha
– – – – Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæðiskartöflur)	ha
– – – – Sykurrófur (þó ekki fræ)	ha
– – – – Olíufræsjurtir	ha
– – – – Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber	ha
– – – – Beitiland og engi, að undanskildu rýru beitilandi	ha
– – – – Ávaxta- og berjaplantekrur	ha

KÖNNUNARATRIÐI	EININGAR/FLOKKAR
– – – – Sítrusplantekrur	ha
– – – – Ólífuplantekrur	ha
– – – – Vínekrur	ha
– – – – Önnur uppskera (trefjaplöntur o.s.frv.)	ha
– – – Lífrænar framleiðsluaðferðir sem beitt er við búfjárframleiðslu og eru vottaðar samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópubandalagsins:	
– – – – Nautgripir	Fjöldi gripa
– – – – Svín	Fjöldi gripa
– – – – Sauðfé og geitur	Fjöldi gripa
– – – – Alifuglar	Fjöldi gripa
– – – – Önnur dýr	Já/Nei
– – Ráðstöfun á framleiðslu búrekstrareiningarinnar:	
– – – Á heimilinu er neytt meira en 50% af virði endanlegra afurða búrekstrareiningarinnar	Já/Nei
– – – Bein sala til lokaneytenda er meira en 50% af heildarsölu búrekstrareiningarinnar ([1])	Já/Nei
II. **Land**	
– Akurland	
– – Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn):	
– – – Hveiti og spelt	ha
– – – Harðhveiti	ha
– – – Rúgur	ha
– – – Bygg	ha
– – – Hafrar	ha
– – – Maískorn	ha
– – – Hrísgrjón	ha
– – – Aðrar kornjurtir til kornframleiðslu	ha
– – Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korn- og belgjurtum)	ha
– – – þar af ertur, hestabaunir og sætar úlfabaunir	ha
– – Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæðiskartöflur)	ha
– – Sykurrófur (þó ekki fræ)	ha
– – Fóðurrætur- og hnýði og kál (þó ekki fræ)	ha
– – Iðnaðarplöntur:	
– – – Tóbak	ha
– – – Humlar	ha
– – – Baðmull	ha
– – – Repja og arfanæpa	ha
– – – Sólblóm	ha
– – – Soja	ha
– – – Hörfræ (olíuhör)	ha

KÖNNUNARATRIÐI	EININGAR/FLOKKAR
– – – Aðrar olíufræsjurtir	ha
– – – Hör	ha
– – – Hampur	ha
– – – Aðrar trefjaplöntur	ha
– – – Ilmjurtir, jurtir til lækninga og matjurtir	ha
– – – Aðrar iðnaðarplöntur, ót.a.	ha
– – Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber, þar af:	
– – – Úti eða undir lágu (ómanngengu) skýli	ha
– – – – Blönduð akuryrkja	ha
– – – – Garðyrkja í atvinnuskyni	ha
– – – Í gróðurhúsi eða öðru (manngengu) skýli	ha
– – Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum):	
– – – Úti eða undir lágu (ómanngengu) skýli	ha
– – – Í gróðurhúsi eða öðru (manngengu) skýli	ha
– – Plöntur sem eru skornar í grænfóður:	
– – – Skammær grös	ha
– – – Aðrar plöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska:	
– – – – Óþroskaður maís	ha
– – – – Jurtir af belgjurtaætt	ha
– – – – Aðrar plöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska, ót.a.	ha
– – Fræ og ungplöntur á akurlandi	ha
– – Aðrar nytjaplöntur á akurlandi	ha
– – Hvíldarland sem ekki fellur undir reglur um greiðslur styrkja	ha
– – Hvíldarland, sem fellur undir reglur um greiðslur styrkja, ekki notað í atvinnuskyni	ha
– Matjurtagarðar	ha
– Fastagraslendi	ha
– – Beitiland og engi, að undanskildu rýru beitilandi	ha
– – Rýrt beitiland	ha
– – Fastagraslendi sem ekki er lengur notað í framleiðsluskyni og fellur undir reglur um greiðslur styrkja	ha
– Fjölærar nytjaplöntur	
– – Ávaxta- og berjaplantekrur	ha
– – – Ávaxtategundir, þar af:	ha
– – – – Úr tempruðu beltunum	ha
– – – – Úr heittempruðu beltunum	ha
– – – Ber	ha
– – – Hnetur	ha
– – Sítrusplantekrur	ha
– – Ólífuplantekrur	ha

KÖNNUNARATRIÐI	EININGAR/FLOKKAR
– – – Gefa að jafnaði af sér ólífur til átu	ha
– – – Gefa að jafnaði af sér ólífur til olíuframleiðslu	ha
– – Vínekrur sem gefa að jafnaði af sér:	ha
– – – Gæðavín	ha
– – – Önnur vín	ha
– – – Vínber til neyslu	ha
– – – Rúsínur	ha
– – Gróðrarstöðvar	ha
– – Aðrar fjölærar nytjaplöntur	ha
– – – þar af jólatré ([1])	ha
– – Fjölærar nytjaplöntur ræktaðar í gróðurhúsi	ha
– Annað land	
– – Ekki hagnýtt land til landbúnaðar	ha
– – Skóglendi	ha
– – – þar af kjarrskógur með stuttan skiptiræktunartíma	ha
– – Annað land (með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnauðu landi, grýttum jarðvegi o.s.frv.)	ha
– Ætisveppir, áveitusvæði, orkuplöntur og erfðabreyttar nytjaplöntur	
– – Ætisveppir	ha
– – Áveitusvæði	
– – – Heildaráveitusvæði	ha
– – – Heildarsvæði ræktaðs lands sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum	ha
– – Orkuplöntur (til vinnslu á lífeldsneyti eða annarri endurnýjanlegri orku)	ha
– – – þar af svæði sem eru í ræktunarhléi	ha
– – Erfðabreyttar nytjaplöntur	ha
III. **Búfé**	
– Dýr af hestaætt	Fjöldi gripa
– Nautgripir:	
– – Nautgripir yngri en eins árs, nautkálfar og kvígur	Fjöldi gripa
– – Nautgripir sem eru a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára, nautkálfar	Fjöldi gripa
– – Nautgripir sem eru a.m.k. eins árs en yngri en tveggja ára, kvígur	Fjöldi gripa
– – Naut, tveggja ára og eldri	Fjöldi gripa
– – Kvígur, tveggja ára og eldri	Fjöldi gripa
– – Mjólkurkýr	Fjöldi gripa
– – Aðrar kýr	Fjöldi gripa
– Sauðfé og geitur:	
– – Sauðfé (á öllum aldri)	Fjöldi gripa
– – – Kvendýr til undaneldis	Fjöldi gripa

KÖNNUNARATRIÐI	EININGAR/FLOKKAR
– – – Annað sauðfé	Fjöldi gripa
– – Geitur (á öllum aldri)	Fjöldi gripa
– – – Kvendýr til undaneldis	Fjöldi gripa
– – – Aðrar geitur	Fjöldi gripa
– Svín:	
– – Smágrísir undir 20 kílóum að lífþyngd	Fjöldi gripa
– – Gyltur til undaneldis sem vega 50 kíló og meira	Fjöldi gripa
– – Önnur svín	Fjöldi gripa
– Alifuglar:	
– – Holdakjúklingar	Fjöldi gripa
– – Varphænur	Fjöldi gripa
– – Aðrir alifuglar:	Fjöldi gripa
– – – Kalkúnar ([1])	Fjöldi gripa
– – – Endur ([1])	Fjöldi gripa
– – – Gæsir ([1])	Fjöldi gripa
– – – Strútar ([1])	Fjöldi gripa
– – – Aðrir alifuglar, ót.a. ([1])	Fjöldi gripa
– Kanínur, kvendýr til undaneldis	Fjöldi gripa
– Býflugur	Býkúpur
– Búfé, ót.a.	Já/Nei
IV. **Vélar og búnaður**	
IV. i. *Vélar* ([1])	
– Aðeins í eigu búrekstrareiningarinnar	
– – Fjórhjóladráttarvélar, beltadráttarvélar og tækjaberar	Fjöldi
– – Jarðvinnsluvélar, herfi, véltætarar og vélknúnar sláttuvélar	Fjöldi
– – Kornþreskivélar	Fjöldi
– – Aðrar uppskeruvélar sem eru vélknúnar að fullu	Fjöldi
– Vélar í notkun í nokkrum búrekstrareiningum	
– – Fjórhjóladráttarvélar, beltadráttarvélar og tækjaberar	Já/Nei
– – Jarðvinnsluvélar, herfi, véltætarar og vélknúnar sláttuvélar	Já/Nei
– – Kornþreskivélar	Já/Nei
– – Aðrar uppskeruvélar sem eru vélknúnar að fullu	Já/Nei
IV. ii. *Búnaður*	
– Búnaður sem er notaður til vinnslu endurnýjanlegrar orku eftir tegund orkugjafa:	
– – Vindorka	Já/Nei
– – Lífmassi	Já/Nei
– – – þar af lífmetan	Já/Nei
– – Sólarorka	Já/Nei

KÖNNUNARATRIÐI	EININGAR/FLOKKAR
– – Vatnsorka	Já/Nei
– – Aðrar tegundir endurnýjanlegra orkugjafa	Já/Nei
V. **Vinnuafl**	
V. i. *Störf í búrekstrareiningunni*	
– Eigandi	
– – Kyn	Karl/kona
– – Aldur	Aldursflokkar ([2])
– – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)	Ársverk í prósentum, flokkur 1 ([3])
– Bústjóri	
– – Kyn	Karl/kona
– – Aldur	Aldursflokkar
– – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)	Ársverk í prósentum, flokkur 2 ([4])
– Þjálfun bústjóra	
– – Búfræðimenntun bústjóra	Þjálfunarkóðar ([5])
– – Starfsþjálfun sem bústjóri hefur undirgengist á síðustu 12 mánuðum ([6])	Já/Nei
– Fjölskyldumeðlimir eina eiganda búrekstrareiningarinnar sem starfa við búið: karlar	
– – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)	Ársverk í prósentum, flokkur 2
– Fjölskyldumeðlimir eina eigenda búrekstrareiningarinnar sem starfa við búið: konur	
– – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)	Ársverk í prósentum, flokkur 2
– Utanaðkomandi fastráðnir starfsmenn: karlar	
– – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)	Ársverk í prósentum, flokkur 2
– Utanaðkomandi fastráðnir starfsmenn: konur	
– – Störf í búrekstrareiningunni (að heimilisstörfum undanskildum)	Ársverk í prósentum, flokkur 2
– Utanaðkomandi lausráðnir starfsmenn karlar og konur	Vinnudagar í fullu starfi
– Heildarfjöldi vinnudaga, sem falla ekki í flokkana hér að framan, umreiknaður í dagsverk í fullu starfi við landbúnaðarstörf í búrekstrareiningunni á 12 mánaða tímabili fyrir könnunina og einstaklingar, sem ekki eru beinlínis ráðnir þar í vinnu (t.d. starfsmenn verktaka), inna af hendi í búrekstrareiningunni	Vinnudagar í fullu starfi
V. ii. *Önnur tekjuskapandi starfsemi (önnur störf en landbúnaðarstörf í búrekstrareiningunni og störf utan búrekstrareiningarinnar)*	
– Önnur tekjuskapandi starfsemi eiganda sem einnig er bústjóri:	
– – Að aðalstarfi	Já/Nei
– – Að aukastarfi	Já/Nei
– – Ef annarri tekjuskapandi starfsemi er sinnt	
– – – Starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint	Já/Nei
– – – Starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni ekki beint	Já/Nei
– Önnur tekjuskapandi starfsemi maka eina eigandans:	
– – Að aðalstarfi	Já/Nei
– – Að aukastarfi	Já/Nei
– – Ef annarri tekjuskapandi starfsemi er sinnt	

KÖNNUNARATRIÐI	EININGAR/FLOKKAR
– – – Starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint	Já/Nei
– – – Starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni ekki beint	Já/Nei
– Önnur tekjuskapandi starfsemi annarra fjölskyldumeðlima eina eigandans:	
– – Að aðalstarfi	Já/Nei
– – Að aukastarfi	Já/Nei
– – Ef annarri tekjuskapandi starfsemi er sinnt	
– – – Starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint	Já/Nei
– – – Starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni ekki beint	Já/Nei
– Utanaðkomandi vinnuafl sem er fastráðið milliliðalaust og tekur þátt í annarri tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint	
– – Að aðalstarfi	Já/Nei
– – Að aukastarfi	Já/Nei
VI. **Önnur tekjuskapandi starfsemi í búrekstrareiningunni (sem tengist henni beint)**	
VI. i. *Skrá yfir aðra tekjuskapandi starfsemi*	
– Ferðaþjónusta, gistiaðstaða og önnur frístundastarfsemi	Já/Nei
– Handverk	Já/Nei
– Vinnsla landbúnaðarafurða	Já/Nei
– Framleiðsla endurnýjanlegrar orku	Já/Nei
– Timburvinnsla (t.d. sögun)	Já/Nei
– Lagareldi	Já/Nei
– Verktakavinna (þar sem framleiðsluþættir búrekstrareiningarinnar eru notaðir)	
– – Tengd landbúnaði (fyrir aðrar búrekstrareiningar)	Já/Nei
– – Ótengd landbúnaði	Já/Nei
– Skógrækt	Já/Nei
– Annað	Já/Nei
VI. ii. *Mikilvægi annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint*	
– Hundraðshluti af heildarframleiðslu búrekstrareiningarinnar	Hundraðshlutaflokkar ([7])
VII. **Stuðningur við dreifbýlisþróun**	
– Á síðastliðnum þremur árum hefur búrekstrareiningin notið góðs af einni af eftirfarandi ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar	
– – Notkun ráðgjafarþjónustu	Já/Nei
– – Nútímavæðingu búrekstrareininga	Já/Nei
– – Auknu virði landbúnaðar- og skógræktarafurða	Já/Nei
– – Uppfyllingu staðla sem byggjast á löggjöf Bandalagsins	Já/Nei
– – Þátttöku bænda í áætlunum um gæði matvæla	Já/Nei
– – Greiðslum úr sjóði Evrópunets verndarsvæða fyrir landbúnaðarsvæði	Já/Nei
– – Greiðslum tengdum rammatilskipun um vatn ([8])	Já/Nei

KÖNNUNARATRIÐI	EININGAR/FLOKKAR
– – Greiðslum fyrir umhverfisvænan landbúnað	Já/Nei
– – – þar af innan ramma lífræns búskapar	Já/Nei
– – Greiðslum vegna dýravelferðar	Já/Nei
– – Fjölbreytni aukin með annarri starfsemi en landbúnaði	Já/Nei
– – Hvatningu til ferðaþjónustu	Já/Nei

(1) Verður ekki lagt fram 2010.
(2) Aldursflokkar: (frá þeim aldri er skólaskyldu lýkur – 24 ára aldurs), (25–34), (35–44), (45–54), (55–64), (65 og eldri).
(3) Ársverk, hundraðshlutaflokkur 1: (0), (> 0–< 25), (≥ 25–< 50), (≥ 50–< 75), (≥ 75–< 100), (100).
(4) Ársverk, hundraðshlutaflokkur 2: (> 0–< 25), (≥ 25–< 50), (≥ 50–< 75), (≥ 75–< 100), (100).
(5) Menntunarkóðar: (aðeins fengin reynsla af landbúnaði), (grunnnám í búfræði), (hefur lokið námi í búfræði).
(6) Verður ekki lagt fram 2013.
(7) Hundraðshlutaflokkar: (≥ 0–≤ 10),.(> 10–≤ 50),.(> 50–< 100).
(8) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

IV. VIÐAUKI

KRÖFUR UM NÁKVÆMNI

Úrtakskannanirnar, sem tilgreindar eru í þessari reglugerð, verða að vera tölfræðilega dæmigerðar fyrir svæði á 2. stigi flokkunar hagskýrslusvæða og fyrir landsbundnar samtölur yfir harðbýl svæði ([1]) að því er varðar gerð og stærð búanna, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 85/377/EBE frá 7. júní 1985 um að koma á formgerðarflokkun Bandalagsins á bújörðum ([2]). Að auki skulu þær uppfylla tilteknar nákvæmniskröfur fyrir könnunaratriði sem varða uppskeru og búfé á búum.

Þessar nákvæmniskröfur eru gefnar upp í eftirfarandi töflum um nákvæmni og gilda um öll svæði á 2. stigi í flokkun hagskýrslusvæða með a.m.k. 10 000 búrekstrareiningum. Þessar nákvæmniskröfur gilda í stað sambærilegra svæða í flokkun hagskýrslusvæða 1 um svæði með færri en 10 000 búrekstrareiningum sem falla undir flokkun hagskýrslusvæða 2, að því tilskildu að hin sambærilegu svæði í flokkun hagskýrslusvæða 1 hafi að geyma a.m.k. 1000 búrekstrareiningar. Hvað varðar könnunina á framleiðsluaðferðum í landbúnaði munu viðkomandi könnunaratriði um uppskeru og búfénað liggja fyrir í niðurstöðum úr könnun á framleiðsluskipan á bújörðum 2010.

Nákvæmnisflokkar fyrir kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum 2013 og 2016

Könnunaratriði sem varða uppskeru:

– Kornjurtir til framleiðslu á korni (þ.m.t. fræ), ná yfir hveiti og spelt, harðhveiti, rúg, bygg, hafra, maískorn, hrísgrjón og aðrar kornvörur til framleiðslu á korni.

– Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korn- og belgjurtum)

– Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæðiskartöflur)

– Sykurrófur (þó ekki fræ)

– Uppskera olíufræja sem nær yfir repju, arfanæpu, sólblóm, soja, hörfræ (olíuhör) og aðrar olíufræsjurtir

– Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber

– Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum)

– Plöntur sem eru skornar áður en þær verða fullþroska

– Bithagi og engi til beitar, þó ekki rýrt beitiland

– Ávaxta- og berjaplantekrur

– Sítrusplantekrur

– Ólífuplantekrur

– Vínekrur

Könnunaratriði sem varða búfénað:

– Mjólkurkýr

– Aðrar kýr

– Aðrir nautgripir

– Gyltur til undaneldis

– Önnur svín

– Sauðfé

– Geitur

– Alifuglar

([1]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1257/1999 frá 17. maí 1999 um stuðning Þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar við dreifbýlisþróun (Stjtíð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80).

([2]) Stjtíð. EB L 220, 17.8.1985, bls. 1.

Nákvæmnisflokkar fyrir úrtakskannanir sem unnar eru sem hluti af könnun á framleiðsluskipan á bújörðum 2010 og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði

Könnunaratriði sem varða uppskeru:

– Kornjurtir til framleiðslu á korni (þ.m.t. fræ), ná yfir hveiti og spelt, harðhveiti, rúg, bygg, hafra, maískorn, hrísgrjón og aðrar kornvörur til framleiðslu á korni.

– Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæðiskartöflur) og sykurrófur (þó ekki fræ)

– Uppskera olíufræja sem nær yfir repju, arfanæpu, sólblóm, soja, hörfræ (olíuhör) og aðrar olíufræsjurtir

– Fjölærar nytjaplöntur sem vaxa úti, þær ná yfir ávaxta-, berja-, sítrus og ólífuplantekrur, vínekrur, gróðrarstöðvar og aðrar fjölærar nytjaplöntur sem vaxa úti

– Ferskt grænmeti, melónur, jarðarber, blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum)

– Skammær grös og fastagraslendi

Könnunaratriði sem varða búfénað:

– Nautgripir (á hvaða aldri sem er)

– Sauðfé og geitur (á hvaða aldri sem er)

– Svín

– Alifuglar

Nákvæmnistafla fyrir svæði í flokkun hagskýrslusvæða 2 með a.m.k. 10 000 búum

Nákvæmnisflokkar	Kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum 2013 og 2016		Könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði	
	Algengi könnunaratriða á svæði í flokkun hagskýrslusvæða 2	Hlutfallsleg staðalskekkja	Algengi könnunaratriða á svæði í flokkun hagskýrslusvæða 2	Hlutfallsleg staðalskekkja
Könnunaratriði sem varða uppskeru á búinu	7,5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði	<5%	10% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði	<10%
Könnunaratriði sem varða búfé á búinu	7,5% eða meira af búfjáreiningum og meira en 5% af innlendum hlut í hverjum flokki	<5%	10% eða meira af búfjáreiningum og meira en 5% af innlendum hlut í hverjum flokki	<10%

Nákvæmnistafla fyrir svæði í flokkun hagskýrslusvæða 2 með færri en 10 000 búum

Nákvæmnisflokkar	Kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum 2013 og 2016		Könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði	
	Algengi könnunaratriða á sambærilegum svæðum í flokkun hagskýrslusvæða 1 með a.m.k. 1000 búrekstrareiningum	Hlutfallsleg staðalskekkja	Algengi könnunaratriða á sambærilegum svæðum í flokkun hagskýrslusvæða 1 með a.m.k. 1000 búrekstrareiningum	Hlutfallsleg staðalskekkja
Könnunaratriði sem varða uppskeru á búinu	7,5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði	<5%	10% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði	<10%
Könnunaratriði sem varða búfé á búinu	7,5% eða meira af búfjáreiningum og meira en 5% af innlendum hlut í hverjum flokki	<5%	10% eða meira af búfjáreiningum og meira en 5% af innlendum hlut í hverjum flokki	<10%

V. VIÐAUKI

Skrá yfir könnunaratriði fyrir könnunina á framleiðsluaðferðum í landbúnaði

Könnunaratriði			Einingar/flokkar
Jarðvinnsluaðferðir	Hefðbundin jarðvinnsla (vendiplógar eða diskaplógur)		ha
	Lítil jarðvinnsla		ha
	Engin jarðvinnsla (bein sáning)		ha
Verndun jarðvegs	Þekjandi jarðlag að vetri:	Venjuleg vetraruppskera	ha
		Þekjuplöntur eða millirækt un	ha
		Jurtaleifar	ha
		Ber jarðvegur	ha
	Skiptirækt un:	Hlutfall akurlands utan skipulagðrar skiptirækt unar	Hlutfallaþrep ræktanlegs svæðis ([1])
Landslagseinkenni	Línuleg mörk, sem bóndinn hefur haldið við síðustu þrjú ár, þar af:	Limgerði	Já/Nei
		Trjámörk	Já/Nei
		Steingarðar	Já/Nei
	Línuleg mörk, sem komið hefur verið upp síðustu þrjú ár, þar af:	Limgerði	Já/Nei
		Trjámörk	Já/Nei
		Steingarðar	Já/Nei
Beit dýra	Beit í búrekstrareiningunni	Svæði sem beitt var síðasta ár	ha
		Tími sem dýrin eru úti á beit	Mánuðir á ári
	Beit á almenningi	Heildarfjöldi dýra á beit á almenningi	Fjöldi
		Tími sem dýrin eru úti á beit á almenningi	Mánuðir á ári

Könnunaratriði				Einingar/flokkar
Gripahús	Nautgripir	Básafjós með rými fyrir fastan húsdýraáburð og fljótandi húsdýraáburð		Fjöldi plássa
		Básafjós — með rými fyrir blöndu fasts og fljótandi húsdýraáburðar		Fjöldi plássa
		Lausagönguhús með rými fyrir fastan húsdýraáburð og fljótandi húsdýraáburð		Fjöldi plássa
		Lausagönguhús — með rými fyrir blöndu fasts og fljótandi húsdýraáburðar		Fjöldi plássa
		Önnur		Fjöldi plássa
	Svín:	Sem ganga að hluta til á rimlagólfi		Fjöldi plássa
		Sem ganga eingöngu á rimlagólfi		Fjöldi plássa
		Sem ganga á hálmstráðu gólfi (lausagönguhús þar sem gengið er á úrganginum)		Fjöldi plássa
		Annað		Fjöldi plássa
	Varphænur:	Sem ganga á hálmstráðu gólfi (lausagönguhús þar sem gengið er á úrganginum)		Fjöldi plássa
		Búrasamstæður (allar gerðir)		Fjöldi plássa
		Búrasamstæður með færibandi fyrir hænsnaskít		Fjöldi plássa
		Búrasamstæður með gryfjum fyrir hænsnaskít		Fjöldi plássa
		Búrasamstæður með þrepafyrirkomulagi		Fjöldi plássa
		Önnur		Fjöldi plássa
Notkun húsdýraáburðar	Hagnýtt landbúnaðarsvæði sem á er borinn fastur húsdýraáburður	Samtals		Hlutfallaþrep hagnýts landbúnaðarsvæðis ([2])
		Þar sem áburðurinn er strax unninn saman við jarðveginn		Hlutfallaþrep hagnýts landbúnaðarsvæðis ([2])
	Hagnýtt landbúnaðarsvæði sem á er borin blanda fasts og fljótandi húsdýraáburðar	Samtals		Hlutfallaþrep hagnýts landbúnaðarsvæðis ([2])
		Þar sem áburðurinn er strax unninn saman við jarðveginn eða honum dælt saman við jarðveginn		Hlutfallaþrep hagnýts landbúnaðarsvæðis ([2])
	Hlutfall af heildarmagni húsdýraáburðar, sem flutt er úr búrekstrareiningunni			Hlutfallaþrep ([3])
Aðstaða til að geyma og meðhöndla húsdýraáburð	Geymsluaðstaða fyrir:	Fastan húsdýraáburð		Já/Nei
		Fljótandi húsdýraáburð		Já/Nei
		Blöndu fasts og fljótandi húsdýraáburðar	Þró fyrir blöndu fasts og fljótandi húsdýraáburðar	Já/Nei
			Lón	Já/Nei
	Er geymsluaðstaðan yfirbyggð fyrir:	Fastan húsdýraáburð		Já/Nei
		Fljótandi húsdýraáburð		Já/Nei
		Blöndu fasts og fljótandi húsdýraáburðar		Já/Nei

Könnunaratriði			Einingar/flokkar
Áveita	Áveitusvæði	Áveitusvæði síðustu þriggja ára, meðaltal	ha
	Heildarsvæði ræktaðs lands sem hefur verið vökvað a.m.k. einu sinni á undangengnum 12 mánuðum	Samtals	ha
		Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn) (að undanskildum maís og hrísgrjónum)	ha
		Maís (maískorn og grænfóðurmaís)	ha
		Hrísgrjón	ha
		Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)	ha
		Kartöflur (þ.m.t. sumarkartöflur og útsæði)	ha
		Sykurrófur (þó ekki fræ)	ha
		Repja og akurfrækál	ha
		Sólfífill	ha
		Trefjaplöntur (hör, hampur, aðrar trefjaplöntur)	ha
		Ferskt grænmeti, melónur og jarðarber — blönduð akuryrkja	ha
		Skammær grös og fastagraslendi	ha
		Önnur uppskera á akurlandi	ha
		Ávaxta- og berjaekrur	ha
		Sítrusplantekrur	ha
		Ólífuplantekrur	ha
		Vínekrur	ha
	Vökvunaraðferðir sem eru notaðar:	Yfirborðsáveita (flóð, skurðir)	Já/Nei
		Úðavökvun	Já/Nei
		Dreypivökvun	Já/Nei
	Vatnslindir til vökvunar í búrekstrareiningunni:	Grunnvatn á býlinu	Já/Nei
		Yfirborðsvatn á býlinu (tjarnir eða stíflur)	Já/Nei
		Yfirborðsvatn utan býlis úr vötnum, ám eða vatnsföllum	Já/Nei
		Vatn utan býlis úr sameiginlegu vatnsveitukerfi	Já/Nei
		Aðrar uppsprettur	Já/Nei

([1]) Hlutfallaþrep akurlands: (0), (> 0-< 25), (≥ 25-< 50), (≥ 50-< 75), (≥ 75).
([2]) Hlutfallaþrep hagnýts landbúnaðarsvæðis: (0), (> 0-< 25), (≥ 25-< 50), (≥ 50-< 75), (≥ 75).
([3]) Hlutfallaþrep: (0), (> 0-< 25), (≥ 25-< 50), (≥ 50-< 75), (≥ 75).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 802/2004 2015/EES/8/62

frá 21. apríl 2004

um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) ([1]), einkum 1. mgr. 23. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ([2]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ([3]), einkum 23. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja hefur verið endurútgefin með talsverðum breytingum á ýmsum ákvæðum reglugerðarinnar.

2) Breyta verður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98 ([4]) frá 1. mars 1998 um tilkynningar, frest og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þannig að tillit sé tekið til þessara breytinga. Fyrir skýrleika sakir er því rétt að hún verði felld úr gildi og að ný reglugerð komi í stað hennar.

3) Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstafanir varðandi verksvið skýrslugjafarfulltrúa í tilteknum málsmeðferðum sem varða samkeppni.

4) Reglugerð (EB) nr. 139/2004 er byggð á þeirri grundvallarreglu að skylt sé að tilkynna um samfylkingu áður en hún kemur til framkvæmda. Tilkynning hefur annars vegar veigamikil réttaráhrif sem styrkir stöðu aðila að fyrirhugaðri samfylkingu en víki þeir sér á hinn bóginn undan tilkynningaskyldunni varðar það sektum og kann einnig að hafa í för með sér vandkvæði fyrir þá á sviði einkamálaréttar. Af þessum sökum er nauðsynlegt, í þágu réttarvissu, að skilgreina nákvæmlega efni og inntak þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram í tilkynningunni.

5) Tilkynningaraðilum ber að upplýsa framkvæmdastjórnina vel og ráðvandlega um málavexti og aðstæður sem skipta máli þegar tekin er ákvörðun um samfylkingu sem tilkynnt hefur verið um.

6) Með reglugerð (EB) nr. 139/2004 er viðkomandi fyrirtækjum heimilað að fara fram á það með rökstuddri greinargerð, fyrir tilkynningu, að eitt aðildarríki eða fleiri vísi til framkvæmdastjórnarinnar samfylkingu sem uppfyllir skilyrði þeirrar reglugerðar, eða, eftir atvikum, að framkvæmdastjórnin vísi henni til eins eða fleiri aðildarríkja. Mikilvægt er að framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum fái fullnægjandi upplýsingar svo þau geti metið með stuttum fyrirvara hvort vísa skuli málinu áfram eða ekki. Í því skyni þarf greinargerðin, þar sem beiðni um vísun er lögð fram, að innihalda tilteknar upplýsingar.

7) Æskilegt er að mælt sé fyrir um að eyðublöð séu notuð til þess að einfalda og hraða athugun tilkynninga og rökstuddra greinargerða.

8) Þar eð löglegir frestir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 139/2004 hefjast við tilkynningu verður einnig að ákvarða hvaða skilyrði ráða slíkum frestum og hvenær þeir hefjast.

9) Mæla þarf fyrir um reglur í þágu réttarvissu við útreikning á frestum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 139/2004. Einkum þarf að ákvarða upphaf og lok tímabila, svo og þær aðstæður sem fella tímabundið úr gildi slík tímabil, að teknu tilhlýðilegu tilliti til krafna, sem leiðir af óvenjulega þröngum tímamörkum sem málsmeðferðinni eru sett.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 68, 17.12.2009, bls. 20.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 61, 2.3.1998, bls. 1. Reglugerðin, eins og henni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

10) Setja ber ákvæði um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar er verndar að fullu rétt aðila til að gefa skýrslu og til málsvarnar. Í þessu skyni ber framkvæmdastjórninni að greina á milli aðila sem tilkynna fyrirhugaðar samfylkingar, annarra aðila, sem hlut eiga að fyrirhugaðri samfylkingu, þriðju aðila og aðila sem framkvæmdastjórnin hyggst taka ákvörðun um að beita sekt eða dagsektum.

11) Framkvæmdastjórninni ber að bjóða tilkynningaraðilum og öðrum hlutaðeigandi aðilum að fyrirhugaðri samfylkingu að ræða um hana óformlega og í fyllsta trúnaði áður en tilkynnt er um hana. Auk þess ber framkvæmdastjórninni, að tilkynningu fram kominni, að hafa áfram náið samband við þessa aðila, eftir því sem þurfa þykir, til að ræða við þá sérhver vandkvæði er lúta að framkvæmd eða eru lagalegs eðlis og hún uppgötvar við fyrstu athugun málsins og, ef kostur er, til að leysa slík vandkvæði með gagnkvæmu samkomulagi.

12) Bjóða ber tilkynningaraðilum, í samræmi við grundvallarregluna um að rétturinn til málsvarnar sé virtur, að koma fram með athugasemdir sínar við hver þau andmæli sem framkvæmdastjórnin hyggst taka tillit til í ákvörðun sinni. Einnig ber að upplýsa aðra aðila að fyrirhugaðri samfylkingu um andmæli framkvæmdastjórnarinnar og veita þeim færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum.

13) Einnig verður að veita þriðju aðilum kost á að skýra frá sjónarmiðum sínum, sæki þeir skriflega um slíkt og geti sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta.

14) Hinir ýmsu einstaklingar, sem rétt hafa til að koma fram með athugasemdir, ættu að gera það skriflega, bæði í eigin þágu og í þágu traustrar stjórnsýslu, samanber þó rétt þeirra til að óska eftir formlegri munnlegri skýrslugjöf, þar sem við á, til viðbótar við hina skriflegu málsmeðferð. Þó verður í bráðatilfellum að gera framkvæmdastjórninni kleift að taka strax við formlegri munnlegri skýrslu frá tilkynningaraðilum, öðrum hlutaðeigandi aðilum eða þriðju aðilum.

15) Nauðsynlegt er að skilgreina rétt þeirra einstaklinga sem gefa skulu skýrslu, að hve miklu leyti beri að veita þeim aðgang að skjölum framkvæmdastjórnarinnar og með hvaða skilyrðum þeir megi hafa fulltrúa eða njóta aðstoðar.

16) Þegar framkvæmdastjórnin veitir aðgang að málsskjölum skal hún tryggja vernd viðskiptaleyndarmála og annarra trúnaðarupplýsinga. Framkvæmdastjórnin skal geta farið fram á það við fyrirtæki, sem hafa lagt fram skjöl eða gefið yfirlýsingar, að þau tilgreini hverjar af upplýsingunum séu trúnaðarupplýsingar.

17) Til að gera framkvæmdastjórninni bæði kleift að meta til fullnustu skuldbindingar sem tilkynningaraðilar leggja til í þeim tilgangi að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðinum og til að tryggja tilhlýðilegt samráð við aðra hlutaðeigandi aðila, þriðju aðila og yfirvöld í aðildarríkjunum, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 139/2004, einkum 1. og 4. mgr. 18. gr., 1., 2., 3. og 5. mgr. 19. gr., ber að mæla fyrir um málsmeðferð og fresti að því er varðar tilkynningu slíkra skuldbindinga eins og um getur í 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar.

18) Einnig er nauðsynlegt að skilgreina þær reglur sem gilda um tiltekna fresti sem framkvæmdastjórnin setur.

19) Ráðgjafarnefndin um samfylkingu fyrirtækja skal skila áliti sínu á grundvelli fyrstu draga að ákvörðun. Því ber að hafa samráð við nefndina eftir að rannsókn máls er lokið. Samráð af því tagi kemur þó ekki í veg fyrir að framkvæmdastjórnin hefji rannsókn að nýju ef þörf krefur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um eftirlit með samfylkingum sem stofnað er til samkvæmt reglugerð (EB) nr. 139/2004.

II. KAFLI

TILKYNNINGAR OG AÐRAR AFHENDINGAR

2. gr.

Einstaklingar sem hafa rétt til að leggja fram tilkynningar

1. Einstaklingar eða fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 139/2004, skulu leggja fram tilkynningar.

2. Þegar fulltrúar einstaklinga eða fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.

3. Sameiginlegum fulltrúa, sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra tilkynningaraðila, ber að leggja fram sameiginlegar tilkynningar.

3. gr.

Framlagning tilkynninga

1. Tilkynningar skal leggja fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á CO-eyðublaði eins og það er sett fram í 1. viðauka. Með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3. viðauka má leggja fram tilkynningar á einfölduðu eyðublaði eins og það er skilgreint þar. Sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.

2. Senda skal eitt frumrit og 35 afrit af CO-eyðublaði og fylgiskjölum til framkvæmdastjórnarinnar. Tilkynninguna skal senda á það póstfang sem um getur í 1. mgr. 23. gr. og á því sniði sem framkvæmdastjórnin tilgreinir.

3. Fylgiskjölin skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum, í síðara tilvikinu skulu tilkynningaraðilar staðfesta að um rétt og óstytt afrit sé að ræða.

4. Tilkynningar skulu vera á opinberu tungumáli Bandalagsins. Að því er varðar tilkynningaraðila skal það tungumál einnig vera tungumál málsmeðferðarinnar, einnig verður það tungumál allra síðari málsmeðferða sem varða sömu samfylkingu. Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum Bandalagsins skal fylgja þýðing á tungumálinu sem notað er við meðferð málsins.

5. Einnig er heimilt að leggja fram tilkynningar skv. 57. gr. EES-samningsins á opinberu tungumáli EFTA-ríkjanna eða vinnutungumáli eftirlitsstofnunar EFTA. Kjósi tilkynningaraðilar að leggja fram tilkynningu á tungumáli sem er ekki eitt opinberra tungumála Bandalagsins skulu þeir jafnframt láta fylgja með öllum skjölum þýðingu á einhverju opinberu tungumáli Bandalagsins. Tungumálið sem notað er við þýðinguna skal ákvarða hvaða tungumál framkvæmdastjórnin notar sem tungumál meðferðar málsins við tilkynningaraðilana.

4. gr.

Upplýsingar og skjöl sem láta skal í té

1. Í tilkynningum skulu vera upplýsingar, þ.m.t. skjöl, sem farið er fram á í viðeigandi eyðublöðum sem sett eru fram í viðaukunum. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.

2. Framkvæmdastjórnin getur veitt undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram tilteknar upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningunni, þ.m.t. skjöl, eða frá öðrum kröfum sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka, telji framkvæmdastjórnin að ekki sé nauðsynlegt fyrir rannsókn málsins að þær skyldur eða kröfur séu uppfylltar.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda tilkynningaraðilum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar staðfestingu á því að henni hafi borist tilkynningin og svör við bréfum sem hún hefur sent skv. 2. og 3. mgr. 5. gr.

5. gr.

Gildistökudagur tilkynninga

1. Litið skal svo á að tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast framkvæmdastjórninni, samanber þó 2., 3. og 4. mgr.

2. Ef upplýsingar, þ.m.t. skjöl, sem eru innifalin í tilkynningu, eru ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal framkvæmdastjórnin tilkynna það tilkynningaraðilum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar. Í þessum tilvikum skal litið svo á að tilkynningin öðlist gildi daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast framkvæmdastjórninni.

3. Komi í ljós breytingar sem máli skipta á staðreyndum sem greint er frá í tilkynningunni, eftir að hún hefur verið gerð og sem tilkynningaraðilum er kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um, eða ef nýjar upplýsingar koma í ljós eftir tilkynninguna, sem tilkynningaraðilum er kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um og sem hefði átt að greina frá í tilkynningunni, skal framkvæmdastjórninni tilkynnt um það án tafar. Í slíkum tilvikum, þegar verulegar breytingar eða nýjar upplýsingar gætu haft veruleg áhrif á mat á samfylkingunni, getur framkvæmdastjórnin litið svo á að tilkynningin öðlist gildi á þeim degi þegar framkvæmdastjórnin tekur við viðkomandi upplýsingum, og skal framkvæmdastjórnin tilkynna tilkynningaraðilum eða fulltrúum þeirra það skriflega og án tafar.

4. Farið er með rangar eða misvísandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.

5. Þegar framkvæmdastjórnin gefur út yfirlýsingu um að henni hafi borist tilkynning, skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, skal hún tilgreina dagsetninguna þegar hún veitti tilkynningunni viðtöku. Frestist gildistaka tilkynningar frá auglýstri dagsetningu hennar, samanber 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin gefa út nýja yfirlýsingu þar sem síðari dagsetningin er tilgreind.

6. gr.

Sértæk ákvæði sem varða rökstuddar greinargerðir, viðbætur og vottorð

1. Rökstuddar greinargerðir í skilningi 4. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skulu hafa að geyma þær upplýsingar, þ.m.t. gögn, sem tilskilin eru í samræmi við III. viðauka þessarar reglugerðar.

2. Ákvæði 2. gr., 3. gr. (1. mgr.), þriðja setning, 3. gr. (2. til 5. mgr.), 4. gr., 5. gr. (1. og 2. mgr. 1. setning, 3. og 4. mgr.), 21. gr. og 23. gr. þessarar reglugerðar skulu eiga við að breyttu breytanda um greinargerðir í skilningi 4. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

Ákvæði 2. gr., 3. gr. (1. mgr. þriðja setning), 3. gr. (2. til 5. mgr.), 4. gr., 5. gr. (1. til 4. mgr.) 21. og 23. gr. þessarar reglugerðar skulu eiga við að breyttu breytanda um viðbætur við tilkynningar og vottorð í skilningi 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

III. KAFLI

FRESTIR

7. gr.

Upphaf frests

Frestur hefst á næsta virka degi, í skilningi 24. gr. þessarar reglugerðar, eftir þann atburð sem viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 139/2004 vísar til.

8. gr.

Lok frests

Frestur sem reiknaður er út í virkum dögum skal renna út við lok síðasta virka dags.

Frestur sem framkvæmdastjórn ákvarðar miðað við tiltekna dagsetningu skal renna út við lok þess dags.

9. gr.

Frestur rofinn

1. Rjúfa skal frestina, sem um getur í 4. mgr. 9. gr. og 1. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, verði framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun skv. 3. mgr. 11. gr. eða 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, vegna einhvers af eftirfarandi:

a) upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, frá einum tilkynningaraðila eða öðrum hlutaðeigandi aðila samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessarar reglugerðar eru ekki veittar, eða ekki veittar að fullu, innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur,

b) upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir frá þriðja aðila skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessarar reglugerðar, eru ekki veittar, eða ekki veittar svo fullnægjandi sé, innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur vegna aðstæðna sem einn tilkynningaraðili eða annar hlutaðeigandi aðili samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessarar reglugerðar ber ábyrgð á;

c) einn tilkynningaraðila eða annar hlutaðeigandi aðili eins og skilgreint er í 11. gr. þessarar reglugerðar hefur neitað að gangast undir skoðun sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlega á grundvelli 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 eða að aðstoða við framkvæmd slíkrar rannsóknar í samræmi við 2. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar,

d) tilkynningaraðilar hafa ekki tilkynnt framkvæmdastjórninni um verulegar breytingar á staðreyndum sem eru tilgreindar í tilkynningunni, eða um nýjar upplýsingar þess efnis sem um getur í 3. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

2. Fresturinn sem um getur í 4. mgr. 9. gr., og 1. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skal rofinn þegar framkvæmdastjórnin þarf að taka ákvörðun skv. 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, án þess að fyrst sé farið fram á upplýsingar, vegna aðstæðna sem eitthvert hlutaðeigandi fyrirtækja ber ábyrgð á.

3. Fresturinn sem um getur í 4. mgr. 9. gr. og 1. og 3. mgr. 10 gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skal rofinn:

a) í tilvikum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., frá þeim tíma er frestur, sem tiltekinn er í venjulegri beiðni um upplýsingar, er útrunninn þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast,

b) í tilvikum sem um getur í c-lið 1. mgr., frá þeim tíma er tilraun til að gera athugun mistókst þar til athuguninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið,

c) í tilvikum sem um getur í d-lið 1. mgr., frá þeim tíma er breytingar urðu á málavöxtum sem þar er getið þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast,

d) í tilvikum sem um getur í 2. mgr., frá þeim tíma er frestur, sem tiltekinn er í ákvörðun, er útrunninn þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast.

4. Frestur er rofinn á næsta virka degi eftir að atburðurinn, sem er tilefni rofsins, átti sér stað. Rof á fresti stendur til loka þess dags þegar tilefni þess er ekki lengur fyrir hendi. Ef sá dagur er ekki virkur dagur skal rofi á fresti ljúka við lok næsta virka dags.

10. gr.

Að virða frest

1. Litið er svo á að frestir, sem um getur í 4. gr. (4. mgr. 4. undirgr.), 9. gr. (4. mgr.), 10. gr. (1. og 3. mgr.) og 22. gr. (3. mgr.) reglugerðar (EBE) nr. 139/2004, hafi verið virtir ef framkvæmdastjórnin tekur viðeigandi ákvörðun áður en frestur rennur út.

2. Litið skal svo á að frestir sem um getur í 4. gr. (4. mgr. 2. undirgr.), 4. gr. (5. mgr., 3. undirgr.), 9. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr., 2. undirgr.) og 22. gr. (2. mgr., 2. undirgr.) reglugerðar (EB) nr. 139/2004 hafi verið virtir af aðildarríki sem um er að ræða ef það aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni skriflega um það eða leggur fram skriflega beiðni eða á aðild að slíkri beiðni, eftir atvikum, áður en fresturinn rennur út.

3. Litið er svo á að fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 139/2004, hafi verið virtur ef lögbæra yfirvaldið í viðkomandi aðildarríki tilkynnir viðkomandi fyrirtækjum það á þann hátt sem þar er kveðið á um í þeim ákvæðum áður en fresturinn rennur út.

IV. KAFLI

RÉTTUR TIL AÐ FLYTJA MÁL SITT: SKÝRSLUGJÖF

11. gr.

Aðilar sem eiga þess kost að flytja mál sitt

Að því er varðar réttinn til að flytja mál sitt skv. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 eru eftirtaldir aðilar aðgreindir:

a) tilkynningaraðilar, þ.e. einstaklingar eða fyrirtæki sem leggja fram tilkynningu í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004,

b) aðrir hlutaðeigandi aðilar, þ.e. aðilar að fyrirhugaðri samfylkingu, aðrir en tilkynningaraðilar, t.d. seljendur og fyrirtækið sem verður til með samfylkingunni,

c) þriðju aðilar, þ.e. einstaklingar eða lögaðilar, þ.m.t. viðskiptavinir, birgjar og keppinautar, að því tilskildu að þeir sýni fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, í skilningi annarrar setningar 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, sem einkum á við um

— aðila að stjórn eða stjórnun viðkomandi fyrirtækja, eða viðurkennda fulltrúa starfsmanna þeirra,

— neytendasamtök, þegar fyrirhuguð samfylking varðar vörur eða þjónustu til neytenda,

d) aðila sem framkvæmdastjórnin hyggst taka ákvörðun um í samræmi við 14. eða 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

12. gr.

Ákvarðanir um frestun samfylkinga

1. Hyggist framkvæmdastjórnin taka ákvörðun skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir einn eða fleiri málsaðila skal hún, skv. 1. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar, láta tilkynningaraðila og aðra hlutaðeigandi vita skriflega um andmæli sín og setja þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Hafi framkvæmdastjórnin tekið bráðabirgðaákvörðun skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, án þess að veita tilkynningaraðilum og öðrum hlutaðeigandi aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum skal hún senda þeim texta bráðabirgðaákvörðunarinnar án tafar og setja þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

Þegar tilkynningaraðilar og aðrir hlutaðeigandi aðilar hafa skýrt frá sjónarmiðum sínum skal framkvæmdastjórnin taka lokaákvörðun og ógilda, breyta eða staðfesta bráðabirgðaákvörðun. Hafi þeir ekki skýrt skriflega frá sjónarmiðum sínum innan tiltekins frests skal bráðabirgðaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar gilda sem lokaákvörðun þegar fresturinn er útrunninn.

13. gr.

Ákvarðanir um efnisatriði málsins

1. Hyggist framkvæmdastjórnin taka ákvörðun samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 6. gr. eða 2. - 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skal hún veita hlutaðeigandi aðilum færi á að gefa skýrslu skv. 1. og 3. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar gildir að breyttu breytanda þegar framkvæmdastjórnin hefur beitt 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 og tekið ákvörðun til bráðabirgða skv. 5. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal beina andmælum sínum skriflega til tilkynnenda.

Um leið og framkvæmdastjórnin tilkynnir um andmæli sín skal hún setja frest sem tilkynningaraðilar geta nýtt sér til að koma athugasemdum sínum skriflega á framfæri við framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum hlutaðeigandi aðilum skriflega um andmæli sín.

Framkvæmdastjórnin skal einnig setja frest sem aðrir hlutaðeigandi aðilar geta nýtt sér til að koma athugasemdum sínum skriflega á framfæri við framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til athugasemda sem berast eftir að fresturinn sem hún ákvarðaði er útrunninn.

3. Aðilar, sem framkvæmdastjórnin hefur beint andmælum sínum til eða sem hefur verið tilkynnt um slík andmæli, skulu skýra skriflega frá athugasemdum sínum varðandi andmælin innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að setja fram alla málavexti og öll atriði, sem þeim er kunnugt um og varða málsvörn, í skriflegum athugasemdum sínum og láta fylgja með öll skjöl sem máli skipta sem sönnunargögn á þær upplýsingar sem lagðar eru fram. Þeim er einnig heimilt að leggja til að framkvæmdastjórnin taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest fyrrnefndar upplýsingar. Þeir skulu senda framkvæmdastjórninni eitt frumrit og 10 afrit af athugasemdum sínum á póstfang aðalskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar um samkeppnismál. Einnig skal senda rafrænt afrit á sama póstfang og á því sniði sem framkvæmdastjórnin tilgreinir. Framkvæmdastjórnin framsendir án tafar afrit slíkra skriflegra athugasemda til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum.

4. Hyggist framkvæmdastjórnin taka ákvörðun skv. 14. eða 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skal hún veita málsaðilum, sem hún hyggst taka ákvörðun um, færi á að gefa skýrslu skv. 1. og 3. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja.

Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein 2. mgr., og í 3. mgr., gildir að breyttu breytanda.

14. gr.

Munnleg skýrslugjöf

1. Ef framkvæmdastjórnin ætlar að taka ákvörðun skv. 3. mgr. 6. gr. eða 2. - 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, skal hún veita þeim tilkynningaraðilum sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum tækifæri til að rökstyðja mál sitt við formlega, munnlega skýrslugjöf. Henni er einnig heimilt, á öðrum stigum málsmeðferðarinnar, að veita sömu aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

2. Þegar framkvæmdastjórnin hyggst taka ákvörðun skv. 3. mgr. 6. gr. eða 2. - 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, skal hún einnig veita öðrum aðilum, sem málið varðar og sem hafa óskað eftir því í skriflegum athugasemdum sínum, tækifæri til að rökstyðja mál sitt við formlega, munnlega skýrslugjöf. Henni er einnig heimilt, á öðrum stigum málsmeðferðarinnar, að veita öðrum aðilum, sem málið varðar, færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

3. Þegar framkvæmdastjórnin hyggst taka ákvörðun skv. 14. gr. eða 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skal hún veita þeim aðilum sem hún hyggst sekta, eða leggja á dagsektir, tækifæri til að gera grein fyrir rökstuðningi sínum við formlega, munnlega skýrslugjöf, hafi þeir óskað eftir því í skriflegum athugasemdum sínum. Henni er einnig heimilt, á öðrum stigum málsmeðferðarinnar, að veita slíkum aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

15. gr.

Framkvæmd formlegrar, munnlegrar skýrslugjafar

1. Skýrslugjafarfulltrúi skal stjórna formlegri, munnlegri skýrslugjöf og skal hann vera fullkomlega hlutlaus.

2. Framkvæmdastjórnin skal boða þá einstaklinga, sem eiga að gefa skýrslu, til formlegrar munnlegrar skýrslugjafar á þeim degi sem hún ákveður.

3. Framkvæmdastjórnin skal bjóða lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að taka þátt í hvers konar formlegri, munnlegri skýrslugjöf.

4. Aðilar, sem eru boðaðir, skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglega fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem reglur þeirra heimila, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er einnig heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

5. Þeim sem gefa framkvæmdastjórninni skýrslu er heimilt að leita aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra og lögbærra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.

6. Formleg, munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið boðaðir, og tekið skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

7. Skýrslugjafarfulltrúi getur heimilað öllum aðilum í skilningi 11. greinar, þjónustudeildum framkvæmdastjórnarinnar og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að bera fram spurningar við formlega, munnlega skýrslugjöf. Skýrslugjafarfulltrúi getur haldið undirbúningsfund með aðilum og þjónustudeildum framkvæmdastjórnarinnar til þess að greiða fyrir skilvirku fyrirkomulagi formlegu, munnlegu skýrslugjafarinnar.

8. Skrá skal málflutning allra sem gefa skýrslu. Þeir sem eru viðstaddir formlega, munnlega skýrslugjöf skulu fá aðgang að skráðum málflutningi ef þeir óska eftir því. Taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

16. gr.

Skýrslugjöf annarra aðila

1. Sæki þriðju aðilar skriflega um að fá að gefa skýrslu samkvæmt öðrum málslið 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skal framkvæmdastjórnin tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Þeir þriðju aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega innan tiltekins frests. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir því sem við á, að veita slíkum þriðju aðilum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að taka þátt í formlegri skýrslugjöf. Henni er einnig heimilt, í öðrum tilvikum, að veita þriðju aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

3. Einnig getur framkvæmdastjórnin boðið hvaða einstaklingi eða lögaðila sem er að kynna sjónarmið sín, bæði skriflega og munnlega, einnig við formlega, munnlega skýrslugjöf.

V. KAFLI

AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM OG MEÐFERÐ TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

17. gr.

Aðgangur að málsskjölum og notkun skjala

1. Framkvæmdastjórnin skal veita þeim málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, aðgang að málsskjölum, ef um það er beðið, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að nýta rétt sinn til málsvarnar. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um andmæli.

2. Framkvæmdastjórnin skal einnig veita öðrum hlutaðeigandi aðilum, sem hún hefur tilkynnt um andmæli sín, aðgang að málsskjölunum, að beiðni þeirra, að því marki sem nauðsynlegt er við gerð athugasemda.

3. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til trúnaðarupplýsinga eða innanhússskjala framkvæmdastjórnarinnar eða lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær heldur ekki til bréfaskipta á milli framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum eða milli lögbærra yfirvalda innbyrðis.

4. Skjöl, sem hafa fengist með aðgangi að málsskjölum samkvæmt þessari grein, má einungis nota í viðeigandi málum vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

18. gr.

Trúnaðarupplýsingar

1. Framkvæmdastjórnin skal ekki afhenda eða veita aðgang að upplýsingum, þ.m.t. skjöl, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar, telji framkvæmdastjórnin slíka birtingu ekki nauðsynlega vegna málsmeðferðarinnar.

2. Aðili, sem skýrir frá sjónarmiðum sínum eða athugasemdum skv. 12. gr., 13. gr. og 16. gr. þessarar reglugerðar, eða afhendir upplýsingar skv. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, eða afhendir framkvæmdastjórninni síðar frekari upplýsingar á meðan á þessari sömu málsmeðferð stendur, skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur vera trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt innan frests sem framkvæmdastjórnin veitir honum til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. getur framkvæmdastjórnin krafist þess að aðilar sem um getur í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, fyrirtæki og samtök fyrirtækja, í öllum tilvikum sem þau leggja fram eða hafa lagt fram skjöl eða greinargerðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 139/2004, tilgreini hvaða skjöl eða hlutar skjala þau telja að innihaldi viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem tilheyra þeim og gagnvart hvaða fyrirtækjum slík skjöl skuli vera trúnaðarmál.

Einnig getur framkvæmdastjórnin farið fram á það að þeir aðilar sem um getur í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 fyrirtæki eða samtök fyrirtækja tilgreini þá hluta yfirlýsingar til andmæla, samantekt eða ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, sem að þeirra mati hefur að geyma viðskiptaleyndarmál.

Þegar viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar hafa verið tilgreindar skulu aðilar, fyrirtæki og samtök fyrirtækja rökstyðja það og leggja fram sérútgáfu þar sem trúnaðarupplýsingum er sleppt fyrir þá dagsetningu sem framkvæmdastjórnin tilgreinir.

VI. KAFLI

SKULDBINDINGAR SEM VIÐKOMANDI FYRIRTÆKI LEGGJA TIL

19. gr.

Frestur til að leggja fram skuldbindingar

1. Skuldbindingar sem fyrirtækin leggja til skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en innan 20 virkra daga frá móttökudegi tilkynningarinnar.

2. Skuldbindingar sem fyrirtækin leggja til skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en innan 65 virkra daga frá þeim degi þegar málsmeðferð var hafin.

Í samræmi við 2. undirgrein 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, þegar fresturinn til að samþykkja ákvörðun skv. 1., 2. og 3. mgr. 8. gr. er framlengdur, skal fresturinn, sem er 65 virkir dagar, til að leggja fram skuldbindingar, sjálfkrafa lengjast um sama fjölda virkra daga.

Í undantekningartilvikum getur framkvæmdastjórnin samþykkt skuldbindingar sem lagðar eru til eftir að fresturinn til framlagningar þeirra í skilningi þessarar málsgreinar rennur út, að því tilskildu að farið sé að málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

3. Ákvæði 7., 8. og 9. gr. gilda að breyttu breytanda.

20. gr.

Málsmeðferð við framlagningu skuldbindinga

1. Senda skal framkvæmdastjórninni eitt frumrit og 10 afrit af skuldbindingum, sem viðkomandi fyrirtæki hafa lagt til við framkvæmdastjórnina skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, á póstfang aðalskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar um samkeppnismál. Einnig skal senda rafrænt afrit á sama póstfang og á því sniði sem framkvæmdastjórnin tilgreinir. Framkvæmdastjórnin framsendir án tafar afrit slíkra skuldbindinga til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum.

2. Þegar fyrirtæki bjóða skuldbindingar skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 skulu þau jafnframt tilgreina með skýrum hætti hvaða upplýsingar þau telja trúnaðarmál og rökstyðja það og leggja fram sérstaka útgáfu sem ekki telst trúnaðarmál.

VII. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

21. gr.

Sending skjala

1. Heimilt er að senda skjöl og kvaðningu frá framkvæmdastjórninni til viðtakenda á einhvern eftirfarandi máta:

a) með boðsendingu gegn kvittun,

b) með ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku,

c) með símbréfi ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku,

d) með fjarrita,

e) með tölvupósti ásamt beiðni um kvittum fyrir móttöku.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð gildir 1. mgr. einnig um sendingu tilkynnenda, annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila á skjölum til framkvæmdastjórnarinnar.

3. Ef skjal er sent með fjarrita, símbréfi eða tölvupósti skal gera ráð fyrir að viðtakanda hafi borist það í hendur sama dag og það var sent.

22. gr.

Frestir settir

Þegar framkvæmdastjórnin setur fresti, sem kveðið er á um í 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.), skal hún taka tillit til þess undirbúningstíma sem þörf er á við gerð umsagnar og til þess hversu brýnt málið er. Hún skal einnig taka tillit til virkra daga og lögboðinna frídaga í landinu sem orðsending hennar fer til.

Frestina skal binda við ákveðna almanaksdaga.

23. gr.

Viðtaka skjala hjá framkvæmdastjórninni

1. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar skulu tilkynningar afhentar framkvæmdastjórninni á póstfangi aðalskrifstofu framkvæmdastjórnar í samkeppnismálum eins og framkvæmdastjórnin birtir það í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Viðbótarupplýsingar sem farið er fram á til að ganga frá tilkynningum skulu berast framkvæmdastjórninni á því póstfangi sem um getur í 1. mgr.

3. Nauðsynlegt er að skriflegar athugasemdir við orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar skv. 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar berist framkvæmdastjórninni á póstfang sem um getur í 1. mgr. áður en sá frestur, sem er tiltekinn hverju sinni, rennur út.

24. gr.

Skilgreining á virkum dögum

Orðalagið virkir dagar í reglugerð (EB) nr.139/2004 og þessari reglugerð vísar til allra daga nema laugardaga, sunnudaga og orlofsdaga framkvæmdastjórnar eins og þeir birtast í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í upphafi hvers árs.

25. gr.

Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði

1. Reglugerð (EB) nr. 447/98 fellur úr gildi frá og með 1. maí 2004, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldar reglugerðir sem tilvísanir í þessa reglugerð.

2. Reglugerð (EB) nr. 447/98 skal gilda áfram um allar samfylkingar sem eru á gildissviði reglugerðar (EBE) nr. 4064/89.

3. Að því er varðar 2. mgr. skulu 1. til 11. þáttur I. viðauka þessarar reglugerðar koma í stað 1. til 12. þáttar viðauka við reglugerð (EB) 447/98. Þegar svo ber undir skulu vísanir í þeim þáttum til „samrunareglugerðar EB“ og „framkvæmdarreglugerðarinnar“ túlkaðar sem svo að þær vísi til samsvarandi ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 og reglugerðar (EB) nr. 447/98.

26. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ CO FYRIR TILKYNNINGU UM SAMFYLKINGU SAMKVÆMT REGLUGERÐ (EB) nr. 139/2004

1. INNGANGUR

1.1. Tilgangurinn með eyðublaðinu

Á þessu eyðublaði kemur fram hvaða upplýsingar tilkynningaraðilar þurfa að veita þegar þeir leggja fram tilkynningu til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um fyrirhugaða samfylkingu, kaup eða annan samruna. Kveðið er á um samrunaeftirlitskerfi Evrópusambandsins í reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (hér á eftir nefnd „samrunareglugerð EB“) og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. xx/2004 (hér á eftir nefnd „framkvæmdarreglugerðin“), sem þetta CO-eyðublað fylgir með í viðauka. ([1]) Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Europa-vefseturs framkvæmdastjórninnar.

Til að takmarka tíma og kostnað sem varið er þegar ólíkum málsmeðferðarreglum við samrunaeftirlit er fylgt í mörgum löndum hefur Evrópusambandið sett á stofn samrunaeftirlitskerfi þar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna metur samfylkingar á vettvangi Bandalagsins (yfirleitt þegar aðilar að samfylkingu uppfylla tiltekin veltumörk) ([2]) með einni málsmeðferð (samkvæmt meginreglunni um afgreiðslu á einum stað). Samrunar sem uppfylla ekki sett veltumörk kunna að falla undir valdsvið þeirra yfirvalda í aðildarríkjum sem annast samrunaeftirlit.

Samkvæmt ákvæðum samrunareglugerðar EB ber framkvæmdastjórninni að taka ákvörðun innan lagalegs eindaga. Í upphafsáfanga hefur framkvæmdastjórnin yfirleitt 25 virka daga til þess að ákvarða hvort heimila skuli samfylkinguna eða „hefja málsmeðferð“, þ.e. að ráðast í ítarlega rannsókn ([3]). Ákveði framkvæmdastjórnin að hefja málsmeðferð þarf hún að öllu jöfnu að taka lokaákvörðun um aðgerðina eigi síðar en innan 90 virkra daga frá þeim degi þegar málsmeðferðin hefst ([4]).

Með tilliti til þessara eindaga, og til þess að meginreglan um afgreiðslu í einum stað gangi upp, skiptir sköpum að framkvæmdastjórninni berist tímanlega þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að framkvæma rannsókn og meta áhrif samfylkingarinnar á hlutaðeigandi markaði. Þetta útheimtir tiltekið magn upplýsinga sem þurfa að berast þegar tilkynningin er lögð fram.

Viðurkennt er að þær upplýsingar sem farið er fram á með þessu eyðublaði eru mikilvægar. Þó hefur reynslan sýnt að ekki eru allar upplýsingar endilega nauðsynlegar til þess að unnt sé að rannsaka fyrirhugaða samfylkingu með viðunandi hætti, og veltur það á málavöxtum í hverju tilviki. Í samræmi við það eru menn hvattir til að biðja framkvæmdastjórnina um undanþágu frá þeirri skyldu að veita tilteknar upplýsingar („undanþága“), ef þeir telja að tilteknar upplýsingar, sem farið er fram á í eyðublaðinu, kunni að vera ónauðsynlegar að því er varðar rannsókn framkvæmdastjórnarinnar. Nánar um þetta í g-lið þáttar 1.3.

Það er afar nytsamlegt, bæði fyrir tilkynnendur og framkvæmdastjórnina, að funda áður en tilkynning er lögð fram til að ákvarða nákvæmlega hvaða upplýsingar verða að koma fram í tilkynningunni, enda er árangurinn í flestum tilvikum sá að verulega er dregið úr kröfum um upplýsingar. Tilkynnendum er vísað á bestu starfsvenjur við framkvæmd samrunaeftirlits EB, en þar eru leiðbeiningar um fundi áður en tilkynning er lögð fram og um undirbúning tilkynninga.

Auk þess er vakin athygli á því að tilkynna má um tilteknar samfylkingar, sem ekki er sennilegt að varði samkeppni, með því að nota stutt eyðublað sem fylgir í II. viðauka við framkvæmdarreglugerðina.

1.2. Hver á að leggja fram tilkynningu?

Sé um samruna að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB eða öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB skulu samrunaaðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningunni ([5]).

---

1) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 (Stjtíð. EB L 24, 29.1.2004, bls. 1) Athygli er vakin á samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“). Sjá einkum 57. gr. EES-samningsins (1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls), svo og bókun 21 og 24 við EES-samninginn og 1. gr. og samþykkta fundargerð með bókun um breytingu á EES-samningnum. Þegar getið er EFTA-ríkjanna er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum. Frá 1. maí 2004 eru þessi ríki Ísland, Liechtenstein og Noregur.

2) Hugtakið „samfylking“ er skilgreint í 3. gr. samrunareglugerðar EB og hugtakið „hagsmunir Bandalagsins“ í 1. gr. hennar. Auk þess er kveðið á um það í 5. mgr. 4. gr. að við tilteknar aðstæður, þegar viðmiðunarmörk Bandalagsins um veltu eru ekki virt, geti tilkynningaraðilar farið fram á að framkvæmdastjórnin fari með fyrirhugaða samfylkingu sem mál sem varði hagsmuni Bandalagsins.

3) Sjá 1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðar EB.

4) Sjá 3. mgr. 10. gr. samrunareglugerðar EB.

5) Sjá 2. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningunni.

Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningunni.

Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

1.3. **Krafan um að tilkynning sé rétt og fullnægjandi**

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Upplýsingarnar ber að láta í té í réttum hluta þessa eyðublaðs. Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

a) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar og 2. og 4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar hefjast frestir samkvæmt samrunareglugerð EB, sem tengjast tilkynningum, ekki fyrr en framkvæmdastjórninni hafa borist allar upplýsingar sem fylgja skulu tilkynningunni. Tilgangurinn með þessari kröfu er að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið tilkynnta samfylkingu fyrirtækja innan þeirra ströngu tímamarka sem kveðið er á um í samrunareglugerð EB.

b) Þegar tilkynningaraðilar undirbúa tilkynningu sína skulu þeir ganga úr skugga um hvort nöfn og númer tengiliða, einkum bréfasímanúmer og tölvupóstföng, sem send eru framkvæmdastjórninni, séu nákvæm, viðeigandi og uppfærð.

c) Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í tilkynningu sem ófullnægjandi upplýsingar (5. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

d) Ef tilkynning er ófullnægjandi lætur framkvæmdastjórnin tilkynningaraðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast ekki gildi fyrr en daginn sem framkvæmdastjórnin hefur veitt fullnægjandi og nákvæmum upplýsingunum viðtöku (1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðar EB og 2. og 4 mgr. 5. gr. framkvæmdareglugerðarinnar).

e) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðar EB geta tilkynningaraðilar sem, hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi, veita villandi upplýsingar sætt sektum allt að 1% samanlagðrar veltu viðkomandi fyrirtækis. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt, samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 6. mgr. 8. gr. samrunareglugerðar EB, að afturkalla ákvörðun sína um að tilkynnt samfylking samrýmist kröfum hins sameiginlega markaðar ef ákvörðunin byggist á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á.

f) Heimilt er að fara þess skriflega á leit við framkvæmdastjórnina að hún samþykki að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru yður ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrirtæki sem fjandsamlegt yfirtökutilboð beinist að). Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að greint sé frá ástæðum þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynt sé eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og tilgreint sé á hverju þetta mat byggist. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar framkvæmdastjórnin gæti aflað þeirra upplýsinga sem yður voru ekki tiltækar.

g) Heimilt er að fara þess skriflega á leit við framkvæmdastjórnina að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, í fullri lengd eða styttri gerð, vanti ef talið er að þessar upplýsingar kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að fullnægjandi rök séu færð fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir rannsókn hennar á hinni tilkynntu aðgerð. Rétt er að skýra frá þessu í samskiptum við framkvæmdastjórnina áður en að tilkynningu kemur og óska eftir því skriflega við framkvæmdastjórnina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, skv. 2. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

1.4. **Hvernig ber að standa að tilkynningu?**

Tilkynningu ber að leggja fram á opinberu tungumáli Bandalagsins. Þetta tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla tilkynningaraðila. Ef tilkynning er samin í samræmi við 12. gr. bókunar 24 við EES-samninginn á opinberu tungumáli EFTA-ríkis, sem er ekki opinbert tungumál Bandalagsins, skal tilkynningunni og öllum fylgiskjölum fylgja þýðing á opinberu tungumáli Bandalagsins.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing eins og kveðið er á um í 11. þætti, og fylgiskjöl. Við frágang 7. til 9. þáttar þessa eyðublaðs eru tilkynningaraðilar hvattir til þess að skoða hvort best sé, fyrir skýrleika sakir, að setja þessa þætti fram í númeraröð eða hvort hægt sé að flokka þá saman fyrir hvern hlutaðeigandi markað þar sem áhrifa gætir (eða flokk markaða þar sem áhrifa gætir).

Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að allar helstu upplýsingar, einkum þær sem varða markaðshlutdeild aðilanna og helstu samkeppnisaðila þeirra, komi fram í meginmáli CO-eyðublaðsins. Viðauka við þetta eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á eyðublaðinu sjálfu.

Leggja skal fram samskiptaupplýsingar á sniði sem stjórnardeild framkvæmdastjórnarinnar í samkeppnismálum leggur til. Brýnt er að allar samskiptaupplýsingar séu réttar svo að rannsóknarferlið fari rétt fram. Ítrekuð tilvik um rangar samskiptaupplýsingar geta verið tilefni til að úrskurða að tilkynning sé ófullnægjandi.

Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu; sé það ekki opinbert tungumál Bandalagsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins (sbr. 4. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber tilkynnanda að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal eitt frumrit og 35 afrit af CO-eyðublaði og fylgiskjölum til aðalskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar í samkeppnismálum.

Tilkynninguna skal senda til þess póstfangs sem um getur í 23. gr. ([1]) framkvæmdarreglugerðarinnar og á því sniði sem framkvæmdastjórnin tilgreinir hverju sinni. Póstfangið er birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Tilkynninguna skal afhenda framkvæmdastjórninni á virkum degi sbr. skilgreininguna í 24. gr. framkvæmdar-reglugerðarinnar. Ef unnt á að vera að skrá hana samdægurs verður hún að berast fyrir kl. 17:00 mánudaga til fimmtudaga og fyrir kl. 16:00 á föstudögum og á virkum dögum næst á undan opinberum frídögum og öðrum frídögum eins og framkvæmdastjórnin fastsetur og birt er í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Fara ber að þeim öryggisfyrirmælum sem birt eru á vefsetri aðalskrifstofu í samkeppnismálum.

1.5. **Trúnaðarkvaðir**

Í 287. gr. sáttmálans og 2. mgr. 17. gr. samrunareglugerðarinnar svo og í samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ([1]), er kveðið á um að framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum sé óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynningaraðila.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða, eða gangi fleiri en einn málsaðili frá tilkynningunni, er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í lokuðu umslagi og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Tilkynningin telst ekki fullnægjandi fyrr en allir slíkir viðaukar hafa borist.

1.6. **Skilgreiningar og leiðbeiningar við frágang þessa eyðublaðs**

Tilkynningaraðili eða -aðilar: ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram tilkynningu er hugtakið tilkynningaraðilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur tilkynninguna fram.

Samfylkingaraðili (eða -aðilar): hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þ.m.t. öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

Hugtökin tilkynningaraðili (-aðilar) og samfylkingaraðili (-aðilar) taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjahópum og þessir tilkynnendur/aðilar, nema annað sé tekið fram. Markaðir þar sem áhrifa gætir:

Í 6. þætti eyðublaðsins er óskað eftir að tilkynningaraðilar skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini enn fremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum frá tilkynntum aðgerðum. Þessi skilgreining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um markaði þar sem áhrifa gætir á eyðublaðinu er átt við markaði sem tilkynningaraðilar skilgreina. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.

([1]) Sjá einkum 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og 2. mgr. 17. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samningurinn).

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár“ á eyðublaðinu merkja almanaksár, nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, skulu eiga við árið á undan tilkynningarárinu, nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um í liðum 3.3 - 3.5, skulu gefnar upp í evrum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanir á þessu eyðublaði vísa til viðeigandi greina og málsgreina samrunareglugerðar EB, nema annað sé tekið fram.

1.7. **Miðlun upplýsinga til starfsmanna og fulltrúa þeirra**

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á hugsanlegum skuldbindingum aðila að samfylkingu samkvæmt löggjöf Bandalagsins og/eða landslögum um upplýsingar og samráð vegna viðskipta sem tengjast samfylkingu, gagnvart starfsmönnum og/eða fulltrúa þeirra.

1. ÞÁTTUR

Lýsing á samfylkingu

1.1. Leggja skal fram samantekt um starfsemi samfylkingar, þar sem tilgreindir eru aðilar að samfylkingu, eðli hennar (t.d. hvort um er að ræða samruna, yfirtöku eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni), starfssvið tilkynnenda, markaði þar sem áhrifa samfylkingarinnar gætir (þ.m.t. helstu markaðir þar sem áhrifa gætir ([1])) og skipulagslegar og efnahagslegar grunnforsendur samfylkingarinnar.

1.2. Leggja skal fram samantekt (allt að 500 orð) um þær upplýsingar sem kveðið er á um í þætti 1.1. Fyrirhugað er að birta samantektina á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar daginn sem tilkynnt er um samfylkinguna. Samantektina skal semja þannig að hún innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar eða viðskiptaleyndarmál.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar um aðila

2.1. Upplýsingar um tilkynningaraðila. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram:

2.1.1. heiti og póstfang fyrirtækis,

2.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,

2.1.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu og

2.1.4. póstfang vegna þjónustu tilkynningaraðila (eða hvers tilkynningaraðila) þar sem unnt er að afhenda skjöl, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnar. Leggja skal fram nafn, símanúmer og tölvupóstfang aðila á þessu póstfangi sem hefur heimild til þess að njóta þjónustu.

2.2. Í upplýsingum um aðra aðila ([2]) að samfylkingunni; fyrir hvern samfylkingaraðila um sig (að undanskildum tilkynningaraðila eða -aðilum) skal taka eftirfarandi fram:

2.2.1. heiti og póstfang fyrirtækis,

2.2.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,

2.2.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu og

2.2.4. póstfang aðila (eða hvern aðila um sig) sem hægt er að afhenda skjöl, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnar. Leggja skal fram nafn, tölvupóstfang og símanúmer aðila á viðkomandi póstfangi sem hefur heimild til þess að taka við tilkynningum.

([1]) Sjá þátt 6.III um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.
([2]) Þetta tekur einnig til fyrirtækis sem fjandsamleg yfirtaka beinist að en í því tilviki skal tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

2.3. Tilnefning fulltrúa

Ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi heimild til þess. Í skriflegri staðfestingu skulu vera nöfn og stöður þeirra sem veita slíka heimild.

Veita skal eftirfarandi samskiptaupplýsingar um þá fulltrúa sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd hvaða samfylkingaraðila sem vera skal og tilgreina umbjóðendur þeirra:

2.3.1. nafn fulltrúa,

2.3.2. póstfang fulltrúa,

2.3.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar og

2.3.4. póstfang fulltrúa (í Brussel, ef um það er að ræða) sem unnt er að beina öllum pósti og skjölum til.

3. ÞÁTTUR

Upplýsingar um samfylkinguna

3.1. Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Takið í þessu sambandi fram:

a) hvort fyrirhuguð samfylking er alger samruni að lögum, yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í fullum rekstri í skilningi 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB eða hvort hún verður til með samningi eða með öðrum hætti sem leiðir til beinna eða óbeinna yfirráða í skilningi 2. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB,

b) hvort samfylkingin tekur til óskipts fyrirtækis eða hluta þess,

c) í stuttu máli, hvernig efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu samfylkingarinnar er háttað,

d) hvort opinbert tilboð eins aðila í verðbréf annars aðila nýtur stuðnings eftirlitsaðila framkvæmdastjórnar þess síðarnefnda eða annarra stofnana sem koma fram fyrir hönd hans,

e) fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar,

f) hvers konar eignarhaldi og yfirráðum megi búast við eftir samfylkingu,

g) hvort einhver aðilanna hefur þegið fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð, hvaðan sem hún kemur (þ.m.t. frá opinberum yfirvöldum) og eðli og umfang aðstoðarinnar og

h) til hvaða atvinnuvega samfylkingin nær.

3.2. Tilgreina skal verðmæti viðskiptanna (innkaupsverð eða verðgildi allra hlutaðeigandi fjármuna, eftir því sem við á),

3.3. Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki ([1]) um sig ber að veita upplýsingar um eftirfarandi ([2]) fyrir síðasta reikningsár:

3.3.1. veltu á heimsvísu,

3.3.2. veltu innan Bandalagsins,

3.3.3. veltu innan EFTA.

3.3.4. veltu í hverju aðildarríki,

3.3.5. veltu í hverju EFTA-ríki,

([1]) Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á hlutaðeigandi fyrirtækjum.

([2]) Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um útreikning á veltu. Til veltu yfirtökuaðila eða aðila að samfylkingu skal telja samanlagða veltu allra fyrirtækja í skilningi 4. mgr. 5. gr. samrunareglugerðar EB. Til veltu yfirtekins aðila, eins eða fleiri, skal telja veltu sem tengist hlutum sem falla undir viðskiptin í skilningi 2. mgr 5. gr. samrunareglugerðar EB. Sérákvæði er að finna í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. samrunareglugerðar EB að því er varðar lánastofnanir, vátryggingarfélög, aðrar fjármálastofnanir og sameiginleg fyrirtæki.

3.3.6. í hvaða aðildarríki veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan Bandalagsins, sé um það að ræða og

3.3.7. í hvaða EFTA-ríki veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA, sé um það að ræða.

3.4. Að því er varðar 3. mgr. 1. gr. samrunareglugerðarinnar, ef aðgerðin nær ekki þeim mörkum, sem sett eru í 2. mgr. 1. gr., ber að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta fjárhagsár:

3.4.1. í hvaða aðildarríkjum samanlögð velta allra hlutaðeigandi fyrirtækja er yfir 100 milljónum evra, sé um það að ræða og

3.4.2. í hvaða aðildarríkjum samanlögð velta að minnsta kosti tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, er yfir 25 milljónum evra, sé um það að ræða.

3.5. Í þeim tilgangi að ákvarða hvort samfylking uppfylli kröfur til samstarfs við EFTA ([1]) skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar varðandi síðasta fjárhagsár:

3.5.1. er samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkja 25% eða meira af heildarveltu þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins?

3.5.2. hafa að minnsta kosti tvö hlutaðeigandi fyrirtæki, hvert um sig, meiri veltu en 250 milljónir evra á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna?

3.6. Gerið grein fyrir efnahagslegum rökstuðningi fyrir samfylkingunni.

4. ÞÁTTUR

Eignarhald og yfirráð ([2])

4.1. Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu. Taka skal eftirfarandi fram:

4.1.1. hvaða fyrirtæki eða einstaklingar ráða yfir samfylkingaraðilum með beinum eða óbeinum hætti,

4.1.2. hvaða fyrirtæki stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir ([3]) og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum:

a) samfylkingaraðila,

b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið

4.1.1. Fyrir hvert tilgreint fyrirtæki um sig skal taka fram hvers eðlis og með hvaða hætti yfirráðin eru. Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum.

4.2. Fyrir samfylkingaraðilana og fyrir hvert fyrirtæki eða aðila, sem um getur í svörum við spurningum í þætti 4.1, skal:

4.2.1. tilgreina öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir (sjá í 6. þætti skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir) þar sem fyrirtækin eða aðilarnir í fyrirtækjasamstæðunni ráða einir eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa,

í hverju tilviki skal tilgreina hundraðshlutann sem um ræðir og eiganda hans,

4.2.2. tilgreina, fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem sitja í framkvæmdastjórn og eiga einnig sæti í framkvæmdastjórn eða stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og (þar sem við á), fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem eiga sæti í stjórn og eiga einnig sæti í framkvæmdastjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir,

í hverju tilviki skal tilgreina heiti hins fyrirtækisins og stöðu viðkomandi innan þess,

([1]) Sjá 57. gr. EES-samningsins, og einkum 1. mgr. 2. gr. 24. bókunar við EES-samninginn. Mál fellur undir samstarf ef samanlögð velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna nemur 25% eða meira af heildarveltu þeirra á yfirráðasvæðinu sem EES-samningurinn gildir um, eða ef hvert og eitt a.m.k. tveggja fyrirtækja er með veltu umfram 250 milljónir evra á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, eða ef samfylkingin er líkleg til að skapa eða styrkja yfirburðastöðu sem myndi leiða til þess að virk samkeppni stæði mun verr að vígi en ella á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða verulegum hluta þess.

([2]) Sjá 3. gr. (3., 4. og 5. mgr.) og 5. gr. (4. mgr.) samrunareglugerðar EB.

([3]) Sjá 6. þátt um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

4.2.3. veita nákvæmar upplýsingar um yfirtöku framangreindra fyrirtækjasamstæðna (þáttur 4.1.) á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir eins og þeir eru skilgreindir í 6. þætti. Heimilt er að skýra þessar upplýsingar á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til skilningsauka.

5. ÞÁTTUR

Fylgiskjöl

Tilkynningaraðilar skulu láta eftirfarandi fylgja:

5.1. afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samfylkingunni, hvort sem samfylkingin hefur orðið til með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, öflun ráðandi hlutar eða yfirtökuboði,

5.2. afrit skriflegs tilboðs ef um yfirtökuboð er að ræða; liggi það ekki fyrir við tilkynningu ber að senda það eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við póstlagningu þess til hluthafa,

5.3. afrit af síðustu ársskýrslu og ársreikningi allra samfylkingaraðila og

5.4. eintök af öllum greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum og sambærilegum gögnum sem unnin hafa verið af aðila eða aðilum sem eiga sæti í framkvæmdastjórn eða yfirstjórn, eða fyrir hann eða þá, eða annan eða aðra sem gegna áþekku hlutverki (eða sem slíkt hlutverk hefur verið falið eða fengið), eða sem eiga sæti á hluthafafundum, í þeim tilgangi að meta eða greina samfylkinguna að því er varðar markaðshlutdeild, samkeppnisstöðu, samkeppnisaðila (raunverulegra eða hugsanlegra), rökstuðning fyrir samfylkingunni, möguleika á söluaukningu eða útvíkkun til annarra vörumarkaða eða landfræðilegra markaða og/eða almennar makaðsaðstæður. ([1])

Fyrir hvert þessara skjala skal taka fram (ef það kemur ekki fram í skjalinu sjálfu) dagsetningu vinnslu skjalsins, einnig nafn og stöðu hvers einstaklings sem vann hvert slíkt skjal.

6. ÞÁTTUR

Skilgreiningar á mörkuðum

Viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samfylkinguna. ([2])

Tilkynningaraðila eða -aðilum ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

I. **Viðkomandi vörumarkaðir:**

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða skiptanlega þjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og ætlaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum eða þjónustu sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á vörumarkaðinum (t.d. framboðsstaðgöngu þegar við á).

II. **Viðkomandi svæðisbundnir markaðir:**

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

([1]) Eins og kemur fram í inngangshlutum 1.1 og 1.3 (g-lið), í tengslum við undirbúning tilkynningar, getur verið gagnlegt að ráðgast við framkvæmdastjórnina varðandi umfang hugsanlegrar undanþágu frá því að leggja fram tilskilin gögn. Sé sótt um undanþágur getur framkvæmdastjórnin tilgreint gögn sem leggja skal fram í tilteknu máli í beiðni um upplýsingar í samræmi við 11. grein samrunareglugerðar EB.

([2]) Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi markaði með tilliti til samkeppnislaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu landsvæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

III. **Markaðir þar sem áhrifa gætir:**

Þegar svarað er spurningum á þessu eyðublaði skulu viðkomandi vörumarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins, í Bandalaginu, á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, í hverju aðildarríki eða í hverju EFTA-ríki teljast markaðir þar sem áhrifa gætir:

a) ef tveir eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á sama vörumarkaði og samfylking þeirra myndi leiða til 15% sameiginlegrar markaðshlutdeildar eða meira. Þetta nefnast lárétt tengsl;

b) ef einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á vörumarkaði, aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við vörumarkað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra á hvoru stigi sem er eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra nemur 25% eða meira án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samfylkingaraðila eða ekki. ([1]) Þetta nefnast lóðrétt tengsl.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga og viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild skal veita eftirfarandi upplýsingar: ([2])

— Tilgreinið hvern markað þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar:

— innan Evrópska efnahagssvæðisins, Bandalagsins, eða EFTA,

— í hverju aðildarríki EB eða EFTA-ríki.6.2. Tilgreinið og skýrið að auki sjónarmið aðila varðandi umfang viðkomandi landfræðilegs markaðar í skilningi II. þáttar sem á við í tengslum við hvern þann markað þar sem áhrifa gætir og sem um er getið hér á undan.

IV. **Aðrir markaðir þar sem aðgerðin, sem tilkynnt er um, getur haft veruleg áhrif**

6.3. Lýsið á grundvelli skilgreininganna hér á undan þeim vörum og landfræðilegu gildissviði markaða, annarra en þeirra markaða þar sem áhrifa gætir og tilgreindir eru í 6. þætti, þar sem aðgerðin, sem tilkynnt er um, kann að hafa veruleg áhrif, t.d.:

a) ef einhver aðila að samfylkingunni er með markaðshlutdeild umfram 25% og annar aðili að samfylkingunni er mögulegur samkeppnisaðili á þeim markaði. Aðili getur einkum talist hugsanlegur samkeppnisaðili ef hann fyrirhugar inngöngu á tiltekinn markað, eða ef hann hefur þróað eða framfylgt áætlunum um slíkt á undangengnum tveimur árum,

b) ef einhver aðila að samfylkingunni er með markaðshlutdeild umfram 25% og annar aðili að samfylkingunni nýtur verulegra hugverkaréttinda á þeim markaði,

c) ef einhver aðili að samfylkingu er fyrir á vörumarkaði sem er nærliggjandi markaður í nánum tengslum við vörumarkað þar sem einhver annar aðili að samfylkingunni er í virkri stöðu og ef markaðshlutdeild einstaklings eða sameiginleg markaðshlutdeild aðilanna á einhverjum téðra markaða nemur 25% eða meira. Vörumarkaðir eru náskyldir nærliggjandi markaðir þar sem vörurnar eru hver annarri til fyllingar ([3]) eða þegar þær tilheyra vöruflokki sem sami hópur neytenda kaupir til sömu nota ([4]),

þegar slíkur markaður nær til Evrópska efnahagssvæðisins í heild eða að hluta.

Í því skyni að gera framkvæmdastjórninni kleift að taka til athugunar frá upphafi samkeppnisáhrif fyrirhugaðrar samfylkingar á markaðina sem tilgreindir eru í þessum 6. þætti 3, eru tilkynnendur hvattir til að leggja fram þær upplýsingar sem um getur í 7. og 8. þætti þessa eyðublaðs að því er varðar þessa markaði.

([1]) Ef aðili að samfylkingu er t.d. með markaðshlutdeild umfram 25% á markaði sem er aðliggjandi miðað við markað þar sem annar aðili er virkur gætir áhrifa bæði á aðliggjandi og fráliggjandi markaði. Renni samþætt lóðrétt fyrirtæki saman við fyrirtæki sem er virkt á aðliggjandi markaði, og leiði samruninn til sameiginlegrar markaðshlutdeildar á fráliggjandi markaði sem nemur 25% eða meira, eru á sama hátt bæði aðliggjandi og fráliggjandi markaðir, markaðir þar sem áhrifa gætir.

([2]) Eins og kemur fram í inngangshlutum 1.1 og 1.3 (g-lið) í tengslum við undirbúning tilkynningar, getur verið gagnlegt hvað varðar tiltekna markaði þar sem áhrifa gætir, að ráðgast við framkvæmdastjórnina um að hve miklu leyti sé hægt að fá undanþágu frá því að leggja fram tilskildar upplýsingar (eins og lýst er í IV).

([3]) Vörur (eða þjónusta) teljast t.d. til fyllingar þegar notkun (eða neysla) einnar vöru felur í raun í sér notkun (eða neyslu) hinnar vörunnar, til dæmis má nefna heftara og hefti, eða prentara og prenthylki.

([4]) Dæmi um vörur sem tilheyra slíkum sviðum væri viskí og gin, sem selt er börum og veitingastöðum, og ýmsar vörur til þess að pakka tilteknum vöruflokkum sem seldar eru framleiðendum slíkrar vöru.

7. ÞÁTTUR

Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

Fyrir hvern viðkomandi vörumarkað um sig og fyrir hvert hinna þriggja síðustu reikningsára ([1]):

a) fyrir Evrópska efnahagssvæðið,

b) fyrir Bandalagið í heild,

c) fyrir yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild,

d) fyrir hvert aðildarríki og EFTA-ríki þar sem samfylkingaraðilar stunda viðskipti og

e) fyrir viðkomandi landfræðilegan markað, ef hann er annar að mati tilkynningaraðila,

skal veita eftirfarandi upplýsingar um:

7.1. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í einingafjölda) ([2]). Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tök eru á,

7.2. söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætlaður markaðshlutur hans;

7.3. áætlað verðmæti (og umfang þar sem við á) markaðshlutar allra keppinautanna (að meðtöldum innflytjendum) sem ráða yfir að minnsta kosti 5% af svæðisbundna markaðinum sem er til athugunar. Leggið fram á þessum grundvelli áætlun um Herfindahl-Hirshman-vísitölu ([3]) fyrir og eftir samruna og muninn á þessu tvennu (deltastuðull) ([4]). Gefið upp hlutfall markaðshlutdeilda svo unnt sé að reikna út Herfindahl-Hirshman-vísitöluna út frá því. Getið þeirra heimilda sem notaðar eru við útreikning á þessum markaðshlutdeildum og leggið fram skjöl eftir því sem unnt er til að staðfesta útreikninginn;

7.4. nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess enginn kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) þeirra samkeppnisaðila sem tilgreindir eru í 7.3.,

7.5. mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilgreina skal:

a) hlutdeild þeirra fyrirtækjahópa, sem samfylkingaraðilar tilheyra, í slíkum innflutningi,

b) mat á því í hve miklum mæli kvótar, tollar eða aðrar viðskiptahindranir en tollar hafa áhrif á þennan innflutning, og

c) mat á því í hve miklum mæli flutningskostnaður og annar kostnaður hefur áhrif á þennan innflutning,

7.6. mat á því í hve miklum mæli viðskipti ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins verða fyrir áhrifum vegna:

a) flutningskostnaðar og annars kostnaðar og

b) annarra viðskiptahindrana en tolla,

7.7. hvernig samfylkingaraðilar framleiða, verðleggja og selja vöru og/eða þjónustu t.d. hvort framleiðsla og verðlagning er staðbundin eða hvort sala fer fram um staðbundið dreifikerfi,

---

([1]) Með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

([2]) Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á landsvæðunum sem um ræðir og bæta innflutningi við. Vinsamlegast leggið fram, ef það er hægt með góðu móti, sundurliðaðar upplýsingar um innflutning og útflutning eftir upprunalandi annars vegar og viðtökulandi hins vegar.

([3]) Herfindahl-Hirshman-vísitalan (HHI) er mælikvarði á samþjöppun á markaði. Herfindahl-Hirshman-vísitalan er reiknuð út með því að leggja saman kvaðrat markaðshlutdeildar allra fyrirtækja á markaði. Taka má dæmi af markaði þar sem fimm fyrirtæki hafa markaðshlutdeild sem nemur 40%, 20%, 15%, 15% og 10%, er HHI 2.550 (402 + 202 + 152+ 152 + 102 = 2.550). Herfindahl-Hirshman-vísitalan getur verið á bilinu frá nærri núlli (á örmarkaði) til 10.000 (þar sem um er að ræða hreina einokun). Herfindahl-Hirshman-vísitalan eftir samruna er reiknuð út frá þeirri vinnuforsendu að markaðshlutdeild hvers fyrirtækis haldist óbreytt. Þótt best sé að taka öll fyrirtækin með í reikninginn getur skortur á upplýsingum um mjög lítil fyrirtæki haft óveruleg áhrif þar sem slík fyrirtæki hafa ekki mikil áhrif á Herfindahl-Hirshman-vísitöluna.

([4]) Aukna samfylkingu eins og hún mælist með Herfindahl-Hirshman-vísitölunni er hægt að reikna út óháð heildarsamþjöppun á markaði með því að tvöfalda samanlagða markaðshlutdeild fyrirtækjanna sem renna saman. Taka má dæmi af samruna tveggja fyrirtækja sem hafa markaðshlutdeild sem nemur 30% og 15%, og mundi auka Herfindahl-Hirshman-vísitöluna um 900 (30 × 15 × 2 = 900). Skýringin á þessari aðferð er sem hér segir: Fyrir samruna hefur markaðshlutdeild fyrirtækjanna sem renna saman áhrif á Herfindahl-Hirshman-vísitöluna sem einstakt kvaðrat hvors um sig: a)2 + b)2. Eftir samruna er það kvaðrat samtölu þeirra sem hefur áhrif: (a + b) 2, sem jafngildir a) 2 + b) 2 + 2ab. Því er hækkun Herfindahl-Hirshman-vísitölunnar táknuð sem 2ab.

7.8. samanburð á verði sem samfylkingaraðili setur upp í hverju aðildarríki og EFTA-ríki og hliðstæðan samanburð á verðlagi milli Bandalagsins, EFTA-ríkjanna og annarra svæða þar sem þessar vörur eru framleiddar (t.d. Rússlandi, Bandaríkjanna, Japans og annarra viðkomandi svæða), og

7.9. eðli og umfang lóðréttrar sameiningar fyrir hvern samfylkingaraðila um sig miðað við helstu keppinauta.

8. ÞÁTTUR

Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.1. Tilgreinið fimm helstu óháðu ([1]) birgja aðila samfylkingarinnar og hlut hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja (innkaupum á hráefni eða vörum sem eru notaðar við framleiðslu á viðkomandi vörum). Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu, sé þess enginn kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) hvers birgis.

Hvernig framboði er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.2. Lýsið helstu dreifileiðum og þjónustukerfum á mörkuðunum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:

a) algengustu dreifikerfum á markaðinum og vægi þeirra. Að hvaða marki annast þriðju aðilar dreifinguna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 4. þætti?

b) algengustu þjónustukerfum (t.d. viðhaldi og viðgerðum) og vægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hvaða marki annast þriðju aðilar þjónustuna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 4. þætti?

8.3. Leggið fram mat á heildarafkastagetu í Bandalaginu og á yfirráðasvæði EFTA-ríkja undanfarin þrjú ár. Hve stóran hlut þessarar afkastagetu hefur hver samfylkingaraðili um sig talið sig hafa á þessu tímabili og hvernig hafa þeir, hver um sig, nýtt þá afkastagetu? Tilgreinið, ef við á, staðsetningu og afkastagetu framleiðsluaðstöðu hvers aðila að samfylkingunni á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.4. Tilgreinið hvort einhver aðila samfylkingarinnar, eða einhver samkeppnisaðilanna, sé með „vörur í þróun“, vörur sem verða líklega markaðssettar í náinni framtíð, eða áform um að auka (eða draga saman) framleiðslu- eða sölugetu. Ef svo er, leggið þá fram áætlun um fyrirhugaða sölu og markaðshlutdeild aðilana að samfylkingunni á næstu þremur til fimm árum.

8.5. Teljist aðrir þættir framboðs skipta máli í þessu sambandi ber að tilgreina þá.

Hvernig eftirspurn er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.6. Tilgreinið fimm ([2]) helstu óháðu viðskiptavini aðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir og hlut hvers þeirra í heildarsölu þessara vara sem hver þessara viðskiptavina hefur skráð sig fyrir. Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess enginn kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) hvers viðskiptavinar.

8.7. Lýsið því hvernig eftirspurn er háttað að því er varðar:

a) þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útþenslu, mettaður eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni aukast,

b) vægi viðskiptavinavildar, t.d. að því er varðar tryggð við vörumerki, veitingu þjónustu fyrir og eftir sölu, heildstætt vöruframboð eða áhrif netkerfis,

c) hlut vöruaðgreiningar að því er varðar eigindir eða gæði og að hve miklu leyti vörur aðila að samfylkingunni eru áþekkar staðgönguvörur,

d) hlut aðlögunarkostnaðar (að því er varðar tíma og útgjöld) viðskiptavina þegar þeir færa sig frá einum birgi til annars,

e) samþjöppun eða dreifing viðskiptavina,

([1]) Þ.e. birgjar sem eru ekki dótturfyrirtæki, umboðsaðilar eða fyrirtæki sem eru hluti af fyrirtækjahópi viðkomandi málsaðila. Auk þessara fimm óháðu birgja geta tilkynningaraðilar tilgreint birgja innan fyrirtækjahópsins telji þeir það nauðsynlegt til að fá fram rétt mat. Það sama gildir í lið 8.6 að því er varðar viðskiptavini.

([2]) Reynslan er sú að athugun á flóknum tilvikum krefst oft ítarlegri upplýsinga um tengiliði viðskiptavina. Sé um að ræða samskipti áður en tilkynning er lögð fram geta þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar farið fram á ítarlegri samskiptaupplýsingar um viðskiptavini að því er varðar tiltekna markaði þar sem áhrifa gætir.

f) skiptingu viðskiptamanna í ólíka flokka með lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki,

g) mikilvægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga og

h) mikilvægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekkum aðilum.

Markaðsaðgangur

8.8. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum? Sé svo, tilgreinið þá nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu, sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) hvers nýs fyrirtækis, og mat á núverandi markaðshlutdeild hvers slíks nýs fyrirtækis. Hafi einhver aðila að samfylkingunni komið inn á markað þar sem áhrifa gætir á undanförnum fimm árum, leggið þá fram greiningu á þeim aðgangshindrunum sem urðu á vegi þeirra.

8.9. Telja tilkynningaraðilar að til séu fyrirtæki (þ.m.t. þau sem nú starfa aðeins á mörkuðum utan Bandalagsins eða utan Evrópska efnahagssvæðisins) sem eru líkleg til að koma inn á markaðinn? Sé svo, tilgreinið þá nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra). Skýrið frá því hvers vegna slík koma fyrirtækis inn á markað sé líkleg og leggið fram áætlun um það hvenær líklegt sé að þetta gerist.

8.10. Lýsið þeim þáttum sem hafa áhrif á komu inn á markaði þar sem áhrifa gætir, þannig að bæði sé tekið mið af landsvæði og vöru. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:

a) heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði (rannsóknir og þróun, stofnun dreifikerfa, söluherferðir, auglýsingar, þjónusta o.s.frv.) og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur keppinautur og gefið til kynna markaðshlutdeild slíks keppinautar,

b) hvers konar aðgangshindrunum í lögum eða reglugerðum, t.d. leyfisveitingu stjórnvalda eða staðlasetningu í hvaða formi sem er, einnig hindrunum sem stafa af vöruvottunarreglum eða nauðsyn þess að vera með staðfesta ferilsskrá,

c) að hve miklu leyti markaðsaðgangur takmarkast af einkaleyfum, verkkunnáttu og öðrum hugverkarétti á þessum mörkuðum og veitingu slíkra nytjaleyfa.

d) að hve miklu leyti hver og einn samfylkingaraðili er með, hefur fengið eða lætur í té einkaleyfi, verkkunnáttu eða önnur réttindi á viðkomandi mörkuðum,

e) mikilvægi stærðarhagkvæmni í framleiðslu eða dreifingu vöru á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og

f) aðgangi að birgðum, t.d. framboði á hráefnum og aðgangi að nauðsynlegum grunnvirkjum.

Rannsóknir og þróun

8.11. Gerið grein fyrir mikilvægi rannsókna og þróunar að því er varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma litið. Lýsið eðli rannsókna og þróunar á vegum samfylkingaraðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

a) stefnu og umfangi rannsókna og þróunar ([1]) á umræddum mörkuðum og hjá samfylkingaraðilum.

b) tækniþróun sem átt hefur sér stað á umræddum mörkuðum á hæfilegu tímabili (þ.m.t. þróun vöru og/eða þjónustu, þróun framleiðsluaðferða, dreifikerfa o.s.frv.).

c) helstu nýjungum sem fram hafa komið á þessum mörkuðum og fyrirtækjunum sem staðið hafa að þessum nýjungum, og

d) þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum og hvar aðilarnir eru staddir í því ferli. Samstarfssamningar

8.12. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta, lóðrétta eða aðra) að ræða á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?

8.13. Lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem samfylkingaraðilar hafa gert á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, t.d. samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu, sérhæfingu, dreifingu, birgðahald til langs tíma og upplýsingaskipti, og leggið fram afrit af slíkum samningum eftir því sem þurfa þykir.

([1]) Umfang rannsókna og þróunar er skilgreint sem kostnaður við rannsóknir og þróun, sem hlutfall af veltu.

Atvinnugreinasamtök

8.14. Að því er varðar atvinnugreinasamtök á mörkuðum þar sem áhrifa gætir skal tilgreina:

a) samtök sem samfylkingaraðilar tilheyra, og

b) helstu atvinnugreinasamtök sem viðskiptavinir og birgjar samfylkingaraðila tilheyra.

Gefið upp heiti allra framangreindra atvinnugreinasamtaka, póstfang, tölvupóstfang. símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.

9. ÞÁTTUR

Almennt markaðssamhengi og hagkvæmni

9.1. Setja skal fyrirhugaða samfylkingu í alþjóðlegt samhengi með því að lýsa stöðu hvers samfylkingaraðila á mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar markaðshlutdeild og samkeppnisstyrk.

9.2. Lýsið hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðrar samfylkingar á hagsmuni milliliða og neytenda og á þróun efnahags- og tækniframfara.

9.3. Sé þess óskað að framkvæmdastjórnin taki gagngert til athugunar frá upphafi ([1]) hvort aukin hagkvæmni sem leiðir af samfylkingunni sé líkleg til að auka getu og hvata nýju fyrirtækjaheildarinnar til samkeppnishvetjandi aðgerða, til hagsbóta fyrir neytendur, skal leggja fram lýsingu á hvers konar hagkvæmni (einnig kostnaðarlækkanir, nýjar vörukynningar og aukin vöru- og þjónustugæði), studda skjölum, sem aðilar sjá fram á að leiði af fyrirhugaðri samfylkingu í tengslum við allar viðkomandi vörur ([2]). Í hverju tilviki, þegar staðhæft er að um hagkvæmni sé að ræða, skal leggja fram:

i. sundurliðaða skýringu á því hvernig fyrirhuguð samfylking gerir nýju einingunni kleift að ná fram hagkvæmni. Tilgreinið fyrirhugaðar aðgerðir aðilanna til þess að ná fram þessari hagkvæmni, áhættuna sem tengist henni og nauðsynlegan tíma og fjármuni þessu samfara,

ii. þegar slíkt er unnt með góðu móti, mælingu á hagkvæmninni og ítarlega skýringu á því hvernig hún var reiknuð út. Leggið einnig fram, þar sem við á, mat á vægi hagkvæmni í tengslum við innleiðingu á nýjum vörum eða auknum vörugæðum. Þegar hagkvæmni hefur kostnaðarlækkun í för með sér skal tilgreina sérstaklega staka, fasta kostnaðarlækkun, reglubundna fasta kostnaðarlækkun og breytilega kostnaðarlækkun (í evrum á einingu og evrum á ári),

iii. áætlun á því að hve miklu leyti hagkvæmnin kemur viðskiptavinum til góða og ítarlega skýringu á því hvernig sú niðurstaða er fengin og

iv. ástæðu þess að aðilinn eða aðilarnir gátu ekki náð fram sams konar hagkvæmni með öðrum ráðum en fyrirhugaðri samfylkingu, og á þann hátt að ekki væri ástæða til að huga að samkeppnisstöðu.

10. ÞÁTTUR

Samstarfsáhrif sameiginlegs fyrirtækis

10. Að því er varðar 4. mgr. 2. gr. samrunareglugerðar EB skal svara eftirfarandi spurningum:

a) Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram starfsemi að verulegu leyti á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við markað fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið eða á nærliggjandi markaði sem er náskyldur þessum honum? ([3])

([1]) Rétt er að vekja athygli á því að framlagning upplýsinga í samræmi við þátt 9.3 er valfrjáls. Ekki er ætlast til þess að aðilar færi rök fyrir því að sá þáttur sé ekki uppfylltur. Þrátt fyrir að upplýsingar um hagkvæmni séu ekki lagðar fram verður það ekki túlkað sem svo að fyrirhuguð samfylking skapi ekki hagkvæmni eða að grunnforsendan fyrir samfylkingunni sé sú að hún auki markaðsstyrk. Þótt umbeðnar upplýsingar um hagkvæmni séu ekki lagðar fram með tilkynningunni útilokar það ekki framlagningu þeirra á síðari stigum. Þó er rétt að benda á að því fyrr sem upplýsingar eru lagðar fram, því betur getur framkvæmdastjórnin gengið úr skugga um að hagkvæmnin sé fyrir hendi.

([2]) Frekari leiðbeiningar um hagkvæmnismat er að finna í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samruna.

([3]) Sjá skilgreiningu á markaði í 6. þætti.

Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:

— veltu hvers móðurfyrirtækis á næstliðnu reikningsári,

— efnahagslegt vægi starfsemi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni miðað við þessa veltu,

— markaðshlut hvers móðurfyrirtækis. Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.

b) Ef svarið við a-lið er já og það er álit yðar að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli sjálfstæðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 81. gr. EES-samningsins ber að rökstyðja svarið.

c) Með fyrirvara um svör við a- og b-liðum og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið málið á fullnægjandi hátt skal skýra frá því hvernig viðmiðununum í 3. mgr. 81. gr. er beitt. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 81. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:

i. stuðlar að bættri framleiðslu eða vörudreifingu, eða eflir tæknilegar efnahagslegar framfarir,

ii. veitir neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af hlýst,

iii. leggur ekki höft á viðkomandi fyrirtæki ef ekki er brýn þörf á því til að ná þessum markmiðum og

iv. gefur þessum fyrirtækjum ekki kost á að útrýma samkeppni að því er viðvíkur verulegum hluta viðkomandi vara.

11. ÞÁTTUR

Yfirlýsing

Í 2. mgr. 2. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar kemur fram að ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skuli þeir framvísa skriflegu umboði til þess. Þetta umboð skal fylgja tilkynningunni.

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af eða fyrir hönd allra tilkynningaraðila:

Tilkynningaraðili eða -aðilar lýsa yfir því að upplýsingarnar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, séu sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund þeirra, að rétt og óstytt afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt CO-eyðublaði, fylgi, að allt mat sé tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós sé það gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðar EB.

Staður og dagsetning:

Undirritun:

Nafn og staða:

Fyrir hönd:

II. VIÐAUKI

EINFALDAÐ EYÐUBLAÐ CO FYRIR TILKYNNINGU UM SAMFYLKINGU SAMKVÆMT REGLUGERÐ (EB) nr. 139/2004

1. **INNGANGUR**

1.1. **Tilgangurinn með einfaldaða eyðublaðinu**

Á einfaldaða eyðublaðinu eru tilgreindar þær upplýsingar sem tilkynningaraðilum ber að veita þegar þeir leggja fram tilkynningu til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um fyrirhugaðan samruna, yfirtöku eða aðra samfylkingu sem ólíklegt er talið að hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

Þegar þetta eyðublað er útfyllt er vakin athygli á reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (hér á eftir nefnd „samruna-reglugerð EB“) og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. xx/2004 (hér á eftir nefnd „framkvæmdar-reglugerðin“), sem þetta CO-eyðublað fylgir með í viðauka ([1]). Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Europa-vefseturs framkvæmdastjórnarinnar.

Að jafnaði má nota einfaldaða eyðublaðið til þess að tilkynna um samfylkingu að uppfylltu einu eftirtalinna skilyrða:

1. sé um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni að ræða sem hefur enga eða hverfandi litla starfsemi á yfirráðasvæði Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Slík tilvik koma upp:

   a) þegar velta fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið og/eða velta yfirfærðrar starfsemi er undir 100 milljónum evra á Evrópska efnahagssvæðinu, og

   b) heildarvirði eigna, sem eru færðar yfir til fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið, er undir 100 milljónum evra innan Evrópska efnahagssvæðisins,

2. enginn aðili að samfylkingu stundar viðskipti á viðkomandi markaði vöru eða landfræðilegum markaði (engin lárétt skörun), eða á markaði sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við markað þar sem annar aðili að samfylkingu stundar starfsemi (engin lóðrétt tengsl),

3. ef tveir eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á sama viðkomandi vöru- og landfræðilegum markaði (lárétt tengsl), að því tilskildu að sameiginleg markaðshlutdeild sé undir 15%,

   og/eða einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við vörumarkað þar sem einhver annar samfylkingaraðili stundar viðskipti (lóðrétt tengsl), og að því tilskildu að þeir hvorki, hver fyrir sig né til samans, hafi yfir að ráða markaðshlutdeild, á hvoru markaðsstigi sem er, sem nemur 25% eða meira, eða

4. aðili öðlast einn yfirráð yfir fyrirtæki sem hann hefur þegar sameiginleg yfirráð yfir.

Framkvæmdastjórnin getur farið fram á óstytta tilkynningu ef í ljós kemur að annaðhvort hafi skilyrðin fyrir notkun einfaldaða eyðublaðsins ekki verið uppfyllt, eða, í sérstökum undantekningartilvikum, þar sem þau hafa verið uppfyllt, hafi framkvæmdastjórnin eigi að síður ákvarðað að tilkynning með CO-eyðublaði sé nauðsynleg til þess að unnt sé að rannsaka hvort samfylkingin geti hugsanlega haft áhrif á samkeppni.

Dæmi um tilvik þar sem tilkynning með CO-eyðublaði getur reynst nauðsynleg eru samfylkingar þar sem erfitt er að skilgreina markaðina sem skipta máli (t.d. þegar um er að ræða nýja markaði eða þar sem ekki ríkja viðteknar venjur), þar sem aðili er nýr eða hugsanlegur aðili á markaði, eða veigamikill einkaleyfishafi, þar sem ekki er með góðu móti unnt að skilgreina markaðshlutdeild aðilanna, á mörkuðum þar sem aðgangshindranir eru miklar, þar sem samþjöppun er mikil eða önnur viðurkennd vandamál sem varða samkeppni, þegar a.m.k. tveir aðilar samfylkingarinnar eru virkir á nátengdum grannmörkuðum ([2]) og í samfylkingum þar sem upp kemur vandi varðandi samræmingu, eins og um getur í 4. mgr. 2. gr. samrunareglugerðar EB. Á sama hátt getur verið nauðsynlegt að tilkynning sé á CO-eyðublaði, þegar einn aðili öðlast öll yfirráð yfir fyrirtæki um sameiginlegt verkefni þar sem hann tekur þegar þátt í sameiginlegri stjórnun eða, þegar yfirtökuaðilinn og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið hafa saman sterka markaðsstöðu, eða þar sem samreksturinn og yfirtökuaðilinn hafa sterka stöðu á lóðrétt tengdum mörkuðum.

([1]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 (Stjtíð. EB L 24, 29.1.2004, bls. 1. Athygli er vakin á samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur EES-samningurinn). Sjá einkum 57. gr. EES-samningsins, 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, svo og bókun 21 og 24 við EES-samninginn og 1. gr. og samþykkta fundargerð með bókun um breytingu á EES-samningnum. Þegar EFTA-ríkjanna er getið er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum. Þann 1. maí 2004 eru þessi ríki Ísland, Liechtenstein og Noregur.

([2]) Vörumarkaðir eru náskyldir nærliggjandi markaðir þegar vörurnar eru hver annarri til fyllingar eða þegar þær tilheyra vöruflokki sem sami hópur neytenda kaupir til sömu endanlegra nota.

1.2. **Skipti yfir í CO-eyðublað í fullri lengd**

Við mat á því hvort unnt sé að tilkynna um samfylkingu á einfölduðu eyðublaði skal framkvæmdastjórnin tryggja að allir málavextir þar að lútandi séu settir fram með nægilega skýrum hætti. Hvað það varðar bera tilkynningaraðilar ábyrgð á því að réttar og fullnægjandi upplýsingar séu lagðar fram.

Ef framkvæmdastjórnin telur, eftir að tilkynning hefur borist um samfylkingu, að einfölduð tilkynning nægi ekki í viðkomandi tilviki, getur hún krafist þess að tilkynningin sé á CO-eyðublaði að fullu útfylltu, eða að hluta eftir því sem við á. Þetta getur t.d. átt við þegar:

— svo virðist sem skilyrðin fyrir notkun einfaldaða eyðublaðsins séu ekki fyrir hendi,

— þörf virðist vera á því að nota CO-eyðublaðið, að öllu leyti eða að hluta til, þótt skilyrðin fyrir notkun einfaldaða eyðublaðsins séu uppfyllt, svo unnt sé að rannsaka á fullnægjandi hátt hvort um hugsanlegar samkeppnishindranir sé að ræða, eða til að sýna fram á að aðgerðin feli í sér samfylkingu í skilningi 3. greinar samrunareglugerðar EB.

— einfaldaða eyðublaðið hefur að geyma rangar eða misvísandi upplýsingar,

— aðildarríki lætur í ljós rökstuddar efasemdir um áhrif tilkynntrar samfylkingar á samkeppni innan 15 virkra daga frá móttöku afrits af tilkynningunni eða

— þriðji aðili lætur í ljós rökstuddar áhyggjur um áhrif á samkeppni, innan þeirra tímamarka sem framkvæmdastjórnin setur fyrir slíkum athugasemdum.

Þegar svo háttar til má líta svo á að tilkynningin sé efnislega ófullnægjandi, skv. 2. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar. Framkvæmdastjórnin lætur tilkynningaaðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast fyrst gildi daginn sem allar umbeðnar upplýsingar hafa borist framkvæmdastjórninni.

1.3. **Mikilvægi samskipta fyrir tilkynningu**

Reynslan hefur sýnt að samráð fyrir tilkynningu hefur gefið góða raun, bæði fyrir tilkynningaraðila og framkvæmdastjórnina, því þannig er hægt að ákvarða nákvæmlega hvaða upplýsingar þurfi að fylgja tilkynningu. Aðilum sem vilja leggja fram tilkynningu á einfölduðu eyðublaði er einnig ráðlagt að hafa samband við framkvæmdastjórnina áður til þess að ræða hvort rétt sé að nota einfaldað eyðublað í því tilviki. Tilkynningaraðilar geta vísað til bestu starfsvenja framkvæmdastjórnarinnar við framkvæmd samrunaeftirlits EB en þar eru leiðbeiningar um fundi áður en tilkynning er lögð fram og undirbúning tilkynninga.

1.4. **Hver á að leggja fram tilkynningu?**

Sé um samruna að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB eða öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB skulu samrunaaðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningunni ([1]).

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningunni.

Sé um opinbert yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningunni.

Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

1.5. **Krafan um að tilkynning sé rétt og fullnægjandi**

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Upplýsingarnar ber að láta í té í réttum hluta þessa eyðublaðs. Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

a) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðar EB og 2. og 4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar hefjast frestir samkvæmt samrunareglugerð EB, sem tengjast tilkynningum, ekki fyrr en framkvæmdastjórninni hafa borist allar upplýsingar sem fylgja skulu tilkynningunni. Tilgangurinn með þessari kröfu er að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið tilkynnta samfylkingu fyrirtækja innan þeirra ströngu tímamarka sem kveðið er á um í samrunareglugerð EB.

b) Þegar tilkynningaraðilar undirbúa tilkynningu sína skulu þeir ganga úr skugga um að nöfn og númer tengiliða, einkum bréfasímanúmer og tölvupóstföng, sem send eru framkvæmdastjórninni, séu nákvæm, viðeigandi og uppfærð.

([1]) Sjá 2. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB.

c) Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í tilkynningu sem ófullnægjandi upplýsingar (5. mgr. 4. gr. framkvæmdareglugerðarinnar).

d) Ef tilkynning er ófullnægjandi lætur framkvæmdastjórnin tilkynningaraðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast ekki gildi fyrr en daginn sem framkvæmdastjórnin hefur veitt fullnægjandi og nákvæmum upplýsingunum viðtöku (1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðar EB og 2. og 4. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

e) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðar EB geta tilkynningaraðilar sem, hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi, veita rangar eða misvísandi upplýsingar sætt sektum sem nema allt að 1% af samanlagðri veltu viðkomandi fyrirtækis. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt, skv. a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 6. mgr. 8. gr. samrunareglugerðar EB, að afturkalla ákvörðun sína um að tilkynnt samfylking samrýmist kröfum hins sameiginlega markaðar ef ákvörðunin byggist á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á;

f) Heimilt er að fara þess skriflega á leit við framkvæmdastjórnina að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrirtæki sem fjandsamlegt yfirtökutilboð beinist að). Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að greint sé frá ástæðum þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynt sé eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og tilgreint sé á hverju þetta mat byggist. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar framkvæmdastjórnin gæti aflað þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.

g) Heimilt er að fara þess skriflega á leit við framkvæmdastjórnina að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef talið er að þessar upplýsingar kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að fullnægjandi rök séu færð fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir rannsókn hennar á hinni tilkynntu aðgerð. Rétt er að skýra frá þessu í samskiptum við framkvæmdastjórnina áður en að tilkynningu kemur og óska eftir því skriflega við framkvæmdastjórnina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, skv. 2. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

1.6. **Hvernig ber að standa að tilkynningu?**

Tilkynningu ber að leggja fram á opinberu tungumáli Bandalagsins. Þetta tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla tilkynningaraðila. Ef tilkynning er samin í samræmi við 12. gr. bókunar 24 við EES-samninginn á opinberu tungumáli EFTA-ríkis, sem er ekki opinbert tungumál Bandalagsins, skal tilkynningunni og öllum fylgiskjölum fylgja þýðing á opinberu tungumáli Bandalagsins.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 9. þætti, og fylgiskjöl. Við frágang 7. þáttar þessa eyðublaðs eru tilkynningaraðilar hvattir til þess að skoða hvort best sé, fyrir skýrleika sakir, að setja fram þennan þátt í númeraröð eða hvort hægt sé að flokka upplýsingar saman fyrir hvern tilkynningarskyldan markað (eða flokk tilkynningarskyldra markaða).

Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að allar helstu upplýsingar, einkum þær sem varða markaðshlutdeild aðilanna og helstu samkeppnisaðila þeirra, komi fram í meginmáli þessa eyðublaðs. Viðaukana við þetta eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á eyðublaðinu sjálfu.

Leggja skal fram samskiptaupplýsingar á sniði sem stjórnardeild framkvæmdastjórnarinnar í samkeppnismálum leggur til. Brýnt er að allar samskiptaupplýsingar séu réttar svo að rannsóknarferlið fari rétt fram. Ítrekuð tilvik um rangar samskiptaupplýsingar geta verið tilefni til að úrskurða að tilkynning sé ófullnægjandi.

Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu; sé það ekki opinbert tungumál Bandalagsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins (sbr. 4. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar).

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber tilkynningaraðilanum að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal eitt frumrit og 35 afrit af einfölduðu eyðublaði og fylgiskjölum til stjórnardeildar framkvæmdastjórnarinnar í samkeppnismálum.

Tilkynninguna skal senda á póstfangið sem um getur í 1. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar og á því sniði sem framkvæmdastjórnin tilgreinir hverju sinni. Póstfangið er birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Tilkynningin skal berast framkvæmdastjórninni á virkum degi sbr. skilgreininguna í 24. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar. Ef unnt á að vera að skrá hana samdægurs verður hún að berast fyrir kl. 17:00 mánudaga til fimmtudaga og fyrir kl. 16:00 á föstudögum og á virkum dögum næst á undan opinberum frídögum eins og framkvæmdastjórnin fastsetur og birt ert í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Fara ber að þeim öryggisfyrirmælum sem birt eru á vefsetri stjórnardeildar í samkeppnismálum.

1.7. **Trúnaðarkvaðir**

Í 287. gr. sáttmálans og 2. mgr. 17. gr. samrunareglugerðarinnar svo og í samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ([1]), er farið fram á það við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkin, embættismenn þeirra og aðra opinbera starfsmenn að þeir láti öðrum ekki í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar eða ákvæða hennar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynningaraðila.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber yður að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá tilkynningunni er heimilt að leggja viðskiptaleyndarmál fram í sérstökum viðaukum og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Tilkynningin telst ekki fullnægjandi fyrr en allir slíkir viðaukar hafa borist.

1.8. **Skilgreiningar og leiðbeiningar við frágang þessa eyðublaðs**

Tilkynningaraðili eða -aðilar: ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram tilkynningu er hugtakið tilkynningaraðilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur tilkynninguna fram.

Samfylkingaraðili (eða -aðilar): hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þ.m.t. öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

Hugtökin tilkynningaraðili (-aðilar) og samfylkingaraðili (-aðilar) taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjahópum og þessir tilkynnendur/aðilar, nema annað sé tekið fram.

Ár: allar tilvísanir til orðsins „ár“ á eyðublaðinu merkja almanaksár, nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, skulu eiga við árið á undan tilkynningarárinu, nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um í liðum 3.3 - 3.5, skulu gefnar upp í evrum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanir á þessu eyðublaði eru í viðeigandi greinar og málsgreinar samrunareglugerðar EB, nema annað sé tekið fram.

1.9. **Miðlun upplýsinga til starfsmanna og fulltrúa þeirra**

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á hugsanlegum skuldbindingum aðila að samfylkingu samkvæmt löggjöf Bandalagsins og/eða landslögum um upplýsingar og samráð vegna viðskipta sem tengjast samfylkingu, gagnvart starfsmönnum og/eða fulltrúa þeirra.

([1]) Sjá einkum 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og 2. mgr. 17. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samningurinn).

1. ÞÁTTUR

Lýsing á samfylkingu

1.1. Leggja skal fram samantekt um starfsemi samfylkingarinnar, þar sem tilgreindir eru aðilar að samfylkingunni, eðli hennar (t.d. hvort um er að ræða samruna, yfirtöku eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni), starfssvið tilkynningaraðila, markaði þar sem áhrifa samfylkingarinnar mun gæta (einnig helstu tilkynningarskyldir markaðir ([1])) og skipulagslegar og efnahagslegar grunnforsendur samfylkingarinnar.

1.2. Leggja skal fram samantekt (allt að 500 orð) um þær upplýsingar sem kveðið er á um í þætti 1.1. Fyrirhugað er að birta samantektina á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar daginn sem tilkynnt er um samfylkinguna. Samantektina skal semja þannig að hún innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar eða viðskiptaleyndarmál.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar um aðila

2.1. Upplýsingar um tilkynningaraðila

Taka skal fram:

2.1.1. heiti og póstfang fyrirtækis,

2.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,

2.1.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu og

2.1.4. póstfang vegna þjónustu við tilkynningaraðila (eða hvern og einn tilkynningaraðila) sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnar. Leggja skal fram nafn, tölvupóstfang og símanúmer aðila sem hefur heimild til þess að taka við tilkynningum.

2.2. Upplýsingar um aðra samfylkingaraðila ([2])

Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig (að undanskildum tilkynningaraðila eða -aðilum) skal taka eftirfarandi fram:

2.2.1. heiti og póstfang fyrirtækis,

2.2.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,

2.2.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu og

2.2.4. póstfang aðila (eða hvern aðila um sig) sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnar. Leggja skal fram nafn, tölvupóstfang og símanúmer einstaklings sem hefur heimild til þess að taka við tilkynningum.

2.3. Tilnefning fulltrúa

Ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi heimild til þess. Í skriflegri staðfestingu skulu vera nöfn og stöður þeirra sem veita slíka heimild.

Veita skal eftirfarandi samskiptaupplýsingar um þá fulltrúa sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd hvaða samfylkingaraðila sem vera skal og tilgreina umbjóðendur þeirra:

2.3.1. nafn fulltrúa,

2.3.2. póstfang fulltrúa,

2.3.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar og

2.3.4. póstfang þjónustufulltrúa (í Brussel, ef um það er að ræða) sem unnt er að beina öllum pósti og skjölum til.

([1]) Sjá þátt 6.III um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.
([2]) Þetta tekur einnig til fyrirtækis sem fjandsamleg yfirtaka beinist að en í því tilviki skal tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

3. ÞÁTTUR

Upplýsingar um samfylkinguna

3.1. Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Takið í þessu sambandi fram:

a) hvort fyrirhuguð samfylking er alger samruni að lögum, yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í fullum rekstri í skilningi 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB eða hvort hún verður til með samningi eða með öðrum hætti sem leiðir til beinna eða óbeinna yfirráða í skilningi 2. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB,

b) hvort aðilar ganga til samfylkingarinnar skiptir eða óskiptir;

c) í stuttu máli, hvernig efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu samfylkingarinnar er háttað,

d) hvort opinbert tilboð eins aðila í verðbréf annars aðila nýtur stuðnings eftirlitsaðila eða framkvæmdastjórnar þess síðarnefnda eða annarra stofnana sem koma fram fyrir hönd hans,

e) fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar,

f) hvers konar eignarhaldi og yfirráðum megi búast við eftir samfylkingu,

g) hvort einhver aðilanna hefur þegið fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð, hvaðan sem hún kemur (þ.m.t. frá opinberum yfirvöldum) og eðli og umfang aðstoðarinnar og

h) til hvaða atvinnuvega samfylkingin nær.

3.2. Tilgreina skal verðmæti viðskiptanna (innkaupsverð eða verðgildi allra eigna sem um ræðir, eftir því sem við á).

3.3. Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki ([1]) um sig ber að veita upplýsingar um eftirfarandi ([2]) fyrir síðasta reikningsár:

3.3.1. veltu á heimsvísu,

3.3.2. veltu innan Bandalagsins,

3.3.3. veltu innan EFTA,

3.3.4. veltu í hverju aðildarríki,

3.3.5. veltu í hverju EFTA-ríki,

3.3.6. í hvaða aðildarríki veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan Bandalagsins, sé um það að ræða og

3.3.7. í hvaða EFTA-ríki veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA, sé um það að ræða.

3.4. Að því er varðar 3. mgr. 1. gr. samrunareglugerðarinnar, ef aðgerðin nær ekki þeim mörkum, sem sett eru í 2. mgr. 1. gr., ber að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta fjárhagsár:

3.4.1. í hvaða aðildarríkjum samanlögð velta allra hlutaðeigandi fyrirtækja er yfir 100 milljónum evra, sé um það að ræða og í hvaða aðildarríkjum samanlögð velta að minnsta kosti tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, er yfir 25 milljónum evra, sé um það að ræða.

3.5. Í þeim tilgangi að ákvarða hvort samfylking uppfylli kröfur til samstarfs við EFTA ([3]) skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar varðandi síðasta fjárhagsár:

([1]) Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á hlutaðeigandi fyrirtækjum.

([2]) Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um útreikning á veltu. Til veltu yfirtökuaðila eða aðila að samfylkingu skal telja samanlagða veltu allra fyrirtækja í skilningi 4. mgr. 5. gr. samrunareglugerðar EB. Til veltu yfirtekins aðila, eins eða fleiri, skal telja samanlagða veltu allra fyrirtækja í skilningi .2 mgr. 5. gr. samrunareglugerðar EB. Sérákvæði er að finna í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. samrunareglugerðar EB að því er varðar lánastofnanir, vátryggingarfélög, aðrar fjármálastofnanir og sameiginleg fyrirtæki.

([3]) Sjá 57. gr. EES-samningsins, og einkum 1. mgr. 2. gr. bókunar 24 við EES-samninginn. Mál fellur undir samstarf og má fara með sem slíkt ef samtals velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna nemur 25% eða meira af heildarveltu þeirra á yfirráðasvæði sem EES-samningurinn gildir um, eða ef a.m.k. tvö fyrirtæki með veltu umfram 250 milljónir evra á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, eða ef samfylkingin er líkleg til að skapa eða styrkja yfirburðastöðu sem myndi leiða til þess að virk samkeppni stæði mun verr að vígi en ella á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða verulegum hluta þess.

3.5.1. er samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkja 25% eða meira af heildarveltu þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins?

3.5.2. hafa að minnsta kosti tvö hlutaðeigandi fyrirtæki, hvert um sig, meiri veltu en 250 milljónir evra á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna?

3.6. Ef aðgerðin varðar yfirtöku sameiginlegrar stjórnunar á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar um:

3.6.1. veltu samrekstrar og/eða veltu samanlagðrar starfsemi fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, og/eða

3.6.2. sameiginlegt verðgildi eigna sem færast til fyrirtækis um sameiginlegt verkefni.

3.7. Gerið grein fyrir efnahagslegum rökstuðningi fyrir samfylkingunni.

4. ÞÁTTUR

Eignarhald og yfirráð ([1])

Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu.

Taka skal eftirfarandi fram:

4.1. hvaða fyrirtæki eða aðilar ráða yfir samfylkingaraðilum með beinum eða óbeinum hætti,

4.2. hvaða fyrirtæki stunda viðskipti á markaði sem tilkynna skal um ([2]) og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum:

a) samfylkingaraðila;

b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 4.1.

Fyrir hvert tilgreint fyrirtæki um sig skal taka fram hvers eðlis og með hvaða hætti yfirráðin eru.

Hægt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum.

5. ÞÁTTUR

Fylgiskjöl

Tilkynningaraðilar skulu láta eftirfarandi fylgja:

5.1. afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samfylkingunni, hvort sem samfylkingin hefur orðið til með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, öflun ráðandi hlutar eða yfirtökuboði, og

5.2. afrit af síðustu ársskýrslu og ársreikningi allra samfylkingaraðila.

6. ÞÁTTUR

Skilgreiningar á mörkuðum

Viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samfylkinguna. ([3])

Tilkynningaraðila eða -aðilum ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

I. Viðkomandi vörumarkaðir

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum og/eða þjónustu sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, m.a., hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á vörumarkaðinum (t.d. framboðsstaðgöngu þegar við á).

([1]) Sjá. 3. gr. (3., 4. og 5. mgr.) og 5. gr. (4. mgr.) samrunareglugerðar EB.
([2]) Sjá þátt 6.III um skilgreiningu á mörkuðum sem eru tilkynningarskyldir.
([3]) Sbr. auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum með tilliti til samkeppnislaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. Viðkomandi svæðisbundnir markaðir

Til svæðisbundins markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi svæðisbundnum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

III. Tilkynningarskyldir markaðir

Að því er varðar upplýsingar sem krafist er í þessu eyðublaði teljast tilkynningarskyldir markaðir vera allir viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir og einnig líklegar viðeigandi skilgreiningar staðgöngumarkaða fyrir vörumarkaði og landfræðilega markaði, en á grundvelli þeirra:

a) stunda tveir eða fleiri samfylkingaraðilanna viðskipti á sama viðkomandi markaði (lárétt tengsl).

b) stunda einn eða fleiri samfylkingaraðilar viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrra eða seinna stigi miðað við markað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samfylkingaraðila eða ekki (lóðrétt tengsl).

6.1. Tilgreinið alla tilkynningarskylda markaði á grundvelli skilgreininganna á mörkuðum hér á undan.

7. ÞÁTTUR

Upplýsingar um markaði

Fyrir hvern tilkynningarskyldan markað sem lýst er í 6. þætti skal leggja fram eftirfarandi gögn næstliðins árs fyrir aðgerð: ([1])

7.1. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í einingafjölda) ([2]). Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tök eru á,

7.2. söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætluð markaðshlutdeild hans. Tilgreinið hvort verulegar breytingar hafi orðið á sölu- og markaðshlutdeild á næstliðnum þremur fjárhagsárum og

7.3. að því er varðar lárétt tengsl og lóðrétt tengsl, mat á virði markaðshlutdeildar (og magni þar sem við á) þriggja helstu samkeppnisaðila (tilgreina skal á hvaða grunni matið er gert). Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu en, sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) þessara samkeppnisaðila.

8. ÞÁTTUR

Samstarfsáhrif fyrirtækis um sameiginlegt verkefni

8. Að því er varðar 4. mgr. 2. gr. samrunareglugerðar EB skal svara eftirfarandi spurningum:

a) Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram starfsemi að verulegu leyti á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við markað fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið eða á nærliggjandi markaði sem er náskyldur honum? ([3])

Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:

— veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta fjárhagsári,

— efnahagslegt vægi starfsemi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni miðað við þessa veltu,

— markaðshlut hvers móðurfyrirtækis.

Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.

([1]) Við undirbúning tilkynningar getur verið gagnlegt að ráðgast við framkvæmdastjórnina um að hve miklu leyti sé hægt að fá undanþágu frá því að leggja fram tilskildar upplýsingar að því er varðar tiltekna, tilkynningarskylda markaði.

([2]) Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á landsvæðunum sem um ræðir og bæta innflutningi við.

([3]) Sjá skilgreiningu á markaði í 6. þætti.

b) Ef svarið við a-lið er já og talið er að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli óháðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 81. gr. EES-samningsins ber að rökstyðja svarið.

c) Með fyrirvara um svör við a- og b-liðum og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið málið á fullnægjandi hátt skal skýra frá því hvernig viðmiðununum í 3. mgr. 81. gr. er beitt. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 81. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:

i. stuðlar að bættri framleiðslu eða vörudreifingu, eða eflir tæknilegar efnahagslegar framfarir,

ii. veitir neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af hlýst,

iii. leggur ekki höft á viðkomandi fyrirtæki ef ekki er brýn þörf á því til að ná þessum markmiðum og

iv. veitir þessum fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

9. ÞÁTTUR

Yfirlýsing

Í 2. mgr. 2. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar kemur fram að ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skuli þeir framvísa skriflegu umboði til þess. Þetta umboð skal fylgja tilkynningunni.

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af öllum aðilum hennar eða fyrir þeirra hönd:

Tilkynningaraðili eða -aðilar lýsa yfir því að upplýsingarnar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, séu sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að rétt og óstytt afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt eyðublaði þessu, fylgi, að allt mat sé tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós sé það gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðar EB.

Staður og dagsetning:

Undirritun:

Nafn og staða:

Fyrir hönd:

III. VIÐAUKI:

EYÐUBLAÐ RS

(RS = rökstudd greinargerð skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004

EYÐUBLAÐ RS SEM VARÐAR RÖKSTUDDAR GREINARGERÐIR

SAMKVÆMT 4. OG 5. MGR. 4. GR. REGLUGERÐAR RÁÐSINS (EB) nr. 139/2004

INNGANGUR

A. **Tilgangurinn með eyðublaðinu**

Á þessu eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar sem umsækjendur þurfa að láta í té þegar þeir skila rökstuddri greinargerð áður en tilkynning um vísun er lögð fram, skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 (hér á eftir nefnd „samrunareglugerð EB“).

Athygli er vakin á samrunareglugerð EB og reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. […/2004] (hér á eftir nefnd „reglugerð EB um framkvæmd samruna“). Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Europa-vefseturs framkvæmdastjórnarinnar.

Reynslan hefur sýnt að undirbúningsfundir hafa gefið góða raun, bæði fyrir aðila og framkvæmdastjórnina því þannig er hægt að ákvarða nákvæmlega umfang og gerð upplýsinganna sem verða að koma fram. Aðilar eru því hvattir til að hafa samráð við framkvæmdastjórnina og viðkomandi aðildarríki, eitt eða fleiri, varðandi hæfilegt umfang og tegund upplýsinga sem þeir hyggjast byggja rökstudda greinargerð sína á.

B. **Kröfurnar sem gerðar eru svo rökstudd greinargerð teljist rétt og fullnægjandi.**

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Upplýsingarnar ber að láta í té í réttum hluta þessa eyðublaðs.

Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í rökstuddri greinargerð sem ófullnægjandi upplýsingar (5. mgr. 4. gr. reglugerðar EB um framkvæmd samruna).

Leggi aðilar fram rangar upplýsingar hefur framkvæmdastjórnin heimild til þess að afturkalla ákvörðun sem hún hefur tekið skv. 6. eða 8. grein eftir að máli er vísað áfram sbr. 4. gr. (5. mgr.) í samræmi við 6. gr. (a-lið 3. mgr.) eða 8. gr. (a-lið 6. mgr.) samrunareglugerðar EB. Eftir afturköllun eiga innlend samkeppnislög aftur við um aðgerðina. Þegar um er að ræða vísun sem um getur í 4. mgr. 4. gr., á grundvelli rangra upplýsinga, getur framkvæmdastjórnin krafist tilkynningar í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Auk þess hefur framkvæmdastjórnin heimild til þess að leggja á sektir vegna framlagningar rangra eða misvísandi upplýsinga skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðar EB. Sjá d-lið hér á eftir. Loks er aðilum gert grein fyrir því að komi til þess að máli sé vísað áfram vegna rangra, misvísandi eða ófullnægjandi upplýsinga sem lagðar eru fram með RS-eyðublaði er framkvæmdastjórninni og/eða aðildarríkjunum heimilt að íhuga að vísa máli áfram eftir tilkynningu til að leiðrétta hvers konar framvísun máls sem átt hefur sér stað fyrir tilkynningu.

Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

a) Í samræmi við 4. og 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB er framkvæmdastjórninni skylt að framsenda rökstuddar greinargerðir til aðildarríkja án tafar. Frestur til þess að fara yfir rökstudda greinargerð hefst þegar viðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, hefur veitt henni móttöku. Ákvörðun um að fallast á rökstudda greinargerð eða hafna henni verður að öllu jöfnu tekin að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem hún hefur að geyma, án þess að viðkomandi yfirvöld leggi út í frekari rannsóknarvinnu.

b) Við undirbúning rökstuddrar greinargerðar ættu aðilar því að ganga úr skugga um að allar upplýsingar og röksemdir sem byggt er á séu nægilega studdar óháðum heimildum.

c) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðar EB geta aðilar sem leggja fram rökstudda greinargerð sem hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi veita rangar eða misvísandi upplýsingar sætt sektum sem nema allt að 1% af samanlagðri veltu viðkomandi fyrirtækis.

d) Yður er heimilt að fara þess skriflega á leit við framkvæmdastjórnina að hún líti svo á að rökstudda greinargerðin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru yður ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að við tilraun til yfirtöku á fyrirtæki standi viðkomandi fyrirtæki í vegi fyrir yfirtökunni og getur þá reynst erfitt að útvega umbeðnar upplýsingar um fyrirtækið).

Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að þér tilgreinið ástæður þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynið eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og getið þess á hverju þér byggið þetta mat. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar framkvæmdastjórnin eða viðkomandi aðildarríki, eitt eða fleiri, getur aflað þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.

e) Heimilt er að fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún fallist á að rökstudda greinargerðin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaði þessu, vanti ef talið er að þessar upplýsingar kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða viðkomandi aðildarríkis.

Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að fullnægjandi rök séu færð fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir meðferð á beiðni um að vísa máli áfram áður en að tilkynningu kemur. Rétt er að skýra frá þessu á undirbúningsfundum með framkvæmdastjórninni og viðkomandi aðildarríki, einu eða fleiri, og óska eftir því skriflega við framkvæmdastjórnina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar EB um framkvæmd samruna. Framkvæmdastjórnin getur haft samráð við yfirvald eða yfirvöld viðkomandi aðildarríkis áður en hún tekur ákvörðun um að verða við slíkri beiðni.

C. **Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram rökstudda greinargerð**

Sé um samruna að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar eða öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar skulu samfylkingaraðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá greinargerðinni.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá greinargerðinni.

Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá rökstuddu greinargerðinni.

Allir sem leggja fram rökstudda greinargerð bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

D. **Frágangur rökstuddrar greinargerðar**

Rökstudda greinargerð ber að leggja fram á opinberu tungumáli Evrópusambandsins. Þetta tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla aðila sem leggja greinargerð fram.

Í því augnmiði að greiða fyrir meðferð yfirvalda aðildarríkis á RS-eyðublaði eru aðilar eindregið hvattir til þess að útvega framkvæmdastjórninni þýðingu á rökstuddri greinargerð sinni á tungumáli eða tungumálum sem allir viðtakendur upplýsinganna skilja. Að því er varðar beiðnir um vísun til aðildarríkis eða -ríkja eru aðilar eindregið hvattir til að leggja einnig fram afrit af beiðninni á tungumáli/tungumálum aðildarríkisins/-ríkjanna sem beðið er um að máli sé vísað til.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu og enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing og fylgiskjöl. Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að öll efnisleg grundvallargögn séu kynnt í meginmáli RS-eyðublaðs. Viðauka við þetta eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á eyðublaðinu sjálfu.

Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu; sé það ekki eitt af opinberum tungumálum Bandalagsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins.

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber aðila að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal eitt frumrit og 35 afrit af RS-eyðublaði og fylgiskjölum til framkvæmdastjórnarinnar. Rökstuddu greinargerðina skal senda á póstfangið sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar EB um framkvæmd samruna og á því sniði sem framkvæmdastjórnin tilgreinir.

Greinargerðina skal senda á póstfang aðalskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar í samkeppnismálum. Póstfangið er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Greinargerðina skal afhenda framkvæmdastjórninni á virkum degi samkvæmt skilgreiningunni í 24. gr. reglugerðar EB um framkvæmd samruna. Ef unnt á að vera að skrá hana samdægurs verður hún að berast fyrir kl. 17:00 mánudaga til fimmtudaga og fyrir kl. 16:00 á föstudögum og á næsta virka degi á undan opinberum frídegi og öðrum frídögum sem framkvæmdastjórnin fastsetur og sem birt er í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Fara ber að þeim öryggisfyrirmælum sem birt eru á vefsetri aðalskrifstofunnar í samkeppnismálum.

E. **Trúnaðarkvaðir**

Samkvæmt 287. gr. sáttmálans og 2. mgr. 17. gr. samrunareglugerðar EB skulu framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, embættismenn þeirra og aðrir starfsmenn og aðrir þeir sem vinna undir stjórn þessara yfirvalda, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra yfirvalda í aðildarríkjunum, ekki veita þær upplýsingar sem þeir hafa aflað við beitingu þessarar reglugerðar og falla undir þagnarskyldu. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli aðila að greinargerðinni.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber yður að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá greinargerðinni er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í viðaukum og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Rökstuddri greinargerð skulu fylgja allir slíkir viðaukar.

F. **Skilgreiningar og leiðbeiningar við frágang þessa eyðublaðs**

Aðili eða aðilar að rökstuddri greinargerð: ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram rökstudda greinargerð er hugtakið aðilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur greinargerðina fram.

Samfylkingaraðili (eða -aðilar): Hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þ.m.t. öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

Hugtökin aðili eða aðilar og samfylkingaraðili eða -aðilar sem leggja fram greinargerð taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðum og þessir aðilar, nema annað sé tekið fram.

Markaðir þar sem áhrifa gætir: Í 4. þætti eyðublaðsins er óskað eftir að aðilar sem leggja fram greinargerð skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini enn fremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum frá aðgerðum. Þessi skilgreining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu, sem þarf að svara. Þegar talað er um markaði þar sem áhrifa gætir á eyðublaðinu er átt við markaði sem aðilar að greinargerð skilgreina. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár“ á eyðublaðinu merkja almanaksár, nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, skulu eiga við árið á undan árinu þegar rökstudd greinargerð var lögð fram, nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um á þessu eyðublaði skulu gefnar upp í evrum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanir á þessu eyðublaði eru í viðeigandi greinar og málsgreinar samrunareglugerðar EB, nema annað sé tekið fram.

1. ÞÁTTUR

Grunnupplýsingar

1.0. Tilgreinið hvort rökstudda greinargerðin sé gerð skv. 4. eða 5. mgr. 4. gr.

— vísun skv. 4. mgr. 4. gr.

— vísun skv. 5. mgr. 4. gr.

1.1. Upplýsingar um hlutaðeigandi aðila (einn eða fleiri)

Taka skal fram:

1.1.1. heiti og póstfang fyrirtækis;

1.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er;

1.1.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu og

1.1.4. póstfang vegna þjónustu við aðila sem leggur fram greinargerð (eða hvorn aðila) þar sem unnt er að afhenda skjöl, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnar. Leggja skal fram nafn, símanúmer og tölvupóstfang aðila sem hefur heimild til þess að njóta þjónustu á viðkomandi póstfangi.

1.2. Upplýsingar um aðra aðila ([1]) að samfylkingunni: fyrir hvern samfylkingaraðila um sig (nema aðila að greinargerð) skal taka eftirfarandi fram: 1.2.1.

heiti og póstfang fyrirtækis,

([1]) Þetta tekur einnig til fyrirtækis sem fjandsamleg yfirtaka beinist að en í því tilviki skal tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

1.2.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,

1.2.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu,

1.2.4. póstfang aðila (eða hvern aðila um sig) sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar. Leggja skal fram nafn, tölvupóstfang og símanúmer aðila á viðkomandi póstfangi sem hefur heimild til að taka við tilkynningum.

1.3. Tilnefning fulltrúa

Ef fulltrúar fyrirtækja undirrita rökstuddar greinargerðir skulu þeir framvísa skriflegri heimild til þess. Í skriflegu umboði skulu vera nöfn og stöður þeirra sem veita slíka heimild.

Veita skal eftirfarandi samskiptaupplýsingar um þá fulltrúa sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd hvaða samfylkingaraðila sem vera skal og tilgreina umbjóðendur þeirra:

1.3.1. nafn fulltrúa,

1.3.2. póstfang fulltrúa,

1.3.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar; og

1.3.4. póstfang fulltrúa (í Brussel, ef um það er að ræða) sem unnt er að beina öllum pósti og skjölum til.

2. ÞÁTTUR

Almennar upplýsingar um samfylkinguna og aðdraganda hennar

2.1. Lýsið almennum aðdraganda að samfylkingunni. Sérstaklega skal leggja fram samantekt um meginástæðurnar fyrir viðskiptunum, þ.m.t. efnahagslegar og skipulagslegar grunnforsendur.

Leggja skal fram samantekt um starfsemi samfylkingarinnar, þar sem tilgreindir eru aðilar að samfylkingunni, eðli hennar (t.d. hvort um sé að ræða samruna, yfirtöku eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni), starfssvið aðilanna sem leggja fram greinargerð, markaðir þar sem áhrifa samfylkingarinnar mun gæta (einnig helstu markaði þar sem áhrifa gætir ([1])) og skipulagslegar og efnahagslegar grunnforsendur samfylkingarinnar.

2.2. Lýsið lagalegu eðli viðskiptanna sem er tilefni rökstuddu greinargerðarinnar. Takið í þessu sambandi fram:

a) hvort samfylkingin tekur til óskipts fyrirtækis eða hluta þess,

b) fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar,

c) hvers konar eignarhaldi og yfirráðum megi búast við eftir samfylkingu og

d) hvort fyrirhuguð aðgerð sé samfylking í skilningi 3. gr. samrunareglugerðar EB.

2.3. Tilgreina skal til hvaða atvinnuvega samfylkingin nær.

2.3.1. Tilgreina skal verðmæti viðskiptanna (innkaupsverð eða verðgildi allra eigna sem um ræðir, eftir því sem við á).

2.4. Leggið fram fullnægjandi fjármálagögn eða önnur gögn sem sýna að samfylkingin er EÐA er ekki innan þeirra lagalegu viðmiðunarmarka sem kveðið er á um í 1. gr. samrunareglugerðar EB.

2.4.1. Leggið fram sundurliðun á veltu hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins og tilgreinið eftir atvikum aðildarríki, ef nokkurt er, sem meira en tveir þriðju umræddrar veltu eru bundnir við.

3. ÞÁTTUR

Eignarhald og yfirráð ([2])

Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu.

([1]) Sjá 4. þátt um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.
([2]) Sjá 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr.

Taka skal eftirfarandi fram:

3.1. hvaða fyrirtæki eða einstaklingar ráða yfir samfylkingaraðilum með beinum eða óbeinum hætti,

3.2. hvaða fyrirtæki stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir ([1]) og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum:

a) samfylkingaraðila,

b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 3.1.

Fyrir hvert tilgreint fyrirtæki um sig skal taka fram hvers eðlis og með hvaða hætti yfirráðin eru.

Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum.

4. ÞÁTTUR

Skilgreiningar á mörkuðum

Viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samfylkinguna ([2]).

Aðila eða aðilum að greinargerð ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

I. **Viðkomandi vörumarkaðir**

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða skiptanlega þjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og ætlaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum eða þjónustu sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, m.a., hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á vörumarkaðinum (t.d. framboðsstaðgöngu þegar við á).

II. **Viðkomandi landfræðilegir markaðir**

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu landsvæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

III. **Markaðir þar sem áhrifa gætir**

Þegar svarað er spurningum á þessu eyðublaði skulu viðkomandi vörumarkaðir innan Bandalagsins, eða hvaða aðildarríkis sem er, teljast markaðir þar sem áhrifa gætir:

a) ef tveir eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á sama vörumarkaði og samfylking þeirra myndi leiða til 15% sameiginlegs markaðshlutar eða meira. Þetta nefnast lárétt tengsl,

b) ef einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á vörumarkaði, aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við vörumarkað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra á hvoru stigi sem er eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra nemur 25% eða meira án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samfylkingaraðila eða ekki.([3]) Þetta nefnast lóðrétt tengsl.

([1]) Sjá 4. þátt um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.
([2]) Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum með tilliti til samkeppnislaga Bandalagsins.
([3]) Ef aðili að samfylkingu er t.d. með markaðshlutdeild umfram 25% á markaði sem er aðliggjandi miðað við markað þar sem annar aðili er virkur gætir áhrifa bæði á aðliggjandi og fráliggjandi markaði. Renni samþætt lóðrétt fyrirtæki saman við annað fyrirtæki sem er virkt á aðliggjandi markaði og leiði samruninn til sameiginlegrar markaðshlutdeildar sem nemur 25% eða meira, eru á sama hátt bæði aðliggjandi og fráliggjandi markaðir, markaðir þar sem áhrifa gætir.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga og viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild skal veita eftirfarandi upplýsingar:

4.1. Tilgreinið hvern markað þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar:

a) á vettvangi Bandalagsins,

b) ef um er að ræða beiðni um að máli sé vísað áfram skv. 4. mgr. 4. gr. að því er varðar hvert einstakt aðildarríki,

c) ef um er að ræða beiðni um að máli sé vísað áfram í samræmi við 5. mgr. 4. gr., að því er varðar hvert einstakt aðildarríki sem telst til þess bært að endurskoða samfylkinguna skv. 6.3.1. þessa eyðublaðs.

4.2. Tilgreinið og skýrið að auki sjónarmið aðila varðandi umfang viðkomandi landfræðilegs markaðar í skilningi II. þáttar sem á við í tengslum við hvern þann markað þar sem áhrifa gætir og sem um er getið í 4.1. hér á undan.

5. ÞÁTTUR

Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

Fyrir hvern viðkomandi vörumarkað um sig og fyrir síðasta reikningsár,

a) fyrir Bandalagið í heild,

b) ef um er að ræða beiðni um að máli sé vísað áfram í samræmi við 4. mgr. 4. gr. sérstaklega fyrir hvert aðildarríki þar sem samfylkingin er með atvinnurekstur og

c) ef um er að ræða beiðni um að máli sé vísað áfram í samræmi við 5. mgr. 4. gr., sérstaklega fyrir hvert einstakt aðildarríki sem telst til þess bært að endurskoða samfylkinguna skv. 6.3.1. þætti þessa eyðublaðs og þar sem aðilar að samfylkingunni eru með atvinnurekstur og

d) fyrir viðkomandi landfræðilegan markað, ef hann er annar að mati aðila að greinargerð,

skal veita upplýsingar um eftirfarandi:

5.1. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í einingafjölda) ([1]). Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tök eru á,

5.2. söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætlaða markaðshlutdeild hans,

5.3. áætlað verðmæti (og umfang þar sem við á) markaðshlutdeildar allra samkeppnisaðilanna (að meðtöldum innflytjendum) sem ráða yfir að minnsta kosti 5% af landfræðilega markaðinum sem er til athugunar.

Leggið fram á þessum grundvelli áætlun um Herfindahl-Hirshman-vísitölu ([2]) fyrir og eftir samruna, og muninn á þessu tvennu (deltastuðul) ([3]). Gefið upp hlutfall markaðshlutdeildar svo unnt sé að reikna út Herfindahl-Hirshman-vísitöluna út frá því. Getið um heimildir sem notaðar eru til þess að reikna út markaðshlutdeild og leggið fram skjöl eftir því sem unnt er til þess að staðfesta útreikninginn,

5.4. fimm helstu óháðu viðskiptavini aðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir og hlut hvers þeirra í heildarsölu þessara vara sem hver þessara viðskiptavina hefur skráð sig fyrir,

([1]) Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á landsvæðunum sem um ræðir og bæta innflutningi við.

([2]) HHI stendur fyrir Herfindahl-Hirshman-vísitöluna sem er mælikvarði á samþjöppun á markaði. Herfindahl-Hirshman-vísitalan er reiknuð út með því að leggja saman kvaðrat markaðshlutdeildar allra fyrirtækja á markaði. Taka má dæmi af markaði þar sem fimm fyrirtæki hafa markaðshlutdeild sem nemur 40%, 20%, 15%, 15% og 10%, er HHI 2.550 (402 + 202 + 152+ 152 + 102 = 2.550). Herfindahl-Hirshman-vísitalan getur verið á bilinu frá nærri núlli (á örmarkaði) til 10.000 (þar sem um er að ræða hreina einokun). Herfindahl-Hirshman-vísitalan eftir samruna er reiknuð út frá þeirri vinnuforsendu að markaðshlutdeild hvers fyrirtækis haldist óbreytt. Þótt best sé að taka öll fyrirtækin með í reikninginn getur skortur á upplýsingum um mjög lítil fyrirtæki haft óveruleg áhrif þar sem slík fyrirtæki hafa ekki mikil áhrif á Herfindahl-Hirshman-vísitöluna.

([3]) Aukna samfylkingu eins og hún mælist með Herfindahl-Hirshman-vísitölunni er hægt að reikna út óháð heildarsamþjöppun á markaði með því að tvöfalda samanlagða markaðshlutdeild fyrirtækjanna sem renna saman. Taka má dæmi af samruna tveggja fyrirtækja sem hafa markaðshlutdeild sem nemur 30% og 15%, og mundi auka Herfindahl-Hirshman-vísitöluna um 900 (30 × 15 × 2 = 900). Skýringin á þessari aðferð er sem hér segir: Fyrir samruna hefur markaðshlutdeild fyrirtækjanna sem renna saman áhrif á Herfindahl-Hirshman-vísitöluna sem einstakt kvaðrat hvors um sig: a)2 + b)2. Eftir samruna er það kvaðrat samtölu þeirra sem hefur áhrif: (a + b) 2, sem jafngildir a) 2 + b) 2 + 2ab. Því er hækkun Herfindahl-Hirshman-vísitölunnar táknuð sem 2ab.

5.5. eðli og umfang lóðréttrar sameiningar fyrir hvern samfylkingaraðila um sig miðað við helstu keppinauta,

5.6. fimm helstu sjálfstæðu ([1]) birgja aðilanna.

5.7. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum? Eru, að áliti tilkynningaraðila, einhver fyrirtæki (þ.m.t. þau sem nú starfa aðeins á mörkuðum utan Bandalagsins) sem eru líkleg til að koma inn á markaðinn? Tilgreinið nánar.

5.8. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta og/eða lóðrétta) að ræða á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?

5.9. Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram starfsemi að verulegu leyti á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við markað fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið eða á nærliggjandi markaði sem er nátengdur honum? ([2])

5.10. Lýsið fyrirsjáanlegum áhrifum fyrirhugaðrar samfylkingar á þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir og því hvernig fyrirhuguð samfylking getur hugsanlega haft áhrif á hagsmuni milliliða og endanlegra neytenda og þróun tæknilegra og efnahagslegra framfara.

6. ÞÁTTUR

Upplýsingar um vísunarbeiðnina og rökin fyrir vísun máls

6.1. Tilgreinið hvort rökstudda greinargerðin sé gerð skv. 4. eða 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB, og fyllið aðeins út viðeigandi undirþátt,

— vísun skv. 4. mgr. 4. gr.

— vísun skv. 5. mgr. 4. gr.

Undirþáttur 6.2

VÍSUN SKV. 4. MGR. 4. GR.

6.2.1. Tilgreinið aðildarríkið eða -ríkin sem þér leggið til skv. 4. mgr. 4. gr. að taki samfylkinguna til rannsóknar og takið fram hvort þér hafið eða hafið ekki haft óformlegt samband við þetta/þessi aðildarríki.

6.2.2. Tilgreinið hvort beiðni um vísun varði málið í heild eða að hluta til. Ef beiðni um vísun varðar hluta málsins skal tilgreina með skýrum hætti hvaða hlut eða hluta málsins vísunarbeiðnin varðar. Ef vísunarbeiðnin er um að máli sé vísað áfram í heild verður að staðfesta að ekki séu neinir markaðir þar sem áhrifa gætir utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna sem vísunarbeiðninni er vísað til.

6.2.3. Útskýrið með hvaða hætti hver markaður þar sem áhrifa gætir í aðildarríki eða -ríkjum þar sem vísunar er óskað hefur öll einkenni aðgreinds markaðar í skilningi 4. mgr. 4. gr.

6.2.4. Útskýra skal með hvaða hætti samkeppni getur orðið fyrir verulegum áhrifum á hverjum hinna aðgreindu markaða sem áður er getið, í skilningi 4. mgr. 4. gr.

6.2.5. Fari svo að aðildarríki, eitt eða fleiri, verði til þess bært að skoða mál í heild eða að hluta eftir vísun til þeirra skv. 4. mgr. 4. gr., fallist þér þá á að viðkomandi aðildarríki, eitt eða fleiri, nýti upplýsingarnar sem þetta eyðublað hefur að geyma við málsmeðferð innanlands í tengslum við málið eða hluta þess? JÁ eða NEI

([1]) Það er að segja birgjar sem eru ekki dótturfyrirtæki, umboðsaðilar eða fyrirtæki sem eru hluti af fyrirtækjasamstæðu viðkomandi málsaðila. Auk þessara fimm sjálfstæðu birgja geta tilkynningaraðilar tilgreint birgja innan samstæðunnar telji þeir það nauðsynlegt til að fá fram rétt mat. Það sama gildir í tengslum við viðskiptavini.

([2]) Sjá skilgreiningu á markaði í 4. þætti.

Undirþáttur

6.3 VÍSUN SKV. 5. MGR. 4. GR.

6.3.1. Tilgreinið fyrir hvert aðildarríki hvort hægt sé að endurskoða samfylkinguna eða ekki samkvæmt innlendum samkeppnislögum. Haka verður við reit fyrir sérhvert aðildarríki.

Er hægt að endurskoða samfylkinguna samkvæmt innlendum samkeppnislögum í hverju eftirfarandi aðildarríkja? Þér verðið að svara fyrir hvert aðildarríki. Tilgreinið aðeins JÁ eða NEI fyrir hvert aðildarríki. Ef ekki er tilgreint JÁ eða NEI fyrir eitthvert aðildarríki skal litið svo á að svarið sé JÁ að því er það aðildarríki varðar.

Austurríki:	JÁ	NEI
Belgía:	JÁ	NEI
Kýpur:	JÁ	NEI
Tékkland:	JÁ	NEI
Danmörk:	JÁ	NEI
Eistland:	JÁ	NEI
Finnland:	JÁ	NEI
Frakkland:	JÁ	NEI
Þýskaland:	JÁ	NEI
Grikkland:	JÁ	NEI
Ungverjaland:	JÁ	NEI
Írland:	JÁ	NEI
Ítalía:	JÁ	NEI
Lettland:	JÁ	NEI
Litháen:	JÁ	NEI
Lúxemborg:	JÁ	NEI
Malta:	JÁ	NEI
Holland:	JÁ	NEI
Pólland:	JÁ	NEI
Portúgal:	JÁ	NEI
Slóvakía:	JÁ	NEI
Slóvenía:	JÁ	NEI
Spánn:	JÁ	NEI
Svíþjóð:	JÁ	NEI
Breska konungsríkið:	JÁ	NEI

6.3.2. Að því er varðar hvert aðildarríki skal leggja fram fullnægjandi gögn, fjárhagsleg eða önnur, til þess að sýna fram á að samfylkingin standist eða standist ekki viðeigandi lögformlegar viðmiðanir að viðkomandi samkeppnislögum.

6.3.4. Útskýrið hvers vegna rétt er að framkvæmdastjórnin athugi málið. Tilgreinið einkum hvort samfylkingin geti haft áhrif á samkeppni utan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis.

7. ÞÁTTUR

Yfirlýsing

Kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar EB um framkvæmd samruna að ef fulltrúar fyrirtækja undirrita rökstuddar greinargerðir skuli þeir framvísa skriflegu umboði til þess. Þetta umboð skal fylgja greinargerðinni.

Ljúka ber rökstuddu greinargerðinni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af öllum aðilum hennar eða fyrir þeirra hönd:

Aðili eða aðilar að greinargerð lýsa yfir því að eftir ítarlega sannprófun séu upplýsingarnar, sem eru veittar í þessari rökstuddu greinargerð samkvæmt bestu vitund þeirra, sannar, réttar og fullnægjandi, að rétt og óstytt fullfrágengin afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt RS-eyðublaði, fylgi, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós sé það gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðar EB.

Staður og dagsetning:

Undirritun:

Nafn og staða:

Fyrir hönd:

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1033/2008 **2015/EES/8/63**

frá 20. október 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 802/2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB)°([1]), einkum 1. mgr. 23. gr., að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um samfylkingu fyrirtækja,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja°([2]) eru settar fram reglur um málsmeðferð vegna tilkynninga og athugunar á samfylkingum. Svo að tekið sé tillit til aðildar Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu er nauðsynlegt að uppfæra eyðublaðið, sem er notað til að tilkynna samfylkingar, þar sem krafist er tiltekinna upplýsinga á grundvelli skrár um öll aðildarríkin.

2) Að því er varðar framlagningu skjala eða yfirlýsinga frá einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja meðan á málsmeðferð stendur, virðist rétt að skýra þá málsmeðferð sem gerir kleift að líta svo á að þessi skjöl eða yfirlýsingar innihaldi engin trúnaðarmál.

3) Hinn 8. júní 2004 samþykkti sameiginlega EES-nefndin ákvörðun nr. 78/2004 og ákvörðun nr. 79/2004. Með þessum ákvörðunum er reglugerð (EB) nr. 139/2004 tekin upp í EES-samninginn. Svo að tekið sé tillit til þessara ákvarðana og vegna skýrleika laganna og gagnsæis þeirra verður að innleiða breytingar á tilkynningareyðublöðum, einkum RS-eyðublaðinu, er varðar rökstuddar greinagerðir (RS-eyðublað), þar sem fjallað er um þær upplýsingar sem ber að veita vegna vísunar máls áður en það er tilkynnt skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

4) Til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti lagt fullnægjandi mat á skuldbindingar tilkynningaraðila skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, með það fyrir augum að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum, skal gera kröfu um að tilkynningaraðilar leggi fram ítarlegar upplýsingar varðandi skuldbindingar sem þeir leggja fram, einkum að þeir veiti sérstakar upplýsingar ef skuldbindingarnar sem boðnar eru felast í fjárlosun fyrirtækis.

5) Til að fullvissa framkvæmdastjórnina um að staðið verði við skuldbindingarnar í tæka tíð og á tilhlýðilegan hátt er rétt að minna á að skuldbindingarnar geta falið í sér upplýsingar um viðeigandi aðferðir, sem aðilarnir leggja til, þ.m.t. tilnefning tilsjónarmanns sem aðstoðar framkvæmdastjórnina við að hafa umsjón með því að farið sé að reglum.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 802/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 802/2004 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 18. gr.:

„4. Ef einstaklingar, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja fara ekki að ákvæðum 2. eða 3. mgr. getur framkvæmdastjórnin gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í viðkomandi skjölum eða yfirlýsingum.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 68, 17.12.2009, bls. 20.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1.

2. Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við 20. gr.:

„1a. Til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í 1. mgr., skulu viðkomandi fyrirtæki, jafnframt því að leggja til skuldbindingar skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, leggja fram eitt frumrit og tíu afrit af upplýsingum og skjölum eins og tiltekið er með RM-eyðublaði, sem varðar úrræði (RM-eyðublað), sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð. Upplýsingarnar, sem lagðar eru fram, skulu vera réttar og fullnægjandi.“

3. Eftirfarandi 20. gr. a bætist við:

„20. gr. a

Tilsjónarmenn

1. Skuldbindingar sem viðkomandi fyrirtæki leggja fram, skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, geta falið í sér, á eigin kostnað viðkomandi fyrirtækja, tilnefningu óháðs tilsjónarmanns, eins eða fleiri, sem aðstoðar framkvæmdastjórnina við að hafa umsjón með því að aðilar uppfylli skuldbindingarnar eða hafi umboð til að sjá um að staðið sé við þær. Aðilar, eða framkvæmdastjórnin sjálf, geta tilnefnt tilsjónarmann, eftir að framkvæmdastjórnin hefur staðfest deili á honum. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með verkefnum tilsjónarmanns.

2. Framkvæmdastjórnin getur sett ákvæði, sem tengjast tilsjónarmanni skuldbindinganna, sem skilyrði og skyldur skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr reglugerðar (EB) nr. 139/2004.

4. Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 802/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 1.1. komi eftirfarandi:

„Á þessu eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar sem tilkynningaraðilum ber að veita þegar þeir leggja fram tilkynningu til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um fyrirhugaða samfylkingu, kaup eða annan samruna. Mælt er fyrir um samrunaeftirlitskerfi Evrópusambandsins í reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (hér á eftir nefnd „samrunareglugerð EB“) og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 (hér á eftir nefnd „framkvæmdarreglugerðin“), sem þetta CO-eyðublað fylgir með í viðauka (*). Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Evrópuvefs framkvæmdastjórnarinnar. Athygli er vakin á samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“) (**).

(*) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 (Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

(**) Sjá einkum 57. gr. EES-samningsins, 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn, bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn, svo og bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þegar EFTA-ríkjanna er getið er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum. Hinn 1. maí 2004 eru þessi ríki Ísland, Liechtenstein og Noregur.“

b) Í stað síðasta málsliðar annarrar málsgreinar í lið 1.1 komi eftirfarandi:

„Samruni sem uppfyllir ekki sett veltumörk kann að falla undir valdsvið þeirra yfirvalda í aðildarríkjum EB og/eða EFTA-ríkjunum sem annast samrunaeftirlit.“

c) Í stað 1. nmgr., sem vísað er til í undirþætti 3.5, komi eftirfarandi:

„1. Sjá 57. gr. EES-samningsins, einkum 1. mgr. 2. gr. bókunar 24 við EES-samninginn. Mál fellur undir samstarf ef samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 25% eða meira af heildarveltu þeirra á yfirráðasvæðinu sem EES-samningurinn gildir um, eða ef a.m.k. tvö hlutaðeigandi fyrirtæki hafa, hvort um sig, meiri veltu en 250 milljónir evra á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, eða líkur eru á að samfylkingin skapi eða styrki yfirburðastöðu sem á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða stórum hluta þess yrði virkri samkeppni veruleg hindrun.“

d) Í 10. þætti kemur eftirfarandi í stað b-liðar:

„b) Ef svarið við a-lið er já og talið er að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli óháðra fyrirtækja, sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 81. gr., EB-sáttmálans og, þar sem við á, samsvarandi ákvæða EES-samningsins (*), ber að rökstyðja svarið.

(*) Sjá 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.“

e) Í stað inngangsorða c-liðar í 10. þætti komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um svörin við a- og b-lið, og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið málið á fullnægjandi hátt, skal skýra frá því hvernig viðmiðununum í 3. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans og, þar sem við á, samsvarandi ákvæðum EES-samningsins (*), er beitt. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 81. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:

(*) Sjá 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.“

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars málsliðar í lið 1.1 komi eftirfarandi:

„Þegar þetta eyðublað er útfyllt er vakin athygli á reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (hér á eftir nefnd „samrunareglugerð EB“) og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 (hér á eftir nefnd „framkvæmdarreglugerðin“), sem þetta eyðublað fylgir með í viðauka (*). Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Evrópuvefs framkvæmdastjórnarinnar. Athygli er einnig vakin á samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“) (**).

(*) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 (Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

(**) Sjá einkum 57. gr. EES-samningsins, 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn, bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn, svo og bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þegar EFTA-ríkjanna er getið er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum. Hinn 1. maí 2004 eru þessi ríki Ísland, Liechtenstein og Noregur.“

b) Í stað fjórða undirliðar annarrar málsgreinar í lið 1.2 komi eftirfarandi:

„— aðildarríki eða EFTA-ríki lætur í ljós rökstuddar efasemdir um áhrif tilkynntrar samfylkingar á samkeppni, innan 15 virkra daga frá móttöku afrits af tilkynningunni, eða“

c) Í stað 3. nmgr., sem vísað er til í undirþætti 3.5, komi eftirfarandi:

„3. Sjá 57. gr. EES-samningsins, og einkum 1. mgr. 2. gr. bókun 24 við EES-samninginn. Mál fellur undir samstarf og má fara með sem slíkt ef samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 25% eða meira af heildarveltu þeirra á yfirráðasvæði sem EES-samningurinn tekur til, eða ef a.m.k. tvö hlutaðeigandi fyrirtæki með meiri veltu en 250 milljónir evra á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, eða ef líkur eru á að samfylkingin skapi eða styrki yfirburðastöðu sem á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða stórum hluta þess yrði virkri samkeppni veruleg hindrun.“

d) Í stað b-liðar í 8. þætti kemur eftirfarandi:

„b) Ef svarið við a-lið er já og talið er að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli óháðra fyrirtækja, sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 81. gr., EB-sáttmálans og, þar sem við á, samsvarandi ákvæða EES-samningsins (*), ber að rökstyðja svarið.

(*) Sjá 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.“

e) Í stað inngangsorða c-liðar 8. þáttar komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um svörin við a- og b-lið, og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið málið á fullnægjandi hátt, skal skýra frá því hvernig viðmiðununum í 3. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans og, þar sem við á, samsvarandi ákvæðum EES-samningsins (*), er beitt. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 81. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:

(*) Sjá 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.“

3. Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað A-hluta inngangs:

„A. Tilgangurinn með eyðublaðinu

Á þessu eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar sem umsækjendum ber að veita þegar þeir skila rökstuddri greinargerð vegna vísunar máls áður en tilkynning er lögð fram, skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 (hér á eftir nefnd „samrunareglugerð EB“) (*).

Athygli er vakin á samrunareglugerð EB og reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 802/2004 (hér á eftir nefnd „reglugerð EB um framkvæmd samruna“) sem þetta eyðublað fylgir með í viðauka. Texta reglugerðanna og önnur tengd skjöl er að finna á samkeppnissíðu Evrópuvefs framkvæmdastjórnarinnar. Athygli er einnig vakin á samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“) (**).

Reynslan hefur sýnt að undirbúningsfundir hafa verið mjög gagnlegir, bæði fyrir aðila og framkvæmdastjórnina, því þannig er hægt að ákvarða nákvæmlega umfang og gerð upplýsinganna sem krafist er. Aðilar eru því hvattir til að hafa samráð við framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, varðandi hæfilegt umfang og gerð upplýsinga sem þeir hyggjast byggja rökstudda greinargerð sína á.

(*) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 (Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

(**) Sjá einkum 57. gr. EES-samningsins, 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn, bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn, ásamt bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þegar EFTA-ríkjanna er getið er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum. Hinn 1. maí 2004 eru þessi ríki Ísland, Liechtenstein og Noregur.“

b) Í stað síðustu setningar þriðju málsgreinar í B-þætti inngangs komi eftirfarandi:

„Loks skal aðilum einnig gerð grein því að komi til þess að máli sé vísað áfram vegna rangra, misvísandi eða ófullnægjandi upplýsinga, sem lagðar eru fram með RS-eyðublaði, getur framkvæmdastjórnin og/eða aðildarríkin og EFTA-ríkin tekið til athugunar að vísa máli áfram eftir að það hefur verið tilkynnt til að leiðrétta hvers konar framvísun máls sem átt hefur sér stað fyrir tilkynningu.“

c) Í stað fyrstu og annarrar setningar a-liðar í B-þætti inngangsins komi eftirfarandi:

„Í samræmi við 4. og 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB er framkvæmdastjórninni skylt að framsenda rökstuddar greinargerðir til aðildarríkja og EFTA-ríkja án tafar. Frestur til þess að fara yfir rökstudda greinargerð hefst þegar hlutaðeigandi aðildarríki eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, hafa veitt henni móttöku.“

d) Í stað síðustu setningar d-liðar í B-þætti inngangs komi eftirfarandi:

„Ef unnt er skal einnig geta þess hvar framkvæmdastjórnin eða viðkomandi aðildarríki og EFTA-ríki, eitt eða fleiri, geta aflað þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.“

e) Í stað e-liðar í B-þætti inngangs komi eftirfarandi:

„e) Hægt er að fara þess á leit að framkvæmdastjórnin fallist á að rökstudda greinargerðin sé fullnægjandi þótt upplýsingar sem krafist er á eyðublaði þessu vanti ef talið er að einhverjar af þessum upplýsingum kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða viðkomandi aðildarríkis eða EFTA-ríkis, eins eða fleiri.

Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að fullnægjandi rök séu færð fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir meðferð á beiðni um að vísa máli áfram áður en að tilkynningu kemur. Rétt er að skýra frá þessu á undirbúningsfundum með framkvæmdastjórninni og viðkomandi aðildarríki og EFTA-ríki, einu eða fleiri, og óska eftir því skriflega við framkvæmdastjórnina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar EB um framkvæmd samruna. Framkvæmdastjórnin getur haft samráð við yfirvald eða yfirvöld viðkomandi aðildarríkis eða EFTA-ríkis áður en hún tekur ákvörðun um að verða við slíkri beiðni.“

f) Í stað annarrar málsgreinar í D-þætti inngangs komi eftirfarandi:

„Í því augnmiði að greiða fyrir meðferð yfirvalda aðildarríkis og EFTA-ríkis á RS-eyðublaði eru aðilar eindregið hvattir til þess að útvega framkvæmdastjórninni þýðingu á greinargerð sinni á tungumáli eða tungumálum sem allir viðtakendur upplýsinganna skilja. Að því er varðar beiðnir um að vísa máli áfram til aðildarríkis eða EFTA-ríkis, eins eða fleiri, eru aðilar eindregið hvattir til að leggja einnig fram eintak af beiðninni á tungumáli/tungumálum aðildarríkis og EFTA-ríkis, eins eða fleiri, sem beðið er um að máli sé vísað til.

g) Í stað fyrstu málsgreinar í E-þætti inngangsins komi eftirfarandi:

„Í 287. gr. sáttmálans og 2. mgr. 17. gr. samrunareglugerðarinnar svo og í samsvarandi ákvæðum EES-samningsins (*), er kveðið á um að framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum sé óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynningaraðila.

(*) Sjá einkum 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og 2. mgr. 17. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

h) Í 2. þætti bætist eftirfarandi undirþáttur 2.4.2 við:

„2.4.2. Leggið fram sundurliðun á veltu hlutaðeigandi fyrirtækja innan EFTA og tilgreinið eftir atvikum EFTA-ríki, ef nokkurt er, sem meira en tveir þriðju umræddrar veltu er bundið við.“

i. Í stað inngangsorða III. liðar 4. þáttar komi eftirfarandi:

„Þegar spurningum á þessu eyðublaði er svarað skulu viðkomandi vörumarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins, í Bandalaginu, á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, í hverju aðildarríki EB eða í hverju EFTA-ríki teljast markaðir þar sem áhrifa gætir:“

j) Í stað undirþáttar 4.1 í 4. þætti komi eftirfarandi:

„4.1. Tilgreinið hvern markað þar sem áhrifa gætir í skilningi III. liðar

a) á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins, Bandalagsins, eða EFTA,

b) ef um er að ræða beiðni um að máli sé vísað áfram skv.4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar (EB), á vettvangi hvers einstaks aðildarríkis eða EFTA-ríkis;

c) ef um er að ræða beiðni um að máli sé vísað áfram í samræmi við 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar (EB), á vettvangi hvers einstaks aðildarríkis eða EFTA-ríkis sem telst til þess bært að endurskoða samfylkinguna skv. lið 6.3.1. þessa eyðublaðs.“

k) Í stað inngangsorða og liða a-, b- og c- í fyrstu málsgrein 5. þáttar komi eftirfarandi

„Fyrir hvern viðkomandi vörumarkað um sig og fyrir síðasta fjárhagsár,

a) fyrir yfirráðasvæði EES, Bandalagið í heild og EFTA-ríkin í heild,

b) ef um er að ræða beiðni um að máli sé vísað áfram í samræmi við 4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB, sérstaklega fyrir hvert aðildarríki/EFTA-ríki þar sem aðilar að samfylkingunni eru með atvinnurekstur; og

c) ef um er að ræða beiðni um að máli sé vísað áfram í samræmi við 5. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB, sérstaklega fyrir hvert einstakt aðildarríki/EFTA-ríki sem telst til þess bært að endurskoða samfylkinguna skv. lið 6.3.1. þessa eyðublaðs og þar sem aðilar að samfylkingunni eru með atvinnurekstur, og“

l) Í stað undirþáttar 6.2.1 í 6. þætti komi eftirfarandi:

„6.2.1. Tilgreinið aðildarríki og EFTA-ríki, eitt eða fleiri, sem lagt er til skv. 4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB, að taki samfylkinguna til athugunar, og takið fram hvort þér hafið eða hafið ekki haft óformlegt samband við þetta/þessi aðildarríki og/eða EFTA-ríki“.

m) Í stað þriðju málsgreinar í undirþætti 6.2.2. í 6. þætti. komi eftirfarandi:

„Ef beiðnin um að máli sé vísað áfram í heild verður að staðfesta að ekki séu neinir markaðir þar sem áhrifa gætir utan yfirráðasvæðis aðildarríkis og EFTA-ríkja, eins eða fleiri, sem málinu er vísað til samkvæmt beiðni..“

n) Í stað undirþáttar 6.2.3 í 6. þætti komi eftirfarandi:

„6.2.3. Útskýrið með hvaða hætti hver markaður þar sem áhrifa gætir í aðildarríki og EFTA-ríkjum, einu eða fleiri, sem beðið er um að málinu sé vísað til hefur öll einkenni aðgreinds markaðar í skilningi 4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB.“

o) Í stað undirþáttar 6.2.5 í 6. þætti komi eftirfarandi:

„6.2.5. Fari svo að aðildarríki, og/eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, verði þar til bært að skoða mál í heild eða að hluta eftir að máli hefur verið vísað til þess skv. 4. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB , er þá hægt að fallast á að viðkomandi aðildarríki og/eða EFTA-ríki, eitt eða fleiri, nýti upplýsingarnar sem þetta eyðublað hefur að geyma við málsmeðferð innanlands í tengslum við málið eða hluta þess? JÁ eða NEI“

p) Í stað undirþáttar 6.3.1 í 6. þætti komi eftirfarandi:

„6.3.1. Tilgreinið fyrir hvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki hvort hægt sé að endurskoða samfylkinguna eða ekki samkvæmt innlendum samkeppnislögum. Haka verður við reit fyrir sérhvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki.

Er hægt að endurskoða samfylkinguna samkvæmt innlendum samkeppnislögum í hverju eftirfarandi aðildarríkja og/eða EFTA-ríkja? Svara verður fyrir sérhvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki. Tilgreinið aðeins JÁ eða NEI fyrir hvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki. Ef ekki er tilgreint JÁ eða NEI fyrir eitthvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki skal litið svo á að svarið sé JÁ að því er það aðildarríki og/eða EFTA-ríki varðar.

Belgía:	JÁ	NEI
Búlgaría:	JÁ	NEI
Tékkland:	JÁ	NEI
Danmörk:	JÁ	NEI
Þýskaland:	JÁ	NEI
Eistland:	JÁ	NEI
Írland:	JÁ	NEI
Grikkland:	JÁ	NEI
Spánn:	JÁ	NEI
Frakkland:	JÁ	NEI
Ítalía:	JÁ	NEI
Kýpur:	JÁ	NEI
Lettland:	JÁ	NEI
Litháen:	JÁ	NEI
Lúxemborg:	JÁ	NEI
Ungverjaland:	JÁ	NEI
Malta:	JÁ	NEI
Holland:	JÁ	NEI
Austurríki:	JÁ	NEI
Pólland:	JÁ	NEI
Portúgal:	JÁ	NEI

Rúmenía:	JÁ	NEI
Slóvenía:	JÁ	NEI
Slóvakía:	JÁ	NEI
Finnland:	JÁ	NEI
Svíþjóð:	JÁ	NEI
Breska konungsríkið:	JÁ	NEI
Ísland:	JÁ	NEI
Noregur:	JÁ	NEI
Liechtenstein:	JÁ	NEI

q) Í stað undirþáttar 6.3.2 í 6. þætti komi eftirfarandi:

„6.3.2. Að því er varðar hvert aðildarríki og/eða EFTA-ríki skal leggja fram fullnægjandi gögn, fjárhagsleg eða önnur, til þess að sýna fram á að samfylkingin standist eða standist ekki viðeigandi lögformlegar viðmiðanir samkvæmt gildandi landslögum.“

r) Í 6. þætti bætist eftirfarandi undirþáttur 6.3.3 við:

„6.3.3. Útskýrið hvers vegna rétt sé að framkvæmdastjórnin athugi málið. Tilgreinið einkum hvort samfylkingin kunni að hafa áhrif á samkeppni utan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis og/eða EFTA-ríkis.“

s) Í 6. þætti fellur undirþáttur 6.3.4 brott.

4. Eftirfarandi IV. viðauki bætist við:

„IV. VIÐAUKI

RM-eyðublað sem varðar upplýsingar um framlögð, skuldbindandi loforð skv. 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004

RM-EYÐUBLAÐ SEM VARÐAR ÚRRÆÐI

INNGANGUR

Á þessu eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar og þau skjöl sem hlutaðeigandi fyrirtæki skulu veita um leið og þau taka á sig skuldbindingar skv. 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Upplýsingarnar, sem farið er fram á, eru nauðsynlegar til að gera framkvæmdastjórninni kleift að athuga hvort skuldbindingarnar geti orðið til þess að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðinum þannig að þær komi í veg fyrir verulegar hindranir á virkri samkeppni. Framkvæmdastjórnin getur veitt undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram tilteknar upplýsingar að því er varðar skuldbindingar sem lagðar eru fram, þ.m.t. fylgiskjöl, eða frá hvaða annarri kröfu sem er, sem mælt er fyrir um á þessu eyðublaði, telji hún að unnt sé að skoða skuldbindingarnar án þess að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Hversu ítarlegar upplýsingarnar skulu vera fer eftir tegund og gerð fyrirhugaðs úrræðis. Til dæmis útheimta ráðstafanir til útskurðar á hlutafé yfirleitt ítarlegri upplýsingar en sala sjálfstæðra fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin er reiðubúin til að ræða fyrirfram við aðilana um umfang tilskilinna upplýsinga. Ef talið er að tilteknar upplýsingar, sem eyðublaðið útheimtir, séu ekki nauðsynlegar fyrir mat framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að fara þess á leit við hana að ákveðnum kröfum verði sleppt, og skal gefa fullnægjandi skýringar á því hvers vegna þær upplýsingar skipta ekki máli.

1. ÞÁTTUR

Lýsing á skuldbindingu

1.1. Veitið nákvæmar upplýsingar um

i. hvað felst í skuldbindingunum sem lagðar eru fram og

ii. skilyrðin fyrir því að þeim sé hrundið í framkvæmd.

1.2. Ef í skuldbindingunum, sem lagðar eru fram, felst fjárlosun fyrirtækis er kveðið á um þær sértæku upplýsingar, sem krafist er, í 5. þætti.

2. ÞÁTTUR

Hæfi til að leysa vandamál sem tengjast samkeppni

2. Veitið upplýsingar þar sem sýnt er fram á að skuldbindingarnar, sem lagðar eru fram, séu þess eðlis að þær ryðji úr vegi öllum verulegum hindrunum á virkri samkeppni sem framkvæmdastjórnin tilgreinir.

3. ÞÁTTUR

Frávik frá fyrirmyndum að textum

3. Tilgreinið öll frávik frá þeim skuldbindingum sem lagðar eru fram frá viðeigandi fyrirmyndum að textum um skuldbindingar, sem þjónustudeildir framkvæmdastjórnar EB hafa gefið út, eins og þeir eru endurskoðaðir öðru hverju, og útskýrið ástæðurnar að baki frávikunum.

4. ÞÁTTUR

Samantekt á skuldbindingunum

4. Leggið fram samantekt, án trúnaðarupplýsinga, um eðli og umfang skuldbindinganna sem lagðar eru fram og hvers vegna talið er að þær ryðji úr vegi öllum verulegum hindrunum á virkri samkeppni. Framkvæmdastjórninni er heimilt að nota þessa samantekt fyrir markaðsprófun á skuldbindingunum sem lagðar eru fram og gerðar með þriðju aðilum.

5. ÞÁTTUR

Upplýsingar um fyrirtæki sem á að losna við út úr rekstrinum

5. Leggið fram eftirfarandi upplýsingar og skjöl ef skuldbindingarnar, sem lagðar eru fram, felast í sölu fyrirtækis út úr rekstrinum.

Almennar upplýsingar um fyrirtækið sem selja á út úr rekstrinum

Leggja skal fram eftirfarandi upplýsingar um núverandi rekstur fyrirtækisins sem fjárlosa skal og áætlaðar breytingar í framtíðinni:

5.1. Lýsið almennt fyrirtækinu sem fjárlosa skal, þ.m.t. þær einingar sem tilheyra því, skráð starfsstöð og aðsetur framkvæmdastjórnar, aðrir staðir fyrir framleiðslu eða þjónustustarfsemi, almennt stjórnskipulag og aðrar upplýsingar sem skipta máli og tengjast stjórnskipulagi fyrirtækisins sem fjárlosa skal.

5.2. Tilgreinið hvort um sé að ræða, og lýsið hvers konar lagalegum hindrunum, á framsali atvinnurekstrar sem fjárlosa skal, þ.m.t. réttindi þriðju aðila og tilskilið samþykki stjórnvalda.

5.3. Teljið upp og lýsið vörunum sem eru framleiddar eða þjónustunni sem er veitt, einkum tæknilegum eiginleikum og öðrum eiginleikum, vöruheitum, veltu sem leiðir af sérhverri þessara vara eða þjónustu og öllum áformuðum nýjungum eða nýjum vörum eða þjónustu.

5.4. Lýsið á hvaða stigi helstu verkefni fyrirtækisins, sem fjárlosa skal, eru, ef þau eru ekki á stigi þess fyrirtækis sem skal fjárlosað, þ.m.t. verkefni á borð við rannsóknir og þróun, framleiðsla, markaðssetning og sölustarfsemi, vöruferilsstjórnun, samskipti við viðskiptavini, tengsl við birgja, upplýsingatæknikerfi o.s.frv. Lýsingin skal taka til þess hlutverks sem hin stigin gegna, tengslin við fyrirtækið sem skal fjárlosa og þau tilföng (starfsfólk, eignir, fjármagn o.s.frv.) sem tengjast starfseminni.

5.5. Lýsið nákvæmlega tengslunum milli fyrirtækis sem skal fjárlosa og annarra fyrirtækja undir yfirráðum tilkynningaraðila (án tillits til þess hvert tengslin vísa), t.d.:

— framboð, framleiðsla, dreifing, þjónusta eða aðrir samningar,

— sameiginlegar, efnislegar eða óefnislegar eignir,

— sameiginlegt starfsfólk eða starfsfólk sem fengið er að láni,

— sameiginleg upplýsingatæknikerfi eða önnur kerfi og

— sameiginlegir viðskiptavinir.

5.6. Lýsið með almennum orðum öllum viðkomandi, efnislegum og óefnislegum eignum sem eru í notkun eða eigu fyrirtækisins sem fjárlosa skal, þ.m.t. í öllum tilvikum hugverkaréttur og vöruheiti.

5.7. Leggið fram skipurit þar sem tilgreindur er fjöldi starfsfólks sem starfar við hverja starfsemi fyrirtækis sem fjárlosa skal, og skrá yfir það starfsfólk sem er ómissandi fyrir rekstur fyrirtækisins sem fjárlosa skal, þar sem störfum þeirra er lýst.

5.8. Lýsið viðskiptavinum fyrirtækis sem fjárlosa skal, þ.m.t. skrá yfir viðskiptavini, lýsing á samsvarandi tiltækum skrám, og greinið frá heildarveltu sem verður til í fyrirtækinu sem fjárlosa skal gagnvart hverjum viðskiptavini (í evrum, og sem hlutfall af heildarveltu fyrirtækis sem fjárlosa skal).

5.9. Leggið fram fjármálagögn um fyrirtækið sem fjárlosa skal, þ.m.t. velta og hagnaður fyrir skatta og afskriftir (EBITDA) á næstliðnum tveimur árum og spá fyrir tvö næstu ár.

5.10. Tilgreinið og lýsið öllum breytingum sem hafa orðið á næstliðnum tveimur árum á skipulagi fyrirtækis sem fjárlosa skal, eða á tengslum við önnur félög sem eru undir yfirráðum tilkynningaraðila.

5.11. Tilgreinið og lýsið öllum breytingum sem áætlaðar eru tvö næstu ár hvað varðar skipulag fyrirtækis sem fjárlosa skal, eða á tengslum við önnur félög sem eru undir yfirráðum tilkynningaraðila.

Almennar upplýsingar um fyrirtæki sem fjárlosa skal, samkvæmt skuldbindingunum

5.12. Lýsið öllum sviðum fyrirtækis sem fjárlosa skal, eins og fram kemur í skuldbindingum sem lagðar eru til, eru ólík fyrirtækinu eins og það starfar nú, bæði hvað varðar eiginleika og umfang.

Yfirtaka heppilegs kaupanda

5.13. Útskýrið hvers vegna álitið er að heppilegur kaupandi yfirtaki fyrirtækið innan þess fyrirhugaðs frests samkvæmt skuldbindingunum sem lagt er til að séu gerðar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 622/2008 2015/EES/8/64

frá 30. júní 2008

um breytingu á reglugerð (EC) nr. 773/2004 að því er varðar sáttameðferð í málum sem tengjast einokunarhringum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans ([1]), einkum 33. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ([2]),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans ([3]) er mælt fyrir um reglur um þátttöku hlutaðeigandi aðila í slíkri málsmeðferð.

2) Aðilar að málsmeðferðinni kunna að vera tilbúnir að viðurkenna þátttöku sína í einokunarhring, sem brýtur í bága við 81. gr. sáttmálans, og ábyrgð sína vegna slíkrar þátttöku ef þeir geta með sannfærandi hætti séð fyrir líklegar niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar aðild þeirra að brotinu og umfang hugsanlegra sekta og eru sammála þeirri niðurstöðu. Framkvæmdastjórnin á að geta greint aðilum, eftir því sem við á, frá þeim andmælum sem hún hyggst beita í málinu gegn þeim á grundvelli sönnunargagna og þeim sektum sem líklegt er að þeir verði beittir. Slík upplýsingagjöf snemma í ferlinu skal gera málsaðilum kleift að setja fram álit sitt á þeim andmælum sem framkvæmdastjórnin hyggst bera fram gegn þeim, svo og um hugsanlega ábyrgð þeirra.

3) Þegar framkvæmdastjórnin tekur, í yfirlýsingu sinni um andmæli, undir samþykki málsaðila um sáttagerð og svör þeirra staðfesta að yfirlýsingin um andmæli er í samræmi við inntak samþykkis þeirra um sáttagerð ætti framkvæmdastjórnin að geta samþykkt ákvörðun skv. 7. og 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu samkvæmt 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003.

4) Því skal koma á sáttameðferð til að gera framkvæmdastjórninni kleift að vinna hraðar og með skilvirkari hætti að málum sem tengjast einokunarhringum. Framkvæmdastjórnin hefur víðtækan sjálfsákvörðunarrétt til að ákvarða hvaða mál gætu verið til þess fallin að kanna áhuga málsaðila á að hefja sáttaviðræður, svo og til að ákveða að hefja þær eða hætta þeim eða til að komast að endanlegu samkomulagi. Framkvæmdastjórnin getur því, hvenær sem er meðan á málsmeðferð stendur, ákveðið að slíta sáttaviðræðum alfarið í tilteknu máli eða gagnvart einum málsaðila eða fleiri. Í þessu sambandi má taka tillit til þess hverjar líkurnar eru á því, innan skynsamlegra tímamarka, að ná fram sameiginlegum skilningi með hlutaðeigandi málsaðilum, um umfang hugsanlegra andmæla, með tilliti til þátta eins og fjölda aðila sem málið varðar, hvaða andstæðum sjónarmiðum um skiptingu ábyrgðar megi búast við og að hve miklu leyti málsatvik verða vefengd. Enn fremur verður kannað hverjar líkur eru á því að málsmeðferðin verði skilvirkari, í ljósi heildarframvindu sáttameðferðarinnar, meðal annars vegna óhóflegra tafa í sambandi við nauðsynleg úrræði til að veita aðgang að sérútgáfum málsgagnanna sem innihalda engin trúnaðarmál. Einnig má taka til athugunar önnur atriði eins og það að skapa fordæmi.

5) Þeir sem leggja fram kvörtun verða nátengdir sáttameðferðinni og þeir verða upplýstir skriflega og með viðeigandi hætti um eðli og inntak málsmeðferðarinnar til að þeir geti látið álit sitt á henni í ljós og þannig átt samstarf við framkvæmdastjórnina um rannsóknina. Þegar þeim sem leggja fram kvörtun, við þær sérstöku aðstæður sem eiga við um sáttameðferðina, er á kerfisbundinn hátt afhent sérútgáfa andmælanna sem inniheldur engin trúnaðarmál verður það þó ekki ávallt til þess að gera þeim kleift að vinna með framkvæmdastjórninni að rannsókninni og í einhverjum tilvikum getur það fælt málsaðila frá því að vinna með framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórninni skal því, í þeim tilgangi, ekki vera skylt að láta þeim sem leggja fram kvörtun í té sérútgáfu af yfirlýsingunni um andmæli sem inniheldur engin trúnaðarmál.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 68, 17.12.2009, bls. 22.

([1]) Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1419/2006. (Stjtíð. ESB L 269, 28.9.2006, bls. 1.)

([2]) Stjtíð. ESB C 50, 27.10.2007, bls. 48.

([3]) Stjtíð. EB L 123, 27.4. 2004, bls. 18. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1792/2006 (Stjtíð. ESB L 362, 4.6.2006, bls. 1).

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 773/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 773/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er ákveðið að hefja málsmeðferð með það fyrir augum að samþykkja ákvörðun samkvæmt III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1/2003 en þó eigi síðar en þann dag sem hún gefur út bráðabirgðamat eins og um getur í 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, yfirlýsingu um andmæli eða beiðni til málsaðila um að láta í ljós áhuga á að hefja sáttaviðræður, eða þann dag sem tilkynning skv. 4. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar er birt, eftir því hvað af þessu gerist fyrst.“

2. Í stað 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef framkvæmdastjórnin gefur út yfirlýsingu um andmæli varðandi mál sem hún hefur fengið kvörtun um skal hún afhenda þeim sem leggur fram kvörtunina afrit af þeirri útgáfu andmælanna sem ekki inniheldur trúnaðarupplýsingar, að undanskildum þeim tilvikum þegar sáttameðferð á við, en þá skal hún upplýsa þann sem leggur fram kvörtun skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar. Framkvæmdastjórnin skal einnig gefa þeim sem leggur fram kvörtun frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.“

3. Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi málsaðilum um andmæli sem borin eru fram gegn þeim. Tilkynna skal hverjum og einum málsaðila sem andmæli eru borin fram gegn, skriflega yfirlýsinguna um andmæli.“

4. Eftirfarandi 10. gr. a er bætt við:

„10. gr. a

Sáttameðferð í málum sem tengjast einokunarhringum

1. Þegar málsmeðferð er hafin skv. 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 getur framkvæmdastjórnin gefið málsaðilum frest til að greina skriflega frá því að þeir séu reiðubúnir að taka þátt í sáttaviðræðum í því skyni að leggja hugsanlega fram sáttagerð. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til svara sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

Ef tveir eða fleiri aðilar innan sama fyrirtækis sýna vilja til að taka þátt í sáttaviðræðum samkvæmt fyrstu undirgrein, skulu þeir skipa sameiginlegan málsvara til að taka þátt í viðræðum við framkvæmdastjórnina fyrir þeirra hönd. Þegar fresturinn sem um getur í fyrstu undirgrein er settur, skal framkvæmdastjórnin tilgreina viðeigandi málsaðilum að þeir séu skilgreindir sem aðilar innan sama fyrirtækis, í þeim eina tilgangi að gera þeim kleift að fara að ákvæði þessu.

2. Framkvæmdastjórnin getur upplýst aðilana sem taka þátt í sáttaviðræðunum um:

a) andmælin sem hún fyrirhugar að bera fram gegn þeim;

b) sönnunargögnin sem notuð eru til að ákvarða fyrirhuguð andmæli;

c) sérútgáfur tiltekinna aðgengilegra skjala, sem innihalda engar trúnaðarupplýsingar, sem eru skrásett í málinu á viðkomandi tímapunkti, svo fremi að beiðni af hálfu málsaðilans sé rökstudd með því að honum verði kleift að ganga úr skugga um stöðu sína varðandi tiltekið tímabil eða einhvern annan þátt einokunarhringsins og

d) umfang hugsanlegra sekta.

Upplýsingar þessar skulu vera bundnar trúnaði gagnvart þriðja aðila nema framkvæmdastjórnin hafi áður sérstaklega heimilað að birta þær.

Ef sáttaviðræðunum miðar áfram getur framkvæmdastjórnin gefið málsaðilum frest til að skuldbinda sig til að fylgja sáttameðferðinni með því að leggja fram sáttatillögur sem endurspegla sáttaviðræðurnar og þar sem þeir viðurkenna að hafa tekið þátt í broti gegn 81. gr. sáttmálans og gangast við ábyrgð sinni. Áður en framkvæmdastjórnin gefur hlutaðeigandi málsaðilum frest til að leggja fram sáttatillögur, skulu þeir eiga rétt á því, ef þeir þess óska, að fá tímanlega þær upplýsingar, sem eru tilgreindar í fyrstu undirgrein 2. mgr., 10. gr. a. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til sáttatillagna sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

3. Þegar yfirlýsing um andmæli, sem tilkynnt er málsaðilum, endurspeglar efni sáttatillagna þeirra skal skriflegt svar málsaðila við þeirri yfirlýsingu, innan tímamarka sem sett eru af framkvæmdastjórninni, staðfesta að yfirlýsing um andmæli endurspeglar efni sáttatillagna þeirra. Framkvæmdastjórnin getur þá hafið málsmeðferð til samþykktar á ákvörðun samkvæmt 7. og 23. gr. reglugerðar (EB) nr 1/2003 að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu samkvæmt 14. gr. reglugerðar (EB) nr 1/2003.

4. Framkvæmdastjórnin getur, hvenær sem er á meðan málsmeðferðinni stendur, ákveðið að slíta sáttaviðræðum alfarið í tilteknu máli eða gagnvart einum málsaðila eða fleiri ef hún telur ólíklegt að unnt verði að gera málsmeðferðina skilvirka.“

5. Í stað 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal gefa málsaðilum, sem hún beinir yfirlýsingu um andmæli til, tækifæri til að flytja mál sitt áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003.“

6. Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa málsaðilum, sem hún beinir andmælum til, færi á að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf ef þeir óska eftir því í skriflegum gögnum sem þeir leggja fram.

2. Þegar málsaðilar leggja sáttatillögur sínar fram skulu þeir þó staðfesta við framkvæmdastjórnina að þeir fari aðeins fram á að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf, ef yfirlýsing um andmæli endurspeglar ekki efni sáttatillagna þeirra.“

7. Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við 15. gr.:

„1a. Eftir að málsmeðferð hefst skv. 6. mgr. 11. gr reglugerðar (EB) nr. 1/2003 og í þeim tilgangi að gera málsaðilum, sem vilja leggja fram sáttatillögur, kleift að gera það skal framkvæmdastjórnin afhenda málsaðilum þau sönnunargögn og skjöl sem lýst er í 2. mgr. 10. gr. a, ef um það er beðið og með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru í viðeigandi undirgreinum. Þegar málsaðilar leggja fram sáttatillögur sínar skulu þeir staðfesta við framkvæmdastjórnina að þeir fari aðeins fram á aðgang að málsskjölunum, eftir að hafa tekið við yfirlýsingu um andmæli, ef sú yfirlýsing endurspeglar ekki efni sáttatillagna þeirra.“

8. Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar framkvæmdastjórnin veitir frest, eins og kveðið er á um í 3. gr. (3. mgr.), 4. gr. (3. mgr.), 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.), 10. gr a (1. mgr.), 10.gr. a (2. mgr.), 10 gr. a (3. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.), skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir framlagningu gagna og þess hversu brýnt málið er.“

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Frestur, sem um getur í 4. gr. (3. mgr.), 10. gr. a (1. mgr.), 10. gr. a (2. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.), skal vera a.m.k. tvær vikur. Frestur, sem um getur í 3. mgr. 3. gr., skal vera a.m.k. tvær vikur, nema um sé að ræða frest til sáttatillagna, en leiðréttingar við þær skulu gerðar innan einnar viku. Frestur, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. a., skal vera a.m.k. tvær vikur.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1097/2010 **2015/EES/8/65**

frá 26. nóvember 2010

um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar að því er varðar skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og seðlabanka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 frá 20. febrúar 2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 177/2008 er komið á nýjum sameiginlegum ramma fyrir fyrirtækjaskrár, eingöngu vegna hagskýrslugerðar, til að tryggja þróun fyrirtækjaskráa með samræmdum hætti.

2) Skipti á trúnaðargögnum á milli framkvæmdastjórnarinnar og seðlabanka aðildarríkjanna, og milli framkvæmdastjórnarinnar og Seðlabanka Evrópu, eingöngu vegna hagskýrslugerðar, ættu að stuðla að því að tryggja gæði upplýsinga um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður í Evrópusambandinu. Því er nauðsynlegt að ákvarða snið, ráðstafanir varðandi öryggi og trúnað og tilhögun við sendingar á slíkum trúnaðargögnum til seðlabanka aðildarríkjanna og Seðlabanka Evrópu, til að tryggja að gögnin sem send eru séu eingöngu notuð vegna hagskýrslugerðar.

3) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2533/98 frá 23. nóvember 1998 um söfnun Seðlabanka Evrópu á tölfræðilegum upplýsingum ([2]), ætti að nota gögn, sem aðilar seðlabankakerfis Evrópu hafa fengið frá yfirvöldum evrópska hagskýrslukerfisins, eingöngu vegna hagskýrslugerðar. Aðilar að seðlabankakerfi Evrópu ættu einnig að tryggja efnislega og röklega verndun tölfræðilegra trúnaðarupplýsinga sem koma frá yfirvöldum evrópska hagskýrslukerfisins. Seðlabanki Evrópu skal á hverju ári birta trúnaðarskýrslur um þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja að þessar tölfræðilegu upplýsingar séu trúnaðarmál.

4) Til að tryggja samræmi ætti, við sendingar gagnasafna sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, að nota sömu reglur um nafngiftir, skipulag og skilgreiningar á reitum og um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 192/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar, að því er varðar skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og aðildarríkjanna ([3]).

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Snið

1. Sniðið sem sett er fram í A-hluta viðaukans skal notað fyrir gögnin sem send eru samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 177/2008.

2. Gögnin og lýsigögnin skulu send í samræmi við staðla evrópska hagskýrslukerfisins og með því skipulagi sem skilgreint er í nýjustu útgáfu af tilmælum Hagstofu Evrópusambandsins til fyrirtækjaskráa sem fáanleg er hjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 312, 27.11.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 06.10.2011, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6.

([2]) Stjtíð. EB L 318, 27.11.1998, bls. 8.

([3]) Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2009, bls. 14.

2. gr.

Trúnaðarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) má aðeins senda könnunaratriðin sem tilgreind eru í B-hluta viðaukans, þ.m.t. trúnaðarmerkin, til seðlabanka aðildarríkjanna og Seðlabanka Evrópu vegna hagskýrslugerðar, að því tilskildu að viðeigandi innlent yfirvald heimili sendinguna ótvírætt og, ef um er að ræða gögn sem send eru til seðlabanka aðildarríkis, að ein eining fjölþjóðlegrar fyrirtækjasamstæðu að lágmarki sé á yfirráðasvæði aðildarríkis þess seðlabanka.

3. gr.

Öryggisráðstafanir

1. Allar sendingar trúnaðargagna, samkvæmt þessari reglugerð, til aðila að seðlabankakerfi Evrópu, skulu aðeins eiga sér stað eftir að aðilar að seðlabankakerfi Evrópu hafa, innan sinna valdheimilda, gert nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við 8. gr. a og 8. gr. b í reglugerð (EB) nr. 2533/98 til að tryggja:

— vernd þessara gagna, einkum geymslu á gögnum sem hafa verið merkt sem trúnaðargögn, á öruggu svæði með takmörkuðum og stýrðum aðgangi,

— að gögnin séu eingöngu notuð vegna hagskýrslugerðar,

— að upplýsingar um ráðstafanirnar komi fram í árlegri trúnaðarskýrslu sem um getur í 8. gr. b í reglugerð (EB) nr. 2533/98 eða að seðlabankar aðildarríkjanna eða Seðlabanki Evrópu hafi tilkynnt framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) og viðeigandi innlendum yfirvöldum um ráðstafanirnar með öðrum leiðum.

2. Gögnin skulu send dulkóðuð.

4. gr.

Tilhögun sendinga

1. Gögnin og lýsigögnin sem send eru samkvæmt þessari reglugerð skulu send á rafrænu formi.

2. Gögnin og lýsigögnin skulu send fyrir milligöngu öruggs miðils sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) notar til sendinga á trúnaðargögnum eða fyrir milligöngu öruggs fjaraðgangs.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

A. Skipulag og snið fyrir sendingu gagna

Eftirtalin gagnasöfn sem innihalda trúnaðarupplýsingar eru í gæðastjórnunarferli gagna í skrá Evrópusambandsins um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður og tengdar einingar þeirra (hér á eftir nefnd „skrá evruhópsins“):

— gagnasöfn með niðurstöðum tengslaferlisins,

— gagnasöfn með upplýsingum um lögformlegar einingar,

— gagnasöfn með upplýsingum um stjórn og eignarhald á einingum,

— gagnasöfn með upplýsingum um fyrirtæki,

— gagnasöfn með upplýsingum um hnattrænar fyrirtækjasamstæður,

— gagnasöfn með upplýsingum um landsbundinn hluta fyrirtækjasamstæða.

Eftir hverja lotu í gæðastjórnunarferli gagna hjá skrá evruhópsins verður til gagnasafn með niðurstöðum um landsbundinn hluta fyrirtækjasamstæðunnar og hinar hnattrænu fyrirtækjasamstæður.

Þegar þessi gagnasöfn eru send milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og viðeigandi innlendra yfirvalda skulu þau vera á því sniði sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 192/2009.

Til að tryggja að tiltekið aðildarríki fái samræmdar gagnaskrár skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) nota sömu reglur um nafngiftir, skipulag og skilgreiningar á reitum fyrir gagnasöfn sem send eru til viðeigandi innlendra yfirvalda og fyrir gagnasöfn sem send eru til seðlabanka aðildarríkjanna og Seðlabanka Evrópu.

Til að auka gæði upplýsinga um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður í Evrópusambandinu, og með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir, skal viðeigandi innlent yfirvald meta leiðréttingar og viðbætur við þau gagnasöfn sem þau hafa e.t.v. fengið frá seðlabönkum aðildarríkjanna og, ef nauðsyn krefur, fella þau inn í gögnin sem þau senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skv. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 177/2008.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) og viðeigandi innlend yfirvöld skulu gæta trúnaðar um gögn sem seðlabankar aðildarríkjanna eða Seðlabanki Evrópu hafa merkt sem trúnaðarmál.

B. Sending könnunaratriða

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) má, með ótvíræðu samþykki viðeigandi innlends yfirvalds og aðeins vegna hagskýrslugerðar, senda seðlabönkum aðildarríkjanna og Seðlabanka Evrópu eftirfarandi könnunaratriði, þ.m.t. trúnaðarmerki, um fjölþjóðlegar fyrirtækjasamstæður og tengdar einingar þeirra að því tilskildu, ef um er að ræða gögn sem send eru til seðlabanka aðildarríkis, að a.m.k. ein eining samstæðunnar sé á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

1. LÖGFORMLEG EINING

Könnunaratriði auðkenningar	1.1		Kenninúmer
	1.2a		Heiti
	1.2b		Fullt heimilisfang (þ.m.t. póstnúmer)
	1.2c	Valkvætt	Síma- og bréfasímanúmer, tölvupóstfang og upplýsingar sem gera rafræna gagnasöfnun mögulega
	1.3		Virðisaukaskattsnúmer (VSK) eða, ef það er ekki tiltækt, annað stjórnsýslulegt kenninúmer
Lýðfræðileg könnunaratriði	1.4		Stofndagur lögaðila, eða dagsetning opinberrar viðurkenningar sem atvinnurekandi, fyrir einstaklinga
	1.5		Dagsetning þegar hin lögformlega eining hætti að vera hluti af fyrirtæki (eins og auðkennt er í 3.3)

Efnahagsleg/lagskipt könnunaratriði	1.6		Rekstrarform að lögum
Tengingar við aðrar skrár	1.7a		Tilvísun í skrána um rekstraraðila innan Sambandsins, sett upp í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 638/2004 frá 31. mars 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um vöruviðskipti milli aðildarríkja ([1]), og tilvísun í tollskrár eða í skrá rekstraraðila utan Sambandsins
Tenging við fyrirtækjasamstæðu	1.8		Kenninúmer þess landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar (4.1) sem einingin tilheyrir
	1.9		Dagsetning sameiningar við hinn landsbundna hluta samstæðunnar
	1.10		Dagsetning aðskilnaðar frá hinum landsbundna hluta samstæðunnar
Stýring eininga	1.11a		Kenninúmer lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu sem lögformlega einingin stjórnar
	1.11b		Kenninúmer lögformlegu einingarinnar með aðsetur í landinu sem stjórnar lögformlegu einingunni
	1.12a		Skráningarland/-lönd og kenninúmer eða heiti og heimilisfang/-föng einingarinnar/eininganna, sem er/eru ekki með aðsetur í landinu, sem lögformlega einingin stjórnar
	1.12b	Skilyrt	Virðisaukaskattsnúmer einingarinnar/eininganna, sem er/eru ekki með aðsetur í landinu, sem lögformlega einingin stjórnar
	1.13a		Skráningarland og kenninúmer eða heiti og heimilisfang lögformlegu einingarinnar sem er ekki með aðsetur í landinu, sem stjórnar lögformlegu einingunni
	1.13b	Skilyrt	Virðisaukaskattsnúmer lögformlegu einingarinnar, sem ekki er með aðsetur í landinu, sem stjórnar lögformlegu einingunni
Eignarhald eininga	1.14a	Skilyrt	a) Kenninúmer og b) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu, sem lögformlega einingin á
	1.14b	Skilyrt	a) Kenninúmer og b) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) með aðsetur í landinu, sem eiga/á lögformlega einingunа

	1.15	Skilyrt	a) Skráningarland/-lönd og b) kenninúmer eða heiti, heimilisfang/-föng og virðisaukaskattsnúmer og c) hlutir (%) erlendra(r) lögformlegra(r) eininga(r) sem eru/er með aðsetur í landinu, sem lögformlega einingin á
	1.16	Skilyrt	a) Skráningarland/-lönd og b) kenninúmer eða heiti, heimilisfang/-föng, virðisaukaskattsnúmer og c) hlutir (%) lögformlegra(r) eininga(r) sem eru/er ekki með aðsetur í landinu, sem eiga/á lögformlegu einingunа

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 1.

3. FYRIRTÆKI

Könnunaratriði auðkenningar	3.1		Kenninúmer
	3.2a		Heiti
	3.2b	Valkvætt	Póstfang, tölvupóstfang og veffang
	3.3		Kenninúmer þeirra(r) lögformlegu eininga(r) sem fyrirtækið samanstendur af
Lýðfræðileg könnunaratriði	3.4		Dagsetning upphafs starfseminnar
	3.5		Dagsetning þegar starfsemi er hætt
Efnahagsleg/lagskipt könnunaratriði	3.6		Kóði meginstarfssviðs á fjögurra tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. *NACE*)
	3.8		Fjöldi starfsmanna
	3.11		Haggeiri og undirgeiri samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu
Tenging við fyrirtækjasamstæðu	3.12		Kenninúmer þess landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar (4.1) sem á fyrirtækið

4. FYRIRTÆKJASAMSTÆÐA

Könnunaratriði auðkenningar	4.1		Kenninúmer hins landsbundna hluta samstæðunnar
	4.2a		Heiti hins landsbundna hluta samstæðunnar
	4.2b	Valkvætt	Póstfang, tölvupóstfang og veffang aðalskrifstofu hins landsbundna hluta samstæðunnar

	4.3	Skilyrt að hluta til	Kenninúmer aðalfyrirtækis hins landsbundna hluta samstæðunnar (jafngildir kenninúmeri þeirrar lögformlegu einingar sem er aðalfyrirtæki samstæðunnar sem er með aðsetur í landinu). Skilyrt ef stjórnunareiningin er einstaklingur sem er ekki atvinnurekandi; skráning er með fyrirvara um að þessar upplýsingar séu aðgengilegar í stjórnsýsluheimildum.
	4.4		Tegund fyrirtækjasamstæðu: 2. landsbundinn hluti fyrirtækjasamstæðu sem stjórnað er af aðilum með aðsetur í landinu; 3. landsbundinn hluti fyrirtækjasamstæðu sem stjórnað er af aðilum sem ekki eru með aðsetur í landinu
Lýðfræðileg könnunaratriði	4.5		Dagsetning upphafs hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar
	4.6		Dagsetning loka hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar
Efnahagsleg/lagskipt könnunaratriði	4.7		Kóði meginstarfssviðs hins landsbundna hluta fyrirtækjasamstæðunnar á tveggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (e. *NACE*)
	4.9		Fjöldi starfsmanna í hinum landsbundna hluta samstæðunnar
Könnunaratriði auðkenningar	4.11		Kenninúmer hnattrænu samstæðunnar
	4.12a		Heiti hnattrænu samstæðunnar
	4.12b	Valkvætt	Skráningarland, póstfang, tölvupóstfang og veffang aðalskrifstofu hnattrænu samstæðunnar
	4.13a		Kenninúmer aðalfyrirtækis hnattrænu samstæðunnar ef aðalfyrirtækið er með aðsetur í landinu (jafngildir kenninúmeri þeirrar lögformlegu einingar sem er aðalfyrirtækið). Ef aðalfyrirtæki hnattrænu samstæðunnar er ekki með aðsetur í landinu, þá skráningarland þess.
	4.13b	Valkvætt	Kenninúmer aðalfyrirtækis hnattrænu samstæðunnar, eða heiti og heimilisfang ef það er ekki með aðsetur í landinu
Efnahagsleg/lagskipt könnunaratriði	4.14	Valkvætt	Heildarfjöldi starfsmanna
	4.16	Valkvætt	Land þar sem sú miðstöð er þar sem hnattrænar ákvarðanir eru teknar
	4.17	Valkvætt	Lönd þar sem fyrirtæki eða starfsstöðvar eru staðsett

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/8/66**

frá 9. nóvember 2007

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur

(tilkynnt með númeri C(2007) 5492)

(2007/742/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum öðrum málslið 1. mgr. 6. gr. og 6. mgr. 2. liðar V. viðauka,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í þrjú ár.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“ skal ná yfir varmadælur sem geta safnað orku, sem er til staðar í lofti, jörðu eða vatni, á einn stað í notvarma til upphitunar á rými eða með gagnstæðu ferli til kælingar á rými. „Varmadæla“ er tæki eða hópur tækja eins og framleiðandinn eða innflytjandinn afhendir þau dreifingaraðilanum, smásalanum eða þeim sem annast uppsetningu. Þessi afhending getur falið í sér afhendingu á hringrásardælum við varmasvelg eða varmagjafa en þó skal alltaf taka tillit til orkunotkunar hringrásardæla við útreikning á gildi nýtnistuðuls (e. *coefficient of performance* (COP)), samkvæmt aðferðafræði EN14511:2004 (ef framleiðandinn getur ekki lagt fram gögn skal nota staðalgildi). Að því er varðar gasísogsvarmadælur skal aðferðafræðin vera samkvæmt EN12309-2:2000.

Undir vöruflokkinn falla aðeins rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur sem hafa að hámarki 100kW hitunarafköst.

Eftirfarandi fellur ekki undir vöruflokkinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“:

a) varmadælur sem geta eingöngu veitt heitt vatn til hreinlætisnota,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.03.2012, bls. 44.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

b) varmadælur sem geta eingöngu dregið varma út úr byggingu og blásið honum út í loft, jörð eða vatn, sem leiðir þar með til kælingar á rými.

2. gr.

Varmadæla fær því aðeins umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 að hún falli undir vöruflokkinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“ og uppfylli allar þær viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Í þágu stjórnsýslu skal kenninúmerið „31“ notað fyrir vöruflokkinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“.

4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 9. nóvember 2010.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er að takmarka umhverfisáhrif af framleiðslu og notkun rafknúinna eða gasknúinna varmadæla eða gasísogsvarmadæla og þegar þær eru úr sér gengnar. Þar á meðal eru:

— nýtni við hitun og/eða hitun/kælingu bygginga,

— að draga úr umhverfisáhrifum við hitun og/eða hitun/kælingu bygginga,

— að draga úr eða koma í veg fyrir áhættu fyrir umhverfið eða heilbrigði manna tengdri notkun hættulegra efna,

— að tryggja að viðskiptavininum og þeim sem annast uppsetninguna séu veittar viðeigandi upplýsingar um varmadæluna og skilvirka notkun hennar.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu varmadæla sem tryggja lítil umhverfisáhrif.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Við mat og sannprófun varmadæla getur umsækjandi flokkað varmadælurnar í „grunntegundir“. Grunntegundirnar skulu skilgreindar út frá einingum sem eru í grundvallaratriðum eins, með tilliti til varmanýtni og notagildis, og sem eru eins eða sambærilegar með tilliti til grunnþátta, sérstaklega vifta, spóla, þjappa og hreyfla.

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar næst fyrir neðan hverja viðmiðun.

Þar sem við á er heimilt að nota aðrar prófunaraðferðir og staðla en tilgreindir eru í hverri viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar og staðlarnir séu jafngild.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á að varan uppfylli viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra eftir því sem við á.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanirnar séu uppfylltar er mælt með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) eða ISO 14001, er beitt.

(Athugasemd: Þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

Auk þess skal prófunarstofa, sem annast prófun á hávaða og nýtni, uppfylla almennar kröfur samkvæmt staðli EN ISO/IEC 17 025:2005. Stofan skal vera óháð og hafa hlotið faggildingu til að framkvæma prófunina samkvæmt viðeigandi prófunaraðferðum. Heimilt er samþykkja aðrar stofur ef ekki er til staðar stofa sem hefur hlotið faggildingu til að framkvæma prófunina í landinu þar sem umsækjandinn er staðsettur. Í slíkum tilvikum skal stofan vera óháð og þar til bær.

Til upplýsingar:

Nýtnistuðull (COP) er hlutfallið milli varmaafkasta og raforku- eða gasnotkunar fyrir tilgreinda uppsprettu og framleiðsluhitastig.

Orkunýtnihlutfall (e. *energy efficiency ratio* (EER)) er hlutfallið milli kælingar og raforku- eða gasframleiðslu fyrir tilgreinda uppsprettu og framleiðsluhitastig.

Frumorkuhlutfall (e. *primary energy ratio* (PER)) er gefið upp sem: COP × 0,40 (eða COP/2,5) fyrir rafknúnar varmadælur og sem COP × 0,91 (eða COP/1,1) fyrir gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur, þar sem 0,40 er núverandi evrópskt meðaltal raforkuframleiðslunýtni, þ.m.t. tap í dreifikerfi, og 0,91 er núverandi evrópskt meðaltal gasorkunýtni, þ.m.t. tap af dreifingu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/32/EB frá 5. apríl 2006 um orkunýtni á lokastigi og þjónustu á sviði orkumála og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/76/EBE ([1]).

([1]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 64.

1. ***Nýtni í hitunarham (COP)***

Nýtni varmadælueiningarinnar skal vera meiri en eftirfarandi lágmarkskröfur fyrir nýtnistuðul (COP) og frumorkuhlutfall (PER).

Tegund varmadælu: varmagjafi/ varmasvelgur	Útieining (°C)	Innieining (°C)	Lágmarks-nýtnistuðull (COP)	Lágmarks-nýtnistuðull (COP)	Lágmarks-frumorku-hlutfall (PER)
			Rafmagns-varmadæla	Gasvarmadæla	
loft/loft	Þurrhiti við inntak: 2 Vothiti við inntak: 1	Þurrhiti við inntak: 20 Vothiti við inntak: hámark 15	2,90	1,27	1,16
loft/vatn	Þurrhiti við inntak: 2 Vothiti við inntak: 1	Hitastig við inntak: 30 Hitastig við úttak: 35	3,10	1,36	1,24
		Hitastig við inntak: 40 Hitastig við úttak: 45	2,60	1,14	1,04
salt-vatn/ loft	Hitastig við inntak: 0 Hitastig við úttak: – 3	Þurrhiti við inntak: 20 Vothiti við inntak: hámark 15	3,40	1,49	1,36
salt-vatn/ vatn	Hitastig við inntak: 0 Hitastig við úttak: – 3	Hitastig við inntak: 30 Hitastig við úttak: 35	4,30	1,89	1,72
		Hitastig við inntak: 40 Hitastig við úttak: 45	3,50	1,54	1,40
vatn/vatn	Hitastig við inntak: 10 Hitastig við úttak: 7	Hitastig við inntak: 30 Hitastig við úttak: 35	5,10	2,24	2,04
		Hitastig við inntak: 40 Hitastig við úttak: 45	4,20	1,85	1,68
vatn/loft	Hitastig við inntak: 15 Hitastig við úttak: 12	Þurrhiti við inntak: 20 Vothiti við inntak: hámark 15	4,70	2,07	1,88
	(hringrás vatns) Hitastig við inntak: 20 Hitastig við úttak: 17	Þurrhiti við inntak: 20 Vothiti við inntak: hámark 15	4,40	1,93	1,76

Mat og sannprófun: Prófun skal framkvæmd í samræmi við EN 14 511:2004. Prófunin skal framkvæmd við fulla afkastagetu viðkomandi varmadælu við þau skilyrði sem tilgreind eru í töflunni. Óháð prófunarstofa, sem hlotið hefur faggildingu til að framkvæma tilgreinda prófun, skal sannprófa gildin sem gefin eru upp. Óháð rannsóknarstofa þarf ekki að prófa frekar varmadælur, sem eru vottaðar í samræmi við vottunaráætlun Eurovent eða DACH eða aðra áætlun sem þar til bær stofnun samþykkir, að því er varðar gildin sem gefin eru upp. Prófunarskýrslurnar skulu lagðar fram með umsókninni.

2. ***Nýtni í kælingarham (EER)***

Ef varmadælan er tvívirk og getur kælt skal nýtni varmadælueiningarinnar vera meiri en eftirfarandi lágmarkskröfur um orkunýtnihlutfall (EER) í kælingarham.

Tegund varmadælu:	Útieining (°C)	Innieining (°C)	Lágmarksnýtni í kælingarham (EER)	Lágmarksnýtni í kælingarham (EER)	Lágmarks-frumorku-hlutfall (PER)
			Rafmagns-varmadæla	Gasvarmadæla	
loft/loft	Þurrhiti við inntak: 35 Vothiti við inntak: 24	Þurrhiti við inntak: 27 Vothiti við inntak: 19	3,20	1,41	1,3
loft/vatn	Þurrhiti við inntak: 35 Vothiti við inntak: —	Hitastig við inntak: 23 Hitastig við úttak: 18	2,20	0,97	0,9
		Hitastig við inntak: 12 Hitastig við úttak: 7	2,20	0,97	0,9

Tegund varmadælu:	Útieining (°C)	Innieining (°C)	Lágmarksnýtni í kælingarham (EER)	Lágmarksnýtni í kælingarham (EER)	Lágmarks-frumorku-hlutfall (PER)
			Rafmagns-varmadæla	Gasvarmadæla	
saltvatn/loft	Hitastig við inntak: 30 Hitastig við úttak: 35	Þurrhiti við inntak: 27 Vothiti við inntak: hámark 19	3,30	1,45	1,3
saltvatn/vatn	Hitastig við inntak: 30 Hitastig við úttak: 35	Hitastig við inntak: 23 Hitastig við úttak: 18	3,00	1,32	1,2
		Hitastig við inntak: 12 Hitastig við úttak: 7	3,00	1,32	1,2
vatn/vatn	Hitastig við inntak: 30 Hitastig við úttak: 35	Hitastig við inntak: 23 Hitastig við úttak: 18	3,20	1,41	1,3
		Hitastig við inntak: 12 Hitastig við úttak: 7	3,20	1,41	1,3
vatn/loft	Hitastig við inntak: 30 Hitastig við úttak: 35	Þurrhiti við inntak: 27 Vothiti við inntak: 19	4,40	1,93	1,8

Mat og sannprófun: Prófun skal framkvæmd í samræmi við EN 14 511:2004; fyrir gasísogsvarmadælur í samræmi við EN12309-2:2000. Prófunin skal framkvæmd við fulla afkastagetu viðkomandi varmadælu við þau skilyrði sem tilgreind eru í töflunni. Óháð prófunarstofa, sem hlotið hefur faggildingu til að framkvæma tilgreinda prófun, skal sannprófa gildin sem gefin eru upp. Óháð rannsóknarstofa þarf ekki að prófa frekar varmadælur, sem eru vottaðar í samræmi við vottunaráætlun Eurovent eða DACH eða aðra áætlun sem þar til bær stofnun samþykkir, að því er varðar gildin sem gefin eru upp. Prófunarskýrslurnar skulu lagðar fram með umsókninni.

3. ***Kælimiðill***

Hnatthlýnunarmáttur (e. *global warming potential* (GWP)) kælimiðilsins skal ekki vera meiri en hnatthlýnunarmáttar-gildið > 2000 á 100 ára tímabili. Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðilsins er undir 150 skal lækka lágmarkskröfur fyrir nýtnistuðulinn (COP) og frumorkuhlutfallið (PER) í hitunarham og orkunýtnihlutfallið (EER) í kælingarham, eins og sett er fram í viðmiðunum 1 og 2 í þessum viðauka, um 15%.

Gildi hnatthlýnunarmáttar skulu vera þau sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ([1]).

Mat og sannprófun: Heiti kælimiðils eða kælimiðla sem notaðir eru í vöruna skulu lögð fram með umsókninni ásamt gildum hnatthlýnunarmáttar samkvæmt fyrrnefndri reglugerð. Gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir kælimiðla skulu reiknuð sem hlýnunarmáttur eins kílógramms af tiltekinni lofttegund í 100 ár sem hlutfall af hlýnunarmætti eins kílógramms af CO_2.

Gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir flúoraða kælimiðla eru birt í þriðju matsskýrslu (TAR), sem samþykkt var af milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (2001, milliríkjanefnd um loftlagsbreytingar, gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir 100 ára tímabil) ([2]).

Gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir lofttegundir sem ekki eru flúoraðar eru birt í fyrstu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar yfir 100 ára tímabil ([3]).

Gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir blöndur kælimiðla skulu byggð á formúlu sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð 842/2006.

4. ***Aukakælimiðill***

(*Athugasemd:* á ekki við um allar tegundir varmadæla í þessum vöruflokki)

Aukakælimiðill, saltvatn eða aukefni skulu ekki vera efni sem eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu eða sem heilbrigðis-hætta stafar af, í skilningi tilskipunar ráðsins 67/548/EBE ([4]) varðandi umhverfislega hættu og síðari breytinga hennar.

Mat og sannprófun: Heiti aukakælimiðils eða -miðla sem notaðir eru skulu lögð fram með umsókninni.

([1]) Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.
([2]) Þriðja matsskýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar frá 2001. Skýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar: http://www.ipcc.ch/pub/reports.htm
([3]) Loftslagsbreytingar, vísindalegt mat milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar, (Climate Change, The IPCC Scientific Assessment J.T. Houghton, G.J. Jenkins, J.J. Ephraums (ed.) Cambridge University Press, Cambridge (UK) 1990.
([4]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

5. ***Hávaði***

Hljóðaflsstig skal prófað og greint frá því í dB(A) á upplýsingablaðinu.

Mat og sannprófun: Prófun skal framkvæmd í samræmi við ENV-12 102. Prófunarskýrslan skal lögð fram með umsókninni.

6. ***Þungmálmar og eldtefjandi efni***

Kadmíum, blý, kvikasilfur, sexgilt króm eða eldtefjandi efni, t.d. eldtefjandi efnin fjölbrómað bífenýl (PBB) eða fjölbrómaðan dífenýleter (PBDE), sem tilgreind eru í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB ([1]), má ekki nota í varmadælur eða í varmadælukerfi, að teknu tilliti til vikmarkanna sem tilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/618/EB ([2]) um breytingu á tilskipun 2002/95/EB. Í tengslum við þessa kröfu varðandi eldtefjandi efni skal tekið tillit til síðari aðlagana og breytinga á tilskipuninni að því er varðar notkun deca-BDE.

Mat og sannprófun: Vottorð, undirritað af framleiðanda varmadælunnar.

7. ***Þjálfun þess sem annast uppsetningu***

Umsækjandinn skal tryggja að þeim sem annast uppsetningu standi til boða viðeigandi þjálfun í aðildarríkjunum þar sem markaðssetja á vöruna. Þessi þjálfun skal fela í sér viðeigandi upplýsingar um stærðun og uppsetningu varmadælunnar og útfyllingu upplýsingablaðs fyrir neytendur.

Mat og sannprófun: Yfirlýsing skal lögð fram með umsókninni þar sem þjálfun, sem stendur til boða, er lýst og tilgreint hvar slík þjálfun stendur til boða.

8. **Skjöl**

Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða handbók um uppsetningu og viðhald ásamt handbók um notkun varmadælunnar.

Mat og sannprófun: Handbækur um viðhald, uppsetningu og notkun skal leggja fram með varmadælunni og uppfylla kröfurnar í EN378:2000 eða í hvers kyns endurskoðun þar á.

9. ***Tiltækileiki varahluta***

Umsækjandinn skal tryggja tiltækileika varahluta í 10 ár frá og með söludegi.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram yfirlýsingu um að varahlutir verði aðgengilegir í 10 ár með umsókninni ásamt útskýringu á því hvernig þessi tiltækileiki verður tryggður.

10. ***Upplýsingablað***

Umsækjandinn skal tryggja að óútfyllt „upplýsingablað fyrir viðskiptavini“, sem fylgir með þessum viðauka, sé aðgengilegt á sölustað til að veita neytendum viðeigandi ráðgjöf varðandi varmadæluna. Útfyllt „upplýsingablað fyrir þá sem annast uppsetningu“, sem fylgir með þessum viðauka, skal einnig vera aðgengilegt þeim sem annast uppsetningu.

Umsækjandinn skal útvega viðeigandi verkfæri, tölvuforrit og leiðbeiningar svo að þeir sem hæfir eru til að annast uppsetningu geti reiknað út nothæfisbreytur kerfisins fyrir varmadæluna s.s. árstíðabundinn afkastastuðul, árstíðabundið orkunýtnihlutfall, frumorkuhlutfall og árlega losun koltvísýrings. Að auki skal sá sem annast uppsetningu vera fær um að fylla út upplýsingablaðið fyrir neytendur áður en neytandinn kaupir búnaðinn.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram útfyllt „upplýsingablað fyrir þá sem annast uppsetningu“ og lýsa því hvernig hann ætlar að tryggja að það verði aðgengilegt þeim sem annast uppsetningu. Hann skal einnig lýsa því hvernig hann ætlar að tryggja að upplýsingablaðið fyrir viðskiptavini verður gert aðgengilegt fyrir þá á söludegi vörunnar.

11. ***Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu***

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

Meðal varmadæla hefur þessi vara:

— meiri orkunýtni,

— minni áhrif á hnattræna hlýnun.

Eftirfarandi texti (eða samsvarandi texti) skal koma fram á umbúðunum vörunnar: „Frekari upplýsingar um það hvers vegna þessari vöru hefur verið veitt „Blómið“ fást á vefsetrinu: http://europa.eu.int/ecolabel.

([1]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.
([2]) Stjtíð. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 65.

Leiðbeiningar við kaup á umhverfismerktri varmadælu

— Upplýsingablað fyrir viðskiptavini —

Varúð! Lesið fyrir kaup

Einungis er hægt að tryggja skilvirka notkun þessarar varmadælu ef kerfið er rétt sniðið að hitunar- eða kælingarþörfum í byggingunni og loftslagsbeltinu sem það er sett upp í!

Hafið alltaf samráð við hæfan aðila sem annast uppsetningu og biðjið viðkomandi um að útfylla þetta upplýsingablað fyrir kaup!

Umhverfismerki ESB er veitt þeim tegundum varmadæla sem eru orkunýtnari og sem draga úr umhverfisáhrifum sem stafa af þeim.

Sá sem hefur réttindi og hæfi til þess að annast uppsetningu skal fylla út þetta upplýsingablað til að veita þér upplýsingar og ráðleggingar um hentugasta varmadælukerfið fyrir heimili þitt. Þannig nýtur þú góðs af mjög mikilli nýtni varmadæla sem safna hita, sem geymdur er í loftinu, jörðinni eða í vatninu, á einn stað.

Sum kerfi eru einnig tvívirk og geta myndað kælingu með því að draga út hita og skila honum út í nánasta umhverfi. Sum kerfi geta einnig veitt heitt vatn til hreinlætisnota.

Hægt er að velja varmadælur sem hægt er að nota með flestum dreifikerfum, þ.m.t. ofnum, heitu lofti og hita undir gólfi, og hægt er að aðlaga þær að flestum hitakerfum sem fyrir eru með því að gera hentugar ráðstafanir eins og sett er fram hér á eftir.

Dregið úr hitatapi og sólargeislun í byggingum

Ef húsnæði þitt er meira en 10 ára gamalt getur verið kostnaðarhagkvæmt að bæta einangrunina fyrst, áður en varmadæla er valin, til að draga úr hitatapi við upphitun á húsnæðinu eða hitaaukningu ef ætlunin er að kæla húsnæðið. (Það er t.d. hagkvæmara í raun að koma fyrir minni varmadælu í vel einangraðri byggingu) Ef þú samþykkir ráðleggingar þess sem annast uppsetninguna varðandi úrbætur á einangrun ætti varmadælan sem þú kaupir síðan að vera í hæfilegri stærð.

Frekari upplýsingar að því er varðar að draga úr hitatapi eða sólargeislun og um stærðun og uppsetningu varmadælukerfa fást á vefsetrinu www.kyotoinhome.info

Upplýsingar og ráðleggingar varðandi uppsetningu varmadæla á heimili þínu

Nafn viðskiptavinar. .....

Heimilisfang .....

Tegund byggingar: einbýlishús/parhús/raðhús/íbúð

Byggingarár (um það bil):

1. **Lýsing á hitakerfi sem fyrir er/byggingu**	
Tegund eldsneytis	olía/veitugas/rafmagn/kol/flöskugas/annað
Dreifikerfi sem fyrir er	ofnar/heitt loft/hiti undir gólfi/annað
Lágmarkshönnunarhitastig fyrir hitun í núverandi kerfi (°C)	
Árleg hitunarþörf byggingar í núverandi ástandi (kW) Árleg kælingarþörf byggingar í núverandi ástandi (kW)	
Hámarkshönnunarhitastig fyrir kælingu í núverandi kerfi (°C)	
Hugsanlegur hitaávinningur frá sólarljósi í byggingu í núverandi ástandi (kW)	

2. **Ráðleggingar varðandi endurnýjun á einangrun í byggingu**	
Aðgerðir til að draga úr hitatapi	
Minnkað hitatap (kW):	
Aðgerðir til að draga úr sólargeislun:	
Minnkuð sólargeislun (kW):	

3. **Varmadælukerfi sem mælt er með**

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framleiðandinn veitti og á grundvelli tegundar og staðsetningar húsnæðisins eru eftirfarandi ráðleggingar settar fram varðandi nýja hitunarkerfið eða hitunar-/kælikerfið þitt:

Meginhitun	
Framleiðandi varmadælu	
Tegund	
Varmagjafi	jörð/vatn/loft
Dreifingarmiðill	ofnar/heitt loft/hiti undir gólfi/annað
Tegund kælimiðils og gildi hnatthlýnunarmáttar	náttúrulegur/tilbúinn
Hitunarafköst (kW)	
Varmaafköst/rafmagnsnotkun	
Árstíðarbundin nýtni á einu ári	
Getur framleitt heitt vatn til heimilisnota?	Já/nei
Önnur hitun Tegund Hitunarafköst (kW)	
Kæling (ef þörf er á) Kæliafköst (kW) Kælingarframleiðsla/rafmagnsnotkun	
Árleg orkuþörf og losun koltvísýrings Árleg orkunotkun (kWh) Samsvarandi losun koltvísýrings (kg CO_2): Breytistuðull sem notaður er:	

Undirritun þess sem annast uppsetningu .....

Réttindi og hæfi/þjálfun .....

Fyrirtæki .....

Heimilisfang .....

.....

Dagsetning .....

Leiðbeiningar við uppsetningu á umhverfismerktri varmadælu

— Upplýsingablað fyrir þá sem annast uppsetningu —

Varúð! Lesið fyrir kaup

Til að tryggja skilvirka notkun þessarar varmadælu þarf til þess hæfan uppsetningaraðila til að hanna hitunarkerfið til að passa við hitunar- eða kælingarþarfirnar í byggingunni og loftslagsbeltið og til að setja kerfið upp í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans.

Umhverfismerki ESB er veitt þeim tegundum varmadæla sem eru orkunýtnari og sem draga úr umhverfisáhrifum sem stafa af þeim.

Varmadælur búa yfir mikilli nýtni því þær nota eingöngu orku til að safna hita, sem þegar er til staðar í jörðinni, vatninu eða í loftinu, á einn stað. Sumar tegundir geta einnig virkað í hina áttina og myndað kælingu með því að skila hitanum út úr húsnæði. Með upplýsingunum í þessu upplýsingablaði er þér gert kleift að tryggja að ávinningurinn af varmadælueiningunni færist yfir á söfnunar- og dreifikerfin og fylla út upplýsingablaðið sem skal afhenda viðskiptavininum til að útskýra val þitt.

1. Lágmarksupplýsingar sem framleiðandi skal veita

Framleiðandi	
Tegund	
Hitasafnari	
Hitadreifingarmiðill	
Hitunarafköst (kW)	
Kæliafköst (kW)	
Hitaveita	
Tegund kælimiðils	
Hávaðastig (dbA)	
Tiltækileiki varahluta frá söludegi (ár)	
Nýtnistuðull (hitun)	
Tilgreining á hitastigi við inntak og úttak (°C)	
Orkunýtnihlutfall (kæling)	
Tilgreining á hitastigi við inntak og úttak (°C)	

Til að hægt sé að setja varmadæluna við hitakerfi sem fyrir eru ætti að velja hana þannig að hún passi við dreifikerfið sem fyrir er, sem gæti verið heitt loft í loftrásum, heitt vatn í ofnum eða hiti í gólfum. Þar eð úttakshitastigið getur verið lægra en hitastigið í katlinum sem það kemur í staðinn fyrir er mikilvægt að tilgreina leiðir til að draga úr hitatapinu eða sólargeisluninni til að hægt sé að halda sömu stærð af dreifikerfi.

Skilgreiningar

Nýtnistuðull (COP) er hlutfallið milli varmaafkasta og raforkunotkunar fyrir tilgreinda uppsprettu og framleiðsluhitastig.

Orkunýtnihlutfall (EER) er hlutfallið milli kælingar og raforkuframleiðslu fyrir tilgreinda uppsprettu og framleiðsluhitastig.

Árstíðabundinn nýtnistuðull (e. *seasonal coefficient of performance* (SCOP)) er meðaltal nýtnistuðuls yfir hitunartímabilið fyrir varmadælukerfið á tilteknum stað.

Árstíðabundið orkunýtnihlutfall (e. *seasonal energy efficiency ratio* (SEER)) er meðaltal orkunýtnihlutfalls yfir hitunartímabilið fyrir varmadælukerfið á tilteknum stað.

Frumorkuhlutfall (e. *primary energy ratio* (PER)) er gefið upp sem: COP × 0,40 (eða COP/2,5) fyrir varmadælur með rafknúnar þjöppur og sem COP × 0,91 (eða COP/1,1) fyrir varmadælur með gasknúnar þjöppur þar sem 0,40 er núverandi evrópskt meðaltal raforkuframleiðslunýtni þ.m.t. tap í dreifikerfi, og 0,91 er núverandi evrópskt meðaltal gasorkunýtni, þ.m.t. tap af dreifingu.

Framleiðandinn skal leggja fram áætlanir, verkfæri og leiðbeiningar til að aðstoða þig við að framkvæma eftirfarandi útreikninga. Loftslagsupplýsingar skulu vera viðeigandi fyrir landfræðilega staðsetningu byggingarinnar.

2. **Dregið úr hitatapi og sólargeislun í byggingum**

Ef húsnæðið er meira en 10 ára gamalt verður hugsanlega kostnaðarhagkvæmara að draga úr hitatapi með því að auka einangrunina og draga úr sólargeisluninni með því að takmarka beina geisla sólarinnar á sumrin. Ef viðskiptavinurinn samþykkir ráðleggingar þínar ætti að laga stærð kerfisins að því að draga úr hitatapi og sólargeislun.

Frekari upplýsingar að því er varðar að draga úr hitatapi eða sólargeislun eða um stærðun og uppsetningu varmadælukerfa fást á vefsetrinu www.kyotoinhome.info

3. **Hitatap og stærðun hitakerfisins**

Hitatapið í byggingunni skal reiknað út í samræmi við venju í hverju ríki eða með því að nota hentugt, fullgilt tölvuforrit sem byggir á EN 832, evrópska staðlinum til að reikna út hitatap. Síðan skal bera þetta hitatap saman við þau gildi sem er sem stendur krafist í byggingarreglugerðum. Að því er varðar byggingar sem eru til staðar er yfirleitt kostnaðarhagkvæmt að færa staðla fyrir einangrun nær núverandi gildum áður en varmadælan er stærðuð miðað við minna hitatap.

Árstíðabundinn afkastastuðull og orkunotkun fyrir hitun

Í útreikningnum skal eftirfarandi haft í huga:

— loftslag (lofthiti utandyra),

— hönnunarhiti utandyra,

— breyting á jarðhita á ári (fyrir varmadælur fyrir jarðauðlindir, bæði með lóðrétta og lárétta safnara),

— æskilegt hitastig innandyra,

— hitastig hitakerfa fyrir heitt vatn,

— árleg orkuþörf fyrir hitun á rými,

— árleg orkuþörf fyrir heitt vatn til heimilisnota (ef við á),

Frumorkuhlutfall (PER) og árleg losun koltvísýrings

Meðalnýtni fyrir rafmagns-/gasframleiðslu ásamt tapi af rafmagnskerfi/gasdreifingu sem skal nota í útreikningnum. Losun koltvísýrings og sparnaður sem skal reikna út á grundvelli notkunar á frumorku.

4. **Sólargeislun og stærðun kælikerfisins**

Ef kerfið getur einnig myndað kælingu skal sólargeislun byggingarinnar reiknuð út í samræmi við venju í hverju ríki eða með því að nota fullgilt tölvuforrit. Síðan skal bera þessa sólargeislun saman við þau gildi sem er sem stendur krafist í byggingarreglugerðum. Að því er varðar byggingar sem eru til staðar er yfirleitt kostnaðarhagkvæmt að draga úr sólargeisluninni áður en varmadælan er stærðun miðað við minni sólargeislun.

Árstíðabundið orkunýtnihlutfall og orkunotkun fyrir kælingu

Í útreikningnum skal eftirfarandi haft í huga:

— loftslag (lofthiti utandyra),

— hönnunarhiti utandyra,

— breyting á jarðhita á ári (fyrir varmadælur fyrir jarðauðlindir, bæði með lóðrétta og lárétta safnara),

— æskilegt hitastig innandyra,

— hitastig hitakerfa fyrir heitt vatn,

— árleg orkuþörf fyrir kælingu á rými.

Frumorkuhlutfall (PER) og árleg losun koltvísýrings

Meðalnýtni fyrir rafmagns-/gasframleiðslu ásamt tapi af rafmagnskerfi/gasdreifingu sem skal nota í útreikningnum. Losun koltvísýrings og sparnaður sem skal reikna út á grundvelli notkunar á frumorku.

5. **Þjálfun fyrir þá sem annast uppsetningu og borun**

Hentug námskeið standa til boða í flestum aðildarríkjum til að gera þeim sem annast uppsetningu kleift að fá viðeigandi landsbundin eða evrópsk viðurkennd réttindi og hæfi. Framleiðendur skulu annað hvort skipuleggja eigin námskeið til að aðstoða þá sem annast uppsetningu við að nota búnaðinn eða vinna með staðbundnum stofnunum, sem annast þjálfun, til að veita slíkar upplýsingar sem hluta af námskeiðum þeirra.

Viðeigandi námskeið fyrir þá sem sjá um að bora fyrir varmadælum, sem eru fyrir jarðauðlindir þar sem þarf lóðréttar borholur, standa til boða í sumum aðildarríkjum.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/8/67**

frá 2. desember 2008

um eyðublað fyrir skýrslur um stórslys samkvæmt tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna

(tilkynnt með númeri C(2008) 7530)

(2009/10/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ([1]), einkum 2. mgr. 15 gr.,

að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með 22 gr. þeirrar tilskipunar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 14. gr. tilskipunar 96/82/EB skulu aðildarríkin tryggja að jafnskjótt og unnt er eftir að stórslys hefur orðið sé rekstraraðila skylt að láta lögbær yfirvöld vita. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni jafnskjótt og auðið er um stórslys sem falla að viðmiðunaratriðunum í VI. viðauka og orðið hafa á yfirráðasvæði þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin, þegar upplýsingunum, sem kveðið er á um í 14. gr., hefur verið safnað, tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um niðurstöður greiningar sinnar á slysinu ásamt tilmælum um forvarnarráðstafanir í framtíðinni.

2) Upplýsingarnar, sem krafist er skv. 2. mgr. 15. gr., skulu lagðar fram á skýrslueyðublaði sem gefið er út og endurskoðað að staðaldri í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 22. gr. tilskipunarinnar.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar, sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vegna beitingar 2. mgr. 15. gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna er eyðublaðið fyrir skýrslur um stórslys, sem birt er í viðaukanum við þessa ákvörðun, samþykkt hér með.

2. gr.

Frá og með 1. desember 2008 skulu aðildarríkin leggja fram skýrslur með upplýsingum í samræmi við viðaukann og nota til þess skrána og upplýsingakerfið skv. 2. mgr. 19. gr. tilskipunar 96/82/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 6, 10.1.2009, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 24.

([1]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.

3. gr.

Eyðublaðið fyrir skýrslur um stórslys, sem birt er í viðaukanum, skal tekið endanlega í notkun að loknu fimm mánaða reynslutímabili sem hefst 1. desember 2008.

4. gr.

Leiði reynslutímabilið í ljós að breyta þurfi eyðublaðinu fyrir skýrslur um stórslys sem birt er í viðaukanum skal breyta þessari ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 22. gr. tilskipunarinnar.

5. gr.

Trúnaðarupplýsingar skal meðhöndla í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum ([1]).

6. gr.

Skýrslur aðildarríkjanna skulu aðeins innihalda upplýsingar sem eru tiltækar lögbærum yfirvöldum.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

Upplýsingar sem veita skal í samræmi við 2. mgr. 15 gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB

(Þegar vísað er til skrárinnar og upplýsingakerfisins er um að ræða rafrænan gagnagrunn framkvæmdastjórnarinnar fyrir tilkynningakerfi um stórslys en hann er aðgengilegur á http://mahbsrv.jrc.it)

I. SLYSAYFIRLIT

1 UPPLÝSINGAR UM SLYSIÐ

Upplýsingar um staðsetningu, dagsetningu og tíma stórslyss, heiti og tegund starfsstöðvar og upplýsingar um skýrslugjafaryfirvaldið

1.1	Dagsetning/tími meiri háttar atviks	Upphafsdagur: Upphafstími: Lokadagur: Lokatími:
1.2	Tilgreining slyss Einföld setning til að útskýra hvað gerðist eða hvers vegna tilkynnt er um slysið	
1.3	Skýrslugjafaryfirvald (trúnaðarmál (*))	Nafn og heimilisfang:
1.4	Tengiliður hjá viðkomandi yfirvaldi (trúnaðarmál (*))	Nafn: Sími: Bréfasími: Tölvupóstur:
1.5	Tegund slyss	Veljið það sem við á: ☐ stórslys ☐ atvik þar sem lá við slysi (e. near miss) ☐ annar atburður
1.6	Tilkynnt samkvæmt	Veljið það sem við á: ☐ Seveso-tilskipun ESB ☐ Seveso-tilskipun ESB ☐ Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) ☐ Efnahagsnefnd SÞ fyrir Evrópu UN-ECE ☐ Seveso-tilskipun ESB og Efnahags- og framfara-stofnuninni ☐ Seveso-tilskipun ESB og Efnahagsnefnd SÞ fyrir Evrópu

1.7	Seveso-staða	Veljið það sem við á: ☐ 6. gr. (tilkynning) og 7. gr. (áætlun um stórslysavarnir (e. Major Accident Prevention Policy (MAPP)) ☐ 9. gr. (öryggisskýrsla) ☐ óþekkt/á ekki við
1.8	Atvinnustarfsemi	Upplýsingar um atvinnustarfsemi í stöðinni, (veljið af fyrirframskilgreindum lista í gagnagrunninum).
1.9	Upplýsingar um stöðina (trúnaðarmál (*))	Nafn: Heimilisfang:
1.10	Ástæður tilkynningar	Veljið það sem við á: ☐ viðkomandi efni: meira en 5% af magninu sem er tilgreint í 3. dálki í I. viðauka ☐ meiðsli á fólki: eitt eða fleiri dauðsföll, sex eða fleiri slasaðir sem þarfnast sjúkrahússinnlagnar o.s.frv. ☐ beint umhverfistjón (skv. VI. viðauka) ☐ eignatjón: á athafnasvæði starfstöðvar ≥ 2 m EUR, utan athafnasvæðis starfsstöðvar ≥ 0,5 m EUR ☐ tjón sem ná yfir landamæri: slys sem ná yfir landamæri ☐ atvik sem draga má lærdóm af
1.11	Nágrannalönd sem urðu fyrir áhrifum	Heiti nágrannalanda sem urðu fyrir áhrifum, ef einhver eru (veljið af fyrirframskilgreindum lista í gagnagrunninum).

II. **SLYSASKÝRSLA**

1 LÝSING Á SLYSI

Skýr og nákvæm lýsing á slysinu þar sem greint er frá tegund slyss, t.d. losun, bruni, sprenging o.s.frv., og útlistun á aðstæðum sem leiddu til slyssins, þ.m.t. almennar upplýsingar eins og tími dags, veður o.s.frv. og allar aðrar upplýsingar sem skipta máli. Einnig skal veita upplýsingar um hvað viðstaddir aðhöfðust (hvaða aðgerðir voru í gangi) og hvar þeir voru staðsettir með tilliti til slyssins.

1.1 Lýsing (frjáls texti)

1.2 Slys sem varða

Veljið það sem við á:

☐ keðjuverkun

☐ tæknislys vegna náttúruhamfara

☐ áhrif yfir landamæri

☐ verktaka

1.3 Hafði slysið í för með sér losun efna?

☐ Já (ef svarið er já skal veita nánari upplýsingar í lið 1.3.1)

☐ Nei (næst skal svara lið 1.4)

1.3.1 Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir

Upplýsingar um tegund losunar og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á):

☐ losun á gasi/gufu/úða/o.s.frv. í andrúmsloft

☐ losun á vökva í jörð

☐ losun á vökva í vatn

☐ losun á föstu efni í andrúmsloft

☐ losun á föstu efni í jörð

☐ losun á föstu efni í vatn

☐ óþekkt/á ekki við

1.4 Hafði slysið í för með sér bruna?

☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 1.4.1)

☐ Nei (næst skal svara lið 1.5)

1.4.1 Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir

Upplýsingar um tegund brunans og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á):

☐ stórbruni (algjörlega umlykjandi eldur)

☐ vökvabruni (pollur með brennandi vökva, afmarkaður eða óafmarkaður)

☐ gaslogi (brennandi straumur vökva úr gati)

☐ blossaeldur (brennandi gufuský, hraði fremsta hluta logans er undir hljóðhraða)

☐ eldhnöttur (brennandi massi sem stígur til lofts, oft í kjölfar gufusprengingar frá sjóðandi vökva (e. *boiling liquid expanding vapour explosion* (BLEVE))

☐ óþekkt/á ekki við

1.5	Hafði slysið í för með sér sprengingu?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 1.5.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 1.6)
1.5.1	Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir	Upplýsingar um tegund sprengingar og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á): ☐ þrýstisprenging (þrýstikerfi brestur) ☐ gufusprenging frá sjóðandi vökva (BLEVE) ☐ sprenging vegna hraðrar fasabreytingar (hröð breyting á ástandi) ☐ óðahvarfssprenging (e. *runaway reaction*) (oftast útvermið hvarf) ☐ rýksprenging ☐ sprengisundrun (e. *explosive decomposition*) (óstöðugs efnis) ☐ gufuskýssprenging (e. *vapour cloud explosion* (VCE)), höggbylgjan frá sprengingunni er hljóðfrá ☐ óþekkt/á ekki við
1.6	Tengdist slysið flutningum?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 1.6.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 1.7)
1.6.1	Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir	Upplýsingar um tegund flutninga, og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á): ☐ á vegum ☐ á járnbrautum ☐ á vatni (sjó, fljóti o.s.frv.) ☐ í lofti
1.7	Nánari upplýsingar sé um að ræða annars konar slys en getið er um hér að framan (frjáls texti)	

2	LÝSINGAR Á ATHAFNASVÆÐI OG STARFSSTÖÐ Upplýsingar um svæðið þar sem slysið varð.	
2.1	Lýsing á athafnasvæðinu Almenn lýsing á atvinnustarfseminni á athafnasvæðinu	
2.2	Lýsing á búnaði/einingum Sértækari upplýsingar um viðkomandi búnað, þ.m.t. nokkur útlistun á kerfi/kerfum eða íhlut/íhlutum	
2.3	Tengdist slysið geymslu?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 2.3.1 og 2.3.2) ☐ Nei (næst skal svara lið 2.4)

2.3.1	Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir	Upplýsingar um tegund geymslu og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á): ☐ í tengslum við dreifingu (utan framleiðslustaðar) ☐ í tengslum við vinnslu (birgðahald o.s.frv. á framleiðslustað)
2.3.2	Tegund búnaðar	Upplýsingar um tegund búnaðarins sem bilaði (veljið það sem við á): ☐ ílát með umhverfisþrýstingi (trog, tankur, tunna, sekkur o.s.frv.) ☐ ílát með yfirþrýstingi (kúla, hylki o.s.frv.) ☐ ílát með öðru hitastigi en umhverfið (kælt eða hitað) ☐ opið rými (laus stafli, hlaði o.s.frv.; e.t.v. í pokum eða hylkjum, ...) ☐ annað
2.4	Tengdist slysið vinnsluferli?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 2.4.1 og 2.4.2) ☐ Nei (næst skal svara lið 2.5)
2.4.1	Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir	Upplýsingar um tegund vinnsluferlis og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á): ☐ efnahvarf í lotuferli ☐ efnahvarf í samfelldu ferli ☐ rafefnafræðileg aðgerð ☐ eðlisrænar aðgerðir (blöndun, bráðnun, kristöllun o.s.frv.) ☐ orkuframleiðsla (brennsla eldsneytis o.s.frv.) ☐ meðhöndlun/notkun til meðhöndlunar (daunun (e. *stenching*), rotvörn o.s.frv.) ☐ förgun úrgangs (brennsla, urðun o.s.frv.) ☐ varmaskiptir (ketill, kæliskápur, hitald o.s.frv.) ☐ annað
2.4.2	Tegund búnaðar	Upplýsingar um tegund búnaðarins sem bilaði (veljið það sem við á): ☐ hvarfaílát með umhverfisþrýstingi ☐ hvarfaílát með yfirþrýstingi ☐ annað
2.5	Tengdist slysið tilfærslu (e. *transfer*)?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 2.5.1 og 2.5.2) ☐ Nei (næst skal svara lið 2.6)

2.5.1	Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir	Upplýsingar um tegund tilfærslu og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á): ☐ ferming/afferming (flutningsumgjörðir (e. *transfer interfaces*)) ☐ aflræn tilfærsla (færibönd o.s.frv.) ☐ tilfærsla með leiðslum/leiðslukerfum ☐ flutningar með ökutækjum ☐ annað
2.5.2	Tegund búnaðar	Upplýsingar um tegund búnaðarins sem bilaði (veljið það sem við á): ☐ lokar/stjórntæki/vöktunarbúnaður/tæmingarkranar ☐ almenn leiðslukerfi/kragar ☐ aflgjafi (vél (e. *engine*), þjappa o.s.frv.) ☐ annar tilfærslubúnaður/tæki/ökutæki ☐ annað
2.6	Tengdist slysið flutningum?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 2.6.1 og 2.6.2) ☐ Nei (næst skal svara lið 2.7)
2.6.1	Meiri háttar atvik/orsakandi atburðir	Upplýsingar um tegund flutninga og skal þar greina á milli meiri háttar atvika og orsakandi atburða (veljið það sem við á): ☐ pökkun (e. *bagging*) (í sekki, hylki, tunnur o.s.frv.) ☐ annað
2.6.2	Tegund búnaðar	Upplýsingar um tegund búnaðarins sem bilaði (veljið það sem við á): ☐ vélbúnaður/búnaður (dæla, sía, súluskilja, blöndunarvél o.s.frv.) ☐ aflgjafi (vél, þjappa o.s.frv.) ☐ annað
2.7	Nánari upplýsingar ef um aðra tegund búnaðar er að ræða en þær framangreindu (frjáls texti)	

3 EFNIN SEM UM ER AÐ RÆÐA

Lýsing á efnunum sem um er að ræða í slysinu og hafa annaðhvort þegar verið tilkynnt eða eru tilkynningarskyld fyrir viðkomandi starfsstöð skv. 6. gr. og eru flokkuð skv. I. viðauka við tilskipunina. Tilgreina skal heiti, CAS-númer og áætlað magn mikilvægustu hættulegu efnanna, sem um er að ræða (eða hugsanlega um að ræða), og allar upplýsingar um eiginleika þeirra sem skipta máli, s.s. hvort um er að ræða vökva eða duft o.s.frv. og hvort þetta eru „hráefni“, „milliefni á framleiðslustað“, „eðlilegar, fullunnar vörur“ eða „vörur sem eru e.t.v. afbrigðilegar“.

3.1	Lýsing Upplýsingar um efnin, sem um er að ræða, og eiginleika þeirra	

3.2	Flokkun efna	Tilgreining á flokkun efnisins eða efnanna. Veljið af fyrirframskilgreindum lista í gagnagrunninum sem byggist á 2. hluta I. viðauka við tilskipunina.
3.3	CAS-númer	
3.4	Magnið sem beinlínis er um að ræða (í tonnum)	
3.5	Magnið sem hugsanlega er um að ræða (í tonnum)	

---

4 ORSAKIR SLYSSINS

Gefa skal ítarlega lýsingu á eðli mistakanna (mannleg mistök, tæknibilun o.s.frv.), undirtegund mistaka, inngripum, ólagi o.s.frv., og tilgreina hversu áreiðanleg orsakagreiningin er (bráðabirgðagreining, greining frumorsaka o.s.frv.). Einnig skal gera skýran greinarmun á milli beinna og óbeinna orsaka slyssins.

4.1	Lýsing (frjáls texti)	
4.2	Var orsökin að einhverju leyti bilun í stöð eða búnaði?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 4.2.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 4.3)
4.2.1	Orsakavaldur	Upplýsingar um tegund bilunar í stöð eða búnaði (veljið það sem við á): ☐ bilun í keri/íláti/innilokunarbúnaði ☐ bilun/ólag í íhlut/vélbúnaði ☐ stjórn á vinnsluferli tapaðist ☐ tæring/málmþreyta ☐ bilun í mælitæki/stjórntæki/vöktunartæki ☐ óðahvarf ☐ óvænt hvarf/fasabreyting ☐ tálmun ☐ uppsöfnun stöðurafmagns ☐ annað

4.3	Var orsökin að einhverju leyti mannleg mistök?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 4.3.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 4.4)
4.3.1	Orsakavaldur	Upplýsingar um tegund mannlegra mistaka (veljið það sem við á): ☐ mistök stjórnanda ☐ heilsa stjórnanda (þ.m.t. lasleiki, víma, andlát o.s.frv.) ☐ vísvitandi óhlýðni/vanræksla varðandi skyldustörf ☐ inngrip í illum tilgangi ☐ annað
4.4	Var orsökin að einhverju leyti skipulagslegir annmarkar?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 4.4.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 4.5)
4.4.1	Orsakavaldur	Upplýsingar um tegund skipulagslega annmarka ☐ (veljið það sem við á): ☐ ófullnægjandi stjórnskipulag ☐ viðhorfsvandamál stjórnenda ☐ skipulögð verkferli ☐ þjálfun/kennsla ☐ eftirlit ☐ starfsmannahald ☐ greining á vinnsluferli ☐ hönnun stöðvar/búnaðar/kerfis ☐ óvinsamlegt notendaumhverfi (tækja, kerfis o.s.frv.) ☐ framleiðsla/smíði ☐ uppsetning ☐ einangrun búnaðar/kerfis ☐ viðhald/viðgerðir ☐ prófun/skoðun/skráning ☐ annað
4.5	Var orsökin að einhverju leyti ytri þættir/bilanir?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í lið 4.5.1) ☐ Nei (næst skal svara lið 4.6)
4.5.1	Orsakavaldur	Upplýsingar um tegund viðkomandi ytri þátta/bilana (veljið það sem við á): ☐ náttúruatburður (veður, hitastig, jarðskjálfti o.s.frv.) ☐ keðjuverkun frá öðru slysi ☐ flutningaslys ☐ högg frá hlut ☐ bilun í veitukerfi (fyrir rafmagn, gas, vatn, gufu, loft o.s.frv.) ☐ annmarkar á verndar- og öryggisráðstöfunum starfsstöðvarinnar

4.6	Ef um er að ræða annars konar orsakir en þær sem að framan greinir skal gera nánari grein fyrir þeim (frjáls texti)	

5 AFLEIÐINGAR

Ítarleg lýsing á afleiðingum slyssins, þ.m.t. eins ítarlegar tölulegar upplýsingar og kostur er (X fjöldi slasaðra, Y% eyðing plönturíkis, Z km af menguðum ám o.s.frv.). Gera skal skýran greinarmun á áhrifum á athafnasvæði starfsstöðvar og utan athafnasvæðis starfsstöðvar.

5.1	Lýsing (frjáls texti)	
5.2	Hafði slysið í för með sér tjón á fólki?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 5.2.1 og 5.2.3) ☐ Nei (næst skal svara lið 5.3)
5.2.1	Á athafnasvæði starfsstöðvar/utan athafnasvæðis starfsstöðvar	Upplýsingar um hvar áhrifanna gætti (veljið það sem við á): ☐ á athafnasvæði starfsstöðvar ☐ utan athafnasvæðis starfsstöðvar
5.2.2	Tjón á fólki	Upplýsingar um tegund tjóns á fólki (veljið það sem við á): ☐ í hættu ☐ dauðsföll ☐ meiðsli ☐ annað
5.2.3	Umfang/áhrif sérhvers tjóns á fólki sem merkt er við (frjáls texti)	
5.3	Hafði slysið í för með sér tjón á umhverfinu?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 5.3.1 og 5.3.3) ☐ Nei (næst skal svara lið 5.4)
5.3.1	Á athafnasvæði starfsstöðvar/utan athafnasvæðis starfsstöðvar	Upplýsingar um hvar áhrifanna gætti (veljið það sem við á): ☐ á athafnasvæði starfsstöðvar ☐ utan athafnasvæðis starfsstöðvar

5.3.2	Umhverfismál	Upplýsingar um tegund umhverfisáhrifa (veljið það sem við á): ☐ á landi: þéttbýlisskipulag ☐ á landi: dreifbýlisskipulag ☐ á landi: almenningsgarðar/sameiginleg svæði ☐ á landi: graslendi/beitiland/engi ☐ á landi: akurlendi/nytjaplöntur/vínekrur/aldingarðar ☐ á landi: skóglendi, að stærstum hluta eða algjörlega ræktað ☐ á landi: skóglendi, að stærstum hluta eða algjörlega náttúrulegt ☐ á landi: mýra-, heiða- eða hálendisgróður ☐ á landi: fen/flói ☐ ferskvatn: ferskvatnslón ☐ ferskvatn: tjörn/stöðuvatn ☐ ferskvatn: á/þverá ☐ ferskvatn: fljót ☐ strandlengja: sjávarfit/leira ☐ strandlengja: sandur/sandöldur/sandöldudældir ☐ strandlengja: malarfjara ☐ strandlengja: grýtt strönd ☐ undan ströndum: saltlón ☐ undan ströndum: ármynni ☐ undan ströndum: sjór/sjávarbotn ☐ annað
5.3.3	Umfang/áhrif sérhverra umhverfisáhrifa sem merkt er við (frjáls texti)	
5.4	Hafði slysið í för með sér eignatjón eða skemmdir á stöðinni?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 5.4.1, 5.4.2. og 5.4.3) ☐ Nei (næst skal svara lið 5.5)
5.4.1	Á athafnasvæði starfsstöðvar/utan athafnasvæðis starfsstöðvar	Upplýsingar um hvar áhrifanna gætti (veljið það sem við á): ☐ á athafnasvæði starfsstöðvar (tap starfsstöðvar) ☐ utan athafnasvæðis starfsstöðvar (samfélagslegur kostnaður)
5.4.2	Kostnaður	Upplýsingar um tegund kostnaðar (veljið það sem við á): ☐ eignatjón ☐ kostnaður vegna viðbragðs, hreinsistarfs og enduruppbyggingar ☐ annað

5.4.3	Umfang/áhrif sérhvers kostnaðarliðar sem merkt er við (frjáls texti)	
5.5	Hafði slysið í för með sér samfélagslega röskun?	☐ Já (veita skal nánari upplýsingar í liðum 5.5.1, 5.5.2. og 5.5.3) ☐ Nei (næst skal svara lið 6)
5.5.1	Á athafnasvæði starfsstöðvar/utan athafnasvæðis starfsstöðvar	Upplýsingar um hvar áhrifanna gætti (veljið það sem við á): ☐ á athafnasvæði starfsstöðvar ☐ utan athafnasvæðis starfsstöðvar
5.5.2	Röskun	Upplýsingar um tegund mannvirkja sem urðu fyrir áhrifum (veljið það sem við á): ☐ nærliggjandi íbúðarhúsnæði, hótel ☐ nærliggjandi verksmiðjur, skrifstofur, smáverslanir ☐ skólar, sjúkrahús, stofnanir ☐ aðrir opinberir staðir ☐ veitukerfi (fyrir gas, vatn, rafmagn o.s.frv.) ☐ grunnvirki (fjarskipti, vegir, járnbrautir, vatnaleiðir, loftflutningar o.s.frv.) ☐ annað
5.5.3	Umfang/áhrif sérhverrar röskunar sem merkt er við (frjáls texti)	

---

6 NEYÐARVIÐBRÖGÐ

Lýsing á þeim ráðstöfunum sem voru gerðar til að bregðast við slysinu að því er varðar: kerfi á athafnasvæði starfsstöðvar, utanaðkomandi þjónustu, skýli, rýmingu, afmengun, enduruppbyggingu og fleiri þætti. Einnig skal veita ítarlegar upplýsingar um umfang og tímalengd ráðstafana, sem voru gerðar eða fyrirhugaðar, og tilgreina nákvæmlega tegund þeirra og einnig skilvirkni þeirra. Gera skal skýran greinarmun á ráðstöðunum á athafnasvæði starfsstöðvar og utan athafnasvæðis starfsstöðvar. Einkum skal veita upplýsingar um eftirfarandi atriði ef þær liggja fyrir: fjölda og tegund björgunarfólks og hvort það hafi hæft aðstæðum og upplýsingar um nauðsyn/framkvæmd hvers konar heilbrigðiseftirlits eða umhverfisvöktunar eða sérstakra aðgerða til enduruppbyggingar og hreinsunar. Greina skal í 4. lið (Orsakir slyssins) frá þeim öryggiskerfum sem voru uppsett í stöðinni en komu ekki í veg fyrir slysið.

6.1	Lýsing (frjáls texti)	
6.2.1	Neyðarráðstafanir	Upplýsingar um tegund ráðstafana (veljið það sem við á): ☐ kerfi á athafnasvæði starfsstöðvar ☐ utanaðkomandi þjónusta utan athafnasvæðis starfsstöðvar ☐ neyðarskjól ☐ rýming ☐ annað

6.2.2	Umfang/áhrif sérhverrar neyðarráðstöfunar sem merkt er við (frjáls texti)	
6.3.1	Ráðstafanir til úrbóta	Upplýsingar um tegund ráðstafana (veljið það sem við á): ☐ afmengun ☐ enduruppbygging ☐ annað
6.3.2	Umfang/áhrif sérhverrar ráðstöfunar til úrbóta sem merkt er við (frjáls texti)	

7 LÆRDÓMAR

Lýsing á hagnýtum eða skipulagslegum lærdómum eða öðrum lærdómum um hvernig beri að fyrirbyggja slys eða draga úr afleiðingum slysa. Einnig skal veita ítarlegar upplýsingar um það í hverju lærdómarnir fólust og hvort einhverjum þáttum þeirra hafi þegar verið hrint í framkvæmd eða verði hrint í framkvæmd síðar.

7.1	Lærdómssvið	Upplýsingar um viðkomandi lærdómssvið (veljið það sem við á): ☐ orsakir — stöð/búnaður ☐ orsakir — mannlegar ☐ orsakir — skipulagslegar ☐ orsakir — utanaðkomandi ☐ neyðarviðbrögð ☐ annað
7.2	Lýsing (frjáls texti)	

8 VIÐHENGI

Þessi liður er frátekinn fyrir viðhengd gögn, s.s. skýrslur, myndir/ljósmyndir, kort o.s.frv., í þeim tilgangi að veita fleiri upplýsingar sem gera má aðgengilegar öllum og gætu hjálpað til að útskýra hvað gerðist í slysinu.

Viðhengdar skrár: skráarnafn, -stærð og -lýsing.

8.1	Skráarlýsing (frjáls texti)	

9 TRÚNAÐARMÁL (*)

Liður þessi er fyrir trúnaðarskýrslur og aðrar upplýsingar sem ekki má gera opinberar, í samræmi við 20. gr. Seveso-II-tilskipunarinnar (um trúnaðarupplýsingar) og tilskipun 2003/4/ESB um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál.

Inniheldur viðhengda skrá: skráarnafn, -stærð og -lýsing.

9.1	Lýsing (frjáls texti)	
9.2	Skráarlýsing (frjáls texti)	

(*) Færa skal rök fyrir þessari flokkun.